ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 74

22. árgangur

10.12.2015

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2015/EES/74/01 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. nóvember 2008 um viðmiðunarreglur fyrir áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB (2008/896/EB) . . . 1

2015/EES/74/02 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. nóvember 2008 um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína vegna kúariðu (2008/908/EB) 10

2015/EES/74/03 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. október 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu aðildarríkja, svæða og hólfa (2009/177/EB) . . . 13

2015/EES/74/04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1322/2007 frá 12. nóvember 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar viðeigandi snið til sendinga, niðurstöður sem á að senda og gæðamælingarviðmið fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd og viðhengi um lífeyrisþega . . . 38

2015/EES/74/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 192/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar að því er varðar skipti á trúnaðargögnum milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og aðildarríkjanna . . . 44

2015/EES/74/06 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB frá 6. maí 2009 um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó (endurútgefin) . . . 52

2015/EES/74/07 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 98/70/EB að því er varðar forskriftir fyrir bensín, dísilolíu og gasolíu og um að innleiða fyrirkomulag til að vakta og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/32/EB að því er varðar forskriftir fyrir eldsneyti sem er notað fyrir skip á skipgengum vatnaleiðum og um niðurfellingu á tilskipun 93/12/EBE . . . 71

2015/EES/74/08 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 147/2013 frá 13. febrúar 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 um hagskýrslur um orkumál, að því er varðar framkvæmd uppfærslna mánaðarlegra og árlegra hagskýrslna um orkumál . . . 97

2015/EES/74/09 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 2013 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/915/EB (2013/480/ESB) 155

2015/EES/74/10 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 573/2014/ESB frá 15. maí 2014 um aukið samstarf milli opinberra vinnumiðlana 202

2015/EES/74/11 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. maí 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir umbreyttar pappírsafurðir (2014/256/ESB) 210

2015/EES/74/12 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/547 frá 1. apríl 2015 um öryggiskröfur, sem uppfylla á með Evrópustöðlum, um eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru 235

2015/EES/74/13 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 653/2014 frá 15. maí 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1760/2000 um rafræna auðkenningu nautgripa og merkingar nautakjöts 243

2015/EES/74/14 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/728 frá 6. maí 2015 um breytingu á skilgreiningunni á sérstöku áhættuefni sem er sett fram í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar. 260

2015/EES/74/15 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1162 frá 15. júlí 2015 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar 262

2015/EES/74/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1020 frá 29. júní 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fóðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til varps (leyfishafi er Kemin Europa NV). 265

2015/EES/74/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1043 frá 30. júní 2015 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (ECC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD135), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir alifugla til eldis og til varps og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 828/2007 og (EB) nr. 322/2009 (leyfishafi er Huvepharma NV). 268

2015/EES/74/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1053 frá 1. júlí 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 10663/NCIMB 10415 sem fóðuraukefni fyrir kálfa til eldis, smágrísi, eldiskjúklinga, eldiskalkúna, ketti og hunda og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 255/2005, (EB) nr. 1200/2005 og (EB) nr. 1520/2007 (leyfishafi er Chevita Tierarzneimittel-GmbH) . . 272

2015/EES/74/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1060 frá 2. júlí 2015 um leyfi fyrir vatnsfríu betaíni og betaínhýdróklóríði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 276

2015/EES/74/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1061 frá 2. júlí 2015 um leyfi fyrir askorbínsýru, natríumaskorbýlfosfati, natríumkalsíumaskorbýlfosfati, natríumaskorbati, kalsíumaskorbati og askorbýlpalmítati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 281

2015/EES/74/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1104 frá 8. júlí 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 237/2012 að því er varðar nýtt form alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604) (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) 289

2015/EES/74/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1105 frá 8. júlí 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913 sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla, aðrar en varpfugla, um leyfi til að nota fóðuraukefnið í drykkjarvatn fyrir eldiskjúklinga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 544/2013 að því er varðar hámarksinnihald fóðuraukefnisins í heilfóðri og samrýmanleika þess við hnislalyf (leyfishafi er Biomin GmbH) 293

2015/EES/74/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1114 frá 9. júlí 2015 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Escherichia coli*, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 403/2009 og framkvæmdar-reglugerðum (ESB) nr. 848/2014 og (ESB) nr. 1236/2014 298

2015/EES/74/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 291/2014 frá 21. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1289/2004 að því er varðar biðtíma til afurðanýtingar og hámarksgildi leifa fyrir fóðuraukefnið dekókínat 302

2015/EES/74/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/897 frá 11. júní 2015 um leyfi fyrir þíamínvetnisklóríði og þíamínmónónítrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 305

2015/EES/74/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1103 frá 8. júlí 2015 um leyfi fyrir betakarótíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 311

2015/EES/74/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1152 frá 14. júlí 2015 um leyfi fyrir tókóferólkjarna úr jurtaolíum, tókóferólauðugum kjarna úr jurtaolíum (δ-auðugum) og α-tókóferóli sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 315

2015/EES/74/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1417 frá 20. ágúst 2015 um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir kanínur til eldis og undaneldis (leyfishafi er Huvepharma NV) 320

2015/EES/74/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1426 frá 25. ágúst 2015 um leyfi fyrir blöndu með bensósýru, þýmóli, evgenóli og píperíni sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er DSM Nutritional Product) 323

2015/EES/74/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 685/2014 frá 20. júní 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól í fæðubótarefni í föstu formi 327

2015/EES/74/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1362 frá 6. ágúst 2015 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á kísildíoxíði (E 551) í rósmarínkjarna (E 392) 331

2015/EES/74/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1378 frá 11. ágúst 2015 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á ríbóflavínum (E 101) og karótínum (E 160a) í þurrkuð kartöflukorn og -flögur 333

2015/EES/74/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1102 frá 8. júlí 2015 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins 336

2015/EES/74/34 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/7 frá 6. janúar 2015 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012. 339

2015/EES/74/35 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/8 frá 6. janúar 2015 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 342

2015/EES/74/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/595 frá 15. apríl 2015 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2016, 2017 og 2018 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu. 346

2015/EES/74/37 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1041 frá 30. júní 2015 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 360

2015/EES/74/38 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1052 frá 1. júlí 2015 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu. 364

2015/EES/74/39 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 210/2013 frá 11. mars 2013 um samþykki fyrir starfsstöðvum, sem framleiða spírur, samkvæmt reglugerð Evrópu-þingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 367

2015/EES/74/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1277/2014 frá 1. desember 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið lasalósíð. 369

2015/EES/74/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1359/2014 frá 18. desember 2014 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið túlatrómýsín 372

2015/EES/74/42 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1390/2014 frá 19. desember 2014 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið eprínómektín 375

2015/EES/74/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1078 frá 3. júlí 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið klódrónsýru (í formi dínatríumsalts) 378

2015/EES/74/44 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1079 frá 3. júlí 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið hexaflúmúrón 381

2015/EES/74/45 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1080 frá 3. júlí 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið própýl-4-hýdroxý-bensóat og natríumsalt þess 384

2015/EES/74/46 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1308 frá 29. júlí 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið basískt álsalisýlat . . . 387

2015/EES/74/47 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1494 frá 4. september 2015 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi benseni) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 390

2015/EES/74/48 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/830 frá 28. maí 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)). 392

2015/EES/74/49 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/864 frá 4. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 416

2015/EES/74/50 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/707 frá 30. apríl 2015 um að samþykkja ekki útdrátt úr rót *Rheum officinale* sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað 427

2015/EES/74/51 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/762 frá 12. maí 2015 um samþykki fyrir grunnefninu kalsíumhýdroxíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 429

2015/EES/74/52 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1106 frá 8. júlí 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) nr. 1037/2012 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu ísópýrasami . . . 433

2015/EES/74/53 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1115 frá 9. júlí 2015 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pýridati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 435

2015/EES/74/54 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1154 frá 14. júlí 2015 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu súlfósúlfúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 439

2015/EES/74/55 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1166 frá 15. júlí 2015 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu járnfosfati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 443

2015/EES/74/56 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1201 frá 22. júlí 2015 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu fenhexamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 446

2015/EES/74/57 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1107 frá 8. júlí 2015 um samþykki fyrir grunnefninu víðiberki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011. 450

2015/EES/74/58 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1108 frá 8. júlí 2015 um samþykki fyrir grunnefninu ediki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 453

2015/EES/74/59 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1116 frá 9. júlí 2015 um samþykki fyrir grunnefninu lesitíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 456

2015/EES/74/60 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1165 frá 15. júlí 2015 um samþykki fyrir virka efninu halauxifenmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 459

2015/EES/74/61 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1176 frá 17. júlí 2015 um samþykki fyrir virka efninu pepínómósaíkveiru af stofni CH2, einangur 1906, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 463

2015/EES/74/62 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1191 frá 20. júlí 2015 um að samþykkja ekki *Artemisia vulgaris* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað 468

2015/EES/74/63 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1192 frá 20. júlí 2015 um samþykki fyrir virka efninu terpenóíðblöndu QRD 460, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 470

2015/EES/74/64 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1295 frá 27. júlí 2015 um samþykki fyrir virka efninu súlfoxaflóri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 474

2015/EES/74/65 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1475 frá 27. ágúst 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 284/2013 að því er varðar umbreytingarráðstafanirnar sem gilda um málsmeðferð varðandi plöntuverndarvörur 478

2015/EES/74/66 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1190 frá 20. júlí 2015 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur 480

2015/EES/74/67 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1298 frá 28. júlí 2015 um breytingu á II. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur 487

2015/EES/74/68 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/39/ESB frá 12. mars 2014 um breytingu á tilskipun 2012/9/ESB að því er varðar dagsetningu lögleiðingar hennar og lokadag umbreytingartímabilsins 489

2015/EES/74/69 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 491

2015/EES/74/70 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 frá 29. júní 2015 um skrá þar sem flokkuð eru atvik í almenningsflugi sem falla undir tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 517

2015/EES/74/71 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1039 frá 30. júní 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar flugprófanir 534

2015/EES/74/72 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB 543

2015/EES/74/73 Tilskipun ráðsins 2014/112/ESB frá 19. desember 2014 um framkvæmd Evrópusamnings um ákveðna þætti sem varða skipulag vinnutíma í flutningum á skipgengum vatnaleiðum, sem Samband evrópskra útgerða flutningapramma (EBU), Samtök skipstjóra flutningapramma í Evrópu (ESO) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) gerðu sín í milli. 671

2015/EES/74/74 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1042 frá 30. júní 2015 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja að því er varðar aðlögun á tæknilegu sniði í kjölfar endurskoðunar á vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) 681

2015/EES/74/75 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1163 frá 15. júlí 2015 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 að því er varðar skrána yfir grunnliðina sem notaðir eru í tengslum við jafnvirðisgengi 683

2015/EES/74/76 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1365 frá 30. apríl 2015 um afhendingarsnið fyrir gögn um útgjöld vegna rannsókna og þróunarstarfsemi 705

2015/EES/74/77 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 431/2014 frá 24. apríl 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 um hagskýrslur um orkumál að því er varðar framkvæmd árlegra hagskýrslna um orkunotkun heimila. 707

2015/EES/74/78 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE 757

2015/EES/74/79 Tilskipun ráðsins 2014/102/ESB frá 7. nóvember 2014 um aðlögun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu . . . 815

2015/EES/74/80 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. febrúar 2011 um að setja lágmarkskröfur um vinnslu skjala yfir landamæri sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (2011/130/ESB). 817

2015/EES/74/81 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. ágúst 2013 um grundvallarkröfur varðandi fjarskiptabúnað um borð í skipum sem ætlaður er til notkunar í skipum, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS), og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) (2013/638/ESB). 824

2015/EES/74/82 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. apríl 2014 um að tilnefna skráningarstofu fyrir .eu höfuðlénið (2014/207/ESB) 826

2015/EES/74/83 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2013 um leiðréttingu á II. viðauka við framkvæmdarákvörðun 2012/707/ESB um sameiginlegt snið fyrir framlagningu upplýsinga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (2014/11/ESB) 828

2015/EES/74/84 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júní 2014 um snið fyrir skýrslugjöf um landsáætlanir til framkvæmdar á tilskipun ráðsins 91/271/EBE (2014/431/ESB). 842

2015/EES/74/85 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/646 frá 23. apríl 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um bakteríuræktanir sem eru ætlaðar til að draga úr lífrænum föstum efnum og sem á að setja á markað í því skyni 852

2015/EES/74/86 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/655 frá 24. apríl 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um samsetningar, að stofni til úr pólýdímetýlsíloxani, sem settar eru á markað til að verjast moskítóflugum. 853

2015/EES/74/87 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/459 frá 19. mars 2015 þar sem tilgreind eru tækniatriði viðhengisins fyrir árið 2016 um ungt fólk á vinnumarkaði sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 854

2015/EES/74/88 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/919 frá 12. júní 2015 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu 861

2015/EES/74/89 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/861 frá 3. júní 2015 um leyfi fyrir kalíumjoðíði, vatnsfríu kalsíumjoðati og húðuðu, kornuðu, vatnsfríu kalsíumjoðati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 867

2015/EES/74/90 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/786 frá 19. maí 2015 um skilgreiningu viðmiðana við að samþykkja afeitrunarmeðferðir sem notaðar eru á afurðir sem eru ætlaðar sem fóður eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB 874

2015/EES/74/91 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/984 frá 24. júní 2015 um að samþykkja koparpýriþíón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21. 879

2015/EES/74/92 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/985 frá 24. júní 2015 um að samþykkja klóþíanidín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18. 882

2015/EES/74/93 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/516 frá 26. mars 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu 885

2015/EES/74/94 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1536 frá 16. september 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar samræmingu á reglum um áframhaldandi lofthæfi við reglugerð (EB) nr. 216/2008, um brýn viðhaldsverkefni og eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara. 944

2015/EES/74/95 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1844 frá 13. júlí 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 389/2013 að því er varðar tæknilega framkvæmd á Kýótóbókuninni eftir 2012 977

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/74/01**

frá 20. nóvember 2008

um viðmiðunarreglur fyrir áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB

(tilkynnt með númeri C(2008) 6787)

(2008/896/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum 4. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2006/88/EB er mælt fyrir um lágmarksvarnarráðstafanir sem beita skal ef tilteknir sjúkdómar koma upp í lagardýrum eða ef grunur leikur á um slíkt. Þar að auki eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við þá tilskipun tilteknir framandi sjúkdómar og sjúkdómar sem eru ekki framandi.

2) Í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríkin eigi að sjá til þess að fylgt sé áætlun um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit á öllum eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum, eins og við á eftir tegund framleiðslu. Í slíkum áætlunum skal tekið tillit til viðmiðunarreglna sem semja skal í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.

3) Samkvæmt tilskipun 2006/88/EB er markmið áætlunarinnar um dýraheilbrigðiseftirlit að greina alla aukningu á afföllum á öllum eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum, eins og við á eftir tegund framleiðslu, ásamt því að greina sjúkdómana, sem eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, í eldisstöðvum og á lindýraeldissvæðum með tegundum sem eru næmar fyrir þessum sjúkdómum. Samkvæmt B-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/88/EB miða skoðanir, sem framkvæmdar eru sem liður í slíkum áætlunum, enn fremur að því að veita rekstraraðilum lagareldisfyrirtækja ráðgjöf um málefni sem tengjast heilbrigðismálum lagardýra og, ef þörf er á, að annast nauðsynlegar ráðstafanir á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða.

4) Þar eð lagareldisiðnaðurinn í Bandalaginu er mjög fjölbreyttur þarf að aðlaga áætlanir um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit að skipulagi iðnaðarins og að ástandi dýraheilbrigðis í hverju aðildarríki. Viðmiðunarreglurnar, sem aðildarríkin skulu taka tillit til að því er varðar slíkar áætlanir, skulu því takmarkaðar við það að veita almennar leiðbeiningar.

5) Því er rétt að mæla fyrir um viðmiðunarreglur sem taka skal tillit til að því er varðar áætlanir um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit í þessari ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 322, 2.12.2008, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 3.3.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

6) Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðmiðunarreglurnar sem taka skal tillit til að því er varðar áætlanir um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2006/88/EB, eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARREGLUR SEM TAKA SKAL TILLIT TIL AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÁÆTLANIR UM ÁHÆTTUMIÐAÐ DÝRAHEILBRIGÐISEFTIRLIT SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 1. MGR. 10. GR. TILSKIPUNAR 2006/88/EB

1. **Tilgangurinn með þessum viðmiðunarreglum**

Tilgangurinn með þessum viðmiðunarreglum er að veita aðildarríkjunum leiðbeiningar varðandi áætlanir um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2006/88/EB, (hér á eftir nefnt „áætlanir um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit“).

2. **Efni skoðana**

2.1. ATHUGUN Á SKRÁM OG KLÍNÍSKAR RANNSÓKNIR

Hver skoðun á eldisstöð eða lindýraeldissvæði skal innihalda greiningu á skránum sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2006/88/EB, þar sem sérstaklega er hugað að skránum yfir afföll, til að gera það kleift að meta hvernig heilbrigðisástandið hefur þróast á eldisstöðinni eða lindýraeldissvæðinu.

Skoða skal dæmigert úrval úr öllum faraldsfræðilegum einingum.

Ef hægt er skal framkvæma klíníska rannsókn á dæmigerðu úrvali af nýlega dauðum og dauðvona lagareldisdýrum með tilliti til umtalsverðra sjúklegra breytinga, bæði innvortis og útvortis. Rannsóknin skal einkum miðast að því að greina hvers kyns sýkingar af völdum sjúkdóms sem skráður er í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB (hér á eftir nefndur „skráður sjúkdómur“).

Leiði niðurstaða rannsóknarinnar til gruns um að slíkur sjúkdómur sé fyrir hendi skulu lagareldisdýrin í eldisstöðinni eða á lindýraeldissvæðinu rannsökuð á rannsóknarstofu.

Í V. kafla tilskipunar 2006/88/EB er mælt fyrir um ítarlegar reglur um aðgerðir sem grípa skal til ef grunur leikur á um og/eða staðfest er að skráður sjúkdómur hafi komið upp.

2.2. SÝNATAKA OG RANNSÓKNIR Á RANNSÓKNARSTOFUM

Ekki er alltaf nauðsynlegt að taka sýni fyrir rannsóknir á rannsóknarstofu. Þegar metið er hvort sýnataka sé nauðsynleg skal taka tillit til upplýsinganna sem fást við athugun á skrám eldisstöðvarinnar eða lindýraeldissvæðisins og við skoðun á lagareldisdýrunum svo og annarra upplýsinga sem skipta máli.

3. **Framkvæmd skoðana: valið á milli lögbæra yfirvaldsins, sjálfstætt starfandi dýralækna eða viðurkennds þjónustuaðila á sviði heilbrigðiseftirlits með lagardýrum**

Aðildarríki skulu ákveða hvort lögbæra yfirvaldið framkvæmi skoðanirnar, sem eru hluti af áætlunum um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit, eða hvort sjálfstætt starfandi dýralæknar eða aðrir viðurkenndir þjónustuaðilar á sviði heilbrigðiseftirlits með lagardýrum fái einnig leyfi til að framkvæma þær.

4. **Tíðni skoðana**

Í B-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/88/EB er sett fram ráðlögð tíðni skoðana í eldisstöðvum og á lindýraeldissvæðum. Þessi tíðni ákvarðast af tveimur þáttum:

a) heilbrigðisástandi viðkomandi aðildarríkis, svæðis eða hólfs í tengslum við sjúkdóma sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við fyrrnefnda tilskipun (hér á eftir nefndir „skráðir sjúkdómar sem eru ekki framandi“)

b) áhættustigi eldisstöðvarinnar eða lindýraeldissvæðisins í tengslum við að sjúkdómar komi þar upp og útbreiðslu þeirra.

5. **Heilbrigðisástand eldisstöðva og lindýraeldissvæða**

Í B-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/88/EB er greint á milli eftirfarandi flokka fyrir heilbrigðisástand:

I. flokkur

a) Lýst sjúkdómslaust í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. 49. gr. eða a- eða b-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB. Slík staða byggist á eftirfarandi:

i. engin þeirra tegunda, sem eru næmar fyrir umræddum sjúkdómi eða sjúkdómum, finnst í aðildarríkinu, á svæðinu eða í hólfinu eða, ef við á, í vatnslindum aðildarríkisins, á svæðinu eða í hólfinu, eða

ii. vitað er að sjúkdómsvaldurinn getur ekki lifað í aðildarríkinu, á svæðinu eða í hólfinu eða, ef við á, í vatnslindum aðildarríkisins, á svæðinu eða í hólfinu.

b) Lýst sjúkdómslaust í samræmi við c-lið 1. mgr. 49. gr. eða c-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB. Staðan byggist á markvissu eftirliti sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. hluta V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

II. flokkur Ekki lýst sjúkdómslaust en fellur undir eftirlitsáætlun sem er samþykkt í samræmi við 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

III. flokkur Ekki sýkt svo að vitað sé en fellur ekki undir eftirlitsáætlun til að ná þeirri stöðu að teljast laust við sjúkdóma.

IV. flokkur Sýkt með vissu en fellur undir útrýmingaráætlun sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

V. flokkur Sýkt með vissu. Fellur undir lágmarksvarnarráðstafanir sem kveðið er á um í V. kafla tilskipunar 2006/88/EB.

Eftir því sem við á má framkvæma skoðanir, sem eru innan ramma áhættumiðaða dýraheilbrigðiseftirlitsins, samtímis:

a) skoðunum sem framkvæmdar eru innan ramma eftirlits- eða útrýmingaráætlana sem samþykktar eru í samræmi við tilskipun 2006/88/EB (fyrir svæði eða hólf sem falla undir II. eða IV. flokk),

b) hvers kyns eftirliti sem fer fram til að halda sjúkdómslausri stöðu (fyrir svæði eða hólf sem falla undir I. flokk – lýst sjúkdómslaust í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. 49. gr. eða a- eða b-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB),

c) hvers kyns eftirliti sem fer fram sem hluti af varnarráðstöfunum samkvæmt V. kafla tilskipunar 2006/88/EB (fyrir svæði eða hólf sem falla undir V. flokk).

Við samningu áætlana um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit skulu aðildarríkin hafa hliðsjón af eftirfarandi:

a) að því er varðar eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði, sem staðsett eru á svæðum þar sem heilbrigðisástand fellur undir II. og IV. flokk, er tíðni skoðana sem krafist er samkvæmt eftirlits- eða útrýmingaráætlunum, sem samþykktar eru í samræmi við tilskipun 2006/88/EB, hærri en tíðnin sem ráðlögð er í B-hluta III. viðauka við sömu tilskipun; aðildarríkin þurfa því ekki að mæla fyrir um sértækar kröfur varðandi tíðni skoðana fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem staðsett eru á svæðum sem falla undir slíkar áætlanir,

b) þörf fyrir að aðildarríki mæli fyrir um sértækar kröfur varðandi tíðni skoðana, sem framkvæmdar eru innan ramma áætlunar um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit, er aðallega til staðar að því er varðar eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem staðsett eru á svæðum þar sem heilbrigðisástand fellur undir I., III. og V. flokk, háð tilteknum aðstæðum og landsráðstöfunum,

c) athuga skal sérstaklega að eldisstöð eða lindýraeldissvæði geta verið með mismunandi heilbrigðisástand í tengslum við mismunandi sjúkdóma; þetta getur átt við um eldisstöðvar og lindýraeldissvæði þar sem eru tegundir sem eru smitnæmar fyrir fleiri en einum skráðum sjúkdómi sem er ekki framandi ([1]).

6. **Ákvörðun á áhættustigi fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði**

6.1. INNGANGUR

Áhættustigið fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði er ekki aðeins breytilegt á milli svæða með mismunandi heilbrigðisástand heldur einnig innan svæða með sama heilbrigðisástand ([2]).

Í lið 6.2 eru leiðbeiningar um áhættuþættina sem ber að taka tillit til við ákvörðun á áhættustigi fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði.

Í lið 6.3 er sett fram líkan sem nota má við flokkun eldisstöðva og lindýraeldissvæða með hátt, meðalhátt og lágt áhættustig. Aðildarríkjunum er heimilt að nota önnur líkön til að ákvarða áhættustig fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði ef slík líkön teljast henta betur við tilteknar aðstæður.

Þessar leiðbeiningar veita ekki upplýsingar varðandi það hvernig aðildarríkin skulu nota líkanið sem sett er fram í lið 6.3. Aðildarríkjunum er heimilt að:

a) nota líkanið á hverri eldisstöð og hverju lindýraeldissvæði fyrir sig til að ákvarða áhættustig fyrir hverja stöð eða hvert svæði, eða

b) nota líkanið til að flokka mismunandi gerðir eldisstöðva og lindýraeldissvæða á yfirráðasvæði sínu og á þeim grundvelli skilgreina hvaða flokkar eldisstöðva og lindýraeldissvæða skulu teljast með lágt, meðalhátt eða hátt áhættustig.

6.2. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Ýmsir þættir skipta máli við ákvörðun á áhættustigi fyrir eldisstöð eða lindýraeldissvæði. Þessir þættir geta falið í sér m.a. eftirfarandi:

a) beina útbreiðslu sjúkdóms með vatni,

b) flutning á lagareldisdýrum,

c) tegund framleiðslu,

d) tegundir haldinna lagareldisdýra,

e) líföryggiskerfi, þ.m.t. hæfni og þjálfun starfsfólks,

f) þéttleika eldisstöðva, lindýraeldissvæða og vinnslustöðva á svæðinu í kringum viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði,

g) nálægð eldisstöðva og lindýraeldissvæða með lakara heilbrigðisástand við viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði,

h) hvernig heilbrigðisástand hefur þróast á viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði og öðrum eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum sem staðsett eru á svæðinu,

([1]) Eldisstöð með regnbogasilung getur t.d. verið laus við blóðþorra (I. flokkur), verið í II. flokki (sem fellur undir viðurkennda eftirlitsáætlun) varðandi veirublæði og staðan að því er varðar iðradrep (III. flokkur) getur verið óþekkt.

([2]) Til dæmis veldur eldisstöð, sem hefur verið lýst laus við skráða sjúkdóma sem eru ekki framandi, almennt lítilli áhættu á útbreiðslu slíks sjúkdóms. Þó veldur eldisstöð sem framleiðir eigið ungviði mun minni áhættu en eldisstöð sem kaupir allt ungviði af einum eða fleiri mismunandi birgjum.

i) tilvist sjúkdómsvalda í villtum lagardýrum á svæðinu í kringum viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði,

j) áhættu sem stafar af starfsemi manna í nálægð viðkomandi eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis ([1]),

k) rándýr eða fugla með aðgang að viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði.

Notkun á flóknu kerfi til að meta áhættustig fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði, að teknu tilliti til allra viðeigandi áhættuþátta, getur gefið nákvæma flokkun á eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum samkvæmt áhættustigi þeirra. Slíkt kerfi getur þó einnig verið tímafrekt og óhagkvæmt. Þar að auki er það flókin aðgerð að meta vægi mismunandi þátta til að hægt sé að meta heildaráhættuna.

Í ljósi erfiðleikanna sem fylgja því að nota flókið kerfi til flokkunar á eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum eftir áhættustigi er í flestum tilvikum viðeigandi að leggja áherslu á eftirfarandi áhættuþætti:

a) beina útbreiðsla sjúkdóms með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna,

b) flutning á lagareldisdýrum.

Þessir tveir áhættuþættir skipta máli án tillits til tegundar framleiðslu, tegunda lagareldisdýra sem haldin eru á eldisstöð eða lindýraeldissvæði og viðkomandi sjúkdóma.

6.3. LÍKAN TIL AÐ ÁKVARÐA ÁHÆTTUSTIG FYRIR ELDISSTÖÐVAR OG LINDÝRAELDISSVÆÐI

Þetta líkan til að ákvarða áhættustig (hátt/meðalhátt/lágt) fyrir eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði samanstendur af þremur þrepum:

I. þrep: Áætlaðar líkur á að sjúkdómur komi upp á eldisstöðinni eða lindýraeldissvæðinu.

II. þrep: Áætlaðar líkur á að sjúkdómur breiðist út frá eldisstöðinni eða lindýraeldissvæðinu.

III. þrep: Sameinað mat á áhættustigi sem leiðir af I. og II. þrepi.

I. þrep

Áætlaðar líkur á að sjúkdómur komi upp á eldisstöðinni eða lindýraeldissvæðinu

Líkur á að sjúkdómur komi upp með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðva og lindýraeldissvæða	Líkur á að sjúkdómur komi upp vegna flutnings á lagareldisdýrum	Áhættustig
Miklar	Miklar	Hátt
Miklar	Litlar	Meðalhátt
Litlar	Miklar	Meðalhátt
Litlar	Litlar	Lágt

([1]) Til dæmis flutningaleiðir, hafnir (kjölfestuvatn), stangveiði.

II. þrep

Áætlaðar líkur á að sjúkdómur breiðist út frá eldisstöðinni eða lindýraeldissvæðinu

Líkur á að sjúkdómur breiðist út með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna	Líkur á að sjúkdómur breiðist út með flutningi á lagareldisdýrum	Áhættustig
Miklar	Miklar	Hátt
Miklar	Litlar	Meðalhátt
Litlar	Miklar	Meðalhátt
Litlar	Litlar	Lágt

III. þrep

Sameinað mat á áhættustigi sem leiðir af I. og II. þrepi

I. þrep Líkur á að sjúkdómur komi upp				
	Miklar	M	H	H
	Í meðallagi	L	M	H
	Litlar	L	L	M
		Litlar	Í meðallagi	Miklar
		II. þrep Líkur á að sjúkdómur breiðist út		

6.4. ÁHÆTTUSTIG FYRIR TILTEKNAR ELDISSTÖÐVAR OG LINDÝRAELDISSVÆÐI SEM FALLA UNDIR HEILBRIGÐISÁSTAND Í I. FLOKKI

Líta má svo á að allar eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem halda ekki tegundir sem smitnæmar eru fyrir skráðum sjúkdómum sem eru ekki framandi, eða þar sem að vitað er að sjúkdómsvaldurinn getur ekki lifað í aðildarríkinu, á svæðinu eða í hólfinu eða, þar sem við á, í vatnslindum þess, séu með lágt áhættustig samkvæmt B-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/88/EB. Því er að jafnaði ekki nauðsynlegt að áætlunin um áhættumiðaða dýraheilbrigðiseftirlitið feli í sér mismunandi tíðni skoðana.

Eldisstöðvarnar og lindýraeldissvæðin geta þó verið með mismunandi áhættustig að því er varðar uppkomu og útbreiðslu sjúkdóma sem ekki eru framandi eða nýtilkominna sjúkdóma. Aðildarríkjunum er því heimilt að flokka eldisstöðvarnar og lindýraeldissvæðin eftir áhættustigi þeirra og gera þannig greinarmun á þeim að því er varðar eftirlit og skoðun. Þannig geta aðildarríkin einnig tekið tillit til nauðsynjar þess að hámarka nýtingu auðlindanna.

6.5. ÁÆTLAÐAR LÍKUR Á AÐ SJÚKDÓMUR KOMI UPP OG BREIÐIST ÚT MEÐ VATNI VEGNA LANDFRÆÐILEGRAR NÁLÆGÐAR ELDISSTÖÐVA OG LINDÝRAELDISSVÆÐA

6.5.1. *Inngangur*

Lítil áhætta er á því að sjúkdómur komi upp eða breiðist út í eldisstöðvum og á lindýraeldissvæðum ef unnt er að líta svo á að vatnslindirnar og vatnsfrárásin eða vatnsumhverfið, þar sem eldisstöðin eða lindýraeldissvæðið eru staðsett, veiti tiltekna vernd gegn því að sjúkdómsvaldar komi upp og breiðist út. Áhættan á því að sjúkdómur komi upp innan eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis og breiðist út með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna er afar breytileg ([1]).

Í líkaninu sem sett er fram í lið 6.3 er aðeins gerður greinarmunur á miklum og litlum líkum á því að sjúkdómar breiðist út með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna.

Í þessum lið eru sýnd dæmi um aðstæður þar sem líta má svo á að líkurnar á að sjúkdómurinn komi upp eða breiðist út með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðva og lindýraeldissvæða teljist litlar.

([1]) Til dæmis er munur á því hvort um er að ræða lokað hringrásarkerfi með vatni úr borholu þar sem vatnsfrárásin er sótthreinsuð (mjög lítil áhætta) eða eldisstöð með sjókví nálægt mörgum öðrum eldisstöðvum (mjög mikil áhætta).

Skráin yfir dæmin, sem gefin eru upp í þessum lið, er ekki tæmandi. Því er ekki hægt að slá því föstu að eldisstöðvar og lindýraeldissvæði, sem falla ekki undir þessi dæmi, skapi miklar líkur á að sjúkdómur komi upp eða breiðist út.

6.5.2. *Dæmi um staði þar sem lítil áhætta er á að sjúkdómur komi upp með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna:*

a) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem fá vatn úr borholu eða uppsprettu,

b) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem fá vatn sem er sótthreinsað eða meðhöndlað á annan hátt til að koma í veg fyrir að sjúkdómsvaldar komi upp,

c) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem fá vatn úr öðrum vatnslindum sem:

i. eru ekki tengdar eldisstöðvum eða lindýraeldissvæðum eða vinnslustöðvum, sem halda eða vinna tegundir sem eru smitnæmar fyrir sama sjúkdómi og tegundirnar sem haldnar eru á viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði,

ii. innihalda ekki villt lagardýr af smitnæmum tegundum,

d) lægðir með grunnvatni inni í landi, þ.m.t. tjarnir og vötn sem einangruð eru frá öðrum vatnslindum; við ákvörðun á því hvort lægð með grunnvatni telst einangruð skal taka tillit til árstíðabundinna breytinga s.s. möguleika á snertingu við aðrar vatnslindir við flóð,

e) strandeldisstöðvar og -lindýraeldissvæði sem njóta verndar vegna öruggrar fjarlægðar frá öðrum eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum og vinnslustöðvum sem halda eða vinna tegundir sem eru smitnæmar fyrir sama sjúkdómi og tegundirnar sem haldnar eru á viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði; það er undir lögbæra yfirvaldinu komið að ákvarða hvað skal teljast örugg fjarlægð að teknu tilliti til þátta eins og hæfni viðkomandi sjúkdómsvalda til að lifa í opnu vatni, vatnsstraumanna og hreyfinga sjávarfalla.

6.5.3. *Dæmi um staði þar sem lítil áhætta er á að sjúkdómur breiðist út með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna:*

a) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði með enga losun út í náttúruleg vatnsföll ([1]),

b) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði þar sem vatn, sem er losað, er sótthreinsað eða meðhöndlað á annan hátt til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda,

c) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem losa vatnið í almenna fráveitu, að því tilskildu að úrræði séu til staðar til að meðhöndla frárennslisvatnið; ef frárennslisvatnið er losað út í náttúruleg vatnsföll skal þó ekki litið svo á að slíkar eldisstöðvar og lindýraeldissvæði skapi litla áhættu,

d) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði með enga losun út í vötn með lagareldi eða villt lagardýr af tegundum sem smitnæmar eru fyrir viðkomandi skráðum sjúkdómi eða sjúkdómum,

e) lægðir með grunnvatni inni í landi, þ.m.t. tjarnir og vötn sem einangruð eru frá öðrum vatnslindum; við ákvörðun á því hvort lægð með grunnvatni telst einangruð skal taka tillit til árstíðabundinna breytinga s.s. möguleika á hvers kyns snertingu við aðrar vatnslindir við flóð,

f) strandeldisstöðvar og -lindýraeldissvæði sem njóta verndar vegna öruggrar fjarlægðar frá öðrum eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum sem halda tegundir sem eru smitnæmar fyrir sama sjúkdómi og tegundirnar sem haldnar eru á viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði; það er undir lögbæra yfirvaldinu komið að ákvarða hvað skal teljast örugg fjarlægð að teknu tilliti til þátta eins og hæfni viðkomandi sjúkdómsvalda til að lifa í opnu vatni, vatnsstraumanna og hreyfinga sjávarfalla.

([1]) Til dæmis eldisstöðvar inni í landi sem veita fráveituvatni niður í jarðveginn eða á akrana.

6.6. ÁÆTLAÐAR LÍKUR Á AÐ SJÚKDÓMUR KOMI UPP OG BREIÐIST ÚT MEÐ FLUTNINGI Á LAGARELDISDÝRUM

6.6.1. *Inngangur*

Flutningar á lifandi lagareldisdýrum til og frá eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum eru afar mikilvægar orsakir fyrir útbreiðslu sjúkdóma.

Þegar sá þáttur er metinn skal leggja mat á eftirfarandi:

a) upprunastað lagareldisdýranna,

b) fjölda lagareldisdýra sem flutt eru að til eldisstöðvarinnar eða lindýraeldissvæða,

c) fjölda mismunandi birgja með lagareldisdýr,

d) tíðni flutninga á lagareldisdýrum til og frá eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum.

Í líkaninu, sem sett er fram í lið 6.3, er aðeins mælt með því að eldisstöðvarnar séu hópaðar saman eftir því hvort þeim fylgi mikil eða lítil áhætta á að sjúkdómur komi upp eða breiðist út með flutningum á lagareldisdýrum. Í samræmi við þetta líkan telst því nóg að taka aðeins tillit til þess hvort eldisstöðin eða lindýraeldissvæðið fær afhent eða afhendir lifandi lagareldisdýr (þ.m.t. egg), og hver upprunastaður dýranna er.

Í þessum lið eru sýnd dæmi um aðstæður þar sem líta má svo á að áhættan á sjúkdómur komi upp eða breiðist út með flutningi á lagareldisdýrum teljist lítil.

Skráin yfir dæmin, sem gefin eru upp í þessum lið, er ekki tæmandi. Því er ekki hægt að slá því föstu að eldisstöðvar og lindýraeldissvæði, sem falla ekki undir þessi dæmi, skapi mikla áhættu á að sjúkdómur komi upp eða breiðist út.

6.6.2. *Dæmi um tilvik þar sem litlar líkur eru á að sjúkdómur komi upp í tengslum við að lagareldisdýr eru flutt að til eldisstöðva og lindýraeldissvæða:*

a) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem framleiða nóg af eggjum eða ungviði til eigin þarfa ([1]),

b) tilvik þar sem lagareldisdýrin eru eingöngu flutt að frá sjúkdómslausum svæðum eða hólfum. Að því er varðar eldisstöðvar þar sem heilbrigðisástandið fellur undir III. og V. flokk eru engar kröfur um það samkvæmt gildandi löggjöf Bandalagsins að lagareldisdýr skulu flutt að frá sjúkdómslausum svæðum eða hólfum og það að eldisstöð kjósi að fá sín dýr frá sjúkdómslausu svæði eða hólfi greinir hana frá öðrum eldisstöðvum í sama flokki. Eldisstöðvar með heilbrigðisástand í I. flokki skulu aðeins taka við dýrum frá sjúkdómslausum upprunastað. Að því er varðar þessar eldisstöðvar skal þess í stað gerð sú krafa að dýrin séu annað hvort flutt að frá sama sjúkdómslausa svæðinu eða að eldisstöðin hafi aðeins takmarkaðan fjölda birgja með lagareldisdýr,

c) tilvik þar sem villt lagardýr, sem leyst eru úr sóttkví og ætluð til eldis, eru flutt að,

d) tilvik þar sem sótthreinsuð egg eru flutt að; þetta á aðeins við ef vísindaþekking eða fengin reynsla hefur sýnt að sótthreinsun dregur með skilvirkum hætti úr áhættu á útbreiðslu sjúkdóma niður á ásættanlegt stig að því er varðar skráðu sjúkdómana sem tegundirnar í eldisstöðvunum eða á lindýraeldissvæðinu eru smitnæmar fyrir.

6.6.3. *Dæmi um tilvik þar sem litlar líkur eru á að sjúkdómurinn breiðist út í tengslum við að lagareldisdýr eru afhent eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum:*

a) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem afhenda ekki dýr til frekara eldis, umlagningar eða endurnýjunar stofna,

b) fiskeldisstöðvar sem afhenda eingöngu sótthreinsuð egg; þetta á aðeins við ef vísindaþekking eða fengin reynsla hefur sýnt að sótthreinsun dregur með skilvirkum hætti úr áhættu á útbreiðslu sjúkdóma niður á ásættanlegt stig að því er varðar skráða framandi sjúkdóma eða sjúkdóma sem ekki eru framandi sem tegundirnar í eldisstöðinni eru smitnæmar fyrir.

([1]) Þetta gæti til dæmis átt við um fiskeldisstöðvar sem halda sína eigin undaneldisstofna og um lindýraeldisstöðvar og lindýraeldissvæði ef framleiðslan byggist á náttúrulegri nýliðun afkvæma.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/74/02**

frá 28. nóvember 2008

um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína vegna kúariðu

(tilkynnt með númeri C(2008) 7288)

(Einungis spænski, danski, þýski, gríski, enski, franski, ítalski, hollenski, portúgalski, finnski og sænski textinn hefur lagagildi)

(2008/908/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. b. í 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi heilahrörnunarsjúkdóma í dýrum. Þar er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli, á grundvelli virks og óbeins eftirlits, starfa eftir árlegri áætlun um vöktun með smitandi heilahrörnunarsjúkdómum í samræmi við III. viðauka þeirrar reglugerðar.

2) Í 1. mgr. b. í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að þau aðildarríki sem geta sýnt fram á framfarir að því er varðar faraldsfræðilegar aðstæður í landi sínu, í samræmi við tilteknar viðmiðanir sem mæla skal fyrir um í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í þeirri grein, geti sótt um endurskoðun á árlegum vöktunaráætlunum sínum.

3) Í 7. lið I. hluta A-kafla í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2000 er mælt fyrir um hvaða upplýsingar skal senda til framkvæmdastjórnarinnar og um faraldsfræðilegar viðmiðanir sem aðildarríki, sem óska eftir endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun sinni, þurfa að uppfylla.

4) Hinn 17. júlí 2008 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu tvö vísindaálit varðandi endurskoðun á fyrirkomulagi vöktunar vegna kúariðu í nokkrum aðildarríkjum. Í þeim álitum kemur fram mat á aukinni áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra í kjölfar framkvæmdar á endurskoðuðu fyrirkomulagi vöktunar vegna kúariðu í 15 aðildarríkjum Bandalagsins fyrir 1. maí 2004 og komist er að þeirri niðurstöðu að ef aldursmark nautgripa, sem falla undir vöktun vegna kúariðu, yrði hækkað úr 24 mánuðum í 48 mánuði myndi innan við eitt kúariðutilfelli á ári sleppa fram hjá greiningu í þessum aðildarríkjum.

5) Hinn 17. júlí 2008 lagði Ítalía umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

6) Hinn 7. ágúst 2008 lagði Írland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

7) Hinn 13. ágúst 2008 lagði Austurríki umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

8) Hinn 13. ágúst 2008 lagði Danmörk umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

9) Hinn 15. ágúst 2008 lagði Breska konungsríkið umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

10) Hinn 20. ágúst 2008 lagði Lúxemborg umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

11) Hinn 28. ágúst 2008 lagði Þýskaland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

12) Hinn 28. ágúst 2008 lagði Holland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

13) Hinn 29. ágúst 2008 lagði Finnland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

14) Hinn 29. ágúst 2008 lagði Svíþjóð umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 327, 5.12.2008, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 3.3.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

15) Hinn 4. september 2008 lagði Portúgal umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

16) Hinn 8. september 2008 lagði Frakkland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

17) Hinn 9. september 2008 lagði Spánn umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

18) Hinn 11. september 2008 lagði Belgía umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

19) Hinn 17. september 2008 lagði Grikkland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.

20) Hinn 18. september 2008 voru umsóknir sem þessi 15 aðildarríki lögðu fram metnar af vinnuhópi sérfræðinga, sem settur var saman í þessum tilgangi, sem komst að þeirri niðurstöðu að áhættugreiningar sem aðildarríkin lögðu fram, umsókn sinni til stuðnings, væru viðeigandi og myndu tryggja verndun heilbrigðis manna og dýra. Allar þær kröfur sem mælt er fyrir um í þriðju undirgrein 1. mgr. b. í 6. gr. og allar faraldsfræðilegar viðmiðanir sem settar eru fram í 7. lið I. hluta A-kafla í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, sem aðildarríki verða að uppfylla til að sýna fram á umbætur á faraldsfræðilegum aðstæðum, voru einnig athugaðar og reyndust hafa verið uppfylltar.

21) Því er rétt að veita þeim 15 aðildarríkjum, sem metin voru með fullnægjandi umsókn, leyfi til að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína og setja ný aldursmörk fyrir kúariðuprófanir við 48 mánuði í þeim aðildarríkjum.

22) Nokkur aðildarríki sem gengu í Bandalagið frá og með 1. maí 2004 en hófu aðlögun á foraðildarárunum lögðu einnig fram umsóknir til framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun árlegra áætlana sinna um vöktun vegna kúariðu. Auk þess að framkvæma vísindalegt mat og til að sannreyna að faraldsfræðileg viðmið séu uppfyllt er þess vænst að Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan annist skoðun í þessum aðildarríkjum og einnig í þeim aðildarríkjum sem sækja um endurskoðun á áætlun sinni. Framkvæmdastjórnin hefur móttekið beiðnir um endurskoðun frá Slóveníu og Kýpur.

23) Til hagræðingar þykir rétt að upphafsdagsetning endurskoðaðra árlegra vöktunaráætlana falli saman við fjárhagsár Bandalagsins.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Frá 1. janúar 2009 geta aðildarríkin sem eru skráð í viðaukann við þessa tilskipun endurskoðað árlega vöktunaráætlun sína eins og kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 (endurskoðaðar, árlegar vöktunaráætlanir).

2. gr.

Endurskoðaðar, árlegar vöktunaráætlanir skulu einungis gilda um innlendan nautgripastofn þess aðildarríkis sem um ræðir og skulu a.m.k. ná yfir alla nautgripi sem eru eldri en 48 mánaða og falla undir eftirfarandi undirhópa:

a) dýr sem um getur í lið 2.2 í I. hluta A-kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001,

b) dýr sem um getur í lið 2.1 í I. hluta A-kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001,

c) dýr sem um getur í lið 3.1 í I. hluta A-kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Belgíu, Konungsríkisins Danmerkur, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Írlands, Lýðveldisins Grikklands, Konungsríkisins Spánar, Lýðveldisins Frakklands, Lýðveldisins Ítalíu, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands, Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Portúgals, Lýðveldisins Finnlands, Konungsríkisins Svíþjóðar og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR AÐILDARRÍKI

– Belgía

– Danmörk

– Þýskaland

– Írland

– Grikkland

– Spánn

– Frakkland

– Ítalía

– Lúxemborg

– Holland

– Austurríki

– Portúgal

– Finnland

– Svíþjóð

– Breska konungsríkið

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/74/03**

frá 31. október 2008

um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu aðildarríkja, svæða og hólfa

(tilkynnt með númeri C(2008) 6264)

(2009/177/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum 44. gr. (fyrstu undirgrein 1. mgr.), 44. gr. (fyrstu undirgrein 2. mgr.), 44. gr. (3. mgr.), 49. gr. (1. mgr.), 50. gr. (a-lið 2. mgr.), 50. gr. (3. mgr.), 51. gr. (2. mgr.), 59. gr. (2. mgr.), 61. gr. (3. mgr.) og 64. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2006/88/EB er mælt fyrir um fyrirbyggjandi lágmarksráðstafanir sem miðast að því að auka vitund og viðbúnað lögbærra yfirvalda, stjórnenda lagareldisfyrirtækja og annarra sem tengjast þessum iðnaði, að því er varðar sjúkdóma í lagareldisdýrum, og lágmarksvarnarráðstafanir sem beita skal ef tilteknir sjúkdómar koma upp í lagardýrum eða ef grunur leikur á um slíkt. Frá og með 1. ágúst 2008 fellir hún úr gildi og kemur í stað fyrir tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([2]).

2) Í 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að ef aðildarríki, sem ekki er vitað til að sé sýkt en hefur ekki verið lýst laust við einn eða fleiri af þeim sjúkdómum, sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, semur eftirlitsáætlun til að ná þeirri stöðu að teljast laust við einn eða fleiri viðkomandi sjúkdóma skuli það leggja áætlunina fram til samþykkis í samræmi við reglunefndarmeðferðina.

3) Í 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB er einnig kveðið á um að ef þeirri eftirlitsáætlun er ætlað að ná til einstakra hólfa eða svæða, sem þekja innan við 75% af yfirráðasvæði aðildarríkis og svæðið eða hólfið nær yfir vatnasvið, sem er ekki sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi, skuli fara eftir annarri málsmeðferð, þ.m.t. fyrirmyndir að eyðublöðum sem ber að leggja fyrir fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra (nefndin), eins og kveðið er á um í 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

4) Í 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að ef aðildarríki, sem vitað er að er sýkt af einum eða fleiri af þeim sjúkdómum sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, semur útrýmingaráætlun vegna eins eða fleiri þessara sjúkdóma skuli það leggja áætlunina fram til samþykkis í samræmi við reglunefndarmeðferðina.

5) Ef aðildarríki vill öðlast þá stöðu að teljast laust við einn eða fleiri af þeim sjúkdómum sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við þá tilskipun, að því er varðar allt yfirráðasvæði þess skv. 1. mgr. 49. gr. tilskipunar 2006/88/EB, þá skal það leggja fram nauðsynleg gögn til að geta verið lýst sjúkdómalaust í samræmi við reglunefndarmeðferðina.

6) Í 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríki geti lýst því yfir að svæði eða hólf á yfirráðasvæðis þess sé laust við einn eða fleiri sjúkdóma, sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, með tilteknum skilyrðum. Aðildarríki sem gefur frá sér slíka yfirlýsingu skal senda hana til nefndarinnar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þeirrar greinar.

7) Að auki er kveðið á um það í 3. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB að ef svæði eða hólf þekja meira en 75% af yfirráðasvæði aðildarríkis eða ná yfir vatnasvið, sem er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi, skuli reglunefndarmeðferðin koma í stað málsmeðferðarinnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 50. gr. þeirrar tilskipunar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 3.3.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

8) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um ítarleg ákvæði til að tilgreina í hvaða tilvikum ber að samþykkja eftirlitsáætlanir og yfirlýsingar um sjúkdómalausa stöðu í samræmi við reglunefndarmeðferðina.

9) Taka skal saman skrár yfir aðildarríki, svæði eða hólf, sem falla undir eftirlits- eða útrýmingaráætlanir sem samþykktar eru í samræmi við reglunefndarmeðferðina, eða sem samþykkt hefur verið að veita sjúkdómalausa stöðu.

10) Mæla skal fyrir um fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir eftirlitsáætlanir sem eru lagðar fram til samþykkis og fyrir yfirlýsingar um slíkar áætlanir. Einnig skal gera fyrirmynd að eyðublaði fyrir aðildarríki til að tilkynna um þróun tiltekinna útrýmingaráætlana og tiltekinna eftirlitsáætlana. Að auki skal mæla fyrir um fyrirmynd að eyðublaði fyrir framlagningu umsókna um sjúkdómalausa stöðu til samþykkis ásamt yfirlýsingum um slíka stöðu.

11) Í V. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/425/EB frá 25. apríl 2008 um staðalkröfur varðandi framlagningu aðildarríkjanna, vegna fjármögnunar Bandalagsins, á landsáætlunum um útrýmingu tiltekinna dýrasjúkdóma og sjúkdóma, sem berast milli manna og dýra, varnir gegn þeim og vöktun þeirra ([1]) er ítarleg greining á kostnaði við áætlanir sem aðildarríkin óska eftir að fá fjárframlag til. Til að tryggja samræmi í löggjöf Bandalagsins skal fyrirmyndin að eyðublaðinu fyrir framlagningu útrýmingaráætlana til samþykkis samkvæmt tilskipun 2006/88/EB vera í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í þeim viðauka.

12) Aðildarríki þurfa að leggja fram upplýsingar árlega til að hægt sé að meta þróun samþykktra eftirlitsáætlana svo og samþykktra útrýmingaráætlana sem ekki hljóta fjárframlög frá Bandalaginu. Í því skyni skal leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina á hverju ári. Í ljósi þess að útrýmingaráætlanir sem hljóta fjárframlög frá Bandalaginu falla undir ákvörðun ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní 1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála ([2]) skulu aðildarríki gefa skýrslur um tæknileg og fjárhagsleg málefni þessara áætlana í samræmi við þá ákvörðun.

13) Yfirlýsingar um eftirlitsáætlanir og yfirlýsingar um sjúkdómalausa stöðu, sem aðildarríki senda nefndinni, skulu vera aðgengilegar framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum með rafrænum hætti. Frá tæknilegu sjónarmiði er upplýsingasíða á Netinu hagkvæmasta lausnin þar eð hún tryggir auðveldan aðgang að slíkum yfirlýsingum.

14) Samkvæmt tilskipun 91/67/EBE voru sjúkdómalaus svæði, fiskeldisstöðvar og áætlanir í því skyni að öðlast stöðu sjúkdómalauss svæðis samþykktar með eftirfarandi ákvörðunum: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB frá 22. apríl 2002 um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps ([3]), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB frá 18. apríl 2002 um skrá yfir svæði sem eru viðurkennd með tilliti til bónamíósis (Bonamia ostreae) og/eða marteilíósis (Marteilia refringens) ([4]), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB frá 28. ágúst 2003 um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski ([5]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/722/EB frá 25. október 1994 um samþykki áætlunar sem Frakkland hefur lagt fram og fjallar um bónamíósis og marteilíósis ([6]).

15) Viðmiðanirnar í tilskipun 2006/88/EB um veitingu sjúkdómalausrar stöðu eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE að því er varðar samþykki á öllu yfirráðasvæði aðildarríkjanna, á svæðum inn til landsins og eldisstöðvum á svæðum sem ekki eru viðurkennd.

16) Þar af leiðandi skal ekki skylt að tilkynna um svæði inn til landsins og eldisstöðvar, sem samþykkt hafa verið samkvæmt tilskipun 91/67/EBE, til nefndarinnar í samræmi við tilskipun 2006/88/EB. Þeim skal einnig bætt á skrána yfir svæði og hólf sem eru aðgengileg á síðunum á Netinu sem komið er á fót með þessari ákvörðun.

17) Hins vegar er ekki kveðið á um hugtakið strandsvæði í tilskipun 2006/88/EB. Aðildarríkin skulu því endurmeta svæði sem áður höfðu verið viðurkennd sem sjúkdómalaus strandsvæði samkvæmt tilskipun 91/67/EBE og leggja fram nýja umsókn, eða nýja yfirlýsingu ef við á, samkvæmt tilskipun 2006/88/EB.

18) Því ber að fella úr gildi ákvarðanir 2002/300/EB og 2002/308/EB frá og með 1. ágúst 2009 og veita aðildarríkjum þar með nægan tíma til að leggja fram nýjar yfirlýsingar eða umsóknir að því er varðar þessi strandsvæði.

([1]) Stjtíð. ESB L 159, 18.6.2008, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 19.
([3]) Stjtíð. EB L 106, 23.4.2002, bls. 28.
([4]) Stjtíð. EB L 103, 19.4.2002, bls. 24.
([5]) Stjtíð. ESB L 220, 3.9.2003, bls. 8.
([6]) Stjtíð. EB L 288, 9.11.1994, bls. 47.

19) Í tilskipun 91/67/EBE er ekki gerður greinarmunur á eftirlits- og útrýmingaráætlunum. Í ljósi þess að kröfurnar sem gilda um slíkar áætlanir eru jafngildar ber þó að líta svo á að þær áætlanir sem hafa verið samþykktar samkvæmt ákvörðunum 2003/634/EB og 94/722/EB séu í samræmi við tilskipun 2006/88/EB. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um þessar áætlanir fyrir 30. apríl 2009, í þeim tilgangi að ákvarða á hverjar þeirra beri að líta sem eftirlits- eða útrýmingaráætlanir og í kjölfarið bæta þeim á viðeigandi skrár sem settar eru fram í þessari ákvörðun.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

FRAMLAGNING EFTIRLITSÁÆTLANA OG YFIRLÝSINGA UM SJÚKDÓMALAUSA STÖÐU TIL SAMÞYKKIS

1. gr.

Skilyrði fyrir framlagningu eftirlitsáætlana til samþykkis

1. Einungis skal leggja fram eftirlitsáætlanir til samþykkis, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, ef þær ná yfir eftirfarandi:

a) allt yfirráðasvæði aðildarríkis,

b) hólf eða flokka hólfa sem þekja meira en 75% af strandsvæði viðkomandi aðildarríkis að því er varðar sjúkdóma sem hafa eingöngu áhrif á tegundir sem lifa í söltu vatni,

c) svæði og hólf, eða flokka þeirra, sem þekja meira en 75% af svæðum inn til landsins í viðkomandi aðildarríki að því er varðar sjúkdóma sem hafa eingöngu áhrif á tegundir sem lifa í ferskvatni,

d) svæði og hólf, eða flokka þeirra, sem þekja meira en 75% af svæðum inn til landsins og strandsvæðum í viðkomandi aðildarríki að því er varðar sjúkdóma sem hafa bæði áhrif á tegundir sem lifa í söltu vatni og í ferskvatni,

e) svæði og hólf sem ná yfir vatnasvið sem er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.

2. Í þessari ákvörðun telst hólf eða flokkur hólfa á strandsvæði ná yfir meira en 75% af strandsvæði aðildarríkis ef hann nær yfir meira en 75% af strandlengjunni, sé hún mæld meðfram grunnlínu strandarinnar.

2. gr.

Skilyrði fyrir framlagningu yfirlýsinga um sjúkdómalausa stöðu til samþykkis

Einungis skal leggja fram yfirlýsingar um sjúkdómalausa stöðu til samþykkis, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB, ef yfirlýsingin er í samræmi við eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru fram í 1. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar.

2. ÞÁTTUR

SKRÁR YFIR AÐILDARRÍKI, SVÆÐI OG HÓLF, SEM FALLA UNDIR SAMÞYKKTAR EFTIRLITS- OG ÚTRÝMINGARÁÆTLANIR, OG SJÚKDÓMALAUS SVÆÐI

3. gr.

Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir samþykktar eftirlitsáætlanir

Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir eftirlitsáætlun sem samþykkt hefur verið í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB eru talin eru upp í öðrum og fjórða dálki töflunnar í A-hluta I. viðauka við þessa ákvörðun, að því er varðar þá sjúkdóma sem tilgreindir eru í þeirri töflu.

4. gr.

Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir samþykktar útrýmingaráætlanir

Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir útrýmingaráætlun sem samþykkt hefur verið í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB eru talin eru upp í öðrum og fjórða dálki töflunnar í B-hluta I. viðauka við þessa ákvörðun, að því er varðar þá sjúkdóma sem tilgreindir eru í þeirri töflu.

5. gr.

Sjúkdómalaus aðildarríki, svæði og hólf

Aðildarríki, sem hafa verið lýst sjúkdómalaus í samræmi við 1. mgr. 49. gr. tilskipunar 2006/88/EB, og svæði og hólf sem hafa verið lýst sjúkdómalaus í samræmi við 3. mgr. 50. gr. þeirrar tilskipunar, eru talin upp í öðrum og fjórða dálki töflunnar í C-hluta I. viðauka við þessa ákvörðun, að því er varðar þá sjúkdóma sem tilgreindir eru í þeirri töflu.

3. ÞÁTTUR

FYRIRMYNDIR AÐ EYÐUBLÖÐUM FYRIR FRAMLAGNINGU YFIRLÝSINGA OG UMSÓKNA

6. gr.

Fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir eftirlitsáætlanir

1. Framlagning á eftirlitsáætlunum til samþykkis, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skal vera í samræmi við fyrirmyndirnar að eyðublöðum sem settar eru fram í II. og III. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Framlagning á yfirlýsingum varðandi eftirlitsáætlanir, sem kveðið er á um í fjórðu undirgrein 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skal vera í samræmi við fyrirmyndina að eyðublaði sem sett er fram í II. viðauka við þessa ákvörðun.

7. gr.

Fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir útrýmingaráætlanir

Framlagning á útrýmingaráætlunum til samþykkis, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skal vera í samræmi við fyrirmyndina að eyðublaði sem sett eru fram í V. viðauka við ákvörðun 2008/425/EB.

8. gr.

Fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir framlagningu varðandi sjúkdómalausa stöðu

1. Framlagning gagna vegna viðurkenningar á sjúkdómalausri stöðu, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 49. gr. og 3. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skal vera í samræmi við fyrirmyndirnar að eyðublöðum sem settar eru fram í IV. og V. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Framlagning yfirlýsinga um sjúkdómalausa stöðu svæða eða hólfa, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skal vera í samræmi við fyrirmyndirnar að eyðublöðum sem settar eru fram í IV. og V. viðauka við þessa ákvörðun.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er aðildarríkjum ekki skylt, þegar til stendur að öðlast þá stöðu að vera laus við sjúkdóma í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. 49. gr. eða 1. lið I. hluta V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB, að leggja fram fyrirmyndirnar að eyðublöðum sem settar eru fram í V. viðauka við þessa ákvörðun.

4. ÞÁTTUR

SKYLDUR VARÐANDI SKÝRSLUR OG UPPLÝSINGAR Á NETINU

9. gr.

Skýrslugjöf

Eigi síðar en 30. apríl ár hvert skulu aðildarríkin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um eftirfarandi:

a) eftirlitsáætlanir sem hafa verið samþykktar í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB,

b) útrýmingaráætlanir sem ekki hljóta fjárframlög frá Bandalaginu og hafa verið samþykktar í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar.

Skýrslan skal vera í samræmi við fyrirmyndina að eyðublaðinu sem sett er fram í VI. viðauka við þessa ákvörðun.

10. gr.

Upplýsingasíður á Netinu

1. Aðildarríkin skulu koma á fót upplýsingasíðum á Netinu og halda þeim uppfærðum í þeim tilgangi að gera:

a) yfirlýsingar um eftirlitsáætlanir, sem lagðar eru fyrir fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra („nefndina“) í samræmi við fjórðu undirgrein 1. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB, aðgengilegar framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum,

b) yfirlýsingar um sjúkdómalausa stöðu, sem lagðar eru fyrir nefndina í samræmi við 2. mgr. 50. gr. þeirrar tilskipunar, aðgengilegar framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum,

c) skrána yfir svæði eða hólf, sem lýst hefur verið yfir að falli undir viðurkennda eftirlitsáætlun eða séu sjúkdómalaus, í samræmi við 2. mgr. 50. gr. þeirrar tilskipunar, aðgengilega öllum.

2. Þegar aðildarríkin birta yfirlýsingar af því tagi, sem vísað er til í a- og b-lið 1. mgr., á viðkomandi upplýsingasíðum á netinu skulu þau tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni vefföng upplýsingasíðnanna á Netinu sem kveðið er á um í 1. mgr.

5. ÞÁTTUR

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

11. gr.

Umbreytingarákvæði að því er varðar sjúkdómalaus svæði

1. Svæði inn til landsins, sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis (VHS) og iðradreps (IHN) með ákvörðun 2002/308/EB og skráð í I. viðauka við hana, skulu teljast til svæða sem uppfylla skilyrðin fyrir sjúkdómalaus svæði sem sett eru fram í V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

2. Fiskeldisstöðvar, sem eru viðurkenndar með tilliti til veirublæðis og iðradreps með ákvörðun 2002/308/EB og skráðar í II. viðauka við hana, skulu teljast til hólfa, sem uppfylla skilyrðin fyrir sjúkdómalaus hólf sem sett eru fram í V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

3. Svæði inn til landsins og fiskeldisstöðvar, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skulu færð í skrána yfir svæði og hólf sem tekin var saman í samræmi við c-lið 1. mgr. 10. gr.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB er aðildarríkjum ekki skylt að leggja yfirlýsingar fyrir nefndina að því er varðar þau svæði inn til landsins og þær fiskeldisstöðvar sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

12. gr.

Umbreytingarákvæði að því er varðar samþykktar áætlanir

1. Þrátt fyrir 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB er aðildarríkjum ekki skylt að leggja fram eftirlits- og útrýmingaráætlanir, sem voru samþykktar í þeim tilgangi að öðlast stöðu samþykktra svæða að því er varðar eftirfarandi:

a) veirublæði og iðradrep með ákvörðun 2003/634/EB,

b) ostruveiki og martelíuveiki með ákvörðun 94/722/EB.

2. Eigi síðar en 30. apríl 2009 skulu hlutaðeigandi aðildarríki leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um áætlanirnar sem um getur í 1. mgr., þar sem fram kemur a.m.k. eftirfarandi:

a) upplýsingar um landfræðilega afmörkun áætlananna,

b) upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt VI. viðauka fyrir næstliðin fjögur ár sem áætlununum hefur verið framfylgt.

6. ÞÁTTUR

LOKAÁKVÆÐI

13. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2002/300/EB og ákvörðun 2002/308/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. ágúst 2009.

14. gr.

Beiting

Ákvörðun þessi gildir frá 1. nóvember 2008.

15. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir samþykktar eftirlitsáætlanir

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir eftirlitsáætlun (aðildarríki, svæði eða hólf)
Veirublæði (VHS)			
Iðradrep (IHN)			
Skjónakarpaherpesveiki (e. Koi herpes virus disease)			
Blóðþorri (ISA)			
Sýking af völdum martelíuveikisýkils (Marteilia refringens)			
Sýking af völdum ostruveikisýkils (Bonamia ostreae)			
Hvítblettaveiki			

B-HLUTI

Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir samþykktar útrýmingaráætlanir

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir útrýmingaráætlun (aðildarríki, svæði eða hólf)
Veirublæði (VHS)			
Iðradrep (IHN)			
Skjónakarpaherpesveiki (e. Koi herpes virus disease)			
Blóðþorri (ISA)			
Sýking af völdum martelíuveikisýkils (Marteilia refringens)			
Sýking af völdum ostruveikisýkils (Bonamia ostreae)			
Hvítblettaveiki			

C-HLUTI

Aðildarríki, svæði og hólf sem lýst hafa verið sjúkdómalaus

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalausa svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólf)
Veirublæði (VHS)	Danmörk	DK	Vatnasvið og strandsvæði við: – Hansted Å – Slette Å – Hovmølle Å – Bredkær Bæk – Grenå – Vandløb til Kilen – Treå – Resenkær Å – Alling Å – Klostermølle Å – Kastbjerg – Hvidbjerg Å – Villestrup Å – Knidals Å – Korup Å – Spang Å – Sæby Å – Simested Å – Elling Å – Skals Å – Uggerby Å – Jordbro Å – Lindenborg Å – Fåremølle Å – Øster Å – Flynder Å – Hasseris Å – Damhus Å – Binderup Å – Karup Å – Vidkær Å – Gudenåen – Dybvad Å – Halkær Å – Bjørnsholm Å – Storåen – Trend Å – Århus Å – Lerkenfeld Å – Bygholm Å – Vester Å – Grejs Å – Lønnerup med tilløb – Ørum Å – Fiskbæk Å
	Írland	IE	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á yfirráðasvæði þess, nema: 1. Cape Clear-eyja
	Kýpur	CY	Öll svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Finnland	FI	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á yfirráðasvæði þess, nema: 1. Ålandssýsla, 2. sveitarfélögin Uusikaupunki, Pyhäranta og Rauma
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Bretland	UK	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á yfirráðasvæði þess, nema: 1. vatnasvið árinnar Ouse frá upptökum hennar að eðlilegum flóðmörkum við Naburn Loch og Weir, og 2. sóttvarnabelti sem samanstendur af vatninu í ármynni Humber frá eðlilegum flóðmörkum við Barmby Barrage, Naburn Lock og Weir, járnbrautarbrúnni við Ulleskelf, Chapel Haddlesey Weir og Long Sandall Lock að línu sem liggur í hánorður frá hafnargarðinum í Whitgift Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á Norður-Írlandi, Guernsey, Mön og Jersey

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalausa svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólf)
Iðradrep (IHN)	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Kýpur	CY	Öll svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Bretland	UK	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á Stóra-Bretlandi, Norður-Írlandi, Guernsey, Mön og Jersey
Skjónakarpaherpesveiki (e. Koi herpes virus disease)			
Blóðþorri (ISA)	Belgía	BE	Allt yfirráðasvæðið
	Búlgaría	BG	Allt yfirráðasvæðið
	Tékkland	CZ	Allt yfirráðasvæðið
	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Þýskaland	DE	Allt yfirráðasvæðið
	Eistland	EE	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Grikkland	EL	Allt yfirráðasvæðið
	Spánn	ES	Allt yfirráðasvæðið
	Frakkland	FR	Allt yfirráðasvæðið
	Ítalía	IT	Allt yfirráðasvæðið
	Kýpur	CY	Allt yfirráðasvæðið
	Lettland	LV	Allt yfirráðasvæðið
	Litháen	LT	Allt yfirráðasvæðið
	Lúxemborg	LU	Allt yfirráðasvæðið
	Ungverjaland	HU	Allt yfirráðasvæðið
	Malta	MT	Allt yfirráðasvæðið
	Holland	NL	Allt yfirráðasvæðið
	Austurríki	AT	Allt yfirráðasvæðið
	Pólland	PL	Allt yfirráðasvæðið
	Portúgal	PT	Allt yfirráðasvæðið
	Rúmenía	RO	Allt yfirráðasvæðið
	Slóvenía	SI	Allt yfirráðasvæðið
	Slóvakía	SK	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Bretland	UK	Allt yfirráðasvæðið

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalausa svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólf)
Sýking af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens*)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Bretland	UK	Öll strandlengja Stóra-Bretlands, Norður-Írlands, Guernsey, Herm og Manar Öll strandlengja Norður-Írlands Öll strandlengja Guernsey og Herm Strandsvæði Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund Öll strandlengja Manar.
Sýking af völdum ostruveiki-sýkils (Bonamia ostreae)	Írland	IE	Öll strandlengja Írlands, nema: 1. Cork Harbour 2. Galway Bay 3. Ballinakill Harbour 4. Clew Bay 5. Achill Sound 6. Loughmore, Blacksod Bay 7. Lough Foyle 8. Lough Swilly
	Bretland	UK	Öll strandlengja Stóra-Bretlands, nema: 1. suðurströnd Cornwall frá Lizard að Start Point, 2. strönd Dorset, Hampshire og Sussex frá Portland Bill að Selsey Bill, 3. svæðið meðfram strönd North Kent og Essex frá North Foreland að Felixstowe, 4. svæðið meðfram strönd suðvestur-Wales frá Wooltack Point að St. Govan's Head, að meðtöldu Milford Haven og þar sem sjávarfalla gætir austan og vestan Cleddau-árinnar, 5. vatnasvæði Loch Sunart sem er austan við línu sem er dregin í suðsuðaustur frá nyrsta odda Maclean's Nose að Auliston Point, 6. svæðið sem nær yfir West Loch Tarbert norðaustan við línu sem er dregin í austsuðaustur við Ardpatrick Point NR 734 578 að North Dunskeig Bay við NR 752 568 Öll strandlengja Norður-Írlands, nema: 1. Lough Foyle Öll strandlengja Guernsey, Herm og Manar Strandsvæði Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund
Hvítblettaveiki			

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND VEGNA FRAMLAGNINGAR EFTIRLITSÁÆTLANA TIL SAMÞYKKIS OG VEGNA YFIRLÝSINGA UM EFTIRLITSÁÆTLANIR

Kröfur/upplýsingar sem leggja skal fram	Upplýsingar/nánari útskýringar og rökstuðningur
1. **Auðkenning áætlunarinnar**	
1.1. Aðildarríki sem leggur fram yfirlýsinguna	
1.2. Lögbært yfirvald (heimilisfang, bréfsími, tölvupóstfang)	
1.3. Tilvísunarnúmer þessa skjals	
1.4. Sendingardagur til framkvæmdastjórnarinnar	
2. **Tegund orðsendingar**	
2.1. □ Yfirlýsing vegna eftirlitsáætlunar	□
2.2. □ Umsókn um eftirlitsáætlun	□
3. **Landslöggjöf** ([1])	
4. **Sjúkdómar**	
4.1. Fiskur	□ VHS-veiki □ IHN-veiki □ ISA-veiki □ KHV-veiki
4.2. Lindýr	□ *Marteilia refringens* □ *Bonamia ostreae*
4.3. Krabbadýr	□ Hvítblettaveiki
5. **Almennar upplýsingar um áætlanirnar**	
5.1. Lögbært yfirvald ([2])	
5.2. Skipulag og eftirlit með öllum hagsmunaaðilum sem koma að áætluninni ([3])	
5.3. Yfirlit yfir skipan lagareldisiðnaðarins á viðkomandi svæði, þ.m.t. tegundir framleiðslu og tegundir dýra sem eru haldin þar.	
5.4. Síðan hvenær hefur verið skyldubundið að senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds um grun eða staðfestingu á uppkomu viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma (dagsetning)?	
5.5. Síðan hvenær hefur snemmgreiningarkerfi (áður kerfi til að tryggja hraðgreiningu), sem gerir lögbæru yfirvaldi kleift að rannsaka sjúkdóma á skilvirkan hátt og tilkynna um þá, verið fyrir hendi í öllu aðildarríkinu (dagsetning)? ([4])	

Kröfur/upplýsingar sem leggja skal fram	Upplýsingar/nánari útskýringar og rökstuðningur
5.6. Uppruni lagareldisdýra af tegundum, sem eru næmar fyrir viðkomandi sjúkdómi, sem koma inn í aðildarríkið, svæðið eða hólfið til eldis.	
5.7. Leiðbeiningar um góðar hollustustarfsvenjur ([5])	
5.8. Faraldsfræðilegar aðstæður sjúkdómsins á a.m.k. næstliðnum fjórum árum áður en áætlunin kom til framkvæmdar ([6])	
5.9. Lýsing á áætluninni sem lögð er fram ([7])	
5.10. Gildistími áætlunarinnar	
6. **Svæði sem áætlunin tekur til ([8])**	
6.1. □ Aðildarríki	
6.2. □ Svæði (vatnasvið í heild sinni) ([9])	
6.3. □ Svæði (hluti af vatnasviði) ([10])	
Tilgreinið náttúrulegu eða tilbúnu hindrunina sem afmarkar svæðið, lýsið henni og færið rök fyrir því að hún geti komið í veg fyrir að lagardýr gangi upp frá neðri hlutum vatnasviðsins	
6.4. □ Svæði (fleiri en eitt vatnasvið) ([11])	
6.5. □ Hólf sem er óháð heilbrigðisástandi á svæðum umhverfis það ([12])	
Tilgreinið vatnsveitu til hverrar eldisstöðvar og lýsið henni ([13])	□ Brunnur, borhola eða uppspretta □ Vatnshreinsunarstöð sem gerir viðkomandi sjúkdómsvalda óvirka ([14])
Tilgreinið náttúrulegar eða tilbúnar hindranir fyrir hverja eldisstöð, lýsið þeim og færið rök fyrir því að þær geti komið í veg fyrir að lagardýr komist inn í eldisstöð í tilteknu hólfi úr vatnsföllunum í kring	
Tilgreinið og lýsið því hvernig hver eldisstöð er varin gegn því að vatn flæði eða síist inn í eldisstöðina frá vatnsföllunum umhverfis það.	
6.6. □ Hólf sem er háð heilbrigðisástandi á svæðum umhverfis það ([15])	
□ Ein faraldsfræðileg eining vegna landfræðilegrar staðsetningar og fjarlægðar frá öðrum eldisstöðvum/eldissvæðum ([16])	
□ Allar eldisstöðvar innan hólfsins eru með sameiginlegt líföryggiskerfi ([17])	
□ Allar viðbótarkröfur ([18])	
6.7. Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem falla undir áætlunina (skráningarnúmer og landfræðileg staðsetning)	

Kröfur/upplýsingar sem leggja skal fram	Upplýsingar/nánari útskýringar og rökstuðningur
7. **Ráðstafanir í framlagðri áætlun**	
7.1. Samantekt á ráðstöfunum innan ramma áætlunarinnar	
Fyrsta árið □ Prófun □ Föngun til manneldis eða til frekari vinnslu □ Tafarlaus □ Seinkuð □ Fjarlæging og förgun □ Tafarlaus □ Seinkuð □ Aðrar ráðstafanir (tilgreinið)	Síðasta árið □ Prófun □ Föngun til manneldis eða til frekari vinnslu □ Tafarlaus □ Seinkuð □ Fjarlæging og förgun □ Tafarlaus □ Seinkuð □ Aðrar ráðstafanir (tilgreinið)
7.2. Lýsing á ráðstöfunum í áætluninni ([19])	
Markhópur/tegundir	
Notaðar prófanir og sýnatökukerfi. Rannsóknarstofur sem koma að áætluninni ([20])	
Reglur um tilflutning á dýrum	
Ráðstafanir ef niðurstaða reynist jákvæð ([21])	
Stjórn á og eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar og skýrslugjöf	

([1]) Gildandi landslöggjöf sem á við um eftirlitsáætlunina.
([2]) Veita skal lýsingu á skipulagi, hæfni, skyldum og valdheimildum lögbæra yfirvaldsins sem á í hlut.
([3]) Veita skal lýsingu á lögbæru yfirvöldunum sem bera ábyrgð á eftirliti með og samræmingu á áætluninni og þeim ólíku stjórnendum sem eiga í hlut.
([4]) Snemmgreiningarkerfunum er einkum ætlað að sjá til þess að hröð greining fari fram á öllum klínískum einkennum sem renna stoðum undir grun um sjúkdóm, nýtilkominn sjúkdóm eða óútskýrð afföll í eldisstöðvum eða á lindýraeldissvæðum og í náttúrunni og að lögbæru yfirvaldi verði tilkynnt fljótt um atburðinn með það að markmiði að hafnar verði greiningartengdar rannsóknir sem allra fyrst. Snemmgreiningarkerfi skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:
a) að starfsfólk, sem starfar í lagareldisfyrirtækjum eða kemur að vinnslu lagareldisdýra, sé almennt meðvitað um öll einkenni sem renna stoðum undir að um sjúkdóm sé að ræða, og þjálfun dýralækna og sérfræðinga í heilbrigði lagardýra í að þekkja og tilkynna um óvenjuleg sjúkdómstilvik,
b) að dýralæknar eða sérfræðingar í heilbrigði lagardýra eru þjálfaðir í að þekkja og tilkynna um grunsamleg sjúkdómstilvik,
c) að lögbært yfirvald hafi aðgang að rannsóknarstofum sem eru með aðstöðu til þess að greina skráða og nýtilkomna sjúkdóma og gera greinarmun á þeim.
([5]) Veita skal lýsingu í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2006/88/EB.
([6]) Veita skal upplýsingar með því að nota töfluna sem mælt er fyrir um í A-hluta III. viðauka. Gildir eingöngu um eftirlitsáætlanir sem framkvæmdastjórnin þarf að samþykkja.
([7]) Veita skal gagnorða lýsingu á áætluninni þar sem sagt er frá helstu markmiðum hennar, helstu ráðstöfunum, markhópnum. svæðum þar sem hún kemur til framkvæmda og skilgreiningu á því hvað telst vera jákvætt tilvik.
([8]) Svæðið sem áætlunin tekur til skal skýrt afmarkað og því lýst á korti, sem verður að fylgja með umsókninni sem viðauki.
([9]) Vatnasvið í heild sinni frá upptökum að árósum.
([10]) Hluti vatnasviðs frá upptökum að náttúrulegri eða tilbúinni hindrun sem kemur í veg fyrir að lagardýr gangi upp frá neðri hlutum vatnasviðsins.
([11]) Fleiri en eitt vatnasvið, þ.m.t. árósar þeirra, vegna faraldsfræðilegra tengsla milli vatnasviðanna um árósana.
([12]) Hólf sem ná yfir eina eða fleiri eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði þar sem heilbrigðisástand að því er varðar tiltekinn sjúkdóm er óháð heilbrigðisástandi náttúrulegs vatns umhverfis þau að því er varðar þennan umrædda sjúkdóm
([13]) Hólfi, sem er óháð heilbrigðisástandi vatns umhverfis það, skal séð fyrir vatni:
a) frá vatnshreinsunarstöð, sem gerir viðkomandi sjúkdómsvalda óvirka, til þess að draga svo úr hættu á að sjúkdómurinn berist þangað að viðunandi teljist, eða
b) beint úr brunni, borholu eða uppsprettu. Ef vatnslind af því tagi er staðsett fyrir utan athafnasvæði eldisstöðvarinnar skal vatninu veitt beint til eldisstöðvarinnar eftir pípulögn.
([14]) Veita skal tæknilegar upplýsingar til að sýna fram á að viðkomandi sjúkdómsvaldar séu gerðir óvirkir, til þess að draga svo úr hættu á að sjúkdómurinn berist þangað að viðunandi teljist.
([15]) Hólf sem ná yfir eina eða fleiri eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði þar sem heilbrigðisástand að því er varðar tiltekinn sjúkdóm er háð heilbrigðisástandi náttúrulegs vatns umhverfis þau að því er varðar þennan umrædda sjúkdóm.
([16]) Veita skal lýsingu á landfræðilegri staðsetningu og á fjarlægðinni frá öðrum eldisstöðvum/eldissvæðum sem gerir kleift að líta á hólfið sem eina faraldsfræðilega einingu.
([17]) Veita skal lýsingu á sameiginlega líföryggiskerfinu.
([18]) Hver eldisstöð eða lindýraeldissvæði í hólfi, sem er háð heilbrigðisástandi vatna umhverfis það, skal lúta viðbótarráðstöfunum sem lögbær yfirvöld grípa til þegar þess gerist þörf til að koma í veg fyrir að sjúkdómar berist þangað. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér að koma upp sóttvarnabelti umhverfis hólfið þar sem vöktunaráætlun er sinnt og að grípa til enn frekari varna gegn innrás hugsanlegra smitbera eða smitferja.
([19]) Nauðsynlegt er að veita tæmandi lýsingu nema hægt sé að vísa til löggjafar Bandalagsins. Vísa skal til þeirrar landslöggjafar þar sem mælt er fyrir um ráðstafanirnar.
([20]) Lýsið greiningaraðferðum og sýnatökukerfum. Sé notast við staðla Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar eða ESB skal vísa til þeirra. Að öðrum kosti skal lýsa stöðlunum. Tilgreinið þær rannsóknarstofur sem koma að áætluninni (landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa eða tilnefndar rannsóknarstofur).
([21]) Veita skal lýsingu á þeim ráðstöfunum sem eru gerðar að því er varðar dýr með jákvæða svörun (föngun til manneldis tafarlaust eða síðar, fjarlæging og förgun tafarlaust eða síðar, ráðstafanir til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvaldsins við föngun, frekari vinnsla eða fjarlæging og förgun, aðferð við sótthreinsun sýktra eldisstöðva eða lindýraeldissvæða, aðferð við að endurnýja stofna með heilbrigðum dýrum í eldisstöðvum eða á ræktunarsvæðum þar sem niðurskurði hefur verið beitt og stofnun eftirlitssvæða í kring um sýktu eldisstöðina eða eldissvæðið, o.s.frv.).

III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Fyrirmynd vegna upplýsinga, sem leggja skal fram í tengslum við framlagningu eftirlitsáætlana til samþykkis, um faraldsfræðilegar aðstæður/þróun sjúkdómsins á næstliðnum fjórum árum (ein tafla fyrir hvert framkvæmdarár)

1. **Gögn varðandi dýr sem prófuð eru**

Aðildarríki, svæði eða hólf ([a])

Sjúkdómur: ..... Ár: .....

Eldisstöð eða lindýraeldissvæði([b])	Fjöldi sýnataka	Fjöldi klínískra skoðana	Hitastig vatns við sýnatöku/skoðun	Tegundir við sýnatöku	Tegundir sem sýni eru tekin úr	Fjöldi dýra sem sýni eru tekin úr (samtals og eftir tegundum)	Fjöldi prófana	Jákvæðar niðurstöður úr athugunum á rannsóknarstofum	Jákvæðar niðurstöður úr klínískum skoðunum
					Samtals			Samtals	

([a]) Aðildarríki, svæði eða hólf eins og það er skilgreint í 6. lið II. viðauka.

([b]) Ef fjöldi eldisstöðva/lindýraeldissvæða er takmarkaður eða ef engar eldisstöðvar/lindýraeldissvæði eru til staðar í hluta aðildarríkis, svæðis eða hólfs sem framlagningin gildir um, eða því öllu, og sýnataka er þar af leiðandi framkvæmd á villtum stofnum, skal tilgreina þá landfræðilegu staðsetningu þar sem sýnatakan fer fram.

2. **Gögn um eldisstöðvar eða eldissvæði sem prófuð eru**

Sjúkdómur: ..... Ár: .....

Aðildarríki, svæði eða hólf ([a])	Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldissvæða ([b])	Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldissvæða sem falla undir áætlunina	Fjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða sem eftirlit hefur verið haft með ([c])	Fjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða með jákvæða svörun ([d])	Fjöldi nýrra eldisstöðva eða lindýraeldissvæða með jákvæða svörun ([e])	Fjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða þar sem beita þurfti niðurskurði	Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði með jákvæða svörun þar sem beita þurfti niðurskurði (%)	Dýr sem voru fjarlægð og fargað ([f])	Markmiðsvísar (e. target indicators)		
									Umfang eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða (%)	Hlutfall eldis-stöðva eða lin-dýraeldissvæða með jákvæða svörun (%) Algengi á eldis-stöðvum eða lin-dýraeldissvæð-um eftir tímabili	Fjöldi nýrra eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða með jákvæða svörun (%). Tíðni á eldis-stöðvum eða lindýraeldis-svæðum
1	2	3	4	5	6	7	8 = (7/5) × 100	9	10 = (4/3) × 100	11 = (5/4) × 100	12 = (6/4) × 100
Samtals											

([a]) Aðildarríki, svæði eða hólf eins og það er skilgreint í 6. lið II. viðauka.

([b]) Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldissvæða sem eru til staðar í viðkomandi aðildarríki, svæði eða hólfi eins og það er skilgreint í 6. lið II. viðauka.

([c]) Að hafa eftirlit með merkir að framkvæma prófun á eldisstöð/lindýraeldissvæði samkvæmt áætluninni að því er varðar viðkomandi sjúkdóm, í því augnamiði að uppfæra heilbrigðisástand eldisstöðvarinnar/lindýraeldissvæðisins. Ekki má telja eldisstöð/lindýraeldissvæði tvisvar í þessum dálki, jafnvel þótt haft hafi verið eftirlit með stöðinni eða svæðinu oftar en einu sinni.

([d]) Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði með a.m.k. eitt dýr með jákvæða svörun á tímabilinu, óháð því hversu oft eftirlit hefur verið haft með viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði.

([e]) Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem á fyrra skýrslutímabili töldust ýmist til I. flokks, II. flokks, III. flokks eða IV. flokks í samræmi við A-hluta III. viðauka tilskipunar 2006/88/EB að því er varðar heilbrigðisástand, en þar sem a.m.k. eitt dýr hefur greinst með jákvæða svörun gagnvart sjúkdómnum sem um er að ræða á þessu tiltekna viðmiðunartímabili.Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem höfðu ekki greinst með jákvæða svörun gagnvart viðkomandi sjúkdómi á tímabilinu á undan og þar sem greinst hefur a.m.k. eitt dýr með jákvæða svörun á þessu tímabili, ef um er að ræða áætlanir sem lagðar voru fram fyrir 1. ágúst 2008.

([f]) Dýr × 1000 eða heildarþyngd dýra sem hafa verið fjarlægð og fargað.

B-HLUTI

Fyrirmynd vegna upplýsinga, sem leggja skal fram í tengslum við framlagningu eftirlitsáætlana til samþykkis, varðandi markmið, (ein tafla fyrir hvert framkvæmdarár)

1. **Markmið í tengslum við dýr sem prófuð eru**

Aðildarríki, svæði eða hólf ([a])

Sjúkdómur: ..... Ár: .....

Eldisstöð eða lindýraeldissvæði ([b])	Fjöldi sýnataka	Fjöldi klínískra skoðana	Hitastig vatns við sýnatöku/skoðun	Tegundir við sýnatöku	Tegundir sem sýni eru tekin úr	Fjöldi dýra sem sýni eru tekin úr (samtals og eftir tegundum)	Fjöldi prófana
					Samtals		

([a]) Aðildarríki, svæði eða hólf eins og það er skilgreint í 6. lið II. viðauka.

([b]) Ef fjöldi eldisstöðva/lindýraeldissvæða er takmarkaður eða ef engar eldisstöðvar/lindýraeldissvæði eru til staðar í hluta aðildarríkis, svæðis eða hólfs sem framlagningin gildir um, eða því öllu, og sýnataka er þar af leiðandi framkvæmd á villtum stofnum, skal tilgreina þá landfræðilegu staðsetningu þar sem sýnatakan fer fram.

2. **Markmið varðandi eldisstöðvar eða eldissvæði sem prófuð eru**

Sjúkdómur: ..... Ár: .....

Aðildarríki, svæði eða hólf ([a])	Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldissvæða ([b])	Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldissvæða sem falla undir áætlunina	Fjöldi eldisstöðva eða lindýra-eldissvæða sem áætlað er að eftirlit verði haft með ([c])	Fjöldi áætlaðra eldisstöðva eða lindýraeldissvæða með jákvæða svörun ([d])	Fjöldi áætlaðra, nýrra eldisstöðva eða lindýra-eldissvæða með jákvæða svörun ([e])	Fjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða þar sem áætlað er að niðurskurði verði beitt	Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði með jákvæða svörun þar sem áætlað er að niðurskurði verði beitt (%)	Markmiðsvísar (e. target indicators)		
								Áætlað umfang eldisstöðva eða lindýraeldissvæða (%)	Hlutfall eldisstöðva eða lindýraeldissvæða með jákvæða svörun (%). Áætlað algengi á eldisstöðvum eða lindýraeldissvæðum eftir tímabili	Fjöldi nýrra eldisstöðva eða lindýraeldissvæða með jákvæða svörun (%). Áætluð tíðni á eldisstöðvum eða lindýraeldissvæðum
1	2	3	4	5	6	7	8 = (7/5) × 100	9 = (4/3) × 100	10 = (5/4) × 100	11 = (6/4) × 100
Samtals										

([a]) Aðildarríki, svæði eða hólf eins og það er skilgreint í 6. lið II. viðauka.

([b]) Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldissvæða sem eru til staðar í viðkomandi aðildarríki, svæði eða hólfi eins og það er skilgreint í 6. lið II. viðauka.

([c]) Að hafa eftirlit með merkir að framkvæma prófun á eldisstöð/lindýraeldissvæði samkvæmt áætluninni að því er varðar viðkomandi sjúkdóm, í því augnamiði að uppfæra heilbrigðisástand eldisstöðvarinnar/lindýraeldissvæðisins. Ekki má telja eldisstöð/lindýraeldissvæði tvisvar í þessum dálki, jafnvel þótt haft hafi verið eftirlit með stöðinni eða svæðinu oftar en einu sinni.

([d]) Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði með a.m.k. eitt dýr með jákvæða svörun á tímabilinu, óháð því hversu oft eftirlit hefur verið haft með viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði.

([e]) Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem á fyrra skýrslutímabili töldust ýmist til I. flokks, II. flokks, III. flokks eða IV. flokks í samræmi við A-hluta III. viðauka tilskipunar 2006/88/EB að því er varðar heilbrigðisástand, en þar sem a.m.k. eitt dýr hefur greinst með jákvæða svörun gagnvart sjúkdómnum sem um er að ræða á þessu tiltekna viðmiðunartímabili.

IV. VIÐAUKI

FYRIRMYND VEGNA FRAMLAGNINGAR UMSÓKNA OG YFIRLÝSINGA UM SJÚKDÓMALAUSA STÖÐU

Nauðsynlegar kröfur/upplýsingar	Upplýsingar/nánari útskýringar og rökstuðningur
1. **Auðkenning áætlunarinnar**	
1.1. Aðildarríki sem leggur fram yfirlýsinguna	
1.2. Lögbært yfirvald (heimilisfang, bréfsími, tölvupóstfang)	
1.3. Tilvísunarnúmer þessa skjals	
1.4. Sendingardagur til framkvæmdastjórnarinnar	
2. **Tegund orðsendingar**	
2.1. □ Yfirlýsing um sjúkdómalausa stöðu	
2.2. □ Framlagning umsóknar um sjúkdómalausa stöðu	
3. **Landslöggjöf** ([1])	
4. **Sjúkdómar**	
4.1. Fiskur	□ VHS-veiki □ IHN-veiki □ ISA-veiki □ KHV-veiki
4.2. Lindýr	□ Sýking af völdum *Marteilia refringens* □ Sýking af völdum *Bonamia ostreae*
4.3. Krabbadýr	□ Hvítblettaveiki
5. **Grundvöllur fyrir veitingu sjúkdómalausrar stöðu**	
5.1. □ Engar smitnæmar tegundir ([2])	
5.2. □ Sjúkdómsvaldur er ekki lífvænlegur ([3])	
5.3. □ Hefðbundin staða sem sjúkdómalaust svæði ([4])	
5.4. □ Markvisst eftirlit ([5])	

6. **Almennar upplýsingar**	
6.1. Lögbært yfirvald ([6])	
6.2. Skipulag, eftirlit með öllum hagsmunaaðilum sem koma að áætluninni í þeim tilgangi að öðlast sjúkdómalausa stöðu ([7])	
6.3. Yfirlit yfir skipan lagareldisiðnaðarins á viðkomandi svæði (sjúkdómalausa aðildarríkinu, svæðinu eða hólfinu), þ.m.t. tegundir framleiðslu og tegundir dýra sem eru haldin þar.	
6.4. Síðan hvenær hefur verið skyldubundið að senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds um grun eða staðfestingu á uppkomu viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma (dagsetning)?	
6.5. Síðan hvenær hefur snemmgreiningarkerfi, sem gerir lögbæru yfirvaldi kleift að rannsaka sjúkdóma á skilvirkan hátt og tilkynna um þá, verið fyrir hendi í öllu aðildarríkinu (dagsetning)? ([8])	
6.6. Uppruni lagareldisdýra af tegundum, sem eru næmar fyrir viðkomandi sjúkdómi, sem koma inn í aðildarríkið, svæðið eða hólfið til eldis.	
6.7. Leiðbeiningar um góðar hollustustarfsvenjur ([9])	
7. **Svæði sem áætlunin tekur til**	
7.1. □ Aðildarríki	
7.2. □ Svæði (vatnasvið í heild sinni) ([10])	
7.3. □ Svæði (hluti af vatnasviði) ([11])	
Tilgreinið náttúrulegu eða tilbúnu hindrunina sem afmarkar svæðið, lýsið henni og færið rök fyrir því að hún geti komið í veg fyrir að lagardýr gangi upp frá neðri hlutum vatnasviðsins	
7.4. □ Svæði (fleiri en eitt vatnasvið) (12)	

7.5. □ Hólf sem er óháð heilbrigðisástandi á svæðum umhverfis það ([13])

Tilgreinið vatnsveitu til hverrar eldisstöðvar og lýsið henni ([14])	□ Brunnur, borhola eða uppspretta □ Vatnshreinsunarstöð sem gerir viðkomandi sjúkdómsvalda óvirka ([15])	
Tilgreinið náttúrulegar eða tilbúnar hindranir fyrir hverja eldisstöð, lýsið þeim og færið rök fyrir því að þær geti komið í veg fyrir að lagardýr komist inn í eldisstöð í tilteknu hólfi úr vatnsföllunum í kring		
Tilgreinið og lýsið því hvernig hver eldisstöð er varin gegn því að vatn flæði eða síist inn í eldisstöðina frá vatnsföllunum umhverfis það.		

7.6.	□ Hólf sem er háð heilbrigðisástandi á svæðum umhverfis það ([16])	
	□ Ein faraldsfræðileg eining vegna landfræðilegrar staðsetningar og fjarlægðar frá öðrum eldisstöðvum/eldissvæðum ([17])	
	□ Allar eldisstöðvar innan hólfsins eru með sameiginlegt líföryggiskerfi ([18])	
	□ Allar viðbótarkröfur ([19])	

8. **Landfræðileg afmörkun** ([20])

8.1.	Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem falla undir áætlunina (skráningarnúmer og landfræðileg staðsetning)		
8.2.	□ Sóttvarnabelti sem ekki er sjúkdómalaust ([21])	Landfræðileg afmörkun ([19])	
		Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem falla undir áætlunina (skráningarnúmer, landfræðileg staðsetning og heilbrigðisástand) ([22])	
		Tilhögun heilbrigðiseftirlits	
8.3.	□ Svæði eða hólf sem eru ekki sjúkdómalaus ([23])	Landfræðileg afmörkun ([19])	
		Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem falla undir áætlunina (skráningarnúmer, landfræðileg staðsetning og heilbrigðisástand) ([15])	
8.4.	□ Útþensla sjúkdómalauss svæðis til annarra aðildarríkja (24)	Landfræðileg afmörkun ([19])	
8.5.	□ Sjúkdómalaus svæði/hólf sem fyrir eru í nágrenninu	Landfræðileg afmörkun ([19])	
		Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem falla undir áætlunina (skráningarnúmer og landfræðileg staðsetning)	

9. □ **Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem hefja eða taka aftur upp starfsemi** ([25])

9.1.	□ Ný eldisstöð		
9.2.	□ Eldisstöð sem tekur aftur upp starfsemi	□ Heilbrigðissaga eldisstöðvar sem lögbæru yfirvaldi er kunnugt um	
		□ Fellur ekki undir ráðstafanir vegna heilbrigðis dýra að því er varðar skráða sjúkdóma	
		□ Eldisstöð hefur verið hreinsuð, sótthreinsuð og, eftir því sem þörf krefur, sett í hvíld	

([1]) Gildandi landslöggjöf sem á við um yfirlýsinguna og umsóknina um sjúkdómalausa stöðu.
([2]) Gildir ef engin þeirra tegunda, sem eru næmar fyrir umræddum sjúkdómi eða sjúkdómum, finnst í aðildarríkinu, á svæðinu eða í hólfinu eða, ef við á, í vatnslindum þess.
([3]) Gildir ef vitað er að sjúkdómsvaldurinn getur ekki lifað í aðildarríkinu, á svæðinu eða í hólfinu eða, ef við á, í vatnslindum þess. Veita skal vísindalegar upplýsingar sem sýna að sjúkdómsvaldurinn geti ekki lifað í viðkomandi aðildarríki, svæði eða hólfi.
([4]) Gildir ef smitnæmar tegundir eru til staðar, en ekki hefur greinst neitt sjúkdómstilfelli í a.m.k. 10 ár fyrir dagsetningu yfirlýsingar eða umsóknar um sjúkdómalausa stöðu, þrátt fyrir að skilyrði séu þannig að klínísk einkenni sjúkdómsins geta komið fram, ef svæðið uppfyllir, að breyttu breytanda, kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. lið I. hluta V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB. Lýsa skal yfir þessum grundvelli fyrir sjúkdómalausri stöðu eða sækja um hann fyrir 1. nóvember 2008. Veita skal ítarlegar upplýsingar um að farið sé að ákvæðum 1. liðar I. hluta V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.
([5]) Gildir ef markvissu eftirliti hefur verið beitt í a.m.k. tvö ár, í samræmi við kröfur Bandalagsins, án þess að sjúkdómsvaldurinn hafi greinst í eldisstöð eða á lindýraeldissvæðum þar sem smitnæmar tegundir eru í eldi.
Ef í aðildarríkinu, á svæðinu eða í hólfinu eru svæði þar sem fjöldi eldisstöðva eða lindýraeldissvæða er takmarkaður en þar sem er að finna villta stofna af smitnæmum tegundum skal veita upplýsingar um markvissa eftirlitið með þessum villtu stofnum.
Lýsið greiningaraðferðum og sýnatökukerfum. Sé notast við staðla Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar eða ESB skal vísa til þeirra. Að öðrum kosti skal lýsa stöðlunum. Tilgreinið þær rannsóknarstofur sem koma að áætluninni (landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa eða tilnefndar rannsóknarstofur).
([6]) Veita skal lýsingu á skipulagi, hæfni, skyldum og valdheimildum lögbæra yfirvaldsins sem á í hlut.
([7]) Veita skal lýsingu á lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á eftirliti með og samræmingu á áætluninni og þeim ólíku stjórnendum sem eiga í hlut.
([8]) Snemmgreiningarkerfunum er einkum ætlað að sjá til þess, að hröð greining fari fram á öllum klínískum einkennum sem renna stoðum undir grun um sjúkdóm, nýtilkominn sjúkdóm eða óútskýrð afföll í eldisstöðvum eða á lindýraeldissvæðum og í náttúrunni, og að lögbæru yfirvaldi verði tilkynnt fljótt um atburðinn með það að markmiði að hafnar verði greiningartengdar rannsóknir sem allra fyrst. Snemmgreiningarkerfi skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:
a) að starfsfólk, sem starfar í lagareldisfyrirtækjum eða kemur að vinnslu lagareldisdýra, sé almennt meðvitað um öll einkenni sem renna stoðum undir að um sjúkdóm sé að ræða, og þjálfun dýralækna og sérfræðinga í heilbrigði lagardýra í að þekkja og tilkynna um óvenjuleg sjúkdómstilvik,
b) að dýralæknar eða sérfræðingar í heilbrigði lagardýra eru þjálfaðir í að þekkja og tilkynna um grunsamleg sjúkdómstilvik,
c) að lögbært yfirvald hafi aðgang að rannsóknarstofum sem eru með aðstöðu til þess að greina skráða og nýtilkomna sjúkdóma og gera greinarmun á þeim.
([9]) Veita skal lýsingu í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2006/88/EB.
([10]) Vatnasvið í heild sinni frá upptökum að árósum.
([11]) Hluti vatnasviðs frá upptökum að náttúrulegri eða tilbúinni hindrun sem kemur í veg fyrir að lagardýr gangi upp frá neðri hlutum vatnasviðsins.
([12]) Fleiri en eitt vatnasvið, þ.m.t. árósar þeirra, vegna faraldsfræðilegra tengsla milli vatnasviðanna um árósana.
([13]) Hólf sem ná yfir eina eða fleiri eldisstöðvar eða lindýraræktunarsvæði þar sem heilbrigðisástand að því er varðar tiltekinn sjúkdóm er óháð heilbrigðisástandi náttúrulegs vatns umhverfis þau að því er varðar þennan umrædda sjúkdóm.
([14]) Hólfi, sem er óháð heilbrigðisástandi vatns umhverfis það, skal séð fyrir vatni:
a) frá vatnshreinsunarstöð, sem gerir viðkomandi sjúkdómsvalda óvirka, til þess að draga svo úr hættu á að sjúkdómurinn berist þangað að viðunandi teljist, eða
b) beint úr brunni, borholu eða uppsprettu. Ef vatnslind af því tagi er staðsett fyrir utan athafnasvæði eldisstöðvarinnar skal vatninu veitt beint til eldisstöðvarinnar eftir pípulögn.
([15]) Veita skal tæknilegar upplýsingar til að sýna fram á að viðkomandi sjúkdómsvaldar séu gerðir óvirkir, til þess að draga svo úr hættu á að sjúkdómurinn berist þangað að viðunandi teljist.
([16]) Hólf sem ná yfir eina eða fleiri eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði þar sem heilbrigðisástand að því er varðar tiltekinn sjúkdóm er háð heilbrigðisástandi náttúrulegs vatns umhverfis þau að því er varðar þennan umrædda sjúkdóm.
([17]) Veita skal lýsingu á landfræðilegri staðsetningu og á fjarlægðinni frá öðrum eldisstöðvum/eldissvæðum sem gerir kleift að líta á hólfið sem eina faraldsfræðilega einingu.
([18]) Veita skal lýsingu á sameiginlega líföryggiskerfinu.
([19]) Hver eldisstöð eða lindýraeldissvæði í hólfi, sem er háð heilbrigðisástandi vatna umhverfis það, skal lúta viðbótarráðstöfunum sem lögbær yfirvöld grípa til þegar þess gerist þörf til að koma í veg fyrir að sjúkdómar berist þangað. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér að koma upp sóttvarnabelti umhverfis hólfið þar sem vöktunaráætlun er sinnt og að grípa til enn frekari varna gegn innrás hugsanlegra smitbera eða smitferja.
([20]) Landfræðilegu afmörkuninni skal lýst með skýrum hætti og hún tilgreind á korti, sem verður að fylgja með yfirlýsingunni/umsókninni sem viðauki. Gera verður nýja umsókn vegna allra verulegra breytinga á landfræðilegri afmörkun svæðisins eða hólfsins sem lýsa á laust við sjúkdóma.
([21]) Í tengslum við svæði eða hólf, sem er háð heilbrigðisástandi vatna umhverfis það, skal koma upp sóttvarnabelti þar sem vöktunaráætlun er sinnt, eftir því sem við á. Afmörkun sóttvarnarbeltanna skal vera slík að þau verndi sjúkdómalausa svæðið frá því að sjúkdómurinn berist þangað með óbeinum hætti. (Liður 1.5 í II. hluta V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB).
([22]) Heilbrigðisástand í samræmi við A-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.
([23]) Á við í tengslum við yfirlýsingar um að aðildarríki séu sjúkdómalaus, þegar minni háttar svæði innan viðkomandi aðildarríkis eru ekki talin sjúkdómalaus.
([24]) Ef svæði nær til fleiri en eins aðildarríkis má ekki lýsa það sem sjúkdómalaust svæði nema skilyrðin, sem sett eru fram í liðum 1.3., 1.4. og 1.5. í II. hluta V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB, eigi við um allt svæðið. Í því tilviki skulu viðkomandi aðildarríki sækja um samþykki fyrir þann hluta svæðisins sem er á yfirráðasvæði þeirra.
([25]) Í samræmi við 4. lið II. hluta V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

V. VIÐAUKI

FYRIRMYND VEGNA UPPLÝSINGA SEM LEGGJA SKAL FRAM Í TENGSLUM VIÐ FRAMLAGNINGU UMSÓKNA OG YFIRLÝSINGA UM SJÚKDÓMALAUSA STÖÐU (EIN TAFLA FYRIR HVERT FRAMKVÆMDARÁR)

1. **Gögn varðandi dýr sem prófuð eru**

Aðildarríki, svæði eða hólf ([a])

Sjúkdómur: ..... Ár: .....

Eldisstöð eða lindýraeldissvæði ([b])	Fjöldi sýnataka	Fjöldi klínískra skoðana	Hitastig vatns við sýnatöku/skoðun	Tegundir við sýnatöku	Tegundir sem sýni eru tekin úr	Fjöldi dýra sem sýni eru tekin úr (samtals og eftir tegundum)	Fjöldi prófana	Jákvæðar niðurstöður úr athugunum á rannsóknarstofum	Jákvæðar niðurstöður úr klínískum skoðunum
					Samtals			Samtals	

(a) Aðildarríki, svæði eða hólf eins og það er skilgreint í 7. lið IV. viðauka.

(b) Ef fjöldi eldisstöðva/lindýraeldissvæða er takmarkaður eða ef engar eldisstöðvar/lindýraeldissvæði eru til staðar í hluta aðildarríkis, svæðis eða hólfs sem umsóknin eða yfirlýsingin gildir um, eða því öllu, og sýnataka er þar af leiðandi framkvæmd á villtum stofnum, skal tilgreina þá landfræðilegu staðsetningu þar sem sýnatakan fer fram.

2. **Gögn um eldisstöðvar eða eldissvæði sem prófuð eru**

Sjúkdómur: ..... Ár: .....

Aðildarríki, svæði eða hólf ([a])	Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða ([b])	Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldissvæða sem falla undir áætlunina	Fjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða sem eftirlit hefur verið haft með ([c])	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða ([d])	Fjöldi nýrra eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða með jákvæða svörun ([e])	Fjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða þar sem beita þurfti niðurskurði	Eldisstöðvar eða lindýraeldis-svæðai með jákvæða svörun þar sem beita þurfti niðurskurði (%)	Dýr sem voru fjarlægð og fargað ([f])	Markmiðsvísar (e. target indicators)		
									Umfang eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða (%)	Hlutfall eldis-stöðva eða lin-dýraeldissvæða með jákvæða svörun (%) Algengi á eldis-stöðvum eða lindýraeldis-svæðum eftir tímabili	Fjöldi nýrra eldisstöðva eða lindýra-eldissvæða með jákvæða svörun (%). Tíðni á eldis-stöðvum eða lindýraeldis-svæðum
1	2	3	4	5	6	7	8 = (7/5) × 100	9	10 = (4/3) × 100	11 = (5/4) × 100	12 = (6/4) × 100
Samtals											

([a]) Aðildarríki, svæði eða hólf eins og það er skilgreint í 7. lið IV. viðauka.

([b]) Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldissvæða sem eru til staðar í viðkomandi aðildarríki, svæði eða hólfi eins og það er skilgreint í 7. lið IV. viðauka.

([c]) Að hafa eftirlit með merkir að framkvæma prófun á eldisstöð/lindýraeldissvæði samkvæmt áætluninni um að öðlast sjúkdómalausa stöðu að því er varðar viðkomandi sjúkdóm, í því augnamiði að uppfæra heilbrigðisástand eldisstöðvarinnar/lindýraeldissvæðisins. Ekki má telja eldisstöð/lindýraeldissvæði tvisvar í þessum dálki, jafnvel þótt haft hafi verið eftirlit með stöðinni eða svæðinu oftar en einu sinni.

([d]) Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði með a.m.k. eitt dýr með jákvæða svörun á tímabilinu, óháð því hversu oft eftirlit hefur verið haft með viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði.

([e]) Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem á fyrra skýrslutímabili töldust ýmist til I. flokks, II. flokks, III. flokks eða IV. flokks í samræmi við A-hluta III. viðauka tilskipunar 2006/88/EB að því er varðar heilbrigðisástand, en þar sem a.m.k. eitt dýr hefur greinst með jákvæða svörun gagnvart sjúkdómnum sem um er að ræða á þessu tiltekna viðmiðunartímabili.Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem höfðu ekki greinst með jákvæða svörun gagnvart viðkomandi sjúkdómi á tímabilinu á undan og þar sem greinst hefur a.m.k. eitt dýr með jákvæða svörun á þessu tímabili, ef um er að ræða áætlanir sem lagðar voru fram fyrir 1. ágúst 2008.

([f]) Dýr × 1000 eða heildarþyngd dýra sem hafa verið fjarlægð og fargað.

VI. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ SKÝRSLU

1. **Skýrsla varðandi prófanir á dýrum**

Aðildarríki, svæði eða hólf ([a])

Sjúkdómur: ..... Ár: .....

Eldisstöð eða lindýraeldissvæði ([b])	Fjöldi sýnataka	Fjöldi klínískra skoðana	Hitastig vatns við sýnatöku/skoðun	Tegundir við sýnatöku	Tegundir sem sýni eru tekin úr	Fjöldi dýra sem sýni eru tekin úr (samtals og eftir tegundum)	Fjöldi prófana	Jákvæðar niðurstöður úr athugunum á rannsóknarstofum	Jákvæðar niðurstöður úr klínískum skoðunum
					Samtals			Samtals	

([a]) Aðildarríki, svæði eða hólf eins og það er skilgreint í 6. lið II. viðauka.

([b]) Ef fjöldi eldisstöðva/eldissvæða er takmarkaður eða ef engar eldisstöðvar/eldissvæði eru til staðar í hluta aðildarríkis, svæðis eða hólfs sem umsóknin gildir um, eða því öllu, og sýnataka er þar af leiðandi framkvæmd á villtum stofnum, skal tilgreina þá landfræðilegu staðsetningu þar sem sýnatakan fer fram.

2. **Skýrsla um eldisstöðvar eða eldissvæði sem prófuð eru**

Sjúkdómur:..... Ár: .....

Aðildarríki, svæði eða hólf ([a])	Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða ([b])	Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða sem falla undir áætlunina	Fjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða sem eftirlit hefur verið haft með ([c])	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða ([d])	Fjöldi nýrra eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða með jákvæða svörun ([e])	Fjöldi eldisstöðva eða lindýraeldis-svæða þar sem beita þurfti niðurskurði	Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði með jákvæða svörun þar sem beita þurfti niðurskurði (%)	Dýr sem voru fjarlægð og fargað ([f])	Markmiðsvísar (e. target indicators)		
									Umfang eldisstöðva eða svæða (%)	Hlutfall eldisstöðva eða lindýraeldissvæða með jákvæða svörun (%). Algengi á eldis-stöðvum eða lindýraeldis-svæðum eftir tímabili	Fjöldi nýrra eldisstöðva eða lindýraeldissvæða með jákvæða svörun (%). Tíðni á eldisstöðvum eða lindýraeldis-svæðum
1	2	3	4	5	6	7	8 = (7/5) × 100	9	10 = (4/3) × 100	11 = (5/4) × 100	12 = (6/4) × 100
Samtals											

([a]) Aðildarríki, svæði eða hólf eins og það er skilgreint í 6. lið II. viðauka.

([b]) Heildarfjöldi eldisstöðva eða lindýraeldissvæða sem eru til staðar í viðkomandi aðildarríki, svæði eða hólfi eins og það er skilgreint í 6. lið II. viðauka.

([c]) Að hafa eftirlit með merkir að framkvæma prófun á eldisstöð/lindýraeldissvæði samkvæmt áætluninni að því er varðar viðkomandi sjúkdóm, í því augnamiði að uppfæra heilbrigðisástand eldisstöðvarinnar/lindýraeldissvæðisins. Ekki má telja eldisstöð/lindýraeldissvæði tvisvar í þessum dálki, jafnvel þótt haft hafi verið eftirlit með stöðinni eða svæðinu oftar en einu sinni.

([d]) Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði með a.m.k. eitt dýr með jákvæða svörun á tímabilinu, óháð því hversu oft eftirlit hefur verið haft með viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði.

([e]) Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem á fyrra skýrslutímabili töldust ýmist til I. flokks, II. flokks, III. flokks eða IV. flokks í samræmi við A-hluta III. viðauka tilskipunar 2006/88/EB að því er varðar heilbrigðisástand, en þar sem a.mk. eitt dýr hefur greinst með jákvæða svörun gagnvart sjúkdómnum sem um er að ræða á þessu tiltekna viðmiðunartímabili.Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem höfðu ekki greinst með jákvæða svörun gagnvart viðkomandi sjúkdómi á tímabilinu á undan og þar sem greinst hefur a.m.k. eitt dýr með jákvæða svörun á þessu tímabili, ef um er að ræða áætlanir sem lagðar voru fram fyrir 1. ágúst 2008.

([f]) Dýr × 1000 eða heildarþyngd dýra sem hafa verið fjarlægð og fargað.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1322/2007 **2015/EES/74/04**

frá 12. nóvember 2007

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar viðeigandi snið til sendinga, niðurstöður sem á að senda og gæðamælingarviðmið fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd og viðhengi um lífeyrisþega (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 frá 25. apríl 2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) ([1]), einkum 1.–2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 458/2007 er komið á samræmdri aðferðafræði sem nota á við samantekt hagskýrslna á sambærilegum grunni til hagræðis fyrir Bandalagið og tímamörk fyrir sendingu og miðlun hagskýrslna sem teknar eru saman í samræmi við evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagsvernd.

2) Breyta ætti, skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 458/2007, framkvæmdarráðstöfunum sem varða snið gagnaskila, niðurstöðum sem senda skal og gæðamælingarviðmiðunum fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagsvernd (ESSPROS) og viðhengi um lífeyrisþega.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarráðstafanirnar, sem krafist er skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 458/2007, að því er varðar grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagsvernd (fyrir megindleg gögn og eigindlegar upplýsingar eftir félagsverndarkerfum og sundurliðaðar bætur) og að því er varðar viðhengi um lífeyrisþega, skulu vera eins og mælt er fyrir um í I. og II. viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 10.7.2008, bls. 25.

([1]) Stjtíð. ESB L 113, 30.4.2007, bls. 3.

I. VIÐAUKI

VIÐEIGANDI SNIÐ TIL SENDINGA OG NIÐURSTÖÐUR SEM Á AÐ SENDA

1. VIÐEIGANDI SNIÐ TIL SENDINGA OG NIÐURSTÖÐUR SEM Á AÐ SENDA Í TENGSLUM VIÐ GRUNNKERFI EVRÓPSKS KERFIS SAMÞÆTTRA HAGSKÝRSLNA UM FÉLAGSVERND

1.1. **Skrá yfir félagsverndarkerfi**

Eftirfarandi upplýsingar verður að leggja fram í staðlaðri töflu:

1) raðnúmer til að auðkenna hvert kerfi,

2) heiti hvers kerfis,

3) skammstöfun á heitinu (valkvætt),

4) flokkun kerfanna sem byggist á viðmiðunum fimm sem sett eru fram í ESSPROS-handbókinni sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samdi í samvinnu við aðildarríkin.

1.2. **Megindleg gögn**

ESSPROS-spurningalistinn um megindleg gögn tekur til greiðenda, útgjalda og sundurliðaðra bóta.

1.2.1. *Skipulagning gagna*

Gögnin verða að vísa til einhvers þeirra almanaksára sem senda á upplýsingar um (í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS)).

Staðlaða taflan fyrir árleg gögn er sett upp á eftirfarandi hátt:

– línurnar samsvara sundurliðaðri flokkun á greiðendum, útgjöldum og bótum,

– dálkarnir samsvara félagsverndarkerfunum sem skráð eru í töflunni „skrá yfir félagsverndarkerfi“ (einn dálkur fyrir hvert kerfi og einn dálkur fyrir samtölu allra kerfa),

– ef bæta á við nýju kerfi skal það gert með því að bæta nýjum dálki við töfluna.

1.2.2. *Gögn sem á að senda*

Leggja verður fram gögn í gjaldmiðli hvers ríkis fyrir hvert ár á stigi grunnliðarins; leggja verður fram mjög ítarleg gögn fyrir hvert félagsverndarkerfi um sig (heildarniðurstöðurnar reiknast sjálfkrafa með formúlum).

1.2.3. *Uppsláttarhandbók*

Mælt er fyrir um þá sundurliðuðu flokkun sem nota skal við framlagningu gagna í 1. viðbæti við ESSPROS-handbókina sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samdi í samvinnu við aðildarríkin.

1.3. **Eigindlegar upplýsingar eftir félagsverndarkerfum og sundurliðuðum bótum**

ESSPROS-spurningalistinn fyrir eigindlegar upplýsingar tekur til þeirra sviða sem eru tilgreind í 2. viðbæti við ESSPROS-handbókina sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samdi í samvinnu við aðildarríkin.

1.3.1. *Skipulagning gagna*

Gögnin verða að vísa til einhvers þeirra almanaksára sem senda á upplýsingar um (í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS)).

Um er að ræða eftirfarandi upplýsingar:

– upplýsingar sem skipta máli fyrir öll félagsverndarkerfi sem starfa í landinu,

– sértækar upplýsingar fyrir hvert félagsverndarkerfi.

1.3.2. *Upplýsingar sem á að senda*

Aðildarríkin verða að leggja fram eða uppfæra eigindlegar upplýsingar um hvert félagsverndarkerfi og um allar sundurliðaðar bætur.

1.3.3. *Uppsláttarhandbók*

Mælt er fyrir um þær ítarlegu upplýsingar sem á að senda í 2. viðbæti við ESSPROS-handbókina sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samdi í samvinnu við aðildarríkin.

2. VIÐEIGANDI SNIÐ TIL SENDINGA OG NIÐURSTÖÐUR SEM Á AÐ SENDA FYRIR VIÐHENGI UM LÍFEYRISÞEGA

ESSPROS-spurningalistinn um lífeyrisþega er stöðluð tafla.

2.1. **Skipulag gagna**

Gögnin verða að vísa til einhvers þeirra almanaksára sem senda á upplýsingar um (í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS)).

Staðlaða taflan fyrir árleg gögn er sett upp á eftirfarandi hátt:

– Línurnar samsvara flokkum lífeyrisþega sem byggjast á flokkuninni í 3. viðbæti við ESSPROS-handbókina sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samdi í samvinnu við aðildarríkin,

– dálkarnir samsvara félagsverndarkerfum sem hafa a.m.k. einn flokk lífeyrisþega.

2.2. **Gögn sem á að senda**

Leggja verður fram gögn um lífeyrisþega fyrir hvert ár.

Spurningalisti

Spurningalistinn er tafla sem aðeins á að fylla út að því er varðar bætur sem fela í sér útgjöld í hlutaðeigandi landi. Ef nýtt kerfi er sett á laggirnar má bæta því við og halda sama sniðinu. Sérstakt gagnasöfnunarblað er fyrir hvert land og/eða ár.

Viðmiðunardagsetning

Söfnun stöðutalna fyrir ár N vísar til fjölda lífeyrisþega við lok almanaksársins.

Gögn um kyn

Gögn um lífeyrisþega skulu sundurliðuð eftir kyni. Þessi gögn eru aðeins skyldubundin fyrir niðurstöðutölu allra félagsverndarkerfa.

II. VIÐAUKI

GÆÐAMÆLINGARVIÐMIÐ

1. GÆÐAMÆLINGARVIÐMIÐ FYRIR GRUNNKERFI EVRÓPSKS KERFIS SAMÞÆTTRA HAGSKÝRSLNA UM FÉLAGSVERND

1.1. **Nákvæmni og áreiðanleiki**

1.1.1. *Að því er varðar megindleg gögn*

1.1.1.1. Umfang gagnalinda

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingar um:

– tegundir heimilda sem eru notaðar: skrár eða aðrar stjórnsýsluheimildir, kannanir, mat, o.s.frv.,

– skýrslur um vandamál (þ.m.t. tafir) sem leiða til mats á gögnum,

– kerfin sem mismunandi gerðir heimilda taka til,

– ef við á, bæturnar sem mismunandi tegundir heimilda (ef víxlheimildir eru notaðar, t.d. kannanir á launakostnaði) varða.

1.1.1.2. Aðferðafræði og forsendur sem eru notaðar við matið

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingar um:

– mat vegna félagsverndarkerfa sem engin gögn eru tiltæk um,

– mat vegna tekna, útgjalda og sundurliðaðra bóta sem vantar:

a) ef gögn vantar alveg,

b) ef sundurliðun fyrir eina tegund bóta eða hóp bóta vantar (t.d. sundurliðun einnar tegundar bóta í tekjutengdar bætur og ótekjutengdar bætur eða sundurliðun bóta í reiðufé fyrir tiltekið verksvið í nokkrar sundurliðaðar tegundir bóta).

1.1.1.3. Endurskoðun hagtalna

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingar um:

– breytingar á gagnalindum sem notaðar eru,

– breytingar á aðferðum sem notaðar eru til að meta gögn,

– endurskoðun gagna vegna leiðréttinga með viðurkenndum aðferðum (t.d. breytinga á þjóðhagsreikningum),

– endurskoðun gagna vegna tiltækileika lokahagskýrslna,

– endurskoðun gagna vegna gæðaeftirlits.

1.1.2. *Að því er varðar eigindlegar upplýsingar*

Á ekki við.

1.2. **Samanburðarhæfi**

1.2.1. *Að því er varðar megindleg gögn*

Landfræðilegt samanburðarhæfi

Til að gera Hagstofa Evrópusambandsins kleift að meta samanburðarhæfi milli landa verða aðildarríkin að leggja fram upplýsingar um:

– umfangið með tilliti til félagsverndarkerfa,

– umfangið með tilliti til greiðenda, útgjalda og sundurliðaðra bóta,

– tilvik, í formi tæmandi skrár, þar sem ESSPROS-aðferðafræðinni er ekki beitt.

1.2.2. *Að því er varðar eigindlegar upplýsingar*

Á ekki við.

2. GÆÐAMÆLINGARVIÐMIÐ FYRIR VIÐHENGI UM LÍFEYRISÞEGA

2.1. **Nákvæmni og áreiðanleiki**

2.1.1. *Umfang gagnalinda*

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingar um:

– tegundir heimilda sem eru notaðar: skrár eða aðrar stjórnsýsluheimildir, kannanir, mat, o.s.frv.,

– skýrslur um vandamál (þ.m.t. tafir) sem leiða til mats á gögnum,

– kerfin sem mismunandi gerðir heimilda taka til.

2.1.2. *Aðferðafræði og forsendur sem eru notaðar við meðferð tvítalningar og við mat*

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingar um:

– mat vegna kerfa sem engin gögn eru tiltæk um,

– meðferð tvítalningar:

a) fyrir lífeyrisflokk innan eins félagsverndarkerfis,

b) milli félagsverndarkerfa (lífeyrisflokkur fyrir öll kerfi),

c) milli ótekjutengdra bótaflokka og tekjutengdra bótaflokka,

d) milli samsafnaðra flokka.

2.1.3. *Endurskoðun hagtalna*

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingar um:

– breytingar á gagnalindum sem notaðar eru,

– breytingar á aðferðum sem notaðar eru til að meta gögn,

– endurskoðun gagna vegna tiltækileika lokahagskýrslna,

– endurskoðun gagna vegna gæðaeftirlits.

2.2. **Samanburðarhæfi**

Landfræðilegt samanburðarhæfi

Til að gera Hagstofa Evrópusambandsins kleift að meta samanburðarhæfi milli landa verða aðildarríkin að leggja fram upplýsingar um:

– umfangið með tilliti til félagsverndarkerfa,

– umfangið með tilliti til lífeyrisþega,

– tilvik, í formi tæmandi skrár, þar sem ESSPROS-aðferðafræðinni er ekki beitt.

3. TÍMAÁÆTLUN FYRIR GERÐ GÆÐASKÝRSLNANNA

3.1. **Að því er varðar grunnkerfið**

Gæðaskýrslurnar um grunnkerfið eru árlegar. Senda skal Hagstofu Evrópusambandsins skýrsluna fyrir árið N fyrir lok september á ári N+2. Hagstofa Evrópusambandsins gerir, á þessum grundvelli, samsteypta útgáfu af þessum skýrslum og miðlar henni fyrir lok desember á ári N+2.

3.2. **Að því er varðar viðhengi um lífeyrisþega**

Gæðaskýrslurnar um viðhengi um lífeyrisþega eru árlegar. Senda skal Hagstofu Evrópusambandsins skýrsluna fyrir árið N fyrir lok ágúst á ári N+2. Hagstofa Evrópusambandsins gerir, á þessum grundvelli, samsteypta útgáfu af þessum skýrslum og miðlar henni fyrir lok nóvember á ári N+2.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 192/2009 2015/EES/74/05

frá 11. mars 2009

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar að því er varðar skipti á trúnaðargögnum milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og aðildarríkjanna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 frá 20. febrúar 2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 177/2008 er komið á nýjum sameiginlegum ramma fyrir fyrirtækjaskrár, eingöngu vegna hagskýrslugerðar, til að tryggja þróun fyrirtækjaskráa á samræmdan hátt.

2) Nauðsynlegt er að ákvarða snið, ráðstafanir varðandi öryggi og trúnað og tilhögun við sendingar á slíkum trúnaðargögnum til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og við sendingu gagna um fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður til viðeigandi landsbundins yfirvalds í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 177/2008.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([2]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Snið

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) og viðeigandi landsbundið yfirvald skulu senda gögnin, sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 177/2008, á sniðinu sem sett er fram í A-hluta viðaukans við þessa reglugerð.

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) og viðeigandi landsbundin yfirvöld skulu leggja fram, fyrir hverja afhendingu gagna, nauðsynlegar upplýsingar lýsigagna í rafrænu formi í samræmi við staðla evrópska hagskýrslukerfisins og með því skipulagi sem skilgreint er í nýjustu útgáfu af tilmælum Hagstofu Evrópubandalaganna til fyrirtækjaskráa sem fáanleg eru hjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna).

2. gr.

Trúnaðarráðstafanir

1. Geyma skal gögn, sem viðeigandi landsbundin yfirvöld senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) eða framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) tekur við eftir öðrum leiðum, í skrá Bandalagsins yfir fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður og einstaka hluta þess (hér á eftir nefnd „skrá evruhópsins“).

2. Viðeigandi landsbundin yfirvöld skulu, þegar þau senda gögn til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 177/2008, kennimerkja gögn sem falla undir þagnarskyldu í samræmi við landsbundna löggjöf.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, í því skyni að tryggja samræmi í skráningu gagna og eingöngu vegna hagskýrslugerðar, senda viðkomandi landsbundnum yfirvöldum annarra aðildarríkja en skýrslugjafarlandsins skráningaratriðin sem tilgreind eru í B-hluta viðaukans, þ.m.t. trúnaðarmerki, varðandi fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður og einstaka hluta þeirra, þegar a.m.k. ein eining samstæðunnar er staðsett á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

3. gr.

Öryggisráðstafanir

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) og viðkomandi landsbundin yfirvöld skulu geyma gögnin sem landsbundnu yfirvöldin hafa merkt sem trúnaðarmál, í samræmi við 2. mgr. 2. gr., á öryggissvæði með takmörkuðum og stýrðum aðgangi. Viðkomandi landsbundin yfirvöld skulu, samkvæmt beiðni, senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) upplýsingar um öryggisráðstafanirnar sem gilda í hlutaðeigandi aðildarríki. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal senda þessar upplýsingar áfram til hinna aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal með sama hætti senda landsbundnu yfirvöldunum upplýsingar um öryggisráðstafanir hennar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2009, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 19.11.2009, bls. 15.

([1]) Stjtíð. ESB L 61, 5.3.2008, bls. 6.

([2]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

Gagnasending skal fara fram á dulkóðaðan hátt með öruggum miðli sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) notar fyrir skipti á trúnaðargögnum.

4. gr.

Tilhögun sendinga

1. Skipta skal á gögnum og lýsigögnum, sem send eru samkvæmt þessari reglugerð, á rafrænu eyðublaði milli viðkomandi landsbundinna yfirvalda og framkvæmdastjórninnar (Hagstofu Evrópubandalaganna). Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi skiptistaðla sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skilgreinir. Senda skal gögn á rafrænan hátt og þeim upphalað til sameiginlegs komustaðar fyrir gögn sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) rekur.

2. Aðildarríki skulu taka í notkun skiptistaðlana og viðmiðunarreglurnar sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) leggur fyrir samkvæmt kröfum þessarar reglugerðar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

A. SKIPULAG OG SNIÐ FYRIR SENDINGU GAGNA

1. Inngangur

Stöðlun á skipan gagnaskráa er grundvallaratriði í skilvirkri gagnavinnslu. Nauðsynlegt skref í því er að leggja fram gögn sem samræmast skiptastöðlum sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) tilgreinir.

Gögn eru send sem færslusafn (gagnasafn).

Senda verður trúnaðargögn með raungildi skráðu í gagnareitinn og kennimerki sem sýnir að gögnin eru bundin þagnarskyldu í samræmi við 2. mgr. 2. gr.

Gefa skal upp peningamálagögn í þúsundum í gjaldmiðilseiningu hvers ríkis (í evrum fyrir lönd á evrusvæðinu). Lönd, sem gerast aðilar að evrusvæðinu, skulu gera grein fyrir peningamálagögnum í evrum í stað eigin gjaldmiðils frá því ári þegar evran er tekin upp.

2. Kennimerki gagnasafns

Auðkenna skal öll gagnasöfn sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) og landsbundin yfirvöld senda með því að nota nafnagiftir sem tilgreindar eru í þeim nákvæmu gögnum og viðmiðunarreglum sem varðar skiptistaðla sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) gerir tiltæka.

3. Gagnasöfn, uppbygging og skilgreining gagnareita

Þáttur þessi kemur fram með efni gagnasafna sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) og landsbundin yfirvöld skulu senda. Tækniheiti, uppbygging, gagnareitir, kóðar og eigindir gagnasafna sem notuð eru skulu fylgja í nýjustu útgáfu tilmæla Hagstofu Evrópubandalaganna til fyrirtækjaskráa sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 177/2008.

Gagnavinnsla í skrá evruhópsins er lotubundið ferli sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) hrindir miðlægt af stað. Mannfjöldarammi skal vera tiltækur við lok hverrar lotu fyrir þá sem taka saman hagtölur í aðildarríkjum.

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) sendir viðeigandi landsbundnum hagskýrsluyfirvöldum gagnaskrár við upphaf hverrar lotu með lýsigögnum, t.d. flokkunarkerfi atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE), til að tryggja að sömu lýsigögn sé tiltæk og notuð í öllum löndum.

3.1. *Fyrstu gagnaskipti*

Fyrstu gagnaskiptin fara fram eftir upphaf vinnslu nýrra gagna um lögformlegar einingar sem tekið er við frá einkaaðilum sem veita grunngögn úr skránum. Gögn sem vísa til sömu lögformlegu eininganna eru tengd, ef fleiri en einn veitandi á í hlut. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) sendir landsbundnum hagskýrsluyfirvöldum eftirfarandi gagnasöfn með upplýsingum um niðurstöður tengslaferlisins og upplýsingum um lögformlegar einingar. Innlend hagskýrsluyfirvöld senda sömu gagnasöfnin til baka með leiðréttingum og fullnægjandi upplýsingum, þ.m.t. trúnaðarmerkjum.

Gagnasöfn með niðurstöðum tengslaferlisins	
Innihald	Kenninúmer (1.1) Nafn (1.2a) Virðisaukaskattsnúmer (VSK) eða, ef það er ekki tiltækt, annað stjórnsýslulegt kenninúmer (1.3)

Gagnasöfn með upplýsingum um lögformlegar einingar	
Innihald	Kenninúmer (1.1) Heiti (1.2a) Fullt heimilisfang (þ.m.t. póstnúmer) þar sem sundurliðun er mest (1.2b) *Valkvætt:* Síma- og bréfasímanúmer, tölvupóstfang og upplýsingar sem gera rafræna gagnasöfnun mögulega (1.2c) Virðisaukaskattsnúmer (VSK) eða, ef það er ekki tiltækt, annað stjórnsýslulegt kenninúmer (1.3)

	Stofndagur lögaðila, eða dagsetning opinberrar viðurkenningar sem atvinnurekandi, fyrir einstaklinga (1.4)
	Dagsetning þegar lögformlega einingin hætti að vera hluti af fyrirtæki (eins og auðkennt er í 3.3) (1.5)
	Lagalegt form (1.6)
	Tilvísun í skrána um rekstraraðila innan Bandalagsins, viðskiptamannaskrár eða skrána yfir rekstraraðila utan Bandalagsins (1.7a)
	Valkvætt: Tilvísun í gögn efnahagsreiknings og greiðslujöfnuð eða skrá yfir beina, erlenda fjárfestingu og skrá yfir landbúnað (1.7b)
	Kenninúmer þess landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar (4.1) sem einingin tilheyrir (1.8)

3.2. *Aðlögun gagnagjafa frá mismunandi aðildarríkjum*

Næsta skrefið í gagnavinnslunni er miðlæg aðlögun upplýsinga, sem koma frá mismunandi aðildarríkjum, hjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna). Upplýsingar þessar vísa til stjórnunar og eignarhalds á lögformlegum einingum og til hagskýrslueiningarfyrirtækisins sem aðildarríkin skilgreina og getur verið ein eða fleiri lögformleg eining. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal senda niðurstöður aðlögunar þessarar til landsbundinna hagskýrsluyfirvalda sem senda gagnasöfnin til baka með leiðréttum og fullnægjandi upplýsingum, þ.m.t. trúnaðarmerki.

Gagnasöfn með upplýsingum um stjórn og eignarhald á einingum	
Innihald	Kenninúmer lögformlegra eininga sem eru með aðsetur í landinu og lögformlega einingin stjórnar (1.11a)
	Kenninúmer lögformlegu einingarinnar sem er með aðsetur í landinu og stjórnar lögformlegu einingunni (1.11b)
	Skráningarlönd lögformlegu eininganna sem eru ekki með aðsetur í landinu og lögformlega einingin stjórnar (1.12a)
	Kenninúmer eða nöfn og póstföng lögformlegra eininga sem eru ekki aðsetur í landinu og lögformlega einingin stjórnar (1.12a)
	Skilyrði: Virðisaukaskattsnúmer eininganna sem eru ekki með aðsetur í landinu og lögformlega einingin stjórnar (1.12b)
	Skráningarland lögformlegu einingarinnar sem er ekki með aðsetur í landinu og stjórnar lögformlegu einingunni (1.13a)
	Kenninúmer eða nafn og póstfang lögformlegu einingarinnar sem er ekki með aðsetur í landinu og stjórnar lögformlegu einingunni (1.13a)
	Skilyrði: Virðisaukaskattsnúmer lögformlegu einingarinnar sem er ekki með aðsetur í landinu og stjórnar lögformlegu einingunni (1.13b)
	Skilyrði: Kenninúmer og hlutdeild (%) lögformlegra eininga sem eru með aðsetur í landinu og eru í eigu lögformlegu einingarinnar (1.14a)
	Skilyrði: Kenninúmer og hlutdeild (%) lögformlegra eininga sem eru með aðsetur í landinu og eiga lögformlegu eininguna (1.14b)
	Skilyrði: Skráningarlönd lögformlegu eininganna sem eru ekki með aðsetur í landinu og eru í eigu lögformlegu einingarinnar (1.15)
	Kenninúmer eða nöfn og póstföng og hlutdeild (%) lögformlegu eininganna sem eru ekki með aðsetur í landinu og eru í eigu lögformlegu einingarinnar (1.15)
	Virðisaukaskattsnúmer lögformlegu eininganna sem eru ekki með aðsetur í landinu og eru í eigu lögformlegu einingarinnar (1.15)
	Skilyrði: Skráningarlönd lögformlegu eininganna sem eru ekki með aðsetur í landinu og eiga lögformlegu eininguna (1.16)
	Kenninúmer eða nöfn og póstföng og hlutdeild (%) lögformlegu eininganna sem eru ekki með aðsetur í landinu og eiga lögformlegu eininguna (1.16).
	Virðisaukaskattsnúmer lögformlegu eininganna sem eru ekki með aðsetur í landinu og eiga lögformlegu eininguna (1.16).

Gagnasöfn með upplýsingum um fyrirtæki	
Innihald	Kenninúmer (3.1) Heiti (3.2a) *Valkvætt:* Póstföng, tölvupóstföng og vefföng (3.2b) Kenninúmer þeirra(r) lögformlegu eininga(r) sem fyrirtækið samanstendur af (3.3) Dagsetning upphafs starfseminnar (3.4) Dagsetning þegar starfsemi er hætt (3.5) Kóði meginstarfssviðs á fjögurra tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. NACE) (3.6) *Skilyrði:* Aukastarfsemi, ef einhver er, á fjögurra tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. NACE) (3.7) Fjöldi starfsmanna (3.8) Fjöldi launamanna (3.9a) *Valkvætt:* Fjöldi launamanna í heilum stöðugildum (3.9b) Velta (3.10a og *Valkvætt*: 3.10b) Haggeiri og undirgeiri samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu (3.11) Kenninúmer þess landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar (4.1) sem fyrirtækið tilheyrir (3.12)

3.3. *Samantekt landsbundinna og hnattrænna hluta fyrirtækjasamstæðna*

Næsta stigið er samantekt landsbundinna hluta fyrirtækjasamstæðna og hnattrænna hluta fyrirtækjasamstæðna. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal senda niðurstöður samantektar þessarar til landsbundinna hagskýrsluyfirvalda sem senda gagnasöfnin til baka með leiðréttum og fullnægjandi upplýsingum, þ.m.t. trúnaðarmerki.

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, við lok lotunnar, senda niðurstöður endanlegrar samantektar á landsbundnum og hnattrænum hlutum fyrirtækjasamstæðna til landsbundinna hagskýrsluyfirvalda. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal aðeins senda gögn til annarra landsbundinna hagskýrsluyfirvalda en skýrslugjafarlandsins þegar um er að ræða skráningaratriði sem eru skráð í B-hluta þessa viðauka.

Gagnasöfn með upplýsingum um hnattrænar fyrirtækjasamstæður	
Innihald	Kenninúmer hnattrænu samstæðunnar (4.11) Heiti hnattrænu samstæðunnar (4.11) *Valkvætt:* Skráningarland, póstfang, tölvupóstfang og veffang hnattrænu aðalskrifstofunnar (4.12b) Kenninúmer hnattræna aðalfyrirtækisins, ef aðalfyrirtækið er með aðsetur í landinu (4.13a) Skráningarland hnattræna aðalfyrirtækisins, ef aðalfyrirtækið er ekki með aðsetur í landinu (4.13a) *Valkvætt:* Kenninúmer eða heiti og póstfang aðalfyrirtækisins ef það er ekki með aðsetur í landinu (4.13b) *Valkvætt:* Fjöldi starfsmanna á heimsvísu (4.14) *Valkvætt:* Samanlögð velta á heimsvísu (4.15) *Valkvætt:* Land þar sem miðstöð ákvarðanatöku er staðsett (4.16) *Valkvætt:* Lönd þar sem fyrirtæki eða starfsstöðvar eru staðsettar (4.17)

Gagnasöfn með upplýsingum um landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðna	
Innihald	Kenninúmer landsbundins hluta samstæðunnar (4.1) Heiti hins landsbundna hluta samstæðunnar (4.2a) *Valkvætt:* Póstfang, tölvupóstfang og veffang landsbundnu aðalskrifstofunnar (4.2b) *Skilyrði:* Kenninúmer hins landsbundna hluta aðalfyrirtækisins (4.3) Tegund fyrirtækjasamstæðu (4.4) Dagsetning upphafs hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar (4.5) Dagsetning loka hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar (4.6) Kóði meginstarfssviðs hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar á tveggja tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. NACE) (4.7) *Valkvætt:* Kóði aukastarfsemi landsbundins hluta fyrirtækjasamstæðunnar á tveggja tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. NACE) (4.8) Fjöldi starfsmanna í landsbundnum hluta samstæðunnar (4.9) *Valkvætt:* Samanlögð velta (4.10) Dagsetning sameiningar við landsbundinn hluta samstæðunnar (lögformlegar einingar) (1.9) Dagsetning aðskilnaðar frá landsbundnum hluta samstæðunnar (lögformlegum einingum) (1.10)

B. **SKRÁNINGARATRIÐI SEM SENDA Á SKV. 3. MGR. 2. GR.**

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, einungis vegna hagskýrslugerðar, senda viðkomandi landsbundnum yfirvöldum annarra aðildarríkja en skýrslugjafarlandsins, eftirfarandi skráningaratriði, þ.m.t. trúnaðarmerki, varðandi fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður og einstaka hluta þeirra, þegar a.m.k. ein eining samstæðunnar er staðsett á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

1. LÖGFORMLEG EINING			
SKRÁNINGARATRIÐI AUÐKENNINGAR	1.1.		Kenninúmer
	1.2a.		Heiti
	1.2b.		Fullt heimilisfang (þ.m.t. póstnúmer) þar sem sundurliðun er mest
	1.2c.	Valkvætt	Síma- og bréfasímanúmer, tölvupóstfang og upplýsingar sem gera rafræna gagnasöfnun mögulega
	1.3.		Virðisaukaskattsnúmer (VSK) eða, ef það er ekki tiltækt, annað stjórnsýslulegt kenninúmer
LÝÐFRÆÐILEG SKRÁNINGARATRIÐI	1.4.		Stofndagur lögaðila, eða dagsetning opinberrar viðurkenningar sem atvinnurekandi, fyrir einstaklinga
	1.5.		Dagsetning þegar lögformlega einingin hætti að vera hluti af fyrirtæki (eins og auðkennt er í 3.3)
EFNAHAGSLEG/LAGSKIPT SKRÁNINGARATRIÐI	1.6.		Rekstrarform að lögum
TENGINGAR VIÐ AÐRAR SKRÁR	1.7a.		Tilvísun í skrána um rekstraraðila innan Bandalagsins, sett upp í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 638/2004(*), og tilvísun í tollskrár eða í skrá rekstraraðila utan Bandalagsins

TENGING VIÐ FYRIRTÆKJASAMSTÆÐU	1.8.		Kenninúmer hins landsbundna hluta fyrirtækja-samstæðunnar (4.1) sem einingin tilheyrir
	1.9.		Dagsetning sameiningar við landsbundinn hluta samstæðunnar
	1.10.		Dagsetning aðskilnaðar frá hinum landsbundna hluta samstæðunnar
STÝRING EININGA	1.11a.		Kenninúmer lögformlegra(r) eininga(r) með aðsetur í landinu sem lögformlega einingin stjórnar
	1.11b.		Kenninúmer lögformlegu einingarinnar með aðsetur í landinu sem stjórnar lögformlegu einingunni
	1.12a.		Skráningarland/-lönd og kenninúmer eða heiti og heimilisfang/-föng einingarinnar/eininganna sem er/eru ekki með aðsetur í landinu og lögformlega einingin stjórnar
	1.12b.	Skilyrt	Virðisaukaskattsnúmer einingarinnar/eininganna sem er/eru ekki með aðsetur í landinu og lögformlega einingin stjórnar
	1.13a.		Skráningarland og kenninúmer eða heiti og heimilisfang lögformlegu einingarinnar sem er ekki með aðsetur í landinu og stjórnar lögformlegu einingunni
	1.13b.	Skilyrt	Virðisaukaskattsnúmer lögformlegu einingarinnar sem er ekki með aðsetur í landinu og stjórnar lögformlegu einingunni
EIGNARHALD EININGA	1.14a.	Skilyrt	a) Kenninúmer og b) hlutir (%) lögformlegra(r) eininga(r) með aðsetur í landinu og lögformlega einingin á
	1.14b.	Skilyrt	a) Kenninúmer og b) hlutir (%) lögformlegra(r) eininga(r) með aðsetur í landinu og eiga/á lögformlegu eininguna
	1.15.	Skilyrt	a) Skráningarland/-lönd og b) kenninúmer eða heiti, heimilisfang/-föng og virðisaukaskattsnúmer og c) hlutir (%) lögformlegra(r) eininga(r) sem er ekki með aðsetur í landinu og lögformlega einingin á
	1.16.	Skilyrt	a) Skráningarland/-lönd og b) kenninúmer eða heiti, heimilisfang/-föng og virðisaukaskattsnúmer og c) hlutir (%) lögformlegra(r) eininga(r) sem eru/er ekki með aðsetur í landinu og eiga/á lögformlegu eininguna
3. FYRIRTÆKI			
SKRÁNINGARATRIÐI AUÐKENNINGAR	3.1.		Kenninúmer
	3.2a.		Heiti
	3.2b.	Valkvætt	Póstfang, tölvupóstfang og veffang
	3.3.		Kenninúmer þeirra(r) lögformlegu eininga(r) sem fyrirtækið samanstendur af
LÝÐFRÆÐILEG SKRÁNINGARATRIÐI	3.4.		Dagsetning upphafs starfseminnar
	3.5.		Dagsetning þegar starfsemi er hætt

EFNAHAGSLEG/LAGSKIPT SKRÁNINGARATRIÐI	3.6.		Kóði meginstarfssviðs á fjögurra tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. NACE)
	3.8.		Fjöldi starfsmanna
	3.11.		Haggeiri og undirgeiri samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu
TENGING VIÐ FYRIRTÆKJASAMTÆÐU	3.12.		Kenninúmer hins landsbundins hluta fyrirtækjasamstæðunnar (4.1) sem á fyrirtækið
4. FYRIRTÆKJASAMSTÆÐA			
SKRÁNINGARATRIÐI AUÐKENNINGAR	4.1.		Kenninúmer hins landsbundna hluta samstæðunnar
	4.2a.		Heiti hins landsbundna hluta samstæðunnar
	4.2b.	Valkvætt	Póstfang, tölvupóstfang og veffang landsbundnu aðalskrifstofunnar
	4.3.	Skilyrt að hluta til	Kenninúmer landsbundna aðalfyrirtækisins (jafngildir kenninúmeri lögformlegu einingarinnar sem er aðalfyrirtækið með aðsetur í landinu). Skilyrt ef stjórnunareiningin er einstaklingur sem er ekki atvinnurekandi, skráning er með fyrirvara um að þessar upplýsingar séu aðgengilegar í stjórnsýsluheimildum
	4.4.		Tegund fyrirtækjasamstæðu: 2. landsbundinn hluti samstæðusem innlendir aðilar stjórna, 3. landsbundinn hluti samstæðu sem erlendir aðilar stjórna
LÝÐFRÆÐILEG SKRÁNINGARATRIÐI	4,5.		Dagsetning upphafs hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar
	4.6.		Dagsetning loka hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar
EFNAHAGSLEG/LAGSKIPT SKRÁNINGARATRIÐI	4.7.		Kóði meginstarfssviðs hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar á tveggja tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. NACE)
	4.9.		Fjöldi starfsmanna í hinum landsbundna hluta samstæðunnar
SKRÁNINGARATRIÐI AUÐKENNINGAR	4.11.		Kenninúmer hnattrænu samstæðunnar
	4.12a.		Heiti hnattrænu samstæðunnar
	4.12b.	Valkvætt	Skráningarland, póstfang, tölvupóstfang og veffang hnattrænu aðalskrifstofunnar
	4.13a.		Kenninúmer hnattræna aðalfyrirtækisins ef aðalfyrirtækið er með aðsetur í landinu (jafngildir kenninúmeri lögformlegu einingarinnar sem er aðalfyrirtækið). Skráningarland þess ef hnattræna aðalfyrirtækið er ekki með aðsetur í landinu.
	4.13b.	Valkvætt	Kenninúmer hnattræns aðalfyrirtækis eða heiti og heimilisfang ef það er ekki með aðsetur í landinu
EFNAHAGSLEG/LAGSKIPT SKRÁNINGARATRIÐI	4.14.	Valkvætt	Heildarfjöldi starfsmanna
	4.16.	Valkvætt	Land þar sem miðstöðin er þar sem hnattrænar ákvarðanir eru teknar
	4.17.	Valkvætt	Lönd þar sem fyrirtæki eða starfsstöðvar eru staðsett

(*) Stjtíð. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 1.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/42/EB 2015/EES/74/06

frá 6. maí 2009

um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 95/64/EB frá 8. desember 1995 um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó ([2]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([3]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti að hafa aðgang að samanburðarhæfum, traustum, samræmdum og reglubundnum hagskýrslugögnum um umfang og þróun vöru- og farþegaflutninga á sjó til og frá Bandalaginu, milli aðildarríkja og fyrir innanlandsflutninga á sjó til að hún geti leyst af hendi þau verkefni sem henni eru falin á sviði sameiginlegrar stefnu í flutningamálum á sjó.

3) Einnig er aðildarríkjum og rekstraraðilum mikilvægt að hafa góða þekkingu á flutningamarkaði á sjó.

4) Með söfnun hagskýrslugagna Bandalagsins á samanburðarhæfan eða samhæfðan hátt er hægt að koma á samþættu kerfi sem veitir aðgang að áreiðanlegum, samræmdum og uppfærðum upplýsingum.

5) Gera verður gögnin um flutninga á vörum og farþegum á sjó samanburðarhæf milli aðildarríkja og milli mismunandi flutningsmáta.

6) Að koma á sameiginlegum hagskýrslustöðlum sem auðvelda framsetningu samræmdra upplýsinga í samræmi við nálægðarregluna er aðeins hægt að takast á við á vettvangi Bandalagsins. Gögnum verður safnað í aðildarríkjunum undir stjórn þeirra aðila og stofnana sem hafa með höndum samantekt opinberra hagtalna.

7) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([4]).

8) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa heimild til að samþykkja ákveðnar nákvæmar reglur fyrir beitingu þessarar tilskipunar. Samþykkja skal þær í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB þar sem þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum.

9) Nýju atriðin, sem innleidd eru í þessari tilskipun, varða einungis nefndarmeðferðina. Þar af leiðandi þurfa aðildarríkin ekki að lögleiða þau.

10) Tilskipun þessi ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til að taka tilskipunina upp í landslög sem eru settir fram í B-hluta í IX. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Söfnun á hagskýrslugögnum

Aðildarríki skulu safna hagtölum Bandalagsins um vöru- og farþegaflutninga á hafskipum sem koma til hafnar á yfirráðasvæði þeirra.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vöru- og farþegaflutningar á sjó“: flutningar á vörum og farþegar með hafskipum, þar sem siglt er öllu leyti eða að hluta til á sjó.

Undir þessa tilskipun falla einnig vörur:

i. sem eru fluttar til mannvirkja á hafi úti,

ii. sem safnað er frá hafsbotni og skipað upp í höfnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 11.3.2010, bls. 53.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 21. október 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. apríl 2009.

([2]) Stjtíð. EB L 320, 30.12.1995, bls. 25.

([3]) Sjá A-hluta í IX. viðauka.

([4]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

Undir tilskipun þessa falla ekki eldsneyti og vistir til skipa,

b) „hafskip“: skip önnur en þau sem einungis er siglt á skipgengum vatnaleiðum eða sjóleiðum í vari eða í námunda við þær eða á svæðum þar sem reglugerðir um hafnir gilda.

Tilskipun þessi gildir ekki um fiskveiðiskip, fiskvinnsluskip, bor- og könnunarskip, dráttarbáta, stjakbáta, hafrannsóknaskip, dýpkunarpramma, herskip eða skip einvörðungu til annars en kaupsiglinga,

c) „höfn“: staður þar sem aðstaða er til að festa kaupskip með landfestum og ferma eða afferma eða fyrir farþega að stíga um borð í skip eða fara frá borði,

d) „þjóðerni sjóflutningsaðila“: þegnréttur í því landi þar sem raunverulegar aðalstöðvar fyrir viðskiptastarfsemi flutningsaðilans eru,

e) „sjóflutningsaðili“: einstaklingur, eða annar í hans nafni, sem gerir samning við farmsendanda eða farþega um flutning vöru eða viðkomandi farþega á sjó.

3. gr.

Eiginleikar gagnasöfnunar

1. Aðildarríki skulu safna gögnum sem varða:

a) upplýsingar um farm og farþega,

b) upplýsingar um viðkomandi skip.

Ekki þarf að safna gögnum um skip undir 100 brúttótonnum.

2. Eiginleikar gagnasöfnunarinnar, þ.e. tölfræðilegar breytur á hverju sviði og flokkunarkerfi þeirra, og einnig skráningartíðni, eru tilgreindir í I. til VIII. viðauka.

3. Byggja skal gagnasöfnunina á fyrirliggjandi heimildum til að draga úr álagi á svarendur, eftir því sem við verður komið.

4. Framkvæmdastjórnin skal aðlaga eiginleika gagnasöfnunar og efnisinnihald I. til VIII. viðauka að efnahags- og tækniþróun að svo miklu leyti sem aðlögunin hefur ekki í för með sér verulega kostnaðaraukningu fyrir aðildarríkin og/eða varðandi byrði á svarendur.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 10. gr.

4. gr.

Hafnir

1. Semja skal hafnaskrá, kóðaða og flokkaða eftir löndum og sjávarstrandsvæðum að því er varðar þessa tilskipun.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 10. gr.

2. Hvert og eitt aðildarríki skal velja þær hafnir af skránni sem um getur í 1. mgr. þar sem yfir ein milljón tonna af vörum fer í gegn á hverju ári eða yfir 200 000 farþegar.

Leggja ber fram ítarleg gögn um hverja höfn sem er valin, í samræmi við ákvæði VIII. viðauka, sem varða þau svið (vörur, farþegar) sem viðkomandi höfn uppfyllir valforsendu fyrir og yfirlitsgögn, ef við á, um hitt sviðið.

3. Leggja ber fram yfirlitsgögn, í samræmi við gagnasafn A3 í VIII. viðauka, um þær hafnir sem eru ekki valdar af skránni.

5. gr.

Nákvæmni hagtalna

Aðferðir við gagnasöfnun skulu vera með þeim hætti að hagtölur um sjóflutninga innan Bandalagsins sýni þá nákvæmni sem nauðsynleg er vegna þeirra tölfræðilegu gagnasafna sem er lýst í VIII. viðauka

Framkvæmdastjórnin skal setja staðla um nákvæmni.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 10. gr.

6. gr.

Úrvinnsla gagna sem er safnað

Aðildarríkin skulu vinna úr tölfræðilegu upplýsingunum, sem er safnað skv. 3. gr. í því skyni að fá sambærilegar hagtölur, með nákvæmnisstaðlinum sem um getur í 5. gr.

7. gr.

Sending gagna sem er safnað

1. Aðildarríkin skulu senda niðurstöður gagnasöfnunarinnar sem um getur í 3. gr. til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins), þar með talin gögn sem aðildarríkin lýsa trúnaðarmál samkvæmt landslögum eða innlendum venjum um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur ([5]).

([5]) Stjtíð. EB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

2. Senda ber gögnin í samræmi við framsetningu þeirra tölfræðilegu gagnasafna sem er lýst í VIII. viðauka. Tilgreina skal tæknileg atriði í tengslum við gagnasendinguna í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

3. Senda skal gögnin innan fimm mánaða frá lokum athugunartímabilsins ef um er að ræða gögn sem ber að skila ársfjórðungslega og innan átta mánaða ef um er að ræða gögn sem ber að skila árlega.

Fyrsta sending skal ná yfir fyrsta ársfjórðung 1997.

8. gr.

Skýrslur

Aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) nauðsynlegar upplýsingar um aðferðir sem notaðar eru til að taka saman gögnin. Þeim ber einnig að senda áfram upplýsingar um verulegar breytingar sem verða á aðferðum við gagnasöfnunina.

9. gr.

Miðlun tölfræðilegra gagna

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal miðla viðeigandi tölfræðilegum gögnum með svipaðri tíðni og niðurstöður berast.

Samþykkja skal fyrirkomulagið um með hvaða hætti framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) birtir eða miðlar tölfræðilegum gögnum í samræmi við stjórnarnefndarmeðferð sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.-4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

11. gr.

Tilkynning um ákvæði landslaga

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 95/64/EB, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta IX. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipunarinnar sem sett er fram í B-hluta IX. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í X. viðauka.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

14. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 6. maí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J. KOHOUT
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

BREYTUR OG SKILGREININGAR

1. **Tölfræðilegar breytur**

a) *Upplýsingar um farm og farþega*

– Heildarþyngd vöru í tonnum,

– tegund farms, samkvæmt flokkunarkerfinu í II. viðauka,

– vörulýsing, stuðst við flokkunarkerfið í III. viðauka,

– skýrsluhöfn,

– siglingastefna, innsigling eða útsigling,

– vegna farms sem er skipað út: útskipunarhöfn (þ.e. sú höfn þar sem farminum var skipað út í skipið sem flutti hann til skýrsluhafnar), einstakar hafnir í löndum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) sem er lýst í hafnaskránni og sjávarstrandsvæði utan EES-landa, lýst í IV. viðauka,

– vegna farms sem er skipað upp: uppskipunarhöfn (þ.e. sú höfn þar sem farminum verður skipað upp úr skipi sem flytur hann frá skýrsluhöfn), einstakar hafnir innan EES-landa sem er lýst í hafnaskránni og sjávarstrandsvæði utan EES-landa, lýst í IV. viðauka,

– fjöldi farþega sem hefja eða ljúka sjóferð, auk fjölda farþega á skemmtiferðaskipi sem eru í skoðunarferð.

Veita skal eftirfarandi viðbótarupplýsingar vegna vara sem eru fluttar í gámum eða ekjueiningum:

– heildarfjöldi gáma (með og án farms),

– fjöldi gáma án farms,

– heildarfjöldi hreyfanlegra (ekju) eininga með og án farms,

– fjöldi hreyfanlegra (ekju) eininga án farms.

b) *Upplýsingar um viðkomandi skip*

– Fjöldi skipa,

– burðargeta skipa eða brúttótonnatala,

– land eða yfirráðasvæði þar sem skipin eru skráð samkvæmt flokkunarkerfinu í V. viðauka,

– gerð skipa samkvæmt flokkunarkerfinu í VI. viðauka,

– stærð skipa samkvæmt flokkunarkerfinu í VII. viðauka.

2. **Skilgreiningar**

a) „Flutningagámur“: flutningatæki:

1. sem er endingargott og þar af leiðandi nógu traust til að þola mikla notkun,

2. sérhannað til að auðvelda vöruflutninga með einni eða fleiri tegundum farartækja án þess að koma þurfi til umhleðslu,

3. með áfestum búnaði sem auðveldar meðhöndlun, einkum færslu frá einum flutningsmáta til annars,

4. sem er þannig hannað að auðvelt er að fylla það og tæma,

5. sem er ekki undir 20 fetum að lengd.

b) „Ekjueining“: tæki á hjólum til farmflutninga, t.d. vöruflutningabifreið, eftirvagn eða festivagn, sem unnt er að aka eða draga um borð í skip. Eftirvagnar, sem tilheyra höfnum eða skipi, falla undir þessa skilgreiningu. Flokkun skal vera í samræmi við tilmæli nr. 21 frá efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu „kóðar fyrir farmtegundir, pakka og umbúðaefni“ (e. *codes for types of cargo, packages and packaging materials*).

c) „Gámafarmur“: gámar með farmi í eða tómir sem er lyft um borð eða frá borði skipa sem flytja þá sjóleiðis.

d) „Ekjufarmur“: gámafarmur og annar farmur á ekjueiningum og ekjueiningar sem er ekið um borð og frá borði skipa sem flytja þau sjóleiðis.

e) „Heildarþyngd vöru“: magn fluttrar vöru í tonnum, að meðtöldum pakkningum en að frátöldum töruþunga gáma eða ekjueininga.

f) „Burðargeta (DWT)“: mismunur í tonnum talið milli særýmis skips miðað við sumarhleðslulínu í vatni með eðlisþyngdina 1,025 og eiginþyngdar skips, þ.e. særýmis þess í tonnum án farms, eldsneytis, smurolíu, kjölfestuvatns, ferskvatns og drykkjarvatns í tönkum, vista og farþega og áhafnar ásamt eigum þeirra.

g) „Brúttótonnatala“: heildarmæling á stærð skips, ákvörðuð í samræmi við ákvæði alþjóðasamningsins um mælingar skipa, 1969.

h) „Farþegi á skemmtiferðaskipi“: farþegi í sjóferð á skemmtiferðaskipi. Farþegar í dagsferðum eru undanskildir.

i) „Skemmtiferðaskip“: farþegaskip þar sem ætlunin er að veita farþegum alhliða ferðaþjónustu. Allir farþegar hafa káetu. Aðstaða fyrir skemmtanir um borð er fyrir hendi. Á ekki við um skip sem eru starfrækt sem almennar ferjur, jafnvel þótt einhverjir farþegar líti á þjónustuna sem skemmtisiglingu. Á ekki heldur við um farmskip sem geta aðeins flutt fáa farþega sem hafa eigin káetu. Á ekki heldur við um skip sem eru einungis ætluð til dagsferða.

j) „Skoðunarferð farþega á skemmtiferðaskipi“: stutt heimsókn farþega á skemmtiferðaskipi, sem heldur káetu um borð, á ferðamannastað í nágrenni hafnar.

II. VIÐAUKI

FLOKKUN FARMS

Flokkur(1)	Kóði 1 tölustafur	Kóði 2 tölustafir	Lýsing	Tonnatala	Fjöldi
Fljótandi búlkafarmur	1	1X	Vara í fljótandi formi í búlkum (engar farmeiningar)	X	
		11	Fljótandi gas	X	
		12	Jarðolía	X	
		13	Olíuvörur	X	
		19	Önnur vara í fljótandi formi í búlkum	X	
Fastur búlkafarmur	2	2X	Vara í föstu formi í búlkum (engar farmeiningar)	X	
		21	Málmgrýti	X	
		22	Kol	X	
		23	Landbúnaðarafurðir (t.d. korn, sojabaunir, tapíókamjöl)	X	
		29	Önnur vara í föstu formi í búlkum	X	
Gámar	3	3X	Stórir gámar	X(2)	X
		31	20 feta farmeiningar	X(2)	X
		32	40 feta farmeiningar	X(2)	X
		33	Farmeiningar > 20 fet og < 40 fet	X(2)	X
		34	Farmeiningar > 40 fet	X(2)	X
Ekjuflutningar (fyrir eigin vélarafli)	5	5X	Hreyfanlegar einingar, knúnar með eigin vélarafli	X(2)	X
		51	Ökutæki til vöruflutninga ásamt eftirvögnum	X	X
		52	Farþegabifreiðar og bifhjól ásamt eftirvögnum/hjólhýsum		X
		53	Stórar farþegabifreiðar		X(3)
		54	Ökutæki sem verslunarvara (þ.m.t. ökutæki til innflutnings/útflutnings)	X	X(3)
		56	Dýr á fæti	X	X(3)
		59	Aðrar hreyfanlegar einingar, knúnar með eigin vélarafli	X	X
Ekjuflutningar (ekki knúnir með eigin vélarafli)	6	6X	Hreyfanlegar einingar, ekki knúnar með eigin vélarafli	X	X
		61	Eftirvagnar og festivagnar til vöruflutninga án dráttartækis	X(2)	X
		62	Hjólhýsi án dráttartækis, önnur ökutæki til aksturs á vegum og landbúnaðar- og iðnaðarökutæki		X
		63	Járnbrautarvagnar, skiptækir millihafnaeftirvagnar og skiptækir prammar til vöruflutninga	X	X
		69	Aðrar hreyfanlegar einingar, ekki knúnar eigin vélarafli	X	X
Annar almennur farmur (þ.m.t. litlir gámar)	9	9X	Annar farmur, ekki tilgreindur annars staðar	X	
		91	Skógræktarafurðir	X	
		92	Vörur úr járni og stáli	X	
		99	Annar almennur farmur	X	

(1) Þessir flokkar eru í samræmi við tilmæli nr. 21 frá efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.
(2) Skráð magn er heildarþyngd vara að meðtöldum pakkningum en að frátöldum töruþunga gáma eða ekjueininga.
(3) Heildarfjöldi eininga.

III. VIÐAUKI

Vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur 2007

Deild	Lýsing
01	Afurðir frá landbúnaði, veiðum og skógrækt, fiskur og aðrar fiskafurðir
02	Kol og brúnkol; hráolía og jarðgas
03	Málmgrýti og önnur efni unnin úr jörðu; mór; úran og þórín
04	Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
05	Textílefni og textílvörur; leður og leðurvörur
06	Viður og vörur úr viði og korki (aðrar en húsgögn); vara úr hálmi og fléttiefnum; pappírsmauk, pappír og pappírsvara; prentað efni og upptekið efni
07	Koks og hreinsaðar olíuvörur
08	Íðefni, iðnefnavörur og tilbúnar trefjar; gúmmí- og plastvörur; kjarnorkueldsneyti
09	Aðrar málmlausar jarðefnaafurðir
10	Hrámálmar, málmvörur, að undanskildum vélum og búnaði
11	Vélar og búnaður, ót.a.; skrifstofuvélar og tölvur; rafbúnaður og tæki, ót.a.; útvarps- og sjónvarpstæki og fjarskiptabúnaður og tæki; tæki til lækninga og nákvæmnivinnu og sjóntæki; úr og klukkur
12	Flutningatæki
13	Húsgögn, aðrar framleiðsluvörur ót.a.
14	Endurunnið hráefni; sorp og annar úrgangur
15	Bréf, pakkar
16	Búnaður og efni notað við flutning á vörum
17	Vörur sem eru fluttar í tengslum við búslóðar- og skrifstofuflutning, farangur sem er fluttur aðskilinn frá farþegum, vélknúin ökutæki sem eru flutt til viðgerða, aðrar vörur sem eru ekki til sölu á markaði ót.a.
18	Vörur sem er safnað saman: ólíkar vörutegundir sem eru fluttar saman
19	Óskilgreinanlegar vörur: vörur sem af einhverjum ástæðum ekki er unnt að skilgreina og því ekki hægt að setja þær í flokka 01–16
20	Aðrar vörur ót.a.

IV. VIÐAUKI

SJÁVARSTRANDSVÆÐI

Nota ber geo-flokkunarkerfi (landaflokkunarkerfi í hagskýrslum um utanríkisverslun Bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess sem var komið á fót í samræmi við 9. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1172/95 frá 22. maí 1995 um hagskýrslur um vöruviðskipti Bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan Bandalagsins ([6]) sem er í gildi á því ári sem gögnin varða.

Kóðinn samanstendur af fjórum tölustofum: tveggja bókstafa ISO-staðalkóði fyrir hvert land úr fyrrnefndu flokkunarkerfi með tveimur núllum á eftir (t.d. kóðinn GR00 fyrir Grikkand), nema fyrir lönd sem skiptast í tvö eða fleiri sjávarstrandsvæði sem eru auðkennd með fjórða tölustaf sem ekki er núll (frá 1 til 7), sbr. eftirfarandi:

Kóði	*Sjávarstrandsvæði*
FR01	Frakkland: Atlantshaf og Norðursjór
FR02	Frakkland: Miðjarðarhafið
FR03	Frönsku umdæmin handan hafsins: Franska Gvæjana
FR04	Frönsku umdæmin handan hafsins: Martiník og Gvadelúpeyjar
FR05	Frönsku umdæmin handan hafsins: Réunion
DE01	Þýskaland: Norðursjór
DE02	Þýskaland: Eystrasalt
DE03	Þýskaland: Innri vatnaleiðir
GB01	Bretland
GB02	Mön
GB03	Ermarsundseyjar
ES01	Spánn: Norður-Atlantshafið
ES02	Spánn: Miðjarðarhafið og Suður-Atlantshafið, þ.m.t. Baleareyjar og Kanaríeyjar
SE01	Svíþjóð: Eystrasalt
SE02	Svíþjóð: Norðursjór
TR01	Tyrkland: Svartahaf
TR02	Tyrkland: Miðjarðarhafið
RU01	Rússland: Svartahaf
RU02	Rússland: Eystrasalt
RU03	Rússland: Asía
MA01	Marokkó: Miðjarðarhafið
MA02	Marokkó: Vestur-Afríka
EG01	Egyptaland: Miðjarðarhafið
EG02	Egyptaland: Rauðahafið
IL01	Ísrael: Miðjarðarhafið
IL02	Ísrael: Rauðahafið
SA01	Sádi-Arabía: Rauðahafið
SA02	Sádi-Arabía: Persaflói
US01	Bandaríki Ameríku: Norður-Atlantshafið
US02	Bandaríki Ameríku: Suður-Atlantshafið
US03	Bandaríki Ameríku: Mexíkóflói
US04	Bandaríki Ameríku: Suður-Kyrrahaf
US05	Bandaríki Ameríku: Norður-Kyrrahaf

([6]) Stjtíð. EB L 118, 25.5.1995, bls. 10.

Kóði	*Sjávarstrandsvæði*
US06	Bandaríki Ameríku: Vötnin miklu
US07	Púertó Ríkó
CA01	Kanada: Atlantshaf
CA02	Kanada: Vötnin miklu og Efri St. Lawrence-flói
CA03	Kanada: Vesturströndin
CO01	Kólumbía: Norðurströndin
CO02	Kólumbía: Vesturströndin
	Með viðbótarkóðum
ZZ01	Mannvirki á hafi úti
ZZ02	Samsöfn og sjávarstrandsvæði sem eru ekki tilgreind annars staðar

V. VIÐAUKI

SKRÁNINGARLAND SKIPS

Notast ber við geo-flokkunarkerfi (landaflokkunarkerfi í hagskýrslum um utanríkisverslun Bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess sem var komið á fót í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95), sem er í gildi á því ári sem gögnin varða.

Kóðinn samanstendur af fjórum tölustöfum: tveggja bókstafa ISO-staðalkóði fyrir hvert land úr fyrrnefndu flokkunarkerfi með tveimur núllum á eftir (t.d. kóðinn GR00 fyrir Grikkand), nema fyrir lönd sem hafa fleiri en eina skrá sem eru auðkennd með fjórða tölustaf sem ekki er núll, sbr. eftirfarandi:

FR01	Frakkland
FR02	Frönsk yfirráðasvæði í Suður-Íshafi (að meðtöldum Kerguéleneyjum)
IT01	Ítalía — aðalskrá
IT02	Ítalía — alþjóðleg skrá
GB01	Bretland
GB02	Mön
GB03	Ermarsundseyjar
GB04	Gíbraltar
DK01	Danmörk
DK02	Danmörk (DIS)
PT01	Portúgal
PT02	Portúgal (MAR)
ES01	Spánn
ES02	Spánn (Rebeca)
NO01	Noregur
NO02	Noregur (NIS)
US01	Bandaríki Ameríku
US02	Púertó Ríkó

VI. VIÐAUKI

FLOKKUN SKIPA (ICST-COM)

	Gerð	Flokkar skipa
10	Fljótandi búlkafarmur	Olíuflutningaskip Efnaflutningatankskip Gasflutningaskip Tankprammar Önnur tankskip
20	Fastur búlkafarmur	Búlkaskip/olíuskip Búlkaskip
31	Gámur	Gámaflutningaskip
32	Sérhæft skip	Prammamóðurskip Efnaflutningaskip Skip til flutninga á geislavirku eldsneyti Skip til flutninga á húsdýrum Skip til flutninga á ökutækjum Skip til annarra sérhæfðra flutninga
33	Skip til almennra vöruflutninga, ósérhæfðra	Kæliskip Ekju-farþegaferjur Ekju-gámaflutningaskip Ekjuskip til annarra flutninga Fjölnotaskip bæði til almennra vöruflutninga og farþegaflutninga Fjölnotaskip bæði til almennra vöruflutninga og gámaflutninga Skip með einu þilfari Skip með mörgum þilförum
34	Þurrflutningaprammar	Prammar með þilfari Prammar sem losa sig sjálfir Vöruflutningaprammi (Seabee-gerð) Opnir þurrflutningaprammar Lokaðir þurrflutningaprammar Aðrir þurrflutningaprammar, ekki tilgreindir annars staðar
35	Farþegaskip	Farþegaskip (ekki skemmtiferðaskip)
36	Skemmtiferðaskip	Eingöngu skemmtiferðaskip
41	Fiskveiðar	Fiskveiðiskip(*) Fiskvinnsluskip(*)
42	Starfsemi á hafi úti	Bor- og könnunarskip(*) Aðdrættir á hafi úti(*)
43	Dráttarbátar	Dráttarbátar(*) Stjakbátar(*)
49	Ýmislegt	Dýpkunarprammar(*) Hafrannsókna- og könnunarskip(*) Önnur skip, ekki tilgreind annars staðar(*)
XX	Óþekkt	Ekki vitað hverrar gerðar skip er

(*) Fellur ekki undir þessa tilskipun.

VII. VIÐAUKI

STÆRÐARFLOKKUN SKIPA

í burðargetu (DWT) eða brúttótonnum (GT)

Flokkun þessi gildir aðeins um skip sem hafa brúttótonnatöluna 100 eða hærri.

Flokkur	Lægri mörk		Efri mörk	
	DWT — Burðargeta	GT — Brúttótonn	DWT — Burðargeta	GT — Brúttótonn
01	—	100	allt að 499	allt að 499
02	500	500	999	999
03	1000	1000	1999	1999
04	2000	2000	2999	2999
05	3000	3000	3999	3999
06	4000	4000	4999	4999
07	5000	5000	5999	5999
08	6000	6000	6999	6999
09	7000	7000	7999	7999
10	8000	8000	8999	8999
11	9000	9000	9999	9999
12	10 000	10 000	19 999	19 999
13	20 000	20 000	29 999	29 999
14	30 000	30 000	39 999	39 999
15	40 000	40 000	49 999	49 999
16	50 000	50 000	79 999	79 999
17	80 000	80 000	99 999	99 999
18	100 000	100 000	149 999	149 999
19	150 000	150 000	199 999	199 999
20	200 000	200 000	249 999	249 999
21	250 000	250 000	299 999	299 999
22	≥ 300 000	≥ 300 000	—	—

ATH: Ef skip sem eru undir 100 brúttótonnum að stærð verða felld undir þessa tilskipun ber að úthluta þeim flokkunarkóðanum „99“.

VIII. VIÐAUKI

UPPBYGGING TÖLFRÆÐILEGRA GAGNASAFNA

Í þeim gagnasöfnum, sem eru tilgreind í þessum viðauka, kemur fram hve oft ber að skila hagtölum um sjóflutninga sem Bandalagið óskar eftir. Fyrir hvert gagnasafn er skilgreind víxlflokkun á takmörkuðum fjölda þátta á mismunandi þrepum flokkunarkerfanna, sem krefjast vandaðra hagtalna, og er þá safnað saman upplýsingum um alla hina þættina.

Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákveða skilyrðin sem gilda um söfnun gagna að því er varðar gagnasafn B1 að teknu tilliti til niðurstaðna forkönnunar sem skal gerð á þriggja ára aðlögunartímabili eins og skilgreint er í 10. gr. tilskipunar 95/64/EB og varðandi hagkvæmni og kostnað aðildarríkja og svaranda við söfnun þessara upplýsingaþátta.

SAMANTEKNAR OG SUNDURLIÐAÐAR HAGTÖLUR

– Gagnasöfnin um vörur og farþega, sem skal leggja fram fyrir valdar hafnir, eru A1, A2, B1, C1, D1, E1, F1 og/eða F2,

– Gagnasöfnin um vörur en ekki farþega, sem skal leggja fram fyrir valdar hafnir, eru A1, A2, A3, B1, C1, E1, F1 og/eða F2,

– Gagnasöfnin um farþega en ekki vörur, sem skal leggja fram fyrir valdar hafnir, eru A3, D1, F1 og/eða F2,

– Gagnasafnið, sem skal leggja fram fyrir valdar hafnir og hafnir sem eru ekki valdar sérstaklega (um bæði vörur né farþega), er A3,

Gagnasafn A1: Sjóflutningar til og frá helstu höfnum í Evrópu, eftir höfn, tegund farms og venslum

Tíðni: ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Mál	Gagnamengi	Tveir alstafir	A1
	Viðmiðunarár	Fjórir alstafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarársfjórðungur	Einn alstafur	(1, 2, 3, 4)
	Skýrsluhöfn	Fimm alstafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn alstafur	Innsigling, útsigling (1, 2)
	Hleðslu-/uppskipunarhöfn	Fimm alstafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Vensl	Fjórir alstafir	Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki
	Tegund farms	Einn alstafur	Tegund farms, II. viðauki

Gögn: Heildarþyngd vöru í tonnum.

Gagnasafn A2: Sjóflutningar, ekki gáma- eða ekjuflutningar, til og frá helstu höfnum í Evrópu, eftir höfn, tegund farms og venslum

Tíðni: ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Mál	Gagnamengi	Tveir alstafir	A2
	Viðmiðunarár	Fjórir alstafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarársfjórðungur	Einn alstafur	(1, 2, 3, 4)
	Skýrsluhöfn	Fimm alstafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn alstafur	Innsigling, útsigling (1, 2)
	Hleðslu-/uppskipunarhöfn	Fimm alstafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Vensl	Fjórir alstafir	Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki
	Tegund farms	Tveir alstafir	Tegund farms (að undanskildum gáma- eða ekjuflutningum), II. viðauki (undirflokkar 1X, 11, 12, 13, 19, 2X, 21, 22, 23, 29, 9X, 91, 92 og 99)

Gögn: Heildarþyngd vöru í tonnum.

Gagnasafn A3: Upplýsingar sem óskað er eftir, bæði frá völdum höfnum og höfnum þar sem nákvæmra tölfræðilegra upplýsinga er ekki krafist (sjá 3. mgr. 4. gr.)

Tíðni: eftir árum

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Mál	Gagnamengi	Tveir alstafir	A3
	Viðmiðunarár	Fjórir alstafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarársfjórðungur	Einn alstafur	(0)
	Skýrsluhöfn	Fimm alstafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn alstafur	Innsigling, útsigling (1, 2)

Gögn: Heildarþyngd vöru í tonnum.
Farþegafjöldi (að frátöldum farþegum á skemmtiferðaskipum).
Fjöldi farþega á skemmtiferðaskipum sem hefja og ljúka skemmtisiglingu.
Fjöldi farþega á skemmtiferðaskipum í skoðunarferð farþega á skemmtiferðaskipi: einungis innsigling (1) — (valfrjálst).

Gagnasafn B1: Sjóflutningar til og frá helstu höfnum í Evrópu, eftir höfn, tegund farms, vörum og venslum

Tíðni: eftir árum

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Mál	Gagnamengi	Tveir alstafir	B1
	Viðmiðunarár	Fjórir alstafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarársfjórðungur	Einn alstafur	(0)
	Skýrsluhöfn	Fimm alstafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn alstafur	Innsigling, útsigling (1, 2)
	Hleðslu-/uppskipunarhöfn	Fimm alstafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Vensl	Fjórir alstafir	Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki
	Tegund farms	Einn alstafur	Tegund farms, II. viðauki
	Vara	Tveir alstafir	Vöruflokkunarkerfi, III. viðauki

Gögn: Heildarþyngd vöru í tonnum.

Gagnasafn C1: Sjóflutningar, gáma- eða ekjuflutningar til og frá helstu höfnum í Evrópu, að því er varðar hverja höfn, tegund farms, vensl og hleðslustöðu

Tíðni: ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Mál	Gagnamengi	Tveir alstafir	C1
	Viðmiðunarár	Fjórir alstafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarársfjórðungur	Einn alstafur	(1, 2, 3, 4)
	Skýrsluhöfn	Fimm alstafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn alstafur	Innsigling, útsigling (1, 2)
	Hleðslu-/uppskipunarhöfn	Fimm alstafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Vensl	Fjórir alstafir	Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki
	Tegund farms	Tveir alstafir	Tegund farms (aðeins gáma- og ekjuflutningar), II. viðauki (undirflokkar 3X, 31, 32, 33, 34, 5X, 51, 52, 53, 54, 56, 59, 6X, 61, 62, 63 og 69)

Gögn: Brúttóþyngd vöru í tonnum (tegund farms: undirflokkar 3X, 31, 32, 33, 34, 5X, 51, 54, 56, 59, 6X, 61, 62, 63 og 69).
Einingafjöldi (tegund farms: undirflokkar 3X, 31, 32, 33, 34, 5X, 51, 52, 53, 54, 56, 59, 6X, 61, 62, 63 og 69).
Einingafjöldi án farms (tegund farms: undirflokkar 3X, 31, 32, 33, 34, 5X, 51, 59, 6X, 61, 63 og 69).

Gagnasafn D1: Farþegaflutningar til og frá helstu höfnum í Evrópu, eftir venslum og skráningarlandi skips

Tíðni: ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Mál	Gagnamengi	Tveir alstafir	D1
	Viðmiðunarár	Fjórir alstafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarársfjórðungur	Einn alstafur	(1, 2, 3, 4)
	Skýrsluhöfn	Fimm alstafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn alstafur	Innsigling, útsigling (1, 2)
	Hleðslu-/uppskipunarhöfn	Fimm alstafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Vensl	Fjórir alstafir	Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki
	Skráningarland skips	Fjórir alstafir	Skráningarland skips, V. viðauki

Gögn: Farþegafjöldi, að frátöldum farþegum á skemmtiferðaskipum sem hefja og ljúka skemmtisiglingu og farþegum á skemmtiferðaskipum í skoðunarferð.

Gagnasafn E1: Sjóflutningar til og frá helstu höfnum í Evrópu, eftir höfn, tegund farms, venslum og skráningarlandi skips

Tíðni: eftir árum

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Mál	Gagnamengi	Tveir alstafir	E1
	Viðmiðunarár	Fjórir alstafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarársfjórðungur	Einn alstafur	(0)
	Skýrsluhöfn	Fimm alstafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn alstafur	Innsigling, útsigling (1, 2)
	Hleðslu-/uppskipunarhöfn	Fimm alstafir	EES-hafnir í hafnaskránni
	Vensl	Fjórir alstafir	Sjávarstrandsvæði, IV. viðauki
	Tegund farms	Einn alstafur	Tegund farms, II. viðauki
	Skráningarland skips	Fjórir alstafir	Skráningarland skips, V. viðauki

Gögn: Heildarþyngd vöru í tonnum.

Gagnasafn F1: Skipaumferð í helstu höfnum í Evrópu, eftir höfn, gerð og stærð skipa sem losa og taka vörur um borð, taka farþega um borð eða setja farþega í land (að meðtöldum farþegum á skemmtiferðaskipum sem hefja og ljúka skemmtisiglingu og farþegum á skemmtiferðaskipum í skoðunarferð)

Tíðni: ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Mál	Gagnamengi	Tveir alstafir	F1
	Viðmiðunarár	Fjórir alstafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarársfjórðungur	Einn alstafur	(1, 2, 3, 4)
	Skýrsluhöfn	Fimm alstafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn alstafur	Innsigling, útsigling (1, 2)
	Tegund skips	Tveir alstafir	Gerð skips, VI. viðauki
	Stærð skips, burðargeta (DWT)	Tveir alstafir	Burðargeta, stærðarflokkar, VII. viðauki

Gögn: Fjöldi skipa,
Burðargeta skipa í tonnum.

Gagnasafn F2: Skipaumferð í helstu höfnum í Evrópu, eftir höfn, gerð og stærð skipa sem losa og taka vörur um borð, taka farþega um borð eða setja farþega í land (að meðtöldum farþegum á skemmtiferðaskipum sem hefja og ljúka skemmtisiglingu og farþegum á skemmtiferðaskipum í skoðunarferð)

Tíðni: ársfjórðungslega

	Breytur	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi
Mál	Gagnamengi	Tveir alstafir	F2
	Viðmiðunarár	Fjórir alstafir	(t.d. 1997)
	Viðmiðunarársfjórðungur	Einn alstafur	(1, 2, 3, 4)
	Skýrsluhöfn	Fimm alstafir	Valdar EES-hafnir í hafnaskránni
	Stefna	Einn alstafur	Innsigling, útsigling (1, 2)
	Tegund skips	Tveir alstafir	Gerð skips, VI. viðauki
	Stærð skips, brúttótonnatala (GT)	Tveir alstafir	Brúttótonnatala, stærðarflokkar, VII. viðauka

Gögn: Fjöldi skipa,
Brúttótonnatala skipa.

IX. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 12. gr.)

Tilskipun ráðsins 95/64/EB
(Stjtíð. ESB L 320, 30.12.1995, bls. 25).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/385/EB (Stjtíð. ESB L 174, 18.6.1998, bls. 1).	eingöngu 3. gr.
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/363/EB (Stjtíð. ESB L 132, 5.6. 2000, bls. 1).	eingöngu 1. gr.
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10. 2003, bls. 1).	aðeins 20. liður II. viðauka.
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/366/EB (Stjtíð. ESB L 123, 17.5.2005, bls. 1).	eingöngu 1. gr.
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2007 (Stjtíð. ESB L 290, 8.11.2007, bls. 14).	eingöngu 1. gr.

B-HLUTI

Frestur til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 12. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
95/64/EB	31. desember 1996

X. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 95/64/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 2. gr.	Fyrsta undirgrein a-liðar 2. gr.
a- og b-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 2. gr.	i. og ii. töluliður annarrar undirgreinar a-liðar 2. gr.
Þriðja undirgrein 1. mgr. 2. gr.	Þriðja undirgrein a-liðar 2. gr.
2. til 5. mgr. 2. gr.	b- til e-liður 2. gr.
3. gr.	3. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 4. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 4. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 4. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 4. gr.	—
Þriðja undirgrein 2. mgr. 4. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
5., 6. og 7. gr.	5., 6. og 7. gr.
1. mgr. 8. gr.	8. gr.
2. mgr. 8. gr.	—
9. gr.	9. gr.
10. gr.	—
11. gr.	—
12. gr.	—
1. og 2. mgr. 13. gr.	1. og 2. mgr. 10. gr.
—	3. mgr. 10. gr.
3. mgr. 13. gr.	—
1. mgr. 14. gr.	—
2. mgr. 14. gr.	11. gr.
—	12. gr.
15. gr.	13. gr.
16. gr.	14. gr.
I. til VIII. viðauki	I. til VIII. viðauki
—	IX. viðauki
—	X. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/30/EB **2015/EES/74/07**

frá 23. apríl 2009

um breytingu á tilskipun 98/70/EB að því er varðar forskriftir fyrir bensín, dísilolíu og gasolíu og um að innleiða fyrirkomulag til að vakta og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/32/EB að því er varðar forskriftir fyrir eldsneyti sem er notað fyrir skip á skipgengum vatnaleiðum og um niðurfellingu á tilskipun 93/12/EBE (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr. og 175. gr. (1. mgr.) að því er varðar 1. gr. (5. mgr.) og 2. gr. þessarar tilskipunar,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis ([3]) er kveðið á um lágmarksforskriftir fyrir bensín og dísileldsneyti til notkunar á vegum og utan vega af heilbrigðis- eða umhverfisástæðum.

2) Eitt af markmiðunum sem mælt er fyrir um í sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála, sem komið var á með ákvörðun nr. 1600/2002/EB ([4]) frá 22. júlí 2002, er að ná fram loftgæðum sem valda hvorki umtalsverðum neikvæðum áhrifum né áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Í yfirlýsingu sinni sem fylgir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu ([5]) viðurkenndi framkvæmdastjórnin þörfina fyrir að draga úr losun á skaðlegum loftmengunarefnum ef umtalsverðar framfarir ættu að verða í þá átt að ná þeim markmiðum sem fastsett voru í sjöttu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála og gerði einkum ráð fyrir tillögum að nýrri löggjöf sem myndi draga frekar úr leyfilegri landsbundinni losun aðildarríkjanna á helstu mengunarvöldum, draga úr losun sem verður við áfyllingu bensínbíla á bensínstöðvum og gera úrbætur á brennisteinsinnihaldi eldsneytis, þ.m.t. skipaeldsneytis.

3) Bandalagið hefur gengist undir skuldbindingar um losunarmarkmið fyrir losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árin 2008–2012, í samræmi við Kýótóbókunina. Bandalagið hefur einnig skuldbundið sig að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 30% fyrir árið 2020, í tengslum við almennt samkomulag, og einhliða um 20% minnkun á losun. Öll svið munu þurfa að leggja sitt af mörkum til að ná þessum markmiðum.

4) Í stefnu Bandalagsins um koltvísýring og bíla er tekið á einum þætti er varðar losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutninga. Eldsneyti til flutninga er verulega stór hluti heildarlosunar Bandalagsins á gróðurhúsalofttegundum. Vöktun og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli eldsneytis getur verið þáttur í að aðstoða Bandalagið við að ná markmiðum sínum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með minnkun á kolefnislosun frá eldsneyti til flutninga.

5) Bandalagið hefur samþykkt reglugerðir um takmörkun á losun mengandi efna frá léttum og þungum ökutækjum. Forskriftir fyrir eldsneyti er einn af þáttunum sem hafa áhrif á hversu auðvelt er að uppfylla slík losunarmörk.

6) Undanþágur frá hámarksgufuþrýstingi eldsneytis á sumrin skulu takmarkast við aðildarríki með lágan umhverfishita á sumrin. Því er rétt að skýra í hvaða aðildarríkjum slík undanþága skuli vera leyfileg. Þetta eru, að meginreglu til, þau aðildarríki þar sem meðalhitastig á meirihluta yfirráðasvæðis þeirra er undir 12 °C í a.m.k. tveimur af þessum þremur mánuðum: júní, júlí og ágúst.

7) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum ([6]) eru sett losunarmörk fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega. Eldsneyti sem gerir þessum vélum kleift að virka rétt verður að vera fyrir hendi til að hægt sé að nota þennan vélbúnað.

8) U.þ.b. 20% af losun Bandalagsins á gróðurhúsalofttegundum stafar af bruna eldsneytis sem er notað vegna flutninga á vegum. Ein aðferð til að draga úr þessari losun er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli þessa eldsneytis. Þetta er hægt að gera með ýmsum hætti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 88. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 270/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 44, 16.2.2008, bls. 53.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 17. desember 2008 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 6. apríl 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

([4]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2008, bls. 43.

([6]) Stjtíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.

Í ljósi þess metnaðar Bandalagsins að vilja draga frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda og verulegrar hlutdeildar flutninga á vegum í þessari losun þykir rétt að koma á fyrirkomulagi með kröfu um að eldsneytisbirgjar tilkynni um losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli eldsneytis sem þeir afhenda og dragi úr losun frá og með 2011. Aðferðin við að reikna út losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli lífeldsneytis skal vera sú sama og notuð er við að reikna út áhrif gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum ([7]).

9) Birgjar skulu, fyrir 31. desember 2020, draga smám saman úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli um allt að 10% fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku. Þessi minnkun skal vera orðin a.m.k. 6% fyrir 31. desember 2020, miðað við meðaltalslosun Sambandsins á gróðurhúsalofttegundum á vistferli hverrar orkueiningar úr jarðefnaeldsneyti á árinu 2010, og skal náð fram með notkun lífeldsneytis og annars konar eldsneytis og með minnkun á loftun og brennslu gass í afgaslogum á framleiðslustöðum. Með fyrirvara um endurskoðun skal felast í henni frekari minnkun sem nemur 2%, sem fengin er með notkun umhverfisvænnar tækni við föngun og geymslu kolefnis og notkun rafknúinna ökutækja, og viðbótarminnkun um 2% sem fengin er með kaupum á heimildum innan ramma kerfis hreinleikaþróunar í Kýótóbókuninni. Þessar viðbótarminnkanir skulu hvorki vera bindandi fyrir aðildarríkin né eldsneytisbirgja við gildistöku þessarar tilskipunar. Í endurskoðuninni skal fjalla um að þær eru ekki bindandi.

10) Framleiðsla lífeldsneytis skal vera sjálfbær. Því skal þess krafist að lífeldsneyti sem notað er til að ná markmiðunum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun uppfylli viðmiðanir um sjálfbærni. Til að tryggja samræmda nálgun í stefnum á sviði orku- og umhverfismála og til að koma í veg fyrir viðbótarkostnað fyrir fyrirtæki og ósamræmi í umhverfismálum sem hljótast myndi af ósamræmdri nálgun er nauðsynlegt að setja fram sömu viðmiðanir um sjálfbærni hvað varðar notkun lífeldsneytis með tilliti til þessarar tilskipunar annars vegar og tilskipunar 2009/28/EB hins vegar. Af sömu ástæðum skal forðast tvöfalda skýrslugjöf í þessu samhengi. Framkvæmdastjórnin og lögbær landsyfirvöld skulu enn fremur samræma aðgerðir sínar innan ramma nefndar sem ber sérstaka ábyrgð á þáttum sem varða sjálfbærni.

11) Vaxandi eftirspurn eftir lífeldsneyti um allan heim og þeir hvatar sem kveðið er á um í þessari tilskipun um notkun þeirra ættu ekki að leiða til þess að land þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil verði eyðilagt. Vernda skal þessar takmörkuðu auðlindir sem viðurkennt hefur verið í ýmsum alþjóðlegum gerningum að séu öllu mannkyninu mikils virði. Notendum í Bandalaginu þætti þar að auki siðferðilega óviðunandi að aukin notkun þeirra á lífeldsneyti gæti leitt til eyðileggingar á landi þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil. Af þeim sökum er nauðsynlegt að kveða á um viðmiðanir um sjálfbærni sem tryggja að hvatarnir nái einungis til lífeldsneytis þegar hægt er að ábyrgjast að það eigi ekki uppruna sinn á svæðum með líffræðilega fjölbreytni eða, þegar um er að ræða svæði sem þjóna þeim tilgangi að vernda náttúruna eða að vernda vistkerfi eða tegundir sem eru sjaldgæfar, er ógnað eða eru í útrýmingarhættu, ef viðkomandi lögbært yfirvald getur sýnt fram á að framleiðsla þessa hráefnis raski ekki þessum tilgangi. Í viðmiðununum um sjálfbærni skulu skógar taldir líffræðilega fjölbreyttir ef þeir eru frumskógar í samræmi við skilgreininguna sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) notar í hnattrænu mati sínu á skógarauðlindum og sem lönd um allan heim nota til að greina frá útbreiðslu frumskóga eða ef þeir eru verndaðir samkvæmt landsbundnum náttúruverndarlögum. Þau svæði þar sem söfnun skógræktarafurða, annarra en viðar, fer fram skulu talin með að því tilskildu að áhrif af mannavöldum séu óveruleg. Aðrar skógartegundir, eins og þær eru skilgreindar af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, t.d. breyttir náttúrulegir skógar, hálfnáttúrulegir skógar og plantekrur, skulu ekki teljast til frumskóga. Að teknu tilliti til þess hve mikill líffræðilegur fjölbreytileiki finnst á tilteknum graslendum, bæði á tempruðum svæðum og hitabeltissvæðum, m.a. gresjum, steppum, kjarrlendi og sléttum sem hafa mikinn líffræðilegan fjölbreytileika, ættu þeir hvatar sem kveðið er á um í þessari tilskipun ekki að ná til lífeldsneytis sem er framleitt úr hráefnum sem eru upprunnin á slíkum lendum. Framkvæmdastjórnin skal koma á viðeigandi viðmiðunum og landfræðilegum mörkum til að skilgreina slíkt graslendi sem hefur mikinn líffræðilegan fjölbreytileika í samræmi við bestu tiltæku vísindaþekkingu og viðeigandi alþjóðlega staðla.

12) Þegar reiknuð eru út áhrif breyttrar landnýtingar á losun gróðurhúsalofttegunda skulu rekstraraðilar geta notað raunveruleg gildi fyrir þær kolefnisbirgðir sem tengdar eru viðmiðunarlandnýtingunni og landnýtingunni eftir breytingu. Þeir skulu einnig geta notað staðalgildi. Vinna milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar er viðeigandi grundvöllur fyrir slík staðalgildi. Þessi vinna er sem stendur ekki tiltæk á formi sem rekstraraðilar geta nýtt sér strax. Framkvæmdastjórnin skal því gefa út leiðbeiningar, sem byggjast á þessari vinnu, sem skulu vera grundvöllur fyrir útreikninga á breytingum á kolefnisbirgðum að því er varðar þessa tilskipun, þ.m.t. slíkar breytingar á skóglendi með 10–30% laufþekju, á gresjum, kjarrlendi og sléttum.

([7]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2006, bls. 16.

13) Rétt þykir að framkvæmdastjórnin þrói aðferðir til að meta áhrifin sem framræsla mómýra hefur á losun gróðurhúsalofttegunda.

14) Ekki skal breyta landi til að framleiða lífeldsneyti ef ekki er hægt að bæta fyrir kolefnisbirgðir sem tapast við breytinguna, innan hæfilegs tíma með tilliti til þess hve áríðandi er að takast á við loftslagsbreytingar, með minnkun gróðurhúsalofttegunda sem hlýst af framleiðslu lífeldsneytis. Þetta myndi koma í veg fyrir að rekstraraðilar framkvæmi óþarfa, íþyngjandi rannsókn og að landi verði breytt þar sem kolefnisbirgðir eru miklar og sem myndi síðar reynast ótækt til framleiðslu hráefna fyrir lífeldsneyti. Skrár yfir kolefnisbirgðir á heimsvísu gefa til kynna að votlendi og samfelld skóglendi með meira en 30% laufþekju ættu að tilheyra þessum flokki. Skóglendi með 10–30% laufþekju skal einnig teljast þar með nema gögn sýni fram á að kolefnisbirgðir þess séu nægilega litlar til að réttlæta breytingu í samræmi við þær reglur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Tilvísunin til votlendis skal taka mið af skilgreiningunni sem mælt er fyrir um í samþykktinni um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, sem samþykkt var 2. febrúar 1971 í Ramsar.

15) Þeir hvatar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun munu stuðla að aukinni framleiðslu lífeldsneytis um allan heim. Ef lífeldsneyti er unnið úr hráefni sem framleitt er innan Bandalagsins skal það einnig samræmast umhverfiskröfum Bandalagsins varðandi landbúnað, þ.m.t. kröfur um verndun gæða grunnvatns og yfirborðsvatns, sem og félagslegum kröfum. Hins vegar er það áhyggjuefni að lágmarkskröfur á sviði umhverfis- eða félagsmála yrðu ef til vill ekki uppfylltar við framleiðslu lífeldsneytis í tilteknum þriðju löndum. Það er því viðeigandi að stuðla að þróun marghliða og tvíhliða samninga og valfrjálsra, alþjóðlegra eða landsbundinna kerfa sem taka til helstu umhverfis- og félagslegra sjónarmiða í þeim tilgangi að efla sjálfbæra framleiðslu lífeldsneytis um allan heim. Séu slíkir samningar eða kerfi ekki fyrir hendi skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstraraðilar gefi skýrslu um þessi mál.

16) Viðmiðanir um sjálfbærni verða aðeins árangursríkar ef þær leiða til breytinga á hegðun markaðsaðila. Þessar breytingar munu aðeins eiga sér stað ef hægt er að selja lífeldsneyti, sem uppfyllir þessar viðmiðanir, á hærra verði en eldsneyti sem uppfyllir þær ekki. Samkvæmt massajafnvægisaðferðinni til að sannreyna að farið sé að ákvæðum eru efnisleg tengsl á milli framleiðslu lífeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir um sjálfbærni og notkunar lífeldsneytis í Bandalaginu, sem skapar hæfilegt jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar og tryggir þar með yfirverð sem er hærra en í kerfum þar sem engin slík tengsl eru til staðar. Massajafnvægisaðferðin skal því notuð til að sannreyna að farið sé að ákvæðum til að tryggja að hægt sé að selja lífeldsneyti, sem uppfyllir viðmiðanirnar um sjálfbærni, á hærra verði. Þetta ætti að viðhalda heilleika kerfisins og á sama tíma koma í veg fyrir að ósanngjörn byrði sé lögð á iðnaðinn. Aðrar sannprófunaraðferðir skulu þó endurskoðaðar.

17) Eftir því sem við á skal framkvæmdastjórnin taka tilhlýðilegt tillit til þúsaldarmatsins á vistkerfum (e. *Millennium Ecosystem Assessment*) sem inniheldur nytsamleg gögn varðandi varðveislu a.m.k. þeirra svæða sem veita grundvallar vistkerfisþjónustu við aðstæður sem miklu máli skipta s.s. verndun vatnasviðs og takmörkun jarðvegseyðingar.

18) Við útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda skal taka aukaafurðir frá framleiðslu og notkun eldsneytis með í reikninginn. Skiptiaðferðin hentar fyrir stefnugreiningu en ekki til reglusetningar fyrir einstaka rekstraraðila og einstakar sendingar eldsneytis til flutninga. Í þeim tilvikum er orkuúthlutunaraðferðin sú aðferð sem best á við þar sem hún er auðveld í notkun og fyrirsjáanleg til lengri tíma ásamt því að hún lágmarkar hvata sem hafa ekki tilætluð áhrif og gefur niðurstöður sem eru almennt sambærilegar við þær sem fást með skiptiaðferðinni. Að því er varðar stefnugreiningu skal framkvæmdastjórnin einnig setja fram niðurstöður fengnar með skiptiaðferðinni í skýrslugjöf sinni.

19) Í því skyni að leggja ekki á óhóflega stjórnsýslubyrði skal mæla fyrir um skrá yfir staðalgildi fyrir algeng framleiðsluferli lífeldsneytis og skal sú skrá uppfærð og víkkuð út þegar frekari áreiðanleg gögn liggja fyrir. Rekstraraðilar skulu alltaf eiga rétt á reikna sér þá minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir lífeldsneyti sem kveðið er á um í þeirri skrá. Ef staðalgildin fyrir minnkun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðsluferli eru lægri en kröfur um lágmarksminnkun gróðurhúsalofttegunda skal þess krafist af framleiðendum, sem óska eftir því að sýna fram á að þeir uppfylli þessar lágmarkskröfur, að þeir sýni fram á að raunveruleg losun frá framleiðsluferli þeirra sé minni en sú sem gert var ráð fyrir í útreikningum á staðalgildunum.

20) Rétt þykir að gögnin sem notuð eru við útreikninga á staðalgildunum séu fengin frá óháðum upplýsingaveitum þar sem sérfræðiþekking á sviði vísinda er til staðar og séu uppfærð eins og við á eftir því sem vinnu þessara upplýsingaveitna miðar áfram. Framkvæmdastjórnin skal hvetja þessa heimildarmenn til að takast á við, þegar þeir uppfæra vinnu sína, losun frá ræktun, áhrif svæðisbundinna skilyrða og veðurfarslegra skilyrða, áhrif ræktunar með sjálfbærum aðferðum í landbúnaði og lífrænum búskap og vísindalegs framlags framleiðenda innan Bandalagsins og í þriðju löndum, sem og borgaralegs samfélags.

21) Til að koma í veg fyrir að stuðlað sé að ræktun hráefnis fyrir lífeldsneyti á svæðum þar sem slíkt myndi leiða til mikillar losunar gróðurhúsalofttegunda skal takmarka notkun staðalgilda fyrir ræktun við svæði þar sem hægt er að útiloka slík áhrif með vissu. Til að komast hjá óhóflegri stjórnsýslubyrði er viðeigandi að aðildarríki fastsetji landsmeðaltöl eða svæðisbundin meðaltöl fyrir losun frá ræktun, þ.m.t. frá áburðarnotkun.

22) Hnattræn eftirspurn eftir landbúnaðarhráefnum fer vaxandi. Þessari auknu eftirspurn verður að hluta til mætt með því að stækka svæðið sem notað er undir landbúnað. Ein leið til að stækka svæði til ræktunar er að endurheimta land sem er alvarlega hnignað eða mikið mengað og sem er því ekki hægt að nota til landbúnaðar í núverandi ástandi. Sökum þess að stuðningur við lífeldsneyti mun leiða til aukinnar eftirspurnar eftir landbúnaðarhráefnum ætti sjálfbærniáætlunin að stuðla að því að endurheimt hnignað land verði notað. Jafnvel þótt lífeldsneyti sé framleitt úr hráefnum sem koma af landi sem þegar er notað sem akurland gæti hrein aukning á eftirspurn eftir nytjaplöntum, sem stuðningur við lífeldsneyti skapar, leitt til hreinnar aukningar á ræktunarlandi. Þetta gæti haft áhrif á land þar sem kolefnisbirgðir eru miklar, sem myndi leiða til skaðlegs taps á kolefnisbirgðum. Til að draga úr þessari áhættu þykir rétt að innleiða hliðarráðstafanir í öðrum löndum sem nota lífeldsneyti, til að stuðla að aukinni framleiðni á landi sem þegar er notað til ræktunar, notkun hnignaðs lands og samþykkt krafna um sjálfbærni sem eru sambærilegar við þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun um lífeldsneytisnotkun í Bandalaginu. Framkvæmdastjórnin skal þróa fastmótaða aðferð til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af völdum óbeinna breytinga á landnýtingu. Í þessu skyni ætti framkvæmdastjórnin einkum að greina, á grundvelli bestu tiltæku vísindaþekkingar, hvort taka eigi með í útreikningum á losun gróðurhúsalofttegunda stuðul fyrir óbeinar breytingar á landnotkun og þörfina á hvötum fyrir sjálfbært lífeldsneyti sem lágmarkar áhrif af breytingum á landnotkun og bætir sjálfbærni lífeldsneytis með tilliti til óbeinna breytinga á landnotkun. Við þróun á þessari aðferð skal framkvæmdastjórnin m.a. fjalla um hugsanlegar óbeinar breytingar á landnotkun af völdum lífeldsneytis sem framleitt er úr öðrum sellulósaefnum en matvælum og úr lignósellulósaefnum.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í 7. gr. b til 7. gr. e í tilskipun 98/70/EB, byggjast á 95. gr. sáttmálans því að þær stuðla einnig að starfsemi innri markaðarins með því að samræma viðmiðanir um sjálfbærni lífeldsneytis fyrir uppgjör markmiða samkvæmt þeirri tilskipun og auðvelda því viðskipti milli aðildarríkja með lífeldsneyti sem uppfyllir þessi skilyrði, sbr. 7. gr. b (8. mgr.) í þeirri tilskipun.

24) Áframhaldandi tækniframfarir á sviði bifvéla- og eldsneytistækni ásamt viðvarandi löngun til að tryggja að lögð sé áhersla á bestu hugsanlegu umhverfis- og heilsuvernd gerir nauðsynlega reglubundna endurskoðun á forskriftum fyrir eldsneyti, sem byggist á frekari rannsóknum og greiningum á þeim áhrifum sem aukefni og lífeldsneytisþættir hafa á losun mengandi efna. Því skal reglulega leggja fram skýrslur um möguleikann á að greiða fyrir minnkun á kolefnislosun frá eldsneyti til flutninga.

25) Notkun þvotta- og hreinsiefna getur stuðlað að því að halda vélum hreinum og þar með dregið úr losun mengandi efna. Eins og sakir standa er ekki til fullnægjandi aðferð til að prófa eldsneytissýni með tilliti til hreinsandi eiginleika. Því hvílir ábyrgðin á að upplýsa viðskiptavini um kosti þvotta- og hreinsiefna og notkun þeirra á eldsneytisbirgjum og birgjum ökutækja. Eigi að síður skal framkvæmdastjórnin endurskoða hvort frekari þróun myndi leiða til skilvirkari aðferða við að hámarka notkun og kosti þvotta- og hreinsiefna.

26) Endurskoða skal ákvæðin sem varða blöndun etanóls við bensín á grundvelli fenginnar reynslu af beitingu tilskipunar 98/70/EB. Í endurskoðuninni skal einkum yfirfara ákvæðin varðandi takmörkun á gufuþrýstingi og aðra mögulega kosti til að tryggja að etanólblöndur fari ekki yfir viðunandi gufuþrýstingsmörk.

27) Með því að blanda etanóli við bensín eykst gufuþrýstingur eldsneytisins sem til verður. Enn fremur skal setja hömlur á gufuþrýsting bensíns til að takmarka losun loftmengandi efna.

28) Blöndun etanóls við bensín leiðir til ólínulegra breytinga á gufuþrýstingi eldsneytisblöndunnar sem til verður. Rétt þykir að kveða á um möguleika á undanþágu varðandi hámarksgufuþrýsting yfir sumartímann fyrir slíkar blöndur eftir viðeigandi mat framkvæmdastjórnarinnar. Undanþágan skal háð því að farið sé að löggjöf Bandalagsins um loftgæði og loftmengun. Slík undanþága skal samsvara raunverulegri aukningu á gufuþrýstingi sem fæst með því að bæta ákveðnu hlutfalli etanóls við bensín.

29) Til að hvetja til notkunar á kolefnissnauðu eldsneyti og virða jafnframt markmið um loftmengun skulu bensínhreinsunarstöðvar, ef unnt er, bjóða upp á bensín með lágan gufuþrýsting í því magni sem krafist er. Þar sem málum er ekki þannig háttað um þessar mundir skal auka gufuþrýstingsmörk etanólblandna, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, til að lífeldsneytismarkaðurinn geti þróast.

30) Ábyrgðir á tilteknum eldri ökutækjum ná ekki til notkunar á bensíni með miklu lífeldsneytisinnihaldi. Þessi ökutæki mega fara frá einu aðildarríkis til annars. Því er rétt að tryggja umbreytingartímabil þar sem bensín sem hentar þessum eldri ökutækjum verður áfram á boðstólum. Aðildarríkin skulu tryggja, í samráði við hagsmunaaðila, viðeigandi landfræðilega útbreiðslu sem endurspeglar eftirspurn eftir slíku bensíni. Merking á bensíni, t.d. sem E5 eða E10, skal samrýmast viðeigandi staðli Staðlasamtaka Evrópu (CEN).

31) Rétt þykir að aðlaga IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB til að hægt sé að setja á markað dísileldsneyti með hærra lífeldsneytismagn (B7) en gert er ráð fyrir í staðli EN 590:2004 (B5). Þennan staðal skal uppfæra til samræmis við það og með honum skal koma á takmörkunum á tæknilegum færibreytum sem ekki er að finna í þeim viðauka, t.d. stöðugleika gegn oxun, blossamarki, kolefnisleifum, öskuinnihaldi, vatnsinnihaldi, heildarmengun, tæringu koparræmu, smureiginleikum, eðlisseigju, gruggunarmarki, stíflunarpunkti síu í kulda, fosfórinnihaldi, sýrustuðli, peroxíðum, breytileika á sýrustuðli, óhreinum eldsneytislokum og viðbót aukefna til að auka stöðugleika.

32) Til að auðvelda skilvirka markaðssetningu lífeldsneytis eru Staðlasamtök Evrópu hvött til að vinna áfram hratt að staðli sem heimilar blöndun á meira magni af lífeldsneytisþáttum við díselolíu og einkum að þróa staðal fyrir „B10“.

33) Af tæknilegum ástæðum er þörf á mörkum fyrir innihald fitusýrumetýlesters (FAME) í díselolíu. Hins vegar er ekki gerð krafa um slík mörk fyrir aðra lífeldsneytisþætti, s.s. hrein vetniskolefni sem líkjast dísilolíu og eru unnin úr lífmassa með Fischer-Tropsch aðferðinni eða vetnaðri jurtaolíu.

34) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að greiða fyrir því að gasolía sem inniheldur 10 milljónarhluta brennisteins sé sett á markað fyrir 1. janúar 2011.

35) Notkun sérstakra málmíblöndunarefna, einkum notkun metýlsýklópentadíenýlmangantríkarbónýls (MMT), getur aukið áhættu á tjóni á heilbrigði manna og valdið skemmdum á hreyflum ökutækja og mengunarvarnarbúnaði. Margir ökutækjaframleiðendur mæla gegn notkun eldsneytis sem inniheldur málmíblöndunarefni og getur notkun slíks eldsneytis fellt ábyrgð ökutækja úr gildi. Því er rétt að fylgjast stöðugt með áhrifum notkunar metýlsýklópentadíenýlmangantríkarbónýls í bensíni í samráði við alla viðeigandi hagsmunaaðila. Meðan frekari endurskoðunar er beðið er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að takmarka alvarleika þess tjóns sem gæti orðið. Því er rétt að setja efri mörk á notkun metýlsýklópentadíenýlmangantríkarbónýls í bensíni á grundvelli þeirrar vísindaþekkingar sem fyrir hendi er. Þessi mörk skal aðeins endurskoða til aukningar ef hægt er að sýna fram á að notkun hærri skömmtunartíðni hafi ekki skaðleg áhrif. Til að forðast að neytendur ógildi ábyrgðir á ökutækjum sínum óafvitandi er einnig nauðsynlegt að krefjast merkinga á öllu eldsneyti sem inniheldur málmíblöndunarefni.

36) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([8]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörunina milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

37) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á tilskipun 98/70/EB í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([9]).

38) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa umboð til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi fyrirkomulagið til að vakta og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, til að aðlaga þær aðferðafræðilegu meginreglur og þau gildi sem nauðsynleg eru til mats á því hvort viðmiðanir um sjálfbærni hafi verið uppfylltar í tengslum við lífeldsneyti, til að ákveða viðmiðanir og landfræðileg mörk graslendis þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil, til að endurskoða takmörkin á innihaldi metýlsýklópentadíenýlmangantríkarbónýls í eldsneyti og til að laga aðferðina til að reikna út losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli að framförum á sviði tækni og vísinda, ásamt heimiluðum greiningaraðferðum í tengslum við forskriftir fyrir eldsneyti og undanþáguna fyrir gufuþrýsting sem heimiluð er fyrir bensín sem inniheldur lífetanól. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að breyta aðferðafræðilegu meginreglunum og gildunum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

39) Í tilskipun 98/70/EB er kveðið á um fjölda forskrifta fyrir eldsneyti en sumar þeirra eru nú óþarfar. Að auki inniheldur hún fjölda undanþága sem ekki eru lengur í gildi. Til glöggvunar er því viðeigandi að fella þessi ákvæði brott.

40) Í tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis ([10]) er mælt fyrir um tiltekna þætti varðandi eldsneytisnotkun við flutninga á skipgengum vatnaleiðum. Skýra þarf afmörkunina milli þeirrar tilskipunar og tilskipunar 98/70/EB. Með báðum tilskipunum er komið á takmörkunum á hámarksinnhaldi brennisteins í gasolíu sem notuð er í skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum. Í þágu skýrleika og réttarvissu er því viðeigandi að breyta þeim tilskipunum þannig að einungis sé mælt fyrir um þessa takmörkun í einni gerð.

([8]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([10]) Stjtíð. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13.

41) Ný, hreinni hreyfiltækni hefur verið þróuð fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum. Aðeins er hægt að knýja slíka hreyfla með mjög brennisteinsrýru eldsneyti. Minnka skal brennisteinsinnihald eldsneytis fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eins fljótt og unnt er.

42) Því ber að breyta tilskipun 98/70/EB og tilskipun 1999/32/EB til samræmis við það.

43) Tilskipun ráðsins 93/12/EBE frá 23. mars 1993 um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti ([11]) hefur tekið miklum breytingum í tímans rás og hefur því tapað mikilvægi sínu. Því ber að fella hana úr gildi.

44) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiðum þessarar tilskipunar svo vel sé, nánar tiltekið að tryggja innri markað fyrir flutninga á vegum og færanlegan vélabúnað til nota utan vega og að tryggja að lágmarksumhverfisvernd sé virt við notkun þessa eldsneytis, og þeim verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 98/70/EB

Tilskipun 98/70/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„*1. gr.*

Gildissvið

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um, að því er varðar ökutæki og færanlegan vélbúnað til nota utan vega (þ.m.t. skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum þegar þau eru ekki á sjó), dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt og skemmtibáta þegar þeir eru ekki á sjó:

a) tækniforskriftir af heilbrigðis- og umhverfislegum ástæðum fyrir eldsneyti sem nota á með rafkveikju og þjöppukveikjuhreyflum (var: þrýstikveikjuhreyflum) með tilliti til tæknilegra krafna sem gilda um slíka hreyfla og

b) markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli.“,

([11]) Stjtíð. EB L 74, 27.3.1993, bls. 81.

2. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í fyrstu málsgrein:

i. Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. „gasolía ætluð til notkunar fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega (þ.m.t. skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum), dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt og skemmtibáta“: hvers kyns afleiddur vökvi úr jarðolíu sem fellur undir SN-númerin 27101941 og 27101945 ([*]), ætlaður til notkunar fyrir þjöppukveikjuhreyfla sem um getur í tilskipunum 94/25/EB ([**]) (þar: þrýstikveikjuhreyflar), 97/68/EB ([***]) og 2000/25/EB ([****])“,

([*]) SN-númerin eru þau sem eru tilgreind í sameiginlegu tollskránni (Stjtíð. EB L 256, 7.6.1987, bls. 1).
([**]) Stjtíð. EB L 164, 30.6.1994, bls. 15.
([***]) Stjtíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.
([****]) Stjtíð. EB L 173, 12.7.2000, bls. 1.

ii. Eftirfarandi liðir bætist við:

„5. „aðildarríki með lágan umhverfishita á sumrin“: Danmörk, Eistland, Finnland, Írland, Lettland, Litháen, Svíþjóð og Bretland,

6. „losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli“: öll nettólosun á CO_2, CH_4 and N_2O sem hægt er að tengja afhenta eldsneytinu (þ.m.t. öllum blönduðum efnisþáttum) eða orkunni. Þetta tekur til allra viðeigandi þrepa frá útdrætti eða ræktun, þ.m.t. breytinga á landnýtingu, flutninga og dreifingu, vinnslu og bruna án tillits til þess hvar þessi losun á sér stað,

7. „losun gróðurhúsalofttegunda fyrir hverja orkueiningu“: heildarmassi losunar gróðurhúsalofttegunda talið í jafngildiseiningum koltvísýrings í tengslum við afhent eldsneyti eða orku, deilt með heildarorkuinnihaldi afhents eldsneytis eða orku (fyrir eldsneyti, gefið upp með lágu brunagildi þess),

8. „birgir“: sá aðili sem ber ábyrgð á að senda eldsneyti eða orku í gegnum innheimtustöð vörugjalda eða, ef ekki þarf að greiða vörugjöld, einhver annar viðeigandi aðili sem aðildarríki tilnefnir,

9. „lífeldsneyti“ hefur sömu merkingu og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum ([*]).“

([*]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

b) Önnur málsgrein falli brott.

3. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. til 6. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að einungis sé heimilt að setja bensín á markað á yfirráðasvæði þeirra uppfylli það umhverfisforskriftirnar sem settar eru fram í I. viðauka.

Að því er varðar ystu svæði er aðildarríkjunum þó heimilt að setja sértæk ákvæði um að innleiða notkun á bensíni með brennisteinsinnihald að hámarki 10 mg/kg. Aðildarríki sem nýta sér þetta ákvæði skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að birgjar sjái til þess að sett sé á markað bensín með 2,7% hámarkssúrefnisinnihald og 5% hámarksetanólinnihald til ársins 2013 og geta krafist þess að slíkt bensín sé sett á markað í lengri tíma telji þau það nauðsynlegt. Þau skulu tryggja að neytendur fái viðeigandi upplýsingar um lífeldsneytisinnihald bensíns, þá einkum um viðeigandi notkun á mismunandi bensínblöndum.

4. Aðildarríki með lágan umhverfishita á sumrin mega, með fyrirvara um 5. mgr., heimila að bensín með 70 kPa hámarksgufuþrýsting sé sett á markað yfir sumarið.

Í þeim aðildarríkjum, þar sem undanþágan sem um getur í fyrstu undirgrein gildir ekki, má, með fyrirvara um 5. mgr., heimila að bensín sem inniheldur etanól með 60 kPa hámarksgufuþrýstingi sé sett á markað yfir sumarið og veita undanþáguna fyrir gufuþrýsting sem tilgreind er í III. viðauka, með því skilyrði að etanólið sem notað er sé lífeldsneyti.

5. Þegar aðildarríki óska eftir að nýta sér aðra hvora undanþáguna, sem kveðið er á um í 4. mgr., skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni það og veita allar viðeigandi upplýsingar. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á hvort undanþágan sé æskileg og á gildistíma hennar, með hliðsjón af:

a) hvort hægt sé að komast hjá félagslegum og hagrænum vandamálum í kjölfar hærri gufuþrýstings, þ.m.t. þörfina á tæknilegum aðlögunum með tímamörkum og

b) afleiðingum fyrir umhverfið eða heilsufar vegna hærri gufuþrýstings, einkum áhrifum af reglufylgni við löggjöf Bandalagsins um loftgæði, bæði í hlutaðeigandi aðildarríki og í öðrum aðildarríkjum.

Sýni mat framkvæmdastjórnarinnar fram á að undanþágan muni leiða til þess að ekki verði farið að löggjöf Bandalagsins um loftgæði eða loftmengun, þ.m.t. viðeigandi viðmiðunarmörk og efri mörk losunar, skal hafna umsókninni. Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa hliðsjón af viðeigandi markgildum.

Ef framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum við viðeigandi upplýsingum innan sex mánaða frá því þær berast er aðildarríkinu heimilt að sækja um undanþáguna sem óskað er.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. mega aðildarríkin áfram heimila markaðssetningu á litlu magni af blýbensíni, með blýinnihald sem fer ekki yfir 0,15 g/l sem samsvarar að hámarki 0,03% af heildarsölu, sem sérstakir hagsmunahópar sjá um að dreifa til nota á sérstök gömul ökutæki.“,

b) Ákvæði 7. mgr. falli brott.

4. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Dísileldsneyti

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðeins sé heimilt að setja dísileldsneyti á markað á yfirráðasvæði þeirra uppfylli það forskriftirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

Þrátt fyrir kröfurnar í II. viðauka mega aðildarríkin heimila að dísilolía, sem inniheldur meira en 7% fitusýrumetýlester (FAME), sé sett á markað.

Aðildarríkin skulu tryggja að neytendur fái viðeigandi upplýsingar um lífeldsneytið, einkum magn fitusýrumetýlesters í dísileldsneyti.

2. Aðildarríkin skulu tryggja, eigi síðar en 1. janúar 2008, að aðeins sé heimilt að setja gasolíur, sem ætlaðar er til notkunar fyrir hreyfanlegan vélbúnað til nota utan vega (þ.m.t. skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum), dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt og skemmtibáta, á markað á yfirráðasvæði þeirra ef brennisteinsinnihald þessara gasolía fer ekki yfir 1000 mg/kg. Frá 1. janúar 2011 skal leyfilegt hámarksbrennisteinsinnihald þessara gasolía vera 10 mg/kg. Aðildarríkin skulu tryggja að aðeins sé heimilt að nota fljótandi eldsneyti, annað en þessar gasolíur, í skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og skemmtibátum ef brennisteinsinnihald fljótandi eldsneytisins fer ekki yfir leyfilegt hámarksinnihald þessara gasolía.

Til að taka tillit til lágmarksmengunar í aðfangakeðjunni mega aðildarríkin þó heimila, frá 1. janúar 2011, að gasolía sem ætluð er til notkunar fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega (þ.m.t. skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum), dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt og skemmtibáta, megi innihalda allt að 20 mg/kg af brennisteini í endanlegri dreifingu til endanlegra notenda. Aðildarríkin mega einnig heimila að gasolía, sem inniheldur allt að 1000 mg/kg af brennisteini, ætluð fyrir járnbrautir og dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt, sé áfram sett á markað fram til 31. desember 2011 að því tilskildu að þau geti tryggt að það hafi ekki áhrif á eðlilega starfsemi losunarstjórnkerfisins.

3. Að því er varðar afskekktustu svæðin er aðildarríkjunum þó heimilt að setja sérstök ákvæði um að innleiða notkun á dísileldsneyti og gasolíum með brennisteinsinnihaldi að hámarki 10 mg/kg. Aðildarríki sem nýta sér þetta ákvæði skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

4. Að því er varðar aðildarríki þar sem vetur eru harðir má miða við hámarkseimingarmarkið 10% (rúmmálshlutfall) við 180 °C í stað hámarkseimingarmarksins 65% við 250 °C að því er varðar dísileldsneyti og gasolíu.“,

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„7. gr. a

Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þann birgi eða þá birgja sem bera ábyrgð á vöktun og skýrslugerð um losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku. Þegar um veitendur rafmagns til notkunar í ökutækjum er að ræða skulu aðildarríkin tryggja að slíkir veitendur geti kosið að leggja sitt af mörkum við minnkunarskylduna, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., ef þeir geta sýnt fram á að þeir geti, á viðunandi hátt, mælt og vaktað rafmagnið sem veitt er til notkunar í þessum ökutækjum.

Frá og með 1. janúar 2011 skulu birgjar senda yfirvaldinu, sem aðildarríkið tilnefnir, árlega skýrslu um styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og orku sem afhent er innan hvers aðildarríkis með því að veita a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) heildarmagn hverrar tegundar eldsneytis eða orku sem afhent er og gefa til kynna hvar hún var keypt og uppruna hennar og

b) losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að skýrslur séu sannprófaðar.

Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, setja viðmiðunarreglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að birgjar minnki smám saman losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku um allt að 10% fyrir 31. desember 2020, miðað við lágmarksstaðlana fyrir eldsneyti sem um getur í b-lið 5. mgr. Þessi minnkun skal nema:

a) eigi síðar en 31. desember 2020: 6%. Aðildarríkin geta, vegna þessarar lækkunar, krafist þess að birgjar fari að eftirfarandi millimarkmiðum: eigi síðar en 31. desember 2014: 2%, og 4% eigi síðar en 31. desember 2017,

b) fyrir 31. desember 2020: 2% leiðbeinandi viðbótarmarkmiði, með fyrirvara um h-lið 1. mgr. 9. gr., sem skal ná með annarri eða báðum eftirfarandi aðferðum:

   i. afhendingu á orku fyrir flutning sem ætluð er til notkunar í einhverri tegund ökutækis, færanlegum vélum sem eru ekki notaðar á vegum (þ.m.t. skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum), dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt og skemmtibátum,

   ii. notkun á hvers kyns tækni (þ.m.t. föngun og geymslu kolefnis) sem getur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti eða afhentri orku,

c) fyrir 31. desember 2020: 2% leiðbeinandi viðbótarmarkmiði, með fyrirvara um i-lið 1. mgr. 9. gr., sem skal ná með notkun inneignar sem keypt er í gegnum kerfi hreinleikaþróunar í Kýótóbókuninni, samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (*), fyrir lækkanir á sviði eldsneytisdreifingar.

3. Reikna skal losun gróðurhúsalofttegunda frá lífseldsneyti á vistferli í samræmi við 7. gr. d. Reikna skal losun gróðurhúsalofttegunda frá öðru eldsneyti og orku á vistferli með því að nota aðferðina sem mælt er fyrir um í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hópur birgja geti kosið að uppfylla minnkunarskylduna samkvæmt 2. mgr. í sameiningu. Í þeim tilvikum skal líta á þá sem einn birgi að því er varðar 2. mgr.

5. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd þessarar greinar sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 11. gr. Slíkar ráðstafanir fela einkum í sér:

a) aðferðina sem notuð er til að reikna út losun gróðurhúsalofttegunda frá eldsneyti, öðru en lífeldsneyti, og úr orku, á vistferli,

b) aðferðina þar sem tilgreindir eru, fyrir 1. janúar 2011, lágmarksstaðlarnir fyrir eldsneyti sem byggjast á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr jarðefnaeldsneyti á árinu 2010, að því er varðar 2. mgr.,

c) allar nauðsynlegar reglur til að koma 4. mgr. í framkvæmd,

d) aðferðina sem notuð er til að reikna framlag rafknúinna ökutækja, sem skal samrýmast 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/28/EB.“

6. Eftirfarandi greinar bætist við:

(*) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

„7. gr. b

Viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti

1. Án tillits til þess hvort hráefnin voru ræktuð innan eða utan yfirráðasvæðis Bandalagsins skal orka frá lífeldsneyti einungis talin með að því er varðar 7. gr. a ef viðmiðanirnar um sjálfbærni, sem settar eru fram í 2. til 6. mgr. þessarar greinar, eru uppfylltar.

Lífeldsneyti sem er framleitt úr úrgangi og leifum, öðrum en þeim sem koma úr landbúnaði, lagareldi, sjávarútvegi og skógrækt, þarf þó aðeins að uppfylla viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 2. mgr. þessarar greinar til að geta talist með að því er varðar 7. gr. a.

2. Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda með notkun lífeldsneytis sem talin er með að því er varðar 1. mgr. skal vera a.m.k. 35%.

Frá og með 1. janúar 2017 skal minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar lífeldsneytis sem talið er með að því er varðar 1. mgr. vera a.m.k. 50%. Frá og með 1. janúar 2018 skal minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna lífeldsneytis sem framleitt er í orkuverum þar sem starfræksla hófst 1. janúar 2017 eða síðar, vera a.m.k. 60%.

Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar lífeldsneytis skal reiknuð í samræmi við 1. mgr. 7. gr. d.

Ef um er að ræða lífeldsneyti sem var framleitt í orkuverum sem voru í rekstri 23. janúar 2008 gildir fyrsta undirgrein frá og með 1. apríl 2013.

3. Lífeldsneyti sem talið er með að því er varðar 1. mgr. skal ekki framleitt úr hráefni sem fengið er af landi sem hefur mikið gildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni, þ.e. landi sem hafði einhverja af eftirfarandi stöðum í janúar 2008 eða síðar, hvort sem landið hefur enn slíka stöðu eða ekki:

a) frumskógur og annað skóglendi, þ.e. skógur og annað skóglendi með upprunalegum tegundum, þar sem engin greinileg ummerki eru um starfsemi manna og vistfræðileg ferli hafa ekki orðið fyrir marktækri röskun,

b) svæði útnefnd:

   i. sem náttúruverndarsvæði samkvæmt lögum eða af viðeigandi lögbæru yfirvaldi eða

   ii. sem verndarsvæði vistkerfa eða tegunda sem eru sjaldgæfar, er ógnað eða eru í útrýmingarhættu, sem eru viðurkenndar í alþjóðasamningum eða tilgreindar í skrám milliríkjastofnana eða Alþjóðanáttúruverndarsambandsins, með fyrirvara um viðurkenningu þeirra í samræmi við aðra undirgrein 4. mgr. 7. gr. c, nema lagðar séu fram sannanir fyrir því að framleiðsla þessa hráefnis hafi ekki haft áhrif á þessi náttúruverndarmarkmið,

c) graslendi þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil og er:

   i. náttúrulegt, þ.e. graslendi sem myndi vera áfram graslendi án mannlegrar íhlutunar og sem viðheldur náttúrulegri samsetningu tegunda og vistfræðilegum eiginleikum og ferlum eða

   ii. ekki náttúrulegt, þ.e. graslendi sem myndi ekki vera graslendi áfram án mannlegrar íhlutunar og sem er ríkt af tegundum og ekki hnignað, nema lagðar séu fram sannanir fyrir því að uppskera hráefnanna sé nauðsynleg til að vernda stöðu þess sem graslendis.

Framkvæmdastjórnin skal fastsetja viðmiðanir og landfræðileg mörk til að ákvarða hvaða graslendi fellur undir c-lið fyrstu undirgreinar. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 11. gr.

4. Lífeldsneyti sem talið er með að því er varðar 1. mgr. skal ekki framleitt úr hráefni sem fengið er af landi þar sem eru miklar kolefnisbirgðir, þ.e. landi sem hafði einhverja af eftirfarandi stöðum í janúar 2008 en hefur ekki þá stöðu lengur:

a) votlendi, þ.e. land sem er varanlega eða umtalsverðan hluta ársins þakið vatni eða mettað af vatni,

b) samfellt skóglendi, þ.e. land sem er meira en einn hektari að stærð með trjám sem eru hærri en fimm metrar og með meira en 30% laufþekju eða með trjám sem geta náð þessum viðmiðunarmörkum á staðnum,

c) land sem er meira en einn hektari að stærð með trjám sem eru hærri en fimm metrar og með10–30% laufþekju eða með trjám sem geta náð þessum viðmiðunarmörkum á staðnum, nema lagðar séu fram sannanir fyrir því að kolefnisbirgðir svæðisins fyrir og eftir breytingu séu slíkar að þegar aðferðin, sem mælt er fyrir um í C-hluta IV. viðauka, er notuð séu skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar uppfyllt.

Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki ef landið hafði sömu stöðu á þeim tíma sem hráefnið var fengið og það hafði í janúar 2008.

5. Lífeldsneyti sem talið er með að því er varðar 1. mgr. skal ekki framleitt úr hráefni sem fengið er af landi sem var mómýri í janúar 2008, nema lagðar séu fram sannanir fyrir því að ræktun og tekja hráefnisins feli ekki í sér framræslu lands sem ekki hefur verið ræst fram áður.

6. Hráefni úr landbúnaði, sem ræktað er í Bandalaginu og notað til framleiðslu lífeldsneytis sem talið er með að því er varðar 7. gr. a, skal fengið í samræmi við kröfur og staðla samkvæmt ákvæðunum sem um getur undir fyrirsögninni „Umhverfi“ í A-hluta og í 9. lið II. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 73/2009 frá 19. janúar 2009 um sameiginlegar reglur um bein stuðningskerfi fyrir bændur samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um innleiðingu tiltekinna stuðningskerfa fyrir bændur (*) og í samræmi við lágmarkskröfur um gott landbúnaðar- og umhverfisástand sem skilgreint er í samræmi við 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar.

7. Annað hvert ár skal framkvæmdastjórnin, að því er varðar bæði þriðju lönd og aðildarríki sem eru mikilvægar uppsprettur lífeldsneytis eða hráefna fyrir lífeldsneyti sem notað er innan Bandalagsins, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um landsbundnar ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að virða viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 2. til 5. mgr. og til að vernda jarðveg, vatn og andrúmsloftið. Fyrstu skýrslunni skal skilað 2012.

Annað hvert ár skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um áhrif aukinnar eftirspurnar eftir lífeldsneyti á félagslega sjálfbærni í Bandalaginu og í þriðju löndum, um áhrif stefnu Bandalagsins varðandi lífeldsneyti á framboð matvæla á viðráðanlegu verði, einkum fyrir fólk sem býr í þróunarlöndum, og þróunarmál í víðara samhengi. Skýrslurnar skulu fjalla um virðingu fyrir réttindum til landnýtingar. Í þeim skal taka fram, bæði með tilliti til þriðju landa og aðildarríkja sem eru mikilvægar uppsprettur hráefna fyrir lífeldsneyti sem notað er innan Bandalagsins, hvort landið hafi fullgilt og hrint í framkvæmd öllum eftirfarandi samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:

– Samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu,

– Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess,

– Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega,

– Samþykkt nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf,

– Samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu,

– Samþykkt nr. 111 varðandi misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa,

– Samþykkt nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu,

– Samþykkt nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafalausar aðgerðir til að afnema hana.

Í skýrslunum skal taka fram, bæði með tilliti til þriðju landa og aðildarríkja sem eru mikilvægar uppsprettur hráefna fyrir lífeldsneyti sem notað er innan Bandalagsins, hvort landið hafi fullgilt og hrint í framkvæmd:

– Cartagena-bókuninni um líföryggi,

– samningnum um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu.

Fyrstu skýrslunni skal skilað 2012. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja til aðgerðir til úrbóta, einkum ef sannað þykir að framleiðsla lífeldsneytis hafi umtalsverð áhrif á matvælaverð.

8. Að því er varðar 1. mgr. skulu aðildarríkin ekki neita, af öðrum ástæðum er varða sjálfbærni, að telja með lífeldsneyti sem aflað er í samræmi við þessa grein.

7. gr. c

Sannprófun á því að farið sé að viðmiðunum um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti

1. Þegar telja skal lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti með að því er varðar 7. gr. a skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstraraðilar sýni fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 2. til 5. mgr. 7. gr. b hafi verið uppfylltar. Í þeim tilgangi skulu þau krefjast þess að rekstraraðilar noti massajafnvægiskerfi:

a) sem gerir kleift að blanda saman sendingum af hráefni eða lífeldsneyti með ólík sjálfbærnieinkenni,

b) með kröfu um að upplýsingar um sjálfbærnieinkenni og stærð sendinganna, sem um getur í a-lið, fylgi blöndunni áfram og

c) þar sem kveðið er á um að summa allra sendinga, sem teknar eru úr blöndunni, hafi sömu sjálfbærnieinkenni í sama magni og summa allra sendinga sem bætt var í blönduna.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið árin 2010 og 2012 um beitingu sannprófunaraðferðarinnar fyrir massajafnvægi, sem lýst er í 1. mgr., og möguleikann á því að leyfa aðrar sannprófunaraðferðir í tengslum við sumar eða allar gerðir hráefna eða lífeldsneytis. Í mati sínu skal framkvæmdastjórnin taka þessar sannprófunaraðferðir til athugunar þar sem upplýsingar um sjálfbærnieinkenni þurfa ekki að fylgja áfram tilteknum sendingum eða blöndum í áþreifanlegu formi. Matið skal taka mið af nauðsyn þess að viðhalda heildstæði og skilvirkni sannprófunarkerfisins á sama tíma og komið er í veg fyrir að ósanngjörn byrði sé lögð á iðnaðinn. Skýrslunni skulu fylgja, ef við á, tillögur til Evrópuþingsins og ráðsins varðandi notkun annarra sannprófunaraðferða.

3. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðilar leggi fram áreiðanlegar upplýsingar og að þeir geri gögnin, sem notuð voru til grundvallar upplýsinganna, aðgengileg aðildarríkinu sé þess óskað. Aðildarríkin skulu krefjast þess að rekstraraðilarnir sjái til þess að framlagðar upplýsingar fari í gegnum viðunandi, óháða endurskoðun og færi sönnur á að slíkt hafi verið gert. Í endurskoðuninni skal sannreyna að kerfin sem rekstraraðilarnir nota séu nákvæm, áreiðanleg og varin gegn svikum. Í henni skal meta tíðni sýnatöku og aðferðir við hana og traustleika gagnanna.

Upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu einkum innihalda upplýsingar um hvort farið er að viðmiðunum um sjálfbærni, sem settar eru fram í 2. til 5. mgr. 7. gr. b, viðeigandi upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru til að vernda jarðveg, vatn og andrúmsloft, til að endurheimta hnignað land, til að koma í veg fyrir óhóflega vatnsnotkun á svæðum þar sem vatn er af skornum skammti og viðeigandi upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru til að taka tillit til þeirra atriða sem um getur í annarri undirgrein 7. mgr. 7. gr. b.

Í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. skal framkvæmdastjórnin koma upp skrá yfir viðeigandi upplýsingar sem um getur í fyrstu tveimur undirgreinunum. Hún skal einkum tryggja að upplýsingagjöfin skapi ekki óhóflega stjórnsýslubyrði fyrir rekstraraðila almennt eða, einkum, fyrir smábændur, samtök framleiðenda og samvinnufélög.

Skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein gilda hvort sem lífeldsneytið er framleitt innan Bandalagsins eða flutt þangað inn.

Aðildarríkin skulu leggja upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, fyrir framkvæmdastjórnina í formi samantektar. Framkvæmdastjórnin skal birta upplýsingarnar á gagnsæisvettvanginum sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2009/28/EB í formi samantektar en fara með viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem trúnaðarmál.

4. Bandalagið skal leitast við að gera tvíhliða eða marghliða samninga við þriðju lönd, sem innihalda ákvæði um viðmiðanir um sjálfbærni sem samsvara þeim sem er að finna í þessari tilskipun. Hafi Bandalagið gert samninga sem innihalda ákvæði sem tengjast málefnum sem falla undir viðmiðanirnar um sjálfbærni, sem settar eru fram í 2. til 5. mgr. 7. gr. b, getur framkvæmdastjórnin ákveðið að þessir samningar sýni fram á að lífeldsneyti, sem framleitt er úr hráefnum sem ræktað er í þessum löndum, sé í samræmi við þær viðmiðanir um sjálfbærni sem um er að ræða. Þegar þessir samningar eru gerðir skal taka tilhlýðilegt tillit til ráðstafana sem gerðar hafa verið til að vernda svæði sem veita grundvallarvistkerfisþjónustu við aðstæður sem miklu máli skipta (s.s. verndun vatnasvæða og takmörkun jarðvegseyðingar), til að vernda jarðveg, vatn og andrúmsloftið, vegna óbeinna breytinga á landnýtingu, til að endurheimta hnignað land, til að koma í veg fyrir óhóflega vatnsnotkun á svæðum þar sem vatn er af skornum skammti og vegna atriðanna sem um getur í annarri undirgrein 7. mgr. 7. gr. b.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjálsar landsbundnar eða alþjóðlegar áætlanir, sem setja staðla um framleiðslu lífmassaafurða, innihaldi nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 7. gr. b eða sýni fram á að sendingar með lífeldsneyti uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 3. til 5. mgr. 7. gr. b. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að þessar áætlanir innihaldi nákvæm gögn að því er varðar upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru til að varðveita svæði sem veita grundvallarvistkerfisþjónustu við aðstæður sem miklu máli skipta (s.s. verndun vatnasvæða og takmörkun jarðvegseyðingar), til að vernda jarðveg, vatn og andrúmsloft, til að endurheimta hnignað land, til að koma í veg fyrir óhóflega vatnsnotkun á svæðum þar sem vatn er af skornum skammti og vegna atriðanna sem um getur í annarri undirgrein 7. mgr. 7. gr. b. Framkvæmdastjórnin getur líka viðurkennt verndarsvæði vistkerfa eða tegunda sem eru sjaldgæfar, er ógnað eða eru í útrýmingarhættu og sem viðurkenndar eru í alþjóðasamningum eða tilgreindar eru í skrám milliríkjastofnana eða Alþjóðanáttúruverndars ambandsins að því er varðar ii. lið b-liðar 3. mgr. 7. gr. b.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjálsar landsbundnar eða alþjóðlegar áætlanir um mælingar á minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda innihaldi nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 7. gr. b.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að land sem fellur undir lands- eða svæðisbundna áætlun um endurheimt sem miðar að því að bæta alvarlega hnignað eða mikið mengað land uppfylli viðmiðanirnar sem um getur í 9. lið C-hluta IV. viðauka.

5. Framkvæmdastjórnin skal aðeins samþykkja ákvarðanir skv. 4. mgr. ef samningurinn eða áætlunin, sem um ræðir, uppfyllir fullnægjandi kröfur um áreiðanleika, gagnsæi og óháða endurskoðun. Áætlanir um að mæla minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda skulu einnig vera í samræmi við aðferðafræðilegu kröfurnar í IV. viðauka.

Skrár yfir svæði sem hafa mikið gildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni, eins og um getur í ii. lið b-liðar 3. mgr. 7. gr. b, skulu uppfylla fullnægjandi kröfur um hlutlægni og vera í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla og í þeim skal kveða á um viðeigandi málsmeðferð við áfrýjun.

6. Ákvarðanir skv. 4. mgr. skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr. Slíkar ákvarðanir skulu ekki gilda lengur en í fimm ár.

7. Þegar rekstraraðili leggur fram sannanir eða gögn sem aflað er í samræmi við samning eða áætlun, sem hefur verið efni ákvörðunar samkvæmt 4. mgr., að því marki sem þau falla undir þá ákvörðun, skal aðildarríki ekki krefjast þess að birgir leggi fram frekari gögn sem sýna fram á samræmi við viðmiðanirnar um sjálfbærni, sem settar eru fram í 2. til 5. mgr. 7. gr. b., eða upplýsingar um ráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. þessarar greinar.

8. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, rannsaka beitingu 7. gr. b að því varðar uppruna lífeldsneytis og ákveða, innan sex mánaða frá móttöku beiðni og í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr., hvort hlutaðeigandi aðildarríki megi telja með lífeldsneyti af þeim uppruna að því er varðar 7. gr. a.

9. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2012, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið:

a) um skilvirkni kerfisins sem fyrir hendi er varðandi tilhögun upplýsingamiðlunar um viðmiðanir um sjálfbærni og

b) um hvort það er gerlegt og viðeigandi að innleiða lögboðnar kröfur í tengslum við verndun andrúmslofts, jarðvegs eða vatns með tilliti til nýjustu vísindaþekkingar og alþjóðlegra skuldbindinga Bandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja til aðgerðir til úrbóta.

7. gr. d

Útreikningur á losun gróðurhúsalofttegunda frá lífeldsneyti á vistferli

1. Að því er varðar 7. gr. a og 2. mgr. 7. gr. b skal reikna út losun gróðurhúsalofttegunda frá lífeldsneyti á vistferli með eftirfarandi hætti:

a) með því að nota staðalgildi, þar sem það er gefið upp, fyrir minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir framleiðsluferli í A- eða B-hluta IV. viðauka og þar sem e_l-gildið fyrir þetta lífeldsneyti, sem er reiknað í samræmi við 7. lið C-hluta IV. viðauka, er jafnt og eða minna en núll,

b) með því að nota raunverulegt gildi sem reiknað er í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í C-hluta IV. viðauka eða

c) með því að nota gildi sem er reiknað sem samtala stuðlanna í formúlunni sem um getur í 1. lið C-hluta IV. viðauka, þar sem nota má aðgreind staðalgildi, í D- eða E-hluta IV. viðauka, fyrir suma stuðla, og raunverulegt gildi sem reiknuð eru í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í C-hluta IV. viðauka fyrir alla aðra stuðla.

2. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. mars 2010, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu sem inniheldur skrá yfir þau svæði á yfirráðasvæði þeirra sem flokkast eftir flokkun hagskýrslusvæða á 2. stigi eða á enn aðgreindara stigi þeirrar flokkunar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (**) og þar sem búast má við að dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun hráefna úr landbúnaði verði minni en eða jöfn þeirri losun sem tilkynnt er undir fyrirsögninni „Aðgreind staðalgildi fyrir ræktun“ í D-hluta IV. viðauka við þessa tilskipun ásamt lýsingu á aðferðinni og þeim gögnum sem notuð eru til að gera þessa skrá. Aðferðin skal taka tillit til einkenna jarðvegs, loftslags og áætlaðrar uppskeru hráefna.

3. Aðeins skal nota staðalgildin í A-hluta IV. viðauka og aðgreindu staðalgildin fyrir ræktun í D-hluta IV. viðauka þegar hráefni þeirra eru:

a) ræktuð utan Bandalagsins,

b) ræktuð í Bandalaginu á svæðum sem talin eru upp í skránum sem um getur í 2. mgr. eða

c) úrgangur eða efnaleifar aðrar en þær sem koma úr landbúnaði, lagareldi og sjávarútvegi.

Fyrir lífeldsneyti sem fellur ekki undir a-, b- eða c-lið skal nota raunverulegt gildi fyrir ræktun.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. mars 2010, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um hagkvæmni þess að útbúa skrár yfir svæði í þriðju löndum þar sem búast má við að dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun landbúnaðarhráefna verði minni eða jöfn þeirri losun sem gefin er upp undir fyrirsögninni „Ræktun“ í D-hluta IV. viðauka og henni fylgi, ef mögulegt er, slíkar skrár og lýsing á þeirri aðferð og gögnum sem notuð eru til að útbúa þær. Tillögur sem málið varða skulu fylgja skýrslunni, eftir því sem við á.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2012, og á tveggja ára fresti eftir það, leggja fram skýrslu um áætluð dæmigerð gildi og staðalgildi í B- og E-hluta IV. viðauka þar sem sérstaklega er hugað að losun frá flutningum og vinnslu og getur, ef nauðsyn krefur, ákveðið að leiðrétta gildin. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 11. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2010, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu með greinargerð um áhrifin sem óbeinar breytingar á landnýtingu hafa á losun gróðurhúsalofttegunda og mögulegar leiðir til að lágmarka þau áhrif. Ef við á skal skýrslunni fylgja tillaga, sem byggist á bestu tiltæku vísindaþekkingu og inniheldur fastmótaða aðferð til að taka tillit til losunar vegna breytinga á kolefnisbirgðum af völdum óbeinna breytinga á landnýtingu, til að tryggja að farið sé að þessari tilskipun, einkum 2. mgr. 7. gr. b.

Slík tillaga skal innihalda nauðsynlegar verndarráðstafanir til að tryggja öryggi fjárfestinga sem gerðar eru áður en aðferðinni er beitt. Að því er varðar orkuver sem framleiddu lífeldsneyti fyrir lok ársins 2013 skal beiting ráðstafananna, sem um getur í fyrstu undirgrein, fram til 31. desember 2017 ekki leiða til þess að lífeldsneyti sem framleitt er í þessum orkuverum teljist ekki hafa uppfyllt kröfurnar um sjálfbærni í þessari tilskipun ef það hefði annars gert það, að því tilskildu að með þessu lífeldsneyti náist að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um sem nemur a.m.k. 45%. Þetta gildir um framleiðslugetu orkuvera sem framleiða lífeldsneyti við lok ársins 2012.

Evrópuþingið og ráðið skulu leitast við að taka ákvörðun eigi síðar en 31. desember 2012 varðandi allar slíkar tillögur frá framkvæmdastjórninni.

7. Aðlaga má IV. viðauka að framförum á sviði tækni og vísinda, þ.m.t. með því að bæta við gildum fyrir frekari framleiðsluferli lífeldsneytis fyrir sömu eða önnur hráefni og með því að breyta aðferðinni sem mælt er fyrir um í C-hluta. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 11. gr.

Varðandi staðalgildin og aðferðina sem mælt er fyrir um í IV. viðauka skal einkum taka tillit til:

– aðferðarinnar við að taka úrgang og efnaleifar með í útreikningum,

– aðferðarinnar við að taka aukaafurðir með í útreikningum,

– aðferðarinnar við að taka samvinnslu raf- og varmaorku með í útreikningum og

– þeirrar stöðu sem leifar nytjaplantna fá sem aukaafurðir.

Staðalgildin fyrir lífdísilolíu úr úrgangsjurtaolíu eða dýraolíu skulu endurskoðuð eins fljótt og mögulegt er.

Aðlögun á eða viðbót við skrána með staðalgildunum í IV. viðauka skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þar sem framlag stuðulsins til heildarlosunar er lítið, eða þar sem um litla breytingu er að ræða, eða þar sem erfitt eða kostnaðarsamt er að fastsetja raunveruleg gildi, verða staðalgildi að vera dæmigerð fyrir venjuleg framleiðsluferli,

b) í öllum öðrum tilvikum verða staðalgildi að vera hófsöm samanborið við venjuleg framleiðsluferli.

8. Ítarlegar skilgreiningar skulu fastsettar, þ.m.t. tækniforskriftir sem krafist er fyrir flokkana sem settir eru fram í 9. lið C-hluta IV. viðauka. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðarinnar með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 11. gr.

7. gr. e

Framkvæmdaráðstafanir og skýrslur sem varða sjálfbærni lífeldsneytis

1. Framkvæmdarráðstafanirnar sem um getur í 7. gr. b (annarri undirgrein 3. mgr.), 7. gr. c (þriðju undirgrein 3. mgr.), 7. gr. c (6. mgr.), 7. gr. c (8. mgr.), 7. gr. d (5. mgr.), 7. gr. d (fyrstu undirgrein 7. mgr.) og 7. gr. d (8. mgr.) skulu einnig taka fullt tillit til markmiða tilskipunar 2009/28/EB.

2. Skýrslur framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins sem um getur í 7. gr. b (7. mgr.), 7. gr. c (2. mgr.), 7. gr. c (9. mgr.), 7. gr. d (4. og 5. mgr.) og 7. gr. d (fyrstu undirgrein 6. mgr.) ásamt skýrslunum og upplýsingunum sem lagðar eru fram samkvæmt 7. gr. c (fyrstu og fimmtu undirgrein 3. mgr.) og 7. gr. d (2. mgr.) skal útbúa og senda í samræmi við bæði tilskipun 2009/28/EB og þessa tilskipun.“

(*) Stjtíð. ESB L 30, 31.1.2009, bls. 16.
(**) Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1.

7. Í stað 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með því að kröfum 3. og 4. gr. sé fullnægt að því er varðar bensín og dísileldsneyti, á grundvelli greiningaraðferðanna sem um getur í Evrópustöðlum EN 228:2004 og EN 590:2004, í þeirri röð.“,

8. Eftirfarandi grein bætist við:

„8. gr. a

Málmíblöndunarefni

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma mat á áhættu fyrir heilbrigði og umhverfið vegna notkunar málmíblöndunarefna í eldsneyti og þróa prófunaraðferð í því skyni. Hún skal, eigi síðar en 31. desember 2012, tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður sínar.

2. Á meðan beðið er þróunar á prófunaraðferðinni sem um getur í 1. mgr. skal takmarka málmíblöndunarefnið met ýlsýklópentadíenýlmangantríkarbónýl (MMT) í eldsneyti við 6 mg af mangani í hverjum lítra frá 1. janúar 2011. Takmarkið skal vera 2 mg af mangan í hverjum lítra frá 1. janúar 2014.

3. Endurskoða skal takmarkið fyrir innihald metýlsýkl ópentadíenýlmangantríkarbónýls í eldsneyti, sem tilgreint er í 2. mgr., á grundvelli niðurstaðna úr matinu sem framkvæmt var með því að nota prófunaraðferðina sem um getur í 1. mgr. Heimilt er að minnka það niður í núll ef áhættumatið gefur sérstakt tilefni til þess. Ekki er heimilt að auka það nema áhættumatið gefi sérstakt tilefni til þess. Samþykkja skal slíka ráðstöfun, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 11. gr.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að merkimiði sem varðar innihald málmíblöndunarefna í eldsneyti sé uppi alls staðar þar sem eldsneyti með málmíblöndunarefnum er á boðstólum fyrir neytendur.

5. Merkimiðinn skal bera eftirfarandi texta: „Inniheldur málmíblöndunarefni“.

6. Merkimiðanum skal koma fyrir á áberandi stað þar sem upplýsingarnar sem tilgreina tegund eldsneytis koma fram. Merkimiðinn skal vera í hæfilegri stærð og með leturgerð sem kemur skýrt fram og er auðlæsileg.“

9. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Skýrslugjöf

1. Framkvæmdastjórnin skal, í síðasta lagi 31. desember 2012 og þriðja hvert ár eftir það, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum að breytingum á þessari tilskipun þegar við á. Þessi skýrsla skal einkum taka til eftirfarandi:

a) notkunar og þróunar á sviði bifvélatækni, og þá einkum hagkvæmnina við að auka leyfilegt hámarksinnihald lífeldsneytis í bensíni og dísilolíu og þörfina fyrir að endurskoða gögnin sem um getur í 3. mgr. 3. gr.,

b) stefnu Bandalagsins varðandi losun koltvísýrings frá vélknúnum ökutækjum,

c) möguleikans á að beita kröfunum í II. viðauka, einkum viðmiðunarmörkunum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega (þ.m.t. skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum) dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt og skemmtibátum,

d) aukningar á notkun þvotta- og hreinsiefna í eldsneyti,

e) notkunar á málmíblöndunarefnum, öðrum en metýlsýklópentadíenýlmangantríkarbónýli, í eldsneyti,

f) heildarmagns efnisþátta sem notaðir eru í bensíni og dísil með hliðsjón af umhverfislöggjöf Bandalagsins, þ.m.t. markmiðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (*) og dótturtilskipunum hennar,

g) afleiðinga markmiða um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem sett eru fram í 2. mgr. 7. gr. a fyrir kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda,

h) hugsanlegrar þarfar á að breyta 2. gr. (6. mgr.), 2. gr. (7. mgr.) og 7. gr. a (b-lið 2. mgr.) í því skyni að meta hugsanleg framlög til að ná markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um allt að 10% fyrir 2020. Þessi sjónarmið skal byggja á möguleikanum á að minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá eldsneyti og orku á vistferli innan Bandalagsins, einkum með tilliti til þróunar á umhverfisöruggri tækni við föngun og geymslu kolefnis og í rafknúnum ökutækjum, og kostnaðarhagkvæmni aðferða við að draga úr þessari losun, eins og um getur í b-lið 2. mgr. 7. gr. a,

i) möguleikans á að innleiða viðbótarráðstafanir fyrir birgja til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu um 2%, miðað við lágmarksstaðlana fyrir eldsneyti sem um getur í b-lið 5. mgr. 7. gr. a, með notkun inneignar sem keypt er í gegnum kerfi hreinleikaþróunar í Kýótóbókuninni samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í tilskipun 2003/87/EB í því skyni að meta frekar möguleg framlög til að ná markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um allt að 10% fyrir 2020, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 7. gr. a í þessari tilskipun,

j) uppfærðrar kostnaðar- og ábatagreiningar á áhrifum lækkunar á leyfilegum hámarksgufuþrýstingi fyrir bensín niður í 60 kPa yfir sumarið.

2. Eigi síðar en 2014 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um að markmiðum um losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2020 hafi verið náð, eins og um getur í 7. gr. a, með tilliti til þarfarinnar fyrir samkvæmni milli þessa markmiðs og markmiðsins sem um getur í 3. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2009/28/EB varðandi hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í flutningum í ljósi skýrslnanna sem um getur í 23. gr. (8. og 9. mgr.) þeirrar tilskipunar.

Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja fram með skýrslu sinni tillögur að breytingu á markmiðunum.

(*) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.“

10. Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef aðlögunin á samþykktu greiningaraðferðunum, sem um getur í I. eða II. viðauka, að tækniframförum er nauðsynleg er heimilt að samþykkja breytingar sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 11. gr. Einnig er heimilt að aðlaga III. viðauka að framförum á sviði tækni og vísinda. Samþykkja skal þessa ráðstöfun, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 11. gr.“

11. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Að undanskildum þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndarinnar um gæði eldsneytis.

2. Í málum er varða sjálfbærni lífeldsneytis, samkvæmt 7. gr. b, 7. gr. c og 7. gr. d, skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndarinnar um sjálfbærni lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis sem um getur í 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. gr. a (1. til 4. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.“

12. Ákvæði 14. gr. falli brott.

13. Í stað I. II., III. og IV. viðauka komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 1999/32/EB

Tilskipun 1999/32/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. skipaeldsneyti: allar tegundir fljótandi eldsneytis úr jarðolíu sem er notað eða er ætlað til notkunar um borð í skipi, þ.m.t. það eldsneyti sem skilgreint er í ISO-staðli 8217. Það tekur til allra tegunda fljótandi eldsneytis úr jarðolíu sem eru í notkun á skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða á skemmtibátum, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum (*) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta (**), þegar þessi skip eru á hafi úti.

(*) Stjtíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.
(**) Stjtíð. EB L 164, 30.6.1994, bls. 15.“

b) Ákvæði 3. liðar j falli brott.

2. Ákvæðum 4. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi: „Hámarksinnihald brennisteins í skipaeldsneyti sem notað er í skipum sem liggja við bryggju í höfnum Bandalagsins“,

b) Ákvæði a-liðar 1. mgr. falli brott.

c) Ákvæði b-liðar 2. mgr. falli brott.

3. Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. a í 6. gr. komi eftirfarandi:

„Sýnataka skal hefjast á sama degi og viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir hámarksinnihald brennisteins í eldsneyti taka gildi. Hún skal fara fram nægilega oft og taka skal nægilegt magn þannig að sýnin séu dæmigerð fyrir eldsneytið sem verið er að rannsaka og fyrir það eldsneyti sem skip nota meðan þau eru á viðkomandi hafsvæðum eða höfnum.“

3. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 93/12/EBE skal felld úr gildi.

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2010.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	P. NEČAS
forseti	*forseti*

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR MARKAÐSELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ RAFKVEIKJUHREYFLI

Gerð: **Bensín**

Mæliþáttur ([1])	Eining	Mörk ([2])	
		Lágmark	Hámark
Prófunaroktantala		95 ([3])	—
Hreyfilsoktantala		85	—
Gufuþrýstingur, að sumri ([4])	kPa	—	60,0 ([5])
Eiming:			
– uppgufað við 100 °C	% rúmmáls-hlutfall	46,0	—
– uppgufað við 150 °C	% rúmmáls-hlutfall	75,0	—
Vetniskolefnisgreining:			
– ólefín	% rúmmáls-hlutfall	—	18,0
– arómöt	% rúmmáls-hlutfall	—	35,0
– bensen	% rúmmáls-hlutfall	—	1,0
Súrefnisinnihald	% massa-hlutfall		3,7
Súrefnissambönd			
– Metanól	% rúmmáls-hlutfall		3,0
– Etanól (e.t.v. þarf að bæta við stöðgurum)	% rúmmáls-hlutfall		10,0
– Ísóprópýlalkóhól	% rúmmáls-hlutfall	—	12,0
– Tertbútýlalkóhól	% rúmmáls-hlutfall	—	15,0
– Ísóbútýlalkóhól	% rúmmáls-hlutfall	—	15,0
– Eter með fimm eða fleiri kolefnisatómum í hverri sameind	% rúmmáls-hlutfall	—	22,0
– Önnur súrefnissambönd ([6])	% rúmmáls-hlutfall	—	15,0
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	10,0
Blýinnihald	g/l	—	0.005

([1]) Prófunaraðferðir skulu vera þær sem eru tilgreindar í EN 228:2004. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja staðgöngu-greiningaraðferðina sem tilgreind er í EN 228:2004 svo fremi að sýna megi fram á að hún gefi a.m.k. sömu nákvæmni og sömu samkvæmni og greiningaraðferðin sem hún kemur í staðinn fyrir.

([2]) Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „sanngildi“. Við ákvörðun á viðmiðunarmörkum hafa verið notuð skilyrði úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar EN ISO 4259:2006 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðlinum EN ISO 4259:2006.

([3]) Aðildarríkjunum er heimilt að setja áfram á markað venjulegt, blýlaust bensín með hreyfilsoktantölunni 81 að lágmarki og prófunaroktantölunni 91 að lágmarki.

([4]) Sumartímabilið skal hefjast eigi síðar en 1. maí og eigi ljúka fyrir en 30. september. Í aðildarríkjum með lágan umhverfishita á sumrin skal sumartímabilið hefjast eigi síðar en 1. júní og því skal eigi ljúka fyrir en 31. ágúst.

([5]) Ef um er að ræða aðildarríki með lágan umhverfishita á sumrin þar sem í gildi er undanþága í samræmi við 4. og 5. mgr. 3. gr. skal hámarksgufuþrýstingur eldsneytis vera 70 kPa. Í þeim aðildarríkjum þar sem í gildi er undanþága vegna notkunar á bensíni með etanóli í samræmi við 4. og 5. mgr. 3. gr. skal hámarksgufuþrýstingur eldsneytis vera 60 kPa, að viðbættri þeirri undanþágu á gufuþrýstingi sem tilgreind er í III. viðauka.

([6]) Önnur eingild alkóhól og eterar með lokasuðumarki sem er ekki hærra en það sem er tilgreint í EN 228:2004.

II. VIÐAUKI

UMHVERFISFORSKRIFTIR FYRIR MARKAÐSELDSNEYTI TIL NOTKUNAR Í ÖKUTÆKJUM MEÐ ÞJÖPPUKVEIKJUHREYFLI

Gerð: **Dísilolía**

Mæliþáttur (1)	Eining	Mörk (2)	
		Lágmark	Hámark
Setantala		51,0	—
Eðlismassi við 15 °C	kg/m^2 (3)	—	845,0
Eiming:			
– hiti við 95% (miðað við rúmmál):	°C	—	360,0
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni	% massa-hlutfall	—	8,0
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	10,0
Magn fitusýrumetýlestera (FAME) — EN 14078	% rúmmáls-hlutfall	—	7,0 (3)

(1) Prófunaraðferðir skulu vera þær sem eru tilgreindar í EN 590:2004. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja staðgöngu-greiningaraðferðina sem tilgreind er í EN 590:2004 svo fremi að sýna megi fram á að hún gefi a.m.k. sömu nákvæmni og sömu samkvæmni og greiningaraðferðin sem hún kemur í staðinn fyrir.

(2) Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „sanngildi“. Við ákvörðun á viðmiðunarmörkum hafa verið notuð skilyrði úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar EN ISO 4259:2006 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðlinum EN ISO 4259:2006.

(3) Magn fitusýrumetýlestera (FAME) skal vera í samræmi við EN 14214.

III. VIÐAUKI

UNDANÞÁGA VARÐANDI LEYFILEGAN GUFUÞRÝSTING Í BENSÍNI SEM INNIHELDUR LÍFETANÓL

Innihald lífetanóls (% rúmmálshlutfall)	Undanþága varðandi leyfilegan gufuþrýsting (kPa)
0	0
1	3,65
2	5,95
3	7,20
4	7,80
5	8,0
6	8,0
7	7,94
8	7,88
9	7,82
10	7,76

Undanþága varðandi leyfilegan gufuþrýsting fyrir lífetanólinnihald á millistigi á milli skráðra gilda er ákvörðuð með línulegum innreikningi á milli þess lífetanólinnihalds sem er næst fyrir ofan og þess sem er næst fyrir neðan milligildið.

IV. VIÐAUKI

REGLUR UM ÚTREIKNING Á LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA ÚR LÍFELDSNEYTI Á VISTFERLI

A. **Dæmigerð gildi og staðalgildi fyrir lífeldsneyti ef það er framleitt án nettólosunar kolefnis frá breytingum á landnýtingu**

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda	Staðalminnkun á losun gróðurhúsalofttegunda
Etanól úr sykurrófum	61%	52%
Etanól úr hveiti (vinnslueldsneyti ekki tilgreint)	32%	16%
Etanól úr hveiti (brúnkol sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	32%	16%
Etanól úr hveiti (jarðgas sem vinnslueldsneyti í hefðbundnum katli)	45%	34%
Etanól úr hveiti (jarðgas sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	53%	47%
Etanól úr hveiti (hálmur sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	69%	69%
Etanól úr maís, framleitt í Bandalaginu (jarðgas sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	56%	49%
Etanól úr sykurreyr	71%	71%
Sá hluti etýltertbútýleters (ETBE) sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í etanólframleiðsluferlinu sem notað er	
Sá hluti þrígreinds amýletýleters (TAEE) sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í etanólframleiðsluferlinu sem notað er	
Lífdísilolía úr repjufræjum	45%	38%
Lífdísilolía úr sólblómum	58%	51%
Lífdísilolía úr sojabaunum	40%	31%
Lífdísilolía úr pálmaolíu (ferli ekki tilgreint)	36%	19%
Lífdísilolía úr pálmaolíu (ferli þar sem metan er fangað í olíuverksmiðju)	62%	56%
Lífdísilolía úr úrgangsjurta- (*) eða dýraolíu	88%	83%
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr repjufræjum	51%	47%
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr sólblómum	65%	62%
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr pálmaolíu (ferli ekki tilgreint)	40%	26%
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr pálmaolíu (ferli þar sem metan er fangað í olíuverksmiðju)	68%	65%
Hrein jurtaolía úr repjufræjum	58%	57%
Lífgas úr lífrænum úrgangi sveitarfélaga sem þjappað jarðgas	80%	73%
Lífgas úr blautum húsdýraáburði sem þjappað jarðgas	84%	81%
Lífgas úr þurrum húsdýraáburði sem þjappað jarðgas	86%	82%

(*) Tekur ekki til dýraolíu úr aukaafurðum úr dýrum sem eru flokkaðar í 3. flokk í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

B. Áætluð dæmigerð gildi og staðalgildi fyrir framtíðarlífeldsneyti sem var ekki á markaði eða var á markaði í óverulegu magni í janúar 2008, ef það er framleitt án nettólosunar kolefnis frá breytingum á landnýtingu

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda	Staðalminnkun á losun gróðurhúsalofttegunda
Etanól úr hveitihálmi	87%	85%
Etanól úr viðarúrgangi	80%	74%
Etanól úr ræktuðum viði	76%	70%
Fischer-Tropsch-dísilolía úr viðarúrgangi	95%	95%
Fischer-Tropsch-dísilolía úr ræktuðum viði	93%	93%
Dímetýleter (DME) úr viðarúrgangi	95%	95%
Dímetýleter úr ræktuðum viði	92%	92%
Metanól úr viðarúrgangi	94%	94%
Metanól úr ræktuðum viði	91%	91%
Sá hluti metýltertbútýleters (MTBE) sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í metanólframleiðsluferlinu sem notað er	

C. **Aðferð**

1. Losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu og notkun lífeldsneytis skal reiknuð sem:

$$E = e_{ec} + e_l + e_p + e_{td} + e_u - e_{sca} - e_{ccs} - e_{ccr} - e_{ee}$$

þar sem

E = heildarlosun frá notkun eldsneytisins

e_{ec} = losun frá útdrætti eða ræktun hráefna

e_l = árleg losun frá breytingum á kolefnisbirgðum vegna breytinga á landnýtingu

e_p = losun frá vinnslu

e_{td} = losun frá flutningum og dreifingu

e_u = losun frá eldsneytinu sem er í notkun

e_{sca} = minnkun á losun frá uppsöfnun kolefnis í jarðvegi vegna bættrar landbúnaðarstjórnunar

e_{ccs} = minnkun á losun frá föngun kolefnis og geymslu þess í jörðu

e_{ccr} = minnkun á losun með föngun og útskiptingu kolefnis og

e_{ee} = minnkun á losun frá umframmagni raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku.

Ekki skal tekið tillit til losunar frá framleiðslu á vélum og búnaði.

2. Losun gróðurhúsalofttegunda frá eldsneyti, E, skal gefa upp sem grömm af jafngildiseiningu koltvísýrings á MJ af eldsneyti, gCO_{2eq}/MJ.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. liðar er heimilt að aðlaga gildi sem reiknuð eru sem gCO_{2eq}/MJ til að taka tillit til mismunar á eldsneytistegundum eftir nýtanlegri vinnu sem er unnin, gefið upp sem km/MJ. Aðeins skal þó gera slíkar aðlaganir þegar lögð eru fram gögn um mismun á nýtanlegri vinnu.

4. Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá lífeldsneyti skal reiknuð sem:

$$MINNKUN = (E_F - E_B)/E_F$$

þar sem

E_B = heildarlosun frá lífeldsneytinu og

E_F = heildarlosun frá jarðefnaeldsneytissamberanum.

5. Gróðurhúsalofttegundirnar sem taka skal tillit til að því er varðar 1. lið skulu vera CO_2, N_2O og CH_4. Að því er varðar útreikning á jafngildi koltvísýrings skulu þessum lofttegundum gefin eftirfarandi gildi:

CO_2 : 1

N_2O : 296

CH_4 : 23

6. Losun frá útdrætti eða ræktun hráefna, e_{ec}, skal innihalda losun frá útdráttar- eða ræktunarferlinu sjálfu, frá söfnun hráefna, frá úrgangi og leka og frá framleiðslu íðefna eða afurða sem notaðar eru við útdrátt eða ræktun. Koltvísýringur sem er fangaður við hráefnisræktun skal undanskilinn. Draga skal frá vottaða skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda frá brennslu gass í afgaslogum á olíuframleiðslustöðum hvar sem er í heiminum. Í stað þess að nota raunveruleg gildi má leiða út mat á losun frá ræktun með notkun meðaltala sem reiknuð eru fyrir smærri landfræðileg svæði en þau sem notuð eru við útreikning staðalgildanna.

7. Losun á ársgrundvelli frá breytingum á kolefnisbirgðum sem orsakast af breytingum á landnýtingu, e_l, skal reiknuð með því að skipta heildarlosun jafnt yfir 20 ár. Eftirfarandi reglu skal beitt við útreikning á þessari losun:

$$e_l = (CS_R - CS_A) \times 3{,}664 \times 1/20 \times 1/P - e_B\ ([12]),$$

þar sem

e_l = losun gróðurhúsalofttegunda á ársgrundvelli frá breytingum á kolefnisbirgðum sem orsakast af breytingum á landnýtingu (mæld sem massi koltvísýringsjafngildis á einingu lífeldsneytisorku)

CS_R = kolefnisbirgðir á flatareiningu sem er tengd viðmiðunarlandnýtingunni (mældar sem massi kolefnis á flatareiningu, þ.m.t. bæði jarðvegur og gróður). Viðmiðunarlandnýtingin skal vera landnýtingin í janúar 2008 eða 20 árum áður en hráefnið var fengið og skal síðari dagsetningin gilda.

CS_A = kolefnisbirgðir á flatareiningu sem er tengd raunverulegu landnýtingunni (mældar sem massi kolefnis á flatareiningu, þ.m.t. bæði jarðvegur og gróður). Í þeim tilvikum sem kolefnisbirgðir safnast upp í meira en eitt ár skal gildið sem gefið er CS_A vera áætlaðar birgðir á flatareiningu eftir 20 ár eða þegar nytjaplönturnar eru fullvaxnar og skal fyrri dagsetningin gilda,

P = framleiðni nytjaplantnanna (mæld sem magn orku frá lífeldsneyti á flatareiningu á ári) og

e_B = viðbót sem nemur 29 gCO_{2eq}/MJ fyrir lífeldsneyti ef lífmassinn er fenginn af endurheimtu, hnignuðu landi samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um í 8. lið.

8. Viðbótinni sem nemur 29 gCO_{2eq}/MJ skal bætt við ef gögn eru lögð fram sem sýna að landið:

a) var ekki notað undir landbúnað eða nokkra aðra starfsemi í janúar 2008 og

b) falli undir einn af eftirfarandi flokkum:

i. alvarlega hnignað land, þ.m.t. land sem áður var notað undir landbúnað,

ii. mikið mengað land.

Viðbótin sem nemur 29 gCO_{2eq}/MJ skal gilda í allt að 10 ár frá því að landinu var breytt til landbúnaðarnotkunar að því tilskildu að á landi, sem fellur undir i. lið, sé tryggð stöðug aukning á kolefnisbirgðum sem og töluverð minnkun á jarðvegseyðingu og að dregið sé úr mengun jarðvegs á landi, sem fellur undir ii. lið.

([12]) Hlutfallið sem fæst með því að deila mólþyngd koltvísýrings (44,010 g/mól) með mólþyngd kolefnis (12,011 g/mól) jafngildir 3,664.

9. Flokkarnir sem nefndir eru í b-lið 8. liðar eru skilgreindir sem hér segir:

   a) „alvarlega hnignað land“: land sem hefur í töluverðan tíma ýmist orðið fyrir umtalsverðri saltmengun eða hefur afar lítið lífrænt efnisinnihald og hefur orðið fyrir mikilli jarðvegseyðingu,

   b) „mikið mengað land“: land sem ekki er hæft til ræktunar matvæla og fóðurs vegna jarðvegsmengunar.

   Til slíks lands skal telja land sem hefur verið fjallað um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við fjórðu undirgrein 3. mgr. 7. gr. c.

10. Leiðbeiningarnar sem samþykktar voru samkvæmt 10. lið C-hluta V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB skulu vera grundvöllur fyrir útreikningi á kolefnisbirgðum lands að því er varðar þessa tilskipun.

11. Losun frá vinnslu, e_p, skal taka til losunar frá vinnslunni sjálfri, úr úrgangi og leka og frá framleiðslu íðefna eða afurða sem notaðar eru við vinnsluna.

    Þegar notkun raforku, sem ekki er framleidd í verksmiðjunni sem framleiðir eldsneytið, er tekin með í útreikningum skal losunarstyrkur gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu og dreifingu þeirrar raforku álitinn vera jafn meðaltali losunarstyrks frá framleiðslu og dreifingu raforku á skilgreindu svæði. Heimilt er að gera undantekningu frá þessari reglu þar sem framleiðendur mega nota meðaltalsgildi fyrir einstakt raforkuver fyrir raforku sem framleidd er í því orkuveri ef orkuverið er ekki tengt raforkudreifikerfinu.

12. Losun frá flutningi og dreifingu, e_{td}, skal taka til losunar frá flutningi og dreifingu hráefna og hálfunninna efna og frá geymslu og dreifingu fullunninna efna. Losun frá flutningi og dreifingu sem taka skal tillit til skv. 6. lið skal ekki falla undir þennan lið.

13. Losun frá notkun eldsneytis, e_u, skal teljast vera núll fyrir lífeldsneyti.

14. Minnkun á losun vegna föngunar kolefnis og geymslu í jörðu, e_{ccs}, sem hefur ekki þegar verið gert grein fyrir í e_p skal takmörkuð við þá losun sem komið er í veg fyrir með föngun og bindingu losaðs koltvísýrings sem tengist beint útdrætti, flutningi, vinnslu og dreifingu eldsneytis.

15. Minnkun á losun vegna föngunar og útskiptingar kolefnis, e_{ccr}, skal takmörkuð við þá losun sem komið er í veg fyrir með föngun koltvísýrings þar sem kolefnið er upprunnið úr lífmassa og sem notaður er í stað koltvísýrings úr jarðefnum notuðum í verslunarvörur og -þjónustu.

16. Minnkun á losun frá umframmagni raforku frá samvinnslu raf- og varmaorku, e_{ee}, skal tekin með í útreikningum í tengslum við umframmagn raforku sem framleidd er með eldsneytisframleiðslukerfum sem nota samvinnslu raf- og varmaorku, nema þar sem eldsneytið, sem notað er til samvinnslunnar, er aukaafurð önnur en plöntuleifar úr landbúnaði. Þegar þetta umframmagn raforku er tekið með í útreikningum skal stærð einingarinnar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku álitin vera sú minnsta sem nauðsynleg er til að einingin fyrir samvinnslu raf- og varmaorku veiti varmann sem nauðsynlegur er til að framleiða eldsneytið. Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem tengist þessu umframmagni raforku skal talin jafngilda því magni gróðurhúsalofttegunda sem myndi vera losað þegar jafnmikil raforka væri framleidd í orkuveri sem notar sama eldsneyti og einingin fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.

17. Ef framleitt er í eldsneytisframleiðsluferlinu bæði það eldsneyti sem losun er reiknuð fyrir og ein eða fleiri aðrar afurðir (aukaafurðir) skal losun gróðurhúsalofttegunda skipt á milli eldsneytisins, eða milliafurðar þess, og aukaafurðanna í hlutfalli við orkuinnihald þeirra (sem ákvarðast af lægra brunagildi þegar um er að ræða aukaafurðir aðrar en raforku).

18. Að því er varðar útreikninginn sem um getur í 17. lið skal losunin sem skipta á vera $e_{ec} + e_l$ + þau brot af e_p, e_{td} og e_{ee} sem eiga sér stað upp að og að meðtöldu því þrepi í ferlinu þar sem aukaafurð er framleidd. Ef einhver úthlutun á aukaafurðir hefur átt sér stað á fyrra þrepi vistferilsins kemur brot þeirrar losunar, sem millieldsneytisafurðinni var úthlutað á lokastigi framleiðsluferlisins, í staðinn fyrir heildarlosunina sem þar um ræðir, við útreikninga.

    Allar aukaafurðir, þ.m.t. raforka sem fellur ekki undir gildissvið 16. liðar, skal tekin með í þeim útreikningi, að undanskildum leifum af nytjaplöntum, þ.m.t. hálmi, krömdum sykurreyr, hýði, maískólfum og hnetuskurn. Aukaafurðir sem hafa neikvætt orkuinnihald skulu teljast hafa orkuinnihald núll að því er varðar útreikninginn.

    Úrgangur, plöntuleifar úr landbúnaði, þ.m.t. hálmur, kraminn sykurreyr, hýði, maískólfar og hnetuskurn, og leifar frá vinnslu, þ.m.t. hrátt glýserín (óhreinsað glýserín), skulu ekki teljast losa neinar gróðurhúsalofttegundir á vistferlinum fram að söfnunarferlinu fyrir þessi efni.

    Að því er varðar eldsneyti sem framleitt er í hreinsunarstöðvum skal hreinsunarstöðin vera sú eining sem notuð er við útreikninginn sem um getur í 17. lið.

19. Við útreikninga í samræmi við aðferðina sem um getur í 4. lið skal jarðefnaeldsneytissamberinn E_F vera nýjasta tiltæka, raunverulega meðallosun frá jarðefnahluta bensíns og dísilolíu sem notuð er í Bandalaginu, eins og er tilkynnt samkvæmt þessari tilskipun. Ef slík gögn eru ekki tiltæk skal nota gildið 83,8 gCO_{2eq}/MJ.

D. **Aðgreind staðalgildi fyrir lífeldsneyti**

Aðgreind staðalgildi fyrir ræktun: „e_{ec}“ eins það er skilgreint í C-hluta þessa viðauka

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)	Staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)
Etanól úr sykurrófum	12	12
Etanól úr hveiti	23	23
Maísetanól, framleitt í Bandalaginu	20	20
Etanól úr sykurreyr	14	14
Sá hluti etýltertbútýleters (ETBE) sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í etanólframleiðsluferlinu sem notað er	
Sá hluti þrígreinds amýletýleters (TAEE) sem kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í etanólframleiðsluferlinu sem notað er	
Lífdísilolía úr repjufræjum	29	29
Lífdísilolía úr sólblómum	18	18
Lífdísilolía úr sojabaunum	19	19
Lífdísilolía úr pálmaolíu	14	14
Lífdísilolía úr úrgangsjurta- (*) eða dýraolíu	0	0
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr repjufræjum	30	30
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr sólblómum	18	18
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr pálmaolíu	15	15
Hrein jurtaolía úr repjufræjum	30	30
Lífgas úr lífrænum úrgangi sveitarfélaga sem þjappað jarðgas	0	0
Lífgas úr blautum húsdýraáburði sem þjappað jarðgas	0	0
Lífgas úr þurrum húsdýraáburði sem þjappað jarðgas	0	0

(*) Að undanskilinni dýraolíu sem framleidd er úr aukaafurðum úr dýrum sem eru flokkaðar sem efni í 3. flokki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002.

Aðgreind staðalgildi fyrir vinnslu (þ.m.t. umframmagn raforku): „$e_p - e_{ee}$“ eins það er skilgreint í C-hluta þessa viðauka

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)	Staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)
Etanól úr sykurrófum	19	26
Etanól úr hveiti (vinnslueldsneyti ekki tilgreint)	32	45
Etanól úr hveiti (brúnkol sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	32	45
Etanól úr hveiti (jarðgas sem vinnslueldsneyti í hefðbundnum katli)	21	30
Etanól úr hveiti (jarðgas sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	14	19
Etanól úr hveiti (hálmur sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	1	1
Etanól úr maís, framleitt í Bandalaginu (jarðgas sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	15	21
Etanól úr sykurreyr	1	1

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)	Staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)
Sá hluti etýltertbútýleters (ETBE) sem kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í etanólframleiðsluferlinu sem notað er	
Sá hluti þrígreinds amýletýleters (TAEE) sem kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í etanólframleiðsluferlinu sem notað er	
Lífdísilolía úr repjufræjum	16	22
Lífdísilolía úr sólblómum	16	22
Lífdísilolía úr sojabaunum	18	26
Lífdísilolía úr pálmaolíu (ferli ekki tilgreint)	35	49
Lífdísilolía úr pálmaolíu (ferli þar sem metan er fangað í olíuverksmiðju)	13	18
Lífdísilolía úr úrgangsjurta- eða dýraolíu	9	13
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr repjufræjum	10	13
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr sólblómum	10	13
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr pálmaolíu (ferli ekki tilgreint)	30	42
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr pálmaolíu (ferli þar sem metan er fangað í olíuverksmiðju)	7	9
Hrein jurtaolía úr repjufræjum	4	5
Lífgas úr lífrænum úrgangi sveitarfélaga sem þjappað jarðgas	14	20
Lífgas úr blautum húsdýraáburði sem þjappað jarðgas	8	11
Lífgas úr þurrum húsdýraáburði sem þjappað jarðgas	8	11

Aðgreind staðalgildi fyrir flutning og dreifingu: „e_{td}“ eins það er skilgreint í C-hluta þessa viðauka

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)	Staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)
Etanól úr sykurrófum	2	2
Etanól úr hveiti	2	2
Maísetanól, framleitt í Bandalaginu	2	2
Etanól úr sykurreyr	9	9
Sá hluti etýltertbútýleters (ETBE) sem kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í etanólframleiðsluferlinu sem notað er	
Sá hluti þrígreinds amýletýleters (TAEE) sem kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í etanólframleiðsluferlinu sem notað er	
Lífdísilolía úr repjufræjum	1	1
Lífdísilolía úr sólblómum	1	1
Lífdísilolía úr sojabaunum	13	13
Lífdísilolía úr pálmaolíu	5	5
Lífdísilolía úr úrgangsjurta- eða dýraolíu	1	1
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr repjufræjum	1	1
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr sólblómum	1	1
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr pálmaolíu	5	5
Hrein jurtaolía úr repjufræjum	1	1
Lífgas úr lífrænum úrgangi sveitarfélaga sem þjappað jarðgas	3	3
Lífgas úr blautum húsdýraáburði sem þjappað jarðgas	5	5
Lífgas úr þurrum húsdýraáburði sem þjappað jarðgas	4	4

Samtala fyrir ræktun, vinnslu, flutning og dreifingu

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)	Staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)
Etanól úr sykurrófum	33	40
Etanól úr hveiti (vinnslueldsneyti ekki tilgreint)	57	70
Etanól úr hveiti (brúnkol sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	57	70
Etanól úr hveiti (jarðgas sem vinnslueldsneyti í hefðbundnum katli)	46	55
Etanól úr hveiti (jarðgas sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	39	44
Etanól úr hveiti (hálmur sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	26	26
Etanól úr maís, framleitt í Bandalaginu (jarðgas sem vinnslueldsneyti í orkuveri fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu)	37	43
Etanól úr sykurreyr	24	24
Sá hluti etýltertbútýleters (ETBE) sem kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í etanólframleiðsluferlinu sem notað er	
Sá hluti þrígreinds amýletýleters (TAEE) sem kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í etanólframleiðsluferlinu sem notað er	
Lífdísilolía úr repjufræjum	46	52
Lífdísilolía úr sólblómum	35	41
Lífdísilolía úr sojabaunum	50	58
Lífdísilolía úr pálmaolíu (ferli ekki tilgreint)	54	68
Lífdísilolía úr pálmaolíu (ferli þar sem metan er fangað í olíuverksmiðju)	32	37
Lífdísilolía úr úrgangsjurta- eða dýraolíu	10	14
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr repjufræjum	41	44
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr sólblómum	29	32
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr pálmaolíu (ferli ekki tilgreint)	50	62
Vetnismeðhöndluð jurtaolía úr pálmaolíu (ferli þar sem metan er fangað í olíuverksmiðju)	27	29
Hrein jurtaolía úr repjufræjum	35	36
Lífgas úr lífrænum úrgangi sveitarfélaga sem þjappað jarðgas	17	23
Lífgas úr blautum húsdýraáburði sem þjappað jarðgas	13	16
Lífgas úr þurrum húsdýraáburði sem þjappað jarðgas	12	15

E. **Áætluð aðgreind staðalgildi fyrir framtíðarlífeldsneyti sem var ekki á markaði eða var aðeins á markaði í óverulegu magni í janúar 2008**

Aðgreind staðalgildi fyrir ræktun: „e_{ec}“ eins það er skilgreint í C-hluta þessa viðauka

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)	Staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)
Etanól úr hveitihálmi	3	3
Etanól úr viðarúrgangi	1	1
Etanól úr ræktuðum viði	6	6
Fischer-Tropsch-dísilolía úr viðarúrgangi	1	1
Fischer-Tropsch-dísilolía úr ræktuðum viði	4	4
Dímetýleter úr viðarúrgangi	1	1
Dímetýleter úr ræktuðum viði	5	5
Metanól úr viðarúrgangi	1	1
Metanól úr ræktuðum viði	5	5
Sá hluti metýltertbútýleters (MTBE) sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í metanólframleiðsluferlinu sem notað er	

Aðgreind staðalgildi fyrir vinnslu (þ.m.t. umframmagn raforku): „$e_p - e_{ee}$“ eins það er skilgreint í C-hluta þessa viðauka

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)	Staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)
Etanól úr hveitihálmi	5	7
Etanól úr viði	12	17
Fischer-Tropsch-dísilolía úr viði	0	0
Dímetýleter úr viði	0	0
Metanól úr viði	0	0
Sá hluti metýltertbútýleters (MTBE) sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í metanólframleiðsluferlinu sem notað er	

Aðgreind staðalgildi fyrir flutning og dreifingu: „e_{td}“ eins það er skilgreint í C-hluta þessa viðauka

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)	Staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)
Etanól úr hveitihálmi	2	2
Etanól úr viðarúrgangi	4	4
Etanól úr ræktuðum viði	2	2
Fischer-Tropsch-dísilolía úr viðarúrgangi	3	3
Fischer-Tropsch-dísilolía úr ræktuðum viði	2	2
Dímetýleter úr viðarúrgangi	4	4
Dímetýleter úr ræktuðum viði	2	2
Metanól úr viðarúrgangi	4	4
Metanól úr ræktuðum viði	2	2
Sá hluti metýltertbútýleters (MTBE) sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í metanólframleiðsluferlinu sem notað er	

Samtala fyrir ræktun, vinnslu, flutning og dreifingu

Framleiðsluferli lífeldsneytis	Dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)	Staðalgildi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda (gCO_{2eq}/MJ)
Etanól úr hveitihálmi	11	13
Etanól úr viðarúrgangi	17	22
Etanól úr ræktuðum viði	20	25
Fischer-Tropsch-dísilolía úr viðarúrgangi	4	4
Fischer-Tropsch-dísilolía úr ræktuðum viði	6	6
Dímetýleter úr viðarúrgangi	5	5
Dímetýleter úr ræktuðum viði	7	7
Metanól úr viðarúrgangi	5	5
Metanól úr ræktuðum viði	7	7
Sá hluti metýltertbútýleters (MTBE) sem kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum	Sami og í metanólframleiðsluferlinu sem notað er	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 147/2013 **2015/EES/74/08**

frá 13. febrúar 2013

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 um hagskýrslur um orkumál, að því er varðar framkvæmd uppfærslna mánaðarlegra og árlegra hagskýrslna um orkumál (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/32/EB frá 5. apríl 2006 um orkunýtni á lokastigi og þjónustu á sviði orkumála ([3]) er farið fram á að aðildarríki tilgreini megindleg gögn um orkumál. Þörf er á nákvæmum og uppfærðum orkugögnum til að fylgjast með framvindu þeirra markmiða sem sett eru fram í þessum tilskipunum og safna ætti á samræmdan og vandaðan hátt. Slík kvöð um skýrslugjöf er nauðsynleg, m.a. til að ná markmiðum um orkunýtni og ætti hún því að vera stöðugur þáttur í þróun lagaramma Evrópusambandsins á þessu sviði, hlutar af þessum gögnum hafa nú þegar verið sendir til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (Hagstofu Evrópusambandsins) sem kom þeim á sem árlegum hagskýrslum um orkumál.

2) Með reglugerð (EB) nr. 1099/2008 er komið á fót sameiginlegum ramma um framleiðslu, sendingu, mat og miðlun á samanburðarhæfum hagskýrslum um orkumál í Sambandinu.

3) Hagskýrslur um orkumál ná yfir mjög virkt hagskýrslusvið vegna öflugrar þróunar stefnumála Sambandsins, tækniframfara og mikilvægis þess að byggja markmið Sambandsins á gögnum um orkumál. Krafist er reglulegra uppfærslna til samræmis við það til að samræma umfang hagskýrslna við vaxandi eða breytilegar þarfir.

4) Með reglugerð (EB) nr. 1099/2008 er framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald til að aðlaga viðauka sem eru tengdir hagskýrslum. Fyrsta slíka aðlögunin fór fram 2010 en síðan þá hafa nýjar endurbætur og aðlaganir á bæði mánaðarlegum og árlegum hagskýrslum átt sér stað og því þarf að fjalla um þær.

5) Framkvæmdastjórnin hefur þróað tilskildar uppfærslur og rætt við aðildarríkin um hagkvæmni, framleiðslukostnað, þagnarskyldu og skýrslugjafarbyrði.

6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1099/2008 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukanna við reglugerð (EB) nr. 1099/2008 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2010 ([4]) er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 50, 22.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á IV. viðauka (Orka) og XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 19.12.2013, bls. 16.

([1]) Stjtíð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.

([3]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 64.

([4]) Stjtíð. ESB L 258, 30.9.2010, bls. 1.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

ÚTSKÝRINGAR Á HUGTAKANOTKUN

Viðauki þessi veitir útskýringar eða skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í hinum viðaukunum.

1. LANDFRÆÐILEGAR ATHUGASEMDIR

Eftirfarandi landfræðilegar skilgreiningar gilda aðeins vegna hagskýrslugerðar:

— Ástralía undanskilur svæðin handan hafsins,

— Danmörk undanskilur Færeyjar og Grænland,

— Mónakó telst til Frakklands en ekki frönsku svæðin handan hafsins: Gvadelúpeyjar, Martiník, Franska Gvæjana, Réunion, Sankti Pierre og Miquelon, Nýja-Kaledónía, Franska Pólýnesía, Wallis- og Fútúnaeyjar, Mayotte,

— San Marínó og Vatíkanið teljast til Ítalíu,

— Okinawa telst til Japans,

— Súrínam og Hollensku Antillur teljast ekki til Hollands,

— Asoreyjar og Madeira teljast til Portúgals,

— Kanaríeyjar, Balear-eyjar, Ceuta og Melilla teljast til Spánar,

— Liechtenstein telst ekki til Sviss,

— til Bandaríkjanna teljast ríkin 50, Kólumbíuhérað (e. *District of Columbia*), Bandarísku Jómfrúaeyjar, Púertó Ríkó og Gvam.

2. SAMTÖLUR

Framleiðendur eru flokkaðir samkvæmt tilgangi framleiðslunnar:

— Framleiðendur í aðalstarfsemi: fyrirtæki, hvort sem er í einka- eða almenningseigu, sem hafa fyrir aðalstarfsemi að framleiða raforku og/eða varma til að selja þriðja aðila.

— Framleiðendur til eigin nota: fyrirtæki, hvort sem er í einka- eða almenningseigu, sem framleiða raforku og/eða varma eingöngu eða að hluta til eigin nota til að styðja við aðalstarfsemi sína.

Athugasemd: framkvæmdastjórnin getur skýrt hugtakanotkun frekar, eftir að endurskoðun á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) hefur öðlast gildi, með því að bæta viðeigandi tilvísunum við í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

2.1. **Birgða- og umbreytingargeirar**

Framleiðsla/innlend framleiðsla

Unnið eða framleitt eldsneytismagn, reiknað út að loknum aðgerðum til að fjarlægja skaðlaus óhreinindi. Með framleiðslunni telst það magn sem framleiðandinn notar í framleiðsluferlinu (t.d. til hitunar eða starfrækslu á búnaði og aukabúnaði), einnig það sem afhent er öðrum orkuframleiðendum til umbreytingar eða annarra nota.

„Innlend“: framleiðsla úr auðlindum innan hlutaðeigandi ríkis.

Innflutningur/útflutningur

Hvað varðar landfræðilegar skilgreiningar, sjá liðinn „Landfræðilegar athugasemdir“.

„Innflutningur“ vísar, nema annað sé tilgreint, til upprunalands (landsins þar sem orkuvaran var framleidd) til notkunar í landinu og „útflutningur“ til þess lands þar sem framleidd orkuvara er að síðustu notuð.

Litið skal á magn sem innflutt eða útflutt þegar það hefur farið yfir pólitísk landamæri landsins, hvort sem tollafgreiðsla hefur farið fram eða ekki.

Heimilt er að nota „annað“ sé hvorki hægt að tilgreina uppruna né ákvörðunarstað.

Tölfræðilegur mismunur getur komið upp ef aðeins upplýsingar um heildarinnflutning og -útflutning liggja fyrir á fyrrnefndum grundvelli en landfræðilega sundurliðunin byggir á annarri könnun, heimild eða hugmynd. Í þessu tilviki skal mismunurinn falla undir „annað“.

Alþjóðlegir skipageymar

Magn eldsneytis sem afhent er skipum í alþjóðlegum siglingum án tillits til undir hvaða fána þau sigla. Alþjóðlegar siglingar geta farið fram á sjó, á vötnum og vatnaleiðum og í strandsjó. Undanskilin er:

— eldsneytisnotkun skipa í innanlandssiglingum. Ákvarða ætti á milli innanlands- eða alþjóðlegra siglinga á grundvelli brottfararhafnar og komuhafnar en ekki á því hvaða fána skipið siglir undir eða hvert ríkisfang þess er

— notkun af hálfu fiskiskipa,

— notkun af hálfu herafla.

Breytingar á birgðum

Mismunurinn á birgðum í upphafi og birgðum í lok tímabils að því er varðar birgðir á innlendu yfirráðasvæði.

Verg notkun (útreiknuð)

Útreiknað verðgildi, skilgreint sem:

innlend framleiðsla + frá öðrum aðilum + innflutningur – útflutningur – alþjóðlegir skipsgeymar + breytingar á birgðum

---

Verg notkun (mæld)

Magnið sem er skráð í raun í könnunum frá geirum endanlegra notenda.

Tölfræðilegur mismunur

Útreiknað verðgildi, skilgreint sem:

Útreiknuð verg notkun – mæld verg notkun.

Tekur til breytinga á birgðum hjá endanlegum notendum þegar ekki er hægt að skilgreina þær sem hluta af „breytingum á birgðum“.

Taka ætti fram ástæður fyrir öllum meiri háttar mismun.

Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver

Magn eldsneytis sem er notað við raforkuframleiðslu.

Tilkynna skal um eldsneyti sem notað er af hálfu orkuvera sem eru með a.m.k. eina deild samþættrar varma- og raforkuvinnslu undir Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (CHP).

Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

Magn eldsneytis notað við raforku- og varmaframleiðslu.

Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver

Magn eldsneytis notað við varmaframleiðslu.

Framleiðendur til eigin nota – raforkuver

Magn eldsneytis notað við raforkuframleiðslu.

Tilkynna skal um eldsneyti sem notað er af hálfu orkuvera sem eru með a.m.k. eina deild samþættrar varma- og raforkuvinnslu undir „Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu“.

Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

Magn eldsneytis sem samsvarar þeirri raforku sem framleidd er og þeim varma sem seldur er.

Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver

Eldsneyti sem samsvarar þeim varma sem seldur er.

Eldsneytiskögglaverksmiðjur

Magn notað við eldsneytisframleiðslu.

Magn notað til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

Koksofnar

Magn notað í koksofnum.

Magn notað til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur

Magn surtarbrands, notað við framleiðslu á brúnkolakögglum (BKB) eða mó til að framleiða móköggla (PB).

Magn notað til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

Gasveitur

Magn notað til að framleiða gas í gasveitum og kolagösunarstöðvum.

Magn notað sem eldsneyti til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja með hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

Háofn

Magn kokskola og/eða linkola og koksofnakoks sem er umbreytt í háofnum.

Magn notað til eldsneytis fyrir hitun og starfrækslu háofna (t.d. háofnagas) ætti ekki að telja með hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

Þétting kola í vökva

Eldsneytismagn notað við framleiðslu á tilbúinni olíu.

Hreinsunarstöðvar jarðolíu

Magn notað við framleiðslu á jarðolíuafurðum.

Magn notað sem eldsneyti til hitunar og starfrækslu búnaðar ætti ekki að telja með hér heldur telja fram sem notkun í orkugeiranum.

Ekki skilgreind annars staðar – umbreyting

Magn notað til umbreytingaraðgerða, ótalið annars staðar. Ef þessi reitur er notaður skal útskýra í skýrslunni þau atriði sem eru færð undir þennan lið.

2.2. **Orkugeiri og endanleg notkun**

Samtala orkugeira

Magn sem orkuiðnaðurinn notar til að standa undir vinnslu (námugreftri, olíu- og gasframleiðslu) eða umbreytingaraðgerðum. Þetta samsvarar atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildum 05, 06, 08.92, 07.21, 09.1, 19 og 35.

Magn eldsneytis, sem umbreytt er í annað orkuform (ætti að tilkynna undir umbreytingargeiranum) eða notað í rekstur á olíu-, gas- og kolagrugglausnarleiðslum (tilkynnt undir flutningageiranum) er undanskilið.

Tekur til framleiðslu kemískra efna til kjarnaklofnunar og kjarnasamruna og afurða þessara ferla.

Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver

Magn sem notað er sem orka í raforkuverum, orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuverum.

Kolanámur

Magn sem notað er sem orka til að standa undir námi og forvinnslu á kolum í kolanámuiðnaðinum.

Kol sem brennd eru í námuorkuverum ætti að tilkynna um undir umbreytingargeiranum.

Eldsneytiskögglaverksmiðjur

Magn sem notað er sem orka í eldsneytiskögglaverksmiðjum.

Koksofnar

Magn sem notað er sem orka í koksvinnslustöð.

Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur

Magn notað sem orka í brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjum.

Gasver/gösunarver

Magn sem notað er sem orka í gasverum og kolagösunarstöðvum.

Háofnar

Magn sem notað er sem orka í háofnum.

Þétting kola í vökva

Magn sem notað er sem orka í verum er þétta kol í vökva.

Hreinsunarstöðvar jarðolíu

Magn sem notað er sem orka í hreinsunarstöðvum jarðolíu.

Olíu- og jarðgasvinnsla

Magn sem notað er til eldsneytis í olíu- og gasvinnslu og í jarðgasvinnslustöðvum.

Undanskilið er flutningstap í leiðslum (tilkynnt undir tapi af dreifingu) og magn orku sem notað er til að starfrækja leiðslur (tilkynnt undir flutningageiranum).

Samtala endanlegrar notkunar

Skilgreind (reiknuð út) sem:

= Samtala notkunar til annars en orkugjafar + endanleg orkunotkun (iðnaður + flutningur + aðrir geirar)Undanskilin er afhending til umbreytingar, notkun orkuframleiðsluiðnaðarins og tap af dreifingu.

Notkun sem er ekki til orkugjafar

Orkuvörur sem eru notaðar til hráefnis í mismunandi geirum, þ.e. hvorki notaðar til eldsneytis né umbreytt í annað eldsneyti.

2.3. **Skilgreining á endanlegri notkun orku**

Endanleg orkunotkun

Heildarorkunotkun í iðnaði, flutningum og öðrum geirum.

Iðnaðargeiri

Hér er átt við eldsneytið sem iðnaðarfyrirtæki notar til að standa undir aðalstarfsemi sinni.

Með hreinum varmaverum eða orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu er aðeins átt við magn eldsneytis sem notað er til framleiðslu á varma sem orkuverið sjálft notar. Tilkynna ber magn eldsneytis, sem notað er til framleiðslu á seldum varma og til raforkuframleiðslu, undir viðeigandi umbreytingargeira.

Járn og stál Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 24.1, 24.2, 24.3, 24.51 og 24.52.

Kemískt (þ.m.t. unnið úr jarðolíu eða jarðgasi)

Kemískur iðnaður eða iðnaður sem vinnur úr jarðolíu eða jarðgasi; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 20 og 21.

Járnlausir málmar

Járnlaus málmiðnaður; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 24.4, 24.53 og 24.54.

Málmlaus steinefni

Gler-, keramík-, sements- og annar byggingarefnisiðnaður; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deild 23.

Flutningatæki

Iðnaður sem tengist tækjum sem notuð eru til flutninga; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 29 og 30.

Vélbúnaður

Fullunnin málmvara, annar vélbúnaður og önnur tæki en flutningatæki; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 25, 26, 27 og 28.

Námuvinnsla og grjótnám

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 07 (nema 07.21), 08 (nema 08.92) og 09.9; hin síðastnefnda undanskilur orkuframleiðsluiðnað.

Matvæli, drykkjarvörur og tóbak Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins deildir 10, 11 og 12.

Pappírskvoða, pappír og prentun

Tekur til framleiðslu á uppteknu efni, atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins deildir 17 og 18.

Viður og viðarvörur (aðrar en pappírskvoða og pappír): Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deild 16

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð: Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 41, 42 og 43.

Textíl- og leðuriðnaður, atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins deildir 13, 14 og 15.

Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður

Notkun í geirum sem ekki er fjallað um að ofan.

Flutningageiri

Orkunotkun í allri flutningastarfsemi án tillits til atvinnuvegarins þar sem starfsemin á sér stað; atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 49, 50 og 51.

Flutningageiri — járnbrautir

Öll notkun í umferð járnbrauta, þ.m.t. iðnaðarjárnbrauta, atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 49.1 og 49.2.

Flutningageiri — innanlandssiglingar

Magn sem afhent er til skipa sem ekki eru í alþjóðlegum siglingum án tillits til undir hvaða fána þau sigla (sjá „Alþjóðlegir skipsgeymar“). Ákvarða ætti á milli innanlands- eða alþjóðlegra siglinga á grundvelli brottfararhafnar og komuhafnar en ekki fánans sem skipið siglir undir eða hvert ríkisfang þess er. Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deild 50

Flutningageiri — vegir

Magn notað í ökutækjum.

Tekur til eldsneytis sem landbúnaðarökutæki á þjóðvegum nota og smurolía til notkunar á ökutæki.

Undanskilin er orka sem notuð er á kyrrstæðar vélar (sjá annan geira), á dráttarvélar utan þjóðvega (sjá landbúnað), ökutæki til notkunar í hernaði (sjá aðra geira – ekki skilgreind annars staðar), jarðbik notað í yfirborð vega og orka sem notuð er á vélar á byggingarsvæðum (sjá iðnað, undirgrein „byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð“). Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 49.3 og 49.4.

Flutningageiri — flutningar með leiðslum

Magn notað sem orka til að styðja og starfrækja leiðslur sem flytja gas, vökva, grugglausnir og aðra hrávöru, atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deild 49.5.

Tekur til orku sem notuð er í dælustöðvum og til viðhalds á leiðslunni.

Undanskilin er orka sem notuð er til dreifingar á jarðgasi eða verksmiðjugasi, heitu vatni eða gufu með leiðslum frá dreifingaraðilanum til endanlegra notenda (talið fram í orkugeiranum), orka sem notuð er til lokadreifingar á vatni til heimila, iðnaðar, verslunar og annarra notenda (talið fram í verslun og opinberri þjónustu) og tap sem hlýst við flutning þennan frá dreifingaraðilum til endanlegra notenda (talið fram sem tap í dreifingu).

Flutningageiri — millilandaflug

Magn flugvélaeldsneytis sem afhent er til loftfara í millilandaflugi. Byggja ætti ákvörðun um brottfarar- og lendingarstað á því hvort um er að ræða innanlands- eða millilandaflug en ekki á grundvelli ríkisfangs flugrekandans. Hluti af atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 51. deild.

Undanskilið er eldsneyti sem flugrekendur nota á eigin ökutæki (talið fram í flutningageiranum – ekki skilgreint annars staðar) og flugvélaeldsneyti til hernaðarnota (talið fram í öðrum geira – ekki skilgreint annars staðar).

Flutningageiri — innanlandssiglingar

Magn flugvélaeldsneytis sem afhent er til loftfara í innanlandsflugi – verslunar-, einka-, landbúnaðarflugi o.s.frv., hluti af atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 51. deild.

Tekur til eldsneytis sem notað er í öðrum tilgangi en til flugs, t.d. vélaprófana í prófunarbekk. Byggja ætti ákvörðun um brottfarar- og lendingarstað á því hvort um sé að ræða innanlands- eða millilandaflug en ekki á grundvelli ríkisfangs flugrekandans.

Undanskilið er eldsneyti sem flugrekendur nota á eigin ökutæki (talið fram í flutningageiranum – ekki skilgreint annars staðar) og flugvélaeldsneyti til hernaðarnota (talið fram í öðrum geira – ekki skilgreint annars staðar).

Flutningageiri — ekki skilgreindur annars staðar

Magn notað til flutningastarfsemi, ótalið annars staðar.

Tekur til eldsneytis sem notað er af flugrekendum á ökutæki þeirra og eldsneytis sem notað er í höfnum á affermingartæki skipa, ýmsar gerðir af krönum.

Atriði sem telja skal fram koma fram undir þessum lið.

Aðrir geirar

Geirar sem ekki er sérstaklega minnst á eða tilheyra ekki orku, iðnaði eða flutningum.

Aðrir geirar — verslun og opinber þjónusta

Eldsneyti sem fyrirtæki og skrifstofur í opinbera geiranum og einkageiranum nota.

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 33, 36, 37, 38, 39, 45, 46, 47, 52, 53, 55, 56, 58, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 77, 78, 79, 80, 81, 82, 84, 85, 86, 87, 88, 90, 91, 92, 93, 94, 95, 96 og 99.

Aðrir geirar — íbúðarhúsnæði

Telja skal fram eldsneyti sem er notað af öllum tegundum heimila, þ.m.t. „heimilum með launuðum starfsmönnum“. Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 97 og 98.

Aðrir geirar — landbúnaður/skógrækt

Eldsneyti sem er notað í landbúnaði, veiðum og skógrækt, atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deildir 01 og 02.

Aðrir geirar — fiskveiðar

Eldsneyti afhent til fiskveiða í vötnum, strand- og djúpsjávarveiða. Fiskveiðar ættu að ná yfir eldsneyti sem afhent er skipum sem hafa tekið eldsneyti í landinu, án tillits til undir hvaða fána þau sigla (þ.m.t. fiskveiðar á alþjóðlegu hafsvæði) og orku sem notuð er í fiskiðnaðinum. Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, deild 03

Aðrir geirar — ekki skilgreindir annars staðar

Starfsemi sem er ótalin annars staðar. Flokkur þessi tekur til eldsneytisnotkunar til allrar hreyfanlegrar og kyrrstæðrar notkunar í hernaðarskyni (t.d. í skipum, flugvélum, á vegum og orkunotkun í íbúðarhúsnæði), án tillits til hvort eldsneytið sem afhent er fer til hers landsins eða hers annars lands. Ef þessi reitur er notaður skal útskýra í skýrslunni þau atriði sem eru færð undir þennan lið.

---

3. ÖNNUR HUGTÖK

Merking eftirfarandi skammstafana er sem hér segir:

— TML: tetrametýlblý,

— TEL: tetraetýlblý,

— SBP: hreinsað bensín,

— LPG: fljótandi jarðolíugas,

— NGL: jarðgasvökvi,

— LNG: fljótandi jarðgas,

— CNG: þjappað jarðgas.

VIÐAUKI B

ÁRLEGAR HAGSKÝRSLUR UM ORKUMÁL

Í þessum viðauka er lýsing á umfangi, einingum, skýrslugjafartímabili, tíðni, fresti og fyrirkomulagi sendinga varðandi árlega söfnun á hagskýrslum um orkumál.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1. JARÐEFNAELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI OG VERKSMIÐJUGAS

1.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara	Skilgreining
1. Harðkol	Hágæðakol sem notuð eru í iðnaði og íbúðarhúsnæði. Yfirleitt hafa þau minna en 10% af rokgjörnu efni og hátt kolefnisinnihald (um 90% fast kolefni). Vergt varmagildi þeirra er meira en 24 000 kJ/kg miðað við öskulaust en rakt efni.
2. Kokskol	Linkol af þeim gæðum sem henta til framleiðslu á koksi sem nota má til að styðja við hleðslu háofna. Vergt varmagildi þeirra er meira en 24 000 kJ/kg miðað við öskulaust en rakt efni.
3. Önnur linkol (Gufukol)	Kol notuð til framleiðslu á gufu og tekur þetta til allra linkola sem ekki eru talin til kokskola eða harðkola. Þau einkennast af hærra magni rokgjarns efnis en harðkol (meira en 10%) og lægra kolefnisinnihaldi (minna en 90% fast kolefni). Vergt varmagildi þeirra er meira en 24 000 kJ/kg miðað við öskulaust en rakt efni. Ef linkol eru notuð í koksofna ætti að telja þau fram sem kokskol.
4. Gljábrúnkol	Á við um ómótuð kol með vergu varmagildi á milli 20 000 kJ/kg og 24 000 kJ/kg sem innihalda meira en 31% af rokgjörnum efnum miðað við þurrt, steinefnalaust efni.
5. Brúnkol	Ómótuð kol með vergu varmagildi minna en 20 000 kJ/kg og meira en 31% af rokgjörnum efnum miðað við þurr, steinefnalaus efni.
6. Eldsneytiskögglar	Samsett eldsneyti gert úr harðkolaögnum með því að bæta bindiefni við þær. Magn eldsneytisköggla sem framleitt er getur því orðið aðeins meira en það magn kola sem notað er í umbreytingarferlinu.
7. Koksofnakoks	Fast efni sem fæst með kolun kola, aðallega kokskola, við hátt hitastig, það er með lágt rakastig og lítið af rokgjörnum efnum. Koksofnakoks er aðallega notað í járn- og stáliðnaðinum sem orkugjafi og hvarfmiðill. Til þessa flokks teljast kokssalli og málmsteypukoks. Hálfkoks (föst afurð sem fæst með kolun kola við lágt hitastig) ætti einnig að teljast til þessa flokks. Hálfkoks er notað til heimilisnota eða af umbreytingarverinu sjálfu. Liður þessi tekur einnig til koks, kokssalla og hálfkoks sem gert er úr surtarbrandi.
8. Gaskoks	Aukaafurð úr harðkolum sem notuð er til framleiðslu á veitugasi í gasverum. Gaskoks er notað til hitunar.

Orkuvara	Skilgreining
9. Koltjara	Myndast þegar linkol eru þurreimuð. Koltjara er fljótandi aukaafurðin sem verður til þegar kol eru eimuð í koksofni til að framleiða koks eða að hún er framleidd sérstaklega úr brúnkolum („lághitatjara“). Koltjöru er hægt að eima frekar fyrir mismunandi lífrænar vörur (t.d. bensen, tólúen og naftalín) sem yfirleitt yrðu taldar fram undir hráefni fyrir jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn.
10. Brúnkolaköggull (BKB)	Brúnkolakögglar eru samsett eldsneyti, framleitt úr surtarbrandi eða gljábrúnkolum, kögglarnir eru búnir til með háþrýstingi án bindiefna, þ.m.t. þurrkaðra brúnkolaagna og salla.
11. Gasveitugas	Tekur til allra gastegunda sem framleiddar eru hjá almenningsveitum eða verum í einkaeigu sem hafa framleiðslu, flutning og dreifingu gass að aðalmarkmiði sínu. Þar er meðtalið gas sem framleitt er með kolun (þ.m.t. gas sem er framleitt í koksofnum og blandað við gasveitugas), með algerri gösun, með eða án auðgunar með olíuvörum (fljótandi jarðolíugasi, eldsneytisolíuleif o.s.frv.) og með umbreytingum og einfaldri blöndun á gasi og/eða lofti, talið fram í „frá öðrum uppsprettum“. Gasveitugas, sem blandað hefur verið saman við jarðgas, sem verður dreift og notað fyrir milligöngu jarðgasdreifikerfisins, er talið fram undir umbreytingargeiranum. Telja ætti framleiðslu á öðru kolagasi (t.d. koksofnagasi, háofnagasi og gasi úr súrefnisstálbræðsluofnum) fram í dálkunum er varða slíkt gas en ekki undir framleiðslu á gasveitugasi. Kolagas, sem flutt er í gasveituver, ætti þá að telja fram (í dálki út af fyrir sig) í umbreytingargeiranum í röðinni fyrir gasveituver. Færa ætti heildarmagn gasveitugass, sem orðið hefur til við flutning á öðru kolagasi, í línu fyrir framleiðslu á gasveitugasi.
12. Koksofnagas	Gasið er aukaafurð framleiðslu á koksofnakoksi fyrir járn- og stálframleiðslu.
13. Háofnagas	Framleitt með bruna á koksi í háofnum í járn- og stáliðnaðinum. Þaðan er það endurheimt og notað til eldsneytis, að hluta til innan versins og að hluta til í öðru ferli innan stáliðnaðarins eða í orkuverum sem hafa útbúnað til að brenna því. Eldsneytismagnið skal tilgreint á grunni vergs varmagildis.
14. Annað endurheimtanlegt gas	Aukaafurð stálframleiðslu í súrefnisbræðsluofni, endurheimt þegar það leitar út úr bræðsluofninum. Gastegundirnar eru einnig þekktar sem bræðsluofnagas, LD-gas eða BOS-gas. Magn endurheimts eldsneytis skal tilgreint á grunni vergs varmagildis. Það nær einnig yfir ótilgreindar framleiddar gastegundir sem ekki eru nefndar að ofan, t.d. eldfimt gas af föstum kolefnisauðugum uppruna sem var endurheimt úr framleiðslu og efnavinnslu sem ekki er skilgreind annars staðar.
15. Mór	Brennanlegt mjúkt, gropið eða þjappað plöntuset með háu vatnsinnihaldi (allt að 90% í upprunalegu formi), auðskorið, í litum frá ljósbrúnum yfir í dökkbrúnan. Mór, sem ekki er notaður sem orkugjafi, er ekki talinn með. Skilgreining þessi er með fyrirvara um skilgreininguna á endurnýjanlegum orkugjöfum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ([1]) og leiðbeiningar milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar frá 2006 um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir.

Orkuvara	Skilgreining
16. Móvörur	Vörur eins og mókögglar sem unnir eru beint eða óbeint frá móþökum og muldum mó.
17. Olíuleirsteinn og olíusandur	Olíuleirsteinn og olíusandur eru setberg sem inniheldur lífrænt efni í formi kerógens. Kerógen er vaxkennt og vetniskolefnaríkt efni sem er talið vera forveri jarðolíu. Heimilt er að brenna olíuleirstein beint eða vinna hann með hitun til að olían seyti úr honum. Olía úr leirsteini og aðrar vörur sem fengnar eru fram með umbreytingu á vökva eru taldar fram í árlega olíuspurningalistanum um önnur vetniskolefni.

([1]) Stjtíð. EB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

1.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1.2.1. *Birgða- og umbreytingargeirar*

.....

1. Framleiðsla

.....

1.1. Þar af: neðanjarðar

Gildir aðeins um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand.

.....

1.2. Þar af: ofanjarðar

Gildir aðeins um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand.

.....

2. Frá öðrum upptökum

Um er að ræða tvo þætti:

– endurheimt grugglausn, kolamél og aðrar kolavörur svo rýrar að gæðum að ekki er hægt að flokka þær til kolategundar. Tekur til kola sem endurheimt eru úr úrgangshaugum og öðrum úrgangsgeymum,

– eldsneytisbirgðir, þar sem framleiðslan kemur fram í öðrum eldsneytisorkujöfnuði en þar sem notkunin mun koma fram í kolaorkujöfnuðinum.

.....

2.1. Þar af: úr olíuvörum

Á ekki við harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand.

Til dæmis jarðolíukoks sem bætt er í kokskol fyrir koksofna

.....

2.2. Þar af: úr jarðgasi

Á ekki við harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand.

Til dæmis jarðgas sem bætt er í gasveitugas til endanlegrar notkunar.

.....

2.3. Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum

Á ekki við harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand.

Til dæmis iðnaðarúrgangur sem bindiefni í framleiðslu á eldsneytiskögglum

.....

.....

3. Innflutningur

.....

4. Útflutningur

.....

5. Alþjóðlegir skipageymar

.....

6. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

.....

7. Verg notkun

.....

8. Tölfræðilegur mismunur

.....

9. Samtala umbreytingargeira

Eldsneytismagn sem notað er til fyrsta eða annars stigs umbreytinga á orku (t.d. á kolum yfir í raforku, á koksofnagasi yfir í raforku) eða til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. á kokskolum yfir í koks).

.....

9.1. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver

.....

9.2. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

.....

9.3. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver

.....

9.4. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver

.....

9.5. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

.....

9.6. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver

.....

9.7. Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur

.....

9.8. Þar af: Koksofnar

.....

9.9. Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur

.....

9.10. Þar af: Gasveitur

.....

9.11. Þar af: Háofnar

Magn kokskola og/eða linkola og koksofnakoks sem er umbreytt í háofnum. Magn notað til eldsneytis við hitun og starfrækslu háofna (t.d. háofnagass) ætti ekki að telja með í umbreytingargeiranum, heldur telja fram sem notkun í orkugeiranum.

.....

9.12. Þar af: Þétting kola í vökva

Olía úr leirsteini og aðrar vörur sem fengnar eru fram með breytingu í vökva skal telja fram skv. 4. kafla í þessum viðauka.

.....

9.13. Þar af: fyrir blandað jarðgas

Magn kolagass sem blandað er saman við jarðgas.

.....

9.14. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – umbreyting

.....

1.2.2. *Orkugeiri*

.....

1. Samtala orkugeira

.....

1.1. Þar af: Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (CHP) og varmaorkuver

1.2. Þar af: Kolanámur

1.3. Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur

1.4. Þar af: Koksofnar

1.5. Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur

1.6. Þar af: Gasveitur

1.7. Þar af: Háofnar

1.8. Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu

1.9. Þar af: Þétting kola í vökva

1.10. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – orka

2. Tap við dreifingu

Tap sem verður við flutning og dreifingu, sem og við brennslu á verksmiðjugasi.

3. Samtala endanlegrar notkunar

4. Samtala notkunar til annars en orkugjafar

4.1. Þar af: Iðnaðar-, umbreytingar- og orkugeiri

Notkun til annars en orkugjafar í öllum undirgeirum iðnaðar-, umbreytingar- og orkugeira, t.d. kol notuð til að búa til metanól eða ammoníak.

4.1.1. Frá 4.1, þar af: í jarðolíuefna- eða jarðgasefnageiranum

Notkun til annars en orkugjafar, t.d. kol notuð sem hráefni til framleiðslu á áburði og hráefni í önnur efni sem unnin eru úr jarðolíu eða jarðgasi.

4.2. Þar af: Flutningageiri

Notkun til annars en orkugjafar í öllum undirgeirum flutningageirans.

4.3. Þar af: Aðrir geirar

Notkun til annars en orkugjafar í verslun og opinberri þjónustu, íbúðarhúsnæði, landbúnaði og öðru sem ekki er skilgreint annars staðar.

1.2.3. *Skilgreining á endanlegri notkun orku*

1. Endanleg orkunotkun

2. Iðnaðargeiri

2.1. Þar af: Járn og stál

2.2. Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi

2.3. Þar af: Járnlausir málmar

2.4. Þar af: Málmlaus steinefni

2.5. Þar af: Flutningatæki

.....

2.6. Þar af: Vélbúnaður

.....

2.7. Þar af: Námuvinnsla og grjótnám

.....

2.8. Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak

.....

2.9. Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun

.....

2.10. Þar af: Viður og viðarvörur

.....

2.11. Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

.....

2.12. Þar af: Textílefni og leður

.....

2.13. Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður

.....

3. Flutningageiri

.....

3.1. Þar af: Járnbrautir

.....

3.2. Þar af: Innanlandssiglingar

.....

3.3. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar

.....

4. Aðrir geirar

.....

4.1. Þar af: Verslun og opinber þjónusta

.....

4.2. Þar af: Íbúðarhúsnæði

.....

4.3. Þar af: Landbúnaður/skógrækt

.....

4.4. Þar af: Fiskveiðar

.....

4.5. Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar – annað

.....

1.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi.

Gildir um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, eldsneytisköggla, koksofnakoks, koltjöru, brúnkolaköggla, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand.

1.3. ***Varmagildi***

Gildir um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, eldsneytisköggla, koksofnakoks, gaskoks, koltjöru, brúnkolaköggla, mó, móvörur, olíuleirstein og olíusand.

Telja verður fram bæði vergt og hreint varmagildi fyrir helstu samtölur hér á eftir:

.....

1. Framleiðsla

.....

2. Innflutningur

.....

3. Útflutningur

.....

4. Notað í koksofna

.....

5. Notað í háofna

.....

.....

6. Notað í raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver hjá framleiðendum í aðalstarfsemi

.....

7. Notað í iðnaði

.....

8. Til annarra nota

.....

1.4. **Mælieiningar**

1. Orkumagn	10^3 tonn Undantekning: í gasi (gasveitugasi, koksofnagasi, háofnagasi, öðru endurheimtanlegu gasi) er orkuinnihaldið mælt beint og einingin terajúl (TJ) (byggist á vergu varmagildi) er því notuð.
2. Varmagildi	MJ/tonn

1.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

2. JARÐGAS

2.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um jarðgas en til þess telst gas, aðallega metan, sem finnst í nýtanlegum jarðlögum, hvort sem er fljótandi eða loftkennt.

Innan þess telst bæði „ótengt“ gas frá svæðum þar sem aðeins er vinnsla á vetniskolefni í loftkenndu formi og „tengt“ gas úr framleiðslu sem tengist vinnslu á jarðolíu, sem og metan sem er endurheimt úr kolanámum (kolanámugas) eða kolalögum (kolalagagas).

Innan þess telst hvorki gas sem búið er til með loftfirrðri rotnun lífmassa (t.d. gasi frá heimilishaldi eða gasi frá skólpi) né gasveitugas.

2.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

2.2.1. *Birgða- og umbreytingargeirar*

Í eftirfarandi samtölum skal telja fram magn, gefið upp í bæði magn- og orkueiningum, og jafnframt taka með vergt varmagildi og hreint varmagildi:

.....

1. Innlend framleiðsla

Öll markaðshæf þurrframleiðsla innan landamæra, þ.m.t. úr vinnslu á hafi úti. Framleiðsla er mæld eftir hreinsun og útdrætti á jarðgasvökva og brennisteini.

Undanskilið er gas sem tapast við vinnslu og magn þess sem er niðurdælt, loftað gas eða afgas.

Innifalið er magn notað innan jarðgasiðnaðarins, við jarðgasvinnslu, í leiðslukerfum og vinnslustöðvum.

.....

1.1. Þar af: Tengt gas

Jarðgas úr vinnslu sem tengist hráolíu.

.....

1.2. Þar af: Ótengt gas

Jarðgas frá svæðum þar sem aðeins er vinnsla á vetniskolefnum í loftkenndu formi.

.....

1.3. Þar af: Kolanámugas

Metan unnið úr kolanámum eða úr kolalögum, leitt í rörum að yfirborðinu og notað í kolanámum eða flutt með leiðslum til neytenda.

.....

2. Frá öðrum upptökum

Eldsneyti sem er blandað í jarðgas og notað sem blanda.

2.1. Þar af: úr olíuvörum

Fljótandi jarðolíugas til að endurnýja gæðin, t.d. varmagildi

2.2. Þar af: úr kolum

verksmiðjugas til að blanda við jarðgas

2.3. Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum

lífgas til að blanda við jarðgas

3. Innflutningur

4. Útflutningur

5. Alþjóðlegir skipageymar

6. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

7. Verg notkun

8. Tölfræðilegur mismunur

Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.

9. Endurheimtanlegt gas: upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils

Tiltækt gasmagn til afhendingar hvernig sem á stendur með inntak eða úttak. Þetta tekur til endurheimtanlegs jarðgass sem geymt er í sérstökum geymslum (uppurnu gas- og/eða olíuvinnslusvæði, í veiti, saltholu, blönduðum hellum eða öðrum) og geymslum fyrir fljótandi jarðgas. Púðagas skal undanskilið.

Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.

10. Loftað gas

Gas sem losað er út í andrúmsloftið á vinnslustaðnum eða í gasvinnslustöðinni.

Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.

11. Logagas

Gas sem brennur í afgasloga á vinnslustaðnum eða í gasvinnslustöðinni.

Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.

12. Samtala umbreytingargeira

Eldsneyti sem er notað til fyrsta eða annars stigs umbreytinga á orku (t.d. á jarðgasi yfir í raforku) eða til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. á jarðgasi yfir í metanól).

12.1. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver

12.2. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver

12.3. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

12.4. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

.....

12.5. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver

.....

12.6. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver

.....

12.7. Þar af: Gasveitur

.....

12.8. Þar af: Koksofnar

.....

12.9. Þar af: Háofnar

.....

12.10. Þar af: Gasi breytt í vökva

Jarðgas sem er notað sem hráefni fyrir umbreytingu í vökva, t.d. magn eldsneytis sem fer inn í framleiðsluferli metanóls til umbreytingar í metanól.

.....

12.11. Þar af: Ekki tilgreint – umbreyting

.....

2.2.2. *Orkugeiri*

.....

1. Samtala orkugeira

.....

1.1. Þar af: Kolanámur

.....

1.2. Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla

.....

1.3. Þar af: Aðföng til olíuhreinsunarstöðva

.....

1.4. Þar af: Koksofnar

.....

1.5. Þar af: Háofnar

.....

1.6. Þar af: Gasveitur

.....

1.7. Þar af: Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver

.....

1.8. Þar af: Þétting (fljótandi jarðgas) og gösun

.....

1.9. Þar af: Gasi breytt í vökva

.....

1.10. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – orka

.....

2. Tap við dreifingu og flutning

.....

2.2.3. *Skilgreining á endanlegri notkun orku*

Í öllum eftirfarandi samtölum þarf að telja fram sitt í hvoru lagi notkun á jarðgasi til orkugjafar og (þar sem það á við) notkun sem er ekki til orkugjafar:

.....

1. Samtala endanlegrar notkunar

Endanleg orkunotkun og notkun sem er ekki til orkugjafar skal talin fram sitt í hvoru lagi undir þessum lið.

.....

2. Flutningageiri

.....

2.1. Þar af: Flutningar á vegum

Tekur til bæði þjappaðs jarðgass og lífgass

.....

2.1.1. Þar af: Þáttur lífgass í flutningum á vegum

.....

.....

2.2. Þar af: Flutningar um leiðslur

.....

2.3. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar

.....

3. Iðnaðargeiri

.....

3.1. Þar af: Járn og stál

.....

3.2. Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi

.....

3.3. Þar af: Járnlausir málmar

.....

3.4. Þar af: Málmlaus steinefni

.....

3.5. Þar af: Flutningatæki

.....

3.6. Þar af: Vélbúnaður

.....

3.7. Þar af: Námuvinnsla og grjótnám

.....

3.8. Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak

.....

3.9. Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun

.....

3.10. Þar af: Viður og viðarvörur

.....

3.11. Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

.....

3.12. Þar af: Textílefni og leður

.....

3.13. Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður

.....

4. Aðrir geirar

.....

4.1. Þar af: Verslun og opinber þjónusta

.....

4.2. Þar af: Íbúðarhúsnæði

.....

4.3. Þar af: Landbúnaður/skógrækt

.....

4.4. Þar af: Fiskveiðar

.....

4.5. Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar – annað

.....

2.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Telja skal fram bæði heildarmagn jarðgass og þann hluta af því sem er fljótandi jarðgas eftir upprunalöndum hvað varðar innflutning og eftir viðtökulöndum fyrir útflutning.

2.2.5. *Geymslurými fyrir gas*

.....

1. Heiti

Heiti staðarins þar sem geymsluaðstaðan er.

.....

2. Gerð

Geymslugerð, s.s. uppurið gasvinnslusvæði, salthol o.s.frv.

.....

.....

3. Virkt rými

Heildargeymslurými gass, að frádregnu púðagasi. Púðagasið er heildarmagn gass sem þarf að hafa sem varanlegar birgðir til að halda megi nægilegum geymsluþrýstingi á neðanjarðargeymum og tryggja afhendingarþrýsting á öllu útgjafarstiginu.

.....

4. Hámarksútgjöf

Hámarkshlutfall gass sem hægt er að taka út úr viðkomandi geymslu; þetta samsvarar hámarksútskilnaðargetu.

.....

2.3. ***Mælieiningar***

1. Orkumagn	Magn jarðgass er talið fram samkvæmt orkuinnihaldi þess, þ.e. í terajúlum, byggt á vergu varmagildi, nema annað sé gefið til kynna. Einingin 10^6 m^3 er notuð þar sem krafist er efnislegs magns, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15 °C, 101,325 kPa).
2. Varmagildi	KJ/m^3, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15 °C, 101,325 kPa).
3. Virkt geymslurými	10^6 m^3, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15 °C, 101,325 kPa).
4. Hámarksútgjöf	10^6 m^3/á dag, sé gert ráð fyrir viðmunarskilyrðum fyrir gas (15 °C, 101,325 kPa).

2.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

3. RAFORKA OG VARMI

3.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafli þessi fjallar um varma og raforku.

3.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir hvað varðar útskýringar á hugtökum sem þessi kafli útskýrir ekki sérstaklega. Skilgreiningarnar og einingarnar, sem nefndar eru í 1., 2., 4. og 5. kafla, gilda um orkuvörur sem heyra undir eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas, jarðgas, olíu- og jarðolíuafurðir og endurnýjanlega orku og orku úr úrgangi.

3.2.1. *Birgða- og umbreytingargeirar*

Eftirfarandi sértækar skilgreiningar gilda um samtölur fyrir raforku og varma í þessum kafla:

— Verg raforkuframleiðsla: samanlögð raforkuframleiðsla frá öllum umræddum rafalasamstæðum (þ.m.t. dælimiðlunum), mældum við útgangspól aðalrafalanna.

— Verg varmaframleiðsla: allur varmi sem framleiddur er í verinu, þ.m.t. varmi sem fer til þess stoðbúnaðar versins sem notar heitan vökva (rýmishitun, hitun fljótandi eldsneytis o.s.frv.) og tap í varmaskiptum vers og veitukerfis, sem og varmi frá efnavinnslu sem notaður er sem frumorka.

— Hrein raforkuframleiðsla: verg raforkuframleiðsla að frátalinni þeirri raforku sem notuð er af stoðbúnaði rafala og tapinu í spennubreytum aðalrafala.

— Hrein varmaframleiðsla: varminn sem veittur er inn í dreifingarkerfið, eins og ákvarðað er með mælingum á út- og innstreymi.

Í samtölunum, sem nefndar eru í næstu töflu, verður að telja fram sérstaklega hvað er fyrir orkuver framleiðanda í aðalstarfsemi og hvað er fyrir orkuver framleiðanda til eigin nota. Innan þessara tveggja gerða af orkuverum skal telja fram sérstaklega bæði verga og hreina raforku- og varmaframleiðslu fyrir raforkuver eingöngu, fyrir samþætt varma- og raforkuvinnsluver og fyrir orkuver sem framleiða eingöngu varma, eftir því sem við á, að því er varðar eftirfarandi samtölur:

.....

1. Heildarframleiðsla

.....

1.1. Þar af: Kjarnorka

.....

1.2. Þar af: Vatnsorka

.....

1.2. 1. Þar af: sá hluti vatnsorku sem framleiddur er með dælimiðlun

.....

1.3. Þar af: Jarðvarmi

.....

1.4. Þar af: Sólarorka

.....

1.5. Þar af: Sjávarfalla-, öldu-, haforka

.....

1.6. Þar af: Vindorka

.....

1.7. Þar af: Brennanlegt eldsneyti

Eldsneyti sem hægt er að kveikja í eða brenna, þ.e. það hvarfast við súrefni til að framleiða umtalsverða hækkun hitastigs og er brennt beint til að framleiða raforku og/eða varma.

.....

1.8. Þar af: Varmadælur

Varmaframleiðsla með varmadælum aðeins ef varminn er seldur til þriðja aðila (þ.e. í tilvikum þar sem framleiðslan á sér stað í umbreytingargeiranum).

.....

1.9. Þar af: Rafmagnskatlar

Varmamagn frá rafmagnskötlum þar sem framleiðslan er seld til þriðju aðila.

.....

1.10. Þar af: Varmi frá efnavinnslu

Varmi sem hlýst af framleiðslu án inntekinnar orku, s.s. frá efnahvörfum.

Undanskilið er varmatap frá orkuknúnum ferlum, sem hefðu átt að vera taldir fram undir framleiddum varma úr viðkomandi eldsneyti.

.....

1.11. Þar af: Önnur upptök (tilgreinið)

.....

Telja verður samtölurnar, sem nefndar eru í næstu töflu, fram sem heildartölur fyrir raforku og varma hvort fyrir sig, eftir því sem við á. Í fyrstu þremur samtölunum í næstu töflu ætti að reikna magn út frá því verðgildi sem talið er fram skv. fyrri töflu og samrýmt því.

.....

1. Verg heildarframleiðsla

.....

2. Eigin notkun í verinu

.....

3. Hrein heildarframleiðsla

.....

4. Innflutningur

Sjá einnig skýringu undir 5. lið „Útflutningur“.

.....

5. Útflutningur

Litið skal svo á að raforka sé annaðhvort innflutt eða útflutt þegar hún hefur farið yfir pólitísk landamæri landsins, hvort sem tollafgreiðsla hefur átt sér stað eða ekki. Magnið ætti að tilgreina, ef raforka er flutt yfir land, bæði undir innflutningi og útflutningi.

.....

6. Notað í varmadælur

.....

7. Notað í rafknúna gufukatla

.....

8. Notað fyrir dælimiðlun

9. Notað í raforkuframleiðslu

10. Afhent orka

Raforka: samanlögð hrein raforkuframleiðsla frá öllum orkuverum í landinu, að frátöldu því magni sem varmadælur og rafknúnir gufukatlar nota á sama tíma, dælt er inn viðbótarmagni eða magni frá við útflutning til eða innflutning frá útlöndum.

Varmi: samanlögð nettóvarmaframleiðsla til sölu frá öllum orkuverum í landinu, að frátöldum þeim varma sem notaður er til raforkuframleiðslu og aukningu eða samdrætti hans með útflutningi frá eða innflutningi til útlanda.

11. Sendinga- og dreifingartap

Allt tap á raforku og varma vegna flutninga og dreifingar.

Að því er varðar raforku er tap í spennubreytum sem ekki teljast óaðskiljanlegur hluti orkuvera talið með.

12. Heildarnotkun (útreiknuð)

13. Tölfræðilegur mismunur

14. Heildarnotkun (mæld)

Sérstaklega skal telja fram framleidda raforku, seldan varma og notað eldsneyti, þ.m.t. viðkomandi heildarorku úr brennanlegu orkugjöfunum sem skráðir eru í næstu töflu, fyrir orkuver framleiðenda í aðalstarfsemi og orkuver þeirra sem framleiða til eigin nota. Innan þessara tveggja gerða af orkuverum skal, eftir því sem við á, raforku- og varmaframleiðsla talin fram fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) raforku, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og orkuver sem framleiða (eingöngu) varma:

1. Eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas:

1.1. Harðkol

1.2. Kokskol

1.3. Önnur linkol

1.4. Gljábrúnkol

1.5. Brúnkol

1.6. Mór

1.7. Eldsneytiskögglar

1.8. Koksofnakoks

1.9. Gaskoks

1.10. Koltjara

1.11. Brúnkolakögglar (köggluð brúnkol)

1.12. Gasveitugas

1.13. Koksofnagas

1.14. Háofnagas

1.15. Annað endurheimtanlegt gas

1.16. Móvörur

1.17. Olíuleirsteinn og olíusandur

2. Olía og jarðolíuafurðir

2.1. Jarðolía

2.2. Jarðgasvökvi

2.3. Olíuhreinsunargas

2.4. Fljótandi jarðolíugas (LPG)

2.5. Nafta

2.6. Steinolíukennt þotueldsneyti

2.7. Önnur steinolía

2.8. Gas/dísilolía (eimuð brennsluolía)

2.9. Svartolía

2.10. Jarðbik (þ.m.t. bikolía)

2.11. Jarðolíukoks

2.12. Aðrar olíuvörur

3. Jarðgas

4. Endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi

4.1. Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)

4.2. Sorp (endurnýjanlegt)

4.3. Sorp (óendurnýjanlegt)

4.4. Fast lífeldsneyti

4.5. Lífgas

4.6. Lífdísilolíur

4.7. Annað fljótandi lífeldsneyti

3.2.2. *Raforku- og varmanotkun innan orkugeirans*

1. Samtala orkugeira
Undanskilin eru eigin not orkuvers, dælimiðlun, varmadælur og rafmagnskatlar.

1.1. Þar af: Kolanámur

1.2. Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla

.....

1.3. Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur

.....

1.4. Þar af: Koksofnar

.....

1.5. Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur

.....

1.6. Þar af: Gasveitur

.....

1.7. Þar af: Háofnar

.....

1.8. Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu

.....

1.9. Þar af: Kjarnorkuiðnaður

.....

1.10. Þar af: Þétting kola í vökva

.....

1.11. Þar af: Þéttingar- (fljótandi jarðgas) og endurgösunarstöð

.....

1.12. Þar af: Gösunarver (lífgas)

.....

1.13. Þar af: Gasi breytt í vökva

.....

1.14. Þar af: Framleiðslustöð viðarkola

.....

1.15. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – orka

.....

3.2.3. *Skilgreining á endanlegri notkun orku*

.....

1. Iðnaðargeiri

.....

1.1. Þar af: Járn og stál

.....

1.2. Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi

.....

1.3. Þar af: Járnlausir málmar

.....

1.4. Þar af: Málmlaus steinefni

.....

1.5. Þar af: Flutningatæki

.....

1.6. Þar af: Vélbúnaður

.....

1.7. Þar af: Námuvinnsla og grjótnám

.....

1.8. Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak

.....

1.9. Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun

.....

1.10. Þar af: Viður og viðarvörur

.....

1.11. Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

.....

1.12. Þar af: Textílefni og leður

.....

1.13. Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður

.....

2. Flutningageiri

.....

2.1. Þar af: Járnbrautir

.....

2.2. Þar af: Flutningar um leiðslur

.....

.....

2.3. Þar af: Vegir

.....

2.4. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar

.....

3. Íbúðarhúsnæðisgeiri

.....

4. Verslun og opinber þjónusta

.....

5. Landbúnaður/skógrækt

.....

6. Fiskveiðar

.....

7. Ekki skilgreindar annars staðar – annað

.....

3.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Magn innflutnings og útflutnings á raforku og varma eftir löndum.

3.2.5. *Hrein framleiðsla á raforku og varma frá framleiðendum til eigin nota*

Hrein framleiðsla á raforku og varma frá framleiðendum raforku og varma til eigin nota skal talin fram sérstaklega fyrir samþætt varma- og raforkuvinnsluver, fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) raforku og fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) varma, í eftirtöldum orkuverum og starfsemi:

.....

1. Samtala orkugeira

.....

1.1. Þar af: Kolanámur

.....

1.2. Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla

.....

1.3. Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur

.....

1.4. Þar af: Koksofnar

.....

1.5. Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur

.....

1.6. Þar af: Gasveitur

.....

1.7. Þar af: Háofnar

.....

1.8. Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu

.....

1.9. Þar af: Þétting kola í vökva

.....

1.10. Þar af: Þéttingar- (fljótandi jarðgas) og endurgösunarstöð

.....

1.11. Þar af: Gösunarver (lífgas)

.....

1.12. Þar af: Gasi breytt í vökva

.....

1.13. Þar af: Framleiðslustöð viðarkola

.....

1.14. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – orka

.....

2. Flutningageiri

.....

2.1. Þar af: Járnbrautir

.....

2.2. Þar af: Flutningar um leiðslur

.....

2.3. Þar af: Vegir

.....

2.4. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar

.....

.....

3. Allir aðrir geirar: eins og skrá yfir samtölur undir lið „3.2.3. Skilgreining á lokanotkun orku“.

.....

3.3. **Skipulagsupplýsingar um raforku- og varmaframleiðslu**

3.3.1. *Hrein hámarksraforkuafköst og álagstoppar*

Telja ber afköst fram fyrir 31. desember á viðkomandi skýrsluári.

Raforkuafköst frá bæði orkuverum sem framleiða (eingöngu) raforku og orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu eru meðtalin.

Hrein hámarksraforkuafköst eru samanlögð hrein hámarksafköst allra stöðva, gerð upp í hverri stöð fyrir sig á tilteknu vinnslutímabili. Gert er ráð fyrir, miðað við núverandi markmið, að vinnslutímabilið sé samfellt: í raun 15 klst. eða meira á dag. Nettóhámarksafköst eru hámarksafl, sem gert er ráð fyrir að sé eingöngu virkt afl sem allar stöðvar geta látið í té samfellt, við úttak dreifikerfisins, þegar þær eru í fullum gangi. Álagstoppur er skilgreindur sem hæsta gildi afls sem dreifikerfi eða samsetning dreifikerfa innan landsins tekur til sín eða lætur í té.

Tilkynna verður hrein hámarksraforkuafköst fyrir bæði framleiðanda í aðalstarfsemi og þann sem framleiðir til eigin nota.

.....

1. Samtals

.....

2. Kjarnorka

.....

3. Vatnsorka

.....

3.1. Þar af: blönduð orkuver

.....

3.2. Þar af: hrein dælimiðlun

.....

4. Jarðvarmi

.....

5. Sólarraforka

.....

6. Sólarvarmaorka

.....

7. Sjávarfalla-, öldu-, haforka

.....

8. Vindorka

.....

9. Brennanlegt eldsneyti

.....

9.1. Þar af: Gufa

.....

9.2. Þar af: Bruni

.....

9.3. Þar af: Gashverfill

.....

9.4. Þar af: Samsett ferli

.....

9.5. Þar af: Annað

Verður útskýrt ef talið fram.

Eftirfarandi upplýsingar um álagstopp verður að tilkynna fyrir dreifikerfið:

.....

10. Álagstoppur

.....

11. Tiltæk afköst í álagstoppi

.....

12. Dagsetning og tími þegar álagstoppar koma fyrir

.....

3.3.2. *Hrein hámarksraforkuafköst brennanlegs eldsneytis*

Hrein hámarksraforkuafköst brennanlegs eldsneytis verður að telja fram bæði fyrir framleiðendur í aðalstarfsemi og framleiðendur til eigin nota og sérstaklega fyrir hvora tegund af verum sem nota eina tegund af eldsneyti og verum sem nota margar tegundir af eldsneyti, sem koma fram í næstu töflu. Hjá öllum verum sem nota fleiri en eina tegund eldsneytis skal merkja við hvaða tegund eldsneytis er notuð sem aðaleldsneyti og hverjar eru aukaeldsneyti.

.....

1. Kynt með einni tegund eldsneytis:

.....

1.1. Kynt með kolum eða kolaafurðum

Tekur til koksofnagass, háofnagass og gass úr súrefnisstálbræðsluofnum.

.....

1.2. Kynt með fljótandi eldsneyti

Tekur til hreinsunarstöðvagass.

.....

1.3. Kynt með jarðgasi

Tekur til gasveitugass

.....

1.4. Kynt með mó

.....

1.5. Kynt með brennanlegum endurnýjanlegum orkugjöfum og úrgangi

.....

2. Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu og fljótandi eldsneyti

.....

3. Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu eldsneyti og jarðgasi

.....

4. Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, fljótandi eldsneyti og jarðgasi

.....

5. Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu og fljótandi eldsneyti og jarðgasi

.....

Aðeins einingar sem geta brennt fleiri en einni tegund eldsneytis í samfellu teljast vera kerfi sem kynt eru með mörgum tegundum eldsneytis. Stöðvum með aðskildum einingum, sem nota mismunandi eldsneyti, ætti að skipta upp og hver eining að fara í viðeigandi flokk fyrir stöð sem kyndir með einni tegund eldsneytis.

3.4. **Gögn um kjarnorku**

Tilkynna verður eftirfarandi gögn um almenn not af kjarnorku:

1.	Auðgunargeta Árleg aðgreiningargeta starfandi kjarnorkuvera í auðgunarstarfsemi (aðgreining á samsætum úrans).
2.	Framleiðslugeta á fersku eldsneyti Árleg framleiðslugeta orkuvera sem framleiða eldsneyti. Verksmiðjur sem framleiða blandað oxíðeldsneyti eru undanskildar.
3.	Framleiðslugeta verksmiðja sem framleiða blandað oxíðeldsneyti. Árleg framleiðslugeta verksmiðja sem framleiða blandað oxíðeldsneyti. Blandað oxíðeldsneyti (e. MOX) inniheldur blöndu af plútoni og úrani (blandað oxíð).
4.	Framleiðsla á fersku eldsneyti Framleiðsla á fullunnu og fersku eldsneyti í kjarnorkuverum sem framleiða eldsneyti. Eldsneytisstangir eða aðrir hlutar af vöru eru undanskilin. Orkuver sem framleiða blandað oxíðeldsneyti eru einnig undanskilin.
5.	Framleiðslugeta á blönduðu oxíðeldsneyti Framleiðsla á fullunnu og fersku eldsneyti í verksmiðjum sem framleiða blandað oxíðeldsneyti. Eldsneytisstangir eða aðrir hlutar af vöru eru undanskilin.

6.	Framleiðsla á varma frá kjarnorkuverum. Heildarmagn varma sem aflað er frá kjarnakljúfum til framleiðslu á rafmagni eða til annarrar gagnlegrar notkunar varma.
7.	Árleg meðalbrennsla á geisluðu eldsneyti sem er varanlega losað Reiknað meðaltal brennslu á eldsneyti sem hefur verið varanlega losað frá kjarnakljúfunum á viðkomandi viðmiðunarári. Undanskilið er eldsneyti sem er losað tímabundið og verður líklega ekki umhlaðið aftur síðar.
8.	Framleiðsla á úrani og plútoni í endurvinnsluverum Úran og plúton sem framleitt er í endurvinnsluverum á viðmiðunarárinu.
9.	Afkastageta (á úrani og plútoni) í endurvinnsluverum Árleg endurvinnslugeta úrans og plútons.

3.5. **Mælieiningar**

1. Orkumagn	Rafmagn: Gígavattstund (GWh) Varmi: Terajúl Eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas: mælieiningarnar í 1. kafla þessa viðauka gilda. Jarðgas: mælieiningarnar í 2. kafla þessa viðauka gilda. Olía og jarðolíuafurðir: mælieiningarnar í 4. kafla þessa viðauka gilda. Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur: mælieiningarnar í 5. kafla þessa viðauka gilda. Úran og plúton: tonn af þungmálmi (tHM).
2. Afkastageta	Afköst raforkuframleiðslu: Rafmegavött (MWe) Afköst varmaframleiðslu: Varmamegavött (MWt) Auðgunargeta (sundurgreining á samsætum úrans): í tonnum af sundurgreindum vinnueiningum (tSWU). Framleiðslugeta af kjarnorkueldsneyti: tonn af þungmálmi (tHM).

3.6. **Frávik og undanþágur**

Frakkland er undanþegið skýrslugjöf um samtölur að því er varðar varma. Undanþágan fellur úr gildi um leið og Frakkar eru tilbúnir til að senda þessa skýrslu og, í öllu falli, ekki seinna en fjórum árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

4. OLÍA OG JARÐOLÍUAFURÐIR

4.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara	Skilgreining
1. Jarðolía	Óhreinsuð olía er jarðolía af náttúrulegum uppruna úr blöndu vetniskolefna og aðskotaefna sem henni fylgja, s.s. brennisteini. Hún er fljótandi við staðalhitastig og -þrýsting og eðliseiginleikar hennar (eðlismassi, seigja, o.s.frv.) eru mjög breytilegir. Til þessa flokks teljast þéttar frá olíusvæðum og leigusvæðum sem unnir eru úr tengdu og ótengdu gasi sem blandast við hina óhreinsuðu olíu í vinnslu.

Orkuvara		Skilgreining
2.	Jarðgasvökvi	Jarðgasvökvi er vetniskolefni sem er, eða hefur verið gert, fljótandi og er unnið upp úr jarðgasi í aðgreiningar- eða gasvinnslustöðvum. Etan, própan, bútan (venjulegt og ísóbútan), (ísó)pentan og pentön plús (stundum kölluð náttúrulegt bensín eða stöðvarþétta) teljast til jarðgasvökva.
3.	Hráefni til olíuhreinsunar	Hráefni til olíuhreinsunar er unnin olía ætluð til frekari vinnslu (þ.e. beineimuð brennsluolía eða undirþrýstieimuð gasolía), annarrar en blöndunar. Með frekari vinnslu er því umbreytt í einn eða fleiri efnisþætti og/eða fullunnar vörur. Þessi skilgreining nær einnig yfir vörur sem jarðolíu- og jarðgasiðnaðurinn skilar til hreinsunariðnaðarins (t.d. hitasundrað bensín, C4-þætti, gasolíu- og brennsluolíuþætti).
4.	Íblöndunarefni/ súrefnissambönd	Íblöndunarefni eru efnasambönd, önnur en vetniskolefni, sem bætt er í eða blandað saman við vöru til að breyta eldsneytiseiginleikum (oktan, setan, kuldaeiginleikar o.s.frv.): — súrefnissambönd, s.s. alkóhól (metanól, etanól), eter (s.s. MTBE (metýl-tertíerbútýleter), ETBE (etýltertíerbútýleter), TAME (tertíeramýl-metýleter)), — esterar (t.d. repjuolía eða dímetýlester, o.s.frv.), — efnasambönd (s.s. tetrametýlblý, tetraetýlblý og þvotta- og hreinsiefni). *Athugasemd*: Magn íblöndunarefna/súrefnissambanda (alkóhóls, eters, estera og annarra efnasambanda) sem talið er fram í þessum flokki ætti að vera í samhengi við magnið sem ætlað er til blöndunar í eldsneyti eða til notkunar sem eldsneyti.
4.1.	Þar af: Lífeldsneyti	Lífbensín og lífdísilolía. Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda. Magn fljótandi lífeldsneytis sem tilgreint er í þessum flokki á við um lífeldsneytið en ekki heildarmagn vökvans sem lífeldsneytinu er blandað í. Öll viðskipti með lífeldsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), eru undanskilin og ætti að telja þau fram í 5. kafla. Tilgreina ætti lífeldsneytið, sem selt er sem hluti af flutningaeldsneyti, í viðkomandi vöru þar sem lífeldsneytisskammturinn er gefinn upp.
5.	Önnur vetniskolefni	Tilbúin óhreinsuð olía úr tjörusandi, leirsteinsolía o.s.frv., vökvar úr umbreytingu kola í vökva (sjá 1. kafla), afurðir úr vökva úr þéttingu jarðgass í bensín (sjá 2. kafla), vetni og fleytt olía (t.d. bikolía). Framleiðsla olíu úr leirsteini er undanskilin, um hana gildir 1. kafli. Framleiðslu olíu úr leirsteini (annars stigs afurð) skal telja fram í „frá öðrum uppsprettum“ í flokknum „önnur vetniskolefni“.
6.	Olíuhreinsunargas (ekki fljótandi)	Olíuhreinsunargas er blanda af gastegundum sem ekki þéttast og er aðallega úr vetni, metani, etani og ólefínum sem verða til við eimingu jarðolíu eða meðhöndlun olíuvara (t.d. sundrunar) í hreinsunarstöðvum. Þetta tekur einnig til gass sem skilað er frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.
7.	Etan	Náttúrulega loftkennt ógreinótt vetniskolefni (C_2H_6) dregið út úr jarðgasi og gasstreymi hreinsunarstöðva.

Orkuvara		Skilgreining
8.	Fljótandi jarðolíugas (LPG)	Fljótandi jarðolíugas er létt paraffínskt vetniskolefni sem leiða má út í hreinsunarferlum, við stöðgun óhreinsaðrar olíu og í jarðgasvinnslustöðvum. Innihaldsefni þess eru einkum própan (C_3H_8) og bútan (C_4H_{10}) eða samsetning þeirra tveggja. Það getur einnig innihaldið própýlen, bútýlen, ísóprópýlen og ísóbútýlen. Fljótandi jarðolíugas er yfirleitt gert fljótandi með þrýstingi fyrir flutning og geymslu.
9.	Nafta	Nafta er hráefni sem ætlað er annaðhvort í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn (t.d. í etýlenframleiðslu eða framleiðslu arómatískra efna) eða í bensínframleiðslu með umbreytingu eða hverfingu í hreinsunarstöðvum. Nafta er úr efni á eimingarsviðinu milli 30 °C og 210 °C eða hluta af því sviði.
10.	Hreyfilbensín	Hreyfilbensín er sett saman úr blöndu af léttum vetniskolefnum sem eimast á milli 35 °C og 215°C. Það er notað til eldsneytis fyrir neistakveikjuhreyfla á landi. Hreyfilbensín getur innihaldið íblöndunarefni, súrefnissambönd og efni sem auka oktantöluna, þ.m.t. blýsambönd s.s. tetraetýlblý og tetrametýlblý. Tekur til þátta sem blandað er í hreyfilbensín (að undanskildum íblöndunarefnum/súrefnissamböndum), t.d. alkulata, ísómerata, afurða umbreyta, sundraðs bensíns sem ætlað er til notkunar sem fullunnið hreyfilbensín.
10.1.	Þar af: Lífbensín	Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda.
11.	Flugvélabensín	Hreyfilbensín, sérstaklega búið til fyrir strokkhreyfla í flugvélum, með oktantölu sem hæfir vélinni og frostmark við –60°C og eimingarsvið sem yfirleitt er innan markanna 30°C og 180°C.
12.	Þotueldsneyti (af naftagerð eða JP-4-gerð)	Þetta tekur til allrar olíu úr léttum vetniskolefnum til notkunar í flughverflum, eimist milli 100°C og 250°C. Það er fengið fram með því að blanda steinolíu og bensíni eða nafta á þann hátt að arómatískt efni fari ekki yfir 25% af rúmmálinu og gufuþrýstingurinn sé á milli 13,7 kPa og 20,6 kPa.
13.	Steinolíukennt þotueldsneyti	Eimi notað fyrir flughverfla. Það hefur sömu eimingareiginleika á milli 150° C og 300 °C (yfirleitt ekki yfir 250°C) og sama blossamark og steinolía. Þar að auki hefur það sérstakar forskriftir (s.s. frostmark) sem Alþjóðasamband flugfélaga (IATA) hefur staðfest. Tekur einnig til þátta sem blandað er í steinolíu.
13.1.	Lífræn steinolía fyrir þotur	Fljótandi lífeldsneyti sem unnið er í lífmassa og blandað við eða kemur í staðinn fyrir steinolíu fyrir þotur.
14.	Önnur steinolía	Hreinsað jarðolíueimi notað í öðrum geirum en flugfrakt. Það eimast á milli 150 °C og 300 °C.
15.	Gas-/dísilolía (brennsluolíueymi)	Gasolía/dísilolía er aðallega millieimi sem eimast á milli 180 °C og 380 °C. Tekur til blöndunarþátta. Nokkrir gæðaflokkar eru fáanlegir, eftir því um hvaða notkun er að ræða:
15.1.	Þar af: Vegadísilolía	Dísilolía fyrir ökutæki með þjöppukveikju fyrir dísilolíu (bílar, vörubifreiðar o.s.frv.), yfirleitt með lágt brennisteinsinnihald.

Orkuvara		Skilgreining
15.1.1.	Frá 15.1, þar af: Lífdísilolíur	Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda.
15.2	Þar af: Gasolía til húshitunar og önnur gasolía.	Létt hitunarolía til notkunar í atvinnu- og viðskiptalegum tilgangi, skipadísilolía og dísilolía notuð til járnbrautarflutninga, önnur gasolía, þ.m.t. þung gasolía sem eimast á milli 380° C og 540 °C og er notuð í hráefni fyrir jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn.
16.	Brennsluolía	Allar leifar (svart-) brennsluolíu (þ.m.t. þær sem fengnar eru fram með blöndun). Eðlisseigja er hærri en 10 sentistók (cSt) við 80 °C. Blossamarkið er alltaf hærra en 50 °C og eðlismassi er alltaf hærri en 0,90 kg/l.
16.1.	Þar af: Lítið brennisteinsinnihald	Svartolía með lægra brennisteinsinnihaldi en 1%.
16.2.	Þar af: Hátt brennisteinsinnihald	Svartolía með 1% brennisteinsinnihald eða hærra.
17.	Terpentína og hreinsað bensín	Hreinsuð meðalþung eimi með eimingu á nafta-/steinolíusviðinu. Þeim er skipt niður í: — Hreinsað bensín (SBP): Léttolíur sem eimast á milli 30 °C og 200 °C. Til eru 7 eða 8 gæðaflokkar af hreinsuðu bensíni og fara gæðin eftir því hvar eimingarferlið er stöðvað. Gæðaflokkarnir eru skilgreindir samkvæmt mismuni hitastigs við mörk 5% og 90% af magninu sem hefur eimast (og er ekki hærra en 60 °C). — Terpentína Hreinsað bensín með blossamark yfir 30 °C. Eimingarsvið terpentínu er 135 °C –200 °C.
18.	Smurefni	Vetniskolefni framleidd úr eimi aukaafurðar, þau eru aðallega notuð til að minnka núning milli snertiflata á legum. Tekur til allra tilbúinna gæðaflokka smurefni, frá ásaolíu til strokkolíu og þeirra sem notaðar eru í feiti, vélaolíu og allra gæðaflokka af grunnefnum smurolíu.
19.	Jarðbik	Fast, hálffast eða seigfljótandi vetniskolefni með sviflausnargerð, brúnt allt að svart að lit, verður til sem leifar við eimingu jarðolíu, með undirþrýstieimingu á olíuleifum frá eimingu við venjulegan loftþrýsting. Jarðbik er oft kallað asfalt og aðallega notað í vegagerð og sem þakefni. Þar með talið fljótandi og þynnt jarðbik.
20.	Paraffínvax	Þetta vax er mettað og alifatískt vetniskolefni. Þetta vax er leif sem dregið er út þegar vax er fjarlægt úr smurefnum. Bygging þess er kristölluð sem er meira eða minna fíngerð, samkvæmt gæðunum. Aðaleinkenni þess eru eins og hér segir: það er litlaust, lyktarlaust og hálfgagnsætt, með bræðslumark yfir 45 °C.
21.	Jarðolíukoks	Svört, föst aukaafurð, aðallega fengin fram með sundrun og kolun á hráefni unnu úr jarðolíu, botnfalli frá eimingu sem gerð er við undirþrýsting, tjöru og biki í ferlum eins og tafinni koksun og vökvakoksun. Það er aðallega kolefni (90–95%) og hefur lágt öskuinnihald. Það er notað sem hráefni í koksofna í stáliðnaðinum, til hitunar og framleiðslu á rafskautum og íðefnum. Tveir mikilvægustu gæðaflokkarnir eru „hrákoks“ og „glætt koks“.

Orkuvara		Skilgreining
		Tekur til „hvatakoks“ sem fellur til og sest á hvata í hreinsunarferlunum, þetta koks er ekki hægt að endurheimta og er venjulega brennt sem hreinsunarstöðvaeldsneyti.
22.	Aðrar vörur	Allar vörur sem ekki er sérstaklega minnst á hér að ofan, t.d. tjara og brennisteinn. Nær yfir arómatísk efni (t.d. bensen (BTX), tólúen og xýlen) og ólefínur (t.d. própýlen) sem framleiddar eru í hreinsunarstöðvum.

4.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

4.2.1. *Framboð óhreinsaðrar olíu, jarðgasvökva, hráefnis hreinsunarstöðva, íblöndunarefnis og annars vetniskolefnis*

Eftirfarandi tafla gildir um óhreinsaða olíu, jarðgas, vökva, hráefni hreinsunarstöðva, íblöndunarefni/súrefnissambönd (og lífræna þætti þeirra) og önnur vetniskolefni:

.....

1. Innlend framleiðsla

Á ekki við um hráefni hreinsunarstöðva eða lífeldsneyti.

.....

2. Frá öðrum uppsprettum, íblöndunarefni, lífeldsneyti og önnur vetniskolefni en um framleiðslu þeirra hefur þegar verið fjallað í öðru eldsneytisyfirliti.

Á ekki við um óhreinsaða olíu, jarðgasvökva og hráefni hreinsunarstöðva.

.....

2.1. Þar af: úr kolum

Þar með taldir vökvar sem framleiddir eru í verum sem umbreyta kolum í vökva og vökvaafurðir frá koksofnum.

.....

2.2. Þar af: úr jarðgasi

Við framleiðslu á tilbúnu bensíni þarf e.t.v. að nota jarðgas sem hráefni. Gas til metanólframleiðslu er talið fram skv. 2. kafla en metanólið, sem út úr henni kemur, er talið fram hér.

.....

2.3. Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum

Þar með talið lífeldsneyti sem er ætlað til blöndunar við flutningaeldsneyti.

Framleiðsla er talin fram í 5. kafla en magn til blöndunar er talið fram hér.

.....

3. Bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasgeira

Fullunnar eða hálfunnar vörur sem endanlegir notendur skila til hreinsunarstöðva til vinnslu, blöndunar eða sölu. Þær eru venjulega aukaafurðir jarðolíu- eða jarðgasframleiðslu.

Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.

.....

4. Millifærðar vörur

Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.

Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.

.....

5. Innflutningur og útflutningur

Tekur til magns jarðolíu og vara sem fluttar eru inn eða út samkvæmt vinnslusamningum (þ.e. hreinsun í reikning). Óhreinsaða olíu og jarðgasvökva ætti að telja fram eins og efnin komi frá fyrsta upprunalandi en hráefni til hreinsunarstöðva og fullunnar vörur ber að tilgreina eins og frá síðasta sendingarlandi.

Tekur til allra gasvökva (t.d. fljótandi jarðolíugass) sem eru dregnir út við endurgösun innflutts fljótandi jarðgass og jarðolíuafurða sem jarðolíu- og jarðgasiðnaðurinn flytur beint inn eða út.

Athugasemd: Öll viðskipti með lífeldsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), ætti að tilgreina í spurningalista endurnýjanlegra orkugjafa.

Endurútflutning olíu, sem flutt er inn til vinnslu innan tollfrjálsra svæða, ber að telja með undir útflutningi vöru frá vinnslulandinu til lokaviðtökustaðarins.

.....

6. Bein notkun

Óhreinsuð olía, jarðgasvökvi, íblöndunarefni og súrefnissambönd (og sá hluti sem er lífeldsneyti) og önnur vetniskolefni notuð beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöðvum.

Tekur til óhreinsaðrar olíu sem brennd er til raforkuframleiðslu.

.....

7. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

.....

8. Útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva

Heildarmagn vöru, sem reiknað er út að hafi farið til vinnslu í hreinsunarstöð. Það er skilgreint sem:

innlend framleiðsla + frá öðrum uppsprettum + bakstreymi frá iðnaði + millifærðar vörur + innflutningur – útflutningur – bein notkun + breytingar á birgðum. Tölfræðilegur mismunur

Skilgreindur sem útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva að frádregnu því mælda.

.....

10. Mælt inntekið magn til hreinsunarstöðva

Magn sem mælt er sem aðföng til hreinsunarstöðva

.....

11. Tap í hreinsunarstöðvum

Mismunurinn á innteknu magni til hreinsunarstöðva (mældu) og vergri framleiðslu þeirra. Vegna uppgufunar getur orðið tap á meðan á eimingarferlum stendur. Uppgefið tap er fært sem plústala. Rúmmál getur aukist en ekki massi.

.....

12. Heildarupphafsbirgðir og heildarbirgðir í lok tímabils á innlendu yfirráðasvæði

Allar birgðir á innlendu yfirráðasvæði, þ.m.t. birgðir í vörslu hins opinbera, hjá stórnotendum eða birgðavörsluaðilum, birgðir um borð í hafskipum á leið til hafnar, birgðir á tollfrjálsum svæðum og birgðir sem geymdar eru fyrir aðra, bæði með eða án tvíhliða samnings við ríkisvaldið. Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils vísa til fyrsta eða síðasta dags reikningsskilatímabilsins, eftir því sem við á.

.....

13. Nettóvarmagildi

Framleiðsla, innflutningur og útflutningur og heildarmeðaltal.

.....

4.2.2. *Framboð á olíuvörum*

Eftirfarandi tafla á við um fullunnar vörur (hreinsunarstöðvagas, etan, fljótandi jarðolíugas, nafta, hreyfilbensín og einnig þátt þess í lífbensíni, flugvélabensín, þotueldsneyti, steinolíukennt þotueldsneyti og einnig lífrænan hluta þess, aðra steinolíu, gas-/dísilolíu, brennsluolíu með lágt eða hátt brennisteinsinnihald, terpentínu og hreinsað bensín, smurefni, jarðbik, paraffínvax, jarðolíukoks og aðrar vörur). Óhreinsaða olíu og jarðgasvökva, sem fer beint til brennslu, ætti að telja með við afhendingu fullunninna vara og millifærslur innan vörutegunda.

1.	Aðstreymi vöru á forstigi framleiðslunnar Tekur til innlendrar og innfluttrar jarðolíu (þ.m.t. þétta) og innlends jarðgasvökva sem notaður er beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöð og bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum sem er notað beint, þrátt fyrir að það sé ekki aðaleldsneyti.
2.	Verg framleiðsla hreinsunarstöðva Framleiðsla fullunninna vara í hreinsunarstöð eða blöndunarverksmiðju. Tap í hreinsunarstöðvum er undanskilið en hreinsunarstöðvaeldsneyti er talið með.
3.	Endurunnar vörur Fullunnar vörur sem fara aftur í gegnum markaðskerfið, eftir að hafa verið afhentar einu sinni til endanlegra notenda (t.d. notuð smurolía sem er endurunnin). Aðgreina skal þetta magn frá bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.
4.	Hreinsunarstöðvaeldsneyti Jarðolíuafurðir sem notaðar eru við rekstur hreinsunarstöðva. Undanskildar eru vörur sem olíufyrirtæki nota utan hreinsunarferlisins, t.d. olíugeymar eða olíuflutningaskip. Tekur til eldsneytis sem notað er í hreinsunarstöðvunum til framleiðslu á raforku og varma til sölu.
4.1.	Þar af: notað til raforkuframleiðslu Magn notað til að framleiða raforku í verum í tengslum við hreinsunarstöðvar.
4.2.	Þar af: notað til samþættrar varma- og raforkuvinnslu Magn notað í orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu í tengslum við hreinsunarstöðvar.
4.3.	Þar af: notað til varmaframleiðslu Magn notað til að framleiða varma í tengslum við hreinsunarstöðvar.
5.	Innflutningur og útflutningur
6.	Alþjóðlegir skipageymar
7.	Millifærslur innan vörutegunda Magn sem er endurflokkað, annaðhvort vegna þess að vörulýsingin hefur breyst eða hins að tegundunum hefur verið blandað saman við aðra vöru. Neikvæð færsla fyrir eina vöru er bætt upp með jákvæðri færslu (eða nokkrum færslum) fyrir aðra eða nokkrar aðrar vörur og öfugt, heildarnettóáhrif ættu að vera á núlli.
8.	Millifærðar vörur Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.
9.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
10.	Útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar Þær eru skilgreindar sem: Aðstreymi fyrsta stigs afurða + verg framleiðsla hreinsunarstöðva + endurunnar vörur – hreinsunarstöðvaeldsneyti + innflutningur – útflutningur – alþjóðlegir skipageymar + millifærslur innan vörutegunda – millifærðar vörur + breytingar á birgðum

11.	Tölfræðilegur mismunur Skilgreindur sem útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar að frádregnum þeim mældu.
12.	Mældar vergar innanlandsafhendingar Mældar afhendingar fullunninna jarðolíuafurða frá frumorkugjöfum (t.d. hreinsunarstöðvum, blöndunarverum o.s.frv.) til innanlandsmarkaðarins. Tala þessi getur verið frábrugðin útreiknuðu tölunni, t.d. vegna mismunar á yfirgripi og/eða mismunar á skilgreiningum í mismunandi skýrslukerfum.
12.1.	Þar af: Vergar afhendingar til jarðolíu- og jarðgasgeirans Eldsneyti afhent til jarðolíu- og jarðgasgeirans.
12.2.	Þar af: Orkunotkun í jarðolíu- og jarðgasgeiranum Magn olíu sem notuð er til eldsneytis í jarðolíu- og jarðgasvinnslu, t.d. gufusundrun.
12.3.	Þar af: Notkun sem er ekki til orkugjafar í jarðolíu- og jarðgasgeiranum Magn olíu sem notuð er í jarðolíu- og jarðgasgeiranum til að framleiða etýlen, própýlen, bútýlen, tilbúið gas, arómatísk efni, bútadíen og önnur hráefni á vetniskolefnisgrunni í vinnsluferlum s.s. við gufusundrun, í orkuverum sem framleiða arómatísk efni og við gufuaflsumbreytingar. Olía sem notuð er til eldsneytis er undanskilin.
13.	Bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasgeira til hreinsunarstöðva
14.	Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils Allar birgðir á innlendu yfirráðasvæði, þ.m.t. birgðir í vörslu hins opinbera, hjá stórnotendum eða birgðavörsluaðilum, birgðir um borð í hafskipum á leið til hafnar, birgðir á tollfrjálsum svæðum og birgðir sem geymdar eru fyrir aðra, bæði með eða án tvíhliða samnings við ríkisvaldið. Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils vísa til fyrsta eða síðasta dags reikningsskilatímabilsins, eftir því sem við á.
15.	Breytingar á birgðum hjá almenningsveitum Breytingar á birgðum í vörslu almenningsveita og eru ekki taldar með í birgðastöðu og breytingar á birgðum sem tilgreindar eru annars staðar. Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu. Tekur til jarðolíu og jarðgasvökva sem fer til beinnar brennslu, ef við á.
16.	Hreint varmagildi vergra innanlandsafhendinga

4.2.3. *Vergar innanlandsafhendingar eftir geirum*

Í eftirfarandi töflum eiga eftirfarandi samtölur við um hráolíu, jarðgasvökva, hreinsunarstöðvagas, etan, fljótandi jarðolíugas, nafta, hreyfilbensín og lífrænan hluta þess, flugvélabensín, þotueldsneyti, hreint steinolíukennt þotueldsneyti og lífrænan hluta þess, aðra steinolíu, gas- eða dísilolíu (og hluta þess af vegadísil, hitunarolíu og annarri gasolíu, lífdísilolíu og ólífrænni gas- eða dísilolíu) hreina brennsluolíu (þ.m.t. hlutar þess með lágu eða háu brennisteinsinnihaldi), terpentínu og hreinsað bensín, smurolíu, jarðbik, paraffínvax, jarðolíukoks og aðrar olíuvörur.

Tilkynna þarf magn og heildarsamtölu bæði fyrir orkunotkun og notkun til annars en orkugjafar.

1.	Samtala umbreytingargeira Heildarmagn eldsneytis sem er notað til fyrsta og annars stigs umbreytinga á orku.
1.1.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver

1.2. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver

1.3. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

1.4. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

1.5. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver

1.6. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver

1.7. Þar af: Gasver/gösunarver

1.8. Þar af: Blandað jarðgas

1.9. Þar af: Koksofnar

1.10. Þar af: Háofnar

1.11. Þar af: Jarðolíu- og jarðgasiðnaður

1.12. Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur

1.13. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – umbreyting

2. Samtala orkugeira

Heildarmagn notað sem orka í orkugeiranum

2.1. Þar af: Kolanámur

2.2. Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla

2.3. Þar af: Koksofnar

2.4. Þar af: Háofnar

2.5. Þar af: Gasveitur

2.6. Þar af: Orkuver

Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (CHP) og varmaorkuver.

2.7. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – orka

3. Tap við dreifingu

Tap sem verður utan hreinsunarstöðva vegna flutnings og dreifingar.

Tekur til taps í leiðslum.

4. Endanleg orkunotkun

5. Iðnaðargeiri

5.1. Þar af: Járn og stál

5.2. Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi

5.3. Þar af: Járnlausir málmar

5.4. Þar af: Málmlaus steinefni

5.5. Þar af: Flutningatæki

5.6. Þar af: Vélbúnaður

5.7. Þar af: Námuvinnsla og grjótnám

5.8. Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak

5.9. Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun

5.10. Þar af: Viður og viðarvörur

5.11. Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

5.12. Þar af: Textílefni og leður

5.13. Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður

6. Flutningageiri

6.1. Þar af: Millilandaflug

6.2. Þar af: Innanlandsflug

6.3. Þar af: Vegir

6.4. Þar af: Járnbrautir

6.5. Þar af: Innanlandssiglingar

6.6. Þar af: Flutningar um leiðslur

6.7. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar

7. Aðrir geirar

7.1. Þar af: Verslun og opinber þjónusta

7.2. Þar af: Íbúðarhúsnæði

7.3. Þar af: Landbúnaður/skógrækt

7.4. Þar af: Fiskveiðar

7.5. Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar – annað

8. Samtala notkunar til annars en orkugjafar

Magn notað sem hráefni í mismunandi geirum og er hvorki notað sem eldsneyti né því umbreytt í annað eldsneyti. Þetta magn er inni í samtölunum sem skráðar eru hér á undan.

8.1. Þar af: Umbreytingargeiri

8.2. Þar af: Orkugeiri

8.3. Þar af: Flutningageiri

8.4. Þar af: Iðnaðargeiri

8.4.1. Iðnaðargeiri, þar af: Kemískt (þ.m.t. unnið úr jarðolíu eða jarðgasi)

8.5. Þar af: Aðrir geirar

4.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi. Sjá einnig athugasemdir undir tölulið 4.2.1., samtala 5.

4.3. ***Mælieiningar***

1. Orkumagn	10^3 tonn
2. Varmagildi	MJ/tonn

4.4. **Frávik og undanþágur**

Kýpur er undanþegið því að gefa skýrslu um samtölurnar sem skilgreindar eru í lið 4.2.3 undir 4. tölulið (aðrir geirar) og 5. tölulið (samtala orkunotkunar sem er ekki til orkugjafar), aðeins heildargildin eiga við.

Í þrjú ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, eru Kýpurbúar undanþegnir því að gefa skýrslu um samtölurnar sem skilgreindar eru í lið 4.2.3. undir 2. tölulið (iðnaðargeiri) og 3. tölulið (flutningsgeiri), aðeins heildargildin eiga við meðan undanþágan gildir.

5. ENDURNÝJANLEG ORKA OG ORKA ÚR ÚRGANGI

5.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara		Skilgreining
1.	Vatnsorka	Stöðu- og hreyfiorka vatns sem er breytt í raforku með vatnsaflsvirkjunum. Dælimiðlun verður að telja með. Tilgreina skal framleiðslu í orkuverum af stærðinni < 1 MW, 1 til < 10 MW, ≥ 10 MW og í dælimiðlun.
2.	Jarðvarmi	Orka sem kemur sem varmi neðan úr jarðskorpunni, yfirleitt sem heitt vatn eða gufa. Þessi orkuframleiðsla er mismunurinn á varmagildi vökvans sem leiddur er úr borholunni og varmagildi þess vökva sem að lokum er til ráðstöfunar. Orkan er á heppilegum stöðum: — til raforkuframleiðslu með notkun á hreinni gufu eða saltlegi með háu varmagildi eftir leiftureimingu, — beint sem varmi til fjarhitunar, landbúnaðar o.s.frv.
3.	Sólarorka	Sólargeislun nýtt til hitunar á vatni og raforkuframleiðslu. Þessi framleidda orka er tiltækur hiti í varmaberanum, þ.e. aðfallandi sólarorka að frádregnu ljósfræðilegu tapi og tapi í sólargleypum. Hlutlaus sólarorka til beinnar hitunar, kælingar og lýsingar á húsnæði eða í öðrum byggingum er ekki meðtalin.
3.1.	Þar af: Sólarraforka	Sólarljós sem umbreytt er í raforku með notkun á sólarrafhlöðum, sem eru yfirleitt gerðar úr hálfleiðaraefni sem framleiðir raforku þegar það kemst í snertingu við ljós.
3.2.	Þar af: Sólarvarmaorka	Varmi frá sólargeislun, getur falist í: a) sólarvarmarafstöðvum, eða b) búnaði til framleiðslu á heitu vatni til heimilisnota eða fyrir árstíðabundna upphitun á sundlaugum (t.d. sólargleypiplötur, aðallega af gerð fallkúta).
4.	Sjávarfalla-, öldu-, haforka	Aflræn orka fengin úr sjávarföllum, ölduhreyfingum eða hafstraumum og nýtt til raforkuframleiðslu.
5.	Vindorka	Hreyfiorka vinds sem er hagnýtt til raforkuframleiðslu með vindhverflum.

Orkuvara		Skilgreining
6.	Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)	Teljið fram iðnaðarúrgang af óendurnýjanlegum uppruna (fastan eða í vökvaformi) sem brenndur er beint til framleiðslu á raforku og/eða varma. Telja ætti fram hreint varmagildi þess eldsneytismagns sem notað er. Telja ætti endurnýjanlegan iðnaðarúrgang fram undir flokkunum fastur lífmassi, lífgas og/eða fljótandi lífeldsneyti.
7.	Heimilis- og rekstrarúrgangur:	Úrgangur frá heimilum, sjúkrahúsum og þriðja geiranum sem brenndur er í sérstökum stöðvum, á grunni hreins varmagildis.
7.1.	Þar af: Endurnýjanlegur	Sá hluti heimilis- og rekstrarúrgangs sem er af líffræðilegum uppruna.
7.2.	Þar af: Óendurnýjanlegur	Sá hluti heimilis- og rekstrarúrgangs sem ekki er af líffræðilegum uppruna.
8.	Fast lífeldsneyti:	Tekur til lífræns efnis af líffræðilegum uppruna sem er ekki jarðefnaeldsneyti en hægt er að nota sem eldsneyti til varmaframleiðslu eða raforkuframleiðslu. Það er:
8.1.	Þar af: Viðarkol	Fastar leifar frá þurreimingu og hitasundrun á viði og öðrum plöntuefnum.
9.	Lífgas:	Gas sem er aðallega metan og koltvísýringur og framleitt með loftfirrtu niðurbroti á lífmassa.
10.	Fljótandi lífeldsneyti	Magn fljótandi lífeldsneytis sem talið er fram í þessum flokki ætti að eiga við um lífeldsneytið sjálft en ekki heildarmagn vökvans sem blandað er við. Varðandi innflutning og útflutning á fljótandi lífeldsneyti þarf aðeins að tilgreina viðskipti með fljótandi lífeldsneyti sem hefur ekki verið blandað með flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi sínu), tilkynna ætti viðskipti með fljótandi lífeldsneyti, sem blandað er með flutningaeldsneyti, í olíugögnunum í 4. kafla. Um er að ræða eftirfarandi fljótandi lífeldsneyti:
10.1.	Þar af: Lífbensín	Flokkur þessi tekur til lífetanóls (etanóls sem framleitt er úr lífmassa og/eða lífbrjótanlegum hluta úrgangs), lífmetanóls (metanóls sem framleitt er úr lífmassa og/eða lífbrjótanlegum hluta úrgangs), líf-ETBE (etýltertíerbútýleter sem framleitt er á grunni lífetanóls; hundraðshlutinn, miðaður við rúmmál af líf-ETBE sem er talið til lífeldsneytis, er 47%) og líf-MTBE (metýltertíerbútýleter sem framleitt er á grunni lífmetanóls: hundraðshlutinn, miðaður við rúmmál af líf-MTBE sem er talið til lífeldsneytis, er 36%).
10.1.1.	Lífbensín, þar af: Lífetanól	Etanól sem framleitt er úr lífmassa og/eða öðrum lífbrjótanlegum þáttum úr úrgangi
10.2.	Þar af: Lífdísilolíur	Þessi flokkur tekur til lífdísilolíu (metýlester með dísileiginleika sem framleitt er úr jurta- eða dýraolíu), lífdímetýleter (dímetýleter sem framleiddur er úr lífmassa), efni framleidd með Fischer-Tropsch-aðferð (úr lífmassa), kaldpressaðrar lífolíu (olíu sem framleidd er úr olíufræjum, aðeins með vélrænum aðferðum) og alls annars fljótandi lífeldsneytis sem er bætt við, blandað í flutningsdísilolíu eða notað beint sem flutningsdísilolía.
10.3.	Lífræn steinolía fyrir þotur	Fljótandi lífeldsneyti sem unnið er í lífmassa og blandað við eða kemur í staðinn fyrir steinolíu fyrir þotur.
10.4.	Annað fljótandi lífeldsneyti	Fljótandi lífeldsneyti, notað beint sem eldsneyti, ekki talið með lífbensíni eða lífdísilolíum.

5.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

5.2.1. *Verg raforku- og varmaframleiðsla*

Raforku og varma, sem framleidd eru úr orkuvörunum sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskildum viðarkolum, lífbensíni og lífrænni steinolíu fyrir þotur) verður, eftir því sem við á, að telja fram sérstaklega:

— fyrir orkuver framleiðenda í aðalstarfsemi og orkuver þeirra sem framleiða til eigin nota,

— fyrir orkuver sem framleiða eingöngu raforku, orkuver sem framleiða eingöngu varma og orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu.

Krafa þessi undanskilur viðarkol. Fyrir fljótandi lífeldsneyti er lífbensín undanskilið og einnig lífræn steinolía fyrir þotur. Fyrir vatnsorkuna verður að skipta skýrslum niður á orkuver með að 1 MW rafmagnsaflgetu, milli 1 og 10 MW og yfir 10 MW.

5.2.2. *Birgða- og umbreytingargeirar*

Telja verður fram magn orkuvara sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku) og eru notaðar í birgða- og umbreytingargeirunum, fyrir eftirfarandi samtölur:

.....

1. Framleiðsla

.....

2. Innflutningur

.....

3. Útflutningur

.....

4. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

.....

5. Verg notkun

.....

6. Tölfræðilegur mismunur

.....

7. Samtala umbreytingargeira

Magn endurnýjanlegra orkugjafa og úrgangs sem notað er til umbreytingar á frumorku yfir í annars stigs orku (t.d. á hauggasi yfir í raforku) og til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. lífgasi sem notað er í jarðgas).

.....

7.1. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver

.....

7.2. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

.....

7.3. Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver

.....

7.4. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver

.....

7.5. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu

.....

7.6. Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver

.....

7.7. Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur

Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur sem notaður er til að framleiða eldsneytiskögglа. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgang, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.

.....

.....

7.8. Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur

Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem notaður er til að framleiða brúnkolaköggla. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgang, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.

.....

7.9. Þar af: Gasveitugas

Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem notaður er til að framleiða gasveitugas. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgang, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.

.....

7.10. Þar af: háofnar

Magn endurnýjanlegrar orku (t.d. viðarkol) sem er umbreytt í háofnum.

Endurnýjanlega orku, sem er notuð til hitunar og starfrækslu búnaðar, ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.

.....

7.11. Þar af: Blöndunarver jarðgass

Magn lífgass sem blandað er við jarðgas sem hefur verið bætt í dreifikerfi jarðgass.

.....

7.12. Þar af: til blöndunar í hreyfilbensín/dísilolíu/steinolíu

Fljótandi lífeldsneyti, sem er ekki afhent til endanlegrar notkunar en notað með öðrum jarðolíuafurðum, er tilgreint í olíuspurningalistanum.

.....

7.13. Þar af: Framleiðslustöðvar viðarkola

Viðarmagn notað til viðarkolaframleiðslu.

.....

7.14. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar – umbreyting

.....

5.2.3. *Orkugeiri*

Telja verður fram magn orkuvara, sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku) og eru notaðar í orkugeiranum eða fara til endanlegrar notkunar, fyrir eftirfarandi samtölur:

.....

1. Samtala orkugeira

Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem orkuiðnaðurinn notar til að styðja við umbreytingaraðgerðir. Til dæmis endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur sem notaður er til hitunar, lýsingar eða rekstrar á dælum/þjöppum.

Tilgreina ætti magn endurnýjanlegra orkugjafa og úrgang, sem umbreytt er í annað orkuform, í umbreytingargeiranum.

.....

1.1. Þar af: Gösunarver

.....

1.2. Þar af: raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver í eigu hins opinbera

.....

1.3. Þar af: Kolanámur

.....

1.4. Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur

.....

1.5. Þar af: Koksofnar

.....

1.6. Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu

.....

1.7. Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur

.....

1.8. Þar af: Gasveitugas

.....

1.9. Þar af: Háofnar

.....

.....

1.10. Þar af: Framleiðslustöðvar viðarkola

.....

1.11. Þar af: Ekki skilgreind annars staðar

.....

2. Tap við dreifingu

Allt tap sem verður vegna flutnings og dreifingar.

.....

5.2.4. *Endanleg notkun orku*

Telja verður fram magn orkuvara, sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku), fyrir eftirfarandi samtölur:

.....

1. Endanleg orkunotkun

.....

2. Iðnaðargeiri

.....

2.1. Þar af: Járn og stál

.....

2.2. Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi

.....

2.3. Þar af: Járnlausir málmar

.....

2.4. Þar af: Málmlaus steinefni

.....

2.5. Þar af: Flutningatæki

.....

2.6. Þar af: Vélbúnaður

.....

2.7. Þar af: Námuvinnsla og grjótnám

.....

2.8. Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak

.....

2.9. Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun

.....

2.10. Þar af: Viður og viðarvörur

.....

2.11. Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

.....

2.12. Þar af: Textílefni og leður

.....

2.13. Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar – iðnaður

.....

3. Flutningageiri

.....

3.1. Þar af: Járnbrautir

.....

3.2. Þar af: Vegir

.....

3.3. Þar af: Innanlandssiglingar

.....

3.4. Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar – flutningar

.....

4. Aðrir geirar

.....

4.1. Þar af: Verslun og opinber þjónusta

.....

4.2. Þar af: Íbúðarhúsnæði

.....

4.3. Þar af: Landbúnaður/skógrækt

.....

.....

4.4. Þar af: Fiskveiðar

.....

4.5. Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar – annað

.....

5.2.5. *Tæknilegir eiginleikar orkuvera*

Telja verður fram eftirfarandi afköst raforkuframleiðslu, eftir því sem við á, í lok skýrsluársins:

.....

1. Vatnsorka

Telja verður fram afköst orkuvera af stærðunum < 1 MW, 1 til < 10 MW, og ≥ 10 MW fyrir blönduð orkuverk og fyrir hreina dælimiðlun, og einnig samantekin afköst allra stærða. Upplýsingar um stærð veranna eru gefnar upp án tillits til dælimiðlunar.

.....

2. Jarðvarmi

.....

3. Sólarraforka

.....

4. Sólarvarmaorka

.....

5. Sjávarfalla-, öldu-, haforka

.....

6. Vindorka

.....

7. Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)

.....

8. Heimilis- og rekstrarúrgangur

.....

9. Fast lífeldsneyti

.....

10. Lífgas

.....

11. Lífdísilolíur

.....

12. Annað fljótandi lífeldsneyti

Uppsett heildaryfirborð sólargleypa skal talið fram.

Framleiðslugeta á eftirtöldu lífeldsneyti skal talin fram:

.....

1. Lífbensín

.....

2. Lífdísilolíur

.....

3. Lífræn steinolía fyrir þotur

.....

4. Annað fljótandi lífeldsneyti

.....

5.2.6. *Innflutningur og útflutningur*

Tilkynna skal innflutning eftir upprunalandi og útflutning eftir viðtökulandi fyrir eftirfarandi vörur:

.....

1. Lífbensín

.....

1.1. Þar af: Lífetanól

.....

2. Lífræn steinolía fyrir þotur

.....

3. Lífdísilolíur

.....

4. Annað fljótandi lífeldsneyti

.....

5. Viðarkögglar

.....

5.2.7. *Framleiðsla úr föstu lífeldsneyti og lífgasi*

Tilkynna skal framleiðslu á eftirfarandi vörum:

.....

1. Fast lífeldsneyti (að undanskildum viðarkolum)

.....

1.1. Þar af: eldiviður, viðarleifar og aukaafurðir

1.1.1. Frá eldiviði, viðarleifum og aukaafurðum, þar af: viðarkögglar

.....

1.2. Þar af: svartlútur

.....

1.3. Þar af: kraminn sykurreyr

.....

1.4. Þar af: dýraúrgangur

.....

1.5. Þar af: önnur plöntuefni og plöntuleifar

.....

2. Lífgas frá loftfirrðri gerjun

.....

2.1. Þar af: hauggas

.....

2.2. Þar af: skólpeðjugas

.....

2.3. Þar af: annað lífgas frá loftfirrðri gerjun

.....

3. Lífgas frá varmaferlum

.....

5.3. **Varmagildi**

Telja verður fram meðaltal hreins varmagildis fyrir eftirfarandi vörur:

.....

1. Lífbensín

.....

2. Lífetanól

.....

3. Lífdísilolía

.....

4. Lífræn steinolía fyrir þotur

.....

5. Annað fljótandi lífeldsneyti

.....

6. Viðarkol

.....

5.4. **Mælieiningar**

1. Raforkuframleiðsla	Megavattstund
2. Varmaframleiðsla	Terajúl
3. Endurnýjanlegar orkuvörur	Lífbensín, lífdísilolía og annað fljótandi lífeldsneyti: í tonnum Viðarkol: 1000 tonn Allt annað: Terajúl (á grunni nettóvarmagildis).
4. Yfirborð sólargleypa	1000 m^2
5. Afköst orkuvera	Lífeldsneyti: tonn á ári Allt annað: Rafmegavött (MWe)
6. Varmagildi	KJ/kg (hreint varmagildi)

5.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

6. GILDANDI ÁKVÆÐI

Eftirfarandi ákvæði gilda um gagnaöflun, eins og þá sem lýst er í öllum köflunum hér á undan:

1. Skýrslutímabil:

   Almanaksár (frá 1. janúar til 31. desember).

2. Tíðni

   Árlega.

3. Skilafrestur gagna:

   30. nóvember á því ári sem kemur á eftir skýrslutímabilinu.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

   Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.

   Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

VIÐAUKI C

MÁNAÐARLEGAR HAGSKÝRSLUR UM ORKUMÁL

Viðauki þessi lýsir umfangi, einingum, framtalstímabilum, tíðni, fresti og sendingarfyrirkomulagi sem við eiga um mánaðarlega söfnun á hagskýrslum um orkumál.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1. ELDSNEYTI Í FÖSTU FORMI

1.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara	Skilgreining
1. Harðkol	Harðkol á við um kol með jafnt og eða hærra vergt varmagildi en 20 000 kJ/kg miðað við öskulaust en rakt efni og með handahófskenndan endurvarpsstuðul vítríníts sem er að meðaltali ekki lægri en 0,6 prósent.
2. Brúnkol	Ómótuð kol með vergu varmagildi minna en 20 000 kJ/kg og meira en 31% af rokgjörnum efnum miðað við þurr, steinefnalaus efni.
3. Mór	Brennanlegt, mjúkt, gropið eða þjappað jarðefnaset úr jurtaríkinu með háu vatnsinnihaldi (allt að 90% í upprunalegu formi), auðskorið og í litum frá ljósbrúnum yfir í dökkbrúnan. Mór, sem ekki er notaður sem orkugjafi, ætti ekki að teljast með hér. Malaður mór er meðtalinn hér.
4. Eldsneytiskögglar	Samsett eldsneyti gert úr harðkolaögnum með því að bæta bindiefni við þær.
5. Brúnkolaköggull (BKB) (brúnkolakögglar)	Brúnkolakögglar eru samsett eldsneyti, framleitt úr surtarbrandi eða gljábrúnkolum, kögglarnir eru búnir til með háþrýstingi án bindiefna, þ.m.t. þurrkaðra brúnkolaagna og salla.
6. Koks	Fast efni sem fæst með kolun kola, aðallega kokskola, við hátt hitastig, það er með lágt rakastig og lítið af rokgjörnum efnum. Koksofnakoks er aðallega notað í járn- og stáliðnaðinum sem orkugjafi og hvarfmiðill. Til þessa flokks teljast kokssalli og málmsteypukoks. Hálfkoks (föst afurð sem fæst með kolun kola við lágt hitastig) ætti einnig að teljast til þessa flokks. Hálfkoks er notað til heimilisnota eða af umbreytingarverinu sjálfu. Liður þessi tekur einnig til koks, kokssalla, gaskoks og hálfkoks sem gert er úr surtarbrandi.

1.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1.2. 1. *Birgðageiri*

Eftirfarandi samtölur eiga við um harðkol, surtarbrand og mó:

.....

1. Framleiðsla

.....

2. Endurheimtar vörur (á aðeins við um harðkol)

Grugglausnir og kolarusl unnið upp úr námum.

.....

3. Heildarinnflutningur

4. Heildarútflutningur

5. Birgðir:

— Upphaf tímabils

— Lok tímabils

— Breytingar á birgðum

Birgðamagnið í námum og hjá innflytjendum.

Undanskildar eru birgðir hjá notendum, (t.d. í orkuverum og koksvinnslustöðvum) að frátöldum birgðum hjá notendum sem flytja beint inn.

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

6. Útreiknaðar innanlandsafhendingar

Heildarmagn vöru sem reiknað er út að hafi verið afhent til innanlandsnotkunar. Það er skilgreint sem:

Framleiðsla + endurheimtar vörur + innflutningur – útflutningur + breytingar á birgðum

7. Tölfræðilegur mismunur.

Jafngildir útreikningi að frádregnum innanlandsafhendingum.

Á aðeins við um harðkol.

8. Mældar innanlandsafhendingar

Magn sem afhent er á innri markaðinn. Jafngildir heildarmagni afhendinga til hinna ýmsu notenda. Mismunur kann að koma í ljós á milli útreiknaðra og mældra afhendinga.

Á aðeins við um harðkol.

8.1. Þar af: afhendingar til framleiðenda í aðalstarfsemi – orkuvera

8.2. Þar af: afhendingar til koksvinnslustöðva

8.3. Þar af: afhendingar til eldsneytiskögglaverksmiðja

Magn notað til umbreytingar í eldsneytiskögglaverum (námueldsneytiskögglaverum og þeim sjálfstæðu).

8.4. Þar af: afhendingar til iðnaðar í heild

8.5. Þar af: aðrar afhendingar (stofnanir, heimili o.s.frv.)

Eldsneyti til heimila (þ.m.t. kol sem afhent eru starfsfólki í námum og tengdum verksmiðjum) og þjónustustofnana (stjórnsýslu, verslana o.s.frv.) og til geira sem ekki eru skilgreindir annars staðar.

Eftirfarandi samtölur gilda um koks, eldsneytisköggla og brúnkolaköggla.

1. Framleiðsla

2. Heildarinnflutningur

3. Heildarútflutningur

.....

4. Birgðir:

— Upphaf tímabils

— Lok tímabils

— Breytingar á birgðum

Magn í koksvinnslustöðvum (koks) og eldsneytiskögglaverum (eldsneytiskögglar).

Undanskildar eru birgðir notenda, að frátöldum birgðum sem eru hjá notendum sem flytja beint inn.

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

.....

5. Útreiknaðar innanlandsafhendingar

Heildarmagn vöru sem reiknað er út að hafi verið afhent til innanlandsnotkunar. Það er skilgreint sem:

framleiðsla + innflutningur – útflutningur + breytingar á birgðum. Afhendingar í járn- og stáliðnaðinn (á aðeins við um koks)

.....

1.2.2. *Innflutningur*

Tilkynna skal innflutning eftir upprunalandi og útflutning eftir viðtökulandi fyrir harðkol.

1.3. **Mælieiningar**

Allt vörumagn er gefið upp sem 10^3 tonn.

1.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

2. RAFORKA

2.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafli þessi fjallar um raforku.

2.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi samtölur:

2.2.1. *Framleiðslugeiri*

Í eftirtöldum samtölum skal telja fram bæði vergt og hreint magn:

.....

1. Heildarraforkuframleiðsla

.....

1.1. Þar af: Kjarnorka

.....

1.2. Þar af: Vatnsorka

.....

1.2.1. Úr 1.2. þar af: sá hluti vatnsorku sem framleiddur er með dælimiðlun

.....

1.3. Þar af: Jarðvarmi

.....

1.4. Þar af: Venjulegur varmi

.....

1.5. Þar af: Vindorka

Einnig skal telja fram eftirfarandi raforkumagn:

.....

2. Innflutningur

.....

2.1. Þar af: innflutningur innan ESB

.....

.....

3. Útflutningur

.....

3.1. Þar af: útflutningur utan ESB

.....

4. Notað fyrir dælimiðlun

.....

5. Notað fyrir innri markaðinn

Þær eru reiknaðar út sem:

Hrein heildarframleiðsla + innflutningur – útflutningur – Notað fyrir dælimiðlunEftirfarandi samtölur eiga við um eldsneytisnotkun í orkuverum framleiðenda (vísað er til viðauka B um skilgreiningu á brúnkolum og viðauka C fyrir skilgreiningu á harðkolum):

.....

6. Heildareldsneytisnotkun í verum framleiðenda í aðalstarfsemi

Heildarmagn eldsneytis sem notað er til að framleiða raforku og auk þess til framleiðslu á varma sem eingöngu á að selja þriðja aðila.

.....

6.1. Þar af: Harðkol

.....

6.2. Þar af: Brúnkol

.....

6.3. Þar af: Jarðolíuafurðir

.....

6.4. Þar af: Jarðgas

.....

6.5. Þar af: Afleiðugas (þ.e.a.s. verksmiðjugas)

.....

6.6. Þar af: Annað eldsneyti

.....

2.2.2. *Eldsneytisbirgðir í verum framleiðenda í aðalstarfsemi*

Með framleiðendum í aðalstarfsemi er átt við almenningsveitur sem framleiða raforku með notkun eldsneytis. Telja skal fram eftirtaldar birgðir í lok tímabils (birgðir við lok skýrslumánaðar):

.....

1. Harðkol

.....

2. Brúnkol

.....

3. Jarðolíuafurðir

.....

2.3. **Mælieiningar**

1. Orkumagn	Rafmagn: Gígavattstund (GWh)
	Harðkol, surtarbrandur og jarðolíuafurðir: bæði í 10^3 tonnum og í terajúlum á grunni hreins varmagildis.
	Jarðgas og afleiðugas: Terajúl á grunni vergs varmagildis.
	Annað eldsneyti: Terajúl á grunni nettóvarmagildis.
	Hiti frá kjarnorkuverum: Terajúl.

2. Vörubirgðir	10^3 tonn

2.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

3. OLÍA OG JARÐOLÍUAFURÐIR

3.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Nema annað sé tekið fram á þessi gagnaöflun við um allar eftirtaldar orkuvörur sem skilgreiningar í 4. kafla í viðauka B gilda um: jarðolíu, jarðgasvökva, hráefni hreinsunarstöðva, önnur vetniskolefni, hreinsunarstöðvagas (ekki í fljótandi formi), etan, fljótandi jarðolíugas, nafta, hreyfilbensín, flugvélabensín, þotueldsneyti (af naftagerð eða JP-4-gerð), steinolíukennt þotueldsneyti, aðra steinolíu, gas-/dísilolíu (eimaða brennsluolíu), flutningsdísilolíu, hitunargasolíu og aðra gasolíu, brennsluolíu (með lágt eða hátt brennisteinsinnihald), terpentínu og hreinsað bensín, smurolíu, jarðbik, paraffínvax og jarðolíukoks.

Eftir því sem við á skal telja hreyfilbensín fram í tvo flokka, þ.e. lífbensín eða ekki lífbensín; telja skal þotusteinolíu fram í tvo flokka, þ.e. lífræna steinolíu fyrir þotur og ekki lífræna steinolíu fyrir þotur;, telja skal gas- eða dísilolíu fram í fjórum flokkum, þ.e. vegadísil, hitunarolíu og aðra gasolíu, lífdísilolíu og ólífræna gas- eða dísilolíu.

„Aðrar vörur“ taka til bæði magnsins sem samsvarar skilgreiningunni í 4. kafla í viðauka B og að auki terpentínu og hreinsað bensín, smurefni, jarðbik og paraffínvax; þessar vörur má ekki telja fram sér.

3.2. ***Skrá yfir samtölur***

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

3.2.1. *Birgðageiri*

Eftirfarandi tafla á aðeins við um jarðolíu, jarðgasvökva, hráefni hreinsunarstöðva, íblöndunarefni/súrefnissambönd, lífeldsneyti og önnur vetniskolefni:

.....

1. Innlend framleiðsla

   Á ekki við um hráefni hreinsunarstöðva.

.....

2. Frá öðrum upptökum

   Íblöndunarefni, lífeldsneyti og önnur vetniskolefni, um framleiðslu þeirra hefur þegar verið fjallað í öðru eldsneytisyfirliti.

   Á ekki við um óhreinsaða olíu, jarðgasvökva og hráefni hreinsunarstöðva.

.....

3. Bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasgeira

   Fullunnar eða hálfunnar vörur sem endanlegir notendur skila til hreinsunarstöðva til vinnslu, blöndunar eða sölu. Þær eru venjulega aukaafurðir jarðolíu- eða jarðgasframleiðslu. Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.

.....

4. Millifærðar vörur

   Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.

   Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.

.....

5. Innflutningur og útflutningur

   Tekur til magns jarðolíu og vara sem fluttar eru inn eða út samkvæmt vinnslusamningum (þ.e. hreinsun í reikning). Óhreinsaða olíu og jarðgasvökva ætti að telja fram eins og efnin komi frá fyrsta upprunalandi en hráefni til hreinsunarstöðva og fullunnar vörur ber að tilgreina eins og frá síðasta sendingarlandi.

   Tekur til allra gasvökva (t.d. fljótandi jarðolíugass) sem eru dregnir út við endurgösun innflutts fljótandi jarðgass og jarðolíuafurða sem jarðolíu- og jarðgasiðnaðurinn flytur beint inn eða út.

   Athugasemd: Öll viðskipti með lífeldsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), ætti að tilgreina í spurningalista endurnýjanlegra orkugjafa.

6. Bein notkun

Jarðolía, jarðgasvökvi og önnur vetniskolefni sem notuð eru beint án þess að vera unnin í jarðolíuhreinsunarstöðvum.

Tekur til óhreinsaðrar olíu sem brennd er til raforkuframleiðslu.

7. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.

8. Útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva

Heildarmagn vöru, sem reiknað er út að hafi farið til vinnslu í hreinsunarstöð. Það er skilgreint sem:

Innlend framleiðsla + frá öðrum uppsprettum + bakstreymi frá iðnaði + millifærðar vörur + innflutningur – útflutningur – bein notkun – breytingar á birgðum

9. Tölfræðilegur mismunur

Skilgreindur sem útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva að frádregnu því mælda.

10. Mælt inntekið magn til hreinsunarstöðva

Magn sem mælt er sem aðföng til hreinsunarstöðva

11. Tap í hreinsunarstöðvum

Mismunurinn á innteknu magni til hreinsunarstöðva (mældu) og vergri framleiðslu þeirra. Vegna uppgufunar getur orðið tap á meðan á eimingarferlum stendur. Uppgefið tap er fært sem plústala. Rúmmál getur aukist en ekki massi.

Eftirfarandi tafla á hvorki við um hráefni til hreinsunarstöðva né íblöndunarefni/súrefnissambönd:

1. Aðstreymi vöru á forstigi framleiðslunnar

Tekur til innlendrar og innfluttrar jarðolíu (þ.m.t. þétta) og innlends jarðgasvökva sem notaður er beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöð og bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum sem er notað beint, þrátt fyrir að það sé ekki aðaleldsneyti.

2. Verg framleiðsla hreinsunarstöðva

Framleiðsla fullunninna vara í hreinsunarstöð eða blöndunarverksmiðju.

Tap í hreinsunarstöðvum er undanskilið en hreinsunarstöðvaeldsneyti er talið með.

3. Endurunnar vörur

Fullunnar vörur sem fara aftur í gegnum markaðskerfið, eftir að hafa verið afhentar einu sinni til endanlegra notenda (t.d. notuð smurolía sem er endurunnin). Aðgreina skal þetta magn frá bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.

4. Hreinsunarstöðvaeldsneyti

Jarðolíuafurðir sem notaðar eru við rekstur hreinsunarstöðva.

Undanskildar eru vörur sem olíufyrirtæki nota utan hreinsunarferlisins, t.d. olíugeymar eða olíuflutningaskip.

Tekur til eldsneytis sem notað er í hreinsunarstöðvunum til framleiðslu á raforku og varma til sölu.

.....

5. Innflutningur og útflutningur

.....

6. Alþjóðlegir skipageymar

.....

7. Millifærslur innan vörutegunda

Magn sem er endurflokkað, annaðhvort vegna þess að vörulýsingin hefur breyst eða hins að tegundunum hefur verið blandað saman við aðra vöru.

Neikvæð færsla fyrir eina vöru er bætt upp með jákvæðri færslu (eða nokkrum færslum) fyrir aðra eða nokkrar aðrar vörur og öfugt, heildarnettóáhrif ættu að vera á núlli.

.....

8. Millifærðar vörur

Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.

.....

9. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.

.....

10. Útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar

Þær eru skilgreindar sem:

Aðstreymi fyrsta stigs afurða + verg framleiðsla hreinsunarstöðva + endurunnar vörur – hreinsunarstöðvaeldsneyti + innflutningur – útflutningur – alþjóðlegir skipageymar + millifærslur innan vörutegunda – millifærðar vörur – breytingar á birgðum

.....

11. Tölfræðilegur mismunur

Skilgreindur sem útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar að frádregnum þeim mældu.

.....

12. Mældar vergar innanlandsafhendingar

Mældar afhendingar fullunninna jarðolíuafurða frá frumorkugjöfum (t.d. hreinsunarstöðvum, blöndunarverum o.s.frv.) til innanlandsmarkaðarins.

Tala þessi getur verið frábrugðin útreiknuðu tölunni, t.d. vegna mismunar á yfirgripi og/eða mismunar á skilgreiningum í mismunandi skýrslukerfum.

.....

12.1. Þar af: Afhending til alþjóðlegs almenningsflugs

.....

12.2. Þar af: Afhending til framleiðenda í aðalstarfsemi – orkuver

.....

12.3. Þar af: Afhending á fljótandi jarðolíugasi til ökutækja

.....

12.4. Þar af: Afhending (verg) til jarðolíu- og jarðgasgeirans

.....

13. Bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasgeira til hreinsunarstöðva

.....

14. Samtals hreinar afhendingar innanlands

.....

3.2.2. *Vörubirgðir*

Eftirtaldar upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils skal telja fram að því er varðar allar orkuvörur, þ.m.t. íblöndunarefni/súrefnissambönd, að undanskildu hreinsunarstöðvagasi:

.....

1. Birgðir á innlendu yfirráðasvæði

Birgðir á/í eftirfarandi stöðum: hreinsunarstöðvatönkum, lausavörubirgðastöðvum, tönkum við leiðslur, prömmum og strandtankskipum (þegar brottfararhöfn og viðtökuhöfn eru í sama landi), tankskipum í höfn aðildarríkis (ef skipa á farminum upp í þeirri höfn) og eldsneytishólfum í skipum inni í landi. Undanskildar eru olíubirgðir í leiðslum, í járnbrautartankvögnum, í tankflutningabílum, í eldsneytishólfum í hafskipum, á bensínstöðvum, í smásöluverslunum og í eldsneytishólfum á hafi úti.

.....

.....

2. Birgðir geymdar fyrir önnur lönd samkvæmt tvíhliða samningi við ríkisvaldið.

Birgðir á innlendu yfirráðasvæði sem tilheyra öðru landi og sem aðgangur að er tryggður með samningi á milli viðkomandi ríkisstjórna.

.....

3. Birgðir með þekktum útlendum ákvörðunarstað

Birgðir, sem ekki eru meðtaldar í 2. lið, á innlendu yfirráðasvæði sem tilheyra öðru landi og eru á leið þangað. Birgðir þessar geta verið innan eða utan tollfrjálsra svæða.

.....

4. Aðrar birgðir á tollfrjálsum svæðum

Tekur til birgða, sem ekki eru meðtaldar í 2. eða 3. lið, án tillits til hvort þær hafa farið í gegnum tollafgreiðslu eða ekki.

.....

5. Birgðir hjá aðalnotendum

Tekur til birgða sem eru háðar opinberu eftirliti. Birgðir annarra notenda falla ekki undir þessa skilgreiningu.

.....

6. Birgðir um borð í skipum sem koma að landi og liggja í höfn eða við legufæri

Birgðir án tillits til hvort þær hafa fengið tollafgreiðslu eða ekki. Þessi flokkun undanskilur birgðir um borð í úthafsskipum.

Tekur til olíu í strandtankskipum ef bæði brottfararhöfn og viðtökuhöfn eru í sama landi. Aðeins skal tilgreina það magn sem afferma á í skýrslugjafarlandinu, ef um er að ræða skip sem affermt er í fleiri en einni höfn.

.....

7. Birgðir hins opinbera á innlendu yfirráðasvæði

Tekur til birgða, sem ekki eru hernaðarlegar, á innlendu yfirráðasvæði hins opinbera og eru í eigu eða undir stjórn hins opinbera og eingöngu til nota í neyðarástandi.

Undanskildar eru birgðir hjá olíufyrirtækjum í eigu ríkisins og hjá rafmagnsveitum og birgðir sem olíufyrirtæki halda fyrir hönd hins opinbera.

.....

8. Birgðir hjá birgðageymsluaðilum á innlendu yfirráðasvæði

Birgðir, bæði hjá opinberum fyrirtækjum og fyrirtækjum í einkaeign, sem eingöngu er viðhaldið til að nota í neyðarástandi.

Skyldubundnar birgðir fyrirtækja í einkaeign eru undanskildar.

.....

9. Allar aðrar birgðir á innlendu yfirráðasvæði

Allar aðrar birgðir sem uppfylla skilyrðin sem lýst er í 1. lið hér að ofan.

.....

10. Birgðir í útlöndum samkvæmt tvíhliða samningi við ríkisvaldið

Birgðir sem tilheyra skýrslugjafarlandinu en eru í öðru landi og sem aðgangur er tryggður að með samningi á milli viðkomandi ríkisstjórna.

.....

10.1. Þar af: Birgðir hjá hinu opinbera

.....

10.2. Þar af: Birgðir hjá birgðageymsluaðilum

.....

10.3. Þar af: Aðrar birgðir

.....

11. Birgðir í útlöndum sem eru sérstaklega ætlaðar til innflutnings

Birgðir sem tilheyra skýrslugjafarlandinu, undanskildar í 10. flokki, en eru í öðru landi og bíða innflutnings þar.

.....

12. Aðrar birgðir á tollfrjálsum svæðum

Aðrar birgðir á innlendu yfirráðasvæði sem ekki eru meðtaldar í ofangreindum flokkum.

.....

.....

13. Innihald í leiðslum

Olía (jarðolía og jarðolíuafurðir) í leiðslum, sem er nauðsynleg til að viðhalda rennsli í leiðslunum.

.....

Þar að auki verður að telja fram eftirfarandi magntölur, sundurliðaðar á hvert tilsvarandi land:

— birgðir í lok tímabils sem geymdar eru fyrir önnur lönd samkvæmt opinberum samningi, skipt eftir viðtökulandi,

— birgðir í lok tímabils sem geymdar eru fyrir önnur lönd samkvæmt opinberum samningi, sem eru í formi birgðaávísana, skipt eftir viðtökulandi,

— birgðir í lok tímabils með þekktum útlendum ákvörðunarstað, skipt eftir viðtökulandi,

— birgðir í lok tímabils, geymdar í útlöndum samkvæmt opinberum samningi, skipt eftir staðsetningu,

— birgðir í lok tímabils, geymdar í útlöndum samkvæmt opinberum samningi og eru í formi birgðaávísana, skipt eftir staðsetningu,

— birgðir í lok tímabils í útlöndum, ætlaðar til innflutnings í yfirlýsta landið, skipt eftir staðsetningu.

Með birgðum í upphafi er átt við birgðir á síðasta degi næsta mánaðar á undan skýrslumánuði. Með birgðum í lok tímabils er átt við birgðir á síðasta degi skýrslumánaðar.

3.2.3. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi.

3.3. **Mælieiningar**

Orkumagn: 10^3 tonn

3.4. **Landfræðilegar skýringar**

Skýringar 1. kafla í viðauka A gilda aðeins vegna hagskýrslugerðar með eftirfarandi sérstökum undantekningum:

1. Færeyjar og Grænland teljast með Danmörku,

2. Liechtenstein telst með Sviss.

3.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

4. JARÐGAS

4.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Jarðgas, eins og það er skilgreint í 2. kafla í viðauka B.

4.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

4.2.1. *Birgðageiri*

.....

1. Innlend framleiðsla

Öll markaðshæf þurrframleiðsla innan landamæra, þ.m.t. úr vinnslu á hafi úti. Framleiðsla er mæld eftir hreinsun og útdrætti á jarðgasvökva og brennisteini.

Undanskilið er gas sem tapast við vinnslu og magn þess sem er niðurdælt, loftað gas eða afgas.

Innifalið er magn notað innan jarðgasiðnaðarins, við jarðgasvinnslu, í leiðslukerfum og vinnslustöðvum.

.....

2. Innflutningur

.....

3. Útflutningur

.....

.....

4. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.

.....

5. Útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar

Þær eru skilgreindar sem:

Innanlandsframleiðsla + innflutningur – útflutningur – breytingar á birgðum.

.....

6. Tölfræðilegur mismunur

Skilgreindur sem útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar að frádregnum þeim mældu.

.....

7. Mældar vergar innanlandsafhendingar

Nær yfir gas sem gasiðnaðurinn notar til upphitunar og reksturs á búnaði (þ.e. notkun í jarðgasvinnslu, leiðslukerfinu og vinnslustöðvum) og tap í dreifingu.

.....

8. Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils á innlendu yfirráðasvæði

Magn geymt í sérstökum geymslum (uppurnum gas- og/eða olíuvinnslusvæðum, í veiti, saltholum, hverskyns hellum eða öðru) sem og geymslum fyrir fljótandi jarðgas. Með birgðum í upphafi er átt við birgðir á síðasta degi næsta mánaðar á undan skýrslumánuði. Með birgðum í lok tímabils er átt við birgðir á síðasta degi skýrslumánaðar.

.....

9. Eigin notkun og tap í jarðgasiðnaðinum

Magn sem gasiðnaðurinn notar til upphitunar og reksturs á búnaði (þ.e. notkun í jarðgasvinnslu, leiðslukerfinu og vinnslustöðvum).

Tekur til taps í dreifingu.

.....

4.2.2. *Innflutningur og útflutningur*

Andstætt við skilgreiningarnar í viðauka A skal í þessu tilfelli tilkynna innflutning og útflutning eftir nágrannalandi.

4.3. **Mælieiningar**

Magn skal telja fram á tvo vegu:

— sem rúmmál, í 10^6 m^3, gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas

(15 °C, 101,325 kPa),

— sem orkuinnihald, þ.e. í terajúlum byggðum á vergu varmagildi.

4.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

5. GILDANDI ÁKVÆÐI

Eftirfarandi ákvæði gilda um gagnaöflun, eins og þá sem lýst er í öllum köflunum hér á undan:

1. Skýrslutímabil:

Almanaksmánuður.

2. Tíðni

Mánaðarlega.

3. Skilafrestur gagna:

Öll gögn undir lið 3 (olía og jarðolíuafurðir) og undir lið 4 (jarðgas): innan 55 daga frá skýrslumánuðinum.

Öll önnur gögn: innan þriggja mánaða frá skýrslumánuðinum.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.

Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

VIÐAUKI D

MÁNAÐARLEGAR SKAMMTÍMAHAGSKÝRSLUR

Í þessum viðauka er umfangi, einingum, tilgreindum tímabilum, tíðni, fresti og fyrirkomulagi flutninga lýst að því er varðar mánaðarlega skammtímaöflun á hagskýrslugögnum.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1. JARÐGAS

1.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafli þessi fjallar aðeins um jarðgas. Jarðgas er skilgreint í 2. kafla í viðauka B.

1.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi samtölur:

.....

1. Framleiðsla

.....

2. Innflutningur

.....

3. Útflutningur

.....

4. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

.....

5. Birgðir

Þær eru reiknaðar út sem:

Framleiðsla + innflutningur – útflutningur + breytingar á birgðum.

.....

6. Birgðir í lok mánaðar

.....

1.3. **Mælieiningar**

Jarðgasmagn skal talið fram í terajúlum, á grunni vergs varmagildis.

1.4. **Önnur gildandi ákvæði**

1. Skýrslutímabil:

Almanaksmánuður.

2. Tíðni

Mánaðarlega.

3. Skilafrestur gagna:

Innan eins mánaðar frá skýrslumánuðinum.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.

Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

1.5. **Frávik og undanþágur**

Þýskaland er með undanþágu frá þessari gagnaöflun til 30. september 2014.

2. RAFORKA

2.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafli þessi fjallar aðeins um raforku.

2.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi samtölur:

.....

1. Heildarraforkuframleiðsla

   Vergt heildarmagn raforkuframleiðslu.

   Tekur til eigin notkunar orkuvera.

.....

2. Innflutningur

.....

3. Útflutningur

.....

4. Vergar raforkubirgðir

   Þær eru reiknaðar út sem:

   Heildarraforkuframleiðsla + innflutningur – útflutningur

.....

2.3. **Mælieiningar**

Orkumagn skal gefið upp sem gígavattstundir (GWh)

2.4. **Önnur gildandi ákvæði**

1. Skýrslutímabil:

   Almanaksmánuður.

2. Tíðni

   Mánaðarlega.

3. Skilafrestur gagna:

   Innan eins mánaðar frá skýrslumánuðinum.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

   Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.

   Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

2.5. **Frávik og undanþágur**

Þýskaland er undanþegið þessari gagnaöflun.

3. OLÍA OG JARÐOLÍUAFURÐIR

Þessi gagnaöflun er vel þekkt sem „JODI-spurningalistinn“.

3.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Nema annað sé tekið fram á þessi gagnaöflun við um allar eftirtaldar orkuvörur en um þær gilda skilgreiningar í 4. kafla í viðauka B: jarðolía, fljótandi jarðolíugas, bensín (samanlagt bensín og flugvélabensín), steinolía (samanlagt steinolíukennt þotueldsneyti og önnur steinolía), gas-/dísilolía og brennsluolía (bæði með lágu eða háu brennisteinsinnihaldi).

Þar að auki á þessi gagnaöflun einnig við um „heildarolíu“, sem nær yfir allar áðurnefndar framleiðsluvörur, að undanskilinni jarðolíu, og verður einnig að telja með aðrar jarðolíuafurðir, s.s. hreinsunarstöðvagas, etan, nafta, jarðolíukoks, terpentínu og hreinsað bensín, paraffínvax, jarðbik, smurolíu og annað.

3.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

3.2.1. *Birgðageiri*

Eftirfarandi tafla á aðeins við um jarðolíu:

.....

1. Framleiðsla

.....

2. Innflutningur

.....

3. Útflutningur

.....

4. Birgðir í lok tímabils

.....

.....

5. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.

.....

6. Mæld afköst hreinsunarstöðva

Mæling á gegnumstreymi hreinsunarstöðva

.....

Eftirfarandi tafla á við um jarðolíu, fljótandi jarðolíugas, bensín, steinolíu, gas-/dísilolíu, brennsluolíu og heildarolíu:

.....

1. Framleiðsla hreinsunarstöðva

Verg framleiðsla, þ.m.t. hreinsunarstöðvaeldsneyti.

.....

2. Innflutningur

.....

3. Útflutningur

.....

4. Birgðir í lok tímabils

.....

5. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með plústölu og birgðaskerðing með mínustölu.

.....

6. Eftirspurn

Afhending eða sala á innlendum markaði (notkun innanlands) að viðbættu hreinsunarstöðvaeldsneyti og að viðbættum alþjóðlegum skipaeldsneytisgeymum og loftfarsgeymum. Eftirspurn eftir heildarolíu tekur einnig til jarðolíu.

.....

3.3. **Mælieiningar**

Orkumagn: 10^3 tonn

3.4. **Önnur gildandi ákvæði**

1. Skýrslutímabil:

Almanaksmánuður.

2. Tíðni

Mánaðarlega.

3. Skilafrestur gagna:

Innan 25 daga frá skýrslumánuðinum.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.

Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópubandalaganna.

3.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/74/09**

frá 20. september 2013

um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/915/EB

(tilkynnt með númeri C(2013) 5915)

(2013/480/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([1]), einkum ix. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt ii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB skulu aðildarríkin vernda, styrkja og endurheimta öll yfirborðsvatnshlot í því skyni að ástand yfirborðsvatns verði orðið gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag tilskipunarinnar, með fyrirvara um tilteknar undantekningar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka við tilskipunina. Samkvæmt iii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB skulu aðildarríkin vernda og styrkja öll manngerð og mikið breytt vatnshlot í því skyni að vistmegin þeirra verði gott og efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns verði gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag tilskipunarinnar, með fyrirvara um tilteknar undantekningar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka við tilskipunina. Í samræmi við i. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB ætti að líta á tilvísanir til vistfræðilegs ástands sem tilvísanir til vistmegins að því er varðar manngerð og mikið breytt vatnshlot.

2) Með beitingu millikvörðunarinnar er gert ráð fyrir samhæfðri nálgun við að skilgreina eitt af helstu umhverfismarkmiðum tilskipunar 2000/60/EB, sem er gott vistfræðilegt ástand.

3) Í lið 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB er kveðið á um ferli til að tryggja samanburðarhæfi niðurstaðna úr lífvöktun aðildarríkja sem er mikilvægur hluti flokkunar á vistfræðilegu ástandi. Samkvæmt því skulu niðurstöður úr lífvöktun aðildarríkjanna og flokkunin í vöktunarkerfinu bornar saman í millikvörðunarneti sem samanstendur af vöktunarstöðum í hverju aðildarríki og á hverju vistsvæði í Sambandinu. Samkvæmt tilskipun 2000/60/EB skulu aðildarríkin afla nauðsynlegra upplýsinga, eins og við á, varðandi þá staði sem eru hluti af neti millikvörðunar til að unnt sé að leggja mat á samkvæmni landsbundinnar flokkunar í vöktunarkerfi og þeirra stöðluðu skilgreininga sem um getur í lið 1.2 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB og samanburðarhæfi niðurstaðna í flokkuninni í vöktunarkerfum milli aðildarríkjanna.

4) Til að framkvæma millikvörðunina eru aðildarríkin flokkuð í landfræðilega millikvörðunarhópa, sem í eru aðildarríki sem deila ákveðnum gerðum yfirborðsvatnshlota, eins og skilgreint er í 2. þætti viðaukans við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/646/EB frá 17. ágúst 2005 um samantekt skrár yfir staði sem mynda millikvörðunarnet í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 266, 8.10.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 30.7.2015, bls. 49.

([1]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 243, 19.9.2005, bls. 1.

5) Í lið 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB er tilgreint að millikvörðunina eigi að framkvæma með hliðsjón af líffræðilegum þáttum, með samanburði á niðurstöðum úr flokkun í landsbundnum vöktunarkerfum fyrir hvern líffræðilegan þátt og hverja sameiginlega gerð yfirborðsvatnshlota meðal aðildarríkja í sama landfræðilega millikvörðunarhópnum, og mati á samkvæmni niðurstaðnanna með áðurnefndu, stöðluðu skilgreiningunum sem eru settar fram í lið 1.2 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

6) Framkvæmdastjórnin hefur greitt fyrir tveimur stigum beitingar millikvörðunarinnar fyrir tilstilli umhverfis- og sjálfbærisstofnunar Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar.

7) Samkvæmt sameiginlegu framkvæmdaáætluninni um rammatilskipunina um vatn voru útbúin þrjú leiðbeiningarskjöl (nr. 6 ([3]) og 14 (tvær útgáfur) ([4])) til að greiða fyrir millikvörðunarferlinu. Þau veita yfirlit yfir mikilvægustu meginreglur millikvörðunarferlisins og valkosti við framkvæmd þess, þ.m.t. tímamörk og kröfur um skýrslugjöf.

8) Árið 2007 bárust framkvæmdastjórninni niðurstöður millikvörðunar fyrir nokkra líffræðilega gæðaþætti. Niðurstöðurnar voru teknar með í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB frá 30. október 2008 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([5]), þar sem sett voru fram gildi fyrir mörk milli flokka sem aðildarríkin ættu að nota í flokkuninni í landsbundu vöktunarkerfi sínu. Niðurstöður fyrsta stigs beitingar millikvörðunarinnar voru ófullnægjandi að því marki að þær náðu ekki til allra líffræðilegra gæðaþátta. Nauðsynlegt var þó að samþykkja fyrirliggjandi niðurstöður beitingar millikvörðunarinnar í því skyni að greina frá þróun fyrstu stjórnunaráætlana fyrir vatnasviðaumdæmi og áætlana um ráðstafanir í samræmi við 11. og 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

9) Niðurstöður fyrsta stigs beitingar millikvörðunarinnar voru samþykktar í ákvörðun 2008/915/EB. Þessar niðurstöður voru hafðar með til bráðabirgða þar eð frekari niðurstöður myndu falla undir nýja ákvörðun eftir að aðildarríkin hafa lagt fram viðeigandi upplýsingar í samræmi við lið 1.4.1. í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

10) Framkvæmdastjórnin setti annan áfanga millikvörðunarinnar tímanlega af stað í því skyni að eyða gloppum og bæta samanburðarhæfi niðurstaðna millikvörðunarinnar fyrir útgáfu annarrar stjórnunaráætlunarinnar fyrir vatnasviðaumdæmi sem kemur út 2015.

11) Í I. viðauka við þessa ákvörðun eru settar fram niðurstöður þeirrar beitingar millikvörðunar þar sem millikvörðunin var árangursrík, innan þeirra marka sem eru núverandi tæknilega gerir mögulegt.

12) Í II. viðauka við þessa ákvörðun eru settar fram niðurstöður þeirrar beitingar millikvörðunar þar sem millikvörðunin var árangursrík að hluta til. Ljúka ætti öllum nauðsynlegum skrefum við beitingu millikvörðunarinnar í því skyni að hafa niðurstöðurnar með í nýju ákvörðuninni. Þessar niðurstöður eru til bráðabirgða til samræmis við það.

13) Aðildarríki ættu að ljúka beitingu millikvörðunarinnar fyrir 22. desember 2016 til að gera framkvæmdastjórninni kleift að færa niðurstöðurnar úr I. og II. viðauka þessarar ákvörðunar í einn viðauka í nýrri ákvörðun. Þá verður unnt að nota þessar niðurstöður í þriðju umferð áætlanagerðar fyrir vatnasvið.

14) Enn fremur ætti, fyrir 22. desember 2016, að ljúka öllum nauðsynlegum skrefum við beitingu millikvörðunarinnar að því er varðar landfræðilega millikvörðunarhópa og líffræðilegra gæðaþætti þar eð enn liggja ekki fyrir neinar niðurstöður millikvörðunar til að hafa með í þessari ákvörðun. Þá verður einnig unnt að taka þessar niðurstöður með í nýrri ákvörðun og nota þær í þriðju umferð áætlanagerðar fyrir vatnasvið.

15) Þó að sú krafa sé sett fram í tilskipun 2000/60/EB að millikvörðun eigi að framkvæma með tilliti til líffræðilegra gæðaþátta eru einstakir þættir (t.d. styrkur blaðgrænu a eða dýptarmörk stórþörunga og dulfrævinga) í sumum tilvikum taldir vera dæmigerðir fyrir fullgildan líffræðilegan gæðaþátt. Í slíkum tilvikum eru niðurstöður beitingar millikvörðunarinnar settar fram í I. viðauka.

16) Í nokkrum tilvikum hafa aðildarríki þróað óháðar aðferðir sem taka eingöngu til líffræðilegra gæðaþátta að hluta til (t.d. óháð aðferð fyrir fjölfrumuplöntur og botngróður fyrir gæðaþáttinn „fjölfrumuplöntur og botngróður“). Í tilvikum þar sem millikvörðun slíkra líffræðilegra undirgæðaþátta hefur verið lokið með góðum árangri eru niðurstöður beitingar millikvörðunarinnar hafðar með í viðaukunum og tilgreindir sem líffræðilegir undirgæðaþættir (e. *sub biological quality element*).

([3]) Common implementation strategy for the Water Framework Directive (2000/60/EC), Guidance Document No 6, Towards a Guidance on Establishment of the Intercalibration Network and the Process on the Intercalibration Exercise, Evrópubandalögin, 2003. ISBN 92-894-5126-2

([4]) Common implementation strategy for the Water Framework Directive (2000/60/EC), Guidance document No 14. Guidance document on the Intercalibration Process 2004-2006, ISBN 92-894-9471-9Common implementation strategy for the Water Framework Directive (2000/60/EC), Guidance document No 14. Guidance document on the Intercalibration Process 2008-2011 ISBN: 978-92-79-18997-5

([5]) Stjtíð. ESB L 332, 10.12.2008, bls. 20.

17) Niðurstöður beitingar millikvörðunarinnar ættu að vísa til vistfræðilegs ástands vatnshlota. Ef vatnshlot sem samsvara millikvörðuðum gerðum eru tilgreind sem mikið breytt vatnshlot í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB mætti nota niðurstöðurnar, sem settar eru fram í I. og II. viðauka við þessa ákvörðun, sem grundvöll fyrir góðu vistmegni þeirra, að teknu tilliti til eðlisrænna breytinga á þeim og tengdri vatnsnotkun, í samræmi við stöðluðu skilgreiningarnar í lið 1.2.5 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

18) Aðildarríki ættu að laga eigin landsflokkunarkerfi að niðurstöðum beitingar millikvörðunarinnar til að ákvarða mörkin milli mjög góðs og góðs ástands og milli góðs og sæmilegs ástands að því er varðar allar gerðir eigin vatnshlota.

19) Upplýsingarnar sem verða gerðar aðgengilegar með framkvæmd vöktunaráætlananna, sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB og mati og uppfærslu á eiginleikum vatnasviðaumdæmanna sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 2000/60/EB, geta leitt í ljós ný sönnunargögn sem kunna að leiða til aðlögunar á vöktunar- og flokkunarkerfum aðildarríkja að vísinda- og tækniframförum og að lokum til endurskoðunar á niðurstöðum beitingar millikvörðunarinnar í því skyni að bæta gæði þeirra.

20) Til samræmis við það ætti að fella ákvörðun 2008/915/EB úr gildi og önnur að koma í hennar stað.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 21. tilskipunar 2000/60/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Að því er varðar iii. lið liðar 1.4.1 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB skulu aðildarríkin nota við flokkun í vöktunarkerfum sínum þau gildi fyrir mörk milli flokka sem sett eru fram í I. og II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Aðildarríki skulu ljúka öllum nauðsynlegum skrefum við beitingu millikvörðunarinnar fyrir 22. desember 2016 að því er varðar niðurstöðurnar í II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun 2008/915/EB er felld úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. september 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

FLOKKUR VATNS: Ár

LANDFRÆÐILEGUR MILLIKVÖRÐUNARHÓPUR: Háfjallasvæði

Lýsing á algengum gerðum millikvörðunar

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Aðrennslissvæði (km^2)	Hæð yfir sjávarmáli og landmótunarfræði	Basavirkni	Straumskilyrði
R-A1	Við háfjallarætur (e. *pre-alpine*), lítil og allt að meðalstór, hálendi, kalkrík	10–1 000	800–2 500 m (aðrennslissvæði), björg/hnullungar	mikil (en ekki mjög mikil) basavirkni	
R-A2	Lítil og allt að meðalstór, hálendi, kalkrík	10–1 000	500–1 000 m (hámarkshæð aðrennslissvæðis yfir sjávarmáli 3 000 m, meðaltal 1 500 m), björg	Ekki kalkríkt (granít, myndbreytt), meðalmikil og allt niður í litla basavirkni	Rennsli um snjó og jökul

Lönd sem deila með sér þeim gerðum sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð R-A1: Þýskaland, Austurríki, Frakkland, Ítalía, Slóvenía

Gerð R-A2: Austurríki, Frakkland, Ítalía, Spánn

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: HÁFJALLAÁR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnhryggleysingjar

Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð R-A1			
Austurríki	Mat á líffræðilegum gæðaþáttum - hluti botnlægra hryggleysingja [Erhebung der biologischen Qualitätselemente - Teil Makrozoobenthos (Detaillierte MZB-Methode)]	0,80	0,60
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). AFNOR NF-T-90-350 og arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,93	0,79
Þýskaland	PERLODES – Bewertungsverfahren von Fließgewässern auf Basis des Makrozoobenthos	0,80	0,60
Ítalía	MacrOper, byggt á STAR Intercalibration Common Metric Index (STAR_ICMi)	0,97	0,73
Slóvenía	Metodologija vrednotenja ekološkega stanja rek z bentoškimi nevretenčarji v Sloveniji (Matskerfi fyrir vistfræðilegt ástand í ám sem notast við botnlæga hryggleysingja í Slóveníu)	0,80	0,60
Gerð R-A2			
Austurríki	Mat á líffræðilegum gæðaþáttum - hluti botnlægra hryggleysingja [Erhebung der biologischen Qualitätselemente - Teil Makrozoobenthos (Detaillierte MZB-Methode)]	0,80	0,60

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Frakkland (Alpafjöll)	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). AFNOR NF-T-90-350 og arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,93	0,71
Frakkland (Pýreneafjöll)	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). AFNOR NF-T-90-350 og arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,94	0,81
Ítalía	MacrOper, byggt á STAR Intercalibration Common Metric Index (STAR_ICMi)	0,95	0,71
Spánn	Iberian BMWP (IBMWP)	0,83	0,53

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: HÁFJALLAÁR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur og botngróður

Líffræðilegur undirgæðaþáttur: Botngróður

Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð R-A1:			
Austurríki	Mat á líffræðilegum gæðaþáttum - hluti botngróður [Leitfaden zur Erhebung der biologischen Qualitätselemente, Teil A3 - Fließgewässer/ Phytobenthos]	0,88	0,56
Frakkland	IBD 2007 (Coste et al, Ecol. Ind. 2009). AFNOR NF-T-90-354, desember 2007. Arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,94	0,78
Þýskaland	Verfahrensanleitung für die ökologische Bewertung von Fließgewässern zur Umsetzung der EG-Wasserrahmenrichtlinie: Makrophyten und Phytobenthos (Phylib), Modul Diatomeen	0,735	0,54
Ítalía	ICMi (Intercalibration Common Metric) Index (Mancini & Sollazzo, 2009, Phytobenthos Intercalibration Common Metric (pICM: Kelly et al., 2009)	0,87	0,70
Slóvenía	Metodologija vrednotenja ekološkega stanja rek s fitobentosom in makrofiti v Sloveniji; fitobentos (Matskerfi fyrir vistfræðilegt ástand í ám sem notast við botngróður og fjölfrumuplöntur í Slóveníu; Botngróður)	0,80	0,60

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð R-A2			
Austurríki	Mat á líffræðilegum gæðaþáttum - hluti botngróður [Leitfaden zur Erhebung der biologischen Qualitätselemente, Teil A3 - Fließgewässer/ Phytobenthos]	0,88	0,56
Frakkland	IBD 2007 (Coste et al, Ecol. Ind. 2009). AFNOR NF-T-90-354, desember 2007. Arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,94	0,78
Spánn	IPS (Coste in Cemagref, 1982)	0,94	0,74
Ítalía	ICMi (Intercalibration Common Metric) Index (Mancini & Sollazzo, 2009, Phytobenthos Intercalibration Common Metric (pICM: Kelly et al., 2009)	0,85	0,64

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: HÁFJALLAÁR

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur og botngróður

Líffræðilegur undirgæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur

Á EKKI VIÐ

FLOKKUR VATNS: Ár

LANDFRÆÐILEGUR MILLIKVÖRÐUNARHÓPUR: Mið-Evrópa/Eystrasalt

Lýsing á algengum gerðum millikvörðunar

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Aðrennslissvæði (km^2)	Hæð yfir sjávarmáli og landmótunarfræði	Basavirkni (meq/l)
R-C1	Lítil, láglendi, kísilkennd, sandur	10–100	Láglendi, aðallega með sendnu undirlagi, (lítil kornastærð), breidd 3–8 m (bakkafylli)	> 0,4
R-C2	Lítil, láglendi, kísilkennd, grjót	10–100	Láglendi, grjót, breidd 3–8 m (bakkafylli)	< 0,4
R-C3	Lítil, miðlungshæð, kísilkennd	10–100	Miðlungshæð, grjót (granít) og yfir í malarundirlag, breidd 2–10 m (bakkafylli)	< 0,4
R-C4	Meðalstór, láglendi, breytileg	100–1 000	Láglendi, sendið undirlag og yfir í malarundirlag, breidd 8–25 m (bakkafylli)	> 0,4
R-C5	Stór, láglendi, breytileg	1 000–10 000	Láglendi, vatnaskeggjasvæði, breytilegur straumhraði, hámarkshæð aðrennslissvæðis: 800 m, breidd > 25 m (bakkafylli)	> 0,4
R-C6	Lítil, láglendi, kalkrík	10–300	Láglendi, malarundirlag (kalksteinn), breidd 3–10 m (bakkafylli)	> 2

Lönd sem deila með sér þeim gerðum sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð R-C1: Belgía (Flæmingjaland), Belgía (Vallónía), Þýskaland, Danmörk, Frakkland, Ítalía, Litháen, Holland, Pólland, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-C2: Spánn, Frakkland, Írland, Portúgal, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-C3: Austurríki, Belgía (Vallónía) Tékkland, Þýskaland, Pólland, Portúgal, Spánn, Svíþjóð, Frakkland, Lettland, Lúxemborg, Bretland

Gerð R-C4: Belgía (Flæmingjaland), Belgía, (Vallónía) Tékkland, Þýskaland, Danmörk, Eistland, Spánn, Frakkland, Írland, Ítalía, Litháen, Lúxemborg, Holland, Pólland, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-C5: Belgía (Vallónía) Tékkland, Eistland, Frakkland, Þýskaland, Spánn, Írland. Ítalía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Holland, Pólland, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-C6: Belgía (Vallónía), Danmörk, Eistland, Spánn, Frakkland, Írland, Ítalía, Pólland, Litháen, Lúxemborg, Svíþjóð, Bretland

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR Í MIÐ-EVRÓPU/EYSTRASALTI

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnhryggleysingjar

Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Eftirfarandi niðurstöður gilda um allar gerðir sem lýst er hér á undan.

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Austurríki	Mat á líffræðilegum gæðaþáttum - hluti botnlægra hryggleysingja	0,80	0,60
Belgía (Flæmingjaland)	Flæmskur, fjölþættur stuðull fyrir stórsæja hryggleysingja (MMIF)	0,90	0,70
Belgía (Vallónía)	Indice Biologique Global Normalisé (IBGN) (Norme AFNOR NF T 90 350, 1992) og Arrêté du Gouvernement wallon du 13 septembre 2012 relatif à l'identification, à la caractérisation et à la fixation des seuils d'état écologique applicables aux masses d'eau de surface et modifiant le Livre II du Code de l'Environnement, contenant le Code de l'Eau. Moniteur belge 12.10.2012	0,97 (gerðir R-C3, R-C5, R-C6) 0,94 (gerð R-C1)	0,74 (gerðir R-C3, R-C5, R-C6) 0,75 (gerð R-C1)
Tékkland	Tékkneskt kerfi til að meta vistfræðilegt ástand áa sem notast við botnlæga, stórsæja hryggleysingja	0,80	0,60
Danmörk	Danskur stuðull fyrir dýr í ám (DSFI)	1,00	0,71
Eistland	Eistneskt mat á vistfræðilegum gæðum yfirborðsvatns – stórsæir hryggleysingjar í ám	0,90	0,70
Þýskaland	PERLODES – Bewertungsverfahren von Fließgewässern auf Basis des Makrozoobenthos	0,80	0,60
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). AFNOR NF-T-90-350 og arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,94	0,80
Írland	Gæðaflokkunarkerfi (Q-gildi)	0,85	0,75
Ítalía	MacrOper, byggt á útreikningi með STAR_ICM stuðli	0,96	0,72
Lúxemborg	Classification luxembourgeoise DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN) 1992, AFNOR NF-T-90-350 et circulaire DCE 2007/22 MEDD/DE/MAGE/BEMA 07/no 4 du 11 avril 2007	0,96	0,72

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Holland	KRW-maatlat	0,80	0,60
Pólland	Kerfi RIVECOmacro til að meta vistfræðilegt ástand áa sem notast við botnlæga, stórsæja hryggleysingja (Fjölþættur stuðull fyrir stórsæja hryggleysingja byggt á STAR_ICM)	0,91 (gerð RC1)	0,72 (gerð RC1)
Spánn	METI	0,93	0,70
Svíþjóð	DJ-stuðull (Dahl & Johnson 2004)	0,80	0,60
Bretland	River Invertebrate Classification Tool (RICT)-WHPT	0,97	0,86

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR Í MIÐ-EVRÓPU/EYSTRASALTI

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur og botngróður

Líffræðilegur undirgæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur

Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
			Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Austurríki	AIM for Rivers (austurrískur stuðull fyrir fjölfrumuplöntur fyrir ár)	RC-3	0,875	0,625
Belgía (Flæmingjaland)	MAFWAT - Flæmskt kerfi fyrir mat á fjölfrumuplöntum	R-C1	0,80	0,60
Belgía (Vallónía)	IBMR-WL - líffræðilegur fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár (Arrêté du Gouvernement wallon du 13 septembre 2012 relatif à l'identification, à la caractérisation et à la fixation des seuils d'état écologique applicables aux masses d'eau de surface et modifiant le Livre II du Code de l'Environnement, contenant le Code de l'Eau. Moniteur belge 12.10.2012)	R-C3	0,925	0,607
Danmörk	DSPI - Danskur stuðull fyrir straumvatnsplöntur	R-C1	0,70	0,50
		R-C4	0,70	0,50
Þýskaland	Verfahrensanleitung für die ökologische Bewertung von Fließgewässern zur Umsetzung der EG-Wasserrahmenrichtlinie: Makrophyten und Phytobenthos (Phylib), Modul Makrophyten	R-C1	0,745	0,495
		R-C3	0,80	0,55
		R-C4	0,575	0,395
Frakkland	Franskur staðall NF T90-395 (2003-10-01). Qualité de l'eau - Détermination de l'indice biologique macrophytique en rivière (IBMR)	R-C3	0,93	0,79
		R-C4	0,905	0,79
Írland	MTR – IE - Mean Trophic Ranking	R-C4	0,74	0,62

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
			Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Ítalía	IBMR – IT - líffræðilegur fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	R-C1	0,90	0,80
		R-C4	0,90	0,80
Lúxemborg	IBMR – LU - líffræðilegur fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	R-C3	0,89	0,79
		R-C4	0,89	0,79
Pólland	MIR - fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	R-C1	0,90	0,65
		R-C3	0,91	0,684
		R-C4	0,90	0,65
Bretland	LEAFPACS - Vistfræðileg flokkun áa sem notast við fjölfrumuplöntur	R-C1	0,80	0,60
		R-C3	0,80	0,60
		R-C4	0,80	0,60

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR Í MIÐ-EVRÓPU/EYSTRASALTI

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur og botngróður

Líffræðilegur undirgæðaþáttur: Botngróður

Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
			Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Austurríki	Mat á líffræðilegum gæðaþáttum - hluti botngróðurs [Leitfaden zur Erhebung der biologischen Qualitätselemente, Teil A3 - Fließgewässer/Phytobenthos]	Allar gerðir, hæð < 500 m	0,70	0,42
		Allar gerðir, hæð > 500 m	0,71	0,43
Belgía (Flæmingjaland)	Proportions of Impact-Sensitive and Impact-Associated Diatoms (PISIAD)	Allar gerðir	0,80	0,60
Belgía (Vallónía)	IPS (Coste, in CEMAGREF, 1982; Lenoir & Coste, 1996 og Arrêté du Gouvernement wallon du 13 septembre 2012 relatif à l'identification, à la caractérisation et à la fixation des seuils d'état écologique applicables aux masses d'eau de surface et modifiant le Livre II du Code de l'Environnement, contenant le Code de l'Eau. Moniteur belge 12.10.2012)	Allar gerðir	0,98	0,73
Eistland	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	Allar gerðir	0,85	0,70
Frakkland	IBD 2007 (Coste et al, Ecol. Ind. 2009). AFNOR NF-T-90-354, desember 2007. Arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	Allar gerðir	0,94	0,78

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
			Mörk milli mjög góðs og góðs ástands	Mörk milli góðs og sæmilegs ástands
Þýskaland	Verfahrensanleitung für die ökologische Bewertung von Fließgewässern zur Umsetzung der EG-Wasserrahmenrichtlinie: Makrophyten und Phytobenthos (Phylib), Modul Makrophyten	R-C1	0,67	0,43
		R-C3	0,67	0,43
		R-C4	0,61	0,43
		R-C5	0,73	0,55
Írland	Revised form of Trophic Diatom Index (TDI) (endurskoðaður næringarstuðull byggður á kísilþörungum)	Allar gerðir	0,93	0,78
Ítalía	ICMi (Intercalibration Common Metric) Index (Mancini & Sollazzo, 2009, Phytobenthos Intercalibration Common Metric (pICM: Kelly et al., 2009)	Allar gerðir	0,84	0,65
Lúxemborg	Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	Allar gerðir	0,90	0,70
Holland	KRW-maatlat	Allar gerðir	0,80	0,60
Pólland	Indeks Okrzemkowy IO dla rzek (kísilþörunga-stuðull fyrir ár)	Allar gerðir	0,80	0,58
Spánn	Diatom multimetric (MDIAT)	R-C2, R-C3, R-C4	0,93	0,70
Svíþjóð	Sænskar matsaðferðir, sænskar EPA-reglur (NFS 2008:1), byggðar á Indice de Polluosensibilité Spécifique (IPS)	Allar gerðir	0,89	0,74
Bretland	Diatom Assessment for River Ecological Status (DARLEQ2)	Allar gerðir	1,00	0,75

FLOKKUR VATNS: Ár

LANDFRÆÐILEGUR MILLIKVÖRÐUNARHÓPUR: Meginland Austur-Evrópu

Lýsing á algengum gerðum millikvörðunar

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Vistsvæði	Aðrennslis-svæði (km^2)	Hæð yfir sjávarmáli (m)	Jarðfræði	Undirlag
R-E1a	Karpatafjöll: lítil og allt að meðalstór, miðlungshæð	10	10–1 000	500–800	Breytileg	
R-E1b	Karpatafjöll: lítil og allt að meðalstór, miðlungshæð	10	10–1000	200–500	Breytileg	
R-E2	Sléttur: meðalstór, láglendi	11 og 12	100–1 000	< 200	Breytileg	Sandur og silt
R-E3	Sléttur: stór, láglendi	11 og 12	> 1000	< 200	Breytileg	Sandur, silt og möl
R-E4	Sléttur: meðalstór, miðlungshæð	11 og 12	100–1 000	200–500	Breytileg	Sandur og möl
R-EX4	Stór, miðlungshæð	10, 11 og 12	> 1 000	200–500	Breytileg	Möl og bjarg
R-EX5	Sléttur: lítil, láglendi	11 og 12	10–100	< 200	Breytileg	Sandur og silt

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Vistsvæði	Aðrennslis-svæði (km^2)	Hæð yfir sjávarmáli (m)	Jarðfræði	Undirlag
R-EX6	Sléttur: lítil, miðlungshæð	11 og 12	10-100	200-500	Breytileg	Möl
R-EX7	Balkanskagi: lítil, kalkrík, miðlungshæð	5	10–100	200-500	Kalkríkt	Möl
R-EX8	Balkanskagi: lítil og allt að meðalstór, kalkrík karstuppspretta	5	10-1 000		Kalkríkt	Möl, sandur og silt

Lönd sem deila með sér þeim gerðum sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð R-E1a: Búlgaría, Tékkland, Rúmenía, Slóvakía

Gerð R-E1b: Búlgaría, Tékkland, Ungverjaland, Rúmenía, Slóvakía

Gerð R-E2: Búlgaría, Tékkland, Ungverjaland, Rúmenía, Slóvakía

Gerð R-E3: Búlgaría, Tékkland, Ungverjaland, Rúmenía, Slóvakía

Gerð R-E4: Austurríki, Búlgaría, Ungverjaland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía

Gerð R-EX4: Tékkland, Rúmenía, Slóvakía

Gerð R-EX5: Búlgaría, Ungverjaland, Rúmenía, Slóvenía, Slóvakía

Gerð R-EX6: Búlgaría, Ungverjaland, Rúmenía, Slóvenía

Gerð R-EX7: Slóvenía

Gerð R-EX8: Búlgaría, Slóvenía

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR Á MEGINLANDI AUSTUR-EVRÓPU

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnhryggleysingjar

Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
			Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Austurríki	Mat á líffræðilegum gæðaþáttum - hluti botnlægra hryggleysingja	R-E4	0,80	0,60
Búlgaría	Írskur lífverustuðull (Irish biotic index)	R-E1a, R-E1b	0,86	0,67
Tékkland	Tékkneskt kerfi til að meta vistfræðilegt ástand áa sem notast við botnlæga, stórsæja hryggleysingja	R-E1a, R-E1b, R-E2, R-E3	0,80	0,60
Ungverjaland	Ungverskur fjölþættur stuðull byggður á stórsæjum hryggleysingjum	R-E1b, R-E3, R-E4, R-EX5, R-EX6	0,80	0,60
Rúmenía	Matsaðferð fyrir vistfræðilegt ástand vatnshlota sem byggist á stórsæjum hryggleysingjum	R-E1a, R-E1b, R-E3, R-EX4	0,74	0,58
Slóvenía	Metodologija vrednotenja ekološkega stanja rek z bentoškimi nevretenčarji v Sloveniji	R-E4, R-EX5, R-EX6	0,80	0,60
Slóvakía	Slóvakískt mat á botnlægjum hryggleysingjum í ám	R-E1a, R-E1b, R-E2, R-E3, R-E4, R-EX4	0,80	0,60

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR Á MEGINLANDI AUSTUR-EVRÓPU

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur og botngróður

Líffræðilegur undirgæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur

Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
			Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Austurríki	AIM for Rivers (austurrískur stuðull fyrir fjölfrumuplöntur fyrir ár)	R-E4	0,875	0,625
Búlgaría	Viðmiðunarstuðull	R-E2, R-E3	0,570	0,370
Búlgaría	Viðmiðunarstuðull	R-E4	0,510	0,270
Ungverjaland	Viðmiðunarstuðull	R-E2, R-E3	0,700	0,370
Slóvenía	Fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	R-E2, R-E3, R-E4	0,800	0,600
Slóvakía	Líffræðilegur fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	R-E2, R-E3, R-E4	0,800	0,600

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR Á MEGINLANDI AUSTUR-EVRÓPU

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur og botngróður

Líffræðilegur undirgæðaþáttur: Botngróður

Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
			Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Austurríki	Mat á líffræðilegum gæðaþáttum - hluti botngróðurs	R-E4	0,70	0,42
Búlgaría	Mat á vistfræðilegu ástandi í ám í Búlgaríu sem byggir á IPS kísilþörungastuðli	R-E1a, R-E1b, R-E3	0,87 (landsbundinn gerð R2, R4) 0,85 (landsbundinn gerð R7, R8)	0,66 (landsbundinn gerð R2, R4) 0,64 (landsbundinn gerð R7, R8)
Tékkland	Kerfi til að meta ástand áa sem notast við botngróður	R-E1a, R-E1b, R-E2, R-E3, R-EX4	0,80	0,60
Ungverjaland	Mat á vistfræðilegu ástandi áa sem byggir á kísilþörungum	R-E2, R-E3, R-EX5	0,80	0,60
Slóvenía	Metodologija vrednotenja ekološkega stanja rek s fitobentosom in makrofiti v Sloveniji; fitobentos (Matskerfi fyrir vistfræðilegt ástand í ám sem notast við botngróður og fjölfrumuplöntur í Slóveníu; Botngróður)	R-E4, R-EX5, R-EX6, R-EX7, R-EX8	0,80	0,60
Slóvakía	Kerfi til að meta vistfræðilegt ástand í ám sem notast við botngróður	R-E1a, R-E1b, R-E2, R-E3, R-E4, R-EX4	0,90	0,70

FLOKKUR VATNS: Ár

LANDFRÆÐILEGUR MILLIKVÖRÐUNARHÓPUR: Miðjarðarhafssvæðið

Lýsing á algengum gerðum millikvörðunar

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Aðrennslis-svæði (km^2)	Jarðfræði	Straumskilyrði
R-M1	Litlar ár á Miðjarðarhafssvæðinu	< 100	Blandaðar (að undan-skildum kísil-kenndum)	Afar árstíða-bundin
R-M2	Miðlungsstórar ár á Miðjarðarhafssvæðinu	100-1 000	Blandaðar (að undan-skildum kísil-kenndum)	Afar árstíða-bundin
R-M4	Ár til fjalla á Miðjarðarhafssvæðinu		Ekki kísil-kenndar	Afar árstíða-bundin
R-M5	Ár sem geta þornað upp			Tímabundin

Lönd sem deila með sér þeim gerðum sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð R-M1: Frakkland, Grikkland, Ítalía, Portúgal, Slóvenía, Spánn

Gerð R-M2: Frakkland, Grikkland, Ítalía, Portúgal, Slóvenía, Spánn

Gerð R-M4: Kýpur, Frakkland, Grikkland, Ítalía, Spánn

Gerð R-M5: Kýpur, Ítalía, Portúgal, Slóvenía, Spánn

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR VIÐ MIÐJARÐARHAFSSVÆÐIÐ

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnhryggleysingjar

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
R-M1			
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). AFNOR NF-T-90-350 og arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,940	0,700
Ítalía	MacrOper (byggt á STAR Intercalibration Common Metric Index ICMi)	0,970	0,720
Portúgal	Matsaðferð á líffræðilegum gæðum áa - botnlægir hryggleysingjar (IptIN, IptIS)	0,870 (gerð 1) 0,850 (gerð 3)	0,678 (gerð 1) 0,686 (gerð 3)
Slóvenía	Metodologija vrednotenja ekološkega stanja rek z bentoškimi nevretenčarji v Sloveniji (Matskerfi fyrir vistfræðilegt ástand í ám sem notast við botnlæga hryggleysingja í Slóveníu)	0,800	0,600
Spánn	Iberian Biological Monitoring Working Party (IBMWP) (Íberískur starfshópur um lífvöktun	0,845	0,698
Spánn	Iberian Mediterranean Multimetric Index - notast við megindleg gögn (IMMi-T)	0,811	0,707

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
R-M2			
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). AFNOR NF-T-90-350 og arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,940	0,700
Ítalía	MacrOper (byggt á STAR Intercalibration Common Metric Index ICMi)	0,940	0,700
Portúgal	Matsaðferð á líffræðilegum gæðum áa - botnlægir hryggleysingjar (IptIN, IptIS)	0,830 (gerð 2) 0,880 (gerð 4)	0,693 (gerð 2) 0,676 (gerð 4)
Slóvenía	Metodologija vrednotenja ekološkega stanja rek z bentoškimi nevretenčarji v Sloveniji (Matskerfi fyrir vistfræðilegt ástand í ám sem notast við botnlæga hryggleysingja í Slóveníu)	0,800	0,600
Spánn	Iberian Biological Monitoring Working Party (IBMWP) (Íberískur starfshópur um lífvöktun)	0,845	0,698
Spánn	Iberian Mediterranean Multimetric Index - notast við megindleg gögn (IMMi-T)	0,811	0,707
R-M4			
Frakkland	Classification française DCE Indice Biologique Global Normalisé (IBGN). AFNOR NF-T-90-350 og arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,940	0,700
Kýpur	STAR Intercalibration Common Metric Index (STAR_ICMi)	0,972	0,729
Ítalía	MacrOper (byggt á STAR Intercalibration Common Metric Index ICMi)	0,940	0,700
Spánn	Iberian Biological Monitoring Working Party (IBMWP) (Íberískur starfshópur um lífvöktun	0,840	0,700
Spánn	Iberian Mediterranean Multimetric Index - notast við megindleg gögn (IMMi-T)	0,850	0,694
R-M5			
Kýpur	STAR Intercalibration Common Metric Index (STAR_ICMi)	0,982	0,737
Ítalía	MacrOper (byggt á STAR Intercalibration Common Metric Index ICMi)	0,970	0,730
Portúgal	Matsaðferð á líffræðilegum gæðum áa - botnlægir hryggleysingjar (IptIN, IptIS)	0,973 (gerð 5) 0,961 (gerð 6)	0,705 (gerð 5) 0,708 (gerð 6)
Slóvenía	Metodologija vrednotenja ekološkega stanja rek z bentoškimi nevretenčarji v Sloveniji (Matskerfi fyrir vistfræðilegt ástand í ám sem notast við botnlæga hryggleysingja í Slóveníu)	0,800	0,600

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Spánn	Iberian Biological Monitoring Working Party (IBMWP) (Íberískur starfshópur um lífvöktun	0,830	0,630
Spánn	Iberian Mediterranean Multimetric Index - notast við megindleg gögn (IMMi-T)	0,830	0,620

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR VIÐ MIÐJARÐARHAFSSVÆÐIÐ

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur og botngróður

Líffræðilegur undirgæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
R-M1, 2, 4			
Kýpur	IBMR – líffræðilegur fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	0,795	0,596
Frakkland	Franskur staðall NF T90-395 (2003-10-01) Qualité de l'eau - Détermination de l'indice biologique macrophytique en rivière (IBMR)	0,930	0,745
Grikkland	IBMR – líffræðilegur fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	0,750	0,560
Ítalía	IBMR – líffræðilegur fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	0,900	0,800
Portúgal	IBMR – líffræðilegur fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	0,920	0,690
Slóvenía	RMI – Fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	0,800	0,600
Spánn	IBMR – líffræðilegur fjölfrumuplöntustuðull fyrir ár	0,950	0,740

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR VIÐ MIÐJARÐARHAFSSVÆÐIÐ

Líffræðilegur gæðaþáttur: Fjölfrumuplöntur og botngróður

Líffræðilegur undirgæðaþáttur: Botngróður

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
R-M1			
Frakkland	IBD 2007 (Coste et al, Ecol. Ind. 2009). AFNOR NF-T-90-354, December 2007. Arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,940	0,780
Ítalía	ICMi (Intercalibration Common Metric) Index (Mancini & Sollazzo, 2009)	0,800	0,610

Gerð og land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Portúgal	IPS (Coste in Cemagref, 1982)	0,970 (gerð 1) 0,910 (gerð 3)	0,730 (gerð 1) 0,680 (gerð 3)
Slóvenía	Metodologija vrednotenja ekološkega stanja rek s fitobentosom in makrofiti v Sloveniji; fitobentos (Matskerfi fyrir vistfræðilegt ástand í ám sem notast við botngróður og fjölfrumuplöntur í Slóveníu; Botngróður)	0,800	0,600
Spánn	IPS (Coste in Cemagref, 1982)	0,937	0,727
R-M2			
Frakkland	IBD 2007 (Coste et al, Ecol. Ind. 2009). AFNOR NF-T-90-354, desember 2007. Arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,940	0,780
Ítalía	ICMi (Intercalibration Common Metric) Index (Mancini & Sollazzo, 2009)	0,800	0,610
Portúgal	IPS (Coste in Cemagref, 1982)	0,910 (gerð 2) 0,970 (gerð 4)	0,680 (gerð 2) 0,730 (gerð 4)
Slóvenía	Metodologija vrednotenja ekološkega stanja rek s fitobentosom in makrofiti v Sloveniji; fitobentos (Matskerfi fyrir vistfræðilegt ástand í ám sem notast við botngróður og fjölfrumuplöntur í Slóveníu; Botngróður)	0,800	0,600
Spánn	IPS (Coste in Cemagref, 1982)	0,938	0,727
R-M4			
Kýpur	IPS (Coste in Cemagref, 1982)	0,910	0,683
Frakkland	IBD 2007 (Coste et al, Ecol. Ind. 2009). AFNOR NF-T-90-354, desember 2007. Arrêté ministériel du 25 janvier 2010 modifié relatif aux méthodes et critères d'évaluation de l'état écologique {…} des eaux de surface	0,940	0,780
Ítalía	ICMi (Intercalibration Common Metric) Index (Mancini & Sollazzo, 2009)	0,800	0,610
Spánn	IPS (Coste in Cemagref, 1982)	0,935	0,727
R-M5			
Kýpur	IPS (Coste in Cemagref, 1982)	0,958	0,718
Ítalía	ICMi (Intercalibration Common Metric) Index (Mancini & Sollazzo, 2009)	0,880	0,650
Portúgal	IPS (Coste in Cemagref, 1982)	0,940	0,700
Slóvenía	Metodologija vrednotenja ekološkega stanja rek s fitobentosom in makrofiti v Sloveniji; fitobentos (Matskerfi fyrir vistfræðilegt ástand í ám sem notast við botngróður og fjölfrumuplöntur í Slóveníu; Botngróður)	0,800	0,600
Spánn	IPS (Coste in Cemagref, 1982)	0,935	0,700

FLOKKUR VATNS: Ár

LANDFRÆÐILEGUR MILLIKVÖRÐUNARHÓPUR: Norður-Evrópa

Lýsing á algengum gerðum millikvörðunar

Gerð	Lýsing á eiginleikum ár	Vatnasvið (árhlutans)	Hæð yfir sjávarmáli og landmótunarfræði	Basavirkni (meq/l)	Lífrænt efni (mg Pt/l)
R-N1	Lítil, láglendi, kísilkennd, miðlungs mikil basavirkni	10–100 km^2	< 200 m eða lægra en hæsta strandlínan	0,2–1	< 30 (< 150 á Írlandi)
R-N3	Lítil/meðalstór, láglendi, lífræn, lítil basavirkni	10–1 000 km^2		< 0,2	> 30
R-N4	Meðalstór, láglendi, kísilkennd, miðlungs mikil basavirkni	100–1 000 km^2		0,2–1	< 30
R-N5	Lítil, í miðlungshæð, kísilkennd, lítil basavirkni	10–100 km^2	Milli láglendis og hálendis	< 0,2	< 30

Lönd sem deila með sér þeim gerðum sem hafa verið millikvarðaðar:

Gerð R-N1: Finnland, Írland, Noregur, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-N3: Finnland, Írland, Noregur, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-N4: Finnland, Noregur, Svíþjóð, Bretland

Gerð R-N5: Finnland, Noregur, Svíþjóð, Bretland

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR Í NORÐUR-EVRÓPU

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnhryggleysingjar (aðferðir næmar með tilliti til lífrænnar auðgunar og almennrar hnignunar)

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Eftirfarandi niðurstöður gilda um allar gerðir sem lýst er hér á undan.

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Finnland	Fjölþætt kerfi, innleiðing fyrstu útgáfu	0,80	0,60
Írland	Gæðaflokkunarkerfi (Q-gildi)	0,85	0,75
Noregur	ASPT	0,99	0,87
Svíþjóð	DJ-stuðull (Dahl & Johnson 2004)	0,80	0,60
Bretland	Flokkunartæki fyrir hryggleysingja í ám (River Invertebrate Classification Tool (RICT)- WHPT)	0,97	0,86

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: ÁR Í NORÐUR-EVRÓPU

Líffræðilegur gæðaþáttur: Botnhryggleysingjar (aðferðir næmar með tilliti til súrnunar)

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Eftirfarandi niðurstöður gilda um þær gerðir áa sem eru tærar og með lítilli basavirkni

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Noregur	AcidIndex2 (Modified Raddum index2) (súrnun í ám)	0,675	0,515
Bretland – Skotland	WFD-AWICsp: WFD Acid Water Indicator Community species	0,910	0,830
Bretland – England og Wales	WFD-AWICsp: WFD Acid Water Indicator Community species	0,980	0,890

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Eftirfarandi niðurstöður gilda um þær gerðir áa sem í er moldarefni og hafa litla basavirkni

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Plöntusvif: breyta sem er vísir fyrir lífmassa (blaðgræna a)

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi breytna

Gildi breytna eru gefin upp í µg/l sem 90-hundraðshlutamarkið, reiknað fyrir skilgreinda vaxtartímann á 6 ára tímabili. Niðurstöðurnar eiga við landsvæði innan þeirra gerða sem lýst er í tækniskýrslunni.

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Gildi (µg/l, 90-hundraðshlutamark)	
	Mjög gott-gott	Gott-miðlungs	Mjög gott-gott	Gott-miðlungs
NEA 1/26a				
Frakkland	0,67	0,33	5	10
Írland	0,67	0,33	5	10
Noregur	0,67	0,33	2,5	5
Suður Spánn	0,67	0,33	5	10
Spánn, Norðaustur-Kantabría	0,67	0,33	1,5	3
Spánn, Norður- og Mið-Kantabría	0,67	0,33	3	6
Bretland	0,67	0,33	5	10
NEA1/26b				
Belgía	0,67	0,44	10	15
Frakkland	0,67	0,44	10	15
Holland	0,67	0,44	10	15
Bretland	0,67	0,44	10	15
NEA3/4				
Þýskaland	0,66	0,44	7–10	11–15

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Gildi (µg/l, 90-hundraðshlutamark)	
	Mjög gott-gott	Gott-miðlungs	Mjög gott-gott	Gott-miðlungs
Holland	0,66	0,44	10–14	15–21
NEA1/26e				
Portúgal	0,67	0,44	6–8	9–12
Spánn	0,67	0,44	6–8	9–12
NEA9				
Noregur	0,67	0,33	2,5	5
Svíþjóð	0,67	0,33	2,5	5
NEA10				
Noregur	0,67	0,33	3	6
Svíþjóð	0,67	0,33	3	6

NIÐURSTÖÐUR FYRIR LANDFRÆÐILEGAN MILLIKVÖRÐUNARHÓP: NORÐAUSTUR-ATLANTSHAF

Líffræðilegur gæðaþáttur: Stórþörungar og dulfrævingar

Stórþörungar: breyta fyrir blómstrandi stórþörunga í fjöru með mjúkum botni, gefur til kynna þéttleika

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsbreytum

Strandsjór

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð NEA1/26			
Þýskaland	Bewertungssystem für opportunistische Makroalgen auf eulitoralen Weichböden der Küstengewässer	0,80	0,60
Írland	OGA Tool - þéttleiki grænna tækifærisstórþörunga (Opportunistic Green Macroalgal Abundance)	0,80	0,60
Bretland	OMBT - blómstrun tækifærisstórþörunga (Opportunistic Macroalgae Blooming Tool OMBT)	0,80	0,60

Árósavatn

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð NEA11:			
Írland	OGA Tool - þéttleiki grænna tækifærisstórþörunga (Opportunistic Green Macroalgal Abundance)	0,80	0,60
Portúgal	BMI – Stuðull byggður á stórþörungablóma (mat á stórþörungum í blóma)	0,80	0,60
Bretland	OMBT - blómstrun tækifærisstórþörunga (Opportunistic Macroalgae Blooming Tool OMBT)	0,80	0,60

Niðurstöður: Dulfrævingar – líffræðilegur undirgæðaþáttur sem er vísir fyrir stórþörunga og dulfrævinga

Strandsjór:

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Land	Millikvörðuð landsflokkunarkerfi	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð NEA1/26			
Frakkland	SBQ – gæði sjávargrasbreiða í strandsjó og árósavatni	0,80	0,60
Þýskaland	SG – Bewertungssystem für Makroalgen und Seegräser der Küsten- und Übergangsgewässer zur Umsetzung der EG-Wasserrahmenrichtlinie in Deutschland	0,80	0,60
Írland	Þéttleiki sjávargrasa í fjöru og samsetning tegunda	0,80	0,63

Árósavatn:

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða í millikvörðuðum landsflokkunarkerfum

Gerð og land	Millikvarðaðar landsbreytur	Hlutföll vistfræðilegra gæða	
		Skil milli mjög góðs og góðs ástands	Skil milli góðs og sæmilegs ástands
Gerð NEA11:			
Frakkland	SBQ – gæði sjávargrasbreiða í strandsjó og árósa-vatni	0,80	0,60
Þýskaland	SG – Bewertungssystem für Makroalgen und Seegräser der Küsten- und Übergangsgewässer zur Umsetzung der EG-Wasserrahmen-richtlinie in Deutschland	0,80	0,60
Írland	Þéttleiki sjávargrasa í fjöru og samsetning tegunda	0,83	0,70
Holland	Vöktun sjávargrasabreiða fyrir hvert vatnshlot með loftmyndum, vettvangsrannsóknum (e. *ground truth*) og með því að tilgreina flatarmál og þéttleika fyrir hverrar tegundar	0,80	0,60
Portúgal	SQI – gæðastuðull byggður á sjávargrösum í fjöru árósa (Seagrass quality index for intertidal TW)	0,80	0,60

FLOKKUR VATNS: Strandsjór og árósavatn

LANDFRÆÐILEGUR MILLIKVÖRÐUNARHÓPUR: Miðjarðarhaf

Líffræðilegur gæðaþáttur: Plöntusvif

Plöntusvif: breyta sem er vísir fyrir lífmassa: (Blaðgræna a)

Strandsjór

Niðurstöður: Hlutföll vistfræðilegra gæða og gildi breytna

Gildi breytna eru sett fram sem µg/l af blaðgrænu a fyrir 90-hundraðshlutamarkið, reiknað fyrir árið á að lágmarki fimm ára tímabili. Niðurstöðurnar eiga við landsvæði innan þeirra gerða sem lýst er í tækniskýrslunni.

Gerð	Hlutföll vistfræðilegra gæða		Gildi (µg/l, 90-hundraðshlutamark)	
	Mjög gott-gott	Gott-miðlungs	Mjög gott-gott	Gott-miðlungs
Gerð II-A				
Frakkland	0,80	0,53	2,38	3,58
Spánn	0,80	0,53	2,38	3,58
Ítalía (Tyrrenahaf)	0,76	0,59	1,06	2,19
Gerð II-A Adríahaf				
Ítalía	0,75	0,58	1,58	3,81
Slóvenía	0,75	0,58	1,58	3,81
Gerð Eyja-W				
Frakkland	0,80	0,50	0,75	1,20
Spánn	0,80	0,50	0,75	1,20
Gerð III-W				
Frakkland	0,80	0,50	1,13	1,80
Spánn	0,80	0,50	1,13	1,80
Gerð III-E				
Kýpur	0,80	0,20	0,10	0,40
Grikkland	0,80	0,20	0,10	0,40

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 573/2014/ESB **2015/EES/74/10**

frá 15. maí 2014

um aukið samstarf milli opinberra vinnumiðlana (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RAÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 149. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í niðurstöðum fundar síns frá 17. júní 2010 samþykkti leiðtogaráðið áætlunina Evrópa 2020 um störf og snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla („Evrópa 2020“). Leiðtogaráðið kallaði eftir því að allar fjármögnunarleiðir og stefnur Sambandsins yrðu virkjaðar til stuðnings sameiginlegum markmiðum og hvatti aðildarríkin til aukinna samræmdra aðgerða. Opinberar vinnumiðlanir gegna mikilvægu hlutverki við ná megintakmarki Evrópu 2020 um 75% atvinnuþátttöku kvenna og karla á aldrinum 20-64 ára fyrir árið 2020, einkum með því að draga úr atvinnuleysi ungs fólks.

2) Í 45. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er mælt fyrir um frjálsa för launafólks innan Sambandsins og í 46. gr. um ráðstafanir til að koma henni á, einkum með því að sjá til þess að náið samstarf sé á milli opinberra vinnumiðlana. Net opinberra vinnumiðlana, sem komið er á með þessari ákvörðun, ætti, auk hinna almennu þátta er varða hreyfanleika á milli staða, að taka til margvíslegra markmiða og framtaksverkefna með hvetjandi ráðstöfunum sem miða að því að bæta samstarf milli aðildarríkja á sviði atvinnumála.

3) Þessi ákvörðun ætti að hafa það að markmiði að hvetja til samstarfs milli aðildarríkjanna á ábyrgðarsviðum opinberra vinnumiðlana. Hún kemur á og eflir óformlega samvinnu milli opinberra vinnumiðlana á grundvelli fyrirliggjandi Evrópunets yfirmanna þeirra sem öll aðildarríkin hafa samþykkt að taka þátt í. Það hvort net opinberra vinnumiðlana nýtist til fulls veltur á áframhaldandi þátttöku allra aðildarríkjanna. Slíka þátttöku ætti að tilkynna skrifstofu netsins.

4) Í samræmi við 4. mgr. 148. gr. sáttmálans samþykkti ráðið, með ákvörðun 2010/707/ESB ([3]), viðmiðunarreglur varðandi atvinnustefnur aðildarríkjanna sem var viðhaldið á árunum 2011–13. Þessar samþættu viðmiðunarreglur eru aðildarríkjunum til leiðbeiningar við að skilgreina umbótaáætlanir sínar og við framkvæmd þeirra. Samþættu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2014 frá 13. nóvember 2014 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 8.10.2015, bls. 14.

([1]) Stjtíð. ESB C 67, 6.3.2014, bls. 116.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. maí 2014.

([3]) Ákvörðun ráðsins 2010/707/ESB frá 21. október 2010 um viðmiðunarreglur varðandi atvinnustefnur aðildarríkjanna (Stjtíð. ESB L 308, 24.11.2010, bls. 46).

viðmiðunarreglurnar liggja til grundvallar tilmælum fyrir hvert land sem ráðið beinir til aðildarríkjanna samkvæmt þeirri grein. Á undanförnum árum hafa þessi tilmæli falið í sér sérstök tilmæli um starfsemi og getu opinberra vinnumiðlana og árangur virkra vinnumarkaðsstefna í aðildarríkjunum.

5) Aukin gagnreynd endurgjöf um árangur af framkvæmd stefnu og samstarfi milli opinberra vinnumiðlana aðildarríkjanna myndi styðja enn frekar við tilmælin fyrir hvert land. Í þessu skyni ætti net opinberra vinnumiðlana að koma raunhæfum framtaksverkefnum til framkvæmda, s.s. sameiginlegum, gagnreyndum kerfum samanburðarviðmiða, samsvarandi gagnkvæmu lærdómsstarfi, gagnkvæmri aðstoð milli aðila að netinu og framkvæmd stefnuaðgerða til að nútímavæða opinberar vinnumiðlanir. Að beiðni Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar eða atvinnumálanefndarinnar (EMCO) ætti einnig að nýta sérhæfða þekkingu nets opinberra vinnumiðlana og einstakra aðila að því til að setja fram gögn vegna mótunar atvinnustefna.

6) Aukið og hnitmiðaðra samstarf milli opinberra vinnumiðlana ætti að leiða af sér betri miðlun á bestu starfsvenjum. Net opinberra vinnumiðlana ætti að tengja saman niðurstöður sem byggja á samanburðarviðmiðum og gagnkvæmum lærdómi þannig að unnt sé að þróa kerfisbundið, virkt og samþætt ferli lærdómsviðmiða.

7) Net opinberra vinnumiðlana ætti að vinna í nánu samstarfi við atvinnumálanefndina skv. 150. gr. sáttmálans og leggja sitt af mörkum til starfs hennar með því að láta í té gögn byggð á staðreyndum og skýrslur um stefnur sem opinberar vinnumiðlanir framfylgja. Framlagi nets opinberra vinnumiðlana til Evrópuþingsins ætti að beina í gegnum skrifstofuna og til ráðsins í gegnum atvinnumálanefndina, án breytinga en með athugasemdum, eftir því sem við á. Einkum gæti samanlögð þekking nets opinberra vinnumiðlana á framkvæmdarþáttum atvinnustefna og samanburðargreininga á opinberum vinnumiðlunum aðstoðað þá sem taka ákvarðanir um stefnumál, bæði á vettvangi Sambandsins og í aðildarríkjunum, við að meta og móta atvinnustefnur.

8) Net opinberra vinnumiðlana ætti, innan ábyrgðarsviða opinberra vinnumiðlana, að stuðla að því að stefnufrumkvæði á sviði atvinnumála sé komið til framkvæmda, s.s. tilmælum ráðsins frá 22. apríl 2013 um að koma á atvinnutryggingu fyrir unga fólkið ([4]). Net opinberra vinnumiðlana ætti einnig að styðja við framtaksverkefni sem miða að því að para betur saman fólk og störf með hliðsjón af færni, mannsæmandi og sjálfbærri vinnu, auknum valfrjálsum hreyfanleika vinnuafls og því að auðvelda umskipti frá námi og þjálfun til vinnu, þ.m.t. með því að styðja við að veitt sé ráðgjöf og að gagnsæi hvað varðar færni og menntun og hæfi sé eflt. Mat á virkum vinnumarkaðsstefnum, þ.m.t. þeim sem beinast að viðkvæmum hópum og félagslegri útilokun, ætti að vera á meðal verkefna nets opinberra vinnumiðlana.

9) Net opinberra vinnumiðlana ætti að styrkja samstarf milli aðila sinna, þróa sameiginleg framtaksverkefni sem miða að því að skiptast á upplýsingum og bestu starfsvenjum á öllum sviðum sem heyra undir opinberar vinnumiðlanir, samanburðargreiningu og ráðgjöf og því að ýta undir nýstárlegar leiðir við veitingu vinnumiðlunarþjónustu. Með því að koma á neti opinberra vinnumiðlana verður hægt að gera gagnreyndan og árangursmiðaðan samanburð, sem tekur til allra þátta, á öllum opinberum vinnumiðlunum og greina þannig bestu starfsvenjur á sviði þjónustu opinberra vinnumiðlana. Þessar niðurstöður ættu að stuðla að betri mótun og framkvæmd vinnumiðlunarþjónustu innan sértækra ábyrgðarsviða hennar. Framtaksverkefni nets opinberra vinnumiðlana ættu að bæta árangur opinberra vinnumiðlana og gera kleift að auka skilvirkni í fjárnotkun hins opinbera. Netið ætti einnig að starfa með öðrum aðilum sem veita vinnumiðlunarþjónustu.

10) Í árlegri starfsáætlun sinni ætti net opinberra vinnumiðlana að skilgreina tæknileg atriði í samanburðarviðmiðum opinberra vinnumiðlana og tengdum gagnkvæmum lærdómi, nánar tiltekið aðferðafræðina við lærdómsviðmiðin, á grundvelli vísa fyrir samanburðarviðmið sem fram koma í viðaukanum við þessa ákvörðun, til að meta frammistöðu opinberra vinnumiðlana, samhengisbundnar breytur, kröfur um gagnaafhendingu og lærdómstæki samþættu áætlunarinnar um gagnkvæman lærdóm. Í þessari ákvörðun ætti að skilgreina svið samanburðarviðmiða. Aðildarríkin hafa áfram heimild til að ákveða hvort þau taka upp af eigin hvötum viðbótarlærdómsviðmið á öðrum sviðum.

11) Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans að því er varðar breytingar á viðaukanum um vísa fyrir samanburðarviðmið. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi

([4]) Stjtíð. ESB C 120, 26.4.2013, bls. 1.

viðeigandi samráð meðan á undirbúningi stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, einkum sérfræðinga í opinberri vinnumiðlun. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

12) Vegna þess hversu fjölbreytt líkön, verkefni og veiting þjónustu opinberra vinnumiðlana eru er það aðildarríkjanna að tilnefna, úr yfirstjórn opinberra vinnumiðlana sinna, einn stjórnarmann og einn varamann til setu í stjórn nets opinberra vinnumiðlana („stjórnina“). Stjórnarmaðurinn eða varamaðurinn ætti, eftir atvikum, að vera fulltrúi annarra opinberra vinnumiðlana viðkomandi aðildarríkis í stjórninni. Sé aðildarríki ekki fært, af stjórnskipulegum ástæðum, að tilnefna aðeins eina opinbera vinnumiðlun ætti að tilgreina viðkomandi opinberar vinnumiðlanir, en halda fjölda þeirra í lágmarki, án þess að breyta þeirri reglu að hvert aðildarríki hafi eitt atkvæði í stjórninni. Stjórnarmenn ættu að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að viðhorf og reynsla staðar- og svæðisyfirvalda séu felld inn í starfsemi nets opinberra vinnumiðlana og að þau yfirvöld séu upplýst um starfsemina. Stjórnarmönnum ætti að vera heimilt að taka ákvarðanir fyrir hönd opinberra vinnumiðlana sinna. Til að tryggja þátttöku allra opinberra vinnumiðlana innan netsins ætti opinberum vinnumiðlunum af öllum stigum að vera heimil þátttaka í starfsemi þess.

13) Til að tryggja að sameiginleg verkefni opinberra vinnumiðlana falli vel að raunverulegri stöðu á vinnumarkaði ætti net opinberra vinnumiðlana að hafa undir höndum nýjustu tölur yfir atvinnuleysi á 3. stigi í flokkun hagskýrslusvæða.

14) Net opinberra vinnumiðlana ætti að koma í stað núverandi óformlegs ráðgjafarhóps Evrópunets yfirmanna opinberra vinnumiðlana, sem framkvæmdastjórnin hefur stutt frá árinu 1997, og byggja á reynslu hans en þegar hefur verið tekið tillit til sjónarmiða hans í þessari ákvörðun. Helstu aðgerðasvið sem sá ráðgjafarhópur benti á í skjali sínu „Stefnuáætlun opinberra vinnumiðlana 2020“ ættu að stuðla að nútímavæðingu og eflingu opinberra vinnumiðlana.

15) Net opinberra vinnumiðlana ætti að veita gagnkvæma aðstoð í þágu aðila sinna og aðstoða þá við að styðja hver annan við að nútímavæða stjórnskipulag og þjónustu með auknu samstarfi, einkum yfirfærslu þekkingar, námsferðum og starfsmannaskiptum.

16) Fjármagna ætti net opinberra vinnumiðlana og framtaksverkefni með PROGRESS/atvinnuhluta áætlunar Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun (EaSI), sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1296/2013 ([5]), innan marka þeirra fjárheimilda sem Evrópuþingið og ráðið ákveða.

17) Aðildarríkin ættu að hafa aðgang að fjármagni úr Félagsmálasjóði Evrópu, Byggðaþróunarsjóði Evrópu og Horizon 2020 — rammaáætlun Sambandsins um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 ([6]), til verkefna sem net opinberra vinnumiðlana þróar eða sem til verða við gagnkvæmt lærdómsstarf og tiltekin opinber atvinnumiðlun kemur til framkvæmda.

18) Net opinberra vinnumiðlana ætti að tryggja að það komi til fyllingar, en ekki í stað eða sé tvítekning á, aðgerðum sem framkvæmdar eru innan ramma evrópsku vinnumálaáætlunarinnar í skilningi IX. bálks sáttmálans, einkum aðgerðum atvinnumálanefndarinnar og verkfærum hennar, s.s. sameiginlega matsrammanum (JAF) og einnig áætluninni um gagnkvæman lærdóm. Til að ná samlegðaráhrifum ætti framkvæmdastjórnin enn fremur að tryggja að skrifstofa nets opinberra vinnumiðlana starfi náið með skrifstofu atvinnumálanefndarinnar.

19) Í þessari ákvörðun eru grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálanum um grundvallarréttindi“). Einkum er með þessari ákvörðun leitast við að tryggja að rétturinn til aðgangs að vinnumiðlunum án endurgjalds sé virtur að fullu og stuðla að beitingu 29. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1296/2013 frá 11. desember 2013 um áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun (EaSI) og um breytingu á ákvörðun nr. 283/2010/ESB um að koma á fót evrópskri örfjármögnunarleið innan Progress-áætlunarinnar í þágu atvinnu og félagslegrar aðildar (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 238).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 — rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Stofnun nets opinberra vinnumiðlana

Hér með er neti opinberra vinnumiðlana í gervöllu Sambandinu komið á fót fyrir tímabilið frá 17. júní 2014 til 31. desember 2020 („net opinberra vinnumiðlana“). Netið skal koma þeim framtaksverkefnum, sem um getur í 4. gr., til framkvæmda.

Netið skipa eftirfarandi aðilar:

a) opinberar vinnumiðlanir sem aðildarríkin tilnefna,

b) framkvæmdastjórnin.

Atvinnumálanefndin skal hafa stöðu áheyrnarfulltrúa.

Aðildarríki með sjálfstæðar staðar- og svæðisbundnar opinberar vinnumiðlanir skulu tryggja að þær hafi viðeigandi fyrirsvar í sérstökum framtaksverkefnum netsins.

2. gr.

Skilgreining á lærdómsviðmiðum

Að því er þessa ákvörðun og starfsemi nets opinberra vinnumiðlana varðar merkir „lærdómsviðmið“ það ferli að skapa kerfisbundin og samþætt tengsl milli samanburðarviðmiða og gagnkvæms lærdómsstarfs, sem felst í því að greina góða frammistöðu með kerfum samanburðarviðmiða sem byggja á vísum, þ.m.t. gagnaöflun, fullgildingu gagna, gagnasameiningu og mati, á grundvelli viðeigandi aðferðafræði, og að nýta niðurstöðurnar í áþreifanlegt og gagnreynt gagnkvæmt lærdómsstarf, þ.m.t. líkön fyrir góðar starfsvenjur eða bestu starfsvenjur.

3. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari ákvörðun er að hvetja til samstarfs milli aðildarríkjanna, á ábyrgðarsviðum opinberra vinnumiðlana, í gegnum net opinberra vinnumiðlana í því skyni að vinna að markmiðum áætlunarinnar „Evrópa 2020“ og koma viðeigandi stefnum Sambandsins til framkvæmda og styðja þannig við:

a) viðkvæmustu hópa samfélagsins þar sem hlutfall atvinnulausra er hátt, einkum eldri starfsmenn og ungt fólk sem hvorki hefur atvinnu né er í námi eða þjálfun,

b) mannsæmandi og sjálfbæra vinnu,

c) betri starfsemi vinnumarkaða innan ESB,

d) að greindur sé skortur á tiltekinni færni og upplýsingar veittar um umfang þessa og staðsetningu og einnig að færni atvinnuleitenda og þarfir vinnuveitenda séu betur paraðar saman,

e) betri samþættingu vinnumarkaða,

f) aukinn valfrjálsan hreyfanleika á milli staða og starfa á sanngjörnum grundvelli til að mæta sérstökum þörfum vinnumarkaðarins,

g) aðlögun einstaklinga, sem eru útilokaðir frá vinnumarkaðnum, sem hluta af baráttunni gegn félagslegri útilokun,

h) mat á virkum framtaksverkefnum á vinnumarkaði og árangursríka og skilvirka framkvæmd þeirra.

4. gr.

Framtaksverkefni nets opinberra vinnumiðlana

1. Net opinberra vinnumiðlana skal annast, innan ábyrgðarsviða opinberra vinnumiðlana, einkum eftirfarandi framtaksverkefni:

a) þróun og framkvæmd gagnreyndra lærdómsviðmiða alls staðar í Sambandinu meðal opinberra vinnumiðlana til að bera saman, með viðeigandi aðferðafræði, frammistöðu þeirra á eftirfarandi sviðum:

   i. framlag til að draga úr atvinnuleysi hjá öllum aldurshópum og hjá viðkvæmum hópum,

   ii. framlag til að stytta tímabil atvinnuleysis og draga úr óvirkni og taka þannig á langtímaatvinnuleysi og kerfislægu atvinnuleysi og einnig félagslegri útilokun,

iii. ráðningar í lausar stöður (þ.m.t. með valfrjálsum hreyfanleika vinnuafls),

iv. ánægja viðskiptamanna með þjónustu opinberra vinnumiðlana,

b) veitingu gagnkvæmrar aðstoðar, annaðhvort í formi jafningja- eða hópastarfs, með samstarfi, skiptum á upplýsingum, reynslu og starfsfólki milli aðila að neti opinberra vinnumiðlana, þ.m.t. stuðningur við framkvæmd tilmæla fyrir hvert land varðandi opinberar vinnumiðlanir sem ráðið gefur út að beiðni viðkomandi aðildarríkis eða viðkomandi opinberrar vinnumiðlunar,

c) stuðla að því að nútímavæða og efla opinberar vinnumiðlanir á lykilsviðum, í samræmi við markmið áætlunarinnar Evrópa 2020 á sviði atvinnu- og félagsmála,

d) taka saman skýrslur að beiðni Evrópuþingsins, ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði,

e) stuðla að því að stefnufrumkvæði á viðkomandi sviði sé komið til framkvæmda,

f) samþykkja og koma til framkvæmda árlegri starfsáætlun sinni þar sem fram koma starfsaðferðir þess, niðurstöður sem vænst er og atriði í tengslum við framkvæmd lærdómsviðmiða,

g) efla og miðla bestu starfsvenjum við að greina ungt fólk sem hvorki hefur atvinnu né er í námi eða þjálfun og hvað varðar framtaksverkefni til að tryggja að þetta unga fólk afli sér þeirrar færni sem nauðsynleg er til að komast inn á vinnumarkaðinn og vera þar áfram.

Að því er varðar framtaksverkefnið, sem mælt er fyrir um í a-lið fyrstu undirgreinar, skal í samanburðarviðmiðum nota þá vísa sem settir eru fram í viðaukanum. Net opinberra vinnumiðlana skal einnig taka virkan þátt í framkvæmd þessarar starfsemi með því að miðla gögnum, þekkingu og starfsvenjum. Aðildarríkin skulu vera áfram til þess bær að ákveða hvort þau taka upp, af eigin hvötum, viðbótarlærdómsviðmið á öðrum sviðum en þeim sem talin eru upp í i.–iv. lið a-liðar.

2. Net opinberra vinnumiðlana skal koma á fót skýrslugjafarfyrirkomulagi í tengslum við framtaksverkefnin sem talin eru upp í 1. mgr. Aðilar að netinu skulu gefa stjórninni skýrslu árlega við beitingu þessa fyrirkomulags.

5. gr.

Samstarf

Net opinberra vinnumiðlana skal taka upp samstarf við viðeigandi hagsmunaaðila vinnumarkaðarins, þ.m.t. aðra þá sem veita vinnumiðlunarþjónustu og, eftir því sem við á, aðila vinnumarkaðarins, samtök sem eru í fyrirsvari fyrir atvinnulausa eða viðkvæma hópa, frjáls félagasamtök sem starfa á sviði atvinnumála, svæðis- og staðaryfirvöld, Evrópunet um stefnu á sviði ævilangrar ráðgjafar (European Lifelong Guidance Policy Network) og einkareknar vinnumiðlanir með því að hafa þá með í viðeigandi starfsemi og fundum netsins og skiptast á upplýsingum og gögnum við þá.

6. gr.

Starfsemi nets opinberra vinnumiðlana

1. Net opinberra vinnumiðlana skal heyra undir stjórn. Aðildarríkin skulu tilnefna einn stjórnarmann og einn varamann í stjórnina úr yfirstjórn opinberra vinnumiðlana sinna. Framkvæmdastjórnin skal einnig skipa einn stjórnarmann og einn varamann í stjórnina. Varamenn í stjórninni skulu taka sæti stjórnarmanna þegar þörf er á.

Atvinnumálanefndin skal tilnefna, úr hópi nefndarmanna sinna og í samræmi við starfsreglur sínar, einn fulltrúa sem skal hafa stöðu áheyrnarfulltrúa í stjórninni nema á fundum hennar með takmörkuðum fjölda fulltrúa. Stjórninni skal heimilt að koma saman á fundum með takmörkuðum fjölda fulltrúa, þ.e. einum stjórnarmanni frá hverju aðildarríki og einum frá framkvæmdastjórninni, nema að því er varðar dagskrárliði sem varða árlegu starfsáætlunina. Í starfsreglum stjórnar skal fjalla nánar um það hvernig haga skal fundum með takmörkuðum fjölda fulltrúa.

2. Stjórnin skal skipa formann og tvo varaformenn úr hópi stjórnarmanna sinna sem tilnefndir eru af aðildarríkjunum. Formaðurinn skal koma fram fyrir hönd nets opinberra vinnumiðlana. Varaformaður skal taka við skyldum formanns þegar þörf er á.

3. Stjórnin setur sér starfsreglur með samhljóða samþykki. Í starfsreglunum skal m.a. fjalla um fyrirkomulag við ákvörðunartöku innan stjórnar og ákvæði um skipun og skipunartíma formanns og varaformanna stjórnarinnar.

4. Stjórnin skal samþykkja með meirihlutaákvörðun:

a) árlega starfsáætlun nets opinberra vinnumiðlana, þ.m.t. stofnun vinnuhópa og fyrirkomulag varðandi tungumál á fundum netsins,

b) tæknilegan ramma um tilhögun starfsemi er tengist samanburðarviðmiðum og gagnkvæmum lærdómi, sem hluta af árlegri starfsáætlun nets opinberra vinnumiðlana, nánar tiltekið aðferðafræðina við lærdómviðmiðin, á grundvelli vísa fyrir samanburðarviðmið sem fram koma í viðaukanum við þessa ákvörðun, til að bera saman frammistöðu opinberra vinnumiðlana, samhengisbundnar breytur, kröfur um gagnaafhendingu og lærdómstæki samþættu áætlunarinnar um gagnkvæman lærdóm,

c) ársskýrslu nets opinberra vinnumiðlana. Sú skýrsla skal lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið og birt.

5. Stjórnin skal njóta aðstoðar skrifstofu sem framkvæmdastjórnin sér henni fyrir og hýsir. Skrifstofan skal, í samstarfi við formann og varaformenn, undirbúa fundi stjórnar, árlegu vinnuáætlunina og ársskýrslu netsins. Skrifstofan skal starfa náið með skrifstofu atvinnumálanefndarinnar.

7. gr.

Fjárstuðningur við þessa hvetjandi ráðstöfun

Heildarfjármagn til framkvæmdar þessari ákvörðun skal ákveðið innan ramma PROGRESS/atvinnuhluta áætlunar Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun (EaSI) og skulu árlegar fjárveitingar hennar háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan ramma fjárhagsrammans.

8. gr.

Breytingar á viðaukanum um vísa fyrir samanburðarviðmið

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 9. gr. til að breyta viðaukanum sem mælir fyrir um vísa fyrir samanburðarviðmið.

9. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til þess að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Það framsal valds, sem um getur í 8. gr., skal falið framkvæmdastjórninni frá 17. júní 2014 til 31. desember 2020.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 8. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún jafnframt tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 8. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða, ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

10. gr.

Endurskoðun

Eigi síðar en 18. júní 2017 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina. Í skýrslunni skal einkum meta að hvaða marki net opinberra vinnumiðlana hefur stuðlað að því að markmiðin, sem sett eru fram í 3. gr., náist og hvort það hafi innt verkefni sín af hendi. Hún skal einnig meta hvernig netið hefur þróað og komið til framkvæmda samanburðarviðmiðum á þeim sviðum sem um getur í i.–iv.-lið a-liðar 1. mgr. 4. gr.

11. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

12. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

VÍSAR FYRIR SAMANBURÐARVIÐMIÐ

A. Megindlegir vísar á þeim sviðum sem talin eru upp í i.-iv. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr.

1. Framlag til þess að draga úr atvinnuleysi hjá öllum aldurshópum og hjá viðkvæmum hópum:

   a) Fjöldi sem færist úr atvinnuleysi í atvinnu eftir aldurshópi, kyni og stigi menntunar og hæfis, sem hluti þeirra sem skráðir eru atvinnulausir.

   b) Fjöldi sem flyst af atvinnuleysisskrám opinberra vinnumiðlana, sem hluti af þeim sem skráðir eru atvinnulausir.

2. Framlag til þess að stytta tímabil atvinnuleysis og draga úr óvirkni og taka þannig á langtímaatvinnuleysi og kerfislægu atvinnuleysi og einnig félagslegri útilokun:

   a) Fjöldi sem færist í atvinnu innan t.d. 6 og 12 mánaða, eftir aldurshópi, kyni og stigi menntunar og hæfis, sem hluti af heildarfjölda þeirra sem færast af skrám opinberra vinnumiðlana í vinnu.

   b) Færslur í skrá opinberra vinnumiðlana yfir þá sem voru áður óvirkir, sem hluti af öllum færslum á þá skrá opinberra vinnumiðlana, eftir aldurshópi og kyni.

3. Ráðningar í lausar stöður (þ.m.t. með valfrjálsum hreyfanleika vinnuafls):

   a) Fjöldi lausra staða sem ráðið hefur verið í.

   b) Svör við vinnumarkaðskönnun Hagstofu Evrópusambandsins um það hvort opinber vinnumiðlun átti þátt í að finna svaranda núverandi starf.

4. Ánægja viðskiptavina með þjónustu opinberra vinnumiðlana:

   a) heildaránægja atvinnuleitenda,

   b) heildaránægja vinnuveitenda.

B. Svið samanburðarviðmiða með eigindlegu innra og ytra mati á frammistöðuhvetjandi þáttum fyrir sviðin sem talin eru upp í i.–iv. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr.:

1. stefnumiðuð árangursstjórnun,

2. mótun verkferla, s.s. til að beina atvinnuleitendum í tiltekinn farveg og útbúa lýsingar á þeim með skilvirkum hætti og sérsniðin notkun virkra vinnumarkaðstækja,

3. sjálfbær virkjun tilfærslna og stjórnun þeirra,

4. tengsl við vinnuveitendur,

5. gagnreynd mótun á og framkvæmd þjónustu opinberra vinnumiðlana,

6. skilvirk stjórnun samstarfs við hagsmunaaðila,

7. úthlutun fjármagns opinberra vinnumiðlana.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/74/11**

frá 2. maí 2014

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir umbreyttar pappírsafurðir

(tilkynnt með númeri C(2014) 2774)

(2014/256/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita þeim vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.

3) Þar eð vörur með mesta vistvænleika ættu að vera framleiddar við skilyrði þar sem er dregið úr losun eiturefna og ofauðgandi efna í vatn, dregið úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri orkunotkun (hnattrænni hlýnun, súrnun, ósoneyðingu, eyðingu óendurnýjanlegra auðlinda), dregið úr umhverfisspjöllum eða umhverfisáhættu sem tengist notkun hættulegra íðefna, er rétt að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna vöruflokksins „umbreyttur pappír“.

4) Endurskoðuðu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar ættu að gilda í þrjú ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Vöruflokkurinn „umbreyttar pappírsafurðir“ tekur til eftirfarandi afurða:

   a) umslaga og burðarpoka úr pappír sem eru hið minnsta 90%, miðað við þyngd, úr pappír, pappa eða undirstöðuefni sem er að stofni til úr pappír,

   b) ritföng úr pappír sem eru hið minnsta 70%, miðað við þyngd, úr pappír, pappa eða undirstöðuefni sem er að stofni til úr pappír, að undanskildum undirflokkunum hengimöppur og möppur með málmfestingum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 135, 8.5.2014, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

Í því tilviki sem um getur í b-lið má efnisþáttur plasts ekki vera umfram 10%, að undanskildum lausblaðamöppum með hringjum, stílabókum, minnisbókum, dagbókum og bréfabindum (e. *lever arch files*) þar sem þyngd plasts má ekki vera umfram 13%. Enn fremur má þyngd málms ekki vera umfram 30 g fyrir hverja vöru, að undanskildum hengimöppum, möppum með málmfestingum og lausblaðamöppum með hringjum þar sem þyngdin má nema allt að 50 g og að undanskildum bréfabindum þar sem þyngdin má nema allt að 120 g.

2. Vöruflokkurinn „umbreyttar pappírsafurðir“ skal ekki innihalda eftirfarandi afurðir:

a) prentefni með umhverfismerki ESB eins og fastsett er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB ([2]),

b) umbúðir (að undanskildum burðarpokum úr pappír).

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „undirstöðuefni úr pappa“: pappi eða bylgjupappi, óáprentað og óumbreytt, með pappírsþyngd (e. *basis weight*) yfir 400 g/m^2,

2) „rekstrarvörur“: efnaafurðir notaðar við prentun, húðun og fullvinnslu og sem mögulegt er að nota, eyðileggja, dreifa, farga eða nota þar til uppurnar,

3) „umbreyttar pappírsafurðir“: pappír, pappi eða undirstöðuefni sem er að stofni til úr pappír, áprentað eða óáprentað, almennt notað til að verja, meðhöndla eða geyma vörur og/eða miða sem umbreytingarferlið er mikilvægur hluti af framleiðslu á og samanstendur af þremur aðalvöruflokkum: umslögum, burðarpokum úr pappír og ritföngum úr pappír.

4) „ritföng úr pappír“: möppur, lausblaðamöppur, minnisbækur, blokkir, skrifblokkir, stílabækur, minnisbækur með gormi, innbundin dagatöl, dagbækur og laus blöð,

5) „umbreytingarferli“: ferli þar sem efniviður er unninn í umbreytta pappírsafurð. Þetta ferli getur falið í sér prentvinnslu (undirbúning fyrir prentun, prentun og eftirvinnslu),

6) „halógenaður lífrænn leysir“: lífrænn leysir sem inniheldur a.m.k. eina bróm-, klór-, flúor- eða joðfrumeind í hverri sameind.

7) „efnisþættir sem innihalda ekki pappír“: allir hlutar umbreyttrar pappírsafurðar sem eru ekki úr pappír, pappa eða með undirstöðuefni sem er að stofni til úr pappír,

8) „umbúðir“: allar vörur úr hverjum þeim efnivið, af hverskyns gerð, sem á að nota til einangrunar, verndar, meðhöndlunar, afhendingar og söluumbúnaðar vöru, frá hráefni til unninnar vöru, frá framleiðanda til notanda eða neytanda,

9) „burðarpokar úr pappír“: vörur sem eru að stofni til úr pappír sem eru notaðar við meðhöndlun/flutning á vörum,

10) „endurvinnsla“: hvers kyns endurnýting þar sem úrgangsefni eru endurunnin í vörur, efnivið eða efni, hvort heldur sem er í upprunalegum tilgangi eða í öðrum tilgangi, að undanskilinni endurnýtingu orku og endurvinnslu í efnivið sem á að nota sem eldsneyti eða í fyllingaraðgerðir,

11) „endurunnar trefjar“: trefjar sem eru skildar frá úrgangsstraumnum meðan á framleiðsluferli stendur, eða myndast hjá lokanotendum vörunnar, sem ekki er hægt að nota í upprunalegum tilgangi. Undanskilin er endurnýting efniviðar sem verður til í ferli og er þess eðlis að hægt er að endurnýta hann í sama ferlinu og hann varð til í (afskurður (e. *mill broke*) – úr eigin framleiðslu eða aðkeyptur),

12) „möppur“: samanbrjótanleg slíður eða kápur fyrir lausar blaðsíður, t.d. hengimöppur, skilblöð og milliblöð, skjalavasar, teygjumöppur og skjalafrakkar,

13) „lausblaðamöppur“: vörur sem eru að stofni til úr pappír sem samanstanda af kápu, vanalega úr pappa, með hringjum til að halda saman lausum blaðsíðum, t.d. lausblaðamöppur með hringjum og bréfabindi,

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB frá 16. ágúst 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir prentefni (Stjtíð. ESB L 223, 21.8.2012, bls. 55).

14) „rokgjarnt, lífrænt efnasamband“: lífrænt efnasamband sem og sá hluti kreósóts sem hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða er rokgjarnt í samsvarandi mæli við þau notkunarskilyrði sem um er að ræða,

15) „þvottaefni“: íðefni notuð til að þrífa prentmót og prentvélar í því skyni að fjarlægja prentblek, pappírsryk og áþekkar afurðir; hreinsiefni fyrir frágangsvélar og prentvélar; hreinsir notaður við þrif á uppþornuðu prentbleki,

16) „úrgangspappír“: pappír sem verður til við framleiðslu fullunnar umbreyttrar pappírsafurðar og er ekki hluti hennar.

3. gr.

Umbreytt pappírsafurð skal falla undir vöruflokkinn „umbreytt pappírsafurð“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að henni sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal vera í samræmi við viðmiðanirnar sem og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem eru settar fram í viðaukanum.

4. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „umbreyttar pappírsafurðir“, sem og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar, skulu gilda í þrjú ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „046“ notað fyrir „umbreyttar pappírsafurðir“.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki ESB endurspegla afurðir með mesta vistvænleika umbreyttra pappírsafurða á markaðnum. Þó að notkun á efnavörum og losun mengunarefna séu hluti af framleiðsluferlinu, er tryggt að notkun slíkra efna í vöru sem ber umhverfismerki ESB er takmörkuð eftir því sem er tæknilega mögulegt án þess að hafa áhrif á notagildi fullunnu vörunnar. Ekki eru notuð hættuleg efni ef þess er nokkur kostur. Undanþágur eru eingöngu veittar ef engir aðrir vænlegir valkostir eru fyrir hendi á markaðnum og hættulegu efnin eru eingöngu leyfð í lágmarksstyrk.

VIÐMIÐANIR

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir umbreyttar pappírsvörur:

1. Undirstöðuefni
2. Trefjar: sjálfbær skógarstjórnun
3. Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur
4. Endurvinnanleiki
5. Losun
6. Úrgangur
7. Orka
8. Þjálfun og fræðsla
9. Notagildi
10. Upplýsingar um vöruna
11. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Þessar viðmiðanir gilda um öll viðkomandi ferli sem eru framkvæmd á staðnum eða stöðunum eða sérhæfðum framleiðslulínum þar sem umbreyttu pappírsafurðinni er umbreytt. Ef um er að ræða vinnsluferli sem fela í sem umbreytingu, prentun, húðun eða fullvinnslu sem eingöngu eru ætluð afurðum sem bera umhverfismerki, gilda viðmiðanir 2, 4, 5, 6 og 7 eingöngu um þessi vinnsluferli.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar taka ekki til flutnings á hráefnum, rekstrarvörum og fullunnum vörum.

Viðmiðun 1 gildir einungis um undirstöðuefni sem er notað í endanlegri umbreyttri pappírsafurð.

Viðmiðanir 4, 9, 10 og 11 gilda um endanlegu umbreyttu pappírsafurðina.

Viðmiðun 3 gildir bæði um þá efnisþætti umbreyttu pappírsafurðarinnar sem eru ekki úr pappír og vinnsluferlin sem fela í sér umbreytingu, prentun, húðun og fullvinnslu efnisþátta pappírsins.

Viðmiðanir 5, 6, 7 og 8 gilda eingöngu um vinnsluferlin sem fela í sér umbreytingu, prentun, samlímingu og fullvinnslu efnisþátta pappírsins.

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Öll umbreyting umbreyttu pappírsafurðarinnar eða prentun á hana skulu uppfylla viðmiðanirnar. Þeir hlutar afurðarinnar sem eru áprentaðir eða umbreyttir af undirverktaka skulu því einnig uppfylla tilheyrandi kröfur. Með umsókninni skal vera skrá yfir allar prentsmiðjur og undirverktaka sem koma að framleiðslu umbreytta pappírsins og landfræðileg staðsetning þeirra.

Umsækjandinn skal leggja fram skrá yfir efnavörur sem eru notaðar í prentsmiðjunni við framleiðslu umbreyttu pappírsafurðanna. Þessi krafa gildir um allar rekstrarvörur sem notaðar voru í vinnsluferlunum sem fela í sér umbreytingu, prentun, húðun og fullvinnslu. Í skránni sem umsækjandinn leggur fram skal koma fram magn, hlutverk og birgir allra efnavara sem eru notaðar, ásamt öryggisblaðinu sem er hannað í samræmi við leiðbeiningarnar í 10., 11. og 12. lið II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]).

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur, eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar, mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra, eins og við á.

Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru fyrir hverja viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna prófanir sem eru vottaðar samkvæmt ISO 17025 og sannprófanir sem eru framkvæmdar af aðilum sem eru vottaðir samkvæmt EN 45011 eða jafngildum alþjóðlegum staðli.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Viðmiðun 1 – Undirstöðuefni

A-hluti – Pappírsundirstöðuefni

Undirstöðuefnið sem er notað skal vera í samræmi við 1., 2., 4. og 5. viðmiðun umhverfismerkis ESB, eins og þær eru fastsettar í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB ([4]) fyrir afritunarpappír og grafískan pappír eða í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/448/ESB ([5]) fyrir dagblaðapappír, og skal sýna fram á samræmi við 2. viðmiðun umhverfismerkis ESB – Trefjar: sjálfbær skógarstjórnun sem komið er á með þessari ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar fyrir umbreyttar pappírsafurðir.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram nákvæmar skilgreiningar á umbreyttu pappírsafurðunum sem um er að ræða, þ.m.t. vöruheiti pappírsins sem er notaður, magn hans og þyngd/m^2. Skráin skal einnig innihalda nöfn birgja pappírsins sem eru notaður. Staðfesta skal að 1., 2., 4. og 5. viðmiðun umhverfismerkis ESB, eins og þær eru fastsettar í ákvörðun 2011/333/ESB eða ákvörðun 2012/448/ESB, séu uppfylltar fyrir hvert undirstöðuefni með því að leggja fram afrit af gildu vottorði fyrir umhverfismerki ESB fyrir pappírinn sem er notaður. Staðfesta skal að 2. viðmiðun um trefjar fengnar með sjálfbærri skógarstjórnun sé uppfyllt fyrir hvert undirstöðuefni sem notað er með því að leggja fram PEFC- eða FSC-vottorð, eða jafngilt, eða með eigin yfirlýsingu ef umsækjandi hefur þegar gilt vottorð fyrir umhverfismerki ESB fyrir undirlagið sem er notað.

B-hluti – Undirstöðuefni úr pappa

Viðmiðun B1 – Losun út í vatn og andrúmsloft

a) Efnafræðileg súrefnisþörf (COD), brennisteinn, NOx, fosfór

Fyrir hvern þessara þátta skal losun frá framleiðslu pappírsmauks, samlímds pappírs og pappa í andrúmsloft og/eða vatn gefin upp í stigum (P_{COD}, P_S, P_{NOx}, P_p) eins og fram kemur hér á eftir.

Stig, sem eru gefin fyrir P_{COD}, P_S, P_{NOx}, P_p mega ekki vera yfir 1,5.

Heildarfjöldi stiga ($P_{heildar} = P_{COD} + P_S + P_{NOx} + P_P$) má ekki vera yfir 4,0.

Reikna skal P COD út á eftirfarandi hátt (reikna skal P_S, P_{NOx}, P_P á nákvæmlega sama hátt).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 396 30.12.2006, bls. 1).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB frá 7. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir afritunarpappír og grafískan pappír (Stjtíð. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 12).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/448/ESB frá 12. júlí 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir dagblaðapappír (Stjtíð. ESB L 202, 28.7.2012, bls. 26).

Fyrir hvert pappírsmauk „i“, eða hvern samlímdan pappír „i“, sem er notað skal tilsvarandi mæld COD-losun ($COD_{mauk,\ i}$ eða CODpappír, i gefið upp í kg/loftþurrkað tonn – ADT), vegin í hlutfalli við hvert pappírsmauk eða samlímdan pappír sem notað er (pappírsmauk „i“, eða pappír „i“ í hlutfalli við loftþurrkað tonn af mauk eða pappír) og það lagt saman. Veginni COD-losun fyrir pappírsmaukið eða samlímda pappírinn er síðan bætt við mælda COD-losun frá pappaframleiðslunni til að fá út COD-heildarlosun, $COD_{heildar}$.

Vegið COD-viðmiðunargildi fyrir framleiðslu pappírsmauks eða samlímds pappírs skal reiknað á sama hátt, sem summa veginna viðmiðunargilda fyrir hvert notað pappírsmauk eða hvern notaðan samlímdan pappír sem er bætt við viðmiðunargildið fyrir pappaframleiðsluna til að fá út COD-heildarviðmiðunargildi, $COD_{heildarviðmiðunargildi}$. Viðmiðunargildin fyrir hverja tegund pappírsmauks eða samlímds pappírs sem eru notaðar, og fyrir pappaframleiðsluna, eru gefin upp í töflu 1.

Að síðustu skal deilt í COD-heildarlosun með COD-heildarviðmiðunargildi sem hér segir:

$$P_{COD} = \frac{COD_{heild}}{COD_{heildarviðmiðunargildi}} = \frac{\sum_{i=1}^{n}\left[pappírsmauk\ eða\ samlímdur\ pappír,i\ x\ COD_{pappírsmauk\ eða\ samlímdur\ pappír,i}\right] + COD_{pappi}}{\sum_{i=1}^{n}\left[pappírsmauk\ eða\ samlímdur\ pappír,i\ x\ COD_{viðmiðunarpappírsmauk\ eða\ samlímdur\ pappír,i}\right] + COD_{viðmiðunarpappi}}$$

Tafla 1

Viðmiðunargildi fyrir losun frá mismunandi tegundum pappírsmauks og frá pappaframleiðslu

Tegund pappírsmauks/pappa	Losun (kg/loftþurrkað tonn) (*)			
	$COD_{viðmiðunargildi}$	$S_{viðmiðunargildi}$	$NOx_{viðmiðunargildi}$	$P_{viðmiðunargildi}$
Bleikt, efnafræðilega unnið mauk (annað en súlfítmauk)	18	0,6	1,6	0,045 (*)
Bleikt, efnafræðilega unnið mauk (súlfítmauk)	25,0	0,6	1,6	0,045
Óbleikt efnafræðilega unnið mauk	10,0	0,6	1,6	0,04
Mauk unnið með efna- og hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CTMP-mauk)	15,0	0,2	0,3	0,01
Mauk unnið með hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (TMP-mauk)/mauk úr viðarslípi	3,0	0,2	0,3	0,01
Pappírsmauk úr endurunnum trefjum	2,0	0,2	0,3	0,01
Samlímdur bleiktur kraftpappír	19	0,9	2,4	0,055
Samlímdur óbleiktur kraftpappír	11	0,9	2,4	0,055
Samlímdur endurunninn pappír	3	0,5	1,1	0,02
Pappaframleiðsla (ósamþættar verksmiðjur þar sem allt mauk sem er notað er keypt á markaði)	1	0,3	0,8	0,01
Pappaframleiðsla (samþættar verksmiðjur)	1	0,3	0,7	0,01

(*) Veita skal undanþágu frá þessu gildi, að hámarki 0,1, ef hægt er að sýna fram á að aukin fosfórgildi stafi af fosfóri sem kemur náttúrulega fyrir í viðarmaukinu.

Ef um er að ræða samframleiðslu varma og raforku í sömu stöð má draga losun brennisteins (S) og köfnunarefnisoxíða (NOx) sem til fellur við raforkuframleiðslu frá heildarmagninu. Nota má eftirfarandi jöfnu til að reikna út hlutfall losunar sem verður við raforkuframleiðslu:

$$2 \times (MWh(raforka))/[2 \times MWh(raforka) + MWh(varmi)]$$

Raforkan í þessum útreikningi er raforkan sem er framleidd í samframleiðslustöðinni.

Varminn í þessum útreikningi er nettóvarminn sem kemur frá orkuverinu til framleiðslu á pappírsmaukinu/samlímda pappírnum/pappanum.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram ítarlega útreikninga sem sýna fram á að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, þ.m.t. prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferðum: COD: ISO 6060, NOx: ISO 11564, S (oxid.): EPA nr. 8, S(red.): EPA nr. 16A, brennisteinsinnihald í olíu: ISO 8754, brennisteinsinnihald í kolum: ISO 351, P: EN ISO 6878, APAT IRSA CNR 4110 eða DR Lange LCK 349.

Fylgiskjölunum skulu fylgja upplýsingar um tíðni mælinga og útreikninga á stigum varðandi efnafræðilega súrefnisþörf (COD), brennistein (S) og köfnunarefnisoxíð (NOx). Í þeim skal koma fram öll losun brennisteins (S) og köfnunarefnisoxíða (NOx) sem á sér stað við framleiðslu á pappírsmauki, samlímdum pappír og pappa, þ.m.t. gufa sem myndast fyrir utan framleiðslustaðinn, að undanskilinni losun sem tengist raforkuframleiðslu. Mælingarnar skulu ná til endurnýtingarsuðukatla, kalkofna, gufukatla og ofna til að eyða daunillum lofttegundum. Taka skal tillit til dreifðrar losunar. Tilkynnt losunargildi fyrir brennistein út í andrúmsloftið skulu ná bæði til losunar oxaðra og afoxaðra brennisteinssambanda (dímetýlsúlfíðs, metýlmerkaptana, brennisteinsvetnis o.þ.h.). Í stað þess að mæla brennisteinslosun, sem tengist varmaorkumyndun með olíu, kolum eða öðrum utanaðkomandi eldsneytistegundum með þekkt innihald brennisteins, má reikna hana út og skal tillit tekið til hennar.

Mælingar á efnum, sem eru losuð í vatn, skulu gerðar með ósíuðum sýnum sem hafa ekki botnfallið, annaðhvort eftir meðhöndlun í verksmiðjunni eða eftir meðhöndlun í opinberri hreinsistöð. Tímabilið, sem mælingarnar miðast við, skal byggjast á framleiðslu 12 mánaða. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu mælingarnar miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri. Mælingin verður að vera dæmigerð fyrir viðkomandi tímabil.

Sé um að ræða samþættar verksmiðjur, vegna erfiðleika við fá fram aðskildar losunartölur fyrir pappírsmauk, samlímdan pappír og pappa, ef eingöngu liggur fyrir sameiginleg tala fyrir pappírsmauk, samlímdan pappír og pappa, skulu losunargildi fyrir pappírsmauk fá gildið núll og talan fyrir pappírsverksmiðjuna skal fela í sér framleiðslu á pappírsmauki, samlímdum pappír og pappa.

b) Áseyg lífræn halógensambönd (AOX)

Vegið meðalgildi áseygra, lífrænna halógensambanda sem losna við framleiðslu pappírsmauks sem notað er í undirstöðuefnið skal ekki fara yfir 0,170 kg/loftþurrkað tonn pappa.

Losun áseygra, lífrænna halógensambanda úr hverju einstöku mauki sem notað er í pappann skal ekki fara yfir 0,250 kg/loftþurrkað tonn pappírsmauks.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: AOX ISO 9562 ásamt ítarlegum útreikningum sem sýna að farið sé að þessari viðmiðun, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

Fylgiskjölunum skulu fylgja upplýsingar um tíðni mælinga. Áseyg, lífræn halógensambönd skulu aðeins mæld þegar um er að ræða vinnslu þar sem klórsambönd eru notuð til að bleikja pappírsmaukið. Ekki er nauðsynlegt að mæla áseyg, lífræn halógensambönd í frárennsli frá ósamþættri pappaframleiðslu eða í frárennsli frá pappírsmauksframleiðslu án bleikingar eða þar sem bleiking fer fram með efnum sem innihalda ekki klór.

Mælingar skulu gerðar með ósíuðum sýnum sem hafa ekki botnfallið, annaðhvort eftir meðhöndlun í verksmiðjunni eða eftir meðhöndlun í opinberri hreinsistöð. Tímabilið sem mælingarnar miðast við skal byggjast á framleiðslu 12 mánaða. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu mælingarnar miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri. Mælingin verður að vera dæmigerð fyrir viðkomandi tímabil.

c) CO_2

Losun koltvísýrings frá óendurnýjanlegum orkugjöfum skal ekki vera yfir 1000 kg á hvert tonn af framleiddum pappa, þ.m.t. losun vegna rafmagnsframleiðslu (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar). Fyrir ósamþættar verksmiðjur (þar sem allt mauk, sem er notað, er keypt á markaði) skal losun ekki vera yfir 1100 kg á hvert tonn. Losunin skal reiknuð sem samanlögð losun frá pappírsmauks- og pappaframleiðslu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram ítarlega útreikninga sem sýna að farið sé að þessari viðmiðun, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

Umsækjandinn skal leggja fram gögn yfir alla losun koltvísýrings í andrúmsloftið. Þau skulu taka til alls óendurnýjanlegs eldsneytis sem notað er við framleiðslu á pappírsmauki og pappa, þ.m.t. losun vegna rafmagnsframleiðslu (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar).

Eftirfarandi losunarstuðlar skulu notaðir við útreikning á losun koltvísýrings (CO_2) frá eldsneyti:

Tafla 2

Eldsneyti	Losun $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$	Eining
Kol	95	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Jarðolía	73	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Brennsluolía 1	74	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Brennsluolía 2–5	77	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Fljótandi jarðolíugas (LPG)	69	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Jarðgas	56	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Rafmagn frá dreifikerfi	400	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/kWh

Tímabilið, sem útreikningarnir eða massajafnvægið miðast við, skal byggjast á framleiðslu 12 mánaða. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu útreikningarnir miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri. Útreikningarnir verða að vera dæmigerðir fyrir viðkomandi tímabil.

Að því er varðar rafmagn frá dreifikerfi skal nota gildið í töflunni hér að framan (evrópskt meðaltal) nema umsækjandi leggi fram gögn sem sýna meðalgildið fyrir rafmagnsbirgja hans (birgir sem gerðir hafa verið samningar við eða landsbundið meðalgildi) en þá er umsækjanda heimilt að nota það gildi í staðinn fyrir gildið sem er tilgreint í töflunni.

Það magn orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum ([6]) sem er keypt og notað í framleiðsluferlið skal ekki teljast með við útreikning á losun koltvísýrings (CO_2): umsækjandinn skall leggja fram viðeigandi gögn þess efnis að orka af þessu taki sé í raun notuð í verksmiðjunni eða aðkeypt.

Viðmiðun B2 – Orkunotkun

a) Raforka

Raforkunotkun sem tengist framleiðslu pappírsmauks, samlímds pappírs og pappa skal gefin upp í stigum (P_E) eins og lýst er hér á eftir.

Fjöldi stiga, P_E, skal vera 1,5 eða minni.

([6]) Eins og hún er skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

Reikna skal P_E út á eftirfarandi hátt.

Útreikningur fyrir framleiðslu pappírsmauks eða samlímds pappírs: Fyrir hvert pappírsmauk, i, sem er notað, skal reikna rafmagnsnotkun ($E_{\text{mauk eða samlímdur pappír, i}}$, gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn) á eftirfarandi hátt:

$E_{\text{mauk eða samlímdur pappír, i}}$ = innri rafmagnsframleiðsla + keypt rafmagn – selt rafmagn

Útreikningur fyrir pappaframleiðslu: Á sama hátt skal reikna raforkunotkun, sem tengist pappaframleiðslunni (E_{pappi}, gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn), á eftirfarandi hátt:

E_{pappi} = innri rafmagnsframleiðsla + keypt rafmagn – selt rafmagn

Að lokum skal leggja saman stig fyrir framleiðslu pappírsmauks, samlímds pappírs og pappa til að fá heildarfjölda stiga (P_E) á eftirfarandi hátt:

$$P_E = \frac{\sum_{i=1}^{n}\left[\textit{pappírsmauk eða samlímdur pappír,i} \times E_{\text{pappírsmauk eða samlímdur pappír,i}}\right] + E_{\text{pappi}}}{\sum_{i=1}^{n}\left[\textit{pappírsmauk eða samlímdur pappír,i} \times E_{\text{viðmiðunarpappírsmauk eða samlímdur pappír,i}}\right] + E_{\text{viðmiðunarpappi}}}$$

Sé um að ræða samþættar verksmiðjur, vegna erfiðleika við fá fram aðskildar raforkutölur fyrir pappírsmauk, samlímdan pappír og pappa, þar sem eingöngu liggur fyrir sameiginleg tala fyrir pappírsmauk, samlímdan pappír og pappa, skulu raforkugildin fyrir pappírsmauk fá gildið núll og talan fyrir pappírsverksmiðjuna skal fela í sér framleiðslu á pappírsmauki, samlímdum pappír og pappa.

b) Eldsneyti (varmi)

Eldsneytisnotkun sem tengist framleiðslu pappírsmauks, samlímds pappírs og pappa skal gefin upp í stigum (P_F) eins og lýst er hér á eftir.

Fjöldi stiga, P_F, skal vera 1,5 eða minni.

Reikna skal P_F út á eftirfarandi hátt.

Útreikningur fyrir framleiðslu pappírsmauks eða samlímds pappírs: Fyrir hvert pappírsmauk, i, sem er notað skal reikna eldsneytisnotkun ($F_{\text{mauk eða samlímdur pappír, i}}$ gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn) á eftirfarandi hátt:

$F_{\text{mauk eða samlímdur pappír, i}}$ = Innri eldsneytisframleiðsla + keypt eldsneyti – selt eldsneyti – 1,25 × innri rafmagnsframleiðsla

Athugasemd:

Ekki er skylt að reikna út $F_{\text{mauk eða samlímdur pappír, i}}$ (og hlutdeild þess í $P_{\text{F, mauk eða samlímdur pappír}}$) fyrir vélunnið mauk, nema um sé að ræða loftþurrkað, vélunnið mauk á markaði með a.m.k. 90 % þurrefnisinnihald.

Magn eldsneytis sem er notað við framleiðslu á seldum varma falli undir „selt eldsneyti“ í jöfnunni hér að framan.

Útreikningur fyrir pappaframleiðslu: Á sama hátt skal reikna eldsneytisnotkun, sem tengist pappaframleiðslunni (F_{pappi}, gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn), á eftirfarandi hátt:

F_{pappi} = Innri eldsneytisframleiðsla + keypt eldsneyti – selt eldsneyti – 1,25 × innri rafmagnsframleiðsla

Að lokum skal leggja saman stig fyrir pappírsmauks- og pappaframleiðslu til að fá heildarfjölda stiga (P_F) á eftirfarandi hátt:

$$P_F = \frac{\sum_{i=1}^{n}\left[\textit{pappírsmauk eða samlímdur pappír,i} \times F_{\text{pappírsmauk eða samlímdur pappír,i}}\right] + F_{\text{pappi}}}{\sum_{i=1}^{n}\left[\textit{pappírsmauk eða samlímdur pappír,i} \times F_{\text{pappírsmauk eða samlímdur pappír,i}}\right] + F_{\text{pappi}}}$$

Tafla 3

Viðmiðunargildi fyrir rafmagn og eldsneyti

Tegund pappírsmauks	Eldsneyti kWh/loftþurrkað tonn $F_{viðmiðunargildi}$	Rafmagn kWh/loftþurrkað tonn $E_{viðmiðunargildi}$
Efnafræðilega unnið mauk	4 000 (*Athugasemd:* fyrir loftþurrkað mauk á markaði með a.m.k. 90% þurrefnisinnihald má hækka þetta gildi um 25% vegna orkunotkunar við þurrkun)	800
Vélunnið mauk	900 (*Athugasemd*: þetta gildi á aðeins við um loftþurrkað mauk á markaði)	1 900
Mauk unnið með efna- og hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CTMP-mauk)	1 000	2 000
Pappírsmauk úr endurunnum trefjum	1 800 (*Athugasemd*: þegar um er að ræða loftþurrkað mauk á markaði má hækka þetta gildi um 25% vegna orkunotkunar við þurrkun)	800
Samlímdur kraftpappír (bleiktur eða óbleiktur)	6 100	1 600
Samlímdur endurunninn pappír	3 900	1 600
Pappaframleiðsla	2 100	800

Mat og sannprófun (fyrir bæði (a) og (b)): Umsækjandinn skal leggja fram ítarlega útreikninga sem sýna að farið sé að þessari viðmiðun, ásamt öllum viðeigandi fylgigögnum. Upplýsingarnar skulu því bæði taka til heildarnotkunar rafmagns og eldsneytis.

Umsækjandi skal reikna út alla orkunotkun, sem skiptist niður í varma/eldsneyti og rafmagn, sem notuð er til framleiðslu á pappírsmauki og pappa, þ.m.t. orkan sem notuð er til að fjarlægja prentsvertu úr úrgangspappír við framleiðslu á endurunnum pappa. Orka, sem er notuð við flutning á hráefnum, svo og við vinnslu og pökkun, er ekki innifalin í útreikningum á orkunotkun.

Heildarvarmaorka tekur til alls aðkeypts eldsneytis. Hún tekur einnig til endurnýttrar varmaorku, sem fæst til að mynda með brennslu vökva og úrgangs sem fellur til við vinnslu á staðnum (t.d. viðarúrgangi, sagi, vökvum, úrgangspappír og afgangspappír) og til endurnýtts varma frá innri rafmagnsframleiðslu – umsækjandinn þarf þó aðeins að tilgreina 80% varmaorku frá slíkum orkugjöfum þegar heildarvarmaorka er reiknuð.

Raforka merkir hreint, aðfengið rafmagn frá dreifikerfinu og innri rafmagnsframleiðslu sem mæld er sem raforka. Ekki þarf að taka með í reikninginn rafmagn sem notað er til skólphreinsunar.

Varmagildi gufu sem framleidd er með rafmagni skal reiknað og síðan skal deila í það með 0,8 og bæta við heildarendsneytisnotkunina.

Sé um að ræða samþættar verksmiðjur, vegna erfiðleika við fá fram aðskildar eldsneytistölur (varmi) fyrir pappírsmauk, samlímdan pappír og pappa, ef eingöngu liggur fyrir sameiginleg tala fyrir pappírsmauk, samlímdan pappír og pappír, skulu eldsneytisgildi (varmi) fyrir pappírsmauk fá gildið núll og talan fyrir pappírsverksmiðjuna skal fela í sér framleiðslu á pappírsmauki, samlímdum pappír og pappa.

Viðmiðun B3 – Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram skrá yfir efnavörur sem eru notaðar við pappírsmauks- og pappaframleiðsluna, ásamt viðeigandi gögnum (t.d. öryggisblöð). Í þessari skrá skal koma fram magn, hlutverk og birgjar fyrir öll efni sem eru notuð í framleiðsluferlinu.

a) Hættuleg efni og blöndur

Samkvæmt 6. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 ([7]) skal pappinn ekki innihalda efni sem um getur í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 né efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka eða hættuundirflokka, sem eru tilgreindar hér á eftir.

Skrá yfir hættusetningar:

Hættusetning ([1])	Hættusetning ([2])
H300 Banvænt við inntöku	H28
H301 Eitrað við inntöku	H25
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	H65
H310 Banvænt í snertingu við húð	H27
H311 Eitrað í snertingu við húð	H24
H330 Banvænt við innöndun	H26
H331 Eitrað við innöndun	H23
H340 Getur valdið erfðagöllum	H46
H341 Grunað um að valda erfðagöllum	H68
H350 Getur valdið krabbameini	H45
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	H49
H351 Grunað um að valda krabbameini	H40
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H60

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1).

Hættusetning ([1])	Hættusetning ([2])
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H61
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60; H61; H60-61
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60–H63
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H61–H62
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H62
H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H63
H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H62–63
H362 Getur skaðað börn á brjósti	H64
H370 Skaðar líffæri	H39/23, H39/24, H39/25, H39/26, H39/27, H39/28
H371 Getur skaðað líffæri	H68/20, H68/21, H68/22
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/25, H48/24, H48/23
H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/20, H48/21, H48/22
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H50
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51–53
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
H413 Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni	H53
ESB-H059 Hættulegt ósonlaginu	H59
ESB-H029 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við vatn	H29
ESB-H031 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H31
ESB-H032 Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H32

Hættusetning ([1])	Hættusetning ([2])
ESB-H070 Eitrað í snertingu við augu	H39–41
Ekki er heimilt að nota neina samsetningu leysilitarefna, litgjafa, áferðar- og frágangsefni á yfirborð, hjálparefni og húðunarefni sem hafa fengið, eða kunna að hafa fengið, hættusetninguna H317 þegar umsókn er lögð fram: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43

([1]) Eins kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008.
([2]) Eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE.

Notkun efna eða blandna sem breyta eiginleikum sínum við vinnslu (þ.e. verða ekki lengur lífaðgengilegar, verða fyrir efnabreytingum) þannig að tilgreind hætta hverfur, eru undanþegnar kröfunni hér að framan.

Styrkleikamörk fyrir efni eða blöndur, sem kunna að hafa fengið eða hafa fengið úthlutað hættusetningunum sem eru tilgreindar hér á undan, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka eða hættuundirflokka, og fyrir efni sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í a-, b- eða c-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir almennu eða sértæku styrkleikamörkin sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([8]). Ef sértæk styrkleikamörk eru ákvörðuð skulu þau ganga framar almennum styrkleikamörkum.

Styrkleikamörk fyrir efni, sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í d-, e- eða f-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir 0,10% miðað við þyngd.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram sönnun þess efnis að viðmiðunin sé uppfyllt með því að leggja fram gögn um magn efna sem eru notuð í vinnsluna (kg/loftþurrkuð tonn af framleiddum pappa) og að efnin sem um getur í þessari viðmiðun verði ekki eftir í lokaafurðinni yfir tilgreindum styrkleikamörkum. Tilgreina skal styrkleika efna og blanda í öryggisblöðunum í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

b) Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Ekki skal veita undanþágu frá banninu sem er sett fram í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 að því er varðar efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni sem kveðið er á um í 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem eru fyrir hendi í blöndum, í hlutum eða einhverjum einsleitum hluta flókins hlutar í styrk sem nemur yfir 0,10%. Sértæk styrkleikamörk, sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, skulu gilda þar sem styrkurinn er lægri en 0,10%.

Mat og sannprófun: skrána yfir efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, má finna hér:

http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/candidate_list_table_en.asp

Vísun í skrána skal vera frá umsóknardeginum.

Umsækjandinn skal leggja fram sönnun þess efnis að viðmiðunin sé uppfyllt með því að leggja fram gögn um magn efna sem eru notuð í vinnsluna (kg/loftþurrkuð tonn af framleiddum pappa) og að efnin sem um getur í þessari viðmiðun verði ekki eftir í lokaafurðinni yfir tilgreindum styrkleikamörkum. Tilgreina skal styrkleikann í öryggisblöðunum í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

c) Klór

Ekki skal nota klórgas sem bleikiefni. Þetta skilyrði á ekki við um klórgas tengt framleiðslu og notkun á klórdíoxíði.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda eða framleiðendum pappírsmauksins þess efnis að klórgas hafi ekki verið notað sem bleikiefni. Aths.: þó að þetta skilyrði eigi einnig við um bleikingu endurunninna trefja er það látið óátalið þótt trefjar hafi verið bleiktar með klórgasi fyrr á vistferli sínum.

d) Alkýlfenóletoxýlat (APEO)

Ekki skal bæta alkýlfenóletoxýlötum eða öðrum afleiðum af alkýlfenóli við í íðefni til hreinsunar, í íðefni sem eru notuð til að fjarlægja prentsvertu, í froðuhindrandi efni, dreifiefni eða húðunarefni. Afleiður af alkýlfenóli eru skilgreindar sem efni sem mynda alkýlfenól við niðurbrot þeirra.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá íðefnabirgi/-birgjum þess efnis að alkýlfenóletoxýlötum eða afleiðum af alkýlfenóli hafi ekki verið bætt við þessar vörur.

e) Einliðuleifar

Heildarmagn einliðuleifa (fyrir utan akrýlamíð) sem hafa fengið eða geta fengið eitthvað af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra) og eru í húðunarefnum, viðhaldsefnum, styrkingarefnum, vatnsfæliefnum eða í íðefnum sem eru notuð við inn- eða útræna vatnsmeðhöndlun skulu ekki vera yfir 100 milljónarhlutar (reiknað á grundvelli fastefnainnihalds þeirra):

Hættusetning ([1])	Hættusetning ([2])
H340 Getur valdið erfðagöllum	H46
H350 Getur valdið krabbameini	H45
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	H49
H351 Grunað um að valda krabbameini	H40
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H60
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H61
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60, H61, H60–61
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60–H63
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H61–H62
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H50
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51–53
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
H413 Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni	H53

([1]) Eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
([2]) Eins og kveðið er á um í tilskipun 67/548/EBE.

Akrýlamíð skal ekki vera í styrk sem er yfir 700 milljónarhlutum í húðunarefnum, viðhaldsefnum, styrkingarefnum, vatnsfæliefnum eða í íðefnum sem eru notuð við inn- eða útræna vatnsmeðhöndlun (reiknað á grundvelli fastefnainnihalds þeirra).

Þar til bærum aðila er heimilt að veita umsækjanda undanþágu frá kröfunum er varða íðefni sem eru notuð við útræna vatnsmeðhöndlun.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá íðefnabirgi/-birgjum um samræmi við þessa viðmiðun, ásamt viðeigandi skjölum (s.s. öryggisblöð).

f) Yfirborðsvirk efni við hreinsun prentsvertu

Öll yfirborðsvirk efni notuð við hreinsun prentsvertu skulu vera fullkomlega lífbrjótanleg.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá íðefnabirgi/-birgjum þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi öryggisblöðum eða prófunarskýrslum fyrir hvert yfirborðsvirkt efni þar sem prófunaraðferðin, viðmiðunargildi og niðurstöður eru tilgreind á grundvelli eftirfarandi prófunaraðferða og viðmiðunarmarka: OECD 301 A-C (eða jafngildir ISO-staðlar) sem sýna fram á a.m.k. 70% niðurbrotshlutfall (þ.m.t. ásog) fyrir 302 A og B innan 28 daga og a.m.k. 60% fyrir 302 C.

g) Sæfiefni

Virku efnisþættirnir í sæfiefnum eða lífhamlandi efnum, sem eru notuð til að berjast gegn slímmyndandi lífverum í vatni sem inniheldur trefjar í hringrásarkerfum, mega ekki safnast upp í lífverum. Getu sæfiefna til uppsöfnunar í lífverum er lýst með log Pow (log af deilistuðli oktanóls/vatns) < 3,0 eða með lífþéttnistuðli, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, sem er ≤ 100.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá íðefnabirgi/-birgjum þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi öryggisblöðum fyrir efnivið eða prófunarskýrslur þar sem prófunaraðferðin, viðmiðunargildi og niðurstöður eru tilgreind á grundvelli eftirfarandi prófunaraðferða: OECD 107, 117 eða 305 A-E.

h) Asólitir

Í samræmi við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2009 er óheimilt að nota asóliti sem geta klofnað í eitthvert eftirtalinna arómatískra amína:

1. 4-amínóbífenýl	(92-67-1)
2. bensidín	(92-87-5)
3. 4-klór-o-tólúidín	(95-69-2)
4. 2-naftýlamín	(91-59-8)
5. o-amínóasótólúen	(97-56-3)
6. 2-amínó-4-nítrótólúen	(99-55-8)
7. p-klóranilín	(106-47-8)
8. 2,4-díamínóanísól	(615-05-4)
9. 4,4′-díamínódífenýlmetan	(101-77-9)
10. 3,3′-díklórbensidín	(91-94-1)
11. 3,3′-dímetoxýbensidín	(119-90-4)

12. 3,3′-dímetýlbensidín	(119-93-7)
13. 3,3’-dímetýl-4,4’-díamínódífenýlmetan	(838-88-0)
14. p-kresidín	(120-71-8)
15. 4,4’-metýlen-bis-(2-klóranilín)	(101-14-4)
16. 4,4′-oxýdíanilín	(101-80-4)
17. 4,4′-þíódíanilín	(139-65-1)
18. o-tólúidín	(95-53-4)
19. 2,4-díamínótólúen	(95-80-7)
20. 2,4,5-trímetýlanilín	(137-17-7)
21. 4-amínóasóbensen	(60-09-3)
22. o-anisídín	(90-04-0)

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá íðefnabirgi/-birgjum um samræmi við þessa viðmiðun.

i) Leysilitarefni eða fastlitarefni með málmflóka

Ekki skal nota leysiliti eða fastlitarefni sem í er blý, kopar, króm, nikkel eða ál. Leysiliti eða fastlitarefni úr koparþalósýaníni má hins vegar nota.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram samræmisyfirlýsingu frá íðefnabirgi/-birgjum.

j) Jónuð óhreinindi í leysilitarefnum

Styrkur jónaðra óhreininda í leysislitarefnum má ekki vera yfir eftirtöldum gildum (í milljónarhlutum): Ag 100, As 50, Ba 100, Cd 20, Co 500, Cr 100, Cu 250, Fe 2500, Hg 4, Mn 1000, Ni 200, Pb 100, Se 20, Sb 50, Sn 250, Zn 1500.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram samræmisyfirlýsingu.

Viðmiðun B4 – Meðhöndlun úrgangs

Á öllum framleiðslustöðum pappírsmauks og pappa skulu vera kerfi til að meðhöndla úrgang (eins og skilgreint er af viðkomandi yfirvöldum sem annast eftirlit með framleiðslustöðvum pappírsmauks og pappa er um ræðir) og úrgangsafurðir sem falla til við framleiðslu vörunnar sem hefur hlotið umhverfismerkið. Gera skal grein fyrir kerfinu í umsókninni eða þar skal vera útskýring á því og a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi atriði:

— aðferðir við að skilja endurvinnanlegan efnivið úr úrganginum og nýtingu þeirra,

— aðferðir við að endurnýta efnivið til annarra nota, s.s. brennslu til gufuframleiðslu eða upphitunar, eða landbúnaðarnota,

— aðferðir við meðhöndlun hættulegs úrgangs (eins og skilgreint er af hálfu viðkomandi eftirlitsyfirvalda sem annast eftirlit með framleiðslustöðvum pappírsmauks og pappa er um ræðir).

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram nákvæma lýsingu á samþykktum verklagsreglum við meðhöndlun úrgangs á hverjum viðkomandi framleiðslustað, ásamt yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

Viðmiðun 2 – Trefjar: sjálfbær skógarstjórnun

Trefjahráefnið má vera úr endurunnum trefjum eða nýjum trefjum.

Nýjar trefjar skulu hafa gild vottorð vegna sjálfbærrar skógarstjórnunar og aðfangakeðju sem eru gefin út með óháðum vottunarkerfum þriðja aðila á borð við FSC, PEFC eða sambærilegum.

Ef vottunarkerfi heimila blöndun á vottuðum efnivið, endurunnum efnivið og óvottuðum efnivið í vöru eða vörulínu skal hlutfall af óvottuðum nýjum efnivið ekki vera umfram 30% af heildarmagni trefjahráefnisins. Slíkur óvottaður efniviður skal falla undir sannprófunarkerfi sem tryggir að uppruni hans sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

Vottunaraðilarnir sem gefa út vottorð fyrir skóga og/eða fyrir aðfangakeðju skulu faggiltir/viðurkenndir með þessu vottunarkerfi.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn þar sem fram koma tegundir, magn og uppruni trefjanna sem eru notaðar í pappírsmauks- og pappaframleiðsluna.

Ef nýjar trefjar eru notaðar skal varan hafa gild vottorð vegna skógarstjórnunar og aðfangakeðju sem eru gefin út með óháðum vottunarkerfum þriðja aðila á borð við PEFC, FSC eða sambærilegum. Ef vara eða vörulína inniheldur óvottað efnivið skal leggja fram sönnun fyrir því að óvottaður efniviður sé innan við 30% og það falli undir sannprófunarkerfi sem tryggir uppruni hans sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

Ef endurunnar trefjar eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram yfirlýsingu um að meðaltalið af endurheimtum pappír sem er notaður í vöruna sé í samræmi við EN 643 eða sambærilegan staðal. Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að afskurður (úr eigin framleiðslu eða aðkeyptur) hafi ekki verið notaður við hlutfallsútreikninginn.

Viðmiðanir sem gilda um umbreytingarferlin

Viðmiðun 3 – Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur

a) Hættuleg efni og blöndur

Rekstrarvörur sem gætu hugsanlega hafnað í endanlegri umbreyttri pappírsafurð og innihalda efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka eða hættuundirflokka, sem eru tilgreindir hér á eftir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([9]) eða efni sem um getur í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2007, skulu ekki notaðar í prentun, húðun og við fullvinnslu á endanlegri umbreyttri pappírsafurð.

Þessi krafa skal ekki gilda um tólúen við notkun í djúpprentun þar sem er til staðar lokaður eða afmarkaður búnaður eða endurnýtingarkerfi, eða sambærileg kerfi, til eftirlits og vöktunar á dreifðri losun og endurheimtargetan nemur a.m.k. 92%. Lökk og prentlitir sem harðna í útfjólubláu ljósi með flokkunina H412/H52-53 eru einnig undanþegin þessari kröfu.

Efnisþættir endanlegu umbreyttu pappírsafurðarinnar sem eru ekki úr pappír skulu ekki innihalda efnin sem um getur hér að framan.

Skrá yfir hættusetningar

Hættusetning ([1])	Hættusetning ([2])
H300 Banvænt við inntöku	H28
H301 Eitrað við inntöku	H25

([9]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

Hættusetning ([1])	Hættusetning ([2])
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	H65
H310 Banvænt í snertingu við húð	H27
H311 Eitrað í snertingu við húð	H24
H330 Banvænt við innöndun	H23 eða H26
H331 Eitrað við innöndun	H23
H340 Getur valdið erfðagöllum	H46
H341 Grunað um að valda erfðagöllum	H68
H350 Getur valdið krabbameini	H45
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	H49
H351 Grunað um að valda krabbameini	H40
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H60
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H61
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60, H61, H60/61
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60, H63
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H61, H62
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H62
H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H63
H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H62–63
H362 Getur skaðað börn á brjósti	H64
H370 Skaðar líffæri	H39/23, H39/24, H39/25, H39/26, H39/27, H39/28
H371 Getur skaðað líffæri	H68/20, H68/21, H68/22
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/25, H48/24, H48/23
H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/20, H48/21, H48/22
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H50
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50/53

Hættusetning ([1])	Hættusetning ([2])
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51/53
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52/53
H413 Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni	H53
ESB-H059 Hættulegt ósonlaginu	H59
ESB-H029 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við vatn	H29
ESB-H031 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H31
ESB-H032 Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H32
ESB-H070 Eitrað í snertingu við augu	H39/41

([1]) Eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
([2]) Eins og kveðið er á um í tilskipun 67/548/EBE.

Efni eða blöndur sem breyta eiginleikum sínum við vinnslu (þ.e. verða ekki lengur lífaðgengilegar, verða fyrir efnabreytingum) þannig að tilgreind hætta hverfur eru undanþegnar kröfunni hér að framan.

Styrkleikamörk fyrir efni sem kunna að hafa fengið eða hafa fengið úthlutað hættusetningunum sem eru tilgreindar hér á undan eða sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka eða hættuundirflokka, og styrkleikamörk fyrir efni sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í a-, b- eða c-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir almennu eða sértæku styrkleikamörkin sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Ef sértæk styrkleikamörk eru ákvörðuð skulu þau ganga framar almennum styrkleikamörkum.

Styrkleikamörk fyrir efni, sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í d-, e- eða f-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir 0,10% miðað við þyngd.

Mat og sannprófun: fyrir efni sem hafa ekki þegar verið flokkuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, skal umsækjandinn leggja fram sönnun þess efnis að viðmiðunin sé uppfyllt með því að leggja fram: (i) yfirlýsingu þess efnis að efnisþættirnir sem eru ekki úr pappír og eru hluti lokaafurðarinnar innihaldi ekki efnin sem um getur í þessari viðmiðun í styrkleika sem er yfir heimiluðum mörkum; (ii) yfirlýsingu þess efnis að rekstrarvörurnar sem eru notaðar í prentun, húðun og við fullvinnslu á endanlegu umbreyttu pappírsafurðinni innihaldi ekki efnin sem um getur í þessari viðmiðun í styrkleika sem er yfir heimiluðum mörkum; (iii) skrá yfir allar rekstrarvörur sem eru notaðar við prentun, fullvinnslu og húðun umbreyttu pappírsafurðarinnar. Í þessari skrá skal koma fram magn, hlutverk og birgjar fyrir allar rekstrarvörurnar sem eru notuð í framleiðsluferlinu.

Umsækjandinn skal sýna fram á að farið sé að þessum viðmiðunum með því að leggja fram yfirlýsingu frá íðefnabirgi/-birgjum um að ekkert efnanna flokkist í neinn af hættuflokkunum sem tengjast hættusetningunum sem um getur í skránni hér að framan, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, a.m.k. að því marki sem hægt er að ákvarða það samkvæmt þeim upplýsingum sem uppfylla kröfurnar sem eru skráðar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Þessi yfirlýsing skal studd með samanteknum upplýsingum um viðeigandi eiginleika, sem tengjast hættusetningunum sem um getur í skránni hér að framan, með þeirri sundurliðun sem er tilgreind í 10., 11. og 12. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Kröfur um samantekt öryggisblaða).

Upplýsingar um eðliseiginleika efna má fá fram á annan hátt en með prófunum, t.d. með notkun staðgönguaðferða á borð við aðferðir í glasi, með líkönum af megindlegum tengslum byggingar og virkni eða með notkun ályktunar út frá efnaflokkum eða ályktunar út frá byggingarlega hliðstæðum efnum í samræmi við XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Eindregið er mælt með því að viðeigandi gögnum sé miðlað.

Þær upplýsingar sem lagðar eru fram skulu tengjast formi eða eðlisástandi efnisins eða blandnanna eins og þær eru notaðar í fullunnu vörunni.

Vegna efna, sem eru skráð í IV. og V. viðauka við efnareglurnar (REACH) og eru undanþegin skráningarskyldu skv. a- og b-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, er yfirlýsing þess efnis fullnægjandi til að uppfylla kröfurnar sem eru settar fram hér að framan.

Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn um endurnýtingargetu lokaða/afmarkaða búnaðarins eða endurnýtingarkerfisins, eða sambærilegs kerfis, sem hefur verið komið fyrir til að bregðast við notkun á tólúen í djúpprentun.

b) Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Ekki skal veita undanþágu frá banninu sem er sett fram í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 að því er varðar efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni sem kveðið er á um í 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem eru fyrir hendi í blöndum í styrk sem er hærri en 0,1%. Sértæk styrkleikamörk, sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, skulu gilda þar sem styrkurinn er lægri en 0,10%.

Mat og sannprófun: skrána yfir efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, má finna hér:

http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/candidate_list_table_en.asp

Vísun í skrána skal vera frá umsóknardeginum.

Umsækjandinn skal leggja sönnun þess að viðmiðunin sé uppfyllt með því að leggja fram gögn um magn efna sem eru notuð við prentun á umbreyttu pappírsafurðina og yfirlýsingu þess efnis að efnin sem um getur í þessari viðmiðun verði ekki eftir í lokaafurðinni yfir tilgreindum styrkleikamörkum. Tilgreina skal styrkleikann í öryggisblöðunum í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

c) Sæfiefni

Sæfiefni, annað hvort sem hluti samsetningar eða sem hluti nokkurrar blöndu í samsetningunni, sem notuð eru til að rotverja vöruna og eru flokkuð með hættusetningunum H410/H50–53 eða H411/H51–53 í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([10]) eða reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eru einungis leyfð ef uppsöfnun þeirra í lífverum er lýst með log Pow (log af deilistuðli oktanóls/vatns) < 3,0 eða með lífþéttnistuðli, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, sem er ≤ 100.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram afrit af öryggisblöðum allra sæfiefna sem eru notuð á mismunandi framleiðslustigum, ásamt upplýsingum um styrk þeirra í fullunnu vörunni.

d) Þvottaefni

Þvottaefni sem eru notuð við hreinsun í prentvinnslu og/eða undirvinnslu sem innihalda arómatísk vetniskolefni skal eingöngu leyfa ef þau eru í samræmi við ákvæði b-liðar 3. liðar og ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

i. magn arómatískra vetniskolefni í þvottaefninu fari ekki yfir 10% (þyngdarhlutfall),

ii. árlegt notkunarmagn þvottaefna sem eru að stofni til úr arómatískum vetniskolefnum fari ekki yfir 5% af heildarmagni þvottaefna sem eru notuð á einu almanaksári.

Þessi viðmiðun gildir ekki um tólúen notað sem þvottaefni í djúpprentun.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram öryggisblað fyrir hvert þvottaefni sem er notað í prentsmiðju á því ári sem árleg notkun vísar til. Birgjar þvottaefnisins skulu leggja fram yfirlýsingu um innihald arómatískra vetniskolefna í þvottaefninu.

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1).

e) Alkýlfenóletoxýlöt – Halógenaðir leysar – Þalöt

Ekki skal bæta eftirfarandi efnum eða efnablöndum í prentliti, leysiliti, prentduft, lím eða þvottaefni eða önnur íðefni til hreinsunar sem eru notuð við prentun á umbreyttu pappírsafurðina:

— Alkýlfenóletoxýlöt og afleiður þeirra sem kunna að mynda alkýlfenól við niðurbrot.

— Halógenaðir leysar sem eru, þegar umsóknin er lögð fram, flokkaðir í hættu- eða áhættuflokka sem eru skráðir í a-lið 3. liðar.

— Þalöt sem eru flokkuð, þegar umsóknin er lögð fram, með hættusetningunum H360F, H360D, H361f í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

f) Prentblek, prentduft, blek, lökk, þynnur og límingar-/húðunarefni

Eftirfarandi þungmálma eða efnasambönd þeirra skal ekki nota í prentblek, prentduft, blek, þynnur eða límingar-/húðunarefni (hvorki sem efni né sem hluta af efnablöndu sem er notuð): kadmíum, kopar (að undanskildu koparþalósýaníni), blý, nikkel, sexgilt króm, kvikasilfur, arsen, leysanlegt baríum, selen og antímon. Kóbalt má aðeins nota að 0,10% (þyngdarhlutfall)

Innihaldsefni mega innihalda snefilmagn af þessum málmum, allt að 0,010% (þyngdarhlutfall), sem rekja má til óhreininda í hráefninu.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun og yfirlýsingar frá birgjum innihaldsefna.

g) Málmíhlutir

Málmar skulu ekki húðaðir með kadmíum, krómi, nikkeli, sinki, kvikasilfri, blýi, tini og efnasamböndum þeirra.

Hægt er að fallast á yfirborðsmeðferð málma með nikkel eða sinki fyrir smáhluti (s.s. hnoð, hringi og flatar festingar (e. *flat bar mechanisms*)) þar sem það reynist nauðsynlegt vegna mikils áþreifanlegs slits.

Við vinnslu með bæði nikkelhúðun og galvanhúðun með sinki skal notast við hreinsun skólps, jónaskiptitækni, himnutækni eða sambærilega tækni í þeim tilgangi að endurvinna efnavörurnar eins mikið og hægt er.

Losun frá yfirborðsmeðferð skal endurvinna eða eyða. Kerfið skal vera lokað án frárennslis, að undanskilinni meðferð með sinki þar sem losunin má nema að hámarki 0,50 mg/l.

Efnavörurnar sem eru notaðar í yfirborðsmeðferð skulu vera í samræmi við viðmiðun 3 (c) Sæfiefni og 3 (e) Alkýlfenóletoxýlöt Halógenaðir leysar - Þalöt.

Þessi krafa gildir um sérhvern aðskilinn hluta úr málmi sem er meira en 10% af þyngd fullunninnar vöru í undirflokki hengimappna, mappna með málmfestingum, lausblaðamappna og bréfabinda.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

Viðmiðun 4 – Endurvinnanleiki

Umbreytta pappírsafurðin skal vera endurvinnanleg. Auðvelt skal vera að fjarlægja þá efnisþætti umbreyttu pappírsafurðarinnar sem eru ekki úr pappír til að þeir hindri ekki endurvinnsluferlið.

a) Styrktarefni til varnar gegn vætu má eingöngu nota ef sýna má fram á endurvinnanleika fullunnu vörunnar.

b) Óleysanlegt lím má eingöngu nota ef sýna má fram á að mögulegt sé að fjarlægja það.

c) Yfirborðslökk og samlímingarefni, þ.m.t. pólýeten og/eða pólýeten/pólýprópýlen, má eingöngu nota í lausblaðamöppur, möppur, stílabækur, minnisbækur og dagbækur.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram niðurstöður úr prófun á endurvinnanleika styrktarefnis til varnar gegn vætu og hvort mögulegt sé að fjarlægja límið. Viðmiðunarprófunaraðferðirnar eru PTS-aðferð PTS-RH 021/97 (fyrir styrktarefni til varnar gegn vætu), INGEDE Method 12 (til að prófa hvort mögulegt sé að fjarlægja óleysanlegt lím), eða jafngildar prófunaraðferðir. Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að húðaðar og samlímdar umbreyttar pappírsafurðir séu í samræmi við ákvæði c-liðar 4. liðar. Ef auðvelt er að fjarlægja hluta umbreyttrar pappírsafurðar (t.d. flata málmfestingu í hengimöppu, plastkápu eða endurnotanlega stílabókarkápu), er leyfilegt að framkvæma prófun á endurvinnanleika án þessa hlutar. Staðfesta skal hve auðvelt er að fjarlægja þá efnisþætti sem eru ekki úr pappír með yfirlýsingu frá pappírssöfnunarfyrirtækinu, endurvinnslufyrirtækinu eða jafngildri stofnun. Einnig má notast við prófunaraðferðir sem lögbær og óháður þriðji aðili sýnir fram á að gefi jafngildar niðurstöður.

Viðmiðun 5 – Losun

a) Losun í vatn

Skolvatn sem inniheldur silfur úr framköllum á filmum, framleiðslu á plötum og íðefnum til ljósmyndunar skal ekki fara út í skólphreinsistöð.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt lýsingu á meðhöndlun á staðnum á íðefnum til ljósmyndunar og skolvatni sem inniheldur silfur. Ef framköllum á filmum og/eða framleiðsla á plötum er útvistuð skal undirverktakinn leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt lýsingu á meðhöndlun þeirra á íðefnum til ljósmyndunar og skolvatni sem inniheldur silfur.

Magn Cr, annars vegar, og Cu, hins vegar, sem er veitt í skólphreinsistöð við djúpprentun má ekki fara yfir 45 mg á m^2 og 400 mg á m^2 yfirborðsflatar prentvalsa sem er notaður við prentunina.

Mat og sannprófun: losun á Cr og Cu í skólpkerfi skal sæta eftirliti þar sem djúpprentun fer fram, eftir meðhöndlun og fyrir losun. Taka skal dæmigert sýni af losun Cr og CU í hverjum mánuði. Til að ákvarða innihald Cr og Cu í dæmigerðu undirsýni úr þessum sýnum skal framkvæma greiningarprófun á faggiltri rannsóknarstofu að minnsta kosti einu sinni á ári. Meta skal hvort að farið sé að þessari viðmiðun með því að deila innihaldi Cr og Cu, eins og það var ákvarðað með árlegri greiningarprófun, með yfirborðsfleti prentvalsa sem er notaður við prentunina. Yfirborð valsans sem er notaður í prentvélinni við prentun er reiknað út með því að margfalda yfirborð valsans (= $2\pi rL$, þar sem r er radíus og L er lengd valsins) með fjölda prentverkefna á ári (= fjöldi mismunandi prentverkefna). Viðmiðunarprófunaraðferðirnar fyrir Cr: EN ISO 11885 (Water quality. Determination of selected elements by inductively coupled plasma optical emission spectrometry (ICP-OES)) og EN 1233 (Water quality. Determination of chromium. Atomic absorption spectrometric methods) og fyrir CU: EN ISO 11885 (Water quality. Determination of selected elements by inductively coupled plasma optical emission spectrometry (ICP-OES)).

b) Losun í andrúmsloft

Rokgjörn, lífræn efnasambönd (lífræn rokefni)

Uppfylla skal eftirfarandi viðmiðun:

$(P_{\text{lífræn rokefni}} - R_{\text{lífræn rokefni}})/P_{\text{pappír}} < 5$ [kg/tonn]

þar sem:

$P_{\text{lífræn rokefni}}$ = árlegt heildarmagn lífrænna rokefna, í kílóum, sem eru í aðkeyptu efnavörunum sem eru notaðar við árlega heildarframleiðslu á umbreyttu afurðunum

$R_{\text{lífræn rokefni}}$ = árlegt heildarmagn lífrænna rokefna, í kílóum, sem er eytt með varnaraðgerðum, endurheimt úr prentvinnslu og selt, eða endurnýtt

$P_{\text{pappír}}$ = árlegt heildarmagn aðkeypts pappírs sem er notað við framleiðslu á umbreyttum afurðum.

Ef prentsmiðjan/aðilinn sem annast umbreytingu afurða notast við mismunandi prenttækni skal uppfylla þessa viðmiðun sérstaklega fyrir hverja þeirra.

Gildið $P_{lífræn\ rokefni}$ skal reiknað út frá upplýsingum öryggisblaða með hliðsjón af innihaldi lífrænna rokefna eða jafngildri yfirlýsingu sem birgir efnavaranna leggur fram.

Gildið $R_{lífræn\ rokefni}$ skal reiknað út frá yfirlýsingu um innihald lífrænna rokefna sem fylgir með seldum efnavörum eða með innra bókhaldi (e. *internal counting register*) (eða öðrum sambærilegum gögnum) þar tilgreint er árlegt magn lífrænna rokefna sem eru endurheimt og endurnýtt á staðnum.

Sértæk skilyrði fyrir heitþornandi prentun:

i. Eftirfarandi reikniaðferð gildir fyrir heitþornandi offsetprentun með innbyggðan eftirbrennara í þurrkeiningu:

$P_{lífræn\ rokefni}$ = 90% árlegs heildarmagns lífrænna rokefna í rakalausnum (e. *damping solutions*), í kílóum, sem eru notaðar árlega við framleiðslu umbreyttra afurða + 85% árlegs heildarmagns lífrænna rokefna, í kílóum, í þvottaefnum sem eru notuð árlega við framleiðslu umbreyttra afurða.

ii. Eftirfarandi reikniaðferð gildir fyrir heitþornandi offsetprentun án innbyggðs eftirbrennara í þurrkeiningu:

$P_{lífræn\ rokefni}$ = 90% árlegs heildarmagns lífrænna rokefna í rakalausnum, í kílóum, sem eru notaðar árlega við framleiðslu umbreyttra afurða + 85% árlegs heildarmagns lífrænna rokefna, í kílóum, í þvottaefnum sem eru notuð árlega við framleiðslu umbreyttra afurða + 10% árlegs heildarmagns lífrænna rokefna, í kílóum, í prentbleki sem er notað árlega við framleiðslu umbreyttra afurða.

Við útreikning í liðum i. og ii. má notast við hlutfallslega lægri hundraðshluta en 90% og 85% ef sýnt er fram á að í hreinsunarkerfinu fyrir brennslulofttegundirnar úr þurrkunarferlinu minnki árlegt heildarmagn lífrænna rokefna í rakalausnum eða þvottaefni, sem eru notuð árlega við framleiðslu umbreyttra afurða, um 10%, annars vegar, eða 15%, hins vegar.

Mat og sannprófun: íðefnabirgirinn skal leggja fram yfirlýsingu um innihald lífrænna rokefna í alkóhólum, þvottaefnum, bleki, rakalausnum og öðrum samsvarandi efnavörum. Umsækjandinn skal leggja fram gögn sem styðja útreikninginn samkvæmt viðmiðuninni sem um getur hér að framan. Tímabilið, sem útreikningarnir miðast við, skal byggjast á framleiðslu 12 mánaða. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu útreikningarnir miðast við a.m.k. 3 mánaða samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í dæmigerðum rekstri.

Viðmiðun 6 – Úrgangur

a) Meðhöndlun úrgangs

Starfstöðin þar sem umbreyttu pappírsafurðirnar eru framleiddar skal hafa til staðar kerfi til að meðhöndla úrgang, þ.m.t. úrgangsafurðir sem falla til við framleiðslu umbreyttu pappírsafurðarinnar, eins og kerfið er skilgreint af hálfu viðkomandi svæðis- og landsbundnum eftirlitsyfirvöldum.

Gera skal grein fyrir kerfinu eða gefin útskýring á því og a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi atriði:

i. meðhöndlun, söfnun, aðgreining og nýting á endurvinnanlegum efnivið úr úrganginum,

ii. endurnýting efniviðar til annarra nota, s.s. brennslu til gufuframleiðslu eða upphitunar eða landbúnaðarnota,

iii. meðhöndlun, söfnun, aðgreining og förgun hættulegs úrgangs, eins og skilgreint er af hálfu viðkomandi svæðis- og landsbundinna eftirlitsyfirvalda.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt lýsingu á samþykktum verklagsreglum við meðhöndlun á úrgangi. Ef við á skal umsækjandinn leggja árlega fyrir staðaryfirvöld yfirlýsingu sama efnis. Ef úrgangsstjórnunin er útvistuð, skal undirverktakinn einnig leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

b) Úrgangspappír

Magn úrgangspappírs „X“ fari ekki yfir:

— 20% fyrir umslög

— 20% fyrir ritföng

— 10% fyrir pappírspoka

þar sem X er árlegt magn úrgangspappírs í kílóum sem fellur til við umbreytingu (þ.m.t. fullvinnslu) umhverfismerktu umbreyttu pappírsafurðarinnar, deilt með tonnum af pappír sem er aðkeyptur árlega og notaður við framleiðslu á umhverfismerktum umbreyttum pappírsafurðum.

Ef prentsmiðja annast fullvinnslu fyrir hönd annarrar prentsmiðju, skal það magn úrgangspappírs sem fellur til við þá vinnslu ekki tekið með við útreikning á gildinu „X“.

Ef fullvinnslan er útvistuð til annars fyrirtækis skal reikna út magn úrgangspappírs sem fellur til við þá vinnslu og magnið tilgreint við útreikning á gildinu „X“.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á útreikningi á magni úrgangspappírs ásamt yfirlýsingu frá verktakanum sem hirðir úrgangspappírinn frá prentsmiðjunni. Leggja skal fram skilmála fyrir útvistun og útreikning á magni úrgangspappírs sem er notaður í fullvinnslunni. Tímabilið, sem útreikningarnir miðast við, skal byggjast á framleiðslu 12 mánaða. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu útreikningarnir miðast við a.m.k. 3 mánaða samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í dæmigerðum rekstri.

Viðmiðun 7 – Orkunotkun

Prentsmiðjan/aðilinn sem annast umbreytingu skal koma á skrá yfir allan búnað sem notar orku (þ.m.t. vélar, lýsingu, loftræstingu, kælingu) og áætlun sem samanstendur af ráðstöfunum til umbóta í orkunýtni.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skrána yfir búnað sem notar orku ásamt umbótaáætluninni.

Viðmiðun 8 – Þjálfun og fræðsla

Veita skal öllu starfsfólki sem kemur að daglegri starfsemi nauðsynlega þekkingu til að tryggja að kröfur umhverfismerkis ESB séu uppfylltar og þær stöðugt betrumbættar.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt upplýsingum um fræðsluáætlunina og inntak hennar og tilgreina skal hvaða starfsmenn hafa fengið fræðslu og þjálfun, hvers eðlis hún er og hvenær hún var veitt. Umsækjandinn skal einnig leggja fram hjá þar til bærum aðila sýnishorn af efni til þjálfunar.

Viðmiðun 9 – Notagildi

Varan skal þjóna tilgangi sínum.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn þess efnis að þessar viðmiðanir séu uppfylltar. Umsækjandanum er heimilt að nota lands- eða markaðsstaðla, þar sem við á, í því skyni að sanna notagildi umbreyttu pappírsafurðanna. Viðmiðunarprófunaraðferðin fyrir burðarpoka úr pappír er EN 13590:2003.

Viðmiðun 10 – Upplýsingar á burðarpokum úr pappír

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á pappírsburðarpokunum:

„Vinsamlegast endurnotið þennan poka“

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram sýnishorn af pappírsburðarpokanum með upplýsingunum sem gerð er krafa um.

Viðmiðun 11 – upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Á valkvæða merkimiðanum með textareitnum skal vera eftirfarandi texti:

— Þessi vara er endurvinnanleg.

— Losun frá pappírsframleiðslu, prentun og umbreytingarferlum í andrúmsloft og vatn hefur verið takmörkuð.

Til að koma í veg fyrir þá áhættu að neytendum séu gefin ruglandi skilaboð varðandi poka með umhverfismerki ESB og innihaldið sem er ekki með umhverfismerki ESB skulu pappírsburðarpokarnir hannaðir þannig að þeir séu opnir og ætlaðir til áfyllingar á sölustað eða síðar, til að neytandinn skilji að umhverfismerki ESB gildi aðeins fyrir pappírsburðarpokann og ekki vörurnar sem eru settar í hann. Kennimerki umhverfismerkis ESB á pokanum skal bera eftirfarandi áletrun „Pappírsburðarpoki með umhverfismerki ESB“.

Viðmiðunarreglur um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna í „Guidelines for the use of the EU Ecolabel logo“ (viðmiðunarreglur um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB) á vefsetrinu:

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/promo/pdf/logo%20guidelines.pdf

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram sýnishorn af umbreyttu pappírsafurðinni þar sem merkið sést ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/547 **2015/EES/74/12**

frá 1. apríl 2015

um öryggiskröfur, sem uppfylla á með Evrópustöðlum, um eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru([1]), einkum a-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vörur, sem samrýmast landsbundnum stöðlum, sem hafa verið settir til að lögleiða Evrópustaðla, sem samdir voru samkvæmt tilskipun 2001/95/EB og vísað hefur verið til í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, njóta þess að gert er ráð fyrir að þær séu öruggar.

2) Semja á Evrópustaðla á grundvelli krafna, sem eiga að tryggja að vörur, sem uppfylla staðlana, fullnægi almennu öryggiskröfunum sem settar eru fram í 3. gr. tilskipunar 2001/95/EB.

3) Engir Evrópustaðlar eru til um eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, jafnvel þótt fyrirliggjandi rannsóknir bendi til þess að ýmsar hættur tengist þeim([2])([3]). Margar tegundir þeirra eru hannaðar með lausum eldsneytisílátum, sem komið er fyrir í hólfi í eldstæðinu, og þar af leiðandi gæti eldsneyti lekið innan hólfsins. Eldsneytið gæti síðan gufað upp, hiti þess gæti hækkað og valdið sprengingu sem gæti haft í för með sér skyndilegan bruna. Hin hraða útbreiðsla loga setur notandann í brunahættu og getur valdið íkveikju í nærliggjandi efnum. Mjög hættulegt er að bæta eldsneyti á etanóleldstæði þegar það er enn heitt þar sem etanól getur gufað hratt upp, það getur kviknað í því og valdið sprengingu. Frístandandi tegundum gólfeldstæða gæti verið komið fyrir of nálægt eldfimum efnum og geta þar af leiðandi valdið bruna. Röng uppsetning veggeldstæða getur valdið ofhitnun sem getur síðan leitt til þess að eldstæðið losnar frá veggnum þegar það er enn í notkun([4]). Einnig er hætta á því að frístandandi tegundir gólfeldstæðis geti oltið um koll. Ef þetta gerðist myndi eldsneytið leka úr eldstæðinu og eldur breiðast út til nærliggjandi rýmis.

4) Bruni eldsneytis í eldstæðum án loftrásar, sem brenna alkóhóli, gæti stofnað heilbrigði manna í hættu. Ef ófullkominn bruni á sér stað myndast kolsýringur sem er eitrað efnasamband. Ef algjör bruni á sér stað myndast koltvísýringur sem er hættulegur heilbrigði manna og getur leitt til oföndunar.

5) Þar að auki er ekki gerð krafa um að viðkomandi yfirvöld skoði uppsetningu eldstæða án loftrásar.

6) Því er rétt að ákvarða kröfurnar, sem eiga að tryggja að eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, uppfylli almennu öryggiskröfurnar sem settar eru fram í 3. gr. tilskipunar 2001/95/EB.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um vöruöryggi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 90, 2.4.2015, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

([2]) Storesund A. K, Mai T. T. & Sesseng C, 2010, 'Ethanol-fuelled, flue-less fireplaces. An evaluation', SINTEF. http://nbl.sintef.no/publication/lists/docs/NBL_A09127.pdf

([3]) http://www.sik.dk/content/download/5561/77087/version/1/file/Report+-+Bio+fireplaces+-+v5-3+(2).pdf

([4]) http://www.cpsc.gov/CPSCPUB/PREREL/prhtml11/11164.html

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Skilgreining

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaks sem hér segir:

„Eldstæði án loftrásar sem brennir alkóhóli“: tæki:

a) sem er hannað til að framkalla skrautloga með því að brenna alkólhóli en er óhentugt eingöngu til upphitunar og

b) sem er ekki hannað til að tengjast loftrás.

2. gr.

Gildissvið

Þessi ákvörðun gildir um öll eldstæði án loftrásar til heimilisnota og fylgihluti þeirra þar sem þau eru ætluð til notkunar innanhúss. Eldstæði, sem eru sérstaklega hönnuð til matargerðar eða til að halda mat heitum og eru með eldsneytishólf að rúmmáli undir 0,2 l, falla ekki undir gildissvið þessarar ákvörðunar.

3. gr.

Öryggiskröfur

Í viðaukanum við þessa ákvörðun eru settar fram sérstakar öryggiskröfur um eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, sem um getur í 1. gr., sem Evrópustaðlarnir eiga að uppfylla skv. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB.

4. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 1. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

SÉRSTAKAR ÖRYGGISKRÖFUR FYRIR ELDSTÆÐI ÁN LOFTRÁSAR SEM BRENNA ALKÓHÓLI

1.1. **Kröfur um smíði og hönnun**

Almennar kröfur

Hámarkseldsneytisnotkun eldstæða án loftrásar, sem brenna alkóhóli, til heimilisnota skal samsvara 4,5 kW varmaafli.

Eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, skulu gerð úr efnum sem eru ekki auðmótanleg við leyfilegan hámarkshita sem tilgreindur er undir liðnum „Yfirborðshiti“. Efnin skulu sýna nægilegt þol gegn algengu varmafræðilegu, aflfræðilegu og efnafræðilegu álagi.

Ef notaðir eru logaskermar skal smíði þeirra og festingar við eldstæðið vera þannig að þeir þoli þann hita sem þeir verða fyrir.

Ekki er leyfilegt að nota skrautefni, t.d. viðarbúta eða smámöl úr keramíki, á því svæði þar sem logarnir leika.

Eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, skulu hönnuð þannig að komið sé í veg fyrir endurkviknun eða baksprengingar fyrir slysni.

Bruni eldsneytis í eldstæðum án loftrásar, sem brenna alkóhóli, má ekki stofna heilbrigði manna í hættu.

Eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, skulu hönnuð þannig að komið sé í veg fyrir að eldsneyti geti safnast fyrir í lokuðum hólfum innan tækisins, þar sem það gæti gufað upp og valdið sprengingu.

Tækið skal smíðað þannig að komið sé í veg fyrir hvers konar eldsneytisleka.

Stöðugleiki

Ef eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, færast til eða hallast fyrir slysni þegar þau eru í notkun mega þau ekki stofna öryggi í hættu.

Tæki á hjólum skal útbúið með læsanlegum bremsum sem auðvelt er að meðhöndla.

Frístandandi eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, skulu útbúin með stoðum til að koma í veg fyrir að þau velti um koll og skulu þau gangast undir prófun til að meta stöðugleika þeirra við högg. Ef eldstæði stenst ekki þessa prófun skal það smíðað þannig að það viðhaldi öryggi sínu við hvers konar aðstæður.

Áfest tæki skulu einnig gangast undir prófun til að meta stöðugleika þeirra við högg. Veggkrókar skulu þannig smíðaðir að tækið lyftist ekki upp af krókunum ef það ýtist upp fyrir slysni.

Fylgihlutir sem auðvelda flutning eldstæðisins (t.d. hjól eða handföng)

Eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, á hjólum og/eða með handföngum, sem gera kleift að færa þau til, skulu þannig hönnuð að slökkva verður eldinn áður en flutningur eldstæðisins hefst.

Þegar kveikt er upp í eldstæði

Þegar kveikt er upp í eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, skal notandinn geta staðið í öruggri, láréttri fjarlægð frá tækinu. Að öðrum kosti skal eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, útbúið öruggum, innbyggðum kveikjubúnaði.

Virkni þegar kveikt hefur verið upp í eldstæði

Þegar eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, er í notkun skal loginn vera stöðugur og ekki mynda sót. Þegar kveikt hefur verið upp í eldstæðinu skal eldsneytisnotkunin vera stöðug og engin hætta vera á stjórnlausri brennslu.

Þegar slökkt er í eldstæði

Notandi skal á öllum stundum geta slökkt með öruggum hætti í eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli.

Kveikt aftur upp í eldstæði

Hönnun eldstæðis án loftrásar, sem brennir alkóhóli, skal gera kleift að kveikja aftur upp í eldstæðinu á öruggan hátt, jafnvel þótt ílátið sé ekki fullt.

Komið í veg fyrir að kveikt sé aftur upp í eldstæði, ef það er ekki öruggt

Ekki skal vera mögulegt að kveikja aftur upp í eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, fyrr en allir hlutar búnaðarins, þ.m.t. brennarinn, hafa kólnað niður í öruggt hitastig sem nemur að hámarki 60 °C. Notkunarleiðbeiningarnar skulu fela í sér upplýsingar um þann tíma sem það tekur eldstæðið að kólna nægilega mikið svo öruggt sé að kveikja aftur upp í því þannig að notandinn freistist ekki til að kveikja aftur upp í eldstæðinu með því að fikta við öryggisbúnaðinn sem kemur í veg fyrir að unnt sé að kveikja aftur upp í eldstæðinu við hita sem reynist ekki öruggur.

Áfylling og enduráfylling

Hönnun eldstæðis án loftrásar, sem brennir alkóhóli, skal vera þannig að áfylling og enduráfylling sé örugg og skal koma í veg fyrir að unnt sé að fylla aftur á eldsneytisgeyminn þegar kveikt hefur verið upp í eldstæðinu.

Í notkunarleiðbeiningum, sem fylgja eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, skulu notendur upplýstir um að ekki megi fylla á eldsneytisgeyminn þegar eldstæðið er í notkun. Þessar upplýsingar skulu settar fram með skýrum hætti og athygli notenda vakin á þeim. Þar að auki skal koma sömu upplýsingum til skila með viðeigandi viðvörunarmerkjum sem eru sýnileg á tækinu sjálfu.

Aðgengilegir yfirborðsfletir

Ef eldstæðið er sett upp í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda um uppsetningu skal ekki vera mögulegt fyrir notanda að komast, fyrir slysni, í snertingu við logann, brennarann eða einhverja aðra virka eða heita yfirborðsfleti eldstæðisins.

Yfirborðshiti

Aðgengilegir yfirborðsfletir, að undanskildum virkum flötum, skulu ekki verða hættulega heitir þegar eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, er í notkun.

Hiti (eins og hann er mældur frá byrjunarhita við íkveikju) þeirra yfirborðsflata sem ekki er ætlast til að notandinn snerti þegar eldstæðið er í notkun skal ekki fara yfir:

— 60 K fyrir málm eða málmkennda yfirborðsfleti,

— 65 K fyrir smeltlakkaða málmfleti,

— 80 K fyrir yfirborðsfleti úr gleri og keramíki,

— 100 K fyrir plastfleti og

— 70 K fyrir yfirborðsfleti úr hvers konar öðrum efnum.

Hiti (eins og hann er mældur frá byrjunarhita við íkveikju) þeirra yfirborðsflata sem ekki er ætlast til að notandinn snerti þegar eldstæðið er í notkun, þ.e. þeirra flata sem notandinn kynni að þurfa að snerta til að sjá um eldstæðið, skal ekki fara yfir:

— 35 K fyrir málm eða málmkennda yfirborðsfleti,

— 45 K fyrir smeltlakkaða yfirborðsfleti og yfirborðsfleti úr keramíki og

— 60 K fyrir yfirborðsfleti úr plasti eða öðru svipuðu efni.

Þessi gildi eiga einnig við um yfirborðsfleti og loftrými sem eru innan 50 mm frá logasvæðinu.

Framangreindar kröfur gilda ekki um glerfleti (t.d. skerma) og festingar þeirra, sem gera má ráð fyrir að séu heit vegna nálægðar þeirra við óvarða logana.

Á þeim stöðum þar sem eldstæðið kemst í snertingu við gólf eða borð má yfirborðshitastig undirstöðu eldstæðisins ekki fara meira yfir stofuhita en sem nemur 65 K.

Til viðbótar við þá kröfu um að yfirborðshiti undirstöðu eldstæðis megi ekki fara meira yfir stofuhita en sem nemur 65 K gildir eftirfarandi hámarkshiti, sem aldrei má fara yfir: á þeim stöðum þar sem eldstæðið kemst í snertingu við gólf eða borð má yfirborðshiti undirstöðu eldstæðisins ekki fara yfir 85 °C, óháð því hver stofuhitinn er.

Yfirborðshiti aðliggjandi veggja má ekki fara meira yfir stofuhita en sem nemur 65 K og má aldrei fara yfir 85 °C.

Ákvarða þarf hitamörk fyrir handföng og hnúða, sem ætlunin er að eigandi eldstæðisins noti við eðlilega meðhöndlun þess, í samræmi við hentugt leiðbeiningarskjal, t.d. leiðbeiningarskjal Rafstaðlasamtaka Evrópu, *CENELEC Guide 29*, samkvæmt efnum sem þau eru gerð úr. Hitamörk fyrir þessa hluta eldstæðisins eru lægri en framangreind hitamörk.

Eldsneytisílát og -kerfi

Hámarkseldsneytisgeta tækisins skal takmarkast af eld- og sprengihættu.

Í staðlinum skal þess krafist að allar prófanir séu framkvæmdar með eldsneytisgeyminn fylltan að því marki sem skapar mestu mögulegu hættu við þessar tilteknu aðstæður.

Eldsneytisílátið skal þannig smíðað að komið sé í veg fyrir hvers konar leka. Öryggi eldstæðisins skal ekki ógnað, jafnvel þótt eldsneyti hellist niður úr eldsneytisílátinu eða það sé fleytifullt.

Eldsneytiskerfið, þ.m.t. hvers konar innsigli, skal hafa nægilegan aflfræðilegan styrk til að standast álag af völdum fyrirhugaðrar notkunar við hefðbundnar aðstæður. Það skal hafa fullnægjandi þol gegn tæringu til að standast langvinn váhrif af völdum eldsneytisins sem er notað. Við hönnun brennarans skal komið í veg fyrir að tæring eigi sé stað.

Öryggi barna

Eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, skal þannig hannað að komið sé í veg fyrir að börn komist í snertingu við eldsneytið og/eða logana.

1.2. **Búnaður og fylgihlutir fyrir uppsetningu eldstæðisins**

Uppsetningarkerfi

Uppsetningarkerfi, sem fylgir eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, skal hafa nægan aflfræðilegan styrk og þol gegn háum hita til að styðja við eldstæðið á öruggan hátt áætlaðan endingartíma þess.

Ef búnaðurinn er hannaður til að festast við gólf, vegg eða loft skal festingar- eða uppsetningarkerfið þannig úr garði gert að komið sé í veg fyrir að tækið losni fyrir slysni.

Veggfestingar og fylgihlutir

Ef veggfestingar og fylgihlutir fylgja eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, skulu þau hafa viðeigandi aflfræðilegan styrk og varmaeiginleika til langs tíma.

Í notendahandbókinni skal notanda ráðlagt að nota einungis meðfylgjandi veggfestingar og fylgihluti eða veggfestingar og fylgihluti sem hafa viðeigandi aflfræðilegan styrk og varmaeiginleika.

1.3. **Aukabúnaður**

Búnaður til að kveikja upp í og slökkva með öruggum hætti í eldstæðinu verður að vera uppsettur eða hann fylgja búnaðinum.

1.4. **Losun**

Eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, skulu þannig smíðuð að komið sé í veg fyrir hvers konar áhættu fyrir heilbrigði manna, sem gæti stafað af bruna eða annarri losun, með því að hafa öryggi að leiðarljósi við hönnun þeirra og smíði eða, þar sem því verður ekki við komið, með fullnægjandi verndarráðstöfunum, þ.m.t. viðvörunum, eða upplýsingum fyrir notendur.

Í staðlinum ætti einkum að fjalla um:

— kolsýring og koltvísýring (CO, CO_2),

— köfnunarefnisoxíð, t.d. NO, NO_2 og NO_X,

— aldehýð, t.d. formaldehýð,

— rökgjörn, lífræn efnasambönd (VOC),

— arómatísk vetniskolefni, t.d. bensen og fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH),

— sót og losun annarra agna,

— losun á óbrunnu eldsneyti og

— hvers konar aðra losun sem kann að skipta máli.

Ákvæði staðalsins varðandi kolsýring og köfnunarefnisoxíð skulu endurspegla nýjustu útgáfu af leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um loftgæði innandyra, *WHO guidelines for indoor air quality: selected pollutants*([5]), og viðmiðunum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði umhverfisins (EHC)([6]).

Ákvæði staðalsins varðandi koltvísýring skulu endurspegla tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/15/EB([7]).

1.5. **Öryggisupplýsingar, notendahandbækur og upplýsingar um framleiðanda og innflytjanda**

Almennt

Öryggisupplýsingar, ásamt heiti framleiðanda og innflytjanda, skulu koma fram á eldstæðinu án loftrásar, sem brennir alkóhóli, á umbúðum þess eða í notkunarleiðbeiningunum.

Í staðlinum skal tilgreint nákvæmlega hvaða öryggisleiðbeiningar verða að koma fram á vörunni sjálfri og hvaða varnaðarorð og leiðbeiningar eigi að koma fram í notkunarleiðbeiningunum eða á umbúðunum.

Upplýsingarnar skulu gefnar á tungumáli eða tungumálum þess lands þar sem eldstæðið er boðið í smásölu. Upplýsingarnar skulu settar fram á samfelldan hátt á hverju tungumáli og án þess að öðrum texta sé skotið inn á milli. Viðbótartexti á öðru tungumáli skal ekki draga athyglina frá tilskildum upplýsingum.

Upplýsingarnar, sem eru birtar á eldstæðinu, skulu vera sýnilegar, læsilegar og óafmáanlegar og annaðhvort prentaðar á fastan merkimiða eða vera með upphleyptu letri á tækinu.

Öryggisupplýsingar

Öryggisupplýsingar skulu vera á áberandi stað og koma skýrt fram í notkunarleiðbeiningunum eða á umbúðunum og, ef það er tilgreint í staðlinum, á eldstæðinu án loftrásar, sem brennir alkóhóli. Í upplýsingunum skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

— „Einungis má nota þær tegundir og það magn eldsneytis sem tilgreind eru í leiðbeiningunum í notenda-handbókinni.“

— „Má einungis nota í vel loftræstu herbergi.“

— „Aldrei má fylla eldsneyti á tækið þegar það er í notkun eða enn heitt viðkomu.“

— „Aldrei má yfirfylla eldsneytisílátið og þurrka skal vandlega upp allt eldsneyti, sem hellist niður, áður en kveikt er upp í tækinu.“

— „Má einungis nota á stað þar sem er enginn dragsúgur.“

— „Aldrei má kveikja upp í heitu tæki.“

— „Aldrei má flytja tækið meðan það er í notkun.“

— „Aldrei má skilja ung börn eða gæludýr eftir eftirlitslaus nálægt eldstæði sem kveikt hefur verið upp í.“

— „Einungis skal setja tækið upp, nota það og viðhalda því í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.“

Eftirfarandi leiðbeiningar eiga einnig við um tæki á hjólum: „Ávallt skal læsa bremsunum áður en eldstæðið er notað.“

Þar að auki skal tilgreina lágmarksöryggisfjarlægð á milli eldstæðis og eldfimra efna.

([5]) World Health Organisation, 2010: http://www.euro.who.int/en/health-topics/environment-and-health/air-quality/publications/2010/who-guidelines-for-indoor-air-quality-selected-pollutants

([6]) http://www.who.int/ipcs/publications/ehc/ehc_alphabetical/en/index.html

([7]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/15/EB frá 7. febrúar 2006 um gerð annarrar skrár yfir leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar ráðsins 98/24/EB og um breytingu á tilskipunum 91/322/EBE og 2000/39/EB (Stjtíð. ESB L 38, 9.2.2006, bls. 36).

Notendur skulu einnig upplýstir um venjur um merkingar eldsneytis og einkum upplýsingar um eiginleika mismunandi eldsneytistegunda sem koma fram í merkingum þeirra.

Viðeigandi skýringarmyndir mega fylgja skriflegum öryggisupplýsingum ef gefið er kost á því í staðlinum.

Notendahandbók

Notendahandbók skal fylgja eldstæðum án loftrásar, sem brenna alkóhóli, og skal hún innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

— tilskilda (lágmarks-) fjarlægð á milli brunahólfs og þess staðar þar sem setja má upp búnað til að kveikja upp í eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli,

— tilskilda eiginleika veggs (eða annarrar byggingareiningar) þar sem ætlunin er að festa eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, þ.m.t. leiðbeiningar um viðeigandi loftop til hitaræstingar,

— kröfur um festingar, sem eru notaðar til að festa eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, á vegg (og frístandandi eldstæði án loftrásar, sem brenna alkóhóli, ef við á),

— kröfur um staðsetningu frístandandi eldstæðis án loftrásar, sem brennir alkóhóli, og aðliggjandi byggingaeininga þess, einkum gólfs og lofts, ef við á, og

— kröfur sem gilda um þann vegg þar sem festa á eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, þ.m.t. sérstök tilgreining á þeim tegundum veggja þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar, t.d. gifsveggir eða tréveggir.

Þar að auki skulu vera upplýsingar í notendahandbókinni um:

— tegund eða tegundir eldsneytis, sem nota má, og aukefni, sem eru leyfileg í viðkomandi eldsneyti, til að tryggja að bruni í eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, sé öruggur og ekki sé farið yfir hámarksgildi losunar,

— tilskilda loftræstingu herbergisins,

— lágmarksöryggisfjarlægð á milli eldfimra efna og þess staðar þar sem koma má eldstæði fyrir og

— lágmarksstærð herbergisins eða lágmarksstærð gólfsvæðisins.

Auk þess skal í notendahandbókinni vera:

— skýringar á því hvernig eigi að setja eldsneyti á eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli (og notendum ráðlagt að setja ekki eldsneyti á eldstæði sem er heitt viðkomu),

— skýringar á því hvernig eigi að geyma eldsneyti á öruggan hátt og hversu mikið eldsneyti megi geyma innanhúss, samkvæmt landslöggjöf og/eða svæðisbundinni löggjöf í landinu þar sem tækið er markaðssett,

— skýringar á því hvernig eigi að slökkva í eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli,

— upplýsingar um viðeigandi slökkvitæki og tilmæli um að slíkur búnaður sé staðsettur nálægt eldstæðinu,

— viðvörun við því að nota eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, í umhverfi þar sem er dragsúgur,

— leiðbeiningar um hvernig kveikt er upp í eldstæði og slökkt í því með öruggum hætti,

— viðvörun við því að kveikja upp í heitu eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, og

— leiðbeiningar til notenda um að flytja aldrei eldstæði án loftrásar, sem brennir alkóhóli, á meðan það er í notkun og, ef eldstæðið er á hjólum, að læsa bremsunum þegar eldstæðið er í notkun.

Upplýsingar um framleiðanda og innflytjanda

Framleiðendur([8]) skulu tilgreina heiti sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, á eldstæðinu sjálfu eða á umbúðum þess og í skjali sem fylgir eldstæðinu.

([8]) Eins og skilgreint er í grein R1 í kafla R1 í I. viðauka við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

Þeir skulu einnig festa á sjálfa vöruna upplýsingar sem gera kleift að auðkenna vöruna (rað- eða lotunúmer).

Innflytjendur([9]) skulu tilgreina heiti sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, á eldstæðinu sjálfu eða á umbúðum þess og í skjali sem fylgir eldstæðinu. Í þeim tilvikum þegar innflytjandinn yrði að opna umbúðirnar einungis til þess að setja þessar tilskildu upplýsingar á vöruna sjálfa er nóg að tilgreina heiti, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við hann, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir eldstæðinu.

([9]) Sjá 4. neðanmálsgrein.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 653/2014 **2015/EES/74/13**

frá 15. maí 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1760/2000 um rafræna auðkenningu nautgripa og merkingar nautakjöts (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 43. gr. og b-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 ([3]) á árinu 1997 voru reglur Evrópusambandsins um auðkenningu og rekjanleika nautgripa styrktar í ljósi kúariðufarsóttarinnar og tilheyrandi aukinni þörf fyrir að rekja uppruna dýra og tilflutning á þeim með því að nota hefðbundin eyrnamerki.

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 ([4]) er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa í samræmi við þá reglugerð.

3) Með reglugerð (EB) nr. 1760/2000 er komið á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa sem nær yfir eyrnamerki sem sett eru á bæði eyru allra dýra, tölvuvædda gagnagrunna, dýravegabréf og einstaklingsbundnar skrár sem eru færðar á hverju búi.

4) Að rekja nautakjöt aftur til uppruna þess fyrir milligöngu auðkenningar og skráningar er forsenda upprunamerkingar á öllum stigum matvælaferlisins. Þessar ráðstafanir tryggja neytendavernd og lýðheilsu og stuðla að tiltrú neytenda.

5) Reglugerð (EB) nr. 1760/2000 og, nánar tiltekið, auðkenning nautgripa og valfrjálst merkingarkerfi fyrir nautakjöt voru tilgreind sem sérstaklega mikilvæg upplýsingaskylda, með tilliti til þeirrar byrði sem þau fela í sér fyrir fyrirtæki, í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. október 2009 sem ber heitið „Aðgerðaráætlun til að draga úr stjórnsýsluálagi í Evrópusambandinu — áætlanir til að draga úr álagi á tilteknum sviðum og aðgerðir fyrir árið 2009“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 229, 31.7.2012, bls. 144.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 2. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 6. maí 2014.

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 frá 21. apríl 1997 um kerfi vegna auðkenningar og skráningar á nautgripum og merkingar á nautakjöti og afurðum úr því (Stjtíð. EB L 117, 7.5.1997, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 (Stjtíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1).

6) Notkun rafrænna auðkenningarkerfa gæti hugsanlega stuðlað að hagræðingu í ferlum fyrir rekjanleika með sjálfvirkum og nákvæmari aflestri og skráningu í skrá búsins. Hún myndi enn fremur gera kleift að skrá tilflutning á dýrum sjálfvirkt í tölvuvæddan gagnagrunn og bæta þar með hraða, áreiðanleika og nákvæmni rekjanleikakerfisins. Notkun rafrænna auðkenningarkerfa myndi einnig bæta umsjónina með tilteknum beinum greiðslum til bænda.

7) Rafræn auðkenningarkerfi sem byggjast á auðkenningu með fjarskiptatíðni hafa batnað verulega á undanförnum 10 árum. Með tækninni er aflestur einstakra auðkenniskóða dýra hraðari og nákvæmari beint inn í gagnavinnslukerfi. Þar af leiðandi þarf styttri tíma til að rekja feril hugsanlega sýktra dýr eða matvæla sem bætir áreiðanleika gagnagrunna og eykur getu til að bregðast hratt við ef sjúkdómur kemur upp og spara þannig launakostnað þó að það feli í sér aukinn kostnað við búnað.

8) Þessi reglugerð er í samræmi við þá staðreynd að rafræn auðkenningarkerfi hafa þegar verið tekin upp innan Sambandsins fyrir aðrar dýrategundir en nautgripi s.s. lögboðna kerfið sem er notað í tengslum við sauðfé og geitur.

9) Í ljósi tæknilegu framfaranna að því er varðar rafræn auðkenningarkerfi hafa nokkur aðildarríki, að eigin frumkvæði, ákveðið að hrinda í framkvæmd rafrænni auðkenningu fyrir nautgripi. Líklegt er að slíkt frumkvæði leiði til þróunar á mismunandi kerfum í einstökum aðildarríkjum og hjá mismunandi hagsmunaaðilum. Þróun mismunandi kerfa myndi standa í vegi fyrir síðari samræmingu tæknistaðla innan Sambandsins. Tryggja ætti rekstrarsamhæfi rafrænna auðkenningarkerfa aðildarríkjanna sem og samræmi þeirra við viðkomandi ISO-staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem eru samþykktir af viðurkenndum alþjóðlegum staðlasetningarstofnunum, að því gefnu að þessir alþjóðlegu staðlar geti tryggt að minnsta kosti betri frammistöðu en ISO-staðlar.

10) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. janúar 2005 um möguleikann á að koma á rafrænni auðkenningu fyrir nautgripi var komist að þeirri niðurstöðu að sýnt hafi verið fram á að auðkenning með fjarskiptatíðni hafi þróast að því marki að hún gæti þegar nýst í raun. Í þeirri skýrslu var einnig komist að þeirri niðurstöðu að mjög æskilegt væri að skipta yfir í rafræna auðkenningu fyrir nautgripi innan Sambandsins þar sem það gæti, ásamt öðrum ávinningi, dregið úr stjórnsýsluálagi.

11) Samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 10. september 2008 sem ber heitið „Aðgerðaráætlun um framkvæmd dýraheilbrigðisstefnu Evrópusambandsins“ skal framkvæmdastjórnin einfalda upplýsingaskyldur, s.s. skrár búa og dýravegabréf, á meðan verið er að koma á rafrænum auðkenningarkerfum.

12) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. september 2007 sem ber heitið „Ný dýraheilbrigðisstefna fyrir Evrópusambandið (2007–2013) þar sem sagt er að „betra sé að fyrirbyggja en að þurfa að lækna““ er lagt til að íhuguð verði rafræn auðkenning fyrir nautgripi sem hugsanlegar endurbætur á núverandi kerfi Sambandsins til auðkenningar og skráningar til að einfalda upplýsingaskyldur, s.s. skrár búa og dýravegabréf, og lagt er til að komið verði á rafrænum skiptum á vegabréfum fyrir nautgripi. Skiptin myndu fela í sér að komið yrði á rafrænni auðkenningu með innfærslu gagna í rauntíma. Slík skipti myndu leiða til verulegs sparnaðar með tilliti til kostnaðar og vinnu fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og aðra hagsmunaaðila og þau myndu draga úr vinnuálagi við flutning gagna úr dýravegabréfum í tölvuvædda gagnagrunna. Reglugerð þessi er í samræmi við það framtaksverkefni.

13) Því er gert ráð fyrir því að þessi reglugerð eigi sinn þátt í nokkrum lykilmarkmiðum í helstu stefnuáætlunum Sambandsins, þ.m.t. áætluninni Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla, með því að bæta hagvöxt, samheldni og samkeppnishæfni.

14) Tiltekin þriðju lönd hafa þegar komið á reglum sem heimila háþróaða tækni fyrir rafræna auðkenningu. Evrópusambandið ætti að koma á svipuðum reglum til að greiða fyrir viðskiptum og auka samkeppnishæfni geirans.

15) Í ljósi tækniþróunar á nýjum tegundum rafrænna kennimerkja þykir rétt að víkka gildissvið auðkenningarinnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1760/2000, til að gera kleift að nota rafræn kennimerki sem opinbera auðkenningu. Þar sem innleiðing samsvarandi ákvæða felur í sér verulega fjárfestingu er nauðsynlegt að heimila fimm ára umbreytingartímabil til að gefa aðildarríkjunum þann tíma sem nauðsynlegur er til að undirbúa sig. Á meðan á umbreytingartímabilinu stendur skulu hefðbundin eyrnamerki vera áfram eina opinbera auðkenningin fyrir nautgripi.

16) Það gæti haft skaðleg áhrif á tiltekna stjórnendur að gera rafræna auðkenningu skyldubundna í öllu Sambandinu. Því er rétt, þegar rafræn auðkenning verður opinber aðferð til auðkenningar, að notkun hennar sé umsjónarmönnum valfrjáls. Með slíku valfrjálsu fyrirkomulagi myndu þeir umsjónarmenn, sem líklegir eru til að hafa efnahagslegan ávinning af því, kjósa rafræna auðkenningu en aðrir umsjónarmenn ættu að hafa möguleika á að auðkenna dýrin sín áfram með tveimur hefðbundnum eyrnamerkjum.

17) Ræktunarkerfi, starfsvenjur í landbúnaði og samtök atvinnugreina geta verið afar ólík eftir aðildarríkjum. Því ætti aðildarríkjum að vera heimilt að gera rafræna auðkenningu skyldubundna á sínu yfirráðasvæði, eingöngu ef þau telja það viðeigandi að teknu tilliti til allra þessara þátta, þ.m.t. áhrifa á smábændur, og að höfðu samráði við samtök sem eru fulltrúar nautgripaiðnaðarins. Í tilflutningi á dýrum til viðskipta innan Sambandsins ætti skyldan til rafrænnar auðkenningar nautgripa að hvíla á því aðildarríki sem gerði notkun rafrænnar auðkenningar skyldubundna á sínu yfirráðasvæði. Það ætti ekki að þýða að viðkomandi aðildarríki sé skylt að endurauðkenna dýr sem þegar hafa verið auðkennd með rafrænum hætti í sendingaraðildarríkinu.

18) Dýr og kjöt sem flutt eru inn í Sambandið frá þriðju löndum ættu að falla undir kröfur um auðkenningu og rekjanleika sem veita sambærilega vernd.

19) Þegar lifandi dýr eru flutt inn í Sambandið frá þriðju löndum ættu þau við komu að falla undir sömu kröfur um auðkenningu og gilda um dýr sem eru fædd í Sambandinu.

20) Opinberu auðkenningarnar tvær, sem dýri er úthlutað, ættu að bera sama auðkenniskóðann. Á meðan á fyrsta áfanga aðlögunar að notkun rafrænna kennimerkja sem opinberrar auðkenningar stendur er þó í ákveðnum tilvikum ekki hægt að útiloka að tæknilegar takmarkanir, sem tengjast samsetningu upprunalegs auðkenniskóða dýrs, gætu komið í veg fyrir afritun kóðans á rafrænt kennimerki. Þetta getur gerst í tilvikum þar sem rittákn, sem mynda fyrirliggjandi auðkenniskóða dýra, koma í veg fyrir hægt sé að breyta kóðanum yfir á rafrænt form. Því ætti að kveða á um sérstakar bráðabirgðaundanþágur til að einnig sé unnt að nota rafræn kennimerki á þessi dýr, að því tilskildu að fullur rekjanleiki sé tryggður og að bera megi kennsl á hvert dýr fyrir sig, þ.m.t. búið sem þau voru fædd á.

21) Í reglugerð (EB) nr. 1760/2000 er kveðið á um að lögbært yfirvald skuli gefa út vegabréf fyrir hvert dýr sem þarf að auðkenna í samræmi við þá reglugerð. Þetta veldur talsverðu stjórnsýsluálagi á aðildarríkin. Lögbærum yfirvöldum aðildarríkja er skylt að setja upp tölvuvæddan gagnagrunn í samræmi við 14. og 18. gr. tilskipunar ráðsins 64/432/EBE ([5]). Þar sem þessir gagnagrunnar hafa þurft að vera að fullu starfhæfir frá 31. desember 1999 ættu þeir tryggja rekjanleika á tilflutningi á nautgripum innanlands með fullnægjandi hætti. Því ætti eingöngu að gefa út vegabréf fyrir dýr sem eru ætluð til viðskipta innan Sambandsins. Með þessari reglugerð ætti þó ekki að útiloka landsákvæði varðandi útgáfu vegabréfa fyrir dýr sem ekki eru ætluð til viðskipta innan Sambandsins.

22) Framkvæmdastjórnin kom á fót BOVEX, sem er tilraunaverkefni fyrir skipti á vegabréfum fyrir nautgripi á milli aðildarríkja, til að greiða fyrir gagnaskiptum milli aðildarríkja og á sama tíma til að tryggja rekjanleika dýranna í tilflutningi innan Sambandsins. Um leið og gagnaskipti á milli

([5]) Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64)

landsbundinna tölvuvæddra gagnagrunna virka að fullu ætti krafan um útgáfu dýravegabréfa á pappír ekki lengur að gilda um dýr sem eru ætluð til tilflutninga innan Sambandsins. Þetta ætti að draga úr stjórnsýsluálagi á aðildarríki og rekstraraðila.

23) Í II. þætti II. bálks reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 er mælt fyrir um reglur varðandi valfrjálst merkingarkerfi fyrir nautakjöt, sem kveða á um samþykki fyrir tilteknum forskriftum fyrir merkingar frá lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis. Stjórnsýsluálag og kostnaður sem skapast fyrir aðildarríki og rekstraraðila með beitingu þessa kerfis eru ekki í réttu hlutfalli við kosti kerfisins. Þar sem ný löggjöf hefur öðlast gildi frá samþykkt þeirrar reglugerðar er sértækum reglum um valfrjáls merkingarkerfi því ofaukið og því ætti að fella þær brott. Þetta ætti þó ekki að takmarka rétt stjórnenda til að upplýsa neytendur með valfrjálsum merkingum um eiginleika kjötsins og rétt neytenda til að fá sannprófanlegar upplýsingar. Af þessum sökum, eins og við á um aðrar tegundir kjöts, ættu matvælaupplýsingar um nautakjöt, sem ganga lengra en skyldubundin merking, að vera í samræmi við gildandi lárétta löggjöf, þ.m.t. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1169/2011 ([6]).

24) Viðeigandi eftirlit og viðurlög ættu hafa nægilega letjandi áhrif til að koma í veg fyrir svik í merkingu á kjöti og til að vernda evrópska neytendur.

25) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 lagði framkvæmdastjórnin fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um lögboðna tilgreiningu upprunalands eða upprunastaðar fyrir kjötið sem er notað sem innihaldsefni. Þeirri skýrslu átti að fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á, til að tryggja meiri gagnsæi í kjötferlinu og til að upplýsa evrópska neytendur betur. Með tilliti til nýjustu vandamála í tengslum við merkingar kjötafurða, sem hafa haft áhrif á virkni matvælaferlisins, gerði Evrópuþingið og ráðið ráð fyrir að skýrslan yrði samþykkt svo fljótt sem við væri komið á síðari árshelmingi 2013 og var hún loks samþykkt 17. desember 2013.

26) Vegna gildistöku Lissabonsáttmálans er nauðsynlegt að samræma valdheimildirnar, sem eru veittar framkvæmdastjórninni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1760/2000, við 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).

27) Til að tryggja að nauðsynlegum reglum sé beitt varðandi eðlilega virkni auðkenningar, skráningar og rekjanleika nautgripa og nautakjöts, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290 gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar kröfur um annars konar auðkenningu fyrir nautgripi, þær sérstöku kringumstæður þar sem aðildarríki hafa heimild til að lengja hámarkstímabilið fyrir notkun auðkenningarinnar, gagnaskipti á milli tölvuvæddu gagnagrunnanna í aðildarríkjunum, hámarkstímabilið fyrir tiltekna kvöð um skýrslugjöf, kröfurnar fyrir auðkenninguna, viðbót auðkenningar á skrána sem sett er fram í I. viðauka, reglurnar varðandi upplýsingarnar úr tölvuvædda gagnagrunninum sem eiga að vera í dýravegabréfunum og í sérstöku skránum sem á að halda á hverju búi, auðkenningu og skráningu á tilflutningum á nautgripum þegar þeir eru settir á árstíðabundna beit, þ.m.t. farbeitarbúskapur, reglur fyrir merkingu tiltekinna afurða sem ættu að vera jafngildar reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1760/2000, ákvæðin um merkingar sem varða einfaldaða framsetningu á vísun á uppruna í tilvikum þar sem dýr hefur mjög stutta viðveru í aðildarríkinu eða þriðja landi þar sem dýrið er fætt eða því slátrað, ásamt skilgreiningunum og kröfunum sem gilda um heiti eða flokka heita sem gæti þurft að setja á merkimiða fyrir forpakkað nýtt eða fryst nautakjöt eða kálfakjöt. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu slíkra framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

28) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar skráningu búa sem nota annars konar auðkenningu, tæknilega eiginleika og ítarlegt fyrirkomulag fyrir gagnaskipti á milli tölvuvæddra gagnagrunna í aðildarríkjunum, viðurkenningu á að gagnaskiptakerfin virki að fullu, snið og hönnun auðkenningarinnar, tækniaðgerðir og staðla fyrir framkvæmd rafrænnar auðkenningar, reglurnar um samsetningu auðkenniskóðans, hámarksstærð og samsetningu tiltekinna hópa dýra, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([7]).

29) Fylgjast ætti með framkvæmd þessarar reglugerðar. Af þessum sökum ætti framkvæmdastjórnin, eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar að því er varðar ákvæði varðandi valfrjálsa merkingu nautakjöts, og níu árum að því er varðar ákvæði varðandi rafræna auðkenningu, að leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tvær skýrslur, sem fjalla bæði um framkvæmd þessarar reglugerðar og um það hvort hagkvæmt sé og tæknilega framkvæmanlegt að koma á skyldubundinni rafrænni auðkenningu allsstaðar í Sambandinu. Viðeigandi lagatillögur ættu að fylgja skýrslunni ef nauðsyn krefur.

30) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1760/2000 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1760/2000 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. gr. falli annar málsliður 2. mgr. brott.

2) Í stað fyrsta undirliðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„— „dýr“: nautgripir í skilningi b- og c-liðar 2. mgr. 2. gr. í tilskipun 64/432/EBE, þ.m.t. dýr sem taka þátt í menningar- og íþróttaviðburðum“.

3) Í stað a-liðar fyrstu málsgreinar 3. gr. komi eftirfarandi:

„a) auðkenningu til að auðkenna hvert dýr sérstaklega“,

4) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Skylda til að auðkenna dýr

1. Öll dýr á búi skulu auðkennd með a.m.k. tvenns konar auðkenningum sem eru skráðar í I. viðauka og í samræmi við reglur sem voru samþykktar skv. 3. mgr. og samþykktar af lögbæru yfirvaldi. Að minnsta kosti önnur auðkenningin skal vera sýnileg og bera sýnilegan auðkenniskóða.

Fyrsta undirgrein skal ekki gilda um dýr sem fæddust fyrir 1. janúar 1998 og eru ekki ætluð til viðskipta innan Sambandsins. Þau dýr skulu auðkennd með a.m.k. einni auðkenningu.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

Til að tryggja aðlögun að tækniframförum skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b varðandi viðbót auðkenningar í skrána sem sett er fram í I. viðauka, á meðan samhæfi þeirra er tryggt.

Búum skal úthlutað auðkenningum og þeim dreift og þær notaðar á dýrin með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

Báðar auðkenningarnar sem eru leyfðar í samræmi við framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar voru skv. 3. mgr. og þessari málsgrein, og eru notaðar á eitt dýr, skulu bera sama sérstaka auðkenniskóðann sem gerir kleift, ásamt skráningu dýranna, að auðkenna hvert dýr fyrir sig ásamt búinu sem það var fætt á.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt, í þeim tilvikum þar sem rittáknin sem mynda auðkenniskóða dýrsins leyfa ekki notkun rafræns kennimerkis með sama sérstaka auðkenniskóðanum, að leyfa að önnur auðkenning beri annars konar kóða, undir eftirliti lögbærs yfirvalds, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) dýrið fæddist fyrir gildistökudag framkvæmdargerðanna sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 3. mgr.,

b) fullur rekjanleiki er tryggður,

c) unnt er að auðkenna hvert dýr um sig, þ.m.t. búið sem það var fætt á,

d) dýrið er ekki ætlað til viðskipta innan Sambandsins.

3. Til að tryggja fullnægjandi rekjanleika, aðlögunarhæfni að tækniframförum og bestu virkni auðkenningarkerfisins skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b varðandi kröfurnar vegna auðkenningarinnar, sem settar eru fram í I. viðauka, og nauðsynlegar umbreytingarráðstafanirnar í tengslum við innleiðingu tiltekinnar auðkenningar.

Á grundvelli viðkomandi ISO-staðla eða annarra alþjóðlegra tæknilegra staðla sem eru samþykktir af viðurkenndum alþjóðlegum staðlasetningarstofnunum, að því gefnu að þessir alþjóðlegu staðlar geti tryggt að minnsta kosti betri frammistöðu og áreiðanleika en ISO-staðlar, skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, mæla fyrir um nauðsynlegar reglur varðandi:

a) snið og hönnun auðkenningarinnar,

b) tækniaðgerðir fyrir rafræna auðkenningu nautgripa og

c) samsetningu auðkenniskóðans.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

4. Frá og með 18. júlí 2019 skulu aðildarríki tryggja að nauðsynlegir innviðir séu til staðar svo unnt sé að auðkenna dýr með aðstoð rafræns kennimerkis sem er notað sem opinber auðkenning í samræmi við þessa reglugerð.

Frá og með 18. júlí 2019 er aðildarríkjum heimilt að innleiða landsákvæði sem gera notkun rafræns kennimerkis skyldubundna sem önnur tveggja auðkenninga sem kveðið er á um í 1. mgr.

Aðildarríki sem nýta sér valkostinn samkvæmt annarri undirgrein skulu leggja slík landsákvæði fyrir framkvæmdastjórnina og gera þessar upplýsingar aðgengilegar á Netinu. Framkvæmdastjórnin skal aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar almenningi með því að birta á vefsetri sínu tengla á viðkomandi vefsetur aðildarríkjanna.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að auðkenna nautgripi, sem ætlaðir eru til menningar- og íþróttaviðburða, annarra en kaupstefna og sýninga, með annars konar auðkenningu sem veitir jafngilda auðkenningarstaðla og þeir sem kveðið er á um í 1. mgr.

Bú sem nota annars konar auðkenningu, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu skráð í tölvuvædda gagnagrunninn sem kveðið er á um í 5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal með framkvæmdargerðum mæla fyrir um nauðsynlegar reglur varðandi slíka skráningu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

Til að tryggja rekjanleika á grundvelli auðkenningarstaðla sem eru jafngildir þeim sem kveðið er á um í 1. mgr. skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b varðandi kröfurnar vegna annars konar auðkenningar, sem um getur í fyrstu undirgrein, þ.m.t. umbreytingarráðstafanir sem þarf til að innleiða þær.

Framkvæmdastjórninni er heimilt með framkvæmdargerðum að mæla fyrir um reglur varðandi snið og hönnun annars konar auðkenninga sem um getur í fyrstu undirgrein, þ.m.t. umbreytingarráðstafanir sem þarf til að innleiða þær. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

6. Aðildarríkin skulu senda hvert öðru og framkvæmdastjórninni tilkynningu um fyrirmynd að auðkenningu sem er notuð á þeirra yfirráðasvæði. Þau skulu gera þessar upplýsingar aðgengilegar á Netinu. Framkvæmdastjórnin skal aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar almenningi með því að birta á vefsetri sínu tengla á viðkomandi vefsetur aðildarríkjanna.“

5) Eftirfarandi greinar bætist við:

„4. gr. a

Tímabil til notkunar auðkenningar

1. Auðkenningin sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. skal notuð á dýrið áður en hámarkstímabil, sem aðildarríkið þar sem dýrið er fætt ákveður, er liðið. Hámarkstímabilið skal reiknað út frá fæðingardegi dýrsins og skal ekki vara lengur en 20 daga.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er heimilt, af ástæðum sem varða lífeðlisfræðilegan þroska dýranna, að lengja þetta tímabil fyrir aðra auðkenningu um allt að 60 daga eftir fæðingu dýrsins.

Ekkert dýr má yfirgefa búið sem það er fætt á áður en auðkenningarnar tvær hafa verið notaðar á dýrið.

2. Til að unnt sé að nota auðkenninguna við sérstakar kringumstæður sem fela í sér erfiðleika við framkvæmd skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að ákveða við hvaða kringumstæður aðildarríkjunum er heimilt að lengja hámarkstímabilið fyrir notkun auðkenningarinnar, eins og kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein 1. mgr. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni í hvert sinn sem þau nýta sér þennan valkost.

4. gr. b

Auðkenning dýra frá þriðju löndum

1. Öll dýr sem þurfa að gangast undir heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum, samkvæmt tilskipun 91/496/EBE, og koma inni í Sambandið frá þriðja landi og eru ætluð fyrir viðtökubú innan yfirráðasvæðis Sambandsins, skal auðkenna á viðtökubúinu með auðkenningunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr.

Upprunalega auðkenningin sem notuð var á dýrið í þriðja landi sem er upprunaland skal skráð í tölvuvæddan gagnagrunn búsins, sem kveðið er á um í 5. gr., ásamt sérstökum auðkenniskóða auðkenningarinnar sem dýrinu var úthlutað í viðtökuaðildarríkinu.

Fyrsta undirgrein skal ekki gilda um dýr sem er ætlað að fara beint í sláturhús sem er staðsett í aðildarríki, að því tilskildu að dýrunum sé slátrað innan 20 daga eftir að heilbrigðiseftirlitið með dýrum og dýraafurðum samkvæmt tilskipun 91/496/EBE hefur farið fram.

2. Auðkenningin á dýrunum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr., skal notuð innan hámarkstímabils, sem ákveðið er af aðildarríkinu þar sem viðtökubúið er staðsett. Þetta tímabil skal ekki vera lengra en 20 dagar eftir að heilbrigðiseftirlitið með dýrum og dýraafurðum, sem um getur í 1. mgr., hefur farið fram.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er heimilt, af ástæðum sem varða lífeðlisfræðilegan þroska dýranna, að lengja þetta tímabil fyrir aðra auðkenningu um allt að 60 daga eftir fæðingu dýrsins.

Í öllum tilvikum skal nota báðar auðkenningar, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 4. gr., á dýrin áður en þau yfirgefa viðtökubúið.

3. Ef viðtökubúið er staðsett í aðildarríki sem hefur innleitt landsákvæði samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. 4. gr. til að gera notkun rafræns kennimerkis skyldubundna skulu dýrin auðkennd með rafræna kennimerkinu á viðtökubúinu í Sambandinu innan tímabils sem viðtökuaðildarríkið ákveður. Þetta tímabil skal ekki vera lengra en 20 dagar eftir að heilbrigðiseftirlitið með dýrum og dýraafurðum, sem um getur í 1. mgr., hefur farið fram.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er heimilt, af ástæðum sem varða lífeðlisfræðilegan þroska dýranna, að lengja þetta tímabil fyrir aðra auðkenningu um allt að 60 daga eftir fæðingu dýrsins.

Í öllum tilvikum skal nota rafræna kennimerkið á dýrin áður en þau yfirgefa viðtökubúið.

4. gr. c

Auðkenning dýra sem eru flutt frá einu aðildarríki til annars

1. Dýr sem eru flutt frá einu aðildarríki til annars skulu halda upprunalegu auðkenningunum sem notuð hafa verið á þau skv. 1. mgr. 4. gr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein má þó lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis, frá og með 18. júlí 2019, heimila:

a) skipti á einni auðkenningu fyrir rafrænt kennimerki án þess að breyta upprunalega sérstaka auðkenniskóða dýrsins,

b) skipti á báðum auðkenningum fyrir tvær nýjar auðkenningar sem bera báðar sama nýja sérstaka auðkenniskóðann. Þessari undanþágu er heimilt að beita í allt að fimm ár eftir 18. júlí 2019, í þeim tilvikum þar sem rittáknin, sem mynda auðkenniskóða hefðbundins eyrnamerkis dýrs, leyfa ekki notkun rafræns kennimerkis með sama sérstaka auðkenniskóðanum og að því tilskildu að dýrið hafi fæðst fyrir gildistökudag framkvæmdargerðanna sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 4. gr.

2. Ef viðtökubúið er staðsett í aðildarríki sem hefur innleitt landsákvæði til að gera notkun rafræns kennimerkis skyldubundna skulu dýrin auðkennd með rafræna kennimerkinu eigi síðar en á viðtökubúinu í Sambandinu innan hámarkstímabils sem aðildarríkið, þar sem viðtökubúið er staðsett, ákveður. Þetta hámarkstímabil skal ekki vera lengra en 20 dagar frá komudegi dýranna til viðtökubúsins.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er heimilt, af ástæðum sem varða lífeðlisfræðilegan þroska dýranna, að lengja þetta tímabil fyrir aðra auðkenningu um allt að 60 daga eftir fæðingu dýrsins.

Í öllum tilvikum skal nota rafræna kennimerkið á dýrin áður en þau yfirgefa viðtökubúið.

Fyrsta undirgrein skal þó ekki gilda um dýr sem er ætlað að fara beint í sláturhús sem er staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem hefur innleitt landsákvæði til að gera notkun rafræns kennimerkis skyldubundna.

4. gr. d

Fjarlæging, breyting eða skipti á auðkenningu

Óheimilt er að fjarlægja, breyta eða skipta um auðkenningu án leyfis lögbæra yfirvaldsins. Slíkt leyfi má eingöngu veita ef fjarlægingin, breytingin eða skiptin skaða ekki rekjanleika dýrsins og ef hægt er að auðkenna hvert dýr fyrir sig, þ.m.t. búið sem það var fætt á.

Í hvert sinn sem skipt er um auðkenniskóða skal skrá það í tölvuvædda gagnagrunninn, sem kveðið er á um í 5. gr., ásamt sérstökum auðkenniskóða upprunalegrar auðkenningar dýrsins.“

6) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Lögbært yfirvald aðildarríkjanna skal koma á tölvuvæddum gagnagrunni í samræmi við 14. og 18. gr. tilskipunar 64/432/EBE.

Aðildarríki geta skipst á rafrænum gögnum á milli rafrænna gagnagrunna sinna frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin viðurkennir að gagnaskiptakerfið virki að fullu. Skiptin skulu fara þannig fram að gagnavernd sé tryggð og að komið sé í veg fyrir hvers konar misnotkun til að vernda hagsmuni umsjónarmannsins.

Til að tryggja rafræn upplýsingaskipti milli aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að mæla fyrir um reglur varðandi gagnaskipti á milli tölvuvæddra gagnagrunna aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin skal með framkvæmdargerðum mæla fyrir um tæknileg skilyrði og fyrirkomulag slíkra skipta og staðfesta að gagnaskiptakerfið virki að fullu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.“

7) Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Ef aðildarríki skiptist ekki á rafrænum gögnum við önnur aðildarríki innan ramma rafræna gagnaskiptakerfisins sem um getur í 5. gr. gildir eftirfarandi:

a) lögbært yfirvald aðildarríkisins skal, fyrir hvert dýr sem er ætlað til viðskipta innan Sambandsins, gefa út vegabréf sem byggist á upplýsingunum úr tölvuvædda gagnagrunninum sem settur var upp í því aðildarríki,

b) hverju dýri, sem vegabréf hefur verið gefið út fyrir, skal fylgja slíkt vegabréf þegar það er flutt frá einu aðildarríki til annars,

c) við komu dýrsins á viðtökubúið skal vegabréfið, sem fylgir dýrinu, afhent lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem viðtökubúið er staðsett.

2. Til að unnt sé að rekja tilflutning á dýrum til baka til upprunabúsins sem staðsett er í aðildarríki skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að mæla fyrir um reglur varðandi upplýsingarnar úr tölvuvædda gagnagrunninum sem eiga að vera í dýravegabréfinu, þ.m.t. umbreytingarráðstafanirnar sem þarf til að innleiða þær.“

8) Eftirfarandi grein bætist við:

„6. gr. a

Þessi reglugerð skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki setji landsákvæði varðandi útgáfu vegabréfa fyrir dýr sem ekki eru ætluð til viðskipta innan Sambandsins.“

9) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað annars undirliðar komi eftirfarandi:

„— tilkynna lögbæru yfirvaldi innan hámarkstímabils, sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður, um alla flutninga til og frá búinu og allar fæðingar og dauða dýra á búinu ásamt dagsetningum þessara atburða; hámarkstímabilið skal vera a.m.k. þrír dagar en ekki vera lengra en sjö dagar frá því að einhver þessara atburða á sér stað; aðildarríkin geta beðið framkvæmdastjórnina um að framlengja sjö daga hámarkstímabilið.“

ii. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„Til að taka tillit til erfiðleika við framkvæmd í undantekningartilvikum skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að ákveða þau undantekningartilvik þar sem aðildarríkjum er heimilt að framlengja sjö daga hámarkstímabilið, sem kveðið er á um í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar, og hámarkslengd þessarar framlengingar sem skal ekki vera lengri en 14 dagar að loknu sjö daga tímabilinu sem um getur í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Til að tryggja fullnægjandi og árangursríkan rekjanleika nautgripa þegar þeir eru settir í árstíðabundna beit skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b varðandi aðildarríki eða hluta aðildarríkis þar sem sérreglur skulu gilda varðandi árstíðabundna beit, þ.m.t. tímabilið, sérstakar skyldur umsjónarmannanna, og reglur um skráningu búa og skráningu flutninga slíkra nautgripa, þ.m.t. umbreytingarráðstafanir sem þarf til að innleiða þær.“

c) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„5. Þrátt fyrir 4. mgr. skal það að halda skrá vera valkvætt fyrir hvern þann umsjónarmann sem:

a) hefur aðgang að tölvuvædda gagnagrunninum sem kveðið er á um í 5. gr. og inniheldur þegar upplýsingarnar sem skulu vera í skránni og

b) færir eða hefur fært uppfærðar upplýsingar beint inn í tölvuvædda gagnagrunninn sem kveðið er á um í 5. gr.

6. Til að tryggja nákvæmni og áreiðanleika upplýsinganna sem skulu vera í skrá búsins, sem kveðið er á um í þessari grein, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að mæla fyrir um nauðsynlegar reglur varðandi þessar upplýsingar, þ.m.t. umbreytingarráðstafanir sem þarf til að innleiða þær.“

10) Ákvæði 8. gr. falli brott.

11) Eftirfarandi grein bætist við:

„9. gr. a

Þjálfun

Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðili sem ber ábyrgð á auðkenningu og skráningu dýra hafi fengið fyrirmæli og leiðbeiningar um viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar og um allar framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þessari reglugerð.

Þegar viðkomandi ákvæðum er breytt skal gera samsvarandi upplýsingar aðgengilegar aðilanum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Aðildarríki skulu sjá til þess að viðeigandi námskeið séu í boði.

Framkvæmdastjórnin skal greiða fyrir því að skipst sé á bestu starfsvenjum til að auka gæði upplýsinganna og þjálfunar í öllu Sambandinu.“

12) Ákvæði 10. gr. falli brott.

13) Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

Í þessum bálki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „nautakjöt“: allar vörur sem falla undir SN-númer 0201, 0202, 02061095 og 02062991,

2) „merking“: áfesting merkimiða á eitt kjötstykki eða fleiri eða á umbúðaefni þeirra eða, ef um er að ræða vörur sem eru ekki forpakkaðar, að viðeigandi upplýsingar séu skriflegar og sýnilegar fyrir neytandann við sölu,

3) „fyrirtæki“: hópur stjórnenda frá sama hluta eða mismunandi sviðum nautakjötsiðnaðarins,

4) „hakkað kjöt“: allt úrbeinað kjöt sem hefur verið hakkað í slitrur og inniheldur minna en 1% salt og fellur undir SN-númer 0201, 0202, 02061095 og 02062991,

5) „afskurður“: litlir bitar af kjöti, viðurkenndir sem hæfir til manneldis og eingöngu framleiddir við afskurð þegar skrokkar eru úrbeinaðir og/eða kjöt skorið,

6) „stykkjað kjöt“: kjöt sem hefur verið skorið í litla teninga, sneiðar eða aðra staka skammta sem stjórnandi þarf ekki að stykkja frekar áður en lokaneytandi kaupir það og sem sá neytandi getur notað beint. Þessi skilgreining nær ekki yfir hakkað kjöt og afskurð.“

14) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 3. og 4. mgr. falli brott.

b) Í stað inngangsorðanna í a-lið 5. mgr. komi eftirfarandi:

„a) Stjórnendur og fyrirtæki skulu einnig tilgreina á merkimiðunum:“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Til að koma í veg fyrir óþarfa endurtekningu á merkimiðanum fyrir nautakjötið á upplýsingum um aðildarríkin eða þriðju lönd þar sem eldið hefur farið fram, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b sem varða einfaldaða framsetningu í þeim tilvikum þar sem dýr hefur mjög stutta viðveru í aðildarríkinu eða þriðja landi þar sem dýrið er fætt eða því slátrað.

Framkvæmdastjórnin skal með framkvæmdargerðum samþykkja reglur varðandi hámarksstærð og samsetningu hóps þeirra dýra sem um getur í 1. mgr. og a-lið 2. mgr., að teknu tilliti til takmarkana að því er varðar einsleitni hópa þeirra dýra sem stykkjaða kjötið og afskurðurinn eru af. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.“

15) Í stað fjórðu málsgreinar 14. gr. komi eftirfarandi:

„Til að tryggja samræmi við þverlægar reglur varðandi merkingu í þessum þætti skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b til að mæla fyrir um reglur, á grundvelli fenginnar reynslu að því er varðar hakkað kjöt, sem eru jafngildar reglunum í fyrstu þremur málsgreinum þessarar greinar, fyrir nautakjötsafskurð eða stykkjað nautakjöt.“

16) Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

Skyldubundið merkingarkerfi fyrir nautakjöt frá þriðju löndum

Þrátt fyrir 13. gr. skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar á nautakjöti sem flutt er inn á yfirráðasvæði Sambandsins, þar sem ekki eru fáanlegar allar upplýsingar sem kveðið er á um í 13. gr.:

„Uppruni: utan ESB“ og „slátrað í: (heiti þriðja lands)“.

17) Frá 13. desember 2014:

a) í stað fyrirsagnar II. þáttar í II. bálki komi orðin „Valfrjáls merking“,

b) ákvæði 16., 17. og 18. gr. falli brott og

c) eftirfarandi grein bætist við í II. þætti II. bálks:

„15. gr. a

Almennar reglur

Upplýsingar um matvæli aðrar en þær sem tilgreindar eru í 13., 14. og 15. gr., sem stjórnendum eða fyrirtækjum sem markaðssetja nautakjöt er frjálst að bæta við á merkimiðana skulu vera hlutlægar og að lögbær yfirvöld geti sannreynt þær og þær séu skiljanlegar fyrir neytendur.

Þessar upplýsingar skulu fylgja láréttu löggjöfinni um merkingu og einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([8]).

Ef stjórnendur eða fyrirtæki sem markaðssetja nautakjöt virða ekki skyldurnar sem um getur í fyrstu og annarri málsgrein skal beita viðeigandi viðurlögum, eins og mælt er fyrir um í 22. gr.

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. b varðandi skilgreiningar og kröfur sem gilda um heiti eða flokka heita sem gæti þurft að setja á merkimiða fyrir forpakkað nýtt eða fryst nautakjöt eða kálfakjöt.“

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011., bls. 18).

18) Ákvæði 19., 20. og 21. gr. falli brott.

19) Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

„22. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

Eftirlitið, sem kveðið er á um, skal ekki hafa áhrif á annað eftirlit sem framkvæmdastjórnin getur framkvæmt skv. 9. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2988/95.

Öll viðurlög sem aðildarríkið beitir umsjónarmann, stjórnanda eða fyrirtæki sem markaðssetja nautakjöt skulu vera skilvirk, letjandi og í réttu hlutfalli við brotið.

Lögbært yfirvald skal framkvæma ár hvert lágmarksfjölda opinberra eftirlita í tengslum við auðkenningu og skráningu dýra, sem skal ná yfir a.m.k. 3% búa.

Lögbært yfirvald skal tafarlaust auka lágmarksfjölda opinberu eftirlitanna sem um getur í annarri undirgrein ef staðfest er að ekki hafi verið farið að ákvæðum um auðkenningu og skráningu dýra.

Val á búum sem lögbært yfirvald á að skoða skal byggt á áhættugreiningu.

Hvert aðildarríki skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina ársskýrslu, eigi síðar en 31. ágúst, um framkvæmd opinbers eftirlits á undangengnu ári.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal lögbæra yfirvaldið beita umsjónarmann eftirfarandi stjórnsýsluviðurlögum:

a) ef eitt eða fleiri dýr á búi uppfylla ekkert þeirra ákvæða sem mælt er fyrir um í I. bálki, takmörkun á tilflutningi á öllum dýrum til eða frá búi umsjónarmanns sem um ræðir,

b) ef um er að ræða dýr sem uppfylla ekki að öllu leyti kröfur um auðkenningu og skráningu sem mælt er fyrir um í I. bálki, tafarlaus takmörkun á tilflutningi á þeim dýrum eingöngu, þar til kröfurnar hafa verið uppfylltar að fullu,

c) ef fjöldi dýra á einu búi, þar sem kröfur um auðkenningu og skráningu, sem mælt er fyrir um í I. bálki, eru ekki uppfylltar að öllu leyti, fer yfir 20%, tafarlaus takmörkun á tilflutningi á öllum dýrum á því búi; að því er varðar bú með 10 dýr eða færri gildir þessi ráðstöfun ef fleiri en tvö dýr eru ekki að öllu leyti auðkennd í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. bálki,

d) ef umsjónarmaður dýrs getur ekki sannreynt auðkenni dýrsins og rekjanleika þess skal, eftir því sem við á, á grundvelli mats á áhættu fyrir heilbrigði dýra og matvælaöryggi, eyða dýrinu án þess að bætur fáist greiddar,

e) ef umsjónarmaður tilkynnir ekki lögbærum yfirvöldum um tilflutninga á dýri að og frá búi sínu, í samræmi við annan undirlið 1. mgr. 7. gr., skal lögbært yfirvald setja takmarkanir á tilflutning á dýrum að og frá því búi,

f) ef umsjónarmaður tilkynnir ekki lögbærum yfirvöldum um fæðingu eða dauða dýrs, í samræmi við annan undirlið 1. mgr. 7. gr., skal lögbært yfirvald setja takmarkanir á tilflutning á dýrum að og frá því búi,

g) í tilvikum þar sem um er að ræða viðvarandi vanrækslu af hálfu umsjónarmanns við að greiða gjaldið sem um getur í 9. gr. geta aðildarríkin sett takmarkanir á tilflutning á dýrum að og frá búi hans.

3. Ef stjórnendur og fyrirtæki sem markaðssetja nautakjöt hafa merkt nautakjöt án þess að uppfylla skyldur sínar sem mælt er fyrir um í II. bálki skulu aðildarríki, þrátt fyrir 1. mgr., eins og við á og í samræmi við meðalhófsregluna, krefjast þess að nautakjötið sé fjarlægt af markaði. Til viðbótar við viðurlögin sem um getur í 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt:

a) ef kjötið sem um er að ræða er í samræmi við viðeigandi reglur sem varða heilbrigði dýra og dýraafurða og reglur um hollustuhætti, að heimila að slíkt nautakjöt

i. sé sett á markað eftir að hafa verið merkt á tilhlýðilegan hátt í samræmi við kröfur Sambandsins, eða

ii. sé sent beint til vinnslu í afurðir aðrar en þær sem tilgreindar eru í fyrsta undirlið 12. gr.,

b) að fyrirskipa tímabundna niðurfellingu eða afturköllun á samþykki hlutaðeigandi stjórnenda og fyrirtækja.

4. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni skulu, ásamt lögbærum yfirvöldum:

a) fullvissa sig um að aðildarríkin uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð,

b) framkvæma vettvangseftirlit til að tryggja að eftirlit fari fram í samræmi við þessa reglugerð.

5. Fari vettvangseftirlit fram á yfirráðasvæði aðildarríkis skal aðildarríkið veita sérfræðingum frá framkvæmdastjórninni alla þá aðstoð sem þeim er nauðsynleg til að leysa af hendi verkefni sín. Ræða skal niðurstöður eftirlitsins við lögbæra yfirvaldið í viðkomandi aðildarríki áður en samin er lokaskýrsla og henni dreift. Skýrslan skal, ef við á, fela í sér tilmæli til aðildarríkjanna um að fara betur að ákvæðum þessarar reglugerðar.

20) Eftirfarandi greinar bætist við:

„22. gr. a

Lögbær yfirvöld

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og allra gerða sem framkvæmdastjórnin samþykkir á grundvelli hennar.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það hvaða yfirvöld voru tilnefnd.

22. gr. b

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 4. gr. (1., 3. og 5. mgr.), 4. gr. a (2. mgr.), 5. gr., 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (1., 2. og 6. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 14. gr. (4. mgr.) og 15. gr. a í fimm ár frá 17. júlí 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 4. gr. (1., 3. og 5. mgr.), 4. gr. a (2. mgr.), 5. gr., 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (1., 2. og 6. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 14. gr. (4. mgr.) og 15. gr. a. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. gr. (1., 3. og 5. mgr.), 4. gr. a (2. mgr.), 5. gr., 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (1., 2. og 6. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 14. gr. (4. mgr.) og 15. gr. a, skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

21) Í stað 23. gr. komi eftirfarandi:

„23. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem komið var á fót skv. 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([9]) að því er varðar framkvæmdargerðir sem samþykktar eru skv. 4. gr. (3. og 5. mgr.), 5. og 13. gr. (6. mgr.).

Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([10]).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Þegar álit nefndarinnar skal fengið með skriflegri málsmeðferð skal þeirri málsmeðferð ljúka án árangurs ef formaður nefndarinnar ákveður það eða einfaldur meirihluti nefndarmanna fer fram á það innan frestsins sem gefinn er til að skila álitinu.“

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

22) Eftirfarandi grein bætist við:

„23. gr. a

Skýrsla og þróun löggjafar

Eigi síðar en:

— 18. júlí 2019 að því er varðar ákvæðin um valkvæða merkingu og

— 18. júlí 2023 að því er varðar ákvæðin um rafræna auðkenningu,

skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tilheyrandi skýrslur um framkvæmd og áhrif þessarar reglugerðar, þ.m.t. í fyrsta lagi, um mögulega endurskoðun á ákvæðum um valkvæða merkingu og í öðru lagi, um hvort hagkvæmt sé og tæknilega framkvæmanlegt að koma á skyldubundinni rafrænni auðkenningu allsstaðar í Sambandinu.

Viðeigandi lagatillögur skulu fylgja skýrslunni ef nauðsyn krefur.“

23) Eftirfarandi viðauki bætist við:

„I. VIÐAUKI

AUÐKENNING

A) HEFÐBUNDIÐ EYRNAMERKI

FRÁ OG MEÐ 18. JÚLÍ 2019 GILDIR EFTIRFARANDI:

B) RAFRÆNT KENNIMERKI Í FORMI RAFRÆNS EYRNAMERKIS

C) RAFRÆNT KENNIMERKI Í FORMI VAMBARSTAUTS

D) RAFRÆNT KENNIMERKI Í FORMI STUNGUÖRMERKIS“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/728 **2015/EES/74/14**

frá 6. maí 2015

um breytingu á skilgreiningunni á sérstöku áhættuefni sem er sett fram í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [áður smitandi heilahrörnun] í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.

2) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að sérstakt áhættuefni skuli fjarlægt og því fargað í samræmi við V. viðauka við þá reglugerð. Í samræmi við þann viðauka tekur sérstakt áhættuefni til garna frá skeifugörn til endaþarms og garnahengis úr nautgripum á öllum aldri.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins — Leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla — Áætlunarskjal um smitandi svampheilakvilla fyrir árin 2010–2015 frá 16. júlí 2010 ([2]) kemur fram að byggja ætti allar breytingar á núgildandi skrá yfir sérstök áhættuefni, sem um getur í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 (hér á eftir „skrá yfir sérstök áhættuefni“), á nýrri, vísindalegri þekkingu sem er í þróun um leið og öflugri neytendavernd er viðhaldið innan Sambandsins.

4) Hinn 13. febrúar 2014 gaf Matvælaöryggisstofnun Evrópu út vísindalegt álit á áhættu í tengslum við kúariðu í görnum og garnahengi úr nautgripum ([3]) (hér á eftir nefnt „álit Matvælaöryggisstofnunarinnar“) þar sem gefin er magnákvörðun á því hversu mikil smitvirkni er í mismunandi hlutum garna og garnahengis úr nautgripum. Samkvæmt áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar um kúariðusmitaða nautgripi: i) að 36 mánaða aldri er yfir 90% af smitvirkni kúariðu tengd síðustu 4 metrunum af smáþörmunum og botnristlinum; ii) milli 36 og 60 mánaða aldurs er umtalsverður breytileiki milli einstaklinga á hlutfallslegu framlagi þarma- og garnahengiskerfis til heildarsmitvirkni; iii) frá 60 mánaða aldri tengjast yfir 90% af smitvirkni kúariðu taugum garnahengis og taugahnoða í kviðarholi og garnahengi; iv) framlag skeifugarnar, ristils og eitla í garnahengi er minna en 0,1% af heildarsmitvirkni í sýktu dýri, óháð aldri þess við aflífun. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar kemur einnig fram að heildarsmitvirknin sem tengist þessum vefjum er breytileg eftir aldri sýkta dýrsins og nær hámarki í dýrum sem eru yngri en 18 mánaða og fer svo stiglækkandi hjá dýrum sem eru eldri en 60 mánaða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 116, 7.5.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) Communication from the Commission to the European Parliament and the Council — The TSE Road map 2 — A Strategy paper on Transmissible Spongiform Encephalopathies for 2010-2015; COM(2010) 384 lokagerð.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(2), 3554.

5) Taugar garnahengis og taugahnoð í kviðarholi og garnahengi eru vefir sem tengjast garnahenginu og garnahengisfitunni og því er engin hagkvæm leið til þess að skilja á milli þeirra á skilvirkan hátt.

6) Til þess að tryggja að hægt sé að starfa eftir reglunum um fjarlægingu á sérstöku áhættuefni, til að þær séu ekki óþarflega flóknar og til að auðvelda eftirlit ætti, eftir því sem við á, að forðast að gera greinarmun, byggðan á aldri aflífaða dýrsins, í viðkomandi skrá yfir sérstök áhættuefni. Til að viðhalda öflugri heilsuvernd manna ætti því að halda síðustu fjórum metrunum af smáþörmunum, botnristlinum og garnahenginu (sem ekki er hægt að aðskilja frá taugum garnahengisins og taugahnoðunum í kviðarholi og garnahenginu og garnahengisfitunni) á skránni yfir sérstök áhættuefni að því er varðar dýr á öllum aldri.

7) Í vísindalegu áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um endurskoðun á megindlegu áhættumati á áhættu í tengslum við kúariðu af völdum unninna dýraprótína, birt 2011 ([4]), kemur fram að 90% af heildarumfangi smitvirkninnar í klínísku tilviki áhættu í tengslum við kúariðu tengist vefjum mið- og úttaugakerfis en u.þ.b. 10% tengjast dausgörn. Eftirstandandi smitvirkni í görnum, öðrum en síðustu fjórum metrunum af smáþörmum og botnristli, getur talist óveruleg. Alger útilokun áhættu er ekki raunhæft markmið í tengslum við neina ákvörðun vegna áhættustjórnunar.

8) Með því að taka skeifugörnina, ristilinn og smáþarmana, að undanskildum síðustu fjórum metrunum, af skránni yfir sérstök áhættuefni myndi það færa skrá ESB yfir sérstök áhættuefni nær alþjóðlegum stöðlum. Að því er varðar garnir og garnahengi nautgripa eru í reynd tilmæli í grein 11.4.14 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnu narinnar um landdýr um að ekki séu höfð viðskipti með dausgörnina (síðasti hluti smáþarmanna) úr nautgripum á öllum aldri sem eiga uppruna sinn í löndum þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum eða þar sem er áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind. Það eru því engin tilmæli frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni um að ekki séu höfð viðskipti með þá hluta garna eða garnahengis úr nautgripum sem eftir eru.

9) Á grundvelli álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og tilmælanna í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðissto fnunarinnar um landdýr ætti að breyta skránni yfir sérstök áhættuefni, sem varðar nautgripi, þannig að þar undir falli síðustu fjórir metrarnir af smáþörmunum, botnristilinn og garnahengið (sem ekki er hægt að aðskilja frá taugum garnahengisins og taugahnoðunum í kviðarholi og garnahenginu og garnahengisfitunni) en undanskilja þá hluta nautgripagarna sem eftir eru, þ.e. skeifugörnina, ristilinn og smáþarmana, að undanskildum síðustu fjórum metrunum.

10) Því ætti að breyta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað iii. liðar í a-lið 1. liðar í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

„iii. hálskirtlar, síðustu fjórir metrarnir af smáþörmunum, botnristillinn og garnahengi úr dýrum á öllum aldri.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. maí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(1), 1947.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1162 2015/EES/74/15

frá 15. júlí 2015

um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [áður smitandi heilahrörnun] í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.

2) Í 1. lið V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru tilgreindir sem sérstakt áhættuefni tilteknir vefir úr nautgripum, sauðfé og geitum ef þeir koma úr dýrum sem eru upprunnin í aðildarríki eða þriðja landi eða á einu af svæðum þess þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum eða áhættan er óskilgreind. Með 2. lið fyrrgreinds viðauka er skráin yfir vefi, sem eru tilgreindir sem sérstakt áhættuefni, rýmkuð þannig að hún nái yfir aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg en ekki yfir þriðju lönd með sömu stöðu. Því er aðildarríkjum, þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, gert að fjarlægja og farga sérstöku áhættuefni en innflutningur til Sambandsins á slíkum vefum frá þriðju löndum, þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, er leyfður.

3) Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin mælir með að einungis sérstakt áhættuefni úr nautgripum, sem eru upprunnir í löndum þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum eða áhættan er óskilgreind, sé útilokað frá alþjóðaviðskiptum en mælir ekki með slíkri útilokun að því er varðar nautgripi sem eru upprunnir í löndum þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg ([2]).

4) Í áætlunarskjali framkvæmdastjórnarinnar um smitandi svampheilakvilla fyrir 2010–2015 ([3]) er gert ráð fyrir þeim möguleika að endurskoða gildandi skuldbindingu aðildarríkja, þar sem staðan er sú að áhætta er óveruleg, um að fjarlægja sérstakt áhættuefni úr matvæla- og fóðurferlinu ef aukinn fjöldi aðildarríkja nær slíkri stöðu. Með samþykkt framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2014/732/ESB ([4]) 20. október 2014, sem byggist á ályktun Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar nr. 18 frá maí 2014 ([5]), hafa sautján aðildarríki Sambandsins verið viðurkennd sem ríki þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.

5) Á þessum tímapunkti þykir ótímabært að leyfa notkun allra vefja úr nautgripum, sem eru sem stendur flokkaðir sem sérstakt áhættuefni, í matvælaferlinu í aðildarríkjum, þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, vegna þess að enn ríkir tiltekin vísindaleg óvissa í tengslum við afbrigðilega kúariðu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 188, 16.7.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) Grein 11.4.14 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, útgáfa frá 2014 (OIE — Terrestrial Animal Health Code — V 8 — 15.7.2014).

([3]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins — Leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla — Áætlunarskjal um smitandi svampheilakvilla fyrir árin 2010–2015, COM(2010) 384 lokagerð.

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/732/ESB frá 20. október 2014 um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Búlgaríu, Eistlands, Króatíu, Lettlands, Lúxemborgar, Ungverjalands, Möltu, Portúgal og Slóvakíu með tilliti til kúariðu (Stjtíð. ESB L 302, 22.10.2014, bls. 58).

([5]) Ályktun nr. 18, „Viðurkenning á stöðu aðildarríkja með tilliti til áhættu í tengslum við kúariðu“, samþykkt á fundi fulltrúa Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar 27. maí 2014 (82 GS/FR — París, maí 2014).

6) Hinn 19. janúar 2011 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) sameiginlegt álit sem var unnið með Sóttvarnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Sóttvarnastofnunin) um hugsanlegt faraldsfræðilegt eða sameindalegt samband á milli smitandi svampheilakvilla í dýrum og í mönnum („sameiginlegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar og Sóttvarnarstofnunarinnar“) ([6]). Í þessu sameiginlega áliti staðfestu Matvælaöryggisstofnunin og Sóttvarnastofnunin sanngreiningu á afbrigðilegum formum kúariðu í nautgripum og gerðu greinarmun á milli dæmigerðrar kúariðu, L-gerðar afbrigðilegrar kúariðu og H-gerðar afbrigðilegrar kúariðu.

7) Samkvæmt þessu sameiginlega áliti benda ýmsir þættir til þess að líkur séu á að L-gerð hins afbrigðilega smitefnis kúariðu geti verið smitvaldur sjúkdóms sem berst milli manna og dýra. Hins vegar er ekki fyrir slíkum þáttum að fara þegar um er að ræða H-gerð hins afbrigðilega smitefnis kúariðu. Í sameiginlega álitinu kemur einnig fram að óvenjulega hár aldur allra greindra tilvika með L- og H-kúariðu, ásamt að því er virðist lágu algengi þeirra í stofninum, bendi til þess að þessi form afbrigðilegrar kúariðu séu sjálfsprottin, óháð venjum við fóðrun dýra. Eftirlitskerfi vegna kúariðu í Sambandinu sýndu lágt algengi og fremur stöðugan fjölda tilvika afbrigðilegrar kúariðu á undanförnum árum.

8) Hinn 11. janúar 2011 birti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit um endurskoðun á megindlegu áhættumati á áhættu í tengslum við kúariðu af völdum unninna dýraprótína ([7]) (álit Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2011). Í þessu vísindalegu áliti kemur fram að 90% af heildarumfangi smitvirkni í klínísku tilviki kúariðu tengist vefjum mið- og úttaugakerfis. Nánar tiltekið er í þessu mati áætlað að 65% af heildarumfangi smitvirkni í klínísku kúariðutilviki tengist heila og 26% tengist mænu.

9) Hinn 11. júlí 2014 birti Matvælaöryggisstofnunin vísindalega skýrslu um aðferðarlýsingu fyrir frekari rannsóknir á rannsóknarstofu á dreifingu smitvirkni afbrigðilegrar kúariðu ([8]). Samkvæmt þeirri vísindalegu skýrslu benda samansöfnuð gögn til þess að dreifing í vefjum sé sú sama að því er varðar dæmigerða kúariðu og tilvik afbrigðilegrar kúariðu, með hærri títra smitandi príonprótína og/eða smitvirkni kemur fram í mið- og úttaugakerfi.

10) Af þessum sökum ættu heili og mæna úr nautgripum eldri en 12 mánaða, sem eru upprunnir í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, að vera áfram á skrá yfir sérstök áhættuefni þar til frekari þekkingar hefur verið aflað varðandi áhættuna sem tengist afbrigðilegri kúariðu.

11) Vegna þess hversu erfitt reynist að koma í veg fyrir mengun hauskúpubeina frá heilavef ættu hauskúpur nautgripa eldri en 12 mánaða, sem eru upprunnir í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, einnig að teljast áfram til sérstaks áhættuefnis.

12) Gögnin, sem Matvælaöryggisstofnunin rannsakaði, eiga einkum við um Evrópu vegna þess hversu traust eftirlitskerfi eru í ESB. Umræður á vettvangi Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar standa yfir til að endurskoða kaflann um kúariðu í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr í ljósi nýfenginnar þekkingar í tengslum við afbrigðilega kúariðu. Endurskoða ætti reglur Sambandsins að því er varðar sérstakt áhættuefni í aðildarríkjum og þriðju löndum, þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, í ljósi niðurstöðu þessara umræðna.

13) Ekki er vitað til þess að hauskúpa, heili, mæna og augu nautgripa, sem eru eldri en 12 mánaða, séu flutt inn til Sambandsins.

14) Í því skyni að tryggja sambærilegri skilyrði við setningu vara frá aðildarríkjunum á markað í samanburði við innflutning á vörum frá þriðju löndum, með tilliti til hugsanlegrar eftirstandandi áhættu vegna notkunar á tilteknum vefjum í matvæla- og/eða fóðurferlinu, ætti að fella niður viðbótarkröfur, sem víkka út bannið er varðar sérstakt áhættuefni úr nautgripum þannig að það nái yfir aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, nema fyrir hauskúpu, heila og mænu úr nautgripum eldri en 12 mánaða.

15) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

16) Ef vísindaþekking í framtíðinni sýnir fram á áhættu fyrir lýðheilsu sem er óþekkt sem stendur ætti að endurskoða reglur Sambandsins að því er varðar sérstakt áhættuefni í aðildarríkjum og þriðju löndum þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(1), 1945.
([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011* 9(1), 1947.
([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014* 12(7), 3798.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. liðar í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

„2. **Sértækar kröfur fyrir aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg**

Vefir, sem tilgreindir eru í i. lið a-liðar 1. liðar og b-lið 1. liðar og eru úr dýrum sem eru upprunnin í aðildarríkjum þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, skulu áfram teljast sérstakt áhættuefni.“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1020 **2015/EES/74/16**

frá 29. júní 2015

um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fóðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til varps (leyfishafi er Kemin Europa NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun á blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til varps.

4) Blanda með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737), sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2010 ([2]), fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldisendur, kornhænur, fasana, akurhænur, perluhænsn, dúfur, eldisgæsir og strúta með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2011 ([3]), fyrir fráfærugrísi og dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 306/2013 ([4]) og fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013 ([5]).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 11. desember 2014 ([6]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið hafi sýnt jákvæð áhrif á eggjaframleiðslu hjá varphænum. Þessi niðurstaða getur átt við allar aukategundir alifugla til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 163, 30.6.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2010 frá 8. febrúar 2010 um leyfi til að nota *Bacillus subtilis* ATCC PTA-6737 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Kemin Europa NV) (Stjtíð. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2011 frá 5. september 2011 um leyfi fyrir *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, og fyrir eldisendur, kornhænur, fasana, akurhænur, perluhænsn, dúfur, eldisgæsir og strúta (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) (Stjtíð. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 3).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 306/2013 frá 2. apríl 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) fyrir fráfærugrísi og dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni Sus scrofa domesticus (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) (Stjtíð. ESB L 91, 3.4.2013, bls. 5).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013 frá 16. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) (Stjtíð. ESB L 220, 17.8.2013, bls. 15).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3970.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1823	Kemin Europa NV.	*Bacillus subtilis* ATCC PTA-6737	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænleg gró *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð þar sem notaður er trýptónsojaagar og forhitun á fóðursýnum. Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE-aðferð).	Varphænur Aukategundir alifugla til varps	—	1×10^{8}	—	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu.	20.7.2025

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1043 **2015/EES/74/17**

frá 30. júní 2015

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (ECC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD135), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir alifugla til eldis og til varps og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 828/2007 og (EB) nr. 322/2009 (leyfishafi er Huvepharma NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD135) (áður *Trichoderma longibrachiatum*), var leyfð í samræmi við tilskipun 70/524/EBE án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 ([3]), fyrir eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 828/2007 ([4]) og fyrir varphænur og fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 322/2009 ([5]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndunni með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD135) (áður *Trichoderma longibrachiatum*), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir alifugla til eldis og til varps. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 31. janúar 2013 ([6]) og 10. desember 2014 ([7]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD135) (áður *Trichoderma longibrachiatum*), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að notkun blöndunnar geti verið áhrifarík í eldiskalkúnum, eldiskjúklingum, varphænum, fráfærugrísum og eldissvínum. Matvælaöryggisstofnunin telur enn fremur að framreikna megi niðurstöður um verkun yfir á aukategundir alifugla til eldis og til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 frá 16. desember 2004 um varanleg leyfi og bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 828/2007 frá 13. júlí 2007 um varanlegt leyfi og bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 12).1

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 322/2009 frá 20. apríl 2009 um varanleg leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóður (Stjtíð. ESB L 101, 21.4.2009, bls. 9).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3105.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3969.

6) Mat á blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD135) (áður *Trichoderma longibrachiatum*), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 828/2007 og (EB) nr. 322/2009 til samræmis við það.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2148/2004

Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2148/2004 falli færslan fyrir E 1617, endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8. brott.

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 828/2007

Reglugerð (EB) nr. 828/2007 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 2. gr. falli brott.

2) Ákvæði II. viðauka falli brott.

4. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 322/2009

Reglugerð (EB) nr. 322/2009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 2. gr. falli brott.

2) Ákvæði II. viðauka falli brott.

5. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 21. janúar 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 21. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1617	Huvepharma NV	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD135), með virkni að lágmarki 6000 EPU([1])/g (fast og fljótandi form) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD135) *Greiningaraðferð* ([2]) Til greiningar á eiginleikum að því er varðar virkni endó-1,4-betaxýlanasa: litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-β-xýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabínoxýlani, sem er víxltengt leysilitnum.	Eldiskalkúnar og aukategundir alifugla til eldis Eldiskjúklingar Varphænur Aukategundir alifugla til varps Fráfærugrísir Eldissvín	—	1050 EPU 1500 EPU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Til nota í fóður, auðugt af sterkju og fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-arabínoxýlönum). 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 4. Handa fráfærugrísum, þangað til þeir eru u.þ.b. 35 kg.	21. júlí 2025

([1]) 1 EPU er það magn ensíms sem leysir 0,0083 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngildi) á mínútu úr xýlani úr xýlani úr hafrahismi við pH 4,7 og 50 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1053 **2015/EES/74/18**

frá 1. júlí 2015

um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 10663/NCIMB 10415 sem fóðuraukefni fyrir kálfa til eldis, smágrísi, eldiskjúklinga, eldiskalkúna, ketti og hunda og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 255/2005, (EB) nr. 1200/2005 og (EB) nr. 1520/2007 (leyfishafi er Chevita Tierarzneimittel-GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE var blanda með *Enterococcus faecium* DSM 10663/NCIMB 10415 leyfð án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 ([3]), fyrir kálfa með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 255/2005 ([4]), fyrir smágrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 ([5]), fyrir eldiskalkúna og hunda með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007 ([6]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 10663/NCIMB 10415 sem fóðuraukefni fyrir kálfa til eldis, smágrísi, eldiskjúklinga, eldiskalkúna og hunda og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, til nýrrar notkunar fyrir ketti og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínu frá 4. mars 2014 ([7]) og 21. maí 2014 ([8]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Enterococcus faecium* DSM 10663/NCIMB 10415 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að notkun blöndunnar geti mögulega bætt kynbótalegt gildi hjá kálfum til eldis, smágrísum (smágrísir og fráfærugrísir), eldiskjúklingum og eldiskalkúnum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 171, 2.7.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (*Stjtíð. EB* L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 frá 8. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 239, 9.7.2004, bls. 8).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 255/2005 frá 15. febrúar 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 45, 16.2.2005, bls. 3).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 frá 26. júlí 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007 frá 19. desember 2007 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 17).

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(3), 3602.

([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(6), 3727.

5) Í rannsóknum Matvælaöryggisstofnunarinnar hafa komið í ljós lítil en mikilvæg áhrif á gæði saurs hjá köttum og hundum og telst það nægja til að staðfesta verkun í þeim tegundum.

6) Mat á blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 10663/NCIMB 10415 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að breyta ætti reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 255/2005, (EB) nr. 1200/2005 og (EB) nr. 1520/2007 til samræmis við það.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1259/2004

Reglugerð (EB) nr. 1259/2004 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 1. gr. falli brott.

2) Ákvæði I. viðauka falli brott.

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 255/2005

Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 255/2005 falli færslan um E 1707, *Enterococcus faecium* DSM 10663/NCIMB 10415, brott.

4. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1200/2005

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1200/2005 falli færslan um E 1707, *Enterococcus faecium* DSM 10663/NCIMB 10415, brott.

5. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1520/2007

Reglugerð (EB) nr. 1520/2007 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 2. og 3. gr. falli brott.

2) Ákvæði II. og III. viðauka falli brott.

6. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1) Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 22. janúar 2016 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 22. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir kálfa, smágrísi, eldiskjúklinga og eldiskalkúna.

2) Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt [fyrir hunda] fyrir 22. júlí 2017 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 22. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir hunda.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1707	Chevita Tierarznei-mittel-GmbH	Enterococcus faecium DSM 10663/ NCIMB 10415	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Enterococcus faecium* DSM 10663/NCIMB 10415 sem inniheldur að lágmarki: duft og kornað form: $3,5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis. hjúpað form: 2×10^{10} CFU/g aukefnis. vökvaform: 1×10^{10} CFU/g aukefnis. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Enterococcus faecium* DSM 10663/NCIMB 10415 *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með galleskúlínasíðagar (EN 15788). Sanngreining: Með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Kálfar til eldis Smágrísir (spenagrísir og fráfærugrísir) Eldiskjúklingar Eldiskalkúnar Kettir Hundar	—	1×10^{9}	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Ráðlagður skammtur fyrir spenagrísi: 1×10^{9} CFU fyrir hvern smágrís á dag. 3. Má nota í fóður fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna sem inniheldur hin leyfðu hnislalyf natríumsemdúramísín, díklasúríl, róbenidínhýdróklóríð, madúramísínammóníum, dekókínat, lasalósíð-A-natríum eða halófúginón. 4. Handa fráfærugrísum, þangað til þeir eru u.þ.b. 35 kg.	22. júlí 2025

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1060 **2015/EES/74/19**

frá 2. júlí 2015

um leyfi fyrir vatnsfríu betaíni og betaínhýdróklóríði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Vatnsfrítt betaín og betaínhýdróklóríð voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessar vörur voru síðan færðar inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram þrjár umsóknir um endurmat á vatnsfríu betaíni og betaínhýdróklóríði og blöndum með þessum efnum sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun í drykkjarvatn. Umsækjendurnir óskuðu eftir að þessi aukefni yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Erfðabreytt sykurrófa KM-ØØØH71-4 og fóður sem er framleitt úr henni voru leyfð til setningar á markað með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/692/EB ([3]). Í samræmi við 6. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 skal leyfi fyrir vatnsfríu betaíni, sem er framleitt úr erfðabreyttri sykurrófu KM-ØØØH71-4, innihalda nafn handhafa leyfisins, „Trouw Nutritional International BV“ og sérstakt kennimerki erfðabreyttu lífverunnar.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínu frá 17. og 18. apríl 2013 ([4]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi vatnsfrítt betaín og betaínhýdróklóríð ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að vatnsfrítt betaín og betaínhýdróklóríð geti verið áhrifaríkt fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri og vatni sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Mat á vatnsfríu betaíni og betaínhýdróklóríði sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Fastsetja ætti ráðlagt hámarksmagn af viðbættu, vatnsfríu betaíni og betaínhýdróklóríði í fóðri og drykkjarvatni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 3.7.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (*Stjtíð. EB* L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/692/EB frá 24. október 2007 um leyfi til að setja á markað matvæli og fóður sem eru framleidd úr erfðabreyttri sykurrófu H7-1 (KM-ØØØH71-4) samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 (Stjtíð. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 69).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(5), 3209, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(5), 3210, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(5), 3211.*

8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) KM-ØØØH71-4 sykurrófa er leyfð til notkunar í matvælaframleiðslu, innihaldsefni matvæla og fóður til 10 ára frá tilkynningardegi ákvörðunar 2007/692/EB. Sú ákvörðun var tilkynnt leyfishöfum 23. október 2007. Gildistími leyfis fyrir vatnsfríu betaíni, sem er framleitt úr KM-ØØØH71-4 sykurrófu, sem fóðuraukefni ætti ekki að vara lengur en gildistími leyfis fyrir KM-ØØØH71-4 sykurrófu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 23. janúar 2016 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 23. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 23. júlí 2016 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 23. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 23. júlí 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 23. júlí 2015 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a920	—	Vatnsfrítt betaín	*Samsetning aukefnis:* Vatnsfrítt betaín *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Betaín $C_5H_{11}NO_2$ CAS-númer: 107-43-7 Vatnsfrítt betaín, framleitt með efnasmíði eða með útdrætti úr sykurrófumelassa eða aukaafurðum eimingardreggja við sykurframleiðslu. Hreinleikaskilyrði: vatnsfrítt betaín (fast form) a.m.k. 97% (miðað við vatnsfrítt form). Vatnsfrítt betaín fljótandi form að lágmarki 47%. *Greiningaraðferð* ([1]) Til að ákvarða vatnsfrítt betaín í *fóðuraukefni, forblöndum, fóðri og vatni:* Háþrýstivökvaskiljun með brotstuðulsnema (HPLC-RI).	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Setja má vatnsfrítt betaín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Aukefnið má nota í drykkjarvatn. 4. Ráðlagt er að viðbætt magn fari ekki yfir: 2000 mg betaín/kg heilfóðurs (með 12% rakainnihald) eða 1000 mg betaín/l drykkjarvatns fyrir alifugla, 700 mg betaín/l drykkjarvatns fyrir svín og 250 mg betaín/l drykkjarvatns fyrir kálfa til eldis. 5. Ef betaín er notað samtímis í fóður og drykkjarvatn skal sýna varkárni svo ekki sé farið yfir ráðlagðan heildarskammt, að teknu tilliti til eðlislægs magns í fóðrinu. 6. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	23.7.2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns			
3a921	Trouw Nutrition International BV	Vatnsfrítt betaín, framleitt úr erfðabreyttri sykurrófu.	*Samsetning aukefnis* Vatnsfrítt betaín *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Betaín $C_5H_{11}NO_2$ CAS-númer: 107-43-7 Vatnsfrítt betaín, fast form, framleitt með útdrætti úr erfðabreyttri KM-ØØØH71-4 sykurrófu. Hreinleikaskilyrði: a.m.k. 97% (miðað við vatnsfrítt form) *Greiningaraðferð* ([1]) Til að ákvarða vatnsfrítt betaín í *fóðuraukefni, forblöndum, fóðri og vatni:* Háþrýstivökvaskiljun með brotstuðulsnema (HPLC-RI).	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Setja má vatnsfrítt betaín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Aukefnið má nota í drykkjarvatn. 4. Ráðlagt er að viðbætt magn fari ekki yfir: 2000 mg betaín/kg heilfóðurs (með 12% rakainnihald) eða 1000 mg betaín/l drykkjarvatns fyrir alifugla, 700 mg betaín/l drykkjarvatns fyrir svín og 250 mg betaín/l drykkjarvatns fyrir kálfa til eldis. 5. Ef betaín er notað samtímis í fóður og drykkjarvatn skal sýna varkárni svo ekki sé farið yfir ráðlagðan heildarskammt, að teknu tilliti til eðlislægs magns í fóðrinu. 6. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	23.10.2017

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns			
3a925	—	Betaín-hýdróklóríð	*Samsetning aukefnis* Betaínhýdróklóríð. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Betaínhýdróklóríð. Efnaformúla: $C_5H_{11}NO_2 \cdot HCl$ CAS-númer: 590-46-5 Betaínhýdróklóríð, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: a.m.k. 98% (miðað við vatnsfrítt form) *Greiningaraðferð* ([1]) – Til að ákvarða betaínhýdróklóríð í fóðuraukefninu: 1. Títrun með perklórsýru (Bandaríska lyfjaskráin 31, gæðalýsing efnis fyrir betaínhýdróklóríð.) eða 2. Háþrýstivökvaskiljun með brotstuðulsnema (HPLC-RI). – Til að ákvarða hvort betaínhýdróklóríð finnist í forblöndum, fóðri og vatni: Háþrýstivökvaskiljun með brotstuðulsnema (HPLC-RI).	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Setja má vatnsfrítt betaín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Aukefnið má nota í drykkjarvatn. 4. Ráðlagt er að viðbætt magn fari ekki yfir: 2000 mg betaín/kg heilfóðurs (með 12% rakainnihald) eða 1000 mg betaín/l drykkjarvatns fyrir alifugla, 700 mg betaín/l drykkjarvatns fyrir svín og 250 mg betaín/l drykkjarvatns fyrir kálfa til eldis. 5. Ef betaín er notað samtímis í fóður og drykkjarvatn skal sýna varkárni svo ekki sé farið yfir ráðlagðan heildarskammt, að teknu tilliti til eðlislægs magns í fóðrinu. 6. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	23.7.2025

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1061 **2015/EES/74/20**

frá 2. júlí 2015

um leyfi fyrir askorbínsýru, natríumaskorbýlfosfati, natríumkalsíumaskorbýlfosfati, natríumaskorbati, kalsíumaskorbati og askorbýlpalmítati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Askorbínsýra, natríumaskorbýlfosfat, natríumkalsíumaskorbýlfosfat, natríumaskorbat, kalsíumaskorbat og askorbýlpalmítat voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessar vörur voru síðan færðar inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram tvær umsóknir um endurmat á askorbínsýru, natríumaskorbýlfosfati og natríumkalsíumaskorbýlfosfati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun á askorbínsýru í drykkjarvatn. Umsækjendurnir óskuðu eftir að þessi aukefni yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á askorbínsýru, natríumaskorbati, kalsíumaskorbati og askorbýlpalmítati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að þessi aukefni yrðu sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínu frá 30. janúar 2013 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi askorbínsýra, natríumaskorbýlfosfat, natríumkalsíumaskorbýlfosfat, natríumaskorbat, kalsíumaskorbat og askorbýlpalmítat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að askorbínsýra, natríumaskorbýlfosfat og natríumkalsíumaskorbýlfosfat teljist áhrifaríkar uppsprettur C-vítamíns og þar eð askorbínsýra, natríumaskorbat, kalsíumaskorbat og askorbýlpalmítat eru leyfð til notkunar sem þráavarnarefni í matvæli og verkunarmáti þeirra í fóðri og matvælum er í raun sá sami sé ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkunina.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri og askorbínsýru í drykkjarvatni sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 3.7.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3103 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3104.

7) Mat á blöndu með askorbínsýru, natríumaskorbýlfosfati, natríumkalsíumaskorbýlfosfati, natríumaskorbati, kalsíumaskorbati og askorbýlpalmítati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „þráavarnarefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 23. janúar 2016 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 23. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 23. júlí 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 23. júlí 2017 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. júlí 2015 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a300	—	„Askorbín-sýra“ eða „C-vítamín“	*Samsetning aukefnis* Askorbínsýra. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-askorbínsýra $C_6H_8O_6$ CAS-nr.: 50-81-7 L-askorbínsýra, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: að lágmarki 99%. *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða L-askorbínsýru í fóðuraukefninu: títrunarmæling — Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis (Evrópska lyfjaskráin 01/2011:0253). Til að magnákvarða L-askorbínsýru í forblöndum og fóðri: títrunarmæling. Til að magnákvarða L-askorbínsýru í vatni: – Títrunarmæling (Samtök aðila í efnagreiningu 967.21) eða – háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós við 265 nm (EN 14130:2003)	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Setja má askorbínsýru á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 4. Aukefnið má nota í drykkjarvatn.	23. júlí 2025

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a311		„Natríum-askorbýl-fosfat“ eða „C-vítamín“	*Samsetning aukefnis* Natríumaskorbýlfosfat. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumaskorbýlfosfat $C_6H_6O_9Na_3P \cdot 2H_2O$ CAS-nr.: 66170-10-3 Natríumaskorbýlfosfat, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: að lágmarki 95% með lágmarksinnihald askorbínsýru sem nemur 45%. *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða hreinleika natríumaskorbýlfosfats og askorbínsýrujafngildi í fóðuraukefninu: Háþrýstivökvaskiljun tengd nema með breytilegri bylgjulengd (e. *Variable Wavelength Detector* (VWD)). Til að magnákvarða heildarinnihald natríums í fóðuraukefninu: – Frumeindagleypnimæling, AAS (EN ISO 6869:2000) eða – Rafgasgeislunargreining, ICP-AES (EN 15510:2007). Til að magnákvarða askorbýlmónófosfat í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós við 254 nm (HPLC-UV)	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Setja má natríumaskorbýlfosfat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn.	23. júlí 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
3a312		„Natríum-kalsíum-askorbýl-fosfat“ eða „C-vítamín“.	*Samsetning aukefnis* Natríumkalsíumaskorbýlfosfat. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumkalsíumaskorbýlfosfat. $C_6H_6O_9P \cdot CaNa$. Natríumkalsíum-L-askorbýlfosfat, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: að lágmarki 95% með lágmarksinnihald askorbínsýru sem nemur 35 %. *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða hreinleika natríumkalsíumaskorbýlfosfats og askorbínsýrujafngildi í fóðuraukefninu: Háþrýstivökvaskiljun tengd nema með breytilegri bylgjulengd (VWD). Til að magnákvarða heildarinnihald kalsíums og heildarinnihald natríums í fóðuraukefninu: – Frumeindagleypnimæling, AAS (EN ISO 6869:2000) eða – Rafgasgeislunargreining, ICP-AES (EN 15510:2007). Til að magnákvarða askorbýlmónófosfat í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós við 254 nm (HPLC-UV).	Allar dýra-tegundir				1. Setja má natríumkalsíum-askorbýlfosfat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn.	23. júlí 2025

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: þráavarnarefni									
3a300	—	Askorbín-sýra	*Samsetning aukefnis* Askorbínsýra. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-askorbínsýra $C_6H_8O_6$ CAS-nr.: 50-81-7 L-askorbínsýra, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: að lágmarki 99%. *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða L-askorbínsýru í fóðuraukefninu: títrunarmæling — Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis (Evrópska lyfjaskráin 01/2011:0253). Til að magnákvarða L-askorbínsýru í forblöndum og fóðri: títrunarmæling.	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Setja má askorbínsýru á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina stöðugleika- og geymsluskilyrði og í notkunarleiðbeiningum með forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði. 3. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	23. júlí 2025
1b301		Natríum-askorbat	*Samsetning aukefnis* Natríumaskorbat. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríum L askorbat. $C_6H_7O_6Na$ CAS-nr.: 134-03-2 Natríum L-askorbat, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: að lágmarki 99%.	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina stöðugleika- og geymsluskilyrði og í notkunarleiðbeiningum með forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	23. júlí 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferðir ([1]) Til að ákvarða natríum L-askorbat í fóðuraukefninu: títrunarmæling — Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis (Evrópska lyfjaskráin 01/2011:1791). Til að magnákvarða heildarinnihald natríums í fóðuraukefninu: – Frumeindagleypnimæling, AAS (EN ISO 6869:2000) eða – Rafgasgeislunargreining, ICP-AES (EN 15510:2007). Til að magnákvarða natríum L-askorbat í forblöndum og fóðri: títrunarmæling.						
1b302		Kalsíum-askorbat	*Samsetning aukefnis* Kalsíumaskorbat. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Vatnssneytt kalsíum L-(+)-askorbat $C_{12}H_{14}O_{12}Ca \cdot 2H_2O$ CAS-nr.: 5743-28-2 Vatnssneytt kalsíum L-(+)-askorbat, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: að lágmarki 99%. *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða kalsíum L-askorbat í fóður-aukefninu: Títrunarmæling — Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis (Evrópska lyfjaskráin 01/2008:1182).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina stöðugleika- og geymsluskilyrði og í notkunarleiðbeiningum með forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	23. júlí 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða heildarinnihald kalsíums í fóðuraukefninu: – Frumeindagleypnimæling, AAS (EN ISO 6869:2000) eða – Rafgasgeislunargreining, ICP-AES (EN 15510:2007). Til að magnákvarða kalsíum L-askorbat í forblöndum og fóðri: títrunarmæling.						
1b304		Askorbýl-palmítat	*Samsetning aukefnis* Askorbýlpalmítat. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-askorbýl-6-palmítat $C_{22}H_{38}O_7$ CAS-nr.: 137-66-6 L-askorbýl-6-palmítat, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: að lágmarki 98 %. *Greiningaraðferð* ([1]) Til að ákvarða L-askorbýl-6-palmítat í fóður-aukefninu: Títrunarmæling — Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis (Evrópska lyfjaskráin 01/2008:0807).	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina stöðugleika- og geymsluskilyrði og í notkunarleiðbeiningum með forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	23. júlí 2025

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1104 **2015/EES/74/21**

frá 8. júlí 2015

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 237/2012 að því er varðar nýtt form alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604) (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Notkun alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 237/2012 ([2]) og fyrir aukategundir alifugla til eldis og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1365/2013 ([3]).

3) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins svo það nái yfir vökvaform alfagalaktósíðasa og endó-1,4-betaglúkanasa til notkunar sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 28. október 2014 ([4]) að vökvaform alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að það geti bætt afurðasemi hjá eldiskjúklingum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að breyta gildandi leyfi svo það nái yfir nýja formið.

6) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 237/2012 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 61. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 237/2012 frá 19. mars 2012 um leyfi fyrir alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem framleiddur er með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem framleiddur er með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) (Stjtíð. ESB L 80, 20.3.2012, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1365/2013 frá 18. desember 2013 um leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fóðuraukefni fyrir aukategundir alifugla til eldis og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) (Stjtíð. ESB L 343, 19.12.2013, bls. 31).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(11), 3897.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 237/2012 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a17	Kerry Ingredients and Flavours	Alfa-galaktósíðasi EC 3.2.1.22 Endó-1,4-betaglúkanasi EC 3.2.1.4	*Samsetning aukefnis* Blanda með alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), með virkni að lágmarki: Fast form: – 1000 U ([1]) alfagalaktósíðasi/g, – 5 700 U ([2]) endó-1,4-betaglúkanasi/g Vökvaform: – 500 U alfagalaktósíðasi/g – 2 850 U endó-1,4-betaglúkanasi/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Alfagalaktósíðasi, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), endó-1,4-betaglúkanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604). *Greiningaraðferð* ([3]) Ákvörðun: – alfagalaktósíðasa: litmæling sem mælir p-nítrófenól sem alfagalaktósíðasi leysir úr hvarfefni p-nítrófenýl-alfagalaktópýranósíðs,	Eldis-kjúklingar	—	50 U alfa-galaktósíðasi 285 U endó-1,4-beta-glúkanasi	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu-hita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur: – 100 U alfagalaktósíðasi/kg, – 570 U endó-1,4-betaglúkanasi/kg. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðar-hanska.	9. apríl 2022

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			– endó-1,4-betaglúkanasa: litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaglúkanasi leysir úr hvarfefni byggs, glúkani, sem er víxltengt asúríni.						

([1]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól p-nítrófenóls á mínútu úr p-nítrófenýl-alfagalaktópýranósíði (pNPG) við pH-gildið 5,0 og 37 °C.
([2]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 mg afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr betaglúkani við pH-gildið 5,0 og 50 °C.
([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1105 **2015/EES/74/22**

frá 8. júlí 2015

um leyfi fyrir blöndu með *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913 sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla, aðrar en varpfugla, um leyfi til að nota fóðuraukefnið í drykkjarvatn fyrir eldiskjúklinga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 544/2013 að því er varðar hámarksinnihald fóðuraukefnisins í heilfóðri og samrýmanleika þess við hnislalyf (leyfishafi er Biomin GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og breytingar á slíku leyfi.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun á blöndu með *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913 og um breytingu á skilyrðum gildandi leyfis fyrir eldiskjúklinga sem veitt var með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 544/2013 ([2]). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ásamt viðeigandi gögnum til stuðnings beiðninni um breytingu.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla, aðrar en varpfugla, leyfi fyrir nýrri notkun blöndunnar í drykkjarvatn fyrir eldiskjúklinga, og breytingu á skilyrðum gildandi leyfis fyrir eldiskjúklinga svo unnt sé að nota það samtímis og til viðbótar hnislalyfjunum dekókínati, narasíni, níkarbasíni eða narasíni/níkarbasíni og afnám takmörkunar á hámarksinnihaldi þeirrar blöndu í heilfóðri.

4) Notkun blöndunnar var leyfð til tíu ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 544/2013.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 9. desember 2014 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun hennar geti verið áhrifarík hjá kjúklingum sem er aldir til að verða varphænur og aukategundum alifugla, öðrum en varpfuglum. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að notkun aukefnisins í drykkjarvatn sé jafnörugg fyrir eldiskjúklinga og notkun þess í fóður og að það hafi engin áhrif á öryggi þó að gildandi hámarksskammtur fyrir eldskjúklinga yrði afnuminn. Niðurstöður vaðandi öryggi fyrir eldiskjúklinga að því er varðar notkun í drykkjarvatn og hámarksskammt myndi einnig gilda um kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukafuglategundir. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé samrýmanlegt við hnislalyfin dekókínat, narasín, níkarbasín og narasín/níkarbasín. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 544/2013 frá 14. júní 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Biomin GmbH) (Stjtíð. ESB L 163, 15.6.2013, bls. 13).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3966.

6) Mat á blöndu með *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Rétt þykir að breyta reglugerð (ESB) nr. 544/213 svo einnig sé unnt að nota hnislalyf sem eru samrýmanleg við blöndu með *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913 fyrir eldiskjúklinga og til að unnt sé að nota sama magn af blöndunni í heilfóður fyrir eldiskjúklinga og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 544/2013 er breytt sem hér segir:

1) Textinn „1×10^9“ í áttunda dálki, „Hámarksinnihald“, falli brott.

2) Í stað 2. mgr. í níunda dálki „Önnur ákvæði“ komi eftirfarandi:

„2. Má nota í fóður sem inniheldur hin leyfðu hnislalyf: madúramísínammóníum, díklasúríl, róbenidínhýdróklóríð, dekókínat, narasín, níkarbasín eða narasín/níkarbasín.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámark-saldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU ([1])/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald		CFU ([1])/l drykkjarvatns			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.											
4b1890	Biomin GmbH	*Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284 sem inniheldur að lágmarki 3×10^9 CFU/g aukefnis *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g aukefnis *Enterococcus faecium* DSM 21913 sem inniheldur að lágmarki 6×10^9 CFU/g aukefnis Föst blanda (hlutfall 3:1:6) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913	Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur, auka-tegundir alifugla, aðrar en varpfuglar		1×10^8	—	5×10^7	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Má nota í fóður sem inniheldur eftirfarandi hníslalyf: madúramísínammóníum, díklasúríl, róbenidínhýdróklóríð, dekókínat, narasín, níkarbasín eða narasín/níkarbasín. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 4. Einnig má nota aukefnið í drykkjarvatn.	29. júlí 2025

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámark-saldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU ([1])/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald		CFU ([1])/l drykkjarvatns			
			Greiningaraðferð ([2]) Ákvörðun á heildarfjölda: *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284: dreifingaraðferð EN 15785, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351: dreifingaraðferð EN 15787, *Enterococcus faecium* DSM 21913: dreifingaraðferð EN 15788 Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)							5. Við notkun aukefnisins í drykkjarvatn skal tryggja einsleita dreifingu aukefnisins. 6. Forðast skal notkun samtímis sýkladrepandi efni.	

([1]) Sem heildarinnihald blöndunnar.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

B-HLUTI

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU ([1])/l drykkjarvatns			
4b1890	Biomin GmbH	*Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284 sem inniheldur að lágmarki 3×10^9 CFU/g aukefnis *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g aukefnis	Eldis-kjúklingar	—	5×10^7	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.	29. júlí 2025

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU ([1])/l drykkjarvatns			
			Enterococcus faecium DSM 21913 sem inniheldur að lágmarki 6×10^9 CFU/g aukefnis Föst blanda (hlutfall 3:1:6) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351 og *Enterococcus faecium* DSM 21913 *Greiningaraðferð* ([2]) Ákvörðun á heildarfjölda: *Bifidobacterium animalis* ssp. *animalis* DSM 16284: dreifingaraðferð EN 15785, *Lactobacillus salivarius* ssp. *salivarius* DSM 16351: dreifingaraðferð EN 15787, *Enterococcus faecium* DSM 21913: dreifingaraðferð EN 15788 Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)					2. Nota má drykkjarvatn, sem inniheldur aukefnið, samtímis fóðri sem inniheldur eftirfarandi leyfð hníslalyf: madúramísínammóníum, díklasúríl, róbenidínhýdróklóríð, dekókínat, narasín, níkarbasín eða narasín/níkarbasín. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 4. Tryggja skal einsleita dreifingu aukefnisins í drykkjarvatn. 5. Forðast skal notkun samtímis sýkladrepandi efni.	

([1]) Sem heildarinnihald blöndunnar.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1114 **2015/EES/74/23**

frá 9. júlí 2015

um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Escherichia coli*, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 403/2009 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 848/2014 og (ESB) nr. 1236/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og breytingar á slíku leyfi.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram tvær umsóknir um leyfi fyrir L-valíni. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE SD 00066, og L-valíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-01755, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 9. desember 2014 ([2]) og 29. apríl 2015 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-valín, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE SD 00066 og með *Escherichia coli* NITE BP-01755, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að það geti talist áhrifaríkur gjafi lífsnauðsynlegu amínósýrunnar L-valíns fyrir fóður. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á því efni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) L-valín var leyft sem fóðuraukefni með næringarfræðilega eiginleika með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 403/2009 ([4]) og framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 848/2014 ([5]) og (ESB) nr. 1236/2014 ([6]). Til að skýra að hreinleiki þessara aukefna er sá sami og þau innihalda ekki leifar af framleiðsluörverunum ætti að samræma kenninúmer þeirra, jafnvel þótt þau séu framleitt með ólíkum örverum.

7) Af þessum sökum er krafan um að merkja L-valín í fóðurefnum og fóðurblöndum ásamt kenninúmeri úrelt.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 403/2009 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 848/2014 og (ESB) nr. 1236/2014 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 182, 10.7.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3965.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(5), 4110.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 403/2009 frá 14. maí 2009 um leyfi fyrir efnablöndu með L-valín sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 3).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 848/2014 frá 4. ágúst 2014 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum*, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 403/2009 að því er varðar merkingu fóðuraukefnisins L-valíns (Stjtíð. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 13).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1236/2014 frá 18. nóvember 2014 um leyfi fyrir blöndu með L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* (DSM 25202), sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 332, 19.11.2014, bls. 26).

9) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 403/2009

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 403/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað textans „3c3.7.1“ í fyrsta dálki komi textinn „3c370“.

2) Í níunda dálki falli önnur málsgreinin brott.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 848/2014

Í níunda dálki í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 848/2014 falli önnur málsgreinin brott.

4. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1236/2014

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1236/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað textans „3c369“ í fyrsta dálki komi textinn „3c370“.

2) Í níunda dálki falli þriðja málsgreinin brott.

5. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. L-valín, sem var leyft samkvæmt reglugerð (EB) nr. 403/2009 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 848/2014 og (ESB) nr. 1236/2014, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 30. janúar 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 30. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnið sem er tilgreint í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 30. júlí 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 30. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar. Að því er varðar fóður sem ætlað er fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis, skal tímabilið fyrir framleiðslu og merkingu, sem um getur í fyrsta málslið, taka enda 30. júlí 2017.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c370	—	L-valín	*Samsetning aukefnis* L-valín að lágmarki 98% (miðað við þurrt efni) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-valín ((2S)-amínó-3-metýlbútansýra), sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* NITE SD 00066 eða *Escherichia coli* NITE BP-01755 Efnaformúla: $C_5H_{11}NO_2$ CAS-númer: 72-18-4 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða L-valín í fóðuraukefninu: Food Chemical Codex „L-valine monograph“. Til að ákvarða valín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og litrófsmæligreiningu (HPLC-VIS) - reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (2).	Allar tegundir	—			1. Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðanum. 2. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	30. júlí 2025

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports
(2) Stjtíð. ESB L 54, 26.2. 2009, bls. 1.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 291/2014 **2015/EES/74/24**

frá 21. mars 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1289/2004 að því er varðar biðtíma til afurðanýtingar og hámarksgildi leifa fyrir fóðuraukefnið dekókínat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um að breyta megi leyfinu fyrir fóðuraukefni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

2) Notkun á dekókínati í flokknum hnislalyf og önnur lyf var leyfð til 10 ára, í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2004 ([3]).

3) Leyfishafinn lagði fram umsókn þar sem óskað var eftir að leyfður biðtími til afurðarnýtingar yrði styttur úr þremur dögum í núll daga fyrir slátrun og að tekin yrðu upp hámarksgildi leifa fyrir lifur (1,0 mg/kg), nýru (0,8 mg/kg), vöðva (0,5 mg/kg) og húð/fitu (1,0 mg/kg) af dýrum sem voru fóðruð á aukefninu. Leyfishafinn lagði fram viðeigandi gögn til stuðnings beiðninni.

4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 12. september 2013 ([4]) að breyting biðtímans til afurðarnýtingar úr þremur dögum í núll daga stofni öryggi neytenda ekki í hættu og nýju gögnin sem liggja fyrir staðfestu að ekki væri nauðsynlegt að setja hámarksgildi leifa.

5) Til þess að koma mætti við eftirliti taldist þó rétt að fastsetja hámarksgildi leifa eins og umsækjandi lagði til.

6) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1289/2004 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1289/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 87. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2004 frá 14. júlí 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fóðri aukefnið Deccox®, sem er í flokknum hnislalyf og önnur lyf (Stjtíð. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 15).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3370.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 1289/2004 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Skráningarnúmer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á því að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
Hnislalyf og önnur lyf										
E756	Zoetis Belgium SA	Dekókínat (Deccox)	*Samsetning aukefnis* Dekókínat: 60,6 g/kg Hreinsuð og lyktarlaus sojaolía: 28,5 g/kg Hveitifóðurmjöl eftir þörfum: 1 kg *Virkt efni* Dekókínat $C_{24}H_{35}NO_5$ Etýl-6-desýkloxý-7-etoxý-4-hýdróxýkínólín-3-karboxýlat CAS-númer: 18507-89-6 Skyld óhreinindi: 6-desýkloxý-7-etoxý-4-hýdróxýkínólín-3-karboxýlsýra: < 0,5% Metýl-6-desýkloxý-7-etoxý-4-hýdroxýkínólín-3-karbóxýlat: < 1,0% Díetýl-4-desýkloxý-3-etoxýanílínmetýlenmalónat: < 0,5%	Eldis-kjúklingar		20	40	—	17. júlí 2014	1000 µg dekókínat/kg af ferskri lifur og ferskri húð og fitu, 800 µg dekókínat/kg af ferskum nýrum, 500 µg dekókínat/kg af ferskum vöðva.

Skráningarnúmer aukefnis	Nafn og skráningar-númer þess sem ber ábyrgð á því að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
			Greiningaraðferð([1]) Til að ákvarða dekókínat í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með flúrskinsgreiningu (RP-HPLC-FL) — EN 16162 Til að ákvarða dekókínat í vefjum: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa í tengslum við þrefaldan fjórskauta massagreini (RP-HPLC-MS/MS)							

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/897 **2015/EES/74/25**

frá 11. júní 2015

um leyfi fyrir þíamínvetnisklóríði og þíamínmónónítrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Þíamínvetnisklóríð og þíamínmónónítrat voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessar vörur voru síðan færðar inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram þrjár umsóknir um endurmat á þíamínvetnisklóríði og þíamínmónónítrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun í drykkjarvatn. Umsækjendurnir óskuðu eftir að þessi aukefni yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínu frá 11. október 2011 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi þíamínvetnisklóríð og þíamínmónónítrat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að þíamínvetnisklóríð og þíamínmónónítrat séu áhrifaríkir B_1-vítamíngjafar og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á þíamínvetnisklóríði og þíamínmónónítrati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 147, 12.6.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), (2411), *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2412, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2413.

2. gr.

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 2. janúar 2016 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 2. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 2. júlí 2016 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 2. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 2. júlí 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 2. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns.			
Næringaraukefni: Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a820		„Þíamínvetnis-klóríð“ eða „B_1-vítamín“	*Samsetning aukefnis* Þíamínvetnisklóríð *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Þíamínvetnisklóríð $C_{12}H_{17}ClN_4OS•HCl$ CAS-nr. 67-03-8 Þíamínvetnisklóríð, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: a.m.k. 98,5%, miðað við vatnsfrítt form. *Greiningaraðferðir*([1]): Til að greina eiginleika þíamínvetnisklóríðs í fóðuraukefninu: — háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV) — US Pharmacopeia 32 (‘thiamine hydrochloride’ monograph). Til að magnákvarða þíamínvetnisklóríð í forblöndum: — háþrýstijónaskiljun með ísogsnema fyrir útfjólublátt ljós (HPLC-UV) — VDLUFA Bd. III, 13.9.1, eða	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 2. Þíamínvetnisklóríð má nota í drykkjarvatn. 3. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	2. júlí 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns.			
			— háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með flúrskinsgreiningu (HPLC_FL) — Úrskurður frá 20.2.2006, ítölsk Stjórnartíðindi nr. 50, 1.3.2006. Til að magnákvarða þíamínvetnisklóríð í fóðri: — háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með flúrskinsgreiningu (HPLC_FL) — Úrskurður frá 20.2.2006, ítölsk Stjórnartíðindi nr. 50, 1.3.2006. Til að magnákvarða þíamínvetnisklóríð í vatni: — háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa (HPLC) með afleiðumyndun eftir súlu og flúrskinsgreiningu.						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns			
Næringaraukefni: Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a821		„Þíamínmónónítrat“ eða „B_1-vítamín“	*Samsetning aukefnis* Þíamínmónónítrat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Þíamínmónónítrat $C_{12}H_{17}N_4OS{\bullet}NO_3$ CAS-númer: 532-43-4 Þíamínmónónítrat, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: a.m.k. 98%, miðað við vatnsfrítt form. *Greiningaraðferðir* ([1]): Til að greina eiginleika þíamínmónónítrats í fóðuraukefninu: — háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV) — US Pharmacopeia 32 (‘thiamine mononitrate’ monograph). Til að magnákvarða þíamínmónónítrat í forblöndum: — háþrýstijónaskiljun með ísogsnema fyrir útfjólublátt ljós (HPLC-UV) — VDLUFA Bd. III, 13.9.1, eða	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Setja má þíamínmónónítrat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Þíamínmónónítrat má nota í drykkjarvatn. 4. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	2. júlí 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns			
			— háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með flúrskinsgreiningu (HPLC_FL) — Úrskurður frá 20.2.2006, ítölsk Stjórnartíðindi nr. 50, 1.3.2006. Til að magnákvarða þíamínmónónítrat í fóðri: — háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með flúrskinsgreiningu (HPLC_FL) — Úrskurður frá 20.2.2006, ítölsk Stjórnartíðindi nr. 50, 1.3.2006. Til að magnákvarða þíamínmónónítrat í vatni: — háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa (HPLC) með afleiðumyndun eftir súlu og flúrskinsgreiningu.						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1103 **2015/EES/74/26**

frá 8. júlí 2015

um leyfi fyrir betakarótíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Betakarótín var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og síðan fært inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á betakarótíni og blöndum með því fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“ Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 23. maí 2012 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi betakarótín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að betakarótín sé notað til nýmyndunar retínóls hjá nánast öllum tegundum (m.a. gátu kettir ekki notað betakarótín til nýmyndunar retínóls) og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á betakarótíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa efnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, birður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(6), 2737.

2. gr.

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 29. janúar 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 29. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 29. júlí 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 29. júlí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 29. júlí 2017 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 29. júlí 2015 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a160(a)		Betakarótín	*Samsetning aukefnis* Betakarótín. Trífenýlfosfínoxíð ≤ 100 mg/kg af aukefninu. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Betakarótín $C_{40}H_{56}$ CAS-númer: 7235-40-7 Betakarótín, fast form, framleitt með gerjun eða efnasmíði. Stofnar sem eru notaðir í gerjuninni: *Blakeslea trispora* Thaxter slant XCPA 07-05-1 (CGMCC ([1]) 7.44) og XCPA 07-05-2 (CGMCC 7.45). Hreinleikaskilyrði: – (greining) inniheldur að lágmarki 96% af heildarlitunarefnum (þurrt efni), gefið upp sem betakarótín – karótenóíð, önnur en betakarótín, ≤ 3% af heildarlitunarefnum. *Greiningaraðferð* ([2]) Til að ákvarða betakarótín í fóðuraukefninu: litrófsmæling sem byggist á Evrópsku lyfjaskránni (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 1069).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Setja má betakarótín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í staðgöngumjólk fyrir kálfa er mælt með að hámarksinnihald betakarótíns nemi 50 mg/kg staðgöngumjólkur. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn.	29. júlí 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að ákvarða betakarótín í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa (RP-HPLC) með ísogsnema fyrir útfjólublátt ljós.						

([1]) China General Microbiological Culture Collection Centre.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1152 **2015/EES/74/27**

frá 14. júlí 2015

um leyfi fyrir tókóferólkjarna úr jurtaolíum, tókóferólauðugum kjarna úr jurtaolíum (δ-auðugum) og α-tókóferóli sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Tókóferólkjarni úr jurtaolíum, tókóferólauðugur kjarni úr jurtaolíum (δ-auðugur) og α-tókóferól voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessar vörur voru síðan færðar inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram tvær umsóknir um endurmat á tókóferólkjarna úr jurtaolíum, tókóferólauðugum kjarna úr jurtaolíum (δ-auðugum) og α-tókóferóli sem fóðuraukefni og blöndur með þeim fyrir allar dýrategundir. Umsækjendurnir óskuðu eftir að þessi aukefni yrðu sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 12. júní 2012 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi tókóferólkjarni úr jurtaolíum, tókóferól-auðugur kjarni úr jurtaolíum (δ-auðugur) og α-tókóferól ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að þessi aukefni séu áhrifarík sem þráavarnarefni og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á tókóferólkjarna af náttúrulegum uppruna, tókóferólauðugum kjarna af náttúrulegum uppruna (δ-auðugum) og α-tókóferóli sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 187, 15.7.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2783; Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(7), 2784.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „þráavarnarefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. febrúar 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. ágúst 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. ágúst 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. ágúst 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. ágúst 2017 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. ágúst 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: þráavarnarefni									
1b306(i)	—	Tókóferól-kjarni úr jurtaolíum	*Samsetning aukefnis* α-, β-, γ- og δ-tókóferól. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* α-, β-, γ- og δ-tókóferól: – $C_{29}H_{50}O_2$ – $C_{28}H_{48}O_2$ – $C_{28}H_{48}O_2$ – $C_{27}H_{46}O_2$ CAS-nr.: – 59-02-9 – 490-23-3 – 54-28-4 – 119-13-1 Tókóferólkjarni af náttúrulegum uppruna, í formi fljótandi olíu, framleiddur með útdrætti úr jurtaolíum. Hreinleikaskilyrði: heildartókóferól að lágmarki 30%. *Greiningaraðferð* ([1]) Til að ákvarða form tókóferóla (α-, β-, γ- og δ-tókóferól) í fóðuraukefninu: Gasgreining með logajónunargreiningu, GC/FID (Samtök aðila í efnagreiningu 988.14). Til að ákvarða form tókóferóla (α-, β-, γ- og δ-tókóferól) í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós eða flúrskinsgreiningu, HPLC/UV eða FLD (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ([2]), IV. viðauki, aðferð B).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Setja má tókóferólkjarna úr jurtaolíum á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði og í notkunarleiðbeiningum með forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði.	4. ágúst 2025

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
1b306(ii)	—	Tókóferól-auðugur kjarni úr jurtaolíum (δ-auðugur)	*Samsetning aukefnis* α-, β-, γ- og δ-tókóferól. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* α-, β-, γ- og δ-tókóferól: Efnaformúla: – $C_{29}H_{50}O_2$ – $C_{28}H_{48}O_2$ – $C_{28}H_{48}O_2$ – $C_{27}H_{46}O_2$ CAS-nr.: – 59-02-9 – 490-23-3 – 54-28-4 – 119-13-1 Tókóferólauðugur kjarni af náttúrulegum uppruna (δ-auðugur), í formi fljótandi olíu, framleiddur með útdrætti úr jurtaolíum. Hreinleikaskilyrði: heildartókóferól að lágmarki 80% með δ-tókóferól að lágmarki 70%. *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða form tókóferóla (α-, β-, γ- og δ-tókóferól) í fóðuraukefninu: Gasgreining með logajónunargreiningu, GC/FID (Samtök aðila í efnagreiningu 988.14). Til að ákvarða form tókóferóla (α-, β-, γ- og δ-tókóferól) í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós eða flúrskinsgreiningu, HPLC/UV eða FLD (reglugerð (EB) nr. 152/2009, IV. viðauki, aðferð B).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Setja má tókóferólauðugan kjarna úr jurtaolíum (δ-auðugan) á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina stöðugleika- og geymsluskilyrði og í notkunarleiðbeiningum með forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði.	4. ágúst 2025

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
1b307	—	α-tókóferól	*Samsetning aukefnis* α-tókóferól *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Alhandhverfujafnt α-tókóferól. $C_{29}H_{50}O_2$ CAS-nr.: 10191-41-0 α-tókóferól, í formi fljótandi olíu, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: að lágmarki 96%. *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða alhandhverfujafnt α-tókóferól í fóðuraukefninu: Gasgreining með logajónunargreiningu, GC/FID (Evrópska Lyfjaskráin, 7.2-07/2011:0692), þ.á.m. einnig nokkrar sanngreiningarprófanir. Til að ákvarða alhandhverfujafnt α-tókóferól í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós eða flúrskinsgreiningu, HPLC/UV eða FLD (reglugerð (EB) nr. 152/2009, IV. viðauki, aðferð B).	Allar dýrategundir eða -flokkar	—	—	—	1. Setja má α-tókóferól á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði og í notkunarleiðbeiningum með forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði.	4. ágúst 2025

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports
([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1417 **2015/EES/74/28**

frá 20. ágúst 2015

um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir kanínur til eldis og undaneldis (leyfishafi er Huvepharma NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með díklasúríli. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir díklasúríli, CAS-númer 101831-37-2, í aukefnaflokknum „hnískalyf og vefsvipungalyf“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskanínur og kanínur til undaneldis.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 10. desember 2014 ([2]) að við fyrirhuguð notkunarskilyrði hafi díklasúríl ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að það sé áhrifaríkt til að verjast hnískasótt í eldiskanínum og kanínum til undaneldis. Hún telur að þörf sé á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað til þess að sannprófa þol gegn *Eimeria* spp. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á díklasúríli, CAS-númer 101831-37-2, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „hnískalyf og vefsvipungalyf“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 220, 21.8.2015, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3968.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
Hníslalyf og vefsvipungalyf										
51775	Huvepharma NV	Díklasúríl 0,5 g/100 g (Coxiril)	*Samsetning aukefnis* Blanda með: Díklasúríl: 5 g/kg. Sterkja: 15 g/kg. Hveitimjöl: 700 g/kg. Kalsíumkarbónat: 280 g/kg. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Díklasúríl, $C_{17}H_9Cl_3N_4O_2$, (±)-4-klórfenýl[2,6-díklór-4-(2,3,4,5-tetrahýdró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl) fenýl]asetónítríl, CAS-númer: 101831-37-2. Óhreinindi D ([1]): ≤ 0,1%. Öll önnur stök óhreinindi: ≤ 0,5%. Óhreinindi samtals: ≤ 1,5%. *Greiningaraðferð* ([2]) Til að ákvarða díklasúríl í fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós við 280 nm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ([3])).	Kanínur	—	1	1	1. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. 2. Ekki má blanda díklasúríli við önnur hníslalyf. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 4. Notkun bönnuð í a.m.k. tvo daga fyrir slátrun. 5. Leyfishafinn skal framkvæma vöktunaráætlun varðandi þol gegn *Eimeria* spp. að lokinni setningu á markað meðan á síðari hluta gildistíma leyfisins stendur.	10. september 2025	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([4]) (— 2 500 µg díklasúríls/kg af ferskri lifur. — 1 000 µg díklasúríls/kg af ferskum nýrum. — 150 µg díklasúríls/kg af ferskum vöðvum. — 300 µg díklasúríls/kg af ferskri húð/fitu.)

([1]) Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 1718 (díklasúríl til notkunar sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða).
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.
([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1).
([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1426 **2015/EES/74/29**

frá 25. ágúst 2015

um leyfi fyrir blöndu með bensósýru, þýmóli, evgenóli og píperíni sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er DSM Nutritional Product) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með bensósýru, þýmóli, evgenóli og píperíni. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með bensósýru, þýmóli, evgenóli og píperíni, í aukefnaflokknum „dýraræktar-aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 7. mars 2012 ([2]) og 28. október 2014 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með bensósýru, þýmóli, evgenóli og píperíni ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti bætt fóðurstuðul hjá eldiskjúklingum. Hún taldi einnig að sú niðurstaða geti átt við kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur. Þar eð verkunarháttur getur talist sá sami hjá öllum tegundum alifugla má yfirfæra þessa niðurstöðu á aukategundir alifugla til eldis og sem aldar eru til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrsluna um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með bensósýru, þýmóli, evgenóli og píperíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 223, 26.8.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(3), 2620.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(11), 3896.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)									
4d10	DSM Nutritional Products AG, full-trúi í ESB er DSM Nutritional Products Sp. z o.o Pólland	Blanda með bensósýru, þýmóli, evgenóli, píperíni	*Samsetning aukefnis* Blanda með bensósýru, þýmóli, evgenóli, píperíni með að lágmarki: — 80–83% bensósýru — 1–1,9% þýmól — 0,5–1% evgenól — 0,05–0,1% píperín — ≤ 0,6% bensýlsalisýlat, ísó-amýlsalisýlat og trans-anetól *Lýsing á eiginleikum virku efnanna* bensósýra (hreinleiki ≥ 95,5%): $C_7H_6O_2$ CAS-númer 65-85-0 þýmól (1): $C_{10}H_{14}O$ CAS-númer 89-83-8 evgenól (1): $C_{10}H_{12}O_2$ CAS-númer 97-53-0 píperín (1): $C_{17}H_{19}O_3N$ CAS-númer 94-62-2 Ísóamýlsalisýlat (1) CAS-númer 87-20-7 Bensýlsalisýlat (1) CAS-númer 118-58-1 Trans-anetól (1) CAS-númer 4180-23-8	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps	—	—	300	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum bensósýru- eða bensóatagjöfum. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 4. Ráðlagður lágmarksskammtur: 300 mg/kg heilfóðurs	15.9.2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferð ([2]) Til að ákvarða bensósýru í fóðuraukefninu og forblöndum: — Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með ísogsnema fyrir útfjólublátt ljós (RP-HPLC-UV). Til að ákvarða bensósýru í fóðurblöndunni: — Gasgreining með samsætuþynningu og massagreiningu (GC-IDMS) Til að ákvarða hvort þýmól, evgenól og píperín finnast í fóðuraukefninu: — Gasgreining með logajónunargreiningu (GC/FID)					

([1]) Sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, rafræn útgáfa: „Specifications for Flavourings“: http://www.fao.org/ag/agn/jecfa-flav/index.html#T

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 685/2014 **2015/EES/74/30**

frá 20. júní 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól í fæðubótarefni í föstu formi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Þessar skrár má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Hinn 13. september 2011 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á pólývínýlalkóhóli sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól (PVA-PEG ágræðslusamfjölliða) í vatnsleysanlegri, straxleysinni (e. *instant-release*) filmuhúð fyrir fæðubótarefni. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu mat öryggi PVA-PEG ágræðslusamfjölliðu þegar hún er notuð sem matvælaaukefni og komst að þeirri niðurstöðu að notkun hennar í fæðubótarefni sem filmuhúð skapi ekki öryggisvanda við tillagða notkun ([4]).

6) PVA-PEG ágræðslusamfjölliða er ætluð til notkunar í vatnsleysanlega, straxleysna filmuhúð fyrir fæðubótarefni. Hún ver gegn óþægilegu bragði eða lykt, bætir útlit, gerir það auðveldara að kyngja töflum, gefur sérkennandi útlit og ver viðkvæm, virk innihaldsefni. Sérstakur eiginleiki efnisins er að það er afar þjált, með litla seigju og leysist hratt upp í súrum, hlutlausum og basískum vatnsmiðlum. Því er rétt að heimila notkun á PVA-PEG ágræðslusamfjölliðu sem húðunarefni í fæðubótarefni í föstu formi og að úthluta aukefninu E-númerinu E 1209.

7) Reglugerð (ESB) nr. 231/2012 ætti að innihalda nákvæma skilgreiningu fyrir PVA-PEG ágræðslusamfjölliðu þegar hún er færð í skrár Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í fyrsta sinn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 246/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(8), 3303.

8) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í 3. lið í B-hluta „Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni“ bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 1208, pólývínýlpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliða:

„E 1209	Pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól“

2) Í matvælaflokki 17.1 í E-hluta „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum“ bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 1208:

	„E 1209	Pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól	100 000“		

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir E 1208 (pólývínýlpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliða):

„E 1209 PÓLÝVÍNÝLALKÓHÓL SEM HEFUR VERIÐ GRÆTT Á PÓLÝETÝLENGLÝKÓL

Samheiti	Makrógólpólý(vínýlalkóhól)ágræðslusamfjölliða; pólý(etan-1,2-díól-ágræðsluetanól); etenól, fjölliða með oxírani, ágrædd; oxíran, fjölliða með etanóli, ágrædd; etýlenoxíð-vínýlalkóhólágræðslusamfjölliða
Skilgreining	Pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól er tilbúin samfjölliða sem samanstendur af u.þ.b. 75% PVA-einingum og 25% PEG-einingum
CAS-númer	96734-39-3
Efnaheiti	Pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól
Efnaformúla	
Meðalmólþyngd miðað við þyngd	40 000 til 50 000 g/mól
Lýsing	Hvítt yfir í daufgult duft
Sanngreining	
Leysni	Auðleysanlegt í vatni og þynntri sýru og þynntum lausnum basahýdroxíða; nánast óleysanlegt í etanóli, ediksýru, asetoni og klóróformi
Innrautt tíðniróf	Verður að uppfylla kröfur
pH-gildi	5,0-8,0
Hreinleiki	
Esteragildi	10 til 75 mg/g KOH
Skriðseigja	50 til 250 mPa·s
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 5%
Súlfataska	Ekki meira en 2 %
Vínýlasetat	Ekki meira en 20 mg/kg
Ediksýra/heildarasetat	Ekki meira en 1,5 %
Etýlenglýkól	Ekki meira en 50 mg/kg
Díetýlenglýkól	Ekki meira en 50 mg/kg
1,4-díoxan	Ekki meira en 10 mg/kg
Etýlenoxíð	Ekki meira en 0,2 mg/kg
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1362 2015/EES/74/31

frá 6. ágúst 2015

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á kísildíoxíði (E 551) í rósmarínkjarna (E 392) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Umsókn um leyfi til að nota kísildíoxíð (E 551) sem kekkjavarnarefni, sem bætt er við duftform matvælaaukefnisins rósmarínkjarna (E 392) sem er notað sem þráavarnarefni, var lögð fram 27. október 2014 og gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

4) Notkun kísildíoxíðs (E 551) sem kekkjavarnarefni myndi gera það að verkum að duftform rósmarínkjarna haldist lengur laust í sér án þess að mynda klumpa/storkna meðan geymsluþol þess varir, verði auðveldara í meðhöndlun og notkunin hagkvæmari þegar því er bætt í matvæli.

5) Vísindanefndin um matvæli fastsetti ásættanlega, daglega inntöku fyrir flokk efna sem „ekki tilgreind“ fyrir kísildíoxíð (E 551) og tiltekin sílíköt (t.d. natríum-, kalíum-, kalsíum- og magnesíumsílíköt) þegar þau eru notuð sem kekkjavarnarefni ([3]). Það bendir til þess að efnið skapi ekki hættu fyrir heilbrigði í því magni sem nauðsynlegt er til að ná fram tilætluðum tæknilegum áhrifum. Aukin váhrif á neytendur af völdum kísildíoxíðs, þegar það er notað sem kekkjavarnarefni í rósmarínkjarna, verða áfram takmörkuð.

6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.

7) Þar eð leyfi fyrir notkun á kísildíoxíði (E 551) í rósmarínkjarna (E 392) telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

8) Því er rétt að leyfa notkun á kísildíoxíði (E 551) sem kekkjavarnarefni í rósmarínkjarna (E 392).

9) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

10) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 210, 7.8.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 247/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Skýrsla vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð, 1990.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda um leið og þessi reglugerð öðlast gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í 2. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við á eftir fyrstu færslunni fyrir matvælaaukefni E 551, kísildíoxíð:

„E 551	Kísildíoxíð	30 000 mg/kg í efnablöndunni	Þurrkaður rósmarínkjarni (E 392)“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1378 2015/EES/74/32

frá 11. ágúst 2015

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á ríbóflavínum (E 101) og karótínum (E 160a) í þurrkuð kartöflukorn og -flögur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Umsókn um leyfi fyrir notkun á tilteknum litarefnum í þurrkuð kartöflukorn og -flögur var lögð fram 23. júní 2014 og gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.

4) Litur á þurrkuðu kartöfludufti verður einkum fyrir áhrifum af mismunandi litbrigðum í hráum kartöflum og oxunarhvörfum sem verða við vinnslu. Sem stendur er einungis heimilt að nota kúrkúmín (E 100) í þurrkuð kartöflukorn og -flögur til að lokaafurðin, sem ætluð er til neyslu, verði ásættanleg útlits. Ríbóflavín (E 101) og karótín (E 160a) eru hentug staðgönguefni fyrir kúrkúmín og tæknileg áhrif þeirra eru þau sömu.

5) Hinn 12. september 2013 gaf Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) út álit ([3]) varðandi endurmat á öryggi ríbóflavína sem matvælaaukefna. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að ríbóflavín (E 101(i)) og ríbóflavín-5′-fosfatnatríum (E 101(ii)) skapi öryggisvanda sem matvælaaukefni við þá notkun og notkunarmagn sem nú eru leyfð. Í álitinu var flokkur 04.2 „Unnin aldin og grænmeti“, sem nær yfir flokk 04.2.6 „Unnar kartöfluafurðir“, tekinn með í váhrifamatinu. Af þeim sökum ætti rýmkun á notkun ríbóflavíns (E 101) í þurrkuð kartöflukorn og -flögur ekki að hafa áhrif á áætluð váhrif eða á niðurstöðurnar úr endurmatinu á öryggi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 213, 12.8.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 247/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Nefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, 2013. Vísindalegt álit um endurmat á ríbóflavíni (E 101(i)) og ríbóflavín-5'-fosfatnatríumi (E 101(ii)) sem matvælaaukefni (Scientific opinion on the re-evaluation of riboflavin (E 101(i)) and riboflavin-5 -phosphate sodium (E 101(ii)) as food additives), (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(10), 3357*).

6) Hinn 16. febrúar 2012 gaf Matvælaöryggisstofnunin út álit ([4]) þar sem öryggi karótína sem matvælaaukefna var endurmetið og komst að þeirri niðurstöðu að notkun á (tilbúnu) betakarótíni og blönduðum betakarótínum, sem fást úr olíupálmaaldinum, gulrótum og þörungum, sem matvælalitarefni skapi ekki öryggisvanda að því tilskildu að inntekið magn vegna þessarar notkunar sem matvælaaukefni og sem fæðubótarefni sé ekki meira en það magn sem líklegt er að sé tekið inn við reglulega neyslu á þeim matvælum sem þau koma fyrir í frá náttúrunnar hendi (5-10 mg/dag). Samkvæmt álitinu voru varfærnislegir útreikningar á váhrifum vegna notkunar á matvælaaukefni undir 5-10 mg/dag og tekið var tillit til unninna kartöfluafurða. Af þeim sökum ætti rýmkun á notkun karótína (E 160a) í þurrkuð kartöflukorn og -flögur ekki að hafa áhrif á áætluð váhrif eða á niðurstöðurnar úr endurmatinu á öryggi.

7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að slík uppfærsla hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á ríbóflavínum og karótínum í þurrkuð kartöflukorn og -flögur telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([4]) Nefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, 2012. Vísindalegt álit um endurmat á blönduðum karótínum (E 160a (i)) og betakarótíni (E 160a (ii)) sem matvælaaukefni (Scientific Opinion on the re-evaluation of Mixed Carotenes (E 160a (i)) and beta-Carotene (E 160a (ii)) as a food additive), (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(3), 2593*).

VIÐAUKI

Í E hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætast eftirfarandi færslur við í matvælaundirflokki 04.2.6 „Unnar kartöfluafurðir“ á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 100:

	„E 101	Ríbóflavín	*eftir þörfum*		Einungis þurrkuð kartöflukorn og -flögur
	E 160a	Karótín	*eftir þörfum*		Einungis þurrkuð kartöflukorn og -flögur“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1102 2015/EES/74/33

frá 8. júlí 2015

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]), einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni inniheldur nokkur efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) hefur farið fram á að frekari vísindagögn verði lögð fram fyrir með það að markmiði að ljúka matinu áður en tilteknir frestir, sem eru fastsettir í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, renna út.

5) Þegar um er að ræða eftirfarandi fimm efni: 1-metýlnaftalín (FL-nr. 01.014), fúrfúrýlmetýleter (FL-nr. 13.052), dífúrfúrýlsúlfíð (FL-nr. 13.056), dífúrfúrýleter (FL-nr. 13.061) og etýlfúrfúrýleter (FL-nr. 13.123) var eindaginn 31. desember 2013 fastsettur í skrá Sambandsins vegna framlagningar á umbeðnum frekari vísindagögnum.

6) Ef nauðsynlegar upplýsingar eru ekki lagðar fram innan tilgreindu tímamarkanna verður viðkomandi bragðefni fjarlægt af skrá Sambandsins.

7) Frekari vísindagögn höfðu ekki verið lögð fram 30. júní 2014 í kjölfar sérstakra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar ([4]) í tengslum við þessi efni. Af þeim sökum ætti að fjarlægja þessi bragðefni af skrá Sambandsins.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

([4]) Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 78 (FGE.78), *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 931, 1–59; Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 67, Revision 1 (FGE.67Rev.1), *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(10), 2315; Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 65 (FGE.65), *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010, 8(7), 1406.

9) Í 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 ([5]) er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna matvæla, sem innihalda bragðefni, sem eru sett löglega á markað eða merkt fyrir 22. október 2014. Ef til vill nægja þessar umbreytingarráðstafanir ekki vegna matvæla sem innihalda bragðefni sem á að fjarlægja af skrá Sambandsins eftir 22. október 2014. Af þeim sökum ætti að kveða á um viðbótarumbreytingartímabil fyrir matvæli sem innihalda bragðefnin fimm til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Matvæli sem innihalda bragðefnin fimm sem getið er í viðaukanum við þessa reglugerð, sem eru sett löglega á markað eða merkt innan níu mánaða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar en uppfylla ekki kröfurnar í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162).

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færslur brott:

„01.014	1-metýlnaftalín	90-12-0	1335	11009			4	JECFA/EFSA
13,052	Fúrfúrýlmetýleter	13679-46-4	1520	10944			4	Matvælaöryggis-stofnun Evrópu
13,056	Dífúrfúrýlsúlfíð	13678-67-6	1080	11438			4	Matvælaöryggis-stofnun Evrópu
13,061	Dífúrfúrýleter	4437-22-3	1522	10930			4	Matvælaöryggis-stofnun Evrópu
13,123	Etýlfúrfúrýleter	6270-56-0	1521	10940			4	Matvælaöryggis-stofnun Evrópu“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/7 **2015/EES/74/34**

frá 6. janúar 2015

um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að heilsufullyrðingar er varða matvæli séu bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 var samþykkt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 ([2]) um að taka saman lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna.

3) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli senda lögbærum landsyfirvöldum aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Til að hvetja til nýsköpunar ætti enn fremur að flýta fyrir málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir þær heilsufullyrðingar sem byggjast á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða fela í sér kröfu um vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar.

6) Í kjölfar umsóknar frá Aptonia, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar blóðsykurshækkandi kolvetni og endurheimt eðlilegrar vöðvastarfsemi (samdrátt) eftir erfiða æfingu (spurning nr. EFSA-Q-2013-00234)([3]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Blóðsykurshækkandi kolvetni auka endurheimt glýkógens í vöðvum í kjölfar erfiðrar æfingar“.

7) Hinn 25. október 2013 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á blóðsykurshækkandi kolvetnum og fullyrtu áhrifanna. Því ætti heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, að teljast uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og ætti að bæta henni við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 432/2012.

8) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur og að tekið sé tillit til orðalags og framsetningarinnar að því er þetta varðar. Ef orðalag fullyrðinga sem umsækjandi notar felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og leyfð heilsufullyrðing vegna þess að þær staðfesta sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflokks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar ættu þær því að lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtíð ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3409.

9) Í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 ætti að uppfæra fullyrðingaskrána yfir næringar- og heilsufullyrðingar, sem inniheldur allar leyfðar heilsufullyrðingar, til þess að taka tillit til þessarar reglugerðar.

10) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjanda og almenningi sem framkvæmdastjórninni hafa borist, skv. 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

11) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 432/2012 til samræmis við það.

12) Samráð var haft við aðildarríkin.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012:

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælanna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
„Kolvetni	Kolvetni stuðla að endurheimt eðlilegrar vöðvastarfsemi (samdrætti) eftir mjög kröftuga og/eða langvarandi líkamlega æfingu sem leiðir til þreytu í vöðvum og tæmingar glýkógenbirgða í beinagrindarvöðva.	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem veita kolvetni sem brotna niður í efnaskiptum mannslíkamans (að undanskildu fjölalkóhóli). Veita skal neytendum upplýsingar þess efnis að jákvæðu áhrifin náist með neyslu á kolvetnum úr öllum gjöfum, þar sem heildarskammtur er 4 g á hvert kg líkamsþyngdar, í skömmtum, innan 4 klukkustunda og eigi síðar en 6 klukkustundum eftir mjög kröftuga og/eða langvarandi líkamlega æfingu sem leiðir til þreytu í vöðvum og tæmingar glýkógenbirgða í beinagrindarvöðva.	Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli sem ætluð eru fullorðnum sem hafa stundað mjög kröftuga og/eða langvarandi líkamlega æfingu sem leiðir til þreytu í vöðvum og tæmingar glýkógenbirgða í beinagrindarvöðva.	2013;11(10):3409’	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/8 2015/EES/74/35

frá 6. janúar 2015

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að heilsufullyrðingar er varða matvæli séu bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli senda lögbærum landsyfirvöldum aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.

3) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar. Í sumum tilvikum er ekki unnt, með vísindalegu áhættumati einu og sér, að leiða í ljós allar upplýsingar sem þarf til að taka ákvörðun um áhættustjórnun og því ætti einnig að taka tillit til annarra lögmætra þátta sem skipta máli í þessu tilliti.

4) Í kjölfar umsóknar frá Dextro Energy GmbH & Co. KG, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem tengist glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum (spurning nr. EFSA-Q-2012-00266) ([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Glúkósi brotnar niður sem hluti af eðlilegum orkuefnaskiptum í líkamanum“.

5) Hinn 11. maí 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á glúkósa og þess að stuðlað væri að orkugæfum efnaskiptum. Markhópurinn er almenningur.

6) Í kjölfar umsóknar frá Dextro Energy GmbH & Co. KG, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem tengist glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum (spurning nr. EFSA-Q-2012-00267) ([3]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Glúkósi styrkir eðlilega hreyfingu“.

7) Hinn 11. maí 2012 barst framkvæmdarstjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var að fullyrðing um glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum hafi þegar verið metin með jákvæðri niðurstöðu og vísað til álits hennar um heilsufullyrðingu sem tengist glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum (spurning nr. EFSA-Q-2012-00266).

8) Í kjölfar umsóknar frá Dextro Energy GmbH & Co. KG, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem tengist glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum (spurning nr. EFSA-Q-2012-00268) ([4]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Glúkósi stuðlar að eðlilegum, orkugæfum efnaskiptum“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2694.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2695.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2696.

9) Hinn 11. maí 2012 barst framkvæmdarstjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var að fullyrðing um glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum hafi þegar verið metin með jákvæðri niðurstöðu og vísað til álits hennar um heilsufullyrðingu sem tengist glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum (spurning nr. EFSA-Q-2012-00266).

10) Í kjölfar umsóknar frá Dextro Energy GmbH & Co. KG, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem tengist glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum (spurning nr. EFSA-Q-2012-00269) ([5]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Glúkósi stuðlar að eðlilegum, orkugæfum efnaskiptum meðan á æfingu stendur“.

11) Hinn 11. maí 2012 barst framkvæmdarstjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var að fullyrðing um glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum hafi þegar verið metin með jákvæðri niðurstöðu og vísað til álits hennar um heilsufullyrðingu sem tengist glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum (spurning nr. EFSA-Q-2012-00266).

12) Í kjölfar umsóknar frá Dextro Energy GmbH & Co. KG, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem tengist glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum (spurning nr. EFSA-Q-2012-00270) ([6]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Glúkósi stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi“.

13) Hinn 11. maí 2012 barst framkvæmdarstjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var að fullyrðing um glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum hafi þegar verið metin með jákvæðri niðurstöðu og vísað til álits hennar um heilsufullyrðingu sem tengist glúkósa og hvernig hann stuðlar að orkugæfum efnaskiptum (spurning nr. EFSA-Q-2012-00266).

14) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 verða heilsufullyrðingar að byggjast á almennt viðurkenndum rannsóknaniðurstöðum. Einnig má á lögmætan hátt synja leyfis ef heilsufullyrðingar uppfylla ekki aðrar almennar og sértækar kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, jafnvel þó að jákvætt vísindalegt mat frá Matvælaöryggisstofnuninni liggi fyrir. Ekki ætti að nota heilsufullyrðingar sem eru í ósamræmi við almennt viðurkenndar meginreglur um næringu og hollustu. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli neyslu á glúkósa og þess að stuðlað væri að orkugæfum efnaskiptum. Hins vegar myndi notkun slíkrar heilsufullyrðingar senda neytendum mótsagnakennd og ruglandi skilaboð vegna þess að hún myndi hvetja til neyslu þessara sykra sem landsyfirvöld og alþjóðleg yfirvöld ráðleggja neytendum, á grundvelli almennt viðurkenndrar vísindalegrar ráðgjafar, að taka inn í minna magni. Þar af leiðandi eru slíkar heilsufullyrðingar ekki í samræmi við a-lið annarar málsgreinar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 þar sem kveðið er á um að notkun fullyrðinga eigi hvorki vera tvíræð né villandi. Við þetta má bæta að jafnvel þótt viðkomandi heilsufullyrðing væri einungis leyfð við sérstök notkunarskilyrði og/eða ef henni fylgdu viðbótaryfirlýsingar eða viðvaranir, þá myndi það ekki duga til að draga úr ruglingi hjá neytendum og af þessum sökum ætti ekki að leyfa fullyrðinguna.

15) Allar heilsufullyrðingarnar, sem falla undir þessa reglugerð, eru heilsufullyrðingar eins og um getur í a-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, sem falla undir umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar þar til listinn yfir leyfðar heilsufullyrðingar er samþykktur, að því tilskildu að þær séu í samræmi við þá reglugerð.

16) Listanum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar var komið á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 ([7]) og hefur verið í gildi síðan 14. desember 2012. Að því er varðar fullyrðingar sem um getur í 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur ekki lokið við að meta eða framkvæmdastjórnin ekki tekið afstöðu til fyrir 14. desember 2012 og eru samkvæmt þessari reglugerð ekki á listanum yfir leyfilegar heilsufullyrðingar, þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil þar sem heimilt er að nota þær, til að gera bæði stjórnendum matvælafyrirtækja og lögbærum landsyfirvöldum kleift að aðlagast banninu við fullyrðingunum.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2697.
([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2698.
([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtíð ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1).

17) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjanda og almenningi sem framkvæmdastjórninni hafa borist, skv. 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

18) Samráð var haft við aðildarríkin.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. Þó má halda áfram að nota heilsufullyrðingar, sem um getur í 1. mgr. og hafa verið notaðar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, að hámarki í sex mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

VIÐAUKI

Heilsufullyrðingar sem hefur verið hafnað

Umsókn – viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggis-stofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Glúkósi	Glúkósi brotnar niður sem hluti af eðlilegum orkuefnaskiptum í líkamanum	Q-2012-00266
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Glúkósi	Glúkósi styrkir eðlilega hreyfingu	Q-2012-00267
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Glúkósi	Glúkósi stuðlar að eðlilegum, orkugæfum efnaskiptum	Q-2012-00268
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Glúkósi	Glúkósi stuðlar að eðlilegum, orkugæfum efnaskiptum meðan á æfingu stendur	Q-2012-00269
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Glúkósi	Glúkósi stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi	Q-2012-00270

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/595 **2015/EES/74/36**

frá 15. apríl 2015

um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2016, 2017 og 2018 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008([2]) var komið á fót fyrstu samræmdu áætlun Bandalagsins til margra ára, og náði hún yfir árin 2009, 2010 og 2011. Sú áætlun hélt áfram samkvæmt samhangandi reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar. Sú síðasta var reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 400/2014 ([3]).

2) Þrjátíu til fjörutíu matvælategundir eru uppistaðan í mataræði fólks í Sambandinu. Þar eð notkun varnarefna breytist umtalsvert á þriggja ára tímabili ætti að vakta varnarefnin í þessum matvælategundum í röð þriggja ára tímabila svo unnt sé að meta váhrifin, sem neytendur verða fyrir, og beitingu löggjafar Sambandsins.

3) Á grundvelli tvíliðudreifingar er unnt, með meira en 99% öryggi, að reikna út að með því að framkvæma prófanir á 654 sýnum sé hægt að greina sýni sem innihalda varnarefnaleifar yfir greiningarmörkum (LOD), að því tilskildu að ekki minna en 1% af vörunum innihaldi leifar yfir þeim mörkum([4]). Deila ætti söfnun þessara sýna niður á aðildarríkin á grundvelli íbúafjölda og taka skal að lágmarki 12 sýni á hverja vöru á hverju ári.

4) Tekið er mið af greiningarniðurstöðum úr fyrri opinberum eftirlitsáætlunum Sambandsins til að tryggja að þau varnarefni sem falla undir eftirlitsáætlunina séu dæmigerð fyrir varnarefnin sem eru notuð.

5) Viðmiðunarreglur varðandi „aðferðir við gæðaeftirlit og fullgildingu við greiningu varnarefnaleifa í matvælum og fóðri“ eru birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar([5]).

6) Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir önnur virk efni, umbrotsefni, niðurbrotsefni eða myndefni, ætti að greina sérstaklega frá þeim efnasamböndum svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

7) Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu hafa samþykkt framkvæmdarráðstafanir, s.s. staðlaða sýnalýsingu [áður lýsing á staðalsýnum] (SSD)([6])([7]), við afhendingu niðurstaðna úr varnarefnaleifagreiningu, að því er varðar afhendingu upplýsinga frá aðildarríkjunum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 99, 16.4.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 250/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 frá 5. desember 2008 um samræmda eftirlitsáætlun Bandalagsins til margra ára fyrir árin 2009, 2010 og 2011 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 9).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 400/2014 frá 22. apríl 2014 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2015, 2016 og 2017 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 119, 23.4.2014, bls. 44).

([4]) Codex Alimentarius, Pesticide Residues in Food (Varnarefnaleifar í matvælum), Róm 1993, ISBN 92-5-103271-8; 2. bindi, bls. 372.

([5]) Document No. SANCO/12571/2013 http://ec.europa.eu/food/plant/plant_protection_products/guidance_documents/docs/qualcontrol_en.pdf (nýjasta útgáfa).

([6]) Standard sample description for food and feed (Stöðluð sýnalýsing fyrir matvæli og fóður) (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(1), 1457)

([7]) Use of the EFSA Standard Sample Description for the reporting of data on the control of pesticide residues in food and feed according to Regulation (EC) No 396/2005 (Notkun á staðlaðri sýnalýsingu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu við skýrslugjöf um gögn um eftirlit með varnarefnaleifum í matvælum og fóðri samkvæmt reglugerð (EB) nr. 396/2005) (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3545).

8) Að því er varðar sýnatökuaðferðir ætti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB([8]), sem nær yfir sýnatökuaðferðir og verklagsreglur sem Alþjóðamatvælaskrárráðið mælir með, að gilda.

9) Nauðsynlegt er að meta hvort þau hámarksgildi leifa í barnamat, sem kveðið er á um í 10. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB ([9]) og 7. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB ([10]) séu virt, að teknu tilliti til einungis þeirra skilgreininga á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.

10) Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig geta aðildarríkin sinnt skyldu sinni varðandi greiningu með því að leita til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.

11) Aðildarríkin ættu að leggja fram, eigi síðar en 31. ágúst ár hvert, upplýsingar sem varða fyrra almanaksár.

12) Til þess að komast hjá ruglingi vegna skörunar samfelldra áætlana til margra ára ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 400/2014 úr gildi í þágu réttarvissu. Þó ætti hún að gilda áfram um sýni sem voru tekin 2015.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu, á árunum 2016, 2017 og 2018, taka og greina sýni með tilliti til samsetninga af varnarefnaleifum og vörum eins og sett er fram í I. viðauka.

Fjöldi sýna úr hverri vöru, þ.m.t. matvæli fyrir ungbörn og smábörn og vörur sem eru upprunnar úr lífrænum búskap, skal vera eins og sett er fram í II. viðauka.

2. gr.

1. Framleiðslueiningin, sem á að taka sýni úr, skal valin af handahófi.

Sýnatökuaðferðin og fjöldi eininga skulu vera í samræmi við tilskipun 2002/63/EB.

2. Öll sýni, þ.m.t. úr matvælum sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, skal greina með tilliti til varnarefna, sem sett eru fram í I. viðauka, í samræmi við skilgreiningar á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.

3. Að því er varðar matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum skal meta sýni úr vörum, sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum framleiðenda, með tilliti til hámarksgilda leifa sem eru sett fram í tilskipunum 2006/125/EB og 2006/141/EB. Þegar neyta má slíkra matvæla bæði eins og þau eru seld eða endurgerð skal greina frá niðurstöðum greininga á vörunni eins og hún er seld, ekki endurgerð.

3. gr.

Aðildarríkin skulu leggja fram niðurstöður greininga á sýnum, sem hafa verið prófuð 2016, 2017 og 2018, eigi síðar en 31. ágúst 2017, 2018 og 2019, eftir því sem við á. Leggja skal þessar niðurstöður fram í samræmi við staðlaða sýnalýsingu (SSD).

Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir fleiri en eitt efnasamband (virkt efni, umbrotsefni og/eða niðurbrotsefni eða myndefni) skulu aðildarríkin gefa skýrslu um niðurstöður greininga í samræmi við tæmandi skilgreiningu á leifum. Að auki skal niðurstöðum um öll greiniefni, sem eru hluti af skilgreiningu á leifum, skilað hverjum fyrir sig svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

([8]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE (Stjtíð. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30).

([9]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).

([10]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16)

4. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 400/2014 er felld úr gildi.

Þó skal hún gilda áfram um sýni sem prófuð eru árið 2015.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Afurðir úr jurtaríkinu sem á að taka sýni úr 2016, 2017 og 2018

2016	2017	2018
c)	a)	b)
Epli (1)	Baunir með fræbelg (ferskar eða frosnar) (1)	Eggaldin (1)
Höfuðkál (1)	Gulrætur (1)	Bananar (1)
Blaðlaukur (1)	Gúrkur (1)	Spergilkál (1)
Salat (1)	Appelsínur (1)	Vínber til neyslu (1)
Ferskjur, þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar (1)	Mandarínur (1)	Appelsínusafi
Rúgkorn (2)	Perur (1)	Baunir án fræbelgs (ferskar eða frosnar) (1)
Jarðarber (1)	Kartöflur (1)	Paprikur (1)
Tómatar (1)	Hrísgrjón	Hveitikorn (2)
Vín (rautt eða hvítt) úr þrúgum. (Ef engir sérstakir vinnslustuðlar fyrir vín eru fyrir hendi má nota 1 sem sjálfgefinn stuðul. Aðildarríkjum er skylt að tilkynna um vinnslustuðla fyrir vín sem eru notaðir í „landsbundinni yfirlitsskýrslu“).	Spínat (1)	Jómfrúarolía (Ef engir sérstakur vinnslustuðull fyrir olíu er fyrir hendi má nota 5 sem sjálfgefinn stuðul fyrir fituleysanleg efni, með tilliti til meðalólífuolíuframleiðslu sem nemur 20% af ólífuuppskerunni; fyrir efni sem eru ekki fituleysanleg má nota 1 sem sjálfgefinn olíuvinnslustuðul. Aðildarríkjum er skylt að tilkynna um vinnslustuðla sem eru notaðir í „landsbundinni yfirlitsskýrslu“.)

(1) Greina skal óunnar vörur (þ.m.t. frosnar vörur)
(2) Ef nægileg sýni úr rúg- eða hveitikorni eru ekki til staðar er einnig hægt að greina rúg- eða hveitimjöl að því tilskildu að vinnslustuðullinn sé tilkynntur. (Ef engir sérstakir vinnslustuðlar fyrir rúg- eða hveitimjöl eru fyrir hendi má nota 1 sem sjálfgefinn stuðul.

B-HLUTI

Afurðir úr dýraríkinu sem á að taka sýni úr 2016, 2017 og 2018

2016	2017	2018
e)	f)	d)
Kúamjólk	Alifuglafita	Smjör
Svínafita	Lifur (úr nautgripum og öðrum jórturdýrum, svínum og alifuglum)	Hænuegg

C-HLUTI

Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að vakta í eða á afurðum úr jurtaríkinu

	2016	2017	2018	Athugasemdir
2-fenýlfenól	c)	a)	b)	
Abamektín	c)	a)	b)	
Asefat	c)	a)	b)	
Asetamípríð	c)	a)	b)	
Akrínatrín	c)	a)	b)	
Aldíkarb	c)	a)	b)	
Aldrín og díeldrín	c)	a)	b)	
Asínfosmetýl	c)	a)	b)	
Asoxýstróbín	c)	a)	b)	
Bífentrín	c)	a)	b)	
Bífenýl	c)	a)	b)	
Bítertanól	c)	a)	b)	
Boskalíð	c)	a)	b)	
Brómíðjón	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í salati og tómötum árið 2016; í hrísgrjónum árið 2017; í papriku árið 2018.
Brómprópýlat	c)	a)	b)	
Búpírímat	c)	a)	b)	
Búprófesín	c)	a)	b)	
Kaptan	c)	a)	b)	
Karbaríl	c)	a)	b)	
Karbendasím og benómýl	c)	a)	b)	
Karbófúran	c)	a)	b)	
Klórantranilípról	c)	a)	b)	
Klórfenapýr	c)	a)	b)	
Klórmekvat	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í rúgkorni, tómötum og víni árið 2016; í gulrótum, perum og hrísgrjónum árið 2017; í eggaldinum, vínberjum til neyslu og hveitikorni árið 2018.

	2016	2017	2018	Athugasemdir
Klórþalóníl	c)	a)	b)	
Klórprófam	c)	a)	b)	
Klórpýrifos	c)	a)	b)	
Klórpýrifosmetýl	c)	a)	b)	
Klófentesín	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Klóþíanidín	c)	a)	b)	Sjá einnig þíametoxam.
Sýflútrín	c)	a)	b)	
Sýmoxaníl	c)	a)	b)	
Sýpermetrín	c)	a)	b)	
Sýprókónasól	c)	a)	b)	
Sýpródiníl	c)	a)	b)	
Deltametrín	c)	a)	b)	
Díasínón	c)	a)	b)	
Díklórvos	c)	a)	b)	
Díklóran	c)	a)	b)	
Díkóföl	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Díetófenkarb	c)	a)	b)	
Dífenókónasól	c)	a)	b)	
Díflúbensúrón	c)	a)	b)	
Dímetóat	c)	a)	b)	
Dímetómorf	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Díníkónasól	c)	a)	b)	
Dífenýlamín	c)	a)	b)	
Díþíanón	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í eplum og ferskjum árið 2016; í perum og hrísgrjónum árið 2017; í vínberjum til neyslu árið 2018.
Díþíókarbamöt	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema spergilkáli, höfuðkáli, appelsínusafa og ólífuolíu.

	2016	2017	2018	Athugasemdir
Dódín	c)	a)	b)	
Endósúlfan	c)	a)	b)	
EPN	c)	a)	b)	
Epoxíkónasól	c)	a)	b)	
Etefón	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í eplum, rúgkorni, tómötum og víni árið 2016; í appelsínum, mandarínum og hrísgrjónum árið 2017; í appelsínusafa, paprikum, hveitikorni og vínberjum til neyslu árið 2018.
Eþíón	c)	a)	b)	
Etirímól	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Etófenprox	c)	a)	b)	
Famoxadón	c)	a)	b)	
Fenamídón	c)	a)	b)	
Fenamífos	c)	a)	b)	
Fenarímól	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Fenasakín	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Fenbúkónasól	c)	a)	b)	
Fenbútatínoxíð	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í eplum, tómötum og víni árið 2016; í appelsínum, mandarínum og perum árið 2017; í eggaldinum, paprikum og vínberjum til neyslu árið 2018.
Fenhexamíð	c)	a)	b)	
Fenítróþíón	c)	a)	b)	
Fenoxýkarb	c)	a)	b)	
Fenprópatrín	c)	a)	b)	
Fenprópidín	c)	a)	b)	
Fenpropímorf	c)	a)	b)	
Fenpýroxímat	c)	a)	b)	
Fenþíón	c)	a)	b)	
Fenvalerat	c)	a)	b)	
Fípróníl	c)	a)	b)	

	2016	2017	2018	Athugasemdir
Flúdíoxóníl	c)	a)	b)	
Flúfenoxúrón	c)	a)	b)	
Flúópýram	c)	a)	b)	
Flúkinkónasól	c)	a)	b)	
Flúsílasól	c)	a)	b)	
Flútríafól	c)	a)	b)	
Fólpet	c)	a)	b)	
Formetanat	c)	a)	b)	
Fosþíasat	c)	a)	b)	
Glýfosat	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í rúgkorni árið 2016; í hrísgrjónum árið 2017; í hveitikorni árið 2018.
Hexakónasól	c)	a)	b)	
Hexýþíasox	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Imasalíl	c)	a)	b)	
Imídaklópríð	c)	a)	b)	
Indoxakarb	c)	a)	b)	
Ípródíón	c)	a)	b)	
Ípróvalíkarb	c)	a)	b)	
Ísókarbófos	c)	a)	b)	
Ísópróþíólan		a)		Skal eingöngu greina í hrísgrjónum árið 2017. Á ekki við vörur sem á að greina 2016 og 2018.
Kresoxímmetýl	c)	a)	b)	
Lambda-sýhalótrín	c)	a)	b)	
Línúrón	c)	a)	b)	
Lúfenúrón	c)	a)	b)	
Malaþíón	c)	a)	b)	
Mandíprópamíð	c)	a)	b)	
Mepanípýrím	c)	a)	b)	

	2016	2017	2018	Athugasemdir
Mepíkvat	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í rúgkorni og tómötum árið 2016; í perum og hrísgrjónum árið 2017; í hveitkorni árið 2018.
Metalaxýl og metalaxýl-M	c)	a)	b)	
Metamídófos	c)	a)	b)	
Metíðaþíón	c)	a)	b)	
Metíókarb	c)	a)	b)	
Metómýl og þíódíkarb	c)	a)	b)	
Metoxýfenósíð	c)	a)	b)	
Mónókrótófos	c)	a)	b)	
Mýklóbútaníl	c)	a)	b)	
Oxadixýl	c)	a)	b)	
Oxamýl	c)	a)	b)	
Oxýdemetónmetýl	c)	a)	b)	
Paklóbútrasól	c)	a)	b)	
Paraþíón	c)	a)	b)	
Paraþíónmetýl	c)	a)	b)	
Penkónasól	c)	a)	b)	
Pensýkúrón	c)	a)	b)	
Pendímetalín	c)	a)	b)	
Permetrín	c)	a)	b)	
Fosmet	c)	a)	b)	
Pírimíkarb	c)	a)	b)	
Pírimífosmetýl	c)	a)	b)	
Prósýmídón	c)	a)	b)	
Prófenófos	c)	a)	b)	

	2016	2017	2018	Athugasemdir
Própamókarb	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í eplum, höfuðkáli, salati, tómötum og víni árið 2016; í baunum með fræbelg, gulrótum, gúrkum, appelsínum, mandarínum, kartöflum, spínati og jarðarberjum árið 2017; í eggaldinum, spergilkáli, baunum án fræbelgs og paprikum árið 2018.
Própargít	c)	a)	b)	
Própíkónasól	c)	a)	b)	
Própýsamíð	c)	a)	b)	
Pýmetrósín	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í höfuðkáli, salati, jarðarberjum og tómötum árið 2016; í gúrkum árið 2017; í eggaldinum og papriku árið 2018.
Pýraklóstróbín	c)	a)	b)	
Pýridaben	c)	a)	b)	
Pýrimetaníl	c)	a)	b)	
Pýriproxýfen	c)	a)	b)	
Kínoxýfen	c)	a)	b)	
Spínósað	c)	a)	b)	
Spíródíklófen	c)	a)	b)	
Spírómesífen	c)	a)	b)	
Spíroxamín	c)	a)	b)	
Táflúvalínat	c)	a)	b)	
Tebúkónasól	c)	a)	b)	
Tebúfenósíð	c)	a)	b)	
Tebúfenpýrað	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Teflúbensúrón	c)	a)	b)	
Teflútrín	c)	a)	b)	
Terbútýlasín	c)	a)	b)	
Tetrakónasól	c)	a)	b)	

	2016	2017	2018	Athugasemdir
Tetradífón	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Þíabendasól	c)	a)	b)	
Þíaklópríð	c)	a)	b)	
Þíametoxam	c)	a)	b)	
Þíófanatmetýl	c)	a)	b)	
Tólklófosmetýl	c)	a)	b)	
Tólýlflúaníð	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Tríadímefón og tríadímenól	c)	a)	b)	
Tríasófos	c)	a)	b)	
Trífloxýstróbín	c)	a)	b)	
Tríflúmúrón	c)	a)	b)	
Vínklósólín	c)	a)	b)	

D-HLUTI

Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að vakta í eða á afurðum úr dýraríkinu

	2016	2017	2018	Athugasemdir
Aldrín og díeldrín	e)	f)	d)	
Bífentrín	e)	f)	d)	
Klórdan	e)	f)	d)	
Klórpýrifos	e)	f)	d)	
Klórpýrifosmetýl	e)	f)	d)	
Sýpermetrín	e)	f)	d)	
DDT	e)	f)	d)	
Deltametrín	e)	f)	d)	
Díasínón	e)	f)	d)	
Endósúlfan	e)	f)	d)	

	2016	2017	2018	Athugasemdir
Famoxadón	e)	f)	d)	
Fenvalerat	e)	f)	d)	
Heptaklór	e)	f)	d)	
Hexaklórbensen	e)	f)	d)	
Hexaklórsýklóhexan (HCH, alfa-hverfa)	e)	f)	d)	
Hexaklórsýklóhexan (HCH, beta-hverfa)	e)	f)	d)	
Indoxakarb	e)		d)	Skal eingöngu greina í mjólk árið 2016; í smjöri árið 2018.
Lindan	e)	f)	d)	
Metoxýklór	e)	f)	d)	
Paraþíón	e)	f)	d)	
Permetrín	e)	f)	d)	
Pírimífosmetýl	e)	f)	d)	
Spínósað		f)		Skal eingöngu greina í lifur árið 2017.

II. VIÐAUKI

Fjöldi sýna sem um getur í 1. gr.

1) Fjöldi sýna sem hvert aðildarríki skal taka úr hverri vöru og greina með tilliti til varnarefna sem eru skráð í I. viðauka er settur fram í töflunni í 5. lið.

2) Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við töfluna í 5. lið skal hvert aðildarríki taka og greina tíu sýni úr barnamat fyrir ungbörn og smábörn árið 2016, öðrum en ungbarnablöndu, stoðblöndu og unnum barnamat með korn sem uppistöðu.

   Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við þá töflu skal hvert aðildarríki taka og greina tíu sýni úr ungbarnablöndum og stoðblöndum árið 2017.

   Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við þá töflu skal hvert aðildarríki taka og greina tíu sýni úr unnum barnamat með korn sem uppistöðu árið 2018.

3) Í samræmi við töfluna í 5. lið, skal fjöldi sýna úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap, eftir því sem við á, tekinn í hlutfalli við markaðshlutdeild þessara vörutegunda í hverju aðildarríki, að lágmarki eitt.

4) Aðildarríki sem nota aðferðir til að finna margs konar efnaleifar mega nota eigindlegar aðferðir til skimunar á allt að 15% af sýnum sem eru tekin og greind í samræmi við töfluna í 5. lið. Ef aðildarríki notar eigindlegar aðferðir til skimunar skal það greina öll önnur sýni með aðferð til að finna margs konar efnaleifar.

   Ef niðurstöður úr eigindlegum aðferðum til skimunar eru jákvæðar skulu aðildarríkin nota venjulega markaðferð (e. *target method*) til að magngreina niðurstöðurnar.

5) Fjöldi sýna á hvert aðildarríki

Aðildarríki	Sýni
BE	12 (*) 15(**)
BG	12 (*) 15 (**)
CZ	12 (*) 15 (**)
DK	12 (*) 15 (**)
DE	93
EE	12 (*) 15 (**)
EL	12 (*) 15 (**)
ES	45

Aðildarríki	Sýni
LU	12 (*) 15(**)
HU	12 (*) 15 (**)
MT	12 (*) 15 (**)
NL	17
AT	12 (*) 15 (**)
PL	45
PT	12 (*) 15 (**)
RO	17

Aðildarríki	Sýni
FR	66
IE	12 (*) 15 (**)
IT	65
CY	12 (*) 15 (**)
LV	12 (*) 15 (**)
LT	12 (*) 15 (**)
SI	12 (*) 15 (**)
SK	12 (*) 15 (**)
FI	12 (*) 15 (**)
SE	12 (*) 15 (**)
UK	66
HR	12 (*) 15 (**)

HEILDARLÁGMARKSFJÖLDI SÝNA: 654

(*) Lágmarksfjöldi sýna fyrir hverja aðferð fyrir sig sem notuð er til að greina hverja efnaleif.
(**) Lágmarksfjöldi sýna fyrir hverja aðferð sem notuð er til að finna margs konar efnaleifar.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1041 2015/EES/74/37

frá 30. júní 2015

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru landsyfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.

3) Matvælaöryggisstofnunin skal skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Biocodex, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif sítrúllín-malats og að þreyttir vöðvar jafni sig fyrr eftir æfingu (spurning nr. EFSA-Q-2013-00659 ([2])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Viðheldur styrk adenósínþrífosfata með því að draga úr umframmagni laktata til að þreyttir vöðvar jafni sig“.

6) Hinn 5. maí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var að Matvælaöryggisstofnunin hefði þegar metið skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, með neikvæðum niðurstöðum, heilsufullyrðingu um sítrúllín-malat og að þreyttir vöðvar jafni sig fyrr eftir æfingu (spurning nr. EFSA-Q-2011-00931 ([3])). Viðbótarupplýsingarnar, sem umsækjandinn lagði fram í tengslum við spurningu nr. EFSA-Q-2013-00659, nægðu ekki sem vísindalegar sannanir fyrir fullyrðingunni. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

7) Í kjölfar umsóknar frá Comvita New Zealand Limited, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif vatnsútdráttar úr laufi ólífutrés (*Olea europaea* L.) og aukningu á þoli gagnvart glúkósa (spurning nr. EFSA-Q-2013-00783 ([4])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Dagleg viðbótarinntaka á pólýfenólum úr útdrætti úr laufi ólífutrés stuðlar að því að draga úr hækkun á blóðsykri eftir máltíðir“.

8) Hinn 5. maí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að vísindaleg gögn nægi ekki til að sýna fram á orsakatengsl milli neyslu á vatnsútdrætti úr laufi ólífutrés og aukningu á þoli gagnvart glúkósa. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3650.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2699.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3655.

9) Í kjölfar umsóknar frá Naturex SA, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Pacran® og varnir gegn bakteríum sem valda sjúkdómum í neðri hluta þvagfæra (spurning nr. EFSA-Q-2013-00889 ([5])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Pacran® vinnur gegn því að E. coli með P-festiþræði nái að festa sig við frumur í þvagfærum“.

10) Hinn 5. maí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Pacran® og varna gegn bakteríum sem valda sjúkdómum í neðri hluta þvagfæra. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

11) Í kjölfar umsóknar frá PiLeJe, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif samsetningar *Bifidobacterium longum* LA 101, *Lactobacillus helveticus* LA 102, *Lactococcus lactis* LA 103 og *Streptococcus thermophilus* LA 104 og minnkun óþæginda í þörmum (spurning nr. EFSA-Q-2013-00892 ([6])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „eykur vellíðan í þörmum“.

12) Hinn 5. maí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á samsetningu *Bifidobacterium longum* LA 101, *Lactobacillus helveticus* LA 102, *Lactococcus lactis* LA 103 og *Streptococcus thermophilus* LA 104 og minnkun óþæginda í meltingarvegi. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

13) Í kjölfar umsóknar frá PiLeJe, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif samsetningar *Bifidobacterium longum* LA 101, *Lactobacillus helveticus* LA 102, *Lactococcus lactis* LA 103 og *Streptococcus thermophilus* LA 104 og bætta starfsemi þarma með því að auka tíðni hægða (spurning nr. EFSA-Q-2013-00893 ([7])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „kemur reglu á gegnumferð (um þarma)“.

14) Hinn 5. maí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á samsetningu *Bifidobacterium longum* LA 101, *Lactobacillus helveticus* LA 102, *Lactococcus lactis* LA 103 og *Streptococcus thermophilus* LA 104 og bætta starfsemi þarma með því að auka tíðni hægða. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

15) Í kjölfar umsóknar frá DoubleGood AB, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif samsetningar L-þreóníns, L-valíns, L-lefsíns, L-ísólefsíns og L-lýsíns ásamt krómpikólínati og minni aukningu á blóðsykri eftir máltíðir (spurning nr. EFSA-Q-2013-00756) ([8])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Stuðlar að því að draga úr hækkun á blóðsykri við inntöku með kolvetnaríkri máltíð“.

16) Hinn 16. júlí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var að umsækjandinn hefði ekki lagt fram gögn um að minni aukning á blóðsykri eftir máltíðir með því að auka insúlínseytingu hafi góð, lífeðlisfræðileg áhrif. Í kjölfarið ályktaði Matvælaöryggisstofnunin á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á samsetningu L-þreóníns, L-valíns, L-lefsíns, L-ísólefsíns og L-lýsíns ásamt krómpikólínati, sem heilsufullyrðingin fjallar um, og góðra, lífeðlisfræðilegra áhrifa. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3656.
([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3658.
([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3659.
([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3752.

17) Í kjölfar umsóknar frá DSM Nutritional Products and Kemin Foods, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif samsetningar lútíns og seaxantíns og bætta sjón í mikilli birtu (spurning nr. EFSA-Q-2013-00875 ([9])). Fullyrðingin, sem umsækjendur lögðu til, var svohljóðandi: „Lútein ásamt seaxantíni stuðlar að því að viðhalda skýrri og skarpri sjón í mikilli birtu“.

18) Hinn 16. júlí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á samsetningu lútíns og seaxantíns og bættrar sjónar í mikilli birtu. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([9]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3753.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðingar sem hefur verið hafnað

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggis-stofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Sítrúllín-malat	Viðheldur styrk adenósínþrífosfata með því að draga úr umframmagni laktata til að þreyttir vöðvar jafni sig.	Q-2013-00659
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Vatnsútdráttur úr laufi ólífutrés (*Olea europaea L.*)	Dagleg viðbótarinntaka á pólýfenólum úr útdrætti úr laufi ólífutrés stuðlar að því að draga úr hækkun á blóðsykri eftir máltíðir.	Q-2013-00783
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Pacran®	Pacran® vinnur gegn því að E. coli með P-festiþræði nái að festa sig við frumur í þvagfærum.	Q-2013-00889
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Samsetning *Bifidobacterium longum* LA 101, *Lactobacillus helveticus* LA 102, *Lactococcus lactis* LA 103 og *Streptococcus thermophilus* LA 104	Eykur vellíðan í þörmum.	Q-2013-00892
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Samsetning *Bifidobacterium longum* LA 101, *Lactobacillus helveticus* LA 102, *Lactococcus lactis* LA 103 og *Streptococcus thermophilus* LA 104	Kemur reglu á gegnumferð (um þarma).	Q-2013-00893
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Samsetning L-þreóníns, L-valíns, L-lefsíns, L-ísólefsíns og L-lýsíns ásamt krómpikólínati	Stuðlar að því að draga úr hækkun á blóðsykri við inntöku með kolvetnaríkri máltíð.	Q-2013-00756
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Samsetning lútíns og seaxantíns	Lútein ásamt seaxantíni stuðlar að því að viðhalda skýrri og skarpri sjón í mikilli birtu.	Q-2013-00875

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1052 2015/EES/74/38

frá 1. júlí 2015

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 3. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru landsyfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra landsyfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá SANOFI-AVENTIS FRANCE, sem lögð var fram skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á breytingu á leyfinu fyrir heilsufullyrðingu sem varðar plöntusterólestera og lækkun á LDL-kólesteróli í blóði. Þessi heilsufullyrðing var leyfð skv. a-lið 1. mgr. 14. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 983/2009 ([2]) og (ESB) nr. 384/2010 ([3]). Umsækjandinn óskaði eftir rýmkun á notkunarskilyrðunum, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 983/2009, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 376/2010 ([4]), og í reglugerð (ESB) nr. 384/2010 í upphaflegri útgáfu hennar, þannig að þau næðu yfir fæðubótarefni í duftformi sem eru leyst upp í vatni í skammti sem nemur 2 g á dag, sem myndi lækka LDL-kólesterólmagnið í blóði um 5,4–8,1% eftir inntöku daglega í sex vikur.

6) Hinn 21. febrúar 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar (spurning nr. EFSA-Q-2013-00595) ([5]) þar sem ályktað var að þótt sýnt hafi verið fram á í fjölda rannsókna að plöntusteról, sem bætt er við matvæli á borð við smurálegg úr smjörlíki, majónes og salatsósur og við mjólkurafurðir á borð við mjólk, jógúrt, þ.m.t. fitulitla jógúrt, og ost, dragi ávallt úr magni LDL-kólesteróls í blóði er ekki unnt að ákvarða verkunarskammt plöntusteróla (í duftformi og leystir upp í vatni), sem þarf til að ná tilætluðum áhrifum innan tiltekins tímaramma, samkvæmt beiðni umsækjanda.

7) Í samræmi við annan lið 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 getur umsækjandinn eða almenningur lagt athugasemdir sínar við álit Matvælaöryggisstofnunarinnar fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt fyrsta lið 6. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar. Hinn 14. apríl 2014 óskaði framkvæmdastjórnin eftir svörum Matvælaöryggisstofnunarinnar við vísindalegum athugasemdum frá umsækjandanum í samræmi við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 171, 2.7.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 983/2009 frá 21. október 2009 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtíð. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 3).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 384/2010 frá 5. maí 2010 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtíð. ESB L 113, 6.5.2010, bls. 6).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 376/2010 frá 3. maí 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 983/2009 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtíð. ESB L 111, 4.5.2010, bls. 3).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(2), 3577.

Athugasemdirnar tengdust vísindalegu mati Matvælaöryggisstofnunarinnar um rýmkun notkunarskilyrðanna fyrir plöntusterólum í duftformi, einkum íhlutunarrannsókn, sem niðurstöður samþykkta, vísindalega álitsins byggðust á, og nýrri, birtri safngreiningu sem fylgdi athugasemdunum.

8) Hinn 21. maí 2014 barst framkvæmdastjórninni svar Matvælaöryggisstofnunarinnar við athugasemdunum um vísindalega álitið (spurning nr. EFSA-Q-2014-00310) ([6]) þar sem Matvælaöryggisstofnunin ítrekaði niðurstöður sínar úr vísindalega álitinu (spurning nr. EFSA-Q-2013-00595) að því er varðar íhlutunarrannsóknina. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að í nýju, birtu safngreiningunni væru ekki viðbótarupplýsingar sem gætu þjónað sem vísindaleg rök fyrir rýmkun notkunarskilyrðanna þannig að þau nái yfir plöntusterólestera í duftformi. Þar eð fullyrðingin, að því er varðar umbeðin notkunarskilyrði, uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

9) Í kjölfar umsóknar frá Jemo-pharm A/S, sem lögð var fram skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif CranMax® og minnkun áhættu á þvagfærasýkingu með því að hindra getu tiltekinna baktería til að festa sig í þvagrásinni (spurning nr. EFSA-Q-2013-00649) ([7]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Kemur í veg fyrir að E. coli festi sig við þekjufrumur í þvagrás kvenna sem er áhættuþáttur að því er varðar myndun þvagfærasýkinga“.

10) Hinn 5. maí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á CranMax® og minnkun áhættu á þvagfærasýkingu með því að hindra getu tiltekinna baktería til að festa sig í þvagrásinni. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

11) Tekið hefur verið tillit til athugasemda sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([6]) EFSA supporting publication 2014:EN-596.
([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3657.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðingar sem hefur verið hafnað

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Breyting, skv. 19. gr., á heilsufullyrðingu sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu.	Plöntusterólesterar	Plöntusterólesterar sem fæðubótarefni í smápokum með dufti hafa reynst lækka/draga úr kólesteróli í blóði. Hátt kólesteról er áhættuþáttur í þróun kransæðasjúkdóms.	Q-2013-00595
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu.	CranMax®	Kemur í veg fyrir að E. coli festi sig við þekjufrumur í þvagrás kvenna sem er áhættuþáttur að því er varðar myndun þvagfærasýkinga.	Q-2013-00649

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 210/2013 **2015/EES/74/39**

frá 11. mars 2013

um samþykki fyrir starfsstöðvum, sem framleiða spírur, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli([1]), einkum c-lið 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 852/2004 er mælt fyrir um almennar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja, um hollustuhætti sem varða matvæli, meðal annars varðandi frumframleiðslu og samstarfsfyrirtæki. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að stjórnendum matvælafyrirtækja beri að tryggja að starfsstöðvar séu samþykktar af lögbæru yfirvaldi, er hafi komið í a.m.k. eina eftirlitsheimsókn á staðinn ef samþykktar er krafist samkvæmt landslöggjöf, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004([2]) eða samkvæmt ákvörðun sem var samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004.

2) Í kjölfar uppkomu kólígerla, sem mynda sígatoxín, innan Sambandsins í maí 2011 var sýnt fram á að neysla á spírum væri líklegasti uppruni hennar.

3) Hinn 20. október 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit um þá áhættu sem stafar af kólígerlum sem mynda sígatoxín og öðrum sjúkdómsvaldandi bakteríum í fræjum og spíruðum fræjum([3]). Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að mengun í þurrum fræjum af völdum sjúkdómsvaldandi baktería sé líklegasta uppspretta uppkomunnar sem tengdist spírunum. Í álitinu var auk þess skýrt frá því að sjúkdómsvaldandi bakteríur, sem eru fyrir hendi á þurrum fræjum, geti fjölgað sér meðan á spírun stendur vegna mikils raka og ákjósanlegs hitastigs og leitt til áhættu fyrir heilbrigði almennings.

4) Til að tryggja heilbrigðisvernd almennings í Sambandinu og í ljósi þessa álits Matvælaöryggisstofnunarinnar var samþykkt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 209/2013([4]) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli([5]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 211/2013([6]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013([7]).

5) Til viðbótar þeim ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í þessum gerðum skulu starfsstöðvar sem framleiða spírur vera háðar samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004. Slíkt samþykki, sem er veitt eftir a.m.k. eina eftirlitsheimsókn á staðinn, myndi tryggja að slíkar starfsstöðvar fylgi viðeigandi reglum um hollustuhætti og tryggja um leið öfluga heilbrigðisvernd almennings. Samþykki fyrir slíkum starfsstöðvum skal vera skilyrt því að þær uppfylli ýmsar kröfur til að tryggja að dregið sé úr möguleika á mengun innan þeirrar starfsstöðvar þar sem spírur eru framleiddar.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Í þessari reglugerð gildir skilgreiningin á „spírum“ í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 208/2013.

2. gr.

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu tryggja að starfsstöðvar sem framleiða spírur séu samþykktar af lögbæru yfirvaldi í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004. Lögbært yfirvald skal samþykkja þessar starfsstöðvar eingöngu að því tilskildu að þær uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004 og í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2013.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(11), 2424.

([4]) Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 19.

([5]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 26.

([7]) Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 16.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Kröfur er varða samþykki fyrir stöðvar sem framleiða spírur

1. Hönnun og skipulag á starfsstöðvum skal vera þannig að koma megi við góðum hollustustarfsvenjum sem varða matvæli, þ.m.t. vörnum gegn mengun milli vinnslustiga eða meðan vinnsla stendur yfir. Einkum skulu fletir (þ.m.t. yfirborðsfletir búnaðar) á svæðum, þar sem matvæli eru meðhöndluð og ef matvæli eru í snertingu við þá, vera í góðu standi og auðvelt að þrífa þá og, ef nauðsyn krefur, sótthreinsa.
2. Sjá skal fyrir fullnægjandi aðstöðu til að þrífa, sótthreinsa og geyma áhöld og búnað. Auðvelt skal vera að þrífa þessa aðstöðu og þar skal vera nægilegt heitt og kalt vatn.
3. Fullnægjandi aðstaða skal vera til að skola matvæli eftir því sem nauðsyn krefur. Í öllum vöskum og annarri aðstöðu, sem er ætluð fyrir skolun á matvælum, skal vera nægilegt drykkjarhæft vatn og skal halda þeim hreinum og, ef nauðsyn krefur, sótthreinsa þá.
4. Allur búnaður sem fræ og spírur komast í snertingu við skal vera þannig byggður, vera úr þannig efnum og skipulagi hans, viðhaldi og ástandi þannig háttað að unnt sé að halda mengunaráhættu í lágmarki og halda honum hreinum og, ef nauðsyn krefur, sótthreinsa hann.
5. Viðeigandi málsmeðferðarreglur skulu vera til staðar til að tryggja að:
   a) starfsstöð sem framleiðir spírur sé haldið hreinni og, ef nauðsyn krefur, hún sótthreinsuð,
   b) allur búnaður sem fræ og spírur komast í snertingu við sé hreinsaður á skilvirkan hátt og, ef nauðsyn krefur, sótthreinsaður. Hreinsa og sótthreinsa skal slíkan búnað nægilega oft til að koma í veg fyrir alla áhættu á mengun.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1277/2014 **2015/EES/74/40**

frá 1. desember 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið lasalósíð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]).

3) Lasalósíð er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir alifugla, sem gildir um vöðva, húð og fitu, lifur, nýru og egg og fyrir nautgripi, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

4) Umsókn um breytingu á gildandi færslu fyrir lasalósíð hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lögð voru fram viðbótargögn varðandi lasalósíð sem dýralyfjanefndin lagði mat á. Nefndin mælti í kjölfar með breytingu á gildandi ásættanlegri, daglegri inntöku sem og breytingu á gildandi hámarksgildi leifa fyrir lasalósíð í alifuglum.

6) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 346, 2.12.2014, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 253/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

7) Dýralyfjanefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé grundvöllur fyrir framreikningi á þessu efni yfir á aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

8) Því ber að breyta færslunni fyrir lasalósíð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún gildir frá og með 20. febrúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið lasalósíð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Lasalósíð	Lasalósíð A	Alifuglar	60 µg/kg	Vöðvi	ENGIN FÆRSLA	Sýkingalyf/sýklalyf“
			300 µg/kg	Lifur		
			150 µg/kg	Nýru		
			300 µg/kg	Húð og fita í eðlilegum hlutföllum		
			150 µg/kg	Egg		
		Nautgripir	10 µg/kg	Vöðvi	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis	
			20 µg/kg	Fita		
			100 µg/kg	Lifur		
			20 µg/kg	Nýru		

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1359/2014 **2015/EES/74/41**

frá 18. desember 2014

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið túlatrómýsín

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]).

3) Túlatrómýsín er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi og svín, sem gildir um fitu (húð og fitu fyrir svín), lifur og nýru.

4) Umsókn um breytingu á gildandi færslu fyrir túlatrómýsín hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Dýralyfjanefndin mælti með breytingu á gildandi ásættanlegri, daglegri inntöku fyrir túlatrómýsín sem og með því að fastsetja bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir nautgripi og svín, þar eð greiningaraðferð vegna vöktunar á efnaleifum í nautgripum og svínum hefur ekki verið fullgilt á fullnægjandi hátt að því er varðar tillögð hámarksgildi leifa. Ófullkomin vísindagögn um fullgildingu greiningaraðferðarinnar hafa ekki í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna.

6) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Dýralyfjanefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé grundvöllur fyrir framreikningi á þessu efni yfir á aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir túlatrómýsín að því er varðar nautgripi og svín, sem gilda um vöðva, húð og fitu, lifur og nýru. Bráðabirgðahámarksgildi leifa, sem eru sett fram í þeirri töflu fyrir nautgripi og svín, falla úr gildi 1. janúar 2015.

9) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 103. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 253/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

10) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 17. febrúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið túlatrómýsín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Túlatrómýsín	(2R,3S,4R,5R,8R,10R,11R,12S, 13S,14R)-2-etýl-3,4,10,13-tetrahýdroxý-3,5,8,10,12,14-hexametýl-11-[[3,4,6-trídeoxý-3-(dímetýlamínó)-β-D-xýló-hexópýranósýl]oxý]-1-oxa-6-asasýklópent-dekan-15-ón, gefið upp sem ígildi túlatrómýsíns	Nautgripir	300 µg/kg 200 µg/kg 4 500 µg/kg 3 000 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis Bráðabirgðahámarksgildi leifa falla úr gildi 1. janúar 2015	Sýkingalyf/sýklalyf“
		Svín	800 µg/kg 300 µg/kg 4 000 µg/kg 8 000 µg/kg	Vöðvi Húð og fita í eðlilegum hlutföllum Lifur Nýru	Bráðabirgðahámarksgildi leifa falla úr gildi 1. janúar 2015	

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1390/2014 **2015/EES/74/42**

frá 19. desember 2014

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið eprínómektín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]).

3) Eprínómektín er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi, sauðfé og geitur, sem gildir um vöðva, fitu, lifur, nýru og mjólk. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir það efni, sem sett er fram fyrir sauðfé og geitur, sem gildir um vöðva, fitu, lifur, nýru og mjólk, rann út 1. júlí 2014.

4) Dýralyfjanefndin mælti með því að framlengja bráðabirgðahámarksgildi leifa þar eð greiningaraðferð vegna vöktunar á efnaleifum í sauðfé og geitum hefur ekki verið fullgilt á fullnægjandi hátt. Ekki er talið að ófullkomin vísindagögn um fullgildingu greiningaraðferðarinnar hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna.

5) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra. Dýralyfjanefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé grundvöllur fyrir framreikningi á þessu efni yfir á aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

6) Því ber að breyta færslunni fyrir eprínómektín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir bráðabirgðahámarksgildi leifa til 30. júní 2016.

7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 369, 24.12.2014, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 253/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 22. febrúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið eprínómektín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Eprínómektín	Eprínómektín B1a	Nautgripir	50 µg/kg 250 µg/kg 1500 µg/kg 300 µg/kg 20 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk	ENGIN FÆRSLA	Sníklalyf/Inn- og útsníklalyf“
		Sauðfé, geitur	50 µg/kg 250 µg/kg 1500 µg/kg 300 µg/kg 20 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk	Bráðabirgðahámarksgildi leifa falla úr gildi 30. júní 2016.	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1078 **2015/EES/74/43**

frá 3. júlí 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið klódrónsýru (í formi dínatríumsalts) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Klódrónsýra (í formi dínatríumsalts) hefur ekki enn verið tilgreint í þessari töflu.

4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir klódrónsýru (í formi dínatríumsalts) í dýrum af hestaætt hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, lagt til að ákvörðun hámarksgilda leifa fyrir klódrónatdínatríum í dýrum af hestaætt sé ekki nauðsynleg fyrir heilsuvernd manna, að því tilskildu að efnið sé ekki notað fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Lyfjastofnun Evrópu telur að ekki sé viðeigandi að yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir klódrónsýru (í formi dínatríumsalts) fyrir dýr af hestaætt yfir á aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis þar eð ekki er líklegt, á grundvelli tillagðrar ábendingar og tillagðs verkunarháttar, að virka efnið yrði notað fyrir aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis en hesta.

8) Því ætti að breyta töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 4.7.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 254/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. september 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Klódrónsýra (í formi dínatríumsalts)	Á EKKI VIÐ	Dýr af hestaætt	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis	Vöðva- og beinagrindarkerfi/ lyf til meðferðar við beinasjúkdómum“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1079 **2015/EES/74/44**

frá 3. júlí 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið hexaflúmúrón (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, sé ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Hexaflúmúrón hefur enn ekki verið tilgreint í þessari töflu.

4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir hexaflúmúrón í fiskum hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur mælt með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir hexaflúmúrón fyrir fiska, sem gildir um vöðva og roð í eðlilegum hlutföllum, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Lyfjastofnun Evrópu telur að ekki sé unnt að yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir hexaflúmúrón frá fiskum yfir á aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis þar eð efnaskipti í fiskum eru takmarkaðri en efnaskiptin í spendýra- og fuglategundum.

8) Því ætti að breyta töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 4.7.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 254/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. september 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Færsla fyrir eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Hexaflúmúrón	Hexaflúmúrón	Fiskar	500 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	ENGIN FÆRSLA	Sníklalyf/útsníklalyf“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1080 **2015/EES/74/45**

frá 3. júlí 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið própýl-4-hýdroxýbensóat og natríumsalt þess (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, sé ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Própýl-4-hýdroxýbensóat og natríumsalt þess hafa ekki enn verið tilgreind í þessari töflu.

4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir própýl-4-hýdroxýbensóat og natríumsalt þess í öllum tegundum sem gefa af sér afurðir til manneldis hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, lagt til að ákvörðun hámarksgilda leifa fyrir própýl-4-hýdroxýbensóat og natríumsalt þess í öllum tegundum sem gefa af sér afurðir til manneldis sé ekki nauðsynleg fyrir heilsuvernd manna, að því tilskildu að efnið sé eingöngu notað sem rotvarnarefni.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Með tilliti til álits Lyfjastofnunar Evrópu þess efnis að ekki ætti að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir própýl-4-hýdroxýbensóat og natríumsalt þess er yfirfærsla ekki möguleg fyrir þetta efni.

8) Því ætti að breyta töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 4.7.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 254/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. september 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Færsla fyrir eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Própýl-4-hýdroxýbensóat og natríumsalt þess	Á EKKI VIÐ	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Einungis til notkunar sem rotvarnarefni.	ENGIN FÆRSLA“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1308 **2015/EES/74/46**

frá 29. júlí 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið basískt álsalisýlat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, sé ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Basískt álsalisýlat er þegar tilgreint í þessari töflu og samkvæmt henni er basískt álsalisýlat leyft til i. inngjafar um munn fyrir nautgripi, að undanskildum tegundum sem gefa af sér mjólk til manneldis, og ii. staðbundinnar notkunar fyrir allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis, að undanskildum fiskum.

4) Umsókn um breytingu á gildandi færslu fyrir basískt álsalisýlat hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, mælt með því að viðhalda flokkuninni „hámarksgildis leifa ekki krafist“ fyrir basískt álsalisýlat en eingöngu fyrir staðbundna notkun efnisins og eingöngu fyrir aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis en nautgripi, geitur, dýr af hestaætt, kanínur og fiska. Í ljósi þess að nú er lagt til að efnið sé notað fyrir fullvaxin dýr ætti í stað gildandi færslu fyrir nautgripi að koma töluleg hámarksgildi leifa þar eð flokkunin „hámarksgildis leifa ekki krafist“ er ekki lengur í gildi og ákvörðun gilda er krafist fyrir vefi og mjólk úr nautgripum.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Lyfjastofnun Evrópu telur að viðeigandi sé að yfirfæra töluleg hámarksgilda leifa fyrir basískt álsalisýlat sem mælt er með fyrir nautgripi yfir á geitur, hesta og kanínur.

8) Því ætti að breyta töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 200, 30.7.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 255/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

9) Greiningaraðferð til vöktunar á tillögðum hámarksgildum leifa fyrir basískt álsalisýlat í vefjum úr nautgripum eða mjólk úr nautgripum er fyrir hendi en hefur ekki enn verið fullgilt á fullnægjandi hátt.

10) Ákvarða má, skv.4. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009, bráðabirgðahámarksgildi leifa í þeim tilvikum þegar vísindagögn eru ófullnægjandi að því tilskildu að engin ástæða sé til að ætla að leifar af viðkomandi efni, við þau mörk sem lögð eru til, stofni heilbrigði manna í hættu.

11) Tillögð töluleg hámarksgildi leifa ættu því vera til bráðabirgða og falla úr gildi 31. desember 2016.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 28. september 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið basískt álsalisýlat í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Basískt álsalisýlat	Salisýlsýra	Nautgripir, geitur, dýr af hestaætt, kanínur	200 µg/kg	Vöðvi	Bráðabirgðahámarksgildi leifa falla úr gildi 31. desember 2016.	Stemmandi lyf gegn niðurgangi og bólgueyðandi þarmalyf“
			500 µg/kg	Fita		
			1500 µg/kg	Lifur		
			1500 µg/kg	Nýru		
		Nautgripir, geitur, dýr af hestaætt	9 µg/kg	Mjólk		
	Á EKKI VIÐ	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis, að undanskildum nautgripum, geitum, dýrum af hestaætt, kanínum og fiskum	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Eingöngu til staðbundinnar notkunar.	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1494 2015/EES/74/47

frá 4. september 2015

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi benseni) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 3. lið 5. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er bannað að setja bensen á markað eða nota það sem efni eða efnisþátt í önnur efni eða í blöndur í styrk sem er 0,1% eða meiri, miðað við þyngd.

2) Vegna jarðfræðilegra einkenna inniheldur jarðgas úr tilteknum uppsprettum meira en 0,1% bensen miðað við þyngd en minna en 0,1% miðað við rúmmál.

3) Þær aðferðir sem til eru til að draga úr styrk bensens í þessu jarðgasi niður fyrir 0,1% miðað við þyngd myndu leiða til fjárfestingarútgjalda sem nema nærri 1 milljarði evra og rekstrarútgjalda sem nema um 60 milljónum evra á ári.

4) Í áhættumati frá Dutch Rijksinstituut voor Volksgezondheid en Milieu (Hollenska lýðheilsu- og umhverfisstofnunin) frá 2013 var komist að þeirri niðurstöðu að jarðgas, sem sett er á markað til notkunar fyrir neytendur, þar sem styrkur bensens er yfir 0,1% miðað við þyngd en undir 0,1% miðað við rúmmál, skapi ekki óviðunandi heilbrigðisáhættu.

5) Áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu staðfesti í áliti sínu ([2]) frá 28. nóvember 2014 að váhrif, sem neytendur verða fyrir vegna styrks bensens í jarðgasi sem er yfir 0,1% miðað við þyngd en undir 0,1% miðað við rúmmál, skapi ekki áhættu fyrir heilbrigði neytenda sem ekki er unnt að halda nægilega vel í skefjum.

6) Hinn mikli kostnaður við að draga úr styrk bensens í jarðgasi niður fyrir 0,1% miðað við þyngd væri óhóflegur og, í ljósi álits áhættumatsnefndarinnar, ónauðsynlegur með tilliti til áhættustjórnunar. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til að leyfa setningu jarðgass á markað og notkun þess ef styrkur bensens í því er undir 0,1% miðað við rúmmál.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 233, 5.9.2015, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) http://echa.europa.eu/documents/10162/13641/rac_opinion_adopted_benzene_in_natural_gas_en.pdf

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist eftirfarandi c-liður við 4. lið í 2. dálki 5. færslu:

„c) jarðgas, sem sett er á markað til notkunar fyrir neytendur, að því tilskildu að styrkur bensens haldist undir 0,1% miðað við rúmmál.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/830 **2015/EES/74/48**

frá 28. maí 2015

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er mælt fyrir um kröfur um samantekt öryggisblaða sem notuð eru til að upplýsa um efni og blöndur í Evrópusambandinu.

2) Með hnattsamræmda kerfinu til flokkunar og merkingar á íðefnum (HSK), sem þróað var innan Sameinuðu þjóðanna, hafa verið settar fram alþjóðlegar, samræmdar viðmiðanir fyrir flokkun og merkingu íðefna og reglur um öryggisblöð.

3) Kröfurnar vegna öryggisblaða í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ætti að aðlaga í samræmi við fimmtu endurskoðunina á reglum hnattsamræmda kerfisins um öryggisblöð.

4) Hinn 1. júní 2015 munu tvær ósamhljóða breytingar á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 öðlast gildi á sama tíma, ein með 5. mgr. 59. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]) og önnur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 453/2010 ([3]). Til að forðast rugling að því er varðar hvor útgáfa II. viðauka gildir þarf nýr II. viðauki að koma í stað þessa viðauka og breytinga hans.

5) Það myndi skapa óhóflega byrði fyrir þá rekstraraðila sem hafa þegar tekið saman öryggisblöð að krefjast þess að þeir uppfæri þau þegar í stað í samræmi við breytinguna á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Því ætti að leyfa þeim rekstraraðilum að halda áfram að nota öryggisblöð sem eru afhent viðtakanda fyrir 1. júní 2015 í tiltekinn tíma.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, eins og honum var breytt með 5. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og reglugerð (ESB) nr. 453/2010, komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 29.5.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 453/2010 frá 20. maí 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 133, 31.5.2010, bls. 1).

2. gr.

Með fyrirvara um 9. mgr. 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er heimilt að nota áfram öryggisblöð sem eru afhent einhverjum viðtakanda fyrir 1. júní 2015 og þurfa þau ekki að samræmast viðaukanum við þessa reglugerð fyrr en 31. maí 2017.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júní 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

KRÖFUR UM SAMANTEKT ÖRYGGISBLAÐA

A-HLUTI

0.1. **Inngangur**

0.1.1. Í þessum viðauka eru settar fram kröfur sem birgir skal uppfylla vegna samantektar öryggisblaðs sem er lagt fram fyrir efni eða blöndu í samræmi við 31. gr.

0.1.2. Upplýsingarnar, sem koma fram á öryggisblaðinu, skulu vera í samræmi við upplýsingarnar í efnaöryggisskýrslunni sé hennar krafist. Ef efnaöryggisskýrsla hefur verið tekin saman skal tilgreina viðeigandi váhrifasviðsmynd eða -myndir í viðauka við öryggisblaðið.

0.2. **Almennar kröfur um samantekt öryggisblaðs**

0.2.1. Öryggisblaðið skal gera notendum kleift að grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem lúta að heilsuvernd manna og öryggisvernd á vinnustöðum og umhverfisvernd. Höfundur öryggisblaðsins skal taka tillit til þess að öryggisblað á að gera lesanda sínum grein fyrir hættu sem stafar af efni eða blöndu og upplýsa um örugga geymslu, meðhöndlun og förgun efnisins eða blöndunnar.

0.2.2. Upplýsingarnar á öryggisblöðunum skulu einnig uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í tilskipun 98/24/EB. Einkum skulu öryggisblöðin gera vinnuveitendum kleift að ákvarða hvort einhverjir hættulegir, efnafræðilegir áhrifavaldar séu á vinnustaðnum og meta þá áhættu fyrir heilbrigði og öryggi starfsmanna sem tengist notkun þeirra.

0.2.3. Upplýsingarnar á öryggisblaðinu skulu ritaðar á skýran og gagnorðan hátt. Þar til bær aðili skal útbúa öryggisblaðið og skal hann taka tillit til sértækra þarfa notenda þess, eftir því sem vitað er um þær. Birgjar efna og blandna skulu sjá til þess að þar til bæru aðilarnir hafi fengið viðeigandi þjálfum, þ.m.t. upprifjunarþjálfun.

0.2.4. Orðalag öryggisblaðsins skal vera einfalt, skýrt og nákvæmt, forðast skal fagmál, upphafsstafaorð og skammstafanir. Ekki skal nota setningar eins og „gæti verið hættulegt“, „engin áhrif á heilbrigði“, „hættulaust við flest notkunarskilyrði“ eða „óskaðlegt“ eða nokkrar aðrar setningar sem gefa til kynna að efnið eða blandan sé ekki hættuleg eða nokkrar aðrar setningar sem eru í ósamræmi við flokkun þess efnis eða blöndu.

0.2.5. Dagsetning samantektar öryggisblaðsins skal tilgreind á fyrstu síðu. Þegar lokið hefur verið við að endurskoða öryggisblað og ný, endurskoðuð útgáfa er afhent viðtakendum skal viðtakendunum tilkynnt um breytingarnar í 16. lið öryggisblaðsins, nema breytingarnar séu tilgreindar annars staðar. Þegar öryggisblað er endurskoðað skal birta á fyrstu síðu dagsetningu samantektarinnar, tilgreinda sem „Endurskoðun: (dags.)“, sem og útgáfunúmer, endurskoðunarnúmer, gildistökudag nýju útgáfunnar eða einhverjar aðrar upplýsingar um hvaða útgáfu er verið að skipta út.

0.3. **Snið öryggisblaðs**

0.3.1. Öryggisblað er ekki af fastri lengd. Lengd öryggisblaðsins skal vera í hlutfalli við hættuna sem stafar af efninu eða blöndunni og fyrirliggjandi upplýsingar.

0.3.2. Allar blaðsíður öryggisblaðs, þ.m.t. allir viðaukar, skulu tölusettar og á þeim skulu vera annaðhvort upplýsingar um lengd öryggisblaðsins (t.d. „blaðsíða 1 af 3“) eða upplýsingar um það hvort fleiri blaðsíður fylgja (t.d. „framhald á næstu blaðsíðu“ eða „lok öryggisblaðs“).

0.4. **Efni öryggisblaðs**

Upplýsingarnar, sem krafist er í þessum viðauka, skulu vera í viðkomandi undirliðum öryggisblaðsins, eins og sett er fram í B-hluta, þegar þær skipta máli og liggja fyrir. Á öryggisblaðinu mega ekki vera auðir undirliðir.

0.5. **Aðrar kröfur um upplýsingar**

Í sumum tilvikum getur verið nauðsynlegt að bæta við viðeigandi, fyrirliggjandi upplýsingum sem skipta máli í viðkomandi undirliðum í ljósi fjölbreytilegra eiginleika efnanna og blandnanna.

Viðbótarupplýsingar um öryggi og umhverfi eru nauðsynlegar til að mæta þörfum farmanna og annarra flutningaverkamanna sem vinna við flutninga á hættulegum farmi í búlkum á búlkaskipum, sem eru hafskip eða ætluð fyrir skipgengar vatnaleiðir, eða á tankskipum, í samræmi við reglur Alþjóðasiglingamálastofn unarinnar eða landsbundnar reglur. Í undirlið 14.7 er mælt með því að grunnupplýsingar um flokkun séu skráðar þegar slíkur farmur er fluttur í búlkum skv. II. viðauka við alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973, eins og honum var breytt með bókuninni frá 1978 (MARPOL-samningurinn) ([4]) og alþjóðareglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um smíði og búnað skipa sem flytja búlkafarma af hættulegum efnum (alþjóðakóðinn um efnaflutningaskip) (IBC-kóðinn) ([5]). Að auki er þess krafist að skip sem flytja olíu eða eldsneytisolíu, eins og skilgreint er í I. viðauka við MARPOL-samninginn, í búlkum eða skip sem geyma eldsneytisolíu, hafi, fyrir lestun, „öryggisblað“ í samræmi við ályktun siglingaöryggisnefndar Al þjóðasiglingamálastofnunarinnar „Recommendations for Material Safety Data Sheets (MSDS) for MARPOL Annex I Oil Cargo and Oil Fuel“ (MSC.286(86)). Í því skyni að hafa eitt samræmt öryggisblað til notkunar við sjóflutninga og aðra flutninga er því heimilt að hafa viðbótarákvæði ályktunar MSC.286(86) með í öryggisblöðunum, eftir því sem við á, ef um er að ræða sjóflutninga á farmi og skipaeldsneytisolíu skv. I. viðauka við Marpol-samninginn.

0.6. **Einingar**

Nota skal mælieiningarnar sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 80/181/EBE ([6]).

0.7. **Sérstök tilvik**

Einnig er krafist öryggisblaða fyrir þau sérstöku tilvik sem skráð eru í lið 1.3 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, þar sem gefnar eru undanþágur að því er varðar merkingar.

1. ***1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal því lýst hvernig efni eða blöndur skulu auðkenndar og hvernig upplýsingar um tilgreinda, viðeigandi notkun, nafn birgis efnisins eða blöndunnar og samskiptaupplýsingar um birgi efnisins eða blöndunnar, þ.m.t. neyðarnúmer, skulu gefnar á öryggisblaðinu.

1.1. **Vörukenni**

Leggja skal fram vörukenni í samræmi við 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, ef um efni er að ræða, og í samræmi við a-lið 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, ef um blöndu er að ræða, og eins og kveðið er á um á merkimiðanum á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis eða aðildarríkja þar sem efnið eða blandan er sett á markað, nema hlutaðeigandi aðildarríki kveði á um annað.

Að því er varðar skráningarskyld efni skal vörukennið vera í samræmi við það sem tilgreint er í skráningu og skal einnig tilgreina skráningarnúmerið sem er úthlutað skv. 3. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar.

Án þess að það hafi áhrif á þær skyldur eftirnotanda, sem mælt er fyrir um í 39. gr. þessarar reglugerðar, má birgir sem er dreifingaraðili eða eftirnotandi sleppa þeim hluta skráningarnúmers sem vísar til einstakra skráningaraðila á skráningarskjölum sem lögð eru fram sameiginlega að því tilskildu að:

a) sá birgir taki ábyrgð á að leggja fram fullt skráningarnúmer ef þess er krafist vegna fullnustu ákvæða eða, ef hann hefur ekki aðgang að fullu skráningarnúmeri, að framsenda beiðnina til birgis síns í samræmi við b-lið og

([4]) MARPOL — Samsteypt útgáfa frá 2006, London, Alþjóðasiglingamálastofnunin 2007, ISBN 978-92-801-4216-7

([5]) IBC-kóði, útgáfa frá 2007, London, Alþjóðasiglingamálastofnunin 2007, ISBN 978-92-801-4226-6

([6]) Tilskipun ráðsins 80/181/EBE frá 20. desember 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar og um ógildingu tilskipunar 71/354/EBE (Stjtíð. EB L 39, 15.2.1980, bls. 40).

b) sá birgir leggi fram fullt skráningarnúmer hjá því yfirvaldi aðildarríkisins, sem ber ábyrgð vegna fullnustu („fullnustuyfirvald“), innan 7 daga frá því hann tekur á móti beiðninni, sem kemur annaðhvort beint frá fullnustuyfirvaldinu eða er framsend af viðtakanda sínum, eða, ef hann hefur ekki aðgang að fullu skráningarnúmeri, að hann framsendi beiðnina til birgis síns innan 7 daga frá því hann tekur á móti beiðninni og geri um leið fullnustuyfirvaldinu grein fyrir því.

Nota má eitt öryggisblað fyrir upplýsingar um fleiri en eitt efni eða blöndur ef upplýsingarnar á því öryggisblaði uppfylla kröfurnar í þessum viðauka fyrir hvert þessara efna eða blandna.

Önnur auðkenning

Gefa má upplýsingar um önnur heiti eða samheiti sem efnið eða blandan er merkt með eða almennt þekkt undir, s.s. staðgönguheiti, númer, framleiðslunúmer fyrirtækis eða önnur sérstök kennimerki.

1.2. **Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá**

Viðtakandi eða viðtakendur efnisins eða blöndunnar skulu a.m.k. upplýstir um þá tilgreindu notkun efnisins eða blöndunnar sem skiptir þá máli. Það skal gert með stuttri lýsingu á fyrirhugaðri notkun efnisins eða blöndunnar, s.s. „eldtefjandi efni“, „þráavarnarefni“.

Taka skal fram hvaða notkun birgirinn mælir gegn og ástæður þess, eftir atvikum. Þessi skrá þarf ekki að vera tæmandi.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skulu upplýsingarnar í þessum undirlið öryggisblaðsins vera í samræmi við tilgreinda notkun í efnaöryggisskýrslunni og þær sviðsmyndir af váhrifum úr efnaöryggisskýrslunni sem settar eru fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

1.3. **Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins**

Birgirinn skal auðkenndur, hvort sem hann er framleiðandi, innflytjandi, stakur fulltrúi, eftirnotandi eða dreifingaraðili. Fullt heimilisfang og símanúmer birgisins skal gefið upp, auk tölvupóstfangs þar til bærs aðila sem ber ábyrgð á öryggisblaðinu.

Ef birgirinn er ekki staðsettur í aðildarríkinu þar sem efnið eða blandan er sett á markað og hann hefur tilnefnt ábyrgan aðila fyrir það aðildarríki skal auk þess tilgreina fullt heimilisfang og símanúmer ábyrga aðilans.

Að því er varðar skráningaraðila skulu upplýsingarnar svara til upplýsinganna um framleiðandann eða innflytjandann í skráningarskjölunum.

Ef stakur fulltrúi hefur verið skipaður má einnig leggja fram nánari upplýsingar um framleiðandann eða framleiðanda efnasamsetningarinnar utan Sambandsins.

1.4. **Neyðarsímanúmer**

Veita skal upplýsingar um neyðarupplýsingaþjónustu. Ef til er opinber ráðgjafarstofnun í aðildarríkinu, þar sem efnið eða blandan er sett á markað (það kann að vera aðilinn sem ber ábyrgð á viðtöku upplýsinga er varða heilbrigði og vísað er til í 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008), skal símanúmer hennar lagt fram og getur það verið nóg. Ef sú þjónusta er af einhverjum ástæðum takmörkuð, s.s. vegna opnunartíma eða vegna takmarkana á miðlun ákveðinna tegunda upplýsinga, skal það koma skýrt fram.

2. ***2. LIÐUR: Hættugreining***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal lýsa þeim hættum sem stafa af efninu eða blöndunni og þeim varúðarupplýsingum sem við eiga vegna þeirrar hættu.

2.1. **Flokkun efnisins eða blöndunnar**

Tilgreina skal flokkun á efni eða blöndu sem leiðir af beitingu flokkunarviðmiðanna í reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Ef birgir hefur tilkynnt um upplýsingar varðandi efnið til flokkunar- og merkingarskrárinnar, í samræmi við 40. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, skal flokkunin sem gefin er upp á öryggisblaðinu vera sú sama og flokkunin sem kom fram í tilkynningunni.

Ef blandan uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal það koma skýrt fram.

Upplýsingar um efnin í blöndunum eru veittar í undirlið 3.2.

Ef flokkunin, þ.m.t. hættusetningarnar, eru ekki ritaðar fullum fetum skal vísa í 16. lið þar sem gefa skal upp orðréttan texta hverrar flokkunar, þ.m.t. viðkomandi hættusetningar.

Skrá skal helstu skaðlegu, eðlisrænu áhrif á heilbrigði manna og umhverfið í samræmi við 9.–12. lið öryggisblaðsins á þann hátt að fólk sem ekki býr yfir sérþekkingu geti greint hætturnar sem stafa af efninu eða blöndunni.

2.2. **Merkingaratriði**

Á grundvelli flokkunarinnar skal tilgreina a.m.k. eftirfarandi þætti, sem birtast á merkimiðanum, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008: hættumerki, viðvörunarorð, hættusetning eða hættusetningar og varnaðarsetning eða varnaðarsetningar. Aðeins má skipta út hættumerki í lit, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008, með fullu myndrænu afriti hættumerkis í svart-hvítu eða myndrænu afriti táknsins.

Leggja skal fram gildandi merkingaratriði í samræmi við 25. gr. og 6. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

2.3. **Aðrar hættur**

Veita skal upplýsingar um hvort efni eða blanda uppfyllir viðmiðun fyrir PBT-eiginleika (þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrað) eða vPvB-eiginleika (mjög þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli) í samræmi við XIII. viðauka.

Veita skal upplýsingar um aðrar hættur sem ekki teljast flokkunareiginleikar en geta átt sinn þátt í þeim heildarhættum sem stafa af efninu eða blöndunni, s.s. myndun loftmengunar meðan á herðingu eða vinnslu stendur, ryksöfnun, sprengifimi sem uppfyllir ekki flokkunarviðmiðanir 2. hluta liðar 2.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, hætta á reksprengingu, víxlnæming, hætta á köfnun og kali, mikil lyktar- eða bragðmyndunargeta eða umhverfisáhrif eins og hætta fyrir jarðvegslífverur eða ljósefnafræðileg ósonmyndunargeta. Ef um er að ræða hættu á reksprengingu er viðeigandi að nota setninguna „Getur myndað sprengifima blöndu af ryki og lofti ef dreift“.

3. ***3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal lýsa, eins og sett er fram hér á eftir, efnakenni innihaldsefnis, eða innihaldsefna, efnisins eða blöndunnar, þ.m.t. óhreinindi og stöðgandi íblöndunarefni. Tilgreina skal viðeigandi og fyrirliggjandi öryggisupplýsingar um yfirborðsefnafræði.

3.1. **Efni**

Efnakenni aðalinnihaldsefnisins skal gefið upp með að tilgreina a.m.k. vörukennið eða með einhverri annarri auðkenningu sem gefin er upp í undirlið 1.1.

Efnakenni allra óhreininda, stöðgandi íbótarefna eða einstakra efnisþátta, annarra en aðalinnihaldsefnisins, sem eru flokkuð og sem eiga sinn þátt í flokkun efnisins, skulu gefin upp sem hér segir:

a) vörukenni í samræmi við 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008,

b) ef vörukenni liggur ekki fyrir: eitthvert af hinum heitunum (almennt heiti, viðskiptaheiti, skammstöfun) eða kenninúmer.

Birgjar efna geta að auki valið að skrá alla efnisþætti, þ.m.t. óflokkaðir efnisþættir.

Þennan undirlið má líka nota til að upplýsa um efni með mörgum efnisþáttum.

3.2. **Blöndur**

Tilgreina skal vörukenni, styrk eða styrksvið og flokkun fyrir a.m.k. öll efnin sem um getur í liðum 3.2.1 eða 3.2.2. Birgjar blandna geta að auki valið að skrá öll efni í blöndunni, þ.m.t. efni sem uppfylla ekki viðmiðanir fyrir flokkun. Þessar upplýsingarnar skulu gera viðtakanda auðvelt fyrir að greina þær hættur sem stafa af efnunum í blöndunni. Tilgreina skal hættur, sem stafa af blöndunni sjálfri, í 2. lið.

Styrk efnanna í blöndu skal lýst sem öðru af eftirfarandi:

a) nákvæmum hundraðshlutum af massa eða magni í lækkandi röð, ef það er tæknilega mögulegt,

b) hundraðshlutabilum af massa eða magni í lækkandi röð, ef það er tæknilega mögulegt.

Þegar notuð eru hundraðshlutabil skal lýsingin á heilbrigðis- og umhverfishættum fela í sér áhrifin af hæsta styrk hvers innihaldsefnis.

Ef áhrif blöndunnar í heild sinni eru ljós skal hafa þær upplýsingar með í 2. lið.

Ef notkun á staðgönguefnaheiti er leyfð í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 má nota það heiti.

3.2.1. Eftirfarandi efni skulu tilgreind vegna blöndu, sem uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, auk upplýsinga um styrk eða styrkleikasvið þeirra í blöndunni:

a) efni, sem eru hættuleg heilbrigði manna eða umhverfinu í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, ef styrkleiki þeirra er jafn eða meiri en:

i.a) lægstu almenn þröskuldsgildi í töflu 1.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

i.b) lægstu almenn styrkleikamörk, sem gefin eru upp í 3.–5. lið í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, með tilliti til styrksins sem tilgreindur er í athugasemdunum við tilteknar töflur í 3. hluta í tengslum við þá skyldu að gera öryggisblað fyrir blönduna aðgengilega sé þess krafist, og fyrir ásvelgingarhættu (liður 3.10 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008) ≥ 10%

Skrá yfir hættuflokka, hættuundirflokka og styrkleikamörk sem valda því að efni skal skráð sem efni í blöndu í undirlið 3.2

1.1. Hættuflokkur og -undirflokkur	Styrkleikamörk (%)
Bráð eiturhrif, 1. 2. og 3. undirflokkur	≥ 0,1
Bráð eiturhrif, 4. undirflokkur	≥ 1
Húðæting/húðerting, 1. undirflokkur, undirflokkar 1A, 1B og 1C og 2. undirflokkur	≥ 1
Alvarlegur augnskaði/augnerting, 1. og 2. undirflokkur	≥ 1
Næming öndunarfæra/húðar	≥ 0,1
Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, undirflokkar 1A og 1B	≥ 0,1
Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, 2. undirflokkur	≥ 1
Krabbameinsvaldandi áhrif, undirflokkar 1A og 1B og 2. undirflokkur	≥ 0,1
Eiturhrif á æxlun, undirflokkar 1A og 1B og 2. undirflokkur og áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk	≥ 0,1
Sértæk eiturhrif á marklíffæri — váhrif í eitt skipti, 1. og 2. undirflokkur	≥ 1
Sértæk eiturhrif á marklíffæri — endurtekin váhrif, 1. og 2. undirflokkur	≥ 1
Ásvelgingarhætta	≥ 10

1.1. Hættuflokkur og -undirflokkur	Styrkleikamörk (%)
Hættulegt fyrir vatnsumhverfi — bráð eiturhrif í 1. undirflokki	≥ 0,1
Hættulegt fyrir vatnsumhverfi — langvinn eiturhrif í 1. undirflokki	≥ 0,1
Hættulegt fyrir vatnsumhverfi — langvinn eiturhrif í 2., 3. og 4. undirflokki	≥ 1
Hættulegt ósonlaginu	≥ 0,1

ii. lægstu sértæk styrkleikamörk sem tilgreind eru í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

iii. ef margföldunarstuðull hefur verið tilgreindur í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008: lægsta almennt þröskuldsgildi í töflu 1.1 í I. viðauka við þá reglugerð, aðlagað með útreikningunum sem settir eru fram í lið 4.1 í I. viðauka við þá reglugerð,

iv. lægstu sértæk styrkleikamörk sem eru lögð fram í flokkunar- og merkingarskránni sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

v. styrkleikamörkin sem sett eru fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

vi. ef margföldunarstuðull hefur verið settur fram í flokkunar- og merkingarskránni, sem var komið á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008: lægsta almennt þröskuldsgildi í töflu 1.1. í I. viðauka við þá reglugerð, aðlagað með útreikningunum sem settir eru fram í lið 4.1. í I. viðauka við þá reglugerð.

b) efni, sem falla undir viðmiðunarmörk Sambandsins fyrir váhrif á vinnustöðum og falla ekki þegar undir a-lið,

c) efni sem eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð eða mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanirnar, sem settar eru fram í XIII viðauka, eða efni sem eru á skránni sem var komið á fót í samræmi við 1. mgr. 59. gr. af öðrum ástæðum en hættunum sem vísað er til í a-lið, ef styrkur hvers efnis er jafn eða meiri en 0,1%.

3.2.2. Ef blanda uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir flokkun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal tilgreina efni í henni sem eru hvert um sig í styrk sem er jafn eða meiri en eftirfarandi styrkur, auk upplýsinga um styrk þeirra eða styrkleikasvið:

a) 1% miðað við þyngd í blöndum sem eru ekki loftkenndar og 0,2% miðað við rúmmál í blöndum sem eru loftkenndar af

i. efnum sem eru hættuleg heilbrigði manna eða umhverfi í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, eða

ii. efnum sem falla undir viðmiðunarmörk Sambandsins fyrir váhrif á vinnustöðum,

b) 0,1% miðað við þyngd af efnum sem eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í XIII. viðauka, mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í XIII. viðauka eða efni sem eru á skránni sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 59. gr. af öðrum ástæðum en hættunum sem vísað er til í a-lið.

3.2.3. Gefa skal upp flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 fyrir efni sem tilgreind eru í undirlið 3.2, þ.m.t. kóðar fyrir hættuflokk eða -flokka og undirflokk eða -flokka, eins og sett er fram í töflu 1.1. í VI. viðauka við þá reglugerð, sem og hættusetningarnar sem er úthlutað í samræmi við eðlisrænar hættur efnanna og hættur fyrir heilbrigði manna og umhverfi. Hættusetningarnar þarf ekki að rita fullum fetum í þessum lið; kóði þeirra er fullnægjandi. Ef þær eru ekki ritaðar fullum fetum skal vísa í 16. lið þar sem skrá skal orðréttan texta hverrar viðkomandi hættusetningar. Ef efnið uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir flokkun skal leggja fram ástæðu þess að efnið er tilgreint í lið 3.2, t.d. „óflokkað vPvB-efni“ eða „efni sem fellur undir viðmiðunarmörk Sambandsins fyrir váhrif á vinnustöðum“.

3.2.4. Gefa skal upp heiti þeirra efna sem eru tilgreind í undirlið 3.2 og, ef það er fyrirliggjandi, skráningarnúmer eins og því er úthlutað skv. 3. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar.

Án þess að það hafi áhrif á skyldur eftirnotanda, sem mælt er fyrir um í 39. gr. þessarar reglugerðar, má birgir blöndunnar sleppa þeim hluta skráningarnúmers sem vísar til einstakra skráningaraðila á skráningarskjölum sem lögð eru fram sameiginlega að því tilskildu að:

a) sá birgir taki ábyrgð á að leggja fram fullt skráningarnúmer ef þess er krafist vegna fullnustu ákvæða eða, ef hann hefur ekki aðgang að fullu skráningarnúmeri, að framsenda beiðnina til birgis síns í samræmi við b-lið og

b) sá birgir leggi fram fullt skráningarnúmer hjá því yfirvaldi aðildarríkisins, sem ber ábyrgð vegna fullnustu (hér á eftir nefnt „fullnustuyfirvald“), innan 7 daga frá því hann tekur á móti beiðninni, sem kemur annaðhvort beint frá fullnustuyfirvaldinu eða er framsend af viðtakanda sínum, eða, ef hann hefur ekki aðgang að fullu skráningarnúmeri, að hann framsendi beiðnina til birgis síns innan sjö daga frá því hann tekur á móti beiðninni og geri um leið fullnustuyfirvaldinu grein fyrir því.

Ef EB-númer liggur fyrir skal það tilgreint í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. CAS-númer og IUPAC-heiti má einnig leggja fram, ef þau liggja fyrir.

Ef efni eru tilgreind í þessum undirlið með staðgönguefnaheiti í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 eru skráningarnúmer, EB-númer eða önnur nákvæm efnafræðileg táknun ekki nauðsynleg.

4. ***4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálp***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal lýsa fyrstu umönnun þannig að óþjálfuð manneskja geti skilið hana og beitt án þess að nota háþróaðan búnað og án þess að hafa tiltækt mikið val lyfja. Ef þörf er á læknisumönnun skal það koma fram í leiðbeiningunum og einnig hve brýn hún er.

4.1. **Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp**

4.1.1. Leiðbeiningar vegna skyndihjálpar skal miða við viðkomandi váhrifaleið. Nota skal sundurgreiningu til að tilgreina aðferðina fyrir hverja váhrifaleið, s.s. innöndun, húð, auga og inntöku.

4.1.2. Veita skal ráðgjöf um hvort:

a) þörf sé á tafarlausri læknisumönnun og hvort gera megi ráð fyrir tafinni verkun eftir váhrif,

b) ráðlegt sé að færa einstaklinginn sem varð fyrir váhrifunum af svæðinu í ferskt loft,

c) ráðlegt sé að færa einstaklinginn úr fatnaði og skóm og meðhöndla fatnað og skó,

d) ráðlegt sé að sá sem veitir skyndihjálpina sé með persónuhlífar.

4.2. **Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin**

Leggja skal fram stutta samantekt um helstu einkenni og áhrif váhrifanna, bæði bráð og tafin.

4.3. **Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á**

Veita skal upplýsingar, eftir því sem við á, um klínískar prófanir og læknisfræðilega vöktun vegna tafinna einkenna, sértækar upplýsingar um móteitur (ef það er þekkt) og frábendingar.

Vegna sumra efna eða blandna kann að vera mikilvægt að leggja áherslu á að á vinnustað sé hægt að grípa til sértækra úrræða til að veita sérhæfða og tafarlausa hjálp.

5. ***5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal lýsa kröfum um slökkviaðgerðir við íkviknun af völdum efnisins eða blöndunnar eða gegn eldi sem kviknar nálægt þeim.

5.1. **Slökkvibúnaður**

Viðeigandi slökkvibúnaður:

Leggja skal fram upplýsingar um viðeigandi slökkvibúnað.

Óhentugur slökkvibúnaður:

Gefa skal ábendingar um hvort einhver slökkvibúnaður er ekki hentugur í sérstökum aðstæðum sem varða efnið eða blönduna (t.d. að forðast háþrýstibúnað sem getur myndað hugsanlega sprengifima blöndu af ryki og lofti).

5.2. **Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar**

Veita skal upplýsingar um hættur sem geta skapast af efninu eða blöndunni, s.s. hættuleg myndefni frá bruna sem myndast þegar efnið eða blandan brennur, t.d. „getur myndað eitraðar lofttegundir með kolsýringi við bruna“ eða „myndar brennisteins- og köfnunarefnisoxíð við bruna“.

5.3. **Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn**

Veita skal ráðgjöf um hvaða verndaraðgerða skal grípa til meðan á slökkvistarfi stendur, t.d. „kælið ílát með vatnsúða“ og um sérstakan hlífðarbúnað fyrir slökkviliðsmenn, s.s. stígvél, samfestinga, hanska, augn- og andlitshlífar og öndunarbúnað.

6. ***6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal mæla með viðeigandi viðbrögðum ef efni fer óvart til spillis, við leka eða losun, til að hindra eða draga úr skaðlegum áhrifum á fólk, eignir og umhverfi eins og framast er kostur. Ef magn þess sem fer óvart til spillis hefur umtalsverð áhrif á hættuna skal gera greinarmun á viðbrögðum við miklu magni og litlu. Ef tilhögun við afmörkun og endurheimt bendir til að nota þurfi aðrar aðferðir skulu þær tilgreindar á öryggisblaðinu.

6.1. **Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir**

6.1.1. *Ætlað starfsfólki sem vinnur ekki við neyðarþjónustu*

Veita skal ráðgjöf að því er varðar efni og blöndur sem fara óvart til spillis eða eru losuð fyrir slysni s.s.:

a) að nota hlífðarbúnað við hæfi (þ.m.t. persónuhlífar eins og um getur í 8. lið öryggisblaðsins) til að hindra að efnið berist á húð, í augu og á fatnað,

b) að fjarlægja alla íkveikjuvalda, að sjá fyrir nægilegri loftræstingu, að hafa stjórn á ryki og

c) neyðarráðstafanir, s.s. þörf á að rýma hættusvæðið eða hafa samráð við sérfræðing.

6.1.2. *Fyrir bráðaliða*

Veita skal ráðgjöf að því er varðar hentugt efni í hlífðarfatnað (t.d. „hentugt: bútýlen“, „ekki hentugt: pólývínýlklóríð“).

6.2. **Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins**

Veita skal ráðgjöf um allar varúðarráðstafanir vegna umhverfisins sem gerðar eru varðandi efni eða blöndur sem fara óvart til spillis eða eru losaðar fyrir slysni, s.s. að hindra að efnin komist í skólpræsi, yfirborðsvatn og grunnvatn.

6.3. **Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar**

6.3.1. Veita skal viðeigandi ráðgjöf um hvernig beri að afmarka efni sem fer óvart til spillis. Viðeigandi afmörkunaraðferðir geta verið einhverjar af eftirfarandi:

a) gerð varnargarðs, lokun niðurfalla,

b) hettun.

6.3.2. Veita skal viðeigandi ráðgjöf um hvernig beri að hreinsa upp efni sem óvart fer til spillis. Viðeigandi hreinsunaraðferðir geta verið einhverjar af eftirfarandi:

a) hlutleysing,

b) afmengun,

c) notkun áseygra efna,

d) hreinsunaraðferðir,

e) uppsogun,

f) búnaður sem þarf að nota við afmörkun/hreinsun (þ.m.t. notkun á verkfærum og búnaði sem ekki myndar neista, þar sem það á við).

6.3.3. Leggja skal fram allar aðrar upplýsingar sem varða efni sem fara óvart til spillis eða eru losuð, þ.m.t. ráðgjöf vegna óhentugra afmörkunar- eða hreinsiaðferða, s.s. með ábendingum eins og „notist aldrei ...“.

6.4. **Tilvísun í aðra liði**

Vísa skal til 8. og 13. liðar ef við á.

7. ***7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal veitt ráðgjöf um örugga meðhöndlun. Leggja skal áherslu á varúðarráðstafanir sem eru viðeigandi vegna nota sem tilgreind eru í undirlið 1.2. og vegna sérstakra eiginleika efnisins eða blöndunnar.

Upplýsingarnar í þessum lið öryggisblaðsins skulu fjalla um heilsu-, öryggis- og umhverfisvernd. Vinnuveitandinn skal styðjast við þær þegar hann semur viðeigandi verklagsreglur og gerir skipulagsráðstafanir skv. 5. gr. tilskipunar 98/24/EB og 5. gr. tilskipunar 2004/37/EB.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skulu upplýsingarnar í þessum lið öryggisblaðsins vera í samræmi við upplýsingar sem gefnar eru vegna tilgreindrar notkunar í efnaöryggisskýrslunni og þær sviðsmyndir af váhrifum úr efnaöryggisskýrslunni sem sýna eftirlit með áhættu og settar eru fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

Auk upplýsinganna sem gefnar eru í þessum lið má einnig finna viðeigandi upplýsingar í 8. lið.

7.1. **Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun**

7.1.1. Einkum skal gefa ráðleggingar um:

a) örugga meðhöndlun efnisins eða blöndunnar, s.s. afmörkun og ráðstafanir til að koma í veg fyrir bruna og úða- og rykmyndun,

b) að koma í veg fyrir meðhöndlun ósamrýmanlegra efna eða blandna,

c) að vekja athygli á starfsemi og aðstæðum sem skapa nýjar áhættur með því að breyta eiginleikum efnisins eða blöndunnar og á viðeigandi gagnráðstöfunum og

d) draga úr losun efnisins eða blöndunnar út í umhverfið, t.d. með því að forðast að efni fari óvart til spillis eða hindra að þau komist í holræsi.

7.1.2. Veita skal ráðgjöf um almenna hollustuhætti á vinnustað, s.s.:

a) um að neyta ekki matar og drykkjar og reykja ekki á vinnusvæðum,

b) um að þvo sér um hendur eftir meðhöndlun og

c) um að afklæðast menguðum fatnaði og taka af sér hlífðarbúnað áður en farið er inn á svæði þar sem matar er neytt.

7.2. **Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika**

Ráðgjöfin sem veitt er skal vera í samræmi við þá eðlis- og efnafræðilegu eiginleika sem lýst er í 9. lið öryggisblaðsins. Veita skal ráðgjöf um sértækar geymslukröfur, ef við á, þ.m.t.:

a) hvernig stjórna skal áhættu í tengslum við:

i. sprengifimt loft,

ii. ætingu,

iii. eldhættu,

iv. ósamrýmanleg efni eða blöndur,

v. uppgufun og

vi. hugsanlega íkveikjuvalda (þ.m.t. rafbúnaður),

b) hvernig stjórna skal áhrifum vegna:

i. veðurskilyrða,

ii. loftþrýstings,

iii. hitastigs,

iv. sólarljóss,

v. raka og

vi. titrings,

c) hvernig heilleika efnis eða blöndu skal viðhaldið með notkun:

i. stöðgara og

ii. þráavarnarefna,

d) önnur ráðgjöf, þ.m.t.:

i. kröfur vegna loftræstingar,

ii. sértæk hönnun geymslurýmis eða -íláta (þ.m.t. einangrunarveggir og loftræsting),

iii. styrkleikamörk í geymsluaðstöðu (ef við á) og

iv. samhæfi umbúða.

7.3. **Sértæk, endanleg notkun**

Ráðleggingar vegna efna og blandna, sem eru hönnuð til sértækra, endanlegra nota, skulu taka mið af tilgreindri notkun sem um getur í undirlið 1.2. og vera ítarlegar og framkvæmanlegar. Ef sviðsmynd af váhrifum fylgir með má vísa til hennar, eða veita upplýsingarnar sem krafist er í undirliðum 7.1 og 7.2. Ef aðili í aðfangakeðjunni hefur unnið efnaöryggismat fyrir blöndu er ekki nauðsynlegt að upplýsingarnar á öryggisblaðinu og sviðsmyndin af váhrifum séu í samræmi við efnaöryggisskýrsluna fyrir hvert efni sem blandan inniheldur, heldur nægir að öryggisblaðið og sviðsmyndin séu í samræmi við efnaöryggisskýrsluna fyrir blönduna. Ef leiðbeiningar sem eru sértækar fyrir atvinnugrein eða geira liggja fyrir má vísa í þær vegna nánari upplýsinga (þ.m.t. vegna uppruna og útgáfudags).

8. ***8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal lýsa gildandi viðmiðunarmörkum fyrir váhrif í starfi og nauðsynlegum ráðstöfunum við áhættustjórnun.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skulu upplýsingarnar í þessum lið öryggisblaðsins vera í samræmi við upplýsingar sem gefnar eru vegna tilgreindrar notkunar í efnaöryggisskýrslunni og þær sviðsmyndir af váhrifum úr efnaöryggisskýrslunni sem sýna eftirlit með áhættu og settar eru fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

8.1. **Eftirlitsbreytur**

8.1.1. Skrá skal eftirfarandi landsbundin viðmiðunarmörk, ef þau liggja fyrir, sem gilda í aðildarríkinu þar sem öryggisblaðið er lagt fram, auk lagagrundvallar hvers þeirra, fyrir efnið eða fyrir hvert efni í blöndunni. Þegar viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi eru skráð skal nota efnakennið eins og það er tilgreint í 3. lið:

8.1.1.1. landsbundin viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem samsvara viðmiðunarmörkum Sambandsins fyrir váhrif í starfi í samræmi við tilskipun 98/24/EB, þ.m.t. allar táknanir sem um getur í 3. mgr. 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2014/113/ESB ([7]),

8.1.1.2. landsbundin viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem samsvara viðmiðunarmörkum Sambandsins í samræmi við tilskipun 2004/37/ESB, þ.m.t. allar táknanir sem um getur í 3. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2014/113/ESB,

8.1.1.3. öll önnur landsbundin viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi,

8.1.1.4. landsbundin líffræðileg viðmiðunarmörk sem samsvara líffræðilegum viðmiðunarmörkum Sambandsins í samræmi við tilskipun 98/24/EB, þ.m.t. allar táknanir sem um getur í 3. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2014/113/ESB,

8.1.1.5. öll önnur landsbundin líffræðileg viðmiðunarmörk.

8.1.2. Upplýsingar um ráðlagðar vöktunaraðferðir skulu lagðar fram, a.m.k. fyrir þau efni sem helst eiga við.

8.1.3. Ef fyrirhuguð notkun efnisins eða blöndunnar veldur myndun loftmengandi efna skal einnig skrá gildandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi og/eða líffræðileg viðmiðunarmörk fyrir þau.

8.1.4. Ef efnaöryggisskýrslu er krafist eða ef afleidd áhrifaleysismörk (DNEL-gildi), eins og um getur í lið 1.4 í I. viðauka, eða styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PNEC-gildi), eins og um getur í lið 3.3 í I. viðauka, eru fyrirliggjandi skal tilgreina DNEL- og PNEC-gildin fyrir efnið fyrir þær váhrifasviðsmyndir úr efnaöryggisskýrslunni sem settar eru fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

8.1.5. Þar sem notuð er váhrifamiðuð stýring til að ákveða ráðstafanir vegna áhættustýringar í tengslum við sértæka notkun skal gefa nægilega ítarlega lýsingu til að unnt sé að stýra áhættunni á skilvirkan hátt. Samhengi þeirrar tilteknu váhrifamiðuðu stýringar sem ráðlögð er, og takmörk hennar, skulu greinilega tekin fram.

8.2. **Váhrifavarnir**

Leggja skal fram þær upplýsingar sem krafist er í þessum undirlið, nema öryggisblaðinu fylgi sviðsmynd af váhrifum sem upplýsingarnar eru hluti af.

([7]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/113/ESB frá 3. mars 2014 um að koma á fót vísindanefnd um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla og um niðurfellingu á ákvörðun 95/320/EB (Stjtíð. ESB L 62, 4.3.2014, bls. 18).

Hafi birgirinn fellt niður prófun skv. 3. lið XI. viðauka skal hann tilgreina þau sértæku notkunarskilyrði sem hann byggir niðurfellinguna á.

Ef efni hefur verið skráð sem einangrað milliefni (á staðnum eða flutt) skal birgirinn tilgreina að þetta öryggisblað sé í samræmi við hin sértæku skilyrði sem skráningin byggist á, í samræmi við 17. eða 18. gr.

8.2.1. *Viðeigandi tæknilegt eftirlit*

Lýsing á viðeigandi ráðstöfunum vegna váhrifavarna skal taka mið af tilgreindri notkun efnisins eða blöndunnar, eins og um getur í undirlið 1.2. Þessar upplýsingar skulu nægja til að vinnuveitandinn geti unnið mat á áhættu fyrir öryggi og heilbrigði starfsmanna sem stafar af tilvist efnisins eða blöndunnar í samræmi við 4.–6. gr. tilskipunar 98/24/EB og 3.–5. gr. tilskipunar 2004/37/EB, eftir því sem við á.

Þetta skal koma til fyllingar upplýsingunum sem þegar eru veittar í 7. lið.

8.2.2. *Ráðstafanir til að vernda einstaklinga, s.s. með notkun persónuhlífa*

8.2.2.1. Upplýsingarnar um notkun persónuhlífa skulu vera í samræmi við reglur um hollustuhætti á vinnustað og í tengslum við aðrar eftirlitsráðstafanir, þ.m.t. tæknilegt eftirlit, loftræstingu og einangrun. Þar sem við á skal vísa til 5. liðar vegna ráðgjafar um sértækar persónuhlífar vegna bruna/efna.

8.2.2.2. Veita skal nákvæmar upplýsingar um hvaða búnaður veitir nægilega og viðeigandi vernd, með tilliti til tilskipunar ráðsins 89/686/EBE ([8]) og með tilvísun til viðkomandi CEN-staðla, þ.m.t.:

a) Hlífðargleraugu/andlitsvörn

Á grundvelli hættunnar sem stafar af efninu eða blöndunni og möguleikanum á snertingu skal tilgreina þá tegund hlífðargleraugna/andlitshlífa sem krafist er, s.s. öryggis/hlífðargleraugna eða andlitshlífa.

b) Húðvörn

i. *Handvörn*

Á grundvelli hættunnar sem stafar af efninu eða blöndunni og möguleikanum á snertingu, og með hliðsjón af umfangi og lengd váhrifa í gegnum húð, skal tilgreina greinilega tegund hanskanna sem nota skal við meðhöndlun viðkomandi efnis eða blöndu, þ.m.t.:

— tegund efnisins og þykkt þess,

— dæmigerðan eða minnsta gegndræpitíma hanskaefnisins.

Ef nauðsyn krefur skal tilgreina frekari ráðstafanir til þess að vernda hendur.

ii. *Annað*

Ef nauðsynlegt er að vernda annan líkamshluta en hendur skal tilgreina tegund og gæði hlífðarbúnaðarins sem krafist er, s.s. upphárra hanska, stígvéla eða samfestings, á grundvelli hættunnar sem stafar af efninu eða blöndunni og möguleikanum á snertingu.

Ef nauðsyn krefur skal tilgreina frekari húðvörn og sértækar hreinlætisráðstafanir.

c) Öndunarvörn

Fyrir lofttegundir, gufu, úða eða ryk skal tilgreina tegund hlífðarbúnaðarins, sem nota ber, á grundvelli hættunnar sem stafar af efninu og möguleikanum á váhrifum, þ.m.t. öndunargrímur með lofthreinsibúnaði þar sem hentugur hreinsibúnaður er tilgreindur (síuhylki eða síudós), heppilegar agnasíur og heppilegar grímur eða sjálfstæður öndunarbúnaður.

d) Hættur vegna varma

Þegar tilgreindur er hlífðarbúnaður vegna efna sem af stafar hætta vegna varma skal taka sérstakt tillit til gerðar persónuhlífarinnar.

([8]) Tilskipun ráðsins 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar (Stjtíð. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18).

8.2.3. *Váhrifavarnir vegna umhverfis*

Tilgreina skal þær upplýsingar sem vinnuveitandi þarf til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt umhverfisverndarlöggjöf Sambandsins.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skal útbúa samantekt um ráðstafanir við áhættustjórnun, sem halda váhrifum af völdum efnisins á umhverfið nægilega í skefjum, fyrir þær váhrifasviðsmyndir sem eru settar fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

9. ***9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal lýsa gögnum sem byggð eru á athugunum í tengslum við efnið eða blönduna, ef við á. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 gilda. Upplýsingarnar í þessum lið skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar eru fram við skráninguna og/eða í efnaöryggisskýrslunni, ef hennar er krafist, og við flokkun efnisins eða blöndunnar.

9.1. **Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika**

Tilgreina skal greinilega eftirfarandi þætti með tilvísun, eftir því sem við á, í prófunaraðferðirnar sem notaðar voru og lýsingu á viðkomandi mælieiningum og/eða viðmiðunarskilyrðum. Ef það skiptir máli vegna túlkunar á tölugildi skal einnig upplýsa um ákvörðunaraðferðina (t.d. aðferð við ákvörðun á blossamarki: opinn bolli/lokaður bolli):

a) útlit:

tilgreina skal eðlisástand (fast efni (þ.m.t. viðeigandi og fyrirliggjandi öryggisupplýsingar um kornastærðarmælingar og sérstakan yfirborðsflöt, ef upplýsingarnar koma ekki fram annars staðar á öryggisblaðinu), vökvi, lofttegund) og lit efnisins eða blöndunnar eins og hún er afhent,

b) lykt:

ef lykt finnst af efninu skal lýsa henni stuttlega,

c) lyktarmörk,

d) pH-gildi:

tilgreina skal pH-gildi efnisins eða blöndunnar eins og við afhendingu eða í vatnslausn; ef um er að ræða vatnslausn skal einnig gefa upp styrk,

e) bræðslumark/frostmark,

f) upphafssuðumark og suðumarksbil,

g) blossamark,

h) uppgufunarhraði,

i) eldfimi (fast efni, lofttegund),

j) efri/neðri eldfimimörk eða sprengimörk,

k) gufuþrýstingur,

l) eðlismassi gufu,

m) eðlismassi,

n) leysni,

o) deilistuðull fyrir n-oktanól og vatn,

p) sjálfsíkveikjuhitastig

q) niðurbrotshitastig,

r) seigja,

s) sprengifimi,

t) oxunareiginleikar.

Ef því er lýst yfir að sérstakur eiginleiki eigi ekki við eða ef upplýsingar um sérstakan eiginleika liggja ekki fyrir skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

Veita skal allar viðeigandi upplýsingar um efni og blöndur til að unnt sé að gera viðeigandi varnarráðstafanir. Upplýsingarnar í þessum lið skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar eru fram við skráninguna, ef hennar er krafist.

Ef um er að ræða blöndu skal greinilega tilgreint í skráningunni við hvaða efni í blöndunni gögnin eigi, nema ef þau gilda fyrir alla blönduna.

9.2. **Aðrar upplýsingar**

Tilgreina skal aðrar eðlis- og efnafræðilegar breytur eins og nauðsyn krefur, s.s. blöndunarhæfni, fituleysni (tilgreina skal leysinn), leiðni eða flokk lofttegundar. Tilgreina skal viðeigandi og fyrirliggjandi öryggisupplýsingar um möguleika á afoxun/oxun, möguleika á stakeindamyndun og ljóshvötunareiginleika.

10. ***10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal lýsa stöðugleika efnisins eða blöndunnar og möguleika á hættulegum efnahvörfum sem geta orðið við tiltekin notkunarskilyrði og einnig við losun út í umhverfið auk, eftir því sem við á, tilvísunar í prófunaraðferðirnar sem eru notaðar. Ef því er lýst yfir að sérstakur eiginleiki eigi ekki við eða ef upplýsingar um sérstakan eiginleika liggja ekki fyrir skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

10.1. **Hvarfgirni**

10.1.1. Lýsa skal hættum vegna hvarfgirni efnisins eða blöndunnar. Leggja skal fram sértæk prófunargögn fyrir efnið eða blönduna í heild sinni, ef þau liggja fyrir. Upplýsingarnar má þó einnig byggja á almennum gögnum um flokk eða hóp efnisins eða blöndunnar, ef þau gögn eru dæmigerð fyrir hættuna sem kann að skapast af efninu eða blöndunni.

10.1.2. Ef gögn um blöndu liggja ekki fyrir skal leggja fram gögn um efnin í blöndunni. Við ákvörðun á ósamrýmanleika skal taka tillit til efnanna, ílátanna og aðskotaefnanna sem efnið eða blandan gæti hafa komist í snertingu við meðan á flutningi, geymslu og notkun stendur.

10.2. **Efnafræðilegur stöðugleiki**

Tilgreina skal hvort efnið eða blandan er stöðug eða óstöðug í eðlilegu umhverfi og við fyrirsjáanlegan hita og loftþrýsting meðan á geymslu og meðhöndlun stendur. Lýsa skal öllum stöðgurum sem eru notaðir, eða gæti þurft að nota, til að viðhalda efnafræðilegum stöðugleika efnisins eða blöndunnar. Tilgreina skal hvort breytingar á útliti efnisins eða blöndunnar hafa áhrif út frá öryggissjónarmiði.

10.3. **Möguleiki á hættulegu efnahvarfi**

Taka skal fram, ef við á, hvort efnið eða blandan geti hvarfast eða fjölliðast og losað við það umframþrýsting eða -varma eða valdið öðrum hættulegum aðstæðum. Lýsa skal þeim aðstæðum sem gætu valdið hættulegum efnahvörfum.

10.4. **Skilyrði sem ber að varast**

Tilgreina skal þau skilyrði, s.s. hitastig, þrýsting, lýsingu, högg, rafstöðuafhleðslu, titring eða annað raunálag sem gæti haft í för með sér hættuástand og, ef við á, gefa stutta lýsingu á ráðstöfunum, sem grípa skal til, til að stjórna áhættu í tengslum við slíkar hættur.

10.5. **Ósamrýmanleg efni**

Skrá skal skyld efni eða blöndur eða sértæk efni, s.s. vatn, loft, sýrur, basa, oxandi efni, sem efnið eða blandan gæti hvarfast við og af því skapast hættuástand (eins og sprenging eða að eitruð eða eldfim efni losni eða mikill varmi) og, ef við á, gefa stutta lýsingu á ráðstöfunum vegna áhættustýringar sem tengist slíkri hættu.

10.6. **Hættuleg niðurbrotsefni**

Skrá skal þekkt hættuleg niðurbrotsefni sem líklegt má telja að verði til við notkun, geymslu, ef efnið fer óvart til spillis eða við hitun. Hættuleg myndefni frá bruna skulu skráð í 5. lið öryggisblaðsins.

11. ***11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar***

Þessi liður öryggisblaðsins er fyrst og fremst ætlaður til notkunar fyrir heilbrigðisstéttir, sérfræðinga í heilbrigði starfsmanna og öryggi og eiturefnafræðinga. Leggja skal fram gagnorða og skilmerkilega lýsingu á hinum ýmsu eiturefnafræðilegum áhrifum (á heilbrigði) og fyrirliggjandi gögn sem notuð voru til að greina þau áhrif auk, eftir því sem við á, upplýsinga um eiturefnahvörf, umbrot og dreifingu. Upplýsingarnar í þessum lið skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar eru fram við skráninguna og/eða í efnaöryggisskýrslunni, ef hennar er krafist, og við flokkun efnisins eða blöndunnar.

11.1. **Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif**

Viðkomandi hættuflokkar sem leggja skal fram upplýsingar um:

a) bráð eiturhrif,

b) húðæting/húðerting,

c) alvarlegur augnskaði/augnerting,

d) næming öndunarfæra eða húðnæming,

e) stökkbreytandi áhrif á kímfrumur,

f) krabbameinsvaldandi áhrif,

g) eiturhrif á æxlun,

h) sértæk eiturhrif á marklíffæri – váhrif í eitt skipti,

i) sértæk eiturhrif á marklíffæri – endurtekin váhrif,

j) ásvelgingarhætta.

Alltaf skal skrá þessar hættur á öryggisblaðið.

Þegar um er að ræða efni sem skylt er að skrá skal útbúa stutta samantekt um upplýsingarnar skv. VII. til XI. viðauka auk, eftir því sem við á, tilvísunar í prófunaraðferðirnar sem notaðar voru. Þegar um er að ræða efni sem skylt er að skrá skal auk þess leggja fram niðurstöður úr samanburði á fyrirliggjandi gögnum við viðmiðanirnar sem eru tilgreindar í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 fyrir efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi eða valda eiturhrifum á æxlun í undirflokkum 1A og 1B, í samræmi við lið 1.3.1 í I. viðauka við þessa reglugerð.

11.1.1. Leggja skal fram upplýsingar fyrir hvern hættuflokk eða áhrifategund. Ef tekið er fram að efni eða blanda flokkist ekki undir ákveðinn hættuflokk eða áhrifategund skal taka skýrt fram á öryggisblaðinu hvort það er vegna gagnaskorts, tæknilegra vandkvæða við að nálgast gögn, ófullnægjandi gagna eða gagna sem teljast fullnægjandi en þó ekki næg til flokkunar; í síðastnefnda tilvikinu skal tilgreint á öryggisblaðinu „uppfyllir ekki flokkunarviðmiðun samkvæmt fyrirliggjandi gögnum“.

11.1.2. Gögnin í þessum undirlið skulu eiga við um efnið eða blönduna eins og þau eru sett á markað. Ef um er að ræða blöndu skulu gögnin lýsa eiturefnafræðilegum eiginleikum blöndunnar í heild, nema ef hún fellur undir 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Viðkomandi eiturefnafræðilegir eiginleikar hættulegra efna í blöndu skulu einnig tilgreindir, ef þeir liggja fyrir, s.s. miðgildisbanaskammtur, matsgildi bráðra eiturhrifa eða miðgildisbanastyrkur.

11.1.3. Ef til er umtalsvert magn prófunargagna um efnið eða blönduna kann að vera nauðsynlegt að taka saman niðurstöðurnar úr mikilvægum rannsóknum, sem notaðar eru, t.d. eftir váhrifaleiðum.

11.1.4. Ef sérstakur hættuflokkur uppfyllir ekki flokkunarviðmiðanir skal leggja fram upplýsingar sem styðja þá niðurstöðu.

11.1.5. *Upplýsingar um líklegar váhrifaleiðir*

Veita skal upplýsingar um líklegar váhrifaleiðir og áhrif efnisins eða blöndunnar vegna hverrar mögulegrar leiðar, þ.e. með inntöku (ef gleypt), innöndun eða vegna váhrifa á húð/augu. Tiltaka skal ef áhrif á heilbrigði eru ekki þekkt.

11.1.6. *Einkenni sem varða eðlis-, efna- og eiturfræðilega eiginleika*

Lýsa skal hugsanlegum skaðlegum áhrifum á heilbrigði og einkennum sem tengjast váhrifum vegna efnisins eða blöndunnar og innihaldi þeirra eða þekktum aukaafurðum. Leggja skal fram fyrirliggjandi upplýsingar um einkenni sem tengjast eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegum einkennum efnisins eða blöndunnar í kjölfar váhrifa. Lýsa skal einkennum, allt frá þeim fyrstu við lítil váhrif að afleiðingum alvarlegra váhrifa, s.s.: „getur valdið höfuðverk og svima, haft í för með sér yfirlið eða meðvitundarleysi. Stórir skammtar geta valdið dái og dauða.“

11.1.7. *Tafin og tafarlaus áhrif og langvinn áhrif eftir skammtíma- og langtímaváhrif*

Leggja skal fram upplýsingar um hvort vænta megi tafinna eða tafarlausra áhrifa eftir skammtíma- eða langtímaváhrif. Einnig skal leggja fram upplýsingar um bráð og langvinn áhrif á heilbrigði manna vegna váhrifa efnisins eða blöndunnar. Ef gögn um áhrif á menn liggja ekki fyrir skal taka saman gögn um áhrif á dýr og tilgreina greinilega tegundina. Tilgreina skal hvort eiturefnafræðileg gögn byggjast á gögnum um áhrif á menn eða dýr.

11.1.8. *Gagnvirk áhrif*

Veita skal upplýsingar um víxlverkanir, ef þær liggja fyrir og eiga við.

11.1.9. *Ef sértæk gögn vantar*

Ekki er alltaf mögulegt að fá upplýsingar um hætturnar sem stafa af efni eða blöndu Ef gögn um tiltekið efni eða blöndu liggja ekki fyrir má nota gögn um svipuð efni eða blöndur, ef við á, svo fremi sem viðkomandi efni eða blanda er tilgreind. Taka skal skýrt fram ef sértæk gögn eru ekki notuð eða ef gögn liggja ekki fyrir.

11.1.10. *Blöndur*

Ef ekki hefur verið gerð prófun á blöndu í heild sinni vegna tiltekinna áhrifa á heilbrigði skal veita upplýsingar sem skipta máli um viðeigandi efni sem skráð eru í 3. lið.

11.1.11. *Upplýsingar um efni og upplýsingar um blöndur*

11.1.11.1. Efni í blöndu geta haft gagnvirk áhrif hvert á annað í líkamanum og leitt af sér breytingu á hraða frásogs, umbrots og útskilnaðar. Það hefur í för með sér að eiturverkun getur breyst og heildareituráhrif blöndunnar verið frábrugðin áhrifum efnanna í henni. Tekið skal tillit til þess þegar lagðar eru fram eiturefnafræðilegar upplýsingar í þessum lið öryggisblaðsins.

11.1.11.2. Nauðsynlegt er að taka til athugunar hvort styrkur hvers efnis um sig sé nægur til að eiga þátt í heildaráhrifum blöndunnar á heilbrigði. Leggja skal fram upplýsingar um eiturhrif fyrir hvert efni, nema í eftirfarandi tilvikum:

a) ef upplýsingar koma fyrir oftar en einu sinni skulu þær aðeins skráðar einu sinni fyrir blönduna í heild, s.s. þegar tvö efni valda bæði uppköstum og niðurgangi,

b) ef ólíklegt er að áhrifin komi í ljós við styrkinn sem um ræðir, s.s. þegar vægt ertandi efni er þynnt niður fyrir ákveðinn styrk í lausn sem er ekki ertandi,

c) ef upplýsingar um víxlverkanir efna í blöndu liggja ekki fyrir skal ekki draga neinar ályktanir af því, heldur skrá áhrif hvers efnis um sig á heilbrigði.

11.1.12. *Aðrar upplýsingar*

Aðrar viðeigandi upplýsingar um skaðleg áhrif á heilbrigði skulu koma fram, þótt þeirra sé ekki krafist samkvæmt flokkunarviðmiðunum.

12. ***12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal veita upplýsingar til að hægt sé að meta umhverfisáhrif efnisins eða blöndunnar við losun út í umhverfið. Í undirliðum 12.1 til 12.6 á öryggisblaðinu skal leggja fram stutta samantekt á gögnunum, þ.m.t. viðkomandi prófunargögn, ef þau eru tiltæk, og tegund, miðill, einingar, lengd prófs og prófunarskilyrði skulu tekin skýrt fram. Þessar upplýsingar geta nýst við meðhöndlun efna sem fara óvart til spillis og til að meta aðferðir við meðhöndlun úrgangs, eftirlit með losun, ráðstafanir vegna efna sem eru losuð fyrir slysni og flutninga. Ef því er lýst yfir að sérstakur eiginleiki eigi ekki við (þar sem fyrirliggjandi gögn sýna að efnið eða blandan uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir flokkun) eða ef upplýsingar um

sérstakan eiginleika liggja ekki fyrir skal tilgreina ástæðuna fyrir því. Ef efni eða blanda er ekki flokkuð af annarri ástæðu (t.d. vegna tæknilegra vandkvæða við að nálgast gögnin eða vegna ófullnægjandi gagna) ætti að taka það skýrt fram á öryggisblaðinu.

Sumir eiginleikar tengjast tilteknum efnum, þ.e. uppsöfnun í lífverum, þrávirkni og niðurbrjótanleiki, og skal veita þær upplýsingar, ef þær liggja fyrir og eiga við, fyrir hvert viðkomandi efni í blöndunni (þ.e. þau sem skylt er að skrá í 3. lið öryggisblaðsins og eru hættuleg umhverfinu eða PBT- eða vPvB-efni). Einnig skal leggja fram upplýsingar um hættuleg ummyndunarefni sem myndast við niðurbrot efna og blandna.

Upplýsingarnar í þessum lið skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar eru fram við skráninguna og/eða í efnaöryggisskýrslunni, ef hennar er krafist, og við flokkun efnisins eða blöndunnar.

12.1. **Eiturhrif**

Ef upplýsingar um eiturhrif, sem byggjast á gögnum úr prófunum á lagarlífverum og/eða landlífverum, liggja fyrir skulu þær lagðar fram. Undir þetta falla viðeigandi gögn sem liggja fyrir um eiturhrif í vatni, bæði bráð og langvinn, sem fiskar, krabbadýr, þörungar og aðrar vatnaplöntur verða fyrir. Auk þess skal tiltaka gögn um eiturhrif á örverur og stórsæjar lífverur í jarðvegi og aðrar lífverur sem skipta máli fyrir umhverfið, s.s. fugla, býflugur og plöntur, liggi þau fyrir. Hafi efnið eða blandan hindrandi áhrif á starfsemi örvera skal nefna hugsanleg áhrif á skólphreinsistöðvar.

Þegar um er að ræða efni, sem skylt er að skrá, skal fylgja með samantekt um upplýsingarnar sem hafa fengist við beitingu VII. til XI. viðauka við þessa reglugerð.

12.2. **Þrávirkni og niðurbrjótanleiki**

Þrávirkni og niðurbrjótanleiki er geta efnisins eða viðeigandi efna í blöndu að brotna niður í umhverfinu, annaðhvort með lífniðurbroti eða öðrum ferlum á borð við oxun eða vatnsrof. Leggja skal fram niðurstöður úr prófunum í tengslum við mat á þrávirkni og niðurbrjótanleika ef þær liggja fyrir. Ef helmingunartími niðurbrots er gefinn upp skal tilgreina hvort hann á við breytingu í ólífrænt form eða frumniðurbrot. Einnig skal tilgreina getu efnisins eða tiltekinna efna í blöndu til að brotna niður í skólphreinsistöðvum.

Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir og eiga við skal veita þær fyrir hvert efni í blöndunni sem skylt er að skrá í 3. lið öryggisblaðsins.

12.3. **Uppsöfnun í lífverum**

Getan til uppsöfnunar í lífverum er geta efnisins eða tiltekinna efna í blöndu til að safnast fyrir í lífríkinu og berast að lokum eftir fæðukeðjunni. Leggja skal fram niðurstöður úr prófunum vegna mats á getunni til uppsöfnunar í lífverum. Þeim skal fylgja vísun í deilistuðul fyrir oktanól og vatn (Kow) og lífþéttnistuðul, ef þeir eru fyrir hendi.

Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir og eiga við skal veita þær fyrir hvert efni í blöndunni sem skylt er að skrá í 3. lið öryggisblaðsins.

12.4. **Hreyfanleiki í jarðvegi**

Hreyfanleiki í jarðvegi er geta efnisins eða efnisþátta blöndu, ef þeir eru losaðir út í umhverfið, til að berast af náttúrulegum orsökum í grunnvatn eða langt frá losunarstað. Tilgreina skal getuna til hreyfanleika í jarðvegi ef hún er ljós. Byggja má upplýsingar um hreyfanleika í jarðvegi á viðeigandi gögnum, s.s. úr rannsóknum á ásogi eða útskolun, þekktri eða fyrirsjáanlegri dreifingu til umhverfishólfa eða yfirborðsspennu. Til dæmis má spá fyrir um jafnaðan ásogsstuðul fyrir lífrænt kolefni (Koc-gildi) með deilistuðli oktanóls og vatns (Kow). Spá má fyrir um útskolun og hreyfanleika með reiknilíkönum.

Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir og eiga við skal veita þær fyrir hvert efni í blöndunni sem skylt er að skrá í 3. lið öryggisblaðsins.

Ef tilraunagögn liggja fyrir skal almennt nota þau fremur en reiknilíkön og spár.

12.5. **Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum**

Ef þess er krafist að efnaöryggisskýrsla sé lögð fram, skal tilgreina niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum eins og sett er fram í efnaöryggisskýrslunni.

12.6. **Önnur skaðleg áhrif**

Fyrirliggjandi upplýsingar um öll önnur skaðleg áhrif á umhverfið skulu fylgja, t.d. um afdrif efnis í umhverfinu (váhrif), getuna til ljósefnafræðilegrar ósonmyndunar, ósoneyðingar, innkirtlatruflunar og/eða hnatthlýnunar.

13. ***13. LIÐUR: Förgun***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal veita upplýsingar um viðeigandi úrgangsstjórnun vegna efnisins eða blöndunnar og/eða íláts efnisins eða blöndunnar til að auðvelda ákvörðun á öruggri úrgangsstjórnun og ákjósanlegri með tilliti til umhverfisins sem samræmist kröfum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([9]) í því aðildarríki þar sem öryggisblaðinu er dreift. Til fyllingar upplýsingunum sem veittar eru í 8. lið skulu gefnar upplýsingar um öryggi þeirra sem sjá um úrgangsstjórnun.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist, og ef gerð hefur verið greining á úrgangsskeiðinu, skulu upplýsingarnar um ráðstafanir við úrgangsstjórnun vera í samræmi við tilgreinda notkun í efnaöryggisskýrslunni og þær sviðsmyndir af váhrifum úr efnaöryggisskýrslunni sem settar eru fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

13.1. **Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**

Í þessum undirlið öryggisblaðsins skal:

a) tilgreina geyma fyrir meðhöndlun úrgangs og aðferðir við hana, þ.m.t. viðeigandi aðferðir við meðhöndlun úrgangs, bæði efnis og blöndu, og allra mengaðra umbúða (t.d. brennsla, endurvinnsla, urðun),

b) tilgreina þá eðlis- og efnafræðilegu eiginleika sem gætu haft áhrif á kosti í tengslum við meðhöndlun úrgangs,

c) ráða frá skólpförgun,

d) greina frá öllum sérstökum varúðarráðstöfunum vegna þeirrar sorpmeðhöndlunar, sem ráðlögð er, ef við á.

Vísa skal til allra viðeigandi ákvæða Sambandsins sem tengjast úrgangi eða, ef þau eru ekki fyrir hendi, allra viðeigandi landsbundinna eða svæðisbundinna ákvæða sem eru í gildi.

14. ***14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal veita grunnupplýsingar um flokkun vegna flutnings/sendingar á efnum eða blöndum, sem tilgreindar eru í 1. lið, á vegum, með lestum, á sjó, eftir skipgengum vatnaleiðum eða í lofti. Taka skal fram ef slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir eða eiga ekki við.

Í þessum lið skal veita upplýsingar um flokkun flutninga fyrir hverja af reglunum að fyrirmynd Sameinuðu þjóðanna, eftir því sem við á: Evrópusamningnum um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR) ([10]), reglunum um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum (RID) ([11]) og Evrópusamningnum um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum (ADN) ([12]), en reglum þessum og samningum var hrint í framkvæmd með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB ([13]) ásamt alþjóðlega kóðanum um siglingu með hættulegan varning (IMDG) ([14]) og tæknilegu fyrirmælunum um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis (ICAO) ([15]).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([10]) Sameinuðu þjóðirnar, efnahagsnefnd fyrir Evrópu, útgáfa sem gildir frá 1. janúar 2015, ISBN-978-92-1-139149-7.

([11]) 1. viðauki við viðbæti B (samræmdar reglur varðandi samninginn um millilandaflutninga á farmi með járnbrautum) við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum, útgáfa sem gildir frá og með 1. janúar 2009.

([12]) Útgáfan sem var endurskoðuð frá og með 1. janúar 2007.

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13).

([14]) Alþjóðasiglingamálastofnunin, útgáfa frá 2006, ISBN 978-92-8001-4214-3.

([15]) Alþjóðasamband flugfélaga, útgáfa frá 2007–2008.

14.1. **UN-númer**

UN-númerið (þ.e. fjögurra talna kenninúmer efnisins, blöndunnar eða vörunnar með bókstöfunum „UN“ fyrir framan) samkvæmt reglunum að fyrirmynd Sameinuðu þjóðanna skal gefið upp.

14.2. **Rétt UN-sendingarheiti**

Gefa skal upp rétt UN-sendingarheiti samkvæmt reglunum að fyrirmynd Sameinuðu þjóðanna, nema það hafi verið notað sem vörukenni í undirlið 1.1.

14.3. **Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga**

Veita skal upplýsingar um í hvaða hættuflokki vegna flutninga (ásamt áhættuþáttum) efnin eða blöndurnar eru, á grundvelli aðalhættunnar sem skapast af þeim, samkvæmt reglunum að fyrirmynd Sameinuðu þjóðanna.

14.4. **Pökkunarflokkur**

Gefa skal upp númer pökkunarflokksins samkvæmt reglunum að fyrirmynd Sameinuðu þjóðanna, ef við á. Tilgreind efni fá pökkunarflokksnúmer samkvæmt hættustigi þeirra

14.5. **Umhverfishættur**

Taka skal fram hvort efnið eða blandan eru hættuleg umhverfinu samkvæmt viðmiðunum reglnanna að fyrirmynd Sameinuðu þjóðanna (eins og fram kemur í IMDG-kóðanum, ADR-samningnum, RID-reglunum og ADN-samningnum) og/eða sjávarmengunarvaldur samkvæmt IMDG-kóðanum. Ef efnið eða blöndurnar eru leyfðar eða ætlaðar til flutnings með tankskipum á skipgengum vatnaleiðum, eða ef leyfi hefur fengist til slíkra flutninga, skal aðeins tekið fram hvort efnið eða blandan eru hættuleg umhverfinu í tankskipum samkvæmt ADN-samningnum.

14.6. **Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda**

Veita skal upplýsingar um allar sérstakar varúðarráðstafanir sem notandi skal eða þarf að gera eða þekkja til í tengslum við flutninga eða færslu, annaðhvort innan eða utan athafnasvæðis síns.

14.7. **Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn og IBC-kóðanum**

Þessi undirliður á eingöngu við ef senda á búlkafarm samkvæmt eftirfarandi gerningum Alþjóðasiglingamála stofnunarinnar: II. viðauka við MARPOL-samninginn og IBC-kóðanum

Tilgreina skal vöruheitið (ef það er annað en það sem er tilgreint í undirlið 1.1) eins og krafist er í flutningsskjalinu og í samræmi við heitið sem notað er í skránum yfir vöruheiti sem talin eru upp í 17. eða 18. kafla alþjóðlega kóðans um efnaflutningaskip eða nýjustu útgáfu sjávarumhverfisnefndar Alþjóða siglingamálastofnunarinnar (MEPC).2/umburðarbréf ([16]). Tilgreina skal skipstegundina sem krafist er og mengunarflokkinn.

15. ***15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk***

Í þessum lið öryggisblaðsins skal lýsa öðrum upplýsingum um regluverk vegna efna og blandna sem ekki eru þegar komnar fram á öryggisblaðinu (s.s. hvort efnið eða blandan falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósónlagsins ([17]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE ([18]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 649/2012 frá 4. júlí 2012 um útflutning og innflutning hættulegra íðefna ([19])).

([16]) MEPC.2/umburðarbréf, „Provisional categorisation of liquid substances“, 19. útgáfa, gildir frá og með 17. desember 2013.

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (Stjtíð. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1).

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7).

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 649/2012 frá 4. júlí 2012 um útflutning og innflutning hættulegra íðefna (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 60).

15.1. **Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis**

Veita skal upplýsingar um viðeigandi ákvæði Sambandsins varðandi öryggi, heilbrigði og umhverfi (t.d. flokk/tilgreind efni samkvæmt Seveso-tilskipuninni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 96/82/EB ([20])) eða um hvaða landsbundnu reglur gilda um efnið eða blönduna (þ.m.t. efnin í blöndunni), þ.m.t. ráðgjöf um til hvaða ráðstafana viðtakandi skal grípa vegna þessara ákvæða. Ef við á skal tilgreina landslög viðkomandi aðildarríkis, sem eru til framkvæmdar þessum ákvæðum, og allar aðrar landsbundnar ráðstafanir sem kunna að eiga við.

Ef efnið eða blandan, sem þetta öryggisblað tekur til, fellur undir sértæk ákvæði um heilsuvernd manna eða umhverfisvernd á vettvangi Sambandsins (t.d. vegna leyfa, sem eru veitt skv. VII. bálki, eða takmarkana skv. VIII. bálki) skulu þessi ákvæði tilgreind.

15.2. **Efnaöryggismat**

Í þessum undirlið öryggisblaðsins skal tekið fram hvort birgirinn hafi unnið efnaöryggismat fyrir efnið eða blönduna.

16. ***16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar***

Í þessum undirlið öryggisblaðsins skulu vera aðrar upplýsingar sem ekki eru teknar með í 1.–15. lið, þ.m.t. upplýsingar um endurskoðun öryggisblaðsins, s.s.:

a) ef um er að ræða endurskoðað öryggisblað skal koma skýrt fram hverju hafi verið breytt frá fyrri útgáfu og skýringar á breytingunum, ef við á, nema það hafi verið tilgreint annars staðar á öryggisblaðinu. Birgir efnis eða blöndu skal geta veitt skýringar á breytingunum ef þess er krafist,

b) lykill eða skýringartexti vegna skammstafana og upphafsstafaorða sem notuð eru á öryggisblaðinu,

c) tilvísanir í aðalheimildir og gögn,

d) ef um er að ræða blöndur skal tilgreina hver af aðferðunum til að meta upplýsingar, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, var notuð til flokkunar,

e) skrá yfir viðkomandi hættusetningar og/eða varnaðarsetningar. Rita skal fullum fetum allar setningar sem ekki eru ritaðar þannig í 2.–15. lið,

f) ráðleggingar um rétta þjálfun fyrir starfsfólk til að tryggja heilsuvernd manna og umhverfisvernd.

B-HLUTI

Eftirfarandi 16 fyrirsagnir skulu vera á öryggisblaðinu, í samræmi við 6. mgr. 31. gr., ásamt undirfyrirsögnunum sem skráðar eru, nema í 3. lið þar sem aðeins þarf að hafa með undirliði 3.1 eða 3.2, eftir því sem við á:

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1. Vörukenni

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

1.3. Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

1.4. Neyðarsímanúmer

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

2.2. Merkingaratriði

2.3. Aðrar hættur

([20]) Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13).

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

3.1. Efni

3.2. Blöndur

4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp

4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

4.3. Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1. Slökkvibúnaður

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

6.4. Tilvísun í aðra liði

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

7.3. Sértæk, endanleg notkun

8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

8.1. Eftirlitsbreytur

8.2. Váhrifavarnir

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

9.2. Aðrar upplýsingar

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1. Hvarfgirni

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

10.3. Möguleiki á hættulegu efnahvarfi

10.4. Skilyrði sem ber að varast

10.5. Ósamrýmanleg efni

10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar

12.1. Eiturhrif

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

12.3. Uppsöfnun í lífverum

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum

12.6. Önnur skaðleg áhrif

13. LIÐUR: Förgun

13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

14.1. UN-númer

14.2. Rétt UN-sendingarheiti

14.3. Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga

14.4. Pökkunarflokkur

14.5. Umhverfishættur

14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda

14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn og IBC-kóðanum

15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk

15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.2. Efnaöryggismat

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/864 **2015/EES/74/49**

frá 4. júní 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 74. gr. og 132. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008 ([2]) skulu þóknanir og gjöld þau, sem kveðið er á um í þeirri reglugerð, endurskoðuð árlega með tilliti til verðbólgustigs samkvæmt mælingu með evrópskri vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Evrópubandalaganna birtir samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 ([3]).

2) Af þessari árlegu endurskoðun, sem gerð var 2014, leiðir að breyta ætti þóknununum í samræmi við gildandi meðalársverðbólgustig, sem Hagstofa Evrópusambandsins birti, um 1,5% fyrir árið 2013.

3) Breyting þóknana og gjalda er ákvörðuð þannig að tekjurnar af þessum þóknunum og gjöldum, ásamt öðrum tekjuliðum Efnastofnunarinnar skv. 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, nægi fyrir kostnaðinum við veitta þjónustu.

4) Stjórn Efnastofnunarinnar ætti, í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru faldar með reglugerð (EB) nr. 1907/2006, að halda áfram að vakta aðgerðir Efnastofnunarinnar til að auka nýtni til að ná bestu tengslum á milli þeirra auðlinda sem nýttar eru og þess árangurs sem næst. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa hliðsjón af áliti stjórnarinnar við næstu endurskoðun á þóknunum og gjöldum stofnunarinnar skv. 1. mgr. 22. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 340/2008 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 5.6.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008 frá 16. apríl 2008 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 107, 17.4.2008, bls. 6).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjtíð. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1).

6) Vegna réttarvissu gildir þessi reglugerð ekki um gildar framlagningar sem bíða umfjöllunar á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I.–VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 340/2008 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Þessi reglugerð gildir ekki um gildar framlagningar sem bíða umfjöllunar á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir skráningar sem lagðar eru fram skv. 6., 7. eða 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Staðlaðar þóknanir

	Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 1 til 10 tonn	1 739 evrur	1 304 evrur
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 10 til 100 tonn	4 674 evrur	3 506 evrur
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 100 til 1000 tonn	12 501 evra	9 376 evrur
Þóknanir fyrir efni í meira magni en 1 000 tonn	33 699 evrur	25 274 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki

	Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 1 til 10 tonn	1 131 evra	848 evrur	609 evrur	457 evrur	87 evrur	65 evrur
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 10 til 100 tonn	3 038 evrur	2 279 evrur	1 636 evrur	1 227 evrur	234 evrur	175 evrur
Þóknanir fyrir efni í magni á bilinu 100 til 1000 tonn	8 126 evrur	6 094 evrur	4 375 evrur	3 282 evrur	625 evrur	469 evrur
Þóknanir fyrir efni í meira magni en 1 000 tonn	21 904 evrur	16 428 evrur	11 795 evrur	8 846 evrur	1 685 evrur	1 264 evrur

II. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir skráningarskjöl sem lögð eru fram skv. 17. gr. (2. mgr.), 18. gr. (2. og 3. mgr.) eða 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Staðlaðar þóknanir

	Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
Þóknun	1 739 evrur	1 304 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki

	Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Þóknun	1 131 evrur	848 evrur	609 evrur	457 evrur	87 evrur	65 evrur

III. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir uppfærslu skráninga skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Staðlaðar þóknanir fyrir uppfærslu á magni efnis í tonnum

	Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
Úr 1–10 tonna bilinu í 10–100 tonna bilið	2 935 evrur	2 201 evra
Úr 1–10 tonna bilinu í 100–1000 tonna bilið	10 762 evrur	8 071 evra
Úr 1–10 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	31 960 evrur	23 970 evrur
Úr 10–100 tonna bilinu í 100–1000 tonna bilið	7 827 evrur	5 870 evrur
Úr 10–100 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	29 025 evrur	21 768 evrur
Úr 100–1000 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	21 198 evrur	15 898 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir frá örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrir uppfærslu á magni efna í tonnum

	Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Úr 1–10 tonna bilinu í 10–100 tonna bilið	1 908 evrur	1 431 evra	1 027 evrur	770 evrur	147 evrur	110 evrur
Úr 1–10 tonna bilinu í 100–1000 tonna bilið	6 995 evrur	5 246 evrur	3 767 evrur	2 825 evrur	538 evrur	404 evrur
Úr 1–10 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	20 774 evrur	15 580 evrur	11 186 evrur	8 389 evrur	1 598 evrur	1 198 evrur

	Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Úr 10–100 tonna bilinu í 100–1000 tonna bilið	5 087 evrur	3 816 evrur	2 739 evrur	2 055 evrur	391 evra	294 evrur
Úr 10–100 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	18 866 evrur	14 150 evrur	10 159 evrur	7 619 evrur	1 451 evra	1 088 evrur
Úr 100–1000 tonna bilinu í yfir 1 000 tonna bilið	13 779 evrur	10 334 evrur	7 419 evrur	5 564 evrur	1 060 evrur	795 evrur

Tafla 3

Þóknanir fyrir aðrar uppfærslur

Tegund uppfærslu			
Breyting á auðkenni skráningaraðila sem hefur í för með sér breytingu á réttarstöðu lögaðila	1 631 evra		
Tegund uppfærslu		**Aðskilin framlagning**	**Sameiginleg framlagning**
Breyting á aðgangi að upplýsingum í framlagningunni:	Hreinleiki og/eða auðkenning óhreininda eða aukefna	4 892 evrur	3 669 evrur
	Viðkomandi mörk fyrir tonnafjölda	1 631 evra	1 223 evrur
	Rannsóknarsamantekt eða ítarleg rannsóknarsamantekt	4 892 evrur	3 669 evrur
	Upplýsingar á öryggisblaði	3 261 evra	2 446 evrur
	Viðskiptaheiti efnisins	1 631 evra	1 223 evrur
	IUPAC-heiti efna sem eru ekki í skráningarbið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	1 631 evra	1 223 evrur
	IUPAC-heiti efna sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem notuð eru sem milliefni, í vísindarannsóknum og -þróun eða vöru- og ferlamiðuðum rannsóknum og þróun	1 631 evra	1 223 evrur

Tafla 4

Lægri þóknanir frá örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrir aðrar uppfærslur

Tegund uppfærslu		Meðalstórt fyrirtæki		Lítið fyrirtæki		Örfyrirtæki	
Breyting á auðkenni skráningaraðila sem hefur í för með sér breytingu á réttarstöðu lögaðila		1 060 evrur		571 evra		82 evrur	
Tegund uppfærslu		Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Breyting á aðgangi að upplýsingum í framlagningunni:	Hreinleiki og/eða auðkenning óhreininda eða aukefna	3 180 evrur	2 385 evrur	1 712 evrur	1 284 evrur	245 evrur	183 evrur
	Viðkomandi mörk fyrir tonnafjölda	1 060 evrur	795 evrur	571 evra	428 evrur	82 evrur	61 evra
	Rannsóknarsamantekt eða ítarleg rannsóknarsamantekt	3 180 evrur	2 385 evrur	1 712 evrur	1 284 evrur	245 evrur	183 evrur
	Upplýsingar á öryggisblaði	2 120 evrur	1 590 evrur	1 141 evra	856 evrur	163 evrur	122 evrur
	Viðskiptaheiti efnisins	1 060 evrur	795 evrur	571 evra	428 evrur	82 evrur	61 evra
	IUPAC-heiti efna sem eru ekki í skráningarbið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	1 060 evrur	795 evrur	571 evra	428 evrur	82 evrur	61 evra
	IUPAC-heiti efna sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem notuð eru sem milliefni, í vísindarannsóknum og -þróun eða vöru- og ferlamiðuðum rannsóknum og þróun	1 060 evrur	795 evrur	571 evra	428 evrur	82 evrur	61 evra

IV. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir beiðnir skv. xi. lið a-liðar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Staðlaðar þóknanir

Liður sem óskað er eftir að trúnaðarkvöð hvíli á	Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
Hreinleiki og/eða auðkenning óhreininda eða aukefna	4 892 evrur	3 669 evrur
Viðkomandi mörk fyrir tonnafjölda	1 631 evra	1 223 evrur

Liður sem óskað er eftir að trúnaðarkvöð hvíli á	Aðskilin framlagning	Sameiginleg framlagning
Rannsóknarsamantekt eða ítarleg rannsóknarsamantekt	4 892 evrur	3 669 evrur
Upplýsingar á öryggisblaði	3 261 evra	2 446 evrur
Viðskiptaheiti efnisins	1 631 evra	1 223 evrur
IUPAC-heiti efna sem eru ekki í skráningarbið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	1 631 evra	1 223 evrur
IUPAC-heiti efna sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem notuð eru sem milliefni, í vísindarannsóknum og -þróun eða vöru- og ferlamiðuðum rannsóknum og þróun	1 631 evra	1 223 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki

Liður sem óskað er eftir að trúnaðarkvöð hvíli á	Meðalstórt fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Meðalstórt fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Lítið fyrirtæki (aðskilin framlagning)	Lítið fyrirtæki (sameiginleg framlagning)	Örfyrirtæki (aðskilin framlagning)	Örfyrirtæki (sameiginleg framlagning)
Hreinleiki og/eða auðkenning óhreininda eða aukefna	3 180 evrur	2 385 evrur	1 712 evrur	1 284 evrur	245 evrur	183 evrur
Viðkomandi mörk fyrir tonnafjölda	1 060 evrur	795 evrur	571 evra	428 evrur	82 evrur	61 evra
Rannsóknarsamantekt eða ítarleg rannsóknarsamantekt	3 180 evrur	2 385 evrur	1 712 evrur	1 284 evrur	245 evrur	183 evrur
Upplýsingar á öryggisblaði	2 120 evrur	1 590 evrur	1 141 evra	856 evrur	163 evrur	122 evrur
Viðskiptaheiti efnisins	1 060 evrur	795 evrur	571 evra	428 evrur	82 evrur	61 evra
IUPAC-heiti efna sem eru ekki í skráningarbið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	1 060 evrur	795 evrur	571 evra	428 evrur	82 evrur	61 evra
IUPAC-heiti efna sem um getur í a-lið 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem notuð eru sem milliefni, í vísindarannsóknum og -þróun eða vöru- og ferlamiðuðum rannsóknum og þróun	1 060 evrur	795 evrur	571 evra	428 evrur	82 evrur	61 evra

V. VIÐAUKI

Þóknanir og gjöld fyrir tilkynningar um vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun skv. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Þóknanir fyrir tilkynningar um vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun

Stöðluð þóknun	544 evrur
Lægri þóknun fyrir meðalstórt fyrirtæki	353 evrur
Lægri þóknun fyrir lítið fyrirtæki	190 evrur
Lægri þóknun fyrir örfyrirtæki	27 evrur

Tafla 2

Gjöld fyrir framlengingu á undanþágu vegna vöru- og ferlamiðaðra rannsókna og þróunar

Staðlað gjald	1 087 evrur
Lægra gjald fyrir meðalstórt fyrirtæki	707 evrur
Lægra gjald fyrir lítið fyrirtæki	380 evrur
Lægra gjald fyrir örfyrirtæki	54 evrur

VI. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir umsóknir um leyfisveitingu skv. 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Staðlaðar þóknanir

Grunnþóknun	54 100 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	10 820 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	10 820 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er ekki örfyrirtæki, lítið eða meðalstórt fyrirtæki: 40 575 evrur
	Viðbótarumsækjandi er meðalstórt fyrirtæki: 30 431 evra
	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 18 259 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 4 058 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir meðalstór fyrirtæki

Grunnþóknun	40 575 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	8 115 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	8 115 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er meðalstórt fyrirtæki: 30 431 evra
	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 18 259 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 4 058 evrur

Tafla 3

Lægri þóknanir fyrir lítil fyrirtæki

Grunnþóknun	24 345 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	4 869 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	4 869 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 18 259 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 4 058 evrur

Tafla 4

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki

Grunnþóknun	5 410 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	1 082 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	1 082 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi: 4 057 evrur

VII. VIÐAUKI

Gjöld fyrir endurskoðun á leyfisveitingu skv. 61. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Stöðluð gjöld

Grunngjald	54 100 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	10 820 evrur

Viðbótargjald fyrir hvert efni	10 820 evrur
Viðbótargjald fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er ekki örfyrirtæki, lítið eða meðalstórt fyrirtæki: 40 575 evrur
	Viðbótarumsækjandi er meðalstórt fyrirtæki: 30 431 evra
	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 18 259 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 4 058 evrur

Tafla 2

Lægri gjöld fyrir meðalstór fyrirtæki

Grunngjald	40 575 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	8 115 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	8 115 evrur
Viðbótargjald fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er meðalstórt fyrirtæki: 30 431 evra
	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 18 259 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 4 058 evrur

Tafla 3

Lægri gjöld fyrir lítil fyrirtæki

Grunngjald	24 345 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	4 869 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	4 869 evrur
Viðbótargjald fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er lítið fyrirtæki: 18 259 evrur
	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 4 058 evrur

Tafla 4

Lægri gjöld fyrir örfyrirtæki

Grunngjald	5 410 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	1 082 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	1 082 evrur
Viðbótargjald fyrir hvern umsækjanda	Viðbótarumsækjandi er örfyrirtæki: 4 058 evrur

VIII. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir kærur skv. 92. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Staðlaðar þóknanir

Kæra vegna ákvörðunar sem tekin er samkvæmt:	Þóknun
9. eða 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	2 392 evrur
27. eða 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	4 783 evrur
51. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	7 175 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki

Kæra vegna ákvörðunar sem tekin er samkvæmt:	Þóknun
9. eða 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	1 794 evrur
27. eða 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	3 587 evrur
51. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	5 381 evra“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/707 **2015/EES/74/50**

frá 30. apríl 2015

um að samþykkja ekki útdrátt úr rót *Rheum officinale* sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Institut Technique de l'Agriculture Biologique 26. apríl 2013 um samþykki fyrir útdrætti úr rót *Rheum officinale* sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 12. júní 2014([2]). Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna ([3]) og drögin að þessari reglugerð um að samþykkja ekki útdrátt úr rót *Rheum officinale* fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 20. mars 2015.

3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að útdráttur úr rót *Rheum officinale* uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002([4]).

4) Í tæknilegu skýrslunni voru tilgreind sértæk áhyggjuefni varðandi áhættu fyrir notendur, starfsmenn, vegfarendur, neytendur og lífverur utan markhóps.

5) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi rannsókn Matvælaöryggisstofnunarinnar og drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

6) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.

7) Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, séu uppfylltar. Því er rétt að samþykkja ekki útdrátt úr rót *Rheum officinale* sem grunnefni.

8) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir útdrætti úr rót *Rheum officinale* sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

9) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 113, 1.5.2015, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 262/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for *Rheum officinale* and the conclusions drawn by EFSA on the specific points raised. (Niðurstöður samráðs aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins *Rheum officinale* og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar um þá tilteknu þætti sem voru athugaðir.) 2014:EN-617. 31 bls.

([3]) http://ec.europa.eu/sanco_pesticides/public/?event=activesubstance.selection&language=EN

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31 .2.2002, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ekki samþykkt sem grunnefni

Efnið útdráttur úr rót *Rheum officinale* er ekki samþykkt sem grunnefni.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/762 **2015/EES/74/51**

frá 12. maí 2015

um samþykki fyrir grunnefninu kalsíumhýdroxíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Evrópudeild International Federation of Organic Agriculture Movements (IFOAM) 19. september 2012 um samþykki fyrir kalsíumhýdroxíði sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 16. september 2014 ([2]). Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna ([3]) og drögin að þessari reglugerð um samþykki fyrir kalsíumhýdroxíði fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 20. mars 2015.

3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram og niðurstöður úr rannsókninni sem Matvælaöryggisstofnunin gerði sýna að kalsíumhýdroxíð uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]). Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Af þessum sökum skal það talið grunnefni.

4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að kalsíumhýdroxíð uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst er í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja kalsíumhýdroxíð sem grunnefni.

5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

6) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]) til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 120, 13.5.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 263/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application and its update on calcium hydroxide for use in plant protection against fungal diseases on pome fruit. EFSA supporting publication 2014:EN-655. 63 bls.

([3]) http://ec.europa.eu/sanco_pesticides/public/?event=activesubstance.selection&language=EN

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31 1.2.2002, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið kalsíumhýdroxíð, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Kalsíumhýdroxíð CAS-nr. 1305-62-0	Kalsíumhýdroxíð	920 g/kg Matvælagæði Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og mega ekki vera yfir eftirfarandi mörkum (gefin upp sem mg/kg af þurrefni): Baríum 300 mg/kg Flúoríð 50 mg/kg Arsen 3 mg/kg Blý 2 mg/kg.	1. júlí 2015	Nota skal kalsíumhýdroxíð í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um kalsíumhýdroxíð (SANCO/10148/2015), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 20. mars 2015.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
“4	Kalsíumhýdroxíð CAS-nr. 1305-62-0	Kalsíumhýdroxíð	920 g/kg Matvælagæði Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og mega ekki vera yfir eftirfarandi mörkum (gefin upp sem mg/kg af þurrefni): Baríum 300 mg/kg Flúoríð 50 mg/kg Arsen 3 mg/kg Blý 2 mg/kg.	1. júlí 2015	Nota skal kalsíumhýdroxíð í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um kalsíumhýdroxíð (SANCO/10148/2015), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 20. mars 2015.“
([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.					

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1106 **2015/EES/74/52**

frá 8. júlí 2015

um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) nr. 1037/2012 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu ísópýrasami (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ísópýrasam var samþykkt sem virkt efni með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1037/2012([2]), í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, að því tilskildu að umsækjandinn um samþykki, Syngenta Crop Protection AG (hér á eftir nefndur umsækjandinn), leggi fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar mikilvægi umbrotsefnanna CSCD 459488 og CSCD 459489 fyrir grunnvatn og skrái í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]). Leggja átti staðfestingarupplýsingarnar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) eigi síðar en 31. mars 2015.

2) Umsækjandinn upplýsti framkvæmdastjórnina um það í febrúar 2014 að ekki væri búist við að allar staðfestingarupplýsingarnar sem krafist var yrðu til reiðu innan frestsins sem gefinn var í framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) nr. 1037/2012. Umsækjandinn hélt því fram að þessi töf stafaði af því að nauðsynlegt væri að þróa viðeigandi aðferðarlýsingar fyrir prófanir og lagði fram vinnuáætlun vegna söfnunar á þeim upplýsingum.

3) Bretland, sem skýrslugjafaraðildarríki vegna ísópýrasams, lagði mat á upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og upplýsti framkvæmdastjórnina um það í september 2014 að það teldi að beiðni umsækjandans um að framlengja frestinn til framlagningar á upplýsingum til staðfestingar væri rökstudd og að vinnuáætlunin, sem umsækjandinn lagði fram, væri raunhæf og viðeigandi.

4) Því virðist rétt að taka þessa beiðni til greina til að gera umsækjandanum kleift að safna nauðsynlegum gögnum innan hæfilegrar tímaáætlunar.

5) Hinn 30. mars 2015 lagði umsækjandinn fram samantektarskjal yfir þær upplýsingar sem safnað hafði verið fram að því og lagði fram endanlega vinnuáætlun vegna söfnunar á útistandandi upplýsingum.

6) Því er rétt að breyta samþykkinu fyrir ísópýrasami og framlengja frestinn vegna framlagningar á upplýsingum til staðfestingar til 31. júlí 2017.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) nr. 1037/2012 til samræmis við það.

8) Í ljósi þess að frestur til framlagningar á staðfestingarupplýsingum í tengslum við ísópýrasam er þegar liðinn ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún er birt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 70. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 264/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1037/2012 frá 7. nóvember 2012 um samþykki fyrir virka efninu ísópýrasami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 308, 8.11.2012, bls. 15).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í stað síðustu málsgreinarinnar í dálkinum „Sértæk ákvæði“ í 27. línu, ísópýrasam, í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, komi eftirfarandi:

„Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. júlí 2017.“

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1037/2012

Í stað síðustu málsgreinarinnar í dálkinum „Sértæk ákvæði“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1037/2012, komi eftirfarandi:

„Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. júlí 2017.“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1115 **2015/EES/74/53**

frá 9. júlí 2015

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pýridati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu pýridati, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 31. desember 2015.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu pýridats í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 11. júní 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að pýridat uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 22. júlí 2014 ([5]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um pýridat fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 11. desember 2014.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 182, 10.7.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 264/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(8), 3801. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr., eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir pýridati.

9) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir pýridati byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda pýridat. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.

10) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir virka efninu pýridati, sem um getur í 1. forsendu, rennur út.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu pýridati, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Pýridat CAS-nr.: 55512-33-9 CIPAC-nr.: 447	O-6-klór-3-fenýlpýridasín-4-ýl-S-oktýlþíókarbónat	≥ 900 g/kg	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um pýridat, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að áhættu fyrir lagarlífverur, landplöntur utan markhóps og spendýr sem eru plöntuætur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 16 um pýridat brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„87	Pýridat CAS-nr.: 55512-33-9 CIPAC-nr.: 447	O-6-klór-3-fenýlpýridasín-4-ýl-S-oktýlþíókarbónat	≥ 900 g/kg	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um pýridat, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að áhættu fyrir lagarlífverur, landplöntur utan markhóps og spendýr sem eru plöntuætur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“
([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.						

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1154 **2015/EES/74/54**

frá 14. júlí 2015

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu súlfósúlfúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu súlfósúlfúróni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 31. desember 2015.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu súlfósúlfúróns í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010 ásamt skýringu að því er varðar mikilvægi allra nýju rannsóknanna sem voru lagðar fram. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 31. maí 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að súlfósúlfúrón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 3. júlí 2014. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um súlfósúlfúrón fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 12. desember 2014.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr., eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir súlfósúlfúróni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda súlfósúlfúrón. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 187, 15.7.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 264/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

9) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir súlfósúlfúróni.

10) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir virka efninu súlfósúlfúróni, sem um getur í 1. forsendu, rennur út.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu súlfósúlfúróni, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Súlfósúlfúrón CAS-nr.: 141776-32-1 CIPAC-nr.: 601	1-(4,6-dímetoxý-pýrimidín-2-ýl)-3-(2-etýlsúlfónýli-mídasó[1,2-a]pýridín-3-ýlsúlfónýl)úrea	≥ 980 g/kg Magn eftirfarandi óhreininda sem skipta máli má ekki fara yfir tiltekinn þröskuld í tæknilega efninu: Fenól: < 2 g/kg	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um súlfósúlfúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: – vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, – áhættu fyrir stórsæjar lífverur í jarðvegi utan markhóps, aðrar en ánamaðka, landplöntur utan markhóps og lagarlífverur.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 32 um súlfósúlfúrón brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla 89 við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
“89	Súlfósúlfúrón CAS-nr.: 141776-32-1 CIPAC-nr.: 601	1-(4,6-dímetoxýpýrimidín-2-ýl)-3-(2-etýlsúlfónýlimídasó[1,2-a]pýridín-3-ýlsúlfónýl)úrea	≥ 980 g/kg Magn eftirfarandi óhreininda sem skipta máli má ekki fara yfir tiltekinn þröskuld í tæknilega efninu: Fenól: < 2 g/kg	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um súlfósúlfúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: – vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, – áhættu fyrir stórsæjar lífverur í jarðvegi utan markhóps, aðrar en ánamaðka, landplöntur utan markhóps og lagarlífverur.“
([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.						

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1166 **2015/EES/74/55**

frá 15. júlí 2015

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu járnfosfati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 22. gr. í tengslum við 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu járnfosfati, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 31. desember 2015.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu járnfosfats í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjöl í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 30. apríl 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([5]), að því er varðar hvort búast megi við að járnfosfat uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 17. desember 2014. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um járnfosfat fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 20. mars 2015.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að járnfosfat sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Járnfosfat er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Járnfosfat samanstendur af efnasamböndum sem eru útbreidd í umhverfinu og eru mikilvæg fyrir starfsemi dýra og plantna. Auk þess er járnfosfat náttúrulegt innihaldsefni í fæðu manna. Búist er við að aukin váhrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 verði óveruleg í samanburði við váhrif sem gera má ráð fyrir við raunhæfar náttúrulegar aðstæður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 188, 16.7.2015, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 264/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3973. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir járnfosfati byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda járnfosfat. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem lindýraeitur.

9) Til samræmis við það er rétt að endurnýja samþykkið fyrir járnfosfati sem áhættulitlu, virku efni.

10) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir virka efninu járnfosfati, sem um getur í 1. forsendu, rennur út.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu járnfosfati, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Járnfosfat CAS-nr.: 10045-86-0 CIPAC-nr.: 629	Járnfosfat	Járnfosfat 703 g/kg jafngilda 260 g/kg af járni og 144 g/kg af fosfór	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um járnfosfat, einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 22 um járnfosfat brott.

2) Í D-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
“5	Járnfosfat CAS-nr.: 10045-86-0 CIPAC-nr.: 629	Járnfosfat	Járnfosfat 703 g/kg jafngilda 260 g/kg af járni og 144 g/kg af fosfór	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um járnfosfat, einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1201 **2015/EES/74/56**

frá 22. júlí 2015

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu fenhexamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu fenhexamíði, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 31. desember 2015.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu fenhexamíðs í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjöl í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 30. apríl 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að fenhexamíð uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 30. júní 2014 ([5]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um fenhexamíð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 27. janúar 2015.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr., eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir fenhexamíði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 195, 23.7.2015, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 264/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3744. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

9) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

10) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir virka efninu fenhexamíði, sem um getur í 1. forsendu, rennur út.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu fenhexamíði, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Fenhexamíð CAS-nr.: 126833-17-8 CIPAC-nr.: 603	N-(2,3-díklór-4-hýdroxýfenýl)-1-metýlsýklóhexan-1-karboxamíð	≥ 975 g/kg Magn eftirfarandi óhreininda sem skipta máli má ekki fara yfir tiltekinn þröskuld í tæknilega efninu: — tólúen: að hámarki 1 g/kg, — 4-amínó-2,3-díklórfenól: að hámarki 3 g/kg.	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um fenhexamíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda við meðhöndlun nytjaplantna á akurlendi með handstýrðum búnaði, — vernd starfsmanna við endurkomu á innanhússsvæði þar sem plöntur hafa verið meðhöndlaðar, — áhættu fyrir lagarlífverur, — langvarandi áhættu fyrir spendýr vegna notkunar á akurlendi. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 13 um fenhexamíð brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„85	Fenhexamíð CAS-nr.: 126833-17-8 CIPAC-nr.: 603	N-(2,3-díklór-4-hýdroxý-fenýl)-1-metýlsýklóhexan-1-karboxamíð	≥ 975 g/kg Magn eftirfarandi óhreininda sem skipta máli má ekki fara yfir tiltekinn þröskuld í tæknilega efninu: — tólúen: að hámarki 1 g/kg, — 4-amínó-2,3-díklórfenól: að hámarki 3 g/kg.	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um fenhexamíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda við meðhöndlun nytjaplantna á akurlendi með handstýrðum búnaði, — vernd starfsmanna við endurkomu á innanhússsvæði þar sem plöntur hafa verið meðhöndlaðar, — áhættu fyrir lagarlífverur, — langvarandi áhættu fyrir spendýr vegna notkunar á akurlendi. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1107 **2015/EES/74/57**

frá 8. júlí 2015

um samþykki fyrir grunnefninu víðiberki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Institut Technique de l'Agriculture Biologique (ITAB) 26. apríl 2013 um samþykki fyrir berki af *Salix alba* sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 3. júní 2014 ([2]). Hinn 14. nóvember 2014 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu ([3]) og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 29. maí 2015.

3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram og niðurstöður úr rannsókninni, sem Lyfjastofnun Evrópu ([4]) gerði í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ([5]), sýna að víðibörkur uppfyllir viðmiðanir fyrir hefðbundin jurtalyf. Því var talið rétt að rýmka gildissvið umsóknarinnar að því er varðar börk af *Salix alba* þannig að hún taki til víðibarkar. Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu og vatni.

4) Framkvæmdastjórnin telur að víðibörkur sé grunnefni skv. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Víðibörkur er plöntuhluti og útbreiddur í umhverfinu. Búist er við að aukin váhrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem lýst er í endurskoðunarskýrslunni verði óveruleg í samanburði við váhrif sem gera má ráð fyrir við raunhæfar náttúrulegar aðstæður.

5) Því má gera ráð fyrir að víðibörkur uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja víðibörk sem grunnefni.

6) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for *Salix alba* bark and the conclusions drawn by EFSA on the specific points raised (Niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn að því er varðar grunnefnið börk af *Salix alba* og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar um þá tilteknu þætti sem voru athugaðir). 2014:EN-609.34 bls.

([3]) http://ec.europa.eu/sanco_pesticides/public/?event=homepage

([4]) Assessment report on Salicis cortex (willow bark) and herbal preparation(s) thereof with well-established use and traditional use; EMEA/HMPC/295337/2007.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

7) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([6]) til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið víðibörkur, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

_____

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Víðibörkur CAS-nr. ekki úthlutað CIPAC-nr. ekki úthlutað	Á ekki við	Evrópska lyfjaskráin	1. júlí 2015	Nota skal víðibörk í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um víðibörk (SANCO/12173/2014), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
„7	Víðibörkur CAS-nr. ekki úthlutað CIPAC-nr. ekki úthlutað	Á ekki við	Evrópska lyfjaskráin	1. júlí 2015	Nota skal víðibörk í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um víðibörk (SANCO/12173/2014), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1108 **2015/EES/74/58**

frá 8. júlí 2015

um samþykki fyrir grunnefninu ediki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Institut Technique de l'Agriculture Biologique (ITAB) 24. apríl 2013 um samþykki fyrir ediki sem grunnefni. Hinn 17. mars 2014 barst umsókn frá Parísarborg (Frakklandi) um að rýmka þá ætluðu notkun sem fellur undir umsóknina um samþykki fyrir ediki sem grunnefni. Umsóknunum fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 12. ágúst 2014 ([2]). Hinn 27. janúar 2015 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu ([3]) og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 29. maí 2015.

3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að edik uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]). Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Einkum ætti ekki að rugla saman ediki og ediksýru, virku efni sem var skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([5]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([6]), eins og skýrt er í túlkunarorðsendingu framkvæmdastjórnarinnar ([7]) um matvælavöruheiti. Af þessum sökum skal edik teljast grunnefni.

4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að edik uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja edik sem grunnefni.

5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for vinegar and the conclusions drawn by EFSA on the specific points raised. (Niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins ediks og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar um þá tilteknu þætti sem voru athugaðir.) EFSA supporting publication 2014:EN-641.37 bls.

([3]) http://ec.europa.eu/sanco_pesticides/public/?event=homepage

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31 1.2.2002, bls. 1).

([5]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([6]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð. ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([7]) Stjtíð. EB C 270, 15.10.1991, bls. 2.

6) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([8]) til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið edik, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki [1]	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Edik CAS-nr.: 90132-02-8	Ekki fyrir hendi	Matvælagæði, innihald ediksýru að hámarki 10%	1. júlí 2015	Er einungis samþykkt sem grunnefni til notkunar sem sveppaeyðir og bakteríueyðir. Nota skal edik í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um edik (SANCO/12896/2014), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki [1]	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
“5	Edik CAS-nr.: 90132-02-8	Ekki fyrir hendi	Matvælagæði, innihald ediksýru að hámarki 10%	1. júlí 2015	Er einungis samþykkt sem grunnefni til notkunar sem sveppaeyðir og bakteríueyðir. Nota skal edik í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um edik (SANCO/12896/2014), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1116 **2015/EES/74/59**

frá 9. júlí 2015

um samþykki fyrir grunnefninu lesitíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Institut Technique de l'Agriculture Biologique (ITAB) 18. nóvember 2013 um samþykki fyrir lesitíni sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 28. ágúst 2014 ([2]). Hinn 27. janúar 2015 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu ([3]) og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 29. maí 2015.

3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að lesitín uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]). Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Af þessum sökum skal það talið grunnefni.

4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að lesitín uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja lesitín sem grunnefni.

5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

6) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]) til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 182, 10.7.2015, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for lecithins for use in plant protection as a fungicide on vineyards, fruit trees, vegetables and ornamentals (Niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins lesitíns til notkunar sem sveppaeyðir á vínekrur, ávaxtatré, grænmeti og skrautplöntur). EFSA supporting publication 2014:EN-643. 34 bls.

([3]) http://ec.europa.eu/sanco_pesticides/public/?event=homepage

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31 1.2.2002, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið lesitín, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Lesitín CAS-nr.: 8002-43-5 CIPAC-nr. ekki úthlutað EINECS-númer 232-307-2	Ekki úthlutað	Eins og lýst er í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012.	1. júlí 2015	Er einungis samþykkt sem grunnefni til notkunar sem sveppaeyðir. Nota skal lesitín í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um lesitín (SANCO/12798/2014), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
„6	Lesitín CAS-nr.: 8002-43-5 CIPAC-nr. ekki úthlutað EINECS-númer 232-307-2	Ekki úthlutað	Eins og lýst er í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012.	1. júlí 2015	Er einungis samþykkt sem grunnefni til notkunar sem sveppaeyðir. Nota skal lesitín í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um lesitín (SANCO/12798/2014), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1165 **2015/EES/74/60**

frá 15. júlí 2015

um samþykki fyrir virka efninu halauxifenmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Bretlandi umsókn frá Dow AgroSciences Limited 20. september 2012 um samþykki fyrir virka efninu halauxifenmetýli. Í samræmi við 3. mgr. 9 .gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Bretland, sem skýrslugjafaraðildarríki, framkvæmdastjórninni um lögmæti umsóknarinnar 2. nóvember 2012.

2) Hinn 20. desember 2013 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í október 2014.

4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið halauxifenmetýl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 21. nóvember 2014. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

5) Hinn 20. mars 2015 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um halauxifenmetýl og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir halauxifenmetýli.

6) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja halauxifenmetýl.

8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 188, 16.7.2015, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(12), 3913. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið halauxifenmetýl, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Halauxifenmetýl CAS-nr.: 943831-98-9 CIPAC-nr.: 970.201 (halauxifenmetýl) 970 (halauxifen)	metýl-4-amínó-3-klór-6-(4-klór-2-flúor-3-metoxýfenýl) pýridín-2-karboxýlat	≥ 930 g/kg	5. ágúst 2015	5. ágúst 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um halauxifenmetýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: – Áhættu fyrir lagar- og landplöntur utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: – Tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni). Mikilvægi óhreininda, sem eru til staðar í tæknilega efninu, skal staðfest. – Samræmi framleiðslulotanna við tækniforskriftirnar að því er varðar eiturhrif. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 5. febrúar 2016.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
“86	Halauxifenmetýl CAS-nr. 943831-98-9 CIPAC-nr.: 970.201 (halauxifenmetýl) 970 (halauxifen)	metýl-4-amínó-3-klór-6-(4-klór-2-flúor-3-metoxýfenýl)pýridín-2-karboxýlat	≥ 930 g/kg	5. ágúst 2015	5. ágúst 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um halauxifenmetýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: – Áhættu fyrir lagar- og landplöntur utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: – Tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni). Mikilvægi óhreininda, sem eru til staðar í tæknilega efninu, skal staðfest. – Samræmi framleiðslulotanna við tækniforskriftirnar að því er varðar eiturhrif. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 5. febrúar 2016.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1176 **2015/EES/74/61**

frá 17. júlí 2015

um samþykki fyrir virka efninu pepínómósaíkveiru af stofni CH2, einangur 1906, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (1), einkum 1. mgr. 22. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Belgíu umsókn frá De Ceuster NV 30. júlí 2012 um samþykki fyrir virka efninu pepínómósaíkveiru af stofni CH2, einangur 1906. Í samræmi við 3. mgr. 9 .gr. þeirrar reglugerðar, tilkynnti Belgía, sem skýrslugjafaraðildarríki, framkvæmdastjórninni um lögmæti umsóknarinnar 10. janúar 2013.

2) Hinn 8. janúar 2014 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í október 2014.

4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906, uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 (2), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 19. desember 2014. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

5) Hinn 20. mars 2015 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um pepínómósaíkveiru af stofni CH2, einangur 1906, og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir pepínómósaíkveiru af stofni CH2, einangur 1906.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 192, 18.7.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1):3977 Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

6) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja pepínómósaíkveiru af stofni CH2, einangur 1906.

8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.

9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906, sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906, er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906 er plöntuveirustofn sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi. Plöntuveira fjölgar sér ekki utan plöntufrumunnar, veiran er ekki með frumubyggingu og myndar ekki umbrotsefni. Hún veldur hvorki sjúkdómum í mönnum né dýrum. Búist er við að aukin váhrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 verði óveruleg í samanburði við váhrif sem gera má ráð fyrir við raunhæfar náttúrulegar aðstæður.

10) Því er rétt að samþykkja pepínómósaíkveiru af stofni CH2, einangur 1906, sem áhættulítið efni. Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906 GenBank, vörslunúmer JN835466 CIPAC-nr. ekki úthlutað	Á ekki við	lágmarksstyrkleiki 5×10^5 eftirmyndir veirugenamengis á hvern µL	7. ágúst 2015	7. ágúst 2030	Einungis má leyfa að efnið sé notað í gróðurhúsum. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um pepínómósaíkveiru af stofni CH2, einangur 1906, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906, kunni að vera næmandi. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
“4	Pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906 GenBank, vörslunúmer JN835466 CIPAC-nr. ekki úthlutað	Á ekki við	lágmarksstyrkleiki 5×10^5 eftirmyndir veirugenamengis á hvern µL	7. ágúst 2015	7. ágúst 2030	Einungis má leyfa að efnið sé notað í gróðurhúsum. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um pepínómósaíkveiru af stofni CH2, einangur 1906, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að pepínómósaíkveira af stofni CH2, einangur 1906, kunni að vera næmandi. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1191 **2015/EES/74/62**

frá 20. júlí 2015

um að samþykkja ekki *Artemisia vulgaris* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Institut Technique de l`Agriculture Biologique (ITAB) 26. apríl 2013 um samþykki fyrir *Artemisia vulgaris* L. sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 25. ágúst 2014 ([2]). Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna ([3]) og drögin að þessari reglugerð um að samþykkja ekki *Artemisia vulgaris* L. fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 27. janúar 2015.

3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að *Artemisia vulgaris* L. uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]). Hins vegar eru áfengir drykkir úr Artemisia-tegundum tilgreindir í B-hluta III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 ([5]) þar sem sett eru hámarksgildi tiltekinna efna, sem eru til staðar frá náttúrunnar hendi í bragðefnum og innihaldsefnum matvæla með bragðbætandi eiginleika, í tilteknum samsettum matvælum, tilbúnum til neyslu, sem bragðefnum og/eða innihaldsefnum matvæla með bragðgefandi eiginleika hefur verið bætt við. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, að því er varðar samsett matvæli sem tilgreind eru í fyrrgreindum B-hluta, skal ekki fara yfir hámarksgildi vegna notkunar bragðefna og/eða innihaldsefna matvæla með bragðgefandi eiginleika. Því má ekki nota Artemisia-tegundir sem matvæli án skilyrða.

4) Í tæknilegu skýrslunni voru tilgreind sértæk áhyggjuefni Matvælaöryggisstofnunarinnar varðandi váhrif af tújúni, evkalyptóli og kamfóru og áhættu fyrir notendur, starfsmenn, vegfarendur, neytendur og lífverur utan markhóps.

5) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi tæknilega skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

6) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.

7) Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 séu uppfylltar. Því er rétt að samþykkja ekki *Artemisia vulgaris* L. sem grunnefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 122. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for Artemisia vulgaris for use in plant protection as insecticide/repellent on orchards, vineyards and vegetables. (Niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins Artemisia vulgaris til notkunar við plöntuvernd sem skordýraeitur/fæliefni á aldingarða, vínekrur og grænmeti). EFSA supporting publication 2014:EN-644. 36 bls.

([3]) http://ec.europa.eu/sanco_pesticides/public/?event=homepage

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31 1.2.2002, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34).

8) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir *Artemisia vulgaris* L. sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ekki samþykkt sem grunnefni

Efnið *Artemisia vulgaris* L. er ekki samþykkt sem grunnefni.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1192 **2015/EES/74/63**

frá 20. júlí 2015

um samþykki fyrir virka efninu terpenóíðblöndu QRD 460, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Hollandi umsókn frá AgraQuest Inc. (nú Bayer CropScience AG) 14. september 2011 um samþykki fyrir virka efninu terpenóíðblöndu QRD 460. Í samræmi við 3. mgr. 9 .gr. þeirrar reglugerðar, tilkynnti Holland, sem skýrslugjafaraðildarríki, framkvæmdastjórninni um lögmæti umsóknarinnar 4. október 2011.

2) Hinn 30. júlí 2013 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í maí 2014.

4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið terpenóíðblanda QRD 460 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 26. ágúst 2014. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

5) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

6) Hinn 29. maí 2015 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um terpenóíðblöndu QRD 460 og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir terpenóíðblöndu QRD 460.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja terpenóíðblöndu QRD 460.

8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 124. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(10), 3816. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið terpenóíðblanda QRD 460, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Terpenóíðblanda QRD 460 CIPAC-nr.: 982	Terpenóíðblanda QRD 460 er blanda úr þremur efnisþáttum: — α-terpíneni: 1-ísóprópýl-4-metýlsýklóhexa-1,3-díen, — *p*-sýmeni: 1-ísóprópýl-4-metýlbensen, — *d*-límóneni: (R)-4-ísóprópenýl-1-metýlsýklóhexen.	Nafnstyrkur hvers efnisþáttar í framleiddu, virku efni skal vera eftirfarandi: — α-terpíneni: 59,7%, — *p*-sýmeni: 22,4%, — *d*-límóneni: 17,9%. Hreinleiki hver efnisþáttar skal að lágmarki vera sem hér segir: — α-terpíneni: 89%, — *p*-sýmeni: 97%, — *d*-límóneni: 93%.	10. ágúst 2015	10. ágúst 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um terpenóíðblöndu QRD 460, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) stöðugleika samsetninga við geymslu, b) vernd notenda og starfsmanna og tryggja að notkunarskilyrðin taki til notkunar á fullnægjandi persónuhlífum eftir því sem við á, c) vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, d) vernd yfirborðsvatns og lagarlífvera, e) vernd býflugna og liðdýra utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) Tækniforskrift framleidds, virks efnis (leggja skal fram greiningar á 5 framleiðslulotum blöndunnar), studd viðurkenndum og fullgiltum greiningaraðferðum. Staðfesta skal að engin óhreinindi sem skipta máli séu í tæknilega efninu. 2) Jafngildi efnisins sem er notað vegna eiturefnafræðilegra og visteiturefnafræðilegra rannsókna með staðfestu tækniforskriftinni, Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 10. febrúar 2016.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„84	Terpenóíðblanda QRD 460 CIPAC-nr.: 982	Terpenóíðblanda QRD 460 er blanda úr þremur efnisþáttum: — α-terpíneni: 1-ísóprópýl-4-metýlsýklóhexa-1,3-díen, — *p*-sýmeni: 1-ísóprópýl-4-metýlbensen, — *d*-límóneni: (R)-4-ísóprópenýl-1-metýlsýklóhexen.	Nafnstyrkur hvers efnisþáttar í framleiddu, virku efni skal vera eftirfarandi: — α-terpíneni: 59,7%, — *p*-sýmeni: 22,4%, — *d*-límóneni: 17,9%. Hreinleiki hver efnisþáttar skal að lágmarki vera sem hér segir: — α-terpíneni: 89%, — *p*-sýmeni: 97%, — *d*-límóneni: 93%.	10. ágúst 2015	10. ágúst 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um terpenóíðblöndu QRD 460, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) stöðugleika samsetninga við geymslu, b) vernd notenda og starfsmanna og tryggja að notkunarskilyrðin taki til notkunar á fullnægjandi persónuhlífum eftir því sem við á, c) vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, d) vernd yfirborðsvatns og lagarlífvera, e) vernd býflugna og liðdýra utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) Tækniforskrift framleidds, virks efnis (leggja skal fram greiningar á 5 framleiðslulotum blöndunnar), studd viðurkenndum og fullgiltum greiningaraðferðum. Staðfesta skal að engin óhreinindi sem skipta máli séu í tæknilega efninu. 2) Jafngildi efnisins sem er notað vegna eiturefnafræðilegra og visteiturefnafræðilegra rannsókna með staðfestu tækniforskriftinni, Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 10. febrúar 2016.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1295 **2015/EES/74/64**

frá 27. júlí 2015

um samþykki fyrir virka efninu súlfoxaflóri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Írlandi umsókn frá Dow AgroSciences 1. september 2011 um samþykki fyrir virka efninu súlfoxaflóri. Í samræmi við 3. mgr. 9 .gr. þeirrar reglugerðar, tilkynnti Írland, sem skýrslugjafaraðildarríki, framkvæmdastjórninni um lögmæti umsóknarinnar 30. september 2011.

2) Hinn 23. nóvember 2012 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í janúar 2014.

4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið súlfoxaflór uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 12. maí 2014. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

5) Hinn 11. desember 2014 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um súlfoxaflór og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir súlfoxaflóri.

6) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja súlfoxaflór.

8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 199, 29.7.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3692. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið súlfoxaflór, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Súlfoxaflór CAS-nr.: 946578-00-3 CIPAC-nr.: 820	[metýl(oxó){1-[6-(tríflúormetýl)-3-pýridýl]etýl}-λ^6-súlfanýliden]sýanamíð	≥ 950 g/kg	18. ágúst 2015	18. ágúst 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um súlfoxaflór, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir býflugur og önnur liðdýr utan markhóps, b) áhættu fyrir býflugur og hunangsflugur, sem er sleppt til frævunar, ef efnið er notað í gróðurhúsum. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) áhættu fyrir býflugur eftir mismunandi váhrifaleiðum, einkum með hunangslegi, frjókornum, vökvaútgufun og ryki, b) áhættu fyrir býflugur sem leita fæðu í hunangslegi eða frjókornum í síðari ræktun og blómstrandi illgresi, c) áhættu fyrir frjóbera, aðra en býflugur, d) áhættu fyrir ungviði býflugna. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 18. ágúst 2017.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„88	Súlfoxaflór CAS-nr.: 946578-00-3 CIPAC-nr.: 820	[metýl(oxó){1-[6-(tríflúormetýl)-3-pýridýl]etýl}-λ^6-súlfanýliden]sýanamíð	≥ 950 g/kg	18. ágúst 2015	18. ágúst 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um súlfoxaflór, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir býflugur og önnur liðdýr utan markhóps, b) áhættu fyrir býflugur og hunangsflugur, sem er sleppt til frævunar, ef efnið er notað í gróðurhúsum. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) áhættu fyrir býflugur eftir mismunandi váhrifaleiðum, einkum með hunangslegi, frjókornum, vökvaútgufun og ryki, b) áhættu fyrir býflugur sem leita fæðu í hunangslegi eða frjókornum í síðari ræktun og blómstrandi illgresi, c) áhættu fyrir frjóbera, aðra en býflugur, d) áhættu fyrir ungviði býflugna. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 18. ágúst 2017.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1475 2015/EES/74/65

frá 27. ágúst 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 284/2013 að því er varðar umbreytingarráðstafanirnar sem gilda um málsmeðferð varðandi plöntuverndarvörur

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum b-lið 1. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2013 ([2]) var reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 545/2011 ([3]) felld úr gildi og mælt fyrir um nýjar kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur.

2) Í reglugerð (ESB) nr. 284/2013 er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir varðandi framlagningu gagna vegna umsókna um samþykki, endurnýjunar á samþykki eða breytinga á skilyrðum fyrir samþykki vegna virkra efna, og varðandi framlagningu gagna vegna umsókna um leyfi, eins og um getur í 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, sem ná yfir endurnýjun á leyfi eða breytingar á leyfi vegna plöntuverndarvara, til þess að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þessar nýju kröfur.

3) Búist var við að allar umsóknir um endurnýjun leyfa fyrir vörum sem innihalda virk efni, sem eru endurnýjuð í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]), yrðu lagðar fram fyrir 31. desember 2015. Þar af leiðandi hefði reglugerð (ESB) nr. 545/2011 gilt um þær umsóknir. Hins vegar er útlit fyrir að leggja verði sumar þessara umsókna fram eftir 31. desember 2015.

4) Í því skyni að tryggja allar að umsóknir um endurnýjun leyfa fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda efni, sem eru endurnýjuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1141/2010, falli undir sömu kröfur um gögn er rétt að kveða á um umbreytingarráðstafanir þannig að kröfurnar um gögn í reglugerð (ESB) nr. 545/2011 gildi um allar slíkar umsóknir.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 284/2013:

„Reglugerð (ESB) nr. 545/2011 skal gilda áfram að því er varðar málsmeðferð varðandi endurnýjun leyfa fyrir plöntuverndarvörum skv. 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 eftir endurnýjun á virku efni sem fram fer samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1141/2010.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 225, 28.8.2015, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 266/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2013 frá 1. mars 2013 um kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 93, 3.4.2013, bls. 85).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 545/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur (Stjtíð. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 67).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1190 **2015/EES/74/66**

frá 20. júlí 2015

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 1. mgr. 31. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í kjölfar vísindarannsóknar frá árinu 2001, sem ber yfirskriftina: „Notkun á varanlegum hárlitunarefnum og áhætta á krabbameini í þvagblöðru“ (e. *Use of permanent hair dyes and bladder cancer risk*), komst vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli, en í stað hennar kom vísindanefndin um neysluvörur (SCCP) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/210/EB ([2]), að þeirri niðurstöðu að hugsanlegir áhættuþættir í tengslum við notkun hárlitunarefna væru áhyggjuefni. Vísindanefndin um neysluvörur mælti með því í álitum sínum að framkvæmdastjórnin gerði frekari ráðstafanir til að hafa eftirlit með notkun hárlitunarefna.

2) Vísindanefndin um neysluvörur mælti enn fremur með heildaráætlun um öryggismat á hárlitunarefnum þar sem gerðar væru kröfur um prófun á hugsanlegum erfðaeiturhrifum eða krabbameinsvaldandi áhrifum efna sem eru notuð í hárlitunarvörur.

3) Í kjölfar álits vísindanefndarinnar um neysluvörur komst framkvæmdastjórnin að samkomulagi við aðildarríkin og hagsmunaaðila um heildaráætlun um að setja reglur um efni, sem eru notuð í hárlitunarvörur, en samkvæmt áætluninni er þess krafist að iðnaðurinn leggi fram skrár með uppfærðum vísindagögnum um öryggi hárlitunarefna, sem vísindanefndin um neysluvörur á að framkvæma áhættumat á.

4) Vísindanefndin um neysluvörur, en í hennar stað kom vísindanefndin um öryggi neytenda (SCCS) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB ([3]), mat öryggi einstakra efna sem iðnaðurinn hafði lagt fram uppfærðar skrár fyrir.

5) Með tilliti til lokaálits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda varðandi öryggi einstakra efna er rétt að takmarka hámarksstyrk í 9 hárlitunarefnum sem búið er að meta og skrá þau í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

6) Að því er varðar mat á hugsanlegri heilbrigðisáhættu fyrir neytendur af völdum myndefna sem oxandi hárlitunarefni mynda meðan á hárlitunarferlinu stendur, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, taldi vísindanefndin um öryggi neytenda í mati sínu frá 21. september 2010 að erfðaeiturhrif og krabbameinsvaldandi áhrif hárlitunarefna og myndefna þeirra, sem nú eru í notkun í Sambandinu, væru ekki verulegt áhyggjuefni.

7) Vísindanefndin um öryggi neytenda hefur fjallað um næmingarmátt einstakra hárlitunarefna í áhættumötum sínum. Í því skyni að upplýsa neytendur betur um hugsanleg skaðleg áhrif af völdum notkunar hárlitunarefna og til að draga úr hættu á næmingu af völdum hárlitunarvara á meðal neytenda ætti að prenta viðeigandi viðvaranir á merkimiða á hárlitunarvörum sem eru oxandi og á hárlitunarvörum, sem ekki eru oxandi, sem innihalda hárlitunarefni með óhemjumikinn eða mikinn næmingarmátt.

8) Í skilgreiningunni á hárvöru í reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er undanskilin notkun hennar á augnhár. Kveikjan að þeirri útilokun var sú að áhættustigið er ekki það sama þegar snyrtivörur eru notaðar á hár á höfði annars vegar og á augnhár hins vegar. Því var þörf á sérstöku öryggismati fyrir notkun þíóglýkólsýru og salta hennar á augnhár.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 115. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 267/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/210/EB frá 3. mars 2004 um að skipa vísindanefndir á sviði neytendaöryggis, lýðheilsu og umhverfis (Stjtíð. ESB L 66, 4.3.2004, bls. 45).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB frá 5. ágúst 2008 um að koma á ráðgjafarkerfi vísindanefnda og sérfræðinga á sviði sem varðar öryggi neytenda, lýðheilsu og umhverfismál og um niðurfellingu á ákvörðun 2004/210/EB (Stjtíð. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21).

9) Í áliti vísindanefndarinnar um öryggi neytenda frá 11. nóvember 2013 varðandi þíóglýkólsýru og sölt hennar komst hún að þeirri niðurstöðu að almenn notkun (eigin not neytenda á heimilum) vara, sem ætlaðar eru til að liða augnhár og innihalda þíóglýkólsýru og sölt hennar, er ekki ráðlögð vegna áhættu á augnertingu þegar neytendur nota vörurnar sjálfir. Hins vegar er öruggt að nota vörurnar ef styrkur þíóglýkólsýru og salta hennar er allt að 11% og fagmaður setur hana á augnhár þar eð það dregur úr áhættu á að varan komi í beina snertingu við augu. Að auki komst vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu að notkun allt að 5% þíóglýkólsýru og salta hennar í háreyðingarvörur sé örugg ef þær eru notaðar eins og fyrirhugað er. Öryggi slíkra snyrtivara er verulega háð ábyrgri áhættustjórnun, þ.m.t. varnaðarorðum og ítarlegum notkunarleiðbeiningum.

10) Á grundvelli vísindalegs mats á þíóglýkólsýru og söltum hennar ætti að leyfa notkun þeirra í vörur sem ætlaðar eru til að liða augnhár og til háreyðingar. Til að koma í veg fyrir hvers kyns áhættu í tengslum við að neytendur noti sjálfir vörur sem eru ætlaðar til að liða augnhár ætti þó einungis að leyfa þær til nota í atvinnuskyni. Til að gera fagmönnum kleift að upplýsa neytendur um hugsanlegar aukaverkanir af notkun vara, sem innihalda þíóglýkólsýru og sölt hennar, á augnhár og til að draga úr áhættu á húðnæmingu af völdum þessara vara ætti að prenta viðeigandi varnaðarorð á merkimiðana.

11) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

12) Fresta ætti beitingu takmarkana er varða hárlitunarefni til að gera iðnaðinum kleift að fara að kröfunum um hárlitunarvörur. Einkum ætti, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að veita fyrirtækjum tólf mánuði til að koma vörum, sem uppfylla kröfurnar, á markað og til að taka vörur, sem uppfylla ekki kröfurnar, af markaði.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. ágúst 2015, að undanskildum ákvæðum 2. liðar í viðaukanum, sem koma til framkvæmda frá og með 10. ágúst 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslu 2a komi eftirfarandi:

a	b	c	d	e	f	g	h	i
„2a	Þíóglýkólsýra og sölt hennar	Thioglycolic acid	68-11-1	200-677-4	a) Vörur til hárliðunar eða afliðunar	a) i. 8% ii. 11%	a) i. Til almennrar notkunar Tilbúnar til notkunar pH-gildi 7–9,5 ii. Notkun í atvinnuskyni Tilbúnar til notkunar pH-gildi 7–9,5	Notkunarskilyrði: a) b) c) d) Varist snertingu við augu Skolið augun strax ef varan kemst í snertingu við þau. a) c) d) Notið viðeigandi hlífðarhanska Varnaðarorð sem prenta skal á merkimiðann: a) i) b) c) Inniheldur þíóglýkólat Fylgið leiðbeiningum Geymist þar sem börn ná ekki til a) ii) d) Eingöngu til nota í atvinnuskyni Inniheldur þíóglýkólat Fylgið leiðbeiningum“
					b) Háreyðingarvörur	b) 5%	b) Tilbúnar til notkunar pH-gildi 7–12,7	
					c) Aðrar hárvörur sem á að skola burt eftir notkun	c) 2%	c) Tilbúnar til notkunar pH-gildi 7–9,5	
					d) Vörur sem eru ætlaðar til að liða augnhár	d) 11% Framangreind hlutföll eru reiknuð sem þíóglýkólsýra	d) Til nota í atvinnuskyni Tilbúnar til notkunar pH-gildi 7–9,5	

2) Eftirfarandi færslur 288 til 296 bætist við:

a	b	c	d	e	f	g	h	i
„288	3-[(4-amínó-3-metýl-9,10-díoxó-9,10-díhýdróantrasen-1-ýl)amínó]-N,N,N-trímetýlpróp-an-1-amínium, metýlsúlfatsalt	HC Blue No 17	16517-75-2	605-392-2	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunar-vörum b) Hárlitunarefni í hár-litunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 2,0%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 2,0% Að því er varðar a- og b-lið: — Notist ekki með nítrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	a) Prenta skal á merkimiðann: Blöndunar-hlutfallið. „⚠ Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir ein-staklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ (e. *temporary black henna tattoo*) getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“.
289	Fosfórsýrusambönd með 4-[(2,6-díklórfenýl)(4-imínó-3,5-dímetýl-2,5-sýklóhexadíen-1-ýliden)metýl]-2,6-dýmetýlanilíni (1:1)	HC Blue No 15	74578-10-2	277-929-5	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunar-vörum b) Hárlitunarefni í hár-litunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 0,2%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,2 %	a) Prenta skal á merkimiðann: Blöndunar-hlutfallið. „⚠ Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ (e. *temporary black henna tattoo*) getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð,

a	b	c	d	e	f	g	h	i
								— ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“.
290	Dínatríum 2,2′-(9,10-díoxó-antrasen-1,4-díýldíimínó) bis(5-metýlsúlfónat)	Acid Green 25	4403-90-1	224-546-6	Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	0,3%		
291	Natríum 4-[(9,10-díhýdró-4-hýdroxý-9,10-díoxó-1-antrýl)amínó] tólúen-3-súlfónat	Acid Violet 43	4430-18-6	224-618-7	Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	0,5%		
292	1,4-bensendíamín, 2-(metoxýmetýl) 1,4-bensendíamín, 2-(metoxýmetýl)-, súlfat	2-Methoxymethyl-p-Phenylenediamine 2-Methoxymethyl-p-Phenylenediamine Sulfate	337906-36-2 337906-37-3		Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,8%, (reiknaður sem óbundinn basi)	Prenta skal á merkimiðann: Blöndunarhlutfallið. „⚠ Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ (e. *temporary black henna tattoo*) getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“.

a	b	c	d	e	f	g	h	i
293	1-N-metýlmorfó-líníumprópýlamíno-4-hýdroxýantrakínón, metýlsúlfat	Hydroxyanthra-quinone-amino-propyl Methyl Morpholinium Methosulfate	38866-20-5	254-161-9	Hárlitunarefni í hárlitun-arvörum sem ekki eru oxandi	0,5%	— Notist ekki með nítrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	Prenta skal á merkimiðann: „⚠ Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ (e. *temporary black henna tattoo*) getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“.
294	Etanól, 2,2′-[[3-metýl-4-[(E)-(4-nítrófenýl)asó] fenýl]imínó]bis-	Disperse Red 17	3179-89-3	221-665-5	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 0,2%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 2,0% Að því er varðar a- og b-lið: — Notist ekki með nítrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	a) Prenta skal á merkimiðann: Blöndunar-hlutfallið. „⚠ Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ (e. *temporary black henna tattoo*) getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“.

a	b	c	d	e	f	g	h	i
295	4-amínó-5-hýdroxý-3-(4-nítrófenýlasó)-6-(fenýlasó)-2,7-naftalendísúlfónsýra, dínatríumsalt	Acid Black 1	1064-48-8	213-903-1	Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	0,5%		
296	Dínatríum-3-hýdroxý-4-[(E)-(4-metýl-2-súlfónatófenýl) díasenýl]-2-naftóat	Pigment Red 57	5858-81-1	227-497-9	Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	0,4%“		

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1298 **2015/EES/74/67**

frá 28. júlí 2015

um breytingu á II. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 1. mgr. 31. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) 3-bensýlídenkamfóra er sem stendur leyfð til notkunar í snyrtivörur sem útblámasía í styrk allt að 2,0%. Hún er skráð undir tilvísunarnúmeri 19 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

2) Vísindanefndin um öryggi neytenda ([2]) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. júní 2013 að vegna öryggismarka sem eru undir 100 sé notkun 3-bensýlídenkamfóru sem útblámasíu í snyrtivörur í styrk allt að 2,0% ekki talin örugg.

3) Í því skyni að tryggja öryggi sólvarnarvara fyrir heilbrigði manna er nauðsynlegt að fjarlægja 3-bensýlídenkamfóru af skránni yfir útblámasíur, sem eru leyfðar í snyrtivörur, eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

4) Þar eð 3-bensýlídenkamfóra er ekki aðeins þekkt sem útblámasía heldur líka sem útblámagleypir ætti að banna notkun hennar í snyrtivörur.

5) Því ætti að breyta II. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

6) Fresta ætti beitingu þeirrar takmörkunar svo iðnaðurinn fái svigrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á efnasamsetningum. Einkum ætti, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að veita fyrirtækjum 6 mánuði til að koma vörum, sem uppfylla kröfurnar, á markað og til að taka vörur, sem uppfylla ekki kröfurnar, af markaði.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Frá 18. febrúar 2016 skal einungis setja snyrtivörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, á markað og bjóða þær fram á markaði í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 199, 29.7.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB frá 5. ágúst 2008 um að koma á ráðgjafarkerfi vísindanefnda og sérfræðinga á sviði sem varðar öryggi neytenda, lýðheilsu og umhverfismál og um niðurfellingu á ákvörðun 2004/210/EB (Stjtíð. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka bætist eftirfarandi færsla við:

Tilvísunarnúmer	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
„1379	3-bensýlídenkamfóra	15087-24-8	239-139-9“

2) Í VI. viðauka falli færslan sem varðar tilvísunarnúmer 19 brott.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/39/ESB **2015/EES/74/68**

frá 12. mars 2014

um breytingu á tilskipun 2012/9/ESB að því er varðar dagsetningu lögleiðingar hennar og lokadag umbreytingartímabilsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/9/ESB ([2]) kemur í stað I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB og þar er kveðið á um nýjar viðbótarviðvörunarmerkingar sem skal nota á einingarpakka, sem innihalda tóbaksvörur, eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/37/EB.

2) Í tilskipun 2012/9/ESB er dagsetningin 28. mars 2014 fastsett sem eindagi fyrir aðildarríkin til að lögleiða tilskipunina og 28. mars 2016 sem lokadagur umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í 3. gr. þeirrar tilskipunar.

3) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/641/EB ([3]) er komið á reglum um notkun ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda í viðvörunarmerkingum á tóbakspökkum.

4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2005) 1452 frá 26. maí 2005 er komið á fót safni valinna frumskjala sem innihalda ljósmyndir í lit eða annars konar skýringarmyndir fyrir sérhverja viðbótarviðvörunarmerkingu sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB.

5) Eftir að tilskipun 2012/9/ESB var samþykkt hefur framkvæmdastjórnin hrint af stað rannsóknum til að þróa og prófa nýjar ljósmyndir í lit eða annars konar skýringarmyndir fyrir sérhverja viðbótarviðvörunarmerkingu sem er tilgreind í viðaukanum við tilskipun 2012/9/ESB sem kom í stað I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB. Þessum rannsóknum er enn ekki lokið.

6) Aðildarríki sem gera kröfu um viðbótarviðvaranir í formi ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda, eins og um getur í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/37/EB, verða að hafa völdu frumskjölin til ráðstöfunar með nægilegum fyrirvara til að lögleiða tilskipun 2012/9/ESB.

7) Sökum þess hversu flókið ferli það er að uppfæra safn valinna frumskjala og breyta ákvörðun C(2005) 1452 er hætta á að ferlinu verði ekki lokið innan tímaramma sem veitir aðildarríkjunum nægan tíma til að hlíta lögleiðingarfresti tilskipunar 2012/9/ESB.

8) Til að tryggja að aðildarríkin hafi nægan tíma þykir rétt að fresta eindaganum á lögleiðingu tilskipunar 2012/9/ESB og lokadegi umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í þeirri tilskipun.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/37/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2012/9/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað „28. mars 2014“ í 1. mgr. 2. gr. komi „28. mars 2016“.

2) Í stað „28. mars 2016“ í 3. gr. komi „28. mars 2018“.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Stjtíð. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/9/ESB frá 7. mars 2012 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum (Stjtíð. ESB L 69, 8.3.2012, bls. 15).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/641/EB frá 5. september 2003 um notkun ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda í viðvörunarmerkingum á tóbakspökkum (Stjtíð. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 24).

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 376/2014 **2015/EES/74/69**

frá 3. apríl 2014

um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tryggja skal hátt, almennt öryggisstig í almenningsflugi í Evrópusambandinu og allt kapp skal lagt á að fækka slysum og flugatvikum til að tryggja tiltrú almennings á flutningum í lofti.

2) Tíðni banaslysa í almenningsflugi hefur haldist nokkuð jöfn á síðasta áratug. Engu að síður gæti slysatíðni átt eftir að aukast á næstu áratugum vegna aukinnar flugumferðar og sökum þess að tækni loftfara verður sífellt flóknari.

3) Markmiðið með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ([3]) er að koma í veg fyrir slys með því að greiða fyrir skjótri framkvæmd skilvirkra og vandaðra öryggisrannsókna. Þessi reglugerð ætti ekki að trufla ferlið við rannsókn slysa og flugatvika, sem landsbundin yfirvöld öryggisrannsókna stjórna, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 996/2010. Ef slys eða alvarlegt flugatvik ber að höndum fellur tilkynning um atvikið einnig undir reglugerð (ESB) nr. 996/2010.

4) Með gildandi lagagerðum Sambandsins, einkum reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ([4]) og framkvæmdarreglugerðum hennar, er tilteknum fyrirtækjum eða stofnunum lagðar skyldur á herðar um að koma á fót kerfi fyrir tilkynningar um atvik í tengslum við öryggisstjórnunarkerfi sín. Hlítni við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglugerða hennar ætti ekki að undanþiggja fyrirtæki eða stofnanir þeirri skyldu að hlíta ákvæðum þessarar reglugerðar. Að sama skapi ætti hlítni við ákvæði þessarar reglugerðar ekki að undanþiggja fyrirtæki eða stofnanir þeirri skyldu að hlíta ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglugerða hennar. Þetta ætti þó ekki að hafa í för með sér að komið verði á fót tveimur samhliða tilkynningakerfum og ætti að líta svo á að reglugerð (EB) nr. 216/2008, framkvæmdarreglugerðir hennar og þessi reglugerð komi hver annarri til fyllingar.

5) Reynslan hefur leitt í ljós að áður en slys ber að höndum eiga sér oft stað flugatvik og annmarkar sem varða öryggi sem sýnir að öryggi í flugi er ábótavant. Öryggisupplýsingar eru því mikilvægur grunnur að því að greina hugsanlega öryggishættu. Þó svo að það sé mikilvægt að draga lærdóm af slysi hefur það sýnt sig að kerfi, sem byggjast eingöngu á viðbrögðum, komi að takmörkuðum notum þegar kemur að því að stuðla að frekari úrbótum. Til viðbótar við

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 198, 10.7.2013, bls. 73.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 26. febrúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 14. mars 2014.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

viðbragðskerfin ættu því að vera forvarnarkerfi þar sem notaðar eru annars konar öryggisupplýsingar til að gera skilvirkar úrbætur á sviði flugöryggis. Evrópusambandið, aðildarríki þess, Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) og fyrirtæki eða stofnanir ættu að stuðla að bættu flugöryggi með því að innleiða forvarnartengdari og gagnreyndari öryggiskerfi þar sem áhersla er lögð á slysavarnir sem byggist á því að greina allar viðeigandi öryggisupplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um atvik í almenningsflugi.

6) Í því skyni að bæta flugöryggi ætti að tilkynna, safna, geyma, vernda, miðla, dreifa og greina viðeigandi upplýsingar um öryggi í almenningsflugi og grípa til viðeigandi öryggisaðgerða á grundvelli þeirra upplýsinga sem er safnað. Hlutaðeigandi flugöryggisyfirvöld aðildarríkjanna, fyrirtæki eða stofnanir, sem lið í öryggisstjórnunarkerfi sínu, og Flugöryggisstofnunin ættu að nota þessa forvarnartengdu og gagnreyndu nálgun.

7) Þær skyldur sem lagðar eru á fyrirtæki eða stofnanir í tengslum við tilkynningar um atvik ættu að vera í réttu hlutfalli við stærð hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar og umfang starfsemi hennar. Því ætti að vera mögulegt, einkum fyrir minni fyrirtæki eða stofnanir, að ákveða að tengja eða sameina verkefni, sem tengjast meðhöndlun atvika innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar, að deila verkefnum, sem tengjast tilkynningu atvika, með öðrum fyrirtækjum eða stofnunum af sama toga eða að útvista verkefnum til sérhæfðra aðila, sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa samþykkt, sem fela í sér að safna, meta, vinna úr, greina og geyma upplýsingar um atvik. Slíkir aðilar ættu að fara að meginreglunum um verndun og trúnaðarkvöð sem settar eru með þessari reglugerð. Fyrirtækið eða stofnunin, sem útvistar verkefnum, ætti að viðhalda viðeigandi eftirliti með þessum verkefnum og bera endanlega ábyrgð á því að kröfum þessarar reglugerðar sé fylgt.

8) Nauðsynlegt er að tryggja að fagfólk í fremstu röð fluggeirans tilkynni atvik sem skapa umtalsverða áhættu fyrir flugöryggi. Kerfi fyrir valfrjálsar tilkynningar ætti að vera til fyllingar kerfinu fyrir skyldubundnar tilkynningar og skulu bæði kerfin gera einstaklingum kleift að tilkynna atvik sem tengjast öryggi í flugi. Slík kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar og valfrjálsar tilkynningar ættu að vera fyrir hendi innan fyrirtækja eða stofnana, Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Flytja ætti upplýsingar, sem er safnað, til þess yfirvalds sem er lögbært til að annast viðeigandi vöktun í því skyni að auka flugöryggi. Fyrirtæki eða stofnanir ættu að greina þau atvik sem gætu haft áhrif á öryggi í því skyni að auðkenna öryggishættur og grípa til hvers konar viðeigandi aðgerða til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerða. Fyrirtækin eða stofnanirnar ættu að senda lögbæru yfirvaldi í aðildarríki sínu eða Flugöryggisstofnuninni bráðabirgðaniðurstöður úr greiningum sínum og þau ættu einnig að senda þeim lokaniðurstöðurnar ef þessar niðurstöður sýna fram á að flugöryggi sé raunverulega eða hugsanlega í hættu. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum og Flugöryggisstofnunin ættu að innleiða sambærilega málsmeðferð fyrir þau atvik sem voru tilkynnt beint til þeirra og ættu að vakta með fullnægjandi hætti mat fyrirtækisins eða stofnunarinnar og hver konar aðgerðir til úrbóta eða forvarnaraðgerðir sem hún grípur til.

9) Starfsfólk, sem starfar á hinum ýmsu sviðum fluggeirans eða tengist þeim með öðrum hætti, verður vitni að atburðum sem eru mikilvægir í tengslum við slysavarnir. Starfsfólk ætti því að hafa aðgang að búnaði sem gerir því kleift að tilkynna slíka atburði og ætti vernd þeirra að vera tryggð. Til að hvetja starfsfólk til að tilkynna atvik og gera það meðvitaðra um þau jákvæðu áhrif sem tilkynningar um atvik hafa á flugöryggi ætti að upplýsa starfsfólkið reglulega um aðgerðir sem gripið er til innan ramma tilkynningakerfa um atvik.

10) Hættan og áhættan, sem tengjast flóknum, vélknúnum loftförum, eru mjög frábrugðnar þeim sem tengjast öðrum tegundum loftfara. Jafnvel þótt fluggeirinn í heild ætti að falla undir þessa reglugerð ættu skyldurnar, sem eru innleiddar með þessari reglugerð, þó að vera í réttu hlutfalli við starfssvið og margbreytileika hinna mismunandi tegunda loftfara. Til samræmis við það ættu upplýsingar um atvik, sem varða loftfar, annað en flókið, vélknúið loftfar, að falla undir einfaldaða tilkynningarskyldu sem á betur við um þann hluta flugmála.

11) Hvetja ætti til þróunar á öðrum aðferðum við að safna öryggisupplýsingum til viðbótar við kerfin, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, í því skyni að safna frekari upplýsingum sem gætu stuðlað að bættu flugöryggi. Fyrirtæki eða stofnanir, sem hafa nú þegar starfhæft kerfi við söfnun upplýsinga, ættu að fá leyfi til að halda áfram að nota þessi kerfi, samhliða þeim kerfum sem á að innleiða samkvæmt þessari reglugerð.

12) Yfirvöld öryggisrannsóknar og aðilar, sem falið er að setja reglur um öryggi í almenningsflugi innan Sambandsins, ættu að hafa fullan aðgang að upplýsingum um atvik, sem er safnað, og að tilkynningum um atvik, sem hlutaðeigandi aðildarríki geymir, til að ákvarða hvaða flugatvik krefjist öryggisrannsóknar sem og hvenær megi draga lærdóm af reynslu í þágu flugöryggis ásamt því að uppfylla eftirlitsskyldur sínar.

13) Mikilvægt er að gögnin, sem notuð eru, séu vönduð og heildstæð þar eð greiningar og leitni, sem fengnar eru á grunni ónákvæmra gagna, gætu leitt í ljós misvísandi niðurstöður og haft í för með sér að áhersla verði lögð á atriði sem ekki þarf að skoða. Auk þess gætu svona ónákvæm gögn dregið úr tiltrú á upplýsingum sem koma frá tilkynningakerfum um atvik. Til að tryggja gæði tilkynninga um atvik og til að gera þær heildstæðari ættu þær að innihalda tilteknar lágmarksupplýsingar sem geta verið breytilegar eftir flokki atviks. Auk þess ætti að taka upp málsmeðferð til að hafa

eftirlit með gæðum upplýsinganna og til að koma í veg fyrir ósamræmi milli tilkynningar um atvik og upplýsinganna sem var upphaflega safnað um atvikið. Með stuðningi framkvæmdastjórnarinnar ætti enn fremur að semja viðunandi leiðbeiningar, einkum til að tryggja gæði gagnanna og til að gera þau heildstæðari sem og til að tryggja samræmda skráningu gagna í gagnagrunna. Einnig ætti að skipuleggja málstofur, einkum af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, til að veita nauðsynlegan stuðning.

14) Framkvæmdastjórnin ætti að þróa sameiginlegt, evrópskt áhættuflokkunarkerfi til að tryggja að þegar verið er að rannsaka einstök öryggisatvik, sem mikil áhætta fylgir, sé hægt að grípa fljótt til viðeigandi aðgerða. Með þessu kerfi ætti einnig að vera hægt að greina helstu áhættusviðin út frá heildarupplýsingum. Slíkt kerfi ætti að aðstoða viðkomandi aðila við að meta atvik og ákvarða hvað þeir ættu helst að leggja áherslu á. Sameiginlegt, evrópskt áhættuflokkunarkerfi ætti að stuðla að samþættri og samræmdri nálgun við áhættustjórnun innan evrópska flugkerfisins og gera fyrirtækjum eða stofnunum, aðildarríkjum, framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni þannig kleift að beina athygli sinni að því að auka öryggi með samræmdum hætti.

15) Sameiginlegt evrópskt áhættuflokkunarkerfi ætti einnig að gera kleift að auðkenna megináhættusvið innan Sambandsins á grundvelli heildarupplýsinga frá evrópsku sjónarmiði sem og að styðja við þá vinnu sem unnin hefur verið í tengslum við flugöryggisáætlun Evrópu (e. *European Aviation Safety Programme*) og aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu (e. *European Aviation Safety Plan*). Framkvæmdastjórnin skal veita viðeigandi stuðning til að tryggja samræmda og einsleita áhættuflokkun í öllum aðildarríkjunum.

16) Til að einfalda upplýsingaskipti ætti að geyma allar tilkynningar um atvik í gagnagrunnum, sem ættu að samrýmast Evrópsku samræmingarmiðstöðinni fyrir tilkynningararkerfi um flugatvik (ECCAIRS) (hugbúnaður sem er notaður í öllum aðildarríkjunum og fyrir miðlæga, evrópska gagnasafnið til að geyma tilkynningar um atvik) og ADREP-flokkunarfræðinni (flokkunarfræði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem einnig er notuð í tengslum við ECCAIRS-hugbúnaðinn). Flugöryggisstofnunin og framkvæmdastjórnin ættu að veita tækniaðstoð í tengslum við rekstrarsamhæfi kerfanna.

17) Fyrirtæki eða stofnanir ættu að geyma í einum eða fleiri gagnagrunnum tilkynningar um atvik, sem byggjast á upplýsingum um atvik, sem safnað er fyrir tilstuðlan kerfa fyrir skyldubundnar tilkynningar og, ef það á við, kerfa fyrir valfrjálsar tilkynningar. Flækjustig gagnagrunnsins ætti að geta verið í réttu hlutfalli við stærð hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar og/eða mikilvægi hennar í tengslum við markmið þessarar reglugerðar og ætti gagnagrunnurinn a.m.k. að innihalda gagnaskrá sem inniheldur sameiginlega, lögboðna gagnareiti og, eftir atvikum, sérstaka, lögboðna gagnareiti.

18) Tilkynna ætti atvik sem tengist loftfari, sem er skráð í aðildarríki eða starfrækt á vegum fyrirtækis eða stofnunar, sem hefur staðfestu í aðildarríki, jafnvel þótt atvikið eigi sér stað utan yfirráðasvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis.

19) Til að efla greiningu á raunverulegum eða hugsanlegum hættum ætti að skiptast á upplýsingum um atvik innan Sambandsins. Þessi upplýsingaskipti ættu einnig að gera aðildarríkjum kleift að fá aðgang að öllum upplýsingum um atvik sem eiga sér stað á yfirráðasvæði þeirra eða innan loftrýmis þeirra en eru tilkynnt til annars aðildarríkis. Þetta ætti einnig að gera Flugöryggisstofnuninni kleift að fá nákvæmar upplýsingar um atvik og aðgang að öllum tilkynningum um atvik, sem lagðar hafa verið fram innan Sambandsins, til þess að grípa til aðgerða til úrbóta, ef nauðsyn krefur, og til að sporna gegn áhættu sem greinist innan Sambandsins. Þessi upplýsingaskipti ættu að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum kleift að fá nákvæmar upplýsingar um atvik, sem eiga sér stað innan þeirra loftrýmis, og, ef nauðsyn krefur, að grípa til aðgerða til úrbóta til að sporna gegn áhættu sem greinist á þeirra yfirráðasvæði.

20) Markmiðið með þessum upplýsingaskiptum um atvik ætti að vera að koma í veg fyrir flugslys og flugatvik. Upplýsingarnar ætti hvorki að nota til að skipta sök eða ábyrgð né heldur til að ákvarða viðmiðun um öryggisframmistöðu.

21) Skilvirkasta leiðin til að tryggja skipti á miklu magni upplýsinga um öryggismál milli aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunarinnar er að nota miðlæga, evrópska gagnasafnið, að því tilskildu að aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin hafi fullan aðgang að því.

22) Allar öryggistengdar upplýsingar, sem fengnar eru úr tilkynningum um atvik, sem safnað er í Sambandinu, ætti að flytja tímanlega í miðlæga, evrópska gagnasafnið. Þetta ætti að fela í sér söfnun upplýsinga um flugatvik en einnig upplýsingar um slys og alvarleg flugatvik sem hafa verið rannsökuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 996/2010.

23) Þessi reglugerð ætti að gilda um upplýsingar um atvik, sem geymdar eru í gagnagrunnum hjá fyrirtækjum eða stofnunum, aðildarríkjum eða Flugöryggisstofnuninni.

24) Allar öryggistengdar upplýsingar, sem geymdar eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu, ættu að vera aðgengilegar aðilum, sem falið er að setja reglur um öryggi í almenningsflugi í Sambandinu, þ.m.t. Flugöryggisstofnuninni, og yfirvöldum sem bera ábyrgð á því að rannsaka slys og flugatvik í Sambandinu.

25) Hagsmunaaðilar ættu að geta óskað eftir aðgangi að tilteknum upplýsingum, sem geymdar eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu, sbr. þó reglurnar um trúnað varðandi slíkar upplýsingar og nafnleynd hlutaðeigandi einstaklinga.

26) Þar sem tengiliðir ríkja vita best hvaða hagsmunaaðilar hafa staðfestu í tilteknu aðildarríki ætti tengiliður hvers ríkis að meðhöndla beiðnir frá hagsmunaaðilum með staðfestu á yfirráðasvæði eigin aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin ætti að meðhöndla beiðnir hagsmunaaðila frá þriðju löndum eða alþjóðastofnunum.

27) Upplýsingar, sem koma fram í tilkynningum um atvik, skulu greindar og öryggisáhættur auðkenndar. Þar af leiðandi ætti að tilgreina og framkvæma tímanlega hvers konar viðeigandi aðgerð til að bæta flugöryggi. Miðla ætti upplýsingum um greiningu á atvikum og eftirfylgni með þeim til fyrirtækja eða stofnana, lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum og Flugöryggisstofnunarinnar þar sem endurgjöf um tilkynnt atvik hvetur einstaklinga til að tilkynna atvik. Þar sem við á og þegar því verður við komið ætti einnig að láta einstaklingum, sem hafa tilkynnt atvik beint til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum eða til Flugöryggisstofnunarinnar, í té upplýsingar um greiningu atvika og eftirfylgni með þeim. Við slíka endurgjöf ætti að fylgja reglum þessarar reglugerðar um trúnaðarkvöð og vernd tilkynnanda sem og þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik.

28) Markmiðið með þessari reglugerð ætti að vera að aðstoða aðildarríki, Flugöryggisstofnunina sem og fyrirtæki eða stofnanir við að stýra áhættu sem tengist flugöryggi. Öryggisstjórnunarkerfi aðildarríkja og Flugöryggisstofnunarinnar koma til viðbótar við öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja eða stofnana. Á meðan fyrirtæki eða stofnanir sjá um að stýra öryggisáhættu, sem tengist sértækri starfsemi þeirra, sjá lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunin um að stjórna öryggisáhættu, sem tengist flugkerfum allra aðildarríkjanna annars vegar og Sambandsins í heild hins vegar, og takast á við sameiginlega öryggisáhættu fyrir flug í hlutaðeigandi aðildarríki eða á vettvangi Sambandsins. Ábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna ætti ekki að leysa fyrirtæki eða stofnanir undan beinni ábyrgð þeirra að því er varðar stjórnun öryggis í tengslum við þær vörur og þá þjónustu sem þær veita. Í því skyni ættu fyrirtæki eða stofnanir að safna og greina upplýsingar um atvik til að auðkenna og draga úr hættum sem tengjast starfsemi þeirra. Þau ættu einnig að meta tilheyrandi öryggisáhættu og láta í té úrræði til að unnt sé að grípa til tafarlausra og viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu. Viðeigandi lögbært yfirvald ætti að vakta heildarferlið og, ef nauðsyn krefur, að krefjast þess að gripið sé til viðbótaraðgerða til að tryggja að ráðin sé bót á annmörkum í öryggismálum með viðeigandi hætti. Á hinn bóginn ættu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunin að bæta við öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja eða stofnana á vettvangi aðildarríkjanna annars vegar og á evrópskum vettvangi hins vegar.

29) Þegar aðildarríki ákveða hvaða aðgerðir eigi að vera innan flugöryggisáætlunar og aðgerðaáætlunar þeirra um flugöryggi ættu þau að nota upplýsingarnar úr tilkynningum um atvik, sem safnað hefur verið, og greiningu þeirra til að tryggja að aðgerðin sé gagnreynd. Á evrópskum vettvangi kemur flugöryggisáætlun Evrópu og aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu til fyllingar flugöryggisáætlunum ríkja og aðgerðaáætlunum ríkja um flugöryggi.

30) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum um úrbætur á sviði flugöryggis, þar sem tilkynningakerfin, sem aðildarríkin reka hvert fyrir sig, eru ekki eins skilvirk og samræmt net fyrir upplýsingaskipti, sem gerir kleift að greina möguleg öryggisvandamál og helstu áhættusviðin á vettvangi Sambandsins, ætti greining og eftirfylgni með þeim á vettvangi Sambandsins að koma til fyllingar greiningu og eftirfylgni með þeim á landsvísu til að tryggja betri forvarnir gegn flugslysum og flugatvikum. Hópur greinenda á sviði flugöryggismála ætti að annast þetta verkefni á vettvangi Sambandsins í samstarfi við Flugöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina. Það ætti að vera mögulegt fyrir þennan hóp að ákveða, með samhljóða samþykki, að bjóða áheyrnarfulltrúum á fundi sína, þ.m.t starfsmönnum eða fulltrúum úr flugiðnaðinum.

31) Flugöryggisáætlun Evrópu og aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu ættu einkum að njóta góðs af störfum hóps greinenda á sviði flugöryggismála í þeim tilgangi að ákvarða, út frá gagnreyndu sjónarhorni, hvaða aðgerðum þyrfti að hrinda í framkvæmd á vettvangi Sambandsins.

32) Almenningur ætti að fá almennar heildarupplýsingar um stöðu flugöryggis í aðildarríkjunum og Sambandinu. Þessar upplýsingar ættu einkum að taka til leitni og greiningar, sem eiga rætur sínar að rekja til framkvæmdar aðildarríkjanna á þessari reglugerð, sem og til samantekinna upplýsinga um innihald miðlæga, evrópska gagnasafnsins og heimilt er að veita þessar upplýsingar með því að birta frammistöðuvísa öryggis (SPI).

33) Öryggiskerfi í almenningsflugi er komið á fót á grundvelli endurgjafar um slys og flugatvik og lærdóms sem draga má af þeim. Tilkynning um atvik og notkun upplýsinga um atvik til að auka öryggi er háð því að traust samband ríki á milli tilkynnanda og aðilans sem sér um að safna upplýsingum og meta þær. Þetta krefst þess að beitt sé ströngum reglum um trúnaðarkvöð. Tilgangur þess að vernda öryggisupplýsingar gegn óviðeigandi notkun og að takmarka aðgang að miðlæga, evrópska gagnasafninu eingöngu við hagsmunaaðila, sem taka þátt í að bæta öryggi í almenningsflugi, er að tryggja áframhaldandi aðgengi að öryggisupplýsingum þannig að hægt sé að grípa tímanlega til viðeigandi fyrirbyggjandi aðgerða og auka öryggi í flugi. Í þessu samhengi ætti að vernda viðkvæmar öryggisupplýsingar á viðeigandi hátt og tryggja ætti söfnun þeirra með því að ábyrgjast að farið verði með þær sem trúnaðarmál, að ekki verði gefið upp hvaðan þær koma og með því að vinna trúnaðartraust starfsfólks sem starfar innan almenningsflugs við tilkynningakerfi um atvik. Grípa ætti til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að farið verði með upplýsingar, sem hefur verið safnað fyrir tilstuðlan tilkynningakerfa um atvik, sem trúnaðarmál og að aðgangur að miðlæga, evrópska gagnasafninu verði takmarkaður. Í landsreglum um upplýsingafrelsi ætti að taka tillit til nauðsynlegs trúnaðar í tengslum við slíkar upplýsingar. Upplýsingar, sem hefur verið safnað, ættu að njóta fullnægjandi verndar gegn óleyfilegri notkun eða birtingu. Upplýsingarnar ætti aðeins að nota til að viðhalda eða bæta flugöryggi og ekki til að skipta sök eða ábyrgð.

34) Til að vinna trúnaðartraust launafólks eða samningsbundinna starfsmanna, sem starfa innan fyrirtækis eða stofnunar við tilkynningakerfi um atvik, ætti að vernda upplýsingarnar, sem fram koma í tilkynningum um atvik, á viðeigandi hátt og ekki ætti að nota þær í öðrum tilgangi en þeim að viðhalda eða bæta flugöryggi. Innri reglur fyrirtækja eða stofanana um sanngirnismenningu, sem samþykktar hafa verið í samræmi við þessa reglugerð, ættu einkum að stuðla að því að þetta markmið náist. Þar að auki gæti skilvirk leið til að ná þessu markmiði verið að takmarka sendingar persónulegra upplýsinga eða upplýsinga, sem gera kleift að auðkenna tilkynnandann eða aðra einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, með því að viðhalda skýrum aðskilnaði milli deilda, sem annast tilkynningar um atvik, og annarra hluta fyrirtækisins eða stofnunarinnar.

35) Vernda ætti tilkynnanda eða einstakling, sem tilgreindur er í tilkynningum um atvik, með fullnægjandi hætti. Í þessu samhengi ætti að gera gögn um tilkynningar um atvik órekjanlegar og ekki ætti að færa í gagnagrunna upplýsingar sem varða deili á tilkynnanda eða einstaklingi sem tilgreint er í tilkynningum um atvik.

36) Auk þess ætti almenningsflugkerfið að stuðla að öryggismenningu sem greiðir fyrir tafarlausri tilkynningu atvika og eflir þar með meginregluna um sanngirnismenningu. Sanngirnismenningin er þýðingarmikill hluti af víðtækari öryggismenningu sem skapar grunn að traustu öryggisstjórnunarkerfi. Innan umhverfis, þar sem tekið er tillit til meginreglna um öryggismenningu, ætti ekki að koma í veg fyrir að gripið sé til aðgerða, ef nauðsyn krefur, til að viðhalda eða gera úrbætur á flugöryggi.

37) Sanngirnismenning ætti að hvetja til þess að einstaklingar tilkynni öryggistengdar upplýsingar. Hún ætti þó ekki að leysa einstaklinga undan hefðbundnum skyldum sínum. Launafólk og samningsbundið starfsfólk ætti í þessu samhengi ekki að sæta neinum viðurlögum á grundvelli upplýsinga, sem veittar eru í samræmi við þessa reglugerð, nema um sé að ræða vísvitandi misgerð eða greinilega, grófa og alvarlega vanrækslu í tengslum við augljósa áhættu og algera vanrækslu varðandi þá faglegu ábyrgð að grípa ekki til aðgerða sem augljóslega er þörf á við aðstæður sem valda einstaklingum eða eignum fyrirsjáanlegum skaða eða stofnar flugöryggi í alvarlega hættu.

38) Til að stuðla að því að atvik séu tilkynnt er við hæfi að vernda bæði tilkynnendurna og einstaklingana sem tilgreindir eru í hlutaðeigandi tilkynningu um atvik. Slík vernd ætti þó ekki að leysa þessa einstaklinga undan tilkynningarskyldu sinni samkvæmt þessari reglugerð. Þegar einstaklingur er tilgreindur í tilkynningu um atvik og honum ber sjálfum skylda til að tilkynna þetta sama atvik en hefur viljandi látið það ógert, ætti þessi sami einstaklingur ekki lengur að njóta verndar og skal hann hljóta refsingu í samræmi við þessa reglugerð.

39) Með fyrirvara um landsbundinn refsirétt og tilhlýðilega réttarvörslu er mikilvægt að afmarka með skýrum hætti umfang verndarinnar, sem tilkynnendur og aðrir einstaklingar, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, njóta gegn viðurlögum eða saksókn.

40) Til að auka tiltrú einstaklinga á kerfið ætti að skipuleggja meðhöndlun tilkynninga um atvik þannig að nafni tilkynnanda sé haldið leyndu sem og annarra einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, í því skyni að stuðla að sanngirnismenningu. Ef því verður við komið ætti markmiðið með þessu að gera kleift að koma á fót óháðu viðbragðskerfi fyrir atvik.

41) Starfsfólk fyrirtækja eða stofnana, lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunarinnar, sem taka þátt í að meta, vinna úr eða greina atvik, gegna mikilvægu hlutverki við að auðkenna öryggishættur og annmarka í öryggismálum. Reynslan sýnir að þegar atvik eru greind í kjölfar slyss, með því að nota sér það að vera vitur eftir á, leiðir greiningin til þess að áhætta og annmarkar eru auðkennd sem hefðu mögulega ekki annars verið auðkennd. Því er mögulegt að einstaklingar, sem taka þátt í að meta, vinna úr eða greina atvik, gætu óttast mögulegar afleiðingar með tilliti til þess að vera sóttir til saka fyrir dómi. Með fyrirvara um landsbundinn refsirétt og tilhlýðilega réttarvörslu ættu aðildarríkin ekki að höfða dómsmál gegn einstaklingum, sem taka þátt í að meta, vinna úr eða greina atvik, fyrir hönd lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum, að því er varðar ákvarðanir, sem þeir taka við skyldustörf sín, og sem, eftir á að hyggja, reyndust vera rangar eða óskilvirkar en á þeim tíma sem þær voru teknar og á grundvelli þeirra upplýsinga sem lágu fyrir á þeim tíma voru þær viðeigandi og í réttu hlutfalli við aðstæður.

42) Launafólk og samningsbundið starfsfólk ætti að hafa möguleika á því að tilkynna brot á meginreglum, sem afmarka vernd þeirra í samræmi við þessa reglugerð, og ætti ekki að refsa því fyrir slíkt. Aðildarríki ættu að ákvarða afleiðingar þeirra sem brjóta meginregluna um vernd tilkynnanda og annarra einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, og ættu þau að samþykkja úrræði eða beita viðeigandi viðurlögum.

43) Óttinn við að koma sök á sjálfan sig og mögulegar afleiðingar þess, með tilliti til saksóknar fyrir dómi, gæti fælt einstaklinga frá því að tilkynna atvik. Unnt er að ná markmiðum þessarar reglugerðar án þess að hafa óþarflega mikil afskipti af réttarkerfi aðildarríkjanna. Því er við hæfi að kveða á um að brot á lögum af óyfirlögðu ráði eða fyrir slysni, sem yfirvöld aðildarríkjanna fá einungis vitneskju um fyrir tilstuðlan tilkynningar samkvæmt þessari reglugerð, ættu ekki að leiða til agamála, stjórnsýslumála eða dómsmála, nema kveðið sé á um annað í viðeigandi refsirétti hvers ríkis. Réttindi þriðju aðila til að höfða einkamál ættu þó ekki að falla undir þetta bann og ættu einungis að falla undir landslög.

44) Engu að síður ættu aðildarríki, í tengslum við þróun „sanngirnismenningar“, að halda þeim möguleika opnum að víkka út bannið um að nota tilkynningar um atvik sem sönnunargögn gegn tilkynnendum í tengslum við stjórnsýslumál og agamál þannig að það nái einnig yfir einkamál eða refsimál.

45) Auk þess ætti að efla samstarf milli öryggis- og dómsyfirvalda og það gert formlegt með fyrirframákveðnu fyrirkomulagi þeirra á milli sem ætti að virða jafnvægið á milli hinna ýmsu hagsmuna almennings, sem eru í húfi, og sem ætti einkum að taka til aðgangs að og notkunar á tilkynningum um atvik sem finna má í landsbundnum gagnagrunnum.

46) Til að styðja við aukna ábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar, samkvæmt þessari reglugerð, ætti hún að fá nægileg úrræði til að henni sé kleift að inna af hendi þau viðbótarverkefni sem henni eru falin.

47) Framkvæmdastjórninni skal falið umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að bæta við þessa reglugerð eða breyta henni. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

48) Við beitingu þessarar reglugerðar ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð við Flugöryggisstofnunina og hóp greinenda á sviði flugöryggismála sem um getur í reglugerðinni.

49) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvaldið. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([5]).

50) Við beitingu þessarar reglugerðar ætti að virða að fullu reglurnar um gagnavinnslu og vernd einstaklinga, eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([6]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([7]). Við beitingu þessarar reglugerðar ætti að virða að fullu reglurnar um aðgang að gögnum, eins og

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 ([8]), nema hvað varðar miðlun gagna og upplýsinga, sem finna má í miðlæga, evrópska gagnasafninu, sem njóta verndar samkvæmt strangari reglum um aðgang, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

51) Það ætti einkum að beita viðurlögum gegn einstaklingi eða aðila, sem brýtur í bága við þessa reglugerð þegar hann misnotar upplýsingar, sem reglugerðin verndar, þegar hann kemur fram með þeim hætti að það skaðar tilkynnanda eða aðra einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, að undanskildum tilvikum þar sem undanþágur, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, gilda, þegar hann skapar ekki umhverfi, sem gerir kleift að safna upplýsingum um atvik, þegar hann greinir ekki upplýsingarnar, sem hefur verið safnað, þegar hann gerir ekki úrbætur á annmörkum í öryggismálum eða mögulegum annmörkum í öryggismálum, sem koma í ljós, eða þegar hann deilir ekki upplýsingum, sem hefur verið safnað, við beitingu þessarar reglugerðar.

52) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að setja sameiginlegar reglur um tilkynningu atvika í almenningsflugi, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa reglugerðarinnar innan Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

53) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 996/2010 til samræmis við það.

54) Því ætti að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB ([9]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 ([10]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 ([11]) úr gildi.

55) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún áliti 10. apríl 2013 ([12]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að bæta öryggi í flugi með því að tryggja tilkynningu, söfnun, geymslu, verndun, skipti á, miðlun og greiningu viðeigandi öryggisupplýsinga um almenningsflug.

Þessi reglugerð tryggir:

a) að gripið sé tímanlega til öryggisaðgerða, eftir því sem við á, á grundvelli greiningar á upplýsingum sem hefur verið safnað,

b) að áfram sé aðgengi að öryggisupplýsingum með því að innleiða reglur um trúnaðarkvöð og viðeigandi notkun upplýsinga og með samræmdri og aukinni vernd fyrir tilkynnendur og einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, og

c) að áhætta í tengslum við flugöryggi sé tekin til athugunar og að fjallað sé um hana á vettvangi Sambandsins sem og á landsvísu.

2. Meginmarkmiðið með því að tilkynna atvik er að koma í veg fyrir slys og flugatvik, ekki að skipta sök eða ábyrgð.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).
([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um tilkynningu atvika í almenningsflugi (Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23).
([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 frá 12. nóvember 2007 um reglur um framkvæmd skráningar upplýsinga um atvik í almenningsflugi, sem skipst er á í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB, í miðlægt gagnasafn (Stjtíð. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 3).
([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 frá 24. september 2007 um reglur um framkvæmd miðlunar upplýsinga til hagsmunaaðila um atvik í almenningsflugi sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB (Stjtíð. ESB L 295, 14.11.2007, bls. 7).
([12]) Stjtíð. ESB C 358, 7.12.2013, bls. 19.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „tilkynnandi“: einstaklingur sem tilkynnir atvik eða aðrar öryggistengdar upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð,

2) „loftfar“: hvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar,

3) „flugatvik“: flugatvik í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 996/2010,

4) „alvarlegt flugatvik“: alvarlegt flugatvik í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 996/2010,

5) „slys“: slys í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 996/2010,

6) „órekjanlegar upplýsingar“: upplýsingar sem koma úr tilkynningum um atvik þar sem allar persónuupplýsingar hafa verið fjarlægðar, s.s. nöfn eða heimilisföng einstaklinga,

7) „atvik“: atburður sem tengist öryggi, einkum slys eða alvarlegt flugatvik, sem stofnar eða, ef ekki er gripið til aðgerða eða gerðar úrbætur, gæti stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu,

8) „fyrirtæki eða stofnun“: hvers konar fyrirtæki eða stofnun sem afhendir framleiðsluvörur fyrir loftför og/eða sem ræður til sín, semur við eða notar þjónustu einstaklinga sem ber skylda til að tilkynna atvik í samræmi við 6. mgr. 4. gr.,

9) „nafnleynd“: það að fjarlægja úr tilkynningum um atvik allar persónulegar upplýsingar, sem varða tilkynnandann og einstaklingana, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, sem og upplýsingar, þ.m.t. heiti fyrirtækisins/fyrirtækjanna eða stofnunarinnar/stofnananna, sem tengjast atvikinu, sem gætu afhjúpað deili á tilkynnanda eða þriðja aðila eða haft í för með sé að rekja megi þær upplýsingar út frá tilkynningunni um atvik,

10) „hætta“: aðstæður eða hlutur, sem getur mögulega valdið dauða eða áverkum, skemmdum á búnaði eða mannvirki, efnistapi eða skerðingu á getu til að sinna því verki sem mælt er fyrir um,

11) „yfirvald öryggisrannsóknar“: varanlegt, landsbundið yfirvald öryggisrannsóknar á sviði almenningsflugs sem annast eða hefur umsjón með öryggisrannsóknum eins og um getur í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010,

12) „sanngirnismenning“: menning þar sem aðilum í framvarðarlínu rekstrar eða öðrum er ekki refsað fyrir athafnir, yfirsjónir eða ákvarðanir, sem þeir hafa tekið og samrýmast reynslu þeirra og þjálfun, en þar sem vítavert gáleysi, brot af ásetningi og skaðlegar athafnir eru ekki liðin,

13) „tengiliður“:

   a) þegar hagsmunaaðili, sem hefur staðfestu í aðildarríki, óskar eftir upplýsingum: lögbært yfirvald sem hvert yfirvald tilnefnir í samræmi við 3. mgr. 6. gr.,

   b) þegar hagsmunaaðili, sem hefur staðfestu utan Sambandsins, óskar eftir upplýsingum: framkvæmdastjórnin,

14) „hagsmunaaðili“: einstaklingur eða lögaðili eða opinber aðili, hvort sem hann hefur réttarstöðu lögaðila eða ekki, sem er í aðstöðu til að taka þátt í að bæta öryggi í flugi með því að hafa aðgang að upplýsingum um atvik, sem aðildarríkin skiptast á, og sem fellur undir einn af þeim flokkum hagsmunaaðila sem taldir eru upp í II. viðauka,

15) „flugöryggisáætlun ríkis“: samþættur bálkur lagagerninga og aðgerða sem miða að því að stjórna öryggi í almenningsflugi í aðildarríki,

16) „aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu“: mat á öryggismálum og tilheyrandi aðgerðaáætlun í Evrópu,

17) „flugöryggisáætlun Evrópu“: samþættur bálkur reglna á vettvangi Sambandsins ásamt aðgerðum og ferlum sem notuð eru fyrir sameiginlega stjórnun á öryggi í almenningsflugi í Evrópu,

18) „öryggisstjórnunarkerfi“: kerfisbundin nálgun til að stjórna flugöryggi, þ.m.t. nauðsynlegt stjórnskipulag, ábyrgðarskylda, stefnumál og verklagsreglur, sem tekur til hvers konar stjórnunarkerfis sem annast stjórnun öryggis, eitt og sér eða sem hluti af öðrum stjórnunarkerfum fyrirtækis eða stofnunar.

3. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur:

a) um tilkynningu atvika, sem stofna eða, ef ekki er gripið til aðgerða eða gerðar úrbætur, gætu stofnað í hættu loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum, tækjabúnaði eða uppsettum búnaði, sem hefur áhrif á starfrækslu loftfars, og tilkynning annarra viðeigandi öryggistengdra upplýsinga í þessu samhengi,

b) um greiningu og framhaldsaðgerðir að því er varðar tilkynnt atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar,

c) um vernd flugmálasérfræðinga,

d) um viðeigandi notkun öryggisupplýsinga sem hefur verið safnað,

e) um skráningu upplýsinga í miðlæga, evrópska gagnasafnið og

f) um miðlun nafnlausra upplýsinga til hagsmunaaðila í þeim tilgangi að láta slíkum aðilum í té upplýsingarnar, sem þeir þurfa á að halda, til að auka flugöryggi.

2. Þessi reglugerð gildir um atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar þar sem almenningsloftför eiga í hlut, þó ekki loftförin sem um getur í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Aðildarríki geta ákveðið að þessi reglugerð gildi einnig um atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar þar sem loftförin, sem um getur í II. viðauka við þá reglugerð, eiga í hlut.

4. gr.

Tilkynningarskylda

1. Atvik, sem gætu stofnað flugöryggi í umtalsverða áhættu og sem falla undir eftirfarandi flokka, skulu tilkynnt af aðilunum, sem tilgreindir eru í 6. mgr., með því að nota kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar atvika samkvæmt þessari grein:

a) atvik sem tengjast starfrækslu loftfarsins, t.d.:

   i. atvik sem tengjast árekstri,

   ii. atvik sem tengjast flugtaki og lendingu,

   iii. atvik sem tengjast eldsneyti,

   iv. atvik meðan á flugi stendur,

   v. atvik sem tengjast fjarskiptum,

   vi. atvik sem tengjast áverkum, neyðarástandi og öðrum hættulegum aðstæðum,

   vii. atvik sem tengjast óstarfhæfni áhafnar og önnur atvik sem tengjast áhöfninni,

   viii. atvik sem tengjast veðurskilyrðum eða flugvernd,

b) atvik sem tengjast tæknilegum skilyrðum, viðhaldi og viðgerðum á loftförum, t.d.:

   i. gallar á burðarvirki,

   ii. kerfistengdar bilanir,

   iii. vandamál varðandi viðhald og viðgerðir,

   iv. vandamál varðandi knúningsafl (þ.m.t. hreyflar, loftskrúfur og þyrilkerfi) og vandamál varðandi aukaaflsstöðvar (APU),

c) atvik sem tengjast flugleiðsöguþjónustu og -virkjum, t.d.:

   i. árekstrar, árekstrarhætta eða hugsanleg árekstrarhætta,

   ii. sérstök atvik varðandi rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu (ATM/ANS),

   iii. atvik sem tengjast rekstri rekstrarstjórnunar flugumferðar eða flugleiðsöguþjónustu,

d) atvik sem tengjast flugvöllum og þjónustu á jörðu niðri, t.d.:

i. atvik sem tengjast starfsemi og aðstöðu á flugvöllum,

ii. atvik sem tengjast farþega-, farangurs-, póst- og farmafgreiðslu,

iii. atvik sem tengjast afgreiðslu loftfars á jörðu niðri og tilheyrandi þjónustu.

2. Hvert fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki, skal koma á kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar til að auðvelda söfnun upplýsinga um atvikin sem um getur í 1. mgr.

3. Hvert aðildarríki skal koma á kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar til að auðvelda söfnun upplýsinga um atvik, þ.m.t. söfnun upplýsinga um atvik sem fyrirtæki eða stofnanir hafa safnað í samræmi við 2. mgr.

4. Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunin“) skal koma á kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar til að auðvelda söfnun upplýsinga um atvik, þ.m.t. söfnun upplýsinga um atvik, sem fyrirtæki eða stofnanir, sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað eða samþykkt, hafa safnað í samræmi við 2. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með hjálp framkvæmdargerða, skrá þar sem atvik eru flokkuð og sem vísa á til þegar atvik eru tilkynnt skv. 1. mgr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fella inn í framkvæmdargerðirnar sérstaka skrá þar sem flokkuð eru atvik sem eiga við um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför. Skráin skal vera einfölduð útgáfa af skránni, sem um getur í fyrstu undirgreininni, og skal, eftir því sem við á, aðlöguð að séreinkennum þessa hluta flugmála.

6. Eftirfarandi einstaklingar skulu tilkynna atvikin, sem um getur í 1. mgr., með því að nota kerfið sem fyrirtækið eða stofnunin, sem ræður til sín, gerir samning við eða nýtir sér þjónustu tilkynnanda, hefur komið á í samræmi við 2. mgr., eða, ef þetta á ekki við, með því að nota kerfið, sem aðildarríkið þar sem fyrirtækið hefur staðfestu hefur komið á í samræmi við 3. mgr., eða sem ríkið, sem gaf út, fullgilti eða breytti skírteini flugmannsins, hefur komið á fót eða með því að nota kerfið sem Flugöryggisstofnunin hefur komið á í samræmi við 4. mgr.:

a) flugstjóri eða, í þeim tilvikum þar sem flugstjóri getur ekki tilkynnt atvikið, einhver annar flugverji, sem er næstráðandi um borð í loftfari, sem er skráð í aðildarríki, eða í loftfari, sem er skráð utan Sambandsins en notað af flugrekanda, enda tryggi aðildarríki að eftirlit sé haft með rekstrinum, eða af flugrekanda, sem hefur staðfestu í Sambandinu,

b) einstaklingur sem undir eftirliti aðildarríkis eða Flugöryggisstofnunarinnar er ráðinn til að hanna, framleiða, vakta áframhaldandi lofthæfi, viðhalda eða breyta loftfari eða tækjabúnaði eða einhverjum hluta þess,

c) einstaklingur sem undir eftirliti aðildarríkis eða Flugöryggisstofnunarinnar skrifar undir lofthæfistaðfestingarvottorð eða afhendingarvottorð fyrir loftfar eða tækjabúnað eða einhvern hluta þess,

d) einstaklingur sem sinnir starfi þar sem þess er krafist að viðkomandi sé viðurkenndur af aðildarríki sem starfsmaður hjá veitanda flugumferðarþjónustu, sem er falið að bera ábyrgð á málum er varða flugleiðsöguþjónustu, eða starfsmaður flugupplýsingaþjónustu,

e) einstaklingur sem sinnir starfi sem tengist öryggisstjórnun flugvallar sem fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 ([13]),

f) einstaklingur sem sinnir starfi, sem tengist uppsetningu, breytingu, viðhaldi, viðgerð, grannskoðun, flugeftirliti eða skoðun flugleiðsöguvirkja sem aðildarríki ábyrgist umsjón með,

g) einstaklingur sem sinnir starfi, sem tengist afgreiðslu loftfars á jörðu niðri, þ.m.t. eldsneytisáfyllingu, undirbúningi hleðsluskrár, hleðslu, afísun og drætti loftfars á flugvelli sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 1008/2008.

7. Einstaklingarnir, sem tilgreindir eru í 6. mgr., skulu tilkynna atvik innan 72 klukkustunda eftir að þeir verða varir við atvikið, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

8. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki og sem fellur ekki undir 9. mgr., skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundir eftir að vitneskja hefur fengist um atvikið, greina lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki, eins og um getur í 3. mgr. 6. gr., frá upplýsingum um atvikið sem hefur verið safnað í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

9. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki og sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað eða samþykkt, skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að vitneskja hefur fengist um atvik, greina Flugöryggisstofnuninni frá upplýsingum um atvik sem hefur verið safnað í samræmi við 2. mgr.

5. gr.

Valfrjáls tilkynning

1. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki, skal koma á kerfi fyrir valfrjálsar tilkynningar til að auðvelda söfnun:

a) upplýsinga um atvik sem kerfið fyrir skyldubundnar tilkynningar fangar mögulega ekki,

b) annarra öryggistengdra upplýsinga sem tilkynnandi álítur að stofni flugöryggi raunverulega eða hugsanlega í hættu.

2. Hvert aðildarríki skal koma á kerfi fyrir valfrjálsar tilkynningar til að auðvelda söfnun:

a) upplýsinga um atvik sem kerfið fyrir skyldubundnar tilkynningar fangar mögulega ekki,

b) annarra öryggistengdra upplýsinga sem tilkynnandi álítur að stofni flugöryggi raunverulega eða hugsanlega í hættu.

Þetta kerfi skal einnig fela í sér, en þó ekki eingöngu, söfnun upplýsinga sem fyrirtæki eða stofnanir koma til skila skv. 6. mgr.

3. Flugöryggisstofnunin skal koma á kerfi fyrir valfrjálsar tilkynningar til að auðvelda söfnun:

a) upplýsinga um atvik sem kerfið fyrir skyldubundnar tilkynningar fangar mögulega ekki,

b) annarra öryggistengdra upplýsinga sem tilkynnandi álítur að stofni flugöryggi raunverulega eða hugsanlega í hættu.

Þetta kerfi skal einnig fela í sér, en þó ekki eingöngu, söfnun upplýsinga sem fyrirtæki eða stofnanir, sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað eða samþykkt, koma til skila skv. 5. mgr.

4. Nota skal kerfið fyrir valfrjálsar tilkynningar til að auðvelda söfnun upplýsinga um atvik og öryggistengdar upplýsingar sem:

a) ekki er skylt að tilkynna um skv. 1. mgr. 4. gr.,

b) einstaklingar, sem eru ekki skráðir í 6. mgr. 4. gr., tilkynna.

5. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki og sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað eða samþykkt, skal greina Flugöryggisstofnuninni tímanlega frá upplýsingum um atvik og öryggistengdum upplýsingum sem hefur verið safnað skv. 1. mgr. og sem geta falið í sér raunverulega eða hugsanlega áhættu fyrir flugöryggi.

6. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki og sem Flugöryggisstofnunin hefur ekki vottað eða samþykkt, skal greina lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis, sem tilnefnt er skv. 3. mgr. 6. gr., tímanlega frá upplýsingum um atvik og öðrum öryggistengdum upplýsingum, sem hefur verið safnað skv. 1. mgr. þessarar greinar og sem geta falið í sér raunverulega eða hugsanlega áhættu fyrir flugöryggi. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að öll fyrirtæki eða stofnanir, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, greini frá upplýsingum um öll atvik sem hefur verið safnað skv. 1. mgr. þessarar greinar.

7. Aðildarríkin, Flugöryggisstofnunin og fyrirtæki eða stofnanir geta komið á öðrum kerfum fyrir söfnun og vinnslu upplýsinga um öryggi í því skyni að safna upplýsingum um atvik sem tilkynningakerfin, sem um getur í 4. gr. og í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, fanga mögulega ekki. Þessi kerfi geta innihaldið tilkynningar til annarra eininga en þeirra sem tilgreindar eru í 3. mgr. 6. gr. og geta falið í sér virka þátttöku:

a) flugiðnaðarins,

b) fagfélaga fyrir flugmálastarfsfólk.

8. Upplýsingar, sem berast fyrir tilstuðlan valfrjálsra tilkynninga og skyldubundinna tilkynninga, má færa í sama kerfið.

6. gr.

Söfnun og geymsla upplýsinga

1. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki, skal tilnefna einn eða fleiri einstaklinga til að vinna sjálfstætt að því að safna, meta, vinna út, greina og geyma upplýsingar um atvik sem tilkynnt eru skv. 4. og 5. gr.

Í því skyni að stuðla að „sanngirnismenningu“ skulu tilkynningar meðhöndlaðar þannig að komið verði í veg fyrir að þær verði notaðar í öðrum tilgangi en að viðhalda öryggi og að nafnleynd tilkynnanda og þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik verði tryggð með viðeigandi hætti.

2. Lögbær yfirvöld geta, samkvæmt samkomulagi við lítil fyrirtæki eða stofnanir, komið á einfaldara fyrirkomulagi til að safna, meta, vinna úr, greina og geyma upplýsingar um atvik. Þau mega deila þessum verkefnum með öðrum fyrirtækjum eða stofnunum af svipuðum toga á sama tíma og þau virða reglurnar um trúnaðarkvöð og vernd samkvæmt þessari reglugerð.

3. Hvert aðildarríki skal tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld til að koma á fyrirkomulagi til að vinna sjálfstætt að því að safna, meta, vinna úr, greina og geyma upplýsingar um atvikin sem eru tilkynnt skv. 4. og 5. gr.

Í því skyni að stuðla að „sanngirnismenningu“ skulu tilkynningar meðhöndlaðar þannig að komið verði í veg fyrir að þær verði notaðar í öðrum tilgangi en að viðhalda öryggi og að nafnleynd tilkynnanda og þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik verði tryggð með viðeigandi hætti.

Þau yfirvöld sem heimilt er að tilnefna, samkvæmt fyrstu undirgrein, annaðhvort saman eða sitt í hvoru lagi, eru sem hér segir:

a) landsbundin flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs og/eða

b) yfirvald öryggisrannsóknar og/eða

c) alla aðra sjálfstæða aðila eða einingar sem staðsettar eru í Sambandinu og sem er falið þetta verk.

Ef aðildarríki tilnefnir einn eða fleiri aðila eða einingar skal það tilnefna eina af þeim sem tengilið í tengslum við yfirfærslu upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

4. Flugöryggisstofnunin skal tilnefna einn eða fleiri einstaklinga til að koma á fyrirkomulagi til að vinna sjálfstætt að því að safna, meta, vinna úr, greina og geyma upplýsingar um atvikin sem tilkynnt eru í samræmi við 4. og 5. gr.

Í því skyni að stuðla að „sanngirnismenningu“ skulu tilkynningar meðhöndlaðar þannig að komið verði í veg fyrir að þær verði notaðar í öðrum tilgangi en að viðhalda öryggi og að nafnleynd tilkynnanda og þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik verði tryggð með viðeigandi hætti.

5. Fyrirtæki eða stofnanir skulu geyma tilkynningar um atvik, sem samdar eru á grundvelli upplýsinga um atvik, sem er safnað í samræmi við 4. og 5. gr., í einn eða fleiri gagnagrunna.

6. Lögbæru yfirvöldin, sem um getur í 3. mgr., skulu geyma tilkynningar um atvik, sem samdar eru á grundvelli upplýsinga um atvik, sem er safnað í samræmi við 4. og 5. gr., í landsbundinn gagnagrunn.

7. Viðeigandi upplýsingar um slys og alvarleg flugatvik, sem yfirvöld öryggisrannsókna safna eða gefa út, skulu einnig geymdar í landsbundna gagnagrunninum.

8. Flugöryggisstofnunin skal geyma tilkynningar um atvik, sem samdar eru á grundvelli upplýsinga um atvik, sem er safnað í samræmi við 4. og 5. gr., í gagnagrunni.

9. Yfirvöld öryggisrannsókna í aðildarríkjunum skulu hafa fullan aðgang að gagnagrunni sínum, sem um getur í 6. mgr., í þeim tilgangi að sinna skuldbindingum sínum skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010.

10. Flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs í aðildarríkjunum skulu hafa fullan aðgang að gagnagrunni sínum, sem um getur í 6. mgr., í þeim tilgangi að sinna öryggistengdum skyldum sínum.

7. gr.

Gæði og innihald tilkynninga um atvik

1. Tilkynningarnar um atvik, sem um getur í 6. gr., skulu innihalda a.m.k. upplýsingarnar sem tilgreindar eru í I. viðauka.

2. Tilkynningarnar um atvik, sem um getur í 5., 6. og 8. mgr. 6. gr., skulu innihalda öryggisáhættuflokkun fyrir viðkomandi atvik. Sú flokkun skal endurskoðuð og henni breytt, ef nauðsyn krefur, og skal lögbært yfirvald aðildarríkisins eða Flugöryggisstofnunin samþykkja hana í samræmi við sameiginlega evrópska áhættuflokkunarkerfið sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar.

3. Fyrirtæki eða stofnanir, aðildarríki og Flugöryggisstofnunin skulu innleiða ferli um eftirlit með gæðum gagna til að bæta gagnasamræmi, einkum milli upplýsinganna, sem upphaflega var safnað, og tilkynningarinnar sem geymd er í gagnagrunninum.

4. Gagnagrunnarnir, sem um getur í 5., 6. og 8. mgr. 6. gr., skulu nota snið sem:

a) er staðlað til að auðvelda upplýsingaskipti og

b) samrýmist ECCAIRS-hugbúnaðinum og ADREP-flokkunarfræðinni.

5. Framkvæmdastjórnin skal þróa sameiginlegt evrópskt áhættuflokkunarkerfi, í nánu samstarfi við aðildarríkin og Flugöryggisstofnunina fyrir tilstuðlan hóps greinenda á sviði flugöryggismála, til að gera fyrirtækjum eða stofnunum, aðildarríkjum og Flugöryggisstofnuninni kleift að flokka atvik með tilliti til öryggisáhættunnar. Í tengslum við þá þróun skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þeirrar nauðsynjar að það samrýmist fyrirliggjandi áhættuflokkunarkerfum.

Framkvæmdastjórnin skal þróa þetta kerfi eigi síðar en 15. maí 2017.

6. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 18. gr. til að skilgreina sameiginlega evrópska áhættuflokkunarkerfið.

7. Framkvæmdastjórnin skal, með hjálp framkvæmdargerða, samþykkja tilhögun við framkvæmd sameiginlega evrópska áhættuflokkunarkerfisins. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

8. Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin skulu veita lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna stuðning í því verkefni þeirra að samþætta gögn, t.d. með því að:

a) samþætta lágmarksupplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.,

b) flokka atvikin á grundvelli áhættunnar, eins og um getur í 2. mgr., og

c) innleiða ferli fyrir eftirlit með gæðum gagnanna sem um getur í 3. mgr.

Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin skulu veita þennan stuðning með þeim hætti að hann stuðli að samræmingu ferlisins við gagnaskráningu í öllum aðildarríkjunum, einkum með því að veita starfsfólkinu, sem vinnur hjá aðilunum eða einingunum, sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 6. gr., eftirfarandi:

a) leiðbeinandi efni,

b) námskeið og

c) viðeigandi þjálfun.

8. gr.

Miðlægt, evrópskt gagnasafn

1. Framkvæmdastjórnin skal stjórna miðlægu, evrópsku gagnasafni til að geyma allar tilkynningar um atvik sem safnað hefur verið í Sambandinu.

2. Hvert aðildarríki skal, í samráði við framkvæmdastjórnina, uppfæra miðlæga, evrópska gagnasafnið með því að flytja í það allar upplýsingar um öryggi, sem geymdar eru í landsbundnu gagnagrunnunum sem um getur í 6. mgr. 6. gr.

3. Flugöryggisstofnunin skal ákveða í samstarfi við framkvæmdastjórnina tæknilegu aðferðarlýsingarnar við flutning allra tilkynninga um atvik í miðlæga, evrópska gagnasafnið, sem Flugöryggisstofnunin hefur safnað samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, einkum atvik, sem geymd eru í innra tilkynningakerfi um atvik (e. *Internal Occurrence Reporting System*), sem og upplýsingar sem hefur verið safnað skv. 9. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 5. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með hjálp framkvæmdargerða, samþykkja fyrirkomulag við stjórnun miðlæga, evrópska gagnasafnsins eins og um getur í 1. og 2. mgr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

9. gr.

Upplýsingaskipti

1. Aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin skulu taka þátt í upplýsingaskiptum með því að gera allar upplýsingar um öryggi, sem geymdar eru í viðeigandi gagnagrunnum fyrir tilkynningar, tiltækar lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna, Flugöryggisstofnuninni og framkvæmdastjórninni fyrir tilstuðlan miðlæga, evrópska gagnasafnsins.

Flytja skal tilkynningar um atvik í miðlæga, evrópska gagnasafnið eigi síðar en 30 dögum eftir að þær hafa verið færðar í landsbundnu gagnagrunnana.

Tilkynningar um atvik skulu uppfærðar þegar nauðsyn krefur með viðbótarupplýsingum um öryggi.

2. Aðildarríki skulu einnig flytja upplýsingar um slys og alvarleg flugatvik í miðlæga, evrópska gagnasafnið á eftirfarandi hátt:

a) meðan á rannsókn stendur: bráðabirgðaupplýsingar um staðreyndir slysa og alvarlegra flugatvika,

b) þegar rannsókn er lokið:

   i. lokaskýrslu rannsóknarinnar og

   ii. enska samantekt á lokaskýrslu rannsóknarinnar, ef hún liggur fyrir.

3. Aðildarríki eða Flugöryggisstofnunin skal áframsenda, eins fljótt og auðið er, allar viðeigandi, öryggistengdar upplýsingar til viðkomandi yfirvalda aðildarríkis eða Flugöryggisstofnunarinnar ef hún, í tengslum við söfnun upplýsinga um atvik eða geymslu tilkynninga um atvik eða framkvæmd greiningar, í samræmi við 6. mgr. 13. gr., auðkennir öryggismál sem talin eru annaðhvort:

a) snerta hagsmuni hinna aðildarríkjanna eða Flugöryggisstofnunarinnar eða

b) krefjast þess mögulega að hin aðildarríkin eða Flugöryggisstofnunin grípi til öryggisaðgerða.

10. gr.

Miðlun upplýsinga sem geymdar eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu

1. Hver eining, sem falið er að setja reglur um öryggi í almenningsflugi, eða hvert yfirvald öryggisrannsókna innan Sambandsins skal hafa fullan og öruggan netaðgang að upplýsingum um atvik sem finna má í miðlæga, evrópska gagnasafninu.

Upplýsingarnar skulu notaðar í samræmi við 15. og 16. gr.

2. Hagsmunaaðilarnir, sem tilgreindir eru í II. viðauka, geta farið fram á aðgang að tilteknum upplýsingum sem finna má í miðlæga, evrópska gagnasafninu.

Hagsmunaaðilar, sem hafa staðfestu í Sambandinu, skulu senda beiðnir sínar um upplýsingar til tengiliðar aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu.

Hagsmunaaðilar, sem hafa staðfestu utan Sambandsins, skulu senda beiðnir sínar til framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis um það þegar beiðni er lögð fram samkvæmt þessari málsgrein.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010 skulu hagsmunaaðilar, samkvæmt þessari grein, ekki fá aðgang að upplýsingunum, sem finna má í miðlæga, evrópska gagnasafninu, varðandi yfirstandandi öryggisrannsóknir sem framkvæmdar eru í samræmi við framangreinda reglugerð.

4. Af verndarástæðum skulu hagsmunaaðilar ekki fá beinan aðgang að miðlæga, evrópska gagnasafninu.

11. gr.

Vinnsla beiðna og ákvarðana

1. Beiðnir um upplýsingar, sem er að finna í miðlæga, evrópska gagnasafninu, skulu lagðar fram á eyðublöðum sem tengiliðurinn hefur samþykkt. Á þessum eyðublöðum skulu koma fram a.m.k. þau atriði sem sett eru fram í III. viðauka.

2. Tengiliður, sem tekur á móti beiðni, skal staðfesta:

a) að hagsmunaaðili hafi lagt fram beiðnina,

b) að hann sé fær um að annast þessa beiðni.

Ef tengiliður ákvarðar að annað aðildarríki eða framkvæmdastjórnin sé til þess bær að annast beiðnina skal hann senda hana til hlutaðeigandi aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar, eins og við á.

3. Tengiliður, sem tekur á móti beiðni, skal leggja mat á hverja beiðni fyrir sig og ákvarða hvort hún sé réttlætanleg og framkvæmanleg.

Tengiliður getur veitt hagsmunaaðilum upplýsingar á pappír eða með því að nota öruggar, rafrænar samskiptaaðferðir.

4. Ef beiðnin hefur verið samþykkt skal tengiliðurinn ákvarða hversu miklar upplýsingar skuli veita og hversu ítarlegar þær eigi að vera. Upplýsingarnar skulu takmarkaðar við það sem telst algerlega nauðsynlegt að því er varðar tilgang beiðninnar, sbr. þó 15. og 16. gr.

Upplýsingar, sem tengjast ekki eigin búnaði, rekstri eða athafnasviði hagsmunaaðila, skulu aðeins veittar á formi samantektar eða á nafnlausu formi. Veita má hagsmunaaðilum upplýsingar, sem eru ekki á formi samantektar, ef hann leggur fram ítarlegan, skriflegan rökstuðning. Þessar upplýsingar skulu notaðar í samræmi við 15. og 16. gr.

5. Tengiliðurinn skal einungis láta hagsmunaaðilunum, sem eru tilgreindir í b-lið í II. viðauka, í té upplýsingar sem tengjast eigin búnaði, rekstri eða athafnasviði hagsmunaaðilanna.

6. Þegar tengiliður tekur á móti beiðni frá hagsmunaaðilanum, sem er tilgreindur í a-lið í II. viðauka, getur hann tekið almenna ákvörðun um að veita þessum tengilið upplýsingar með reglulegu millibili, að því tilskildu:

a) að upplýsingarnar, sem óskað er eftir, snerti eigin búnað, rekstur eða athafnasvið hagsmunaaðilans,

b) að almenna ákvörðunin veiti ekki aðgang að innihaldi gagnasafnsins í heild,

c) að almenna ákvörðunin varði einungis nafnlausar upplýsingar.

7. Hagsmunaaðilinn skal nota upplýsingarnar, sem hann fær samkvæmt þessari grein, sbr. þó eftirfarandi skilyrði:

a) hagsmunaaðilinn skal einungis nota upplýsingarnar í þeim tilgangi sem tilgreindur er á eyðublaðinu fyrir beiðni, sem ætti að samrýmast markmiði þessarar reglugerðar, eins og greint er frá í 1. gr., og

b) hagsmunaaðilinn skal ekki birta upplýsingarnar, sem hann móttekur, án þess að hafa skriflegt leyfi frá upplýsingaveitanda og skal hann gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi leynd upplýsinganna sem tekið er við.

8. Ákvörðun um að miðla upplýsingum, samkvæmt þessari grein, skal takmarkast við það sem telst algerlega nauðsynlegt fyrir notendur þeirra.

12. gr.

Skráning beiðna og upplýsingaskipti

1. Tengiliður skal skrá hverja beiðni sem móttekin er og þær aðgerðir sem gripið var til í tengslum við þá beiðni.

Senda skal þessar upplýsingar tímanlega til framkvæmdastjórnarinnar í hvert sinn sem beiðni er móttekin og/eða gripið er til aðgerða.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að allir tengiliðir fái aðgang að uppfærðu skránni yfir mótteknar beiðnir og aðgerðir sem hinir ýmsu tengiliðir og framkvæmdastjórnin sjálf grípa til.

13. gr.

Greining á atvikum og eftirfylgni á landsvísu

1. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki, skal þróa ferli til að greina atvik, sem hefur verið safnað í samræmi við 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr., í því skyni að auðkenna öryggishættur sem tengjast atvikum, sem hafa verið auðkennd, eða hópum atvika.

Á grundvelli þessarar greiningar skal hvert fyrirtæki eða stofnun ákvarða viðeigandi aðgerðir til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerðir, sem þörf er á, til að bæta flugöryggi.

2. Þegar fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki auðkennir, í kjölfar greiningarinnar, sem um getur í 1. mgr., viðeigandi aðgerð til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerð, sem þörf er á til að ráða bót á raunverulegum eða hugsanlegum annmörkum í flugöryggismálum, skal það:

a) hrinda þeirri aðgerð tímanlega í framkvæmd og

b) ákvarða ferli til að vakta framkvæmd og skilvirkni aðgerðarinnar.

3. Hvert fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki skal reglulega veita launafólki sínu og samningsbundnu starfsfólki upplýsingar um greiningu atvika og eftirfylgni með þeim í þeim tilvikum þar sem gripið var til aðgerða til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerða.

4. Þegar fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki, sem fellur ekki undir 5. mgr., auðkennir raunverulega eða hugsanlega áhættu í tengslum við flugöryggi, í kjölfar greiningar sinnar á atviki eða hópi atvika, sem tilkynnt var um skv. 8. mgr. 4. gr. og 6. mgr. 5. gr., skal fyrirtækið eða stofnunin senda lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki eftirfarandi, innan 30 daga frá þeim degi sem tilkynnandinn tilkynnti um atvikið:

a) bráðabirgðaniðurstöður greiningarinnar, sem fór fram skv. 1. mgr., ef við á, og

b) hugsanlegar aðgerðir sem grípa á til skv. 2. mgr.

Fyrirtækið eða stofnunin skal tilkynna lokaniðurstöður greiningarinnar, þar sem þörf er á, um leið og þær liggja fyrir og að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum frá þeim degi sem tilkynnt var um atvikið.

Lögbært yfirvald aðildarríkis getur óskað eftir því að fyrirtæki eða stofnanir sendi því bráðabirgða- eða lokaniðurstöður greiningar á hverju því atviki sem það hefur fengið tilkynningu um en þar sem það hefur ekki fengið neinar upplýsingar um eftirfylgni atviks eða einungis fengið bráðabirgðaniðurstöður um það.

5. Þegar fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki, sem Flugöryggisstofnun hefur vottað eða samþykkt, auðkennir raunverulega eða hugsanlega áhættu í tengslum við flugöryggi í kjölfar greiningar sinnar á atviki eða hópi atvika, sem tilkynnt var um skv. 9. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 5. gr., skal fyrirtækið eða stofnunin senda Flugöryggisstofnuninni eftirfarandi, innan 30 daga frá þeim degi sem tilkynnandinn tilkynnti um atvikið:

a) bráðabirgðaniðurstöður greiningarinnar sem fór fram skv. 1. mgr., ef við á, og

b) hugsanlegar aðgerðir sem grípa á til skv. 2. mgr.

Fyrirtækið eða stofnunin, sem Flugöryggisstofnunin hefur vottar eða samþykkt, skal senda lokaniðurstöður greiningarinnar, þar sem þörf er á, um leið og þær liggja fyrir og að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum frá þeim degi sem tilkynnt var um atvikið.

Flugöryggisstofnunin getur óskað eftir því að fyrirtæki eða stofnanir sendi bráðabirgða- eða lokaniðurstöður greiningar á hverju því atviki sem þær hafa fengið tilkynningu um en í tengslum við það þegar þær hafa ekki fengið neinar upplýsingar um eftirfylgni um atvikið eða einungis fengið bráðabirgðaniðurstöður um það.

6. Hvert aðildarríki og Flugöryggisstofnunin skal þróa ferli til að greina upplýsingarnar, sem tengjast atvikum sem þeim hefur verið tilkynnt beint um, í samræmi við 6. mgr. 4. gr. og 2. og 3. mgr. 5. gr. í því skyni að auðkenna öryggishætturnar sem tengjast þessum atvikum. Á grundvelli þessarar greiningar skulu þau ákvarða viðeigandi aðgerðir til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerðir, sem þörf er á, til að bæta flugöryggi.

7. Þegar aðildarríki eða Flugöryggisstofnunin auðkennir, í kjölfar greiningarinnar sem um getur í 6. mgr., viðeigandi aðgerð til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerð, sem þörf er á til að ráða bót á raunverulegum eða hugsanlegum annmörkum í flugöryggismálum, skal hún:

a) hrinda þeirri aðgerð tímanlega í framkvæmd og

b) ákvarða ferli til að vakta framkvæmd og skilvirkni aðgerðarinnar.

8. Að því er varðar hvert atvik eða hóp atvika, sem er vaktaður í samræmi við 4. eða 5. mgr., skal hvert aðildarríki og Flugöryggisstofnunin hafa aðgang að greiningunni, sem var gerð, og vakta með viðeigandi hætti þær aðgerðir sem fyrirtæki eða stofnanir, sem þær bera hver um sig ábyrgð á, grípa til.

Ef aðildarríki eða Flugöryggisstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að framkvæmd eða skilvirkni tilkynntu aðgerðanna dugi ekki til að ráða bót á raunverulegum eða hugsanlegum annmörkum í öryggismálum skal hún sjá til þess að viðeigandi fyrirtæki eða stofnun grípi til viðeigandi viðbótaraðgerðar og komi henni í framkvæmd.

9. Skrá skal tímanlega upplýsingar, ef þær liggja fyrir, sem tengjast greiningu á og eftirfylgni með stökum atvikum eða hópum atvika, sem aflað er samkvæmt þessari grein, í miðlæga, evrópska gagnasafnið, í samræmi við 2. og 3. mgr. 8. gr., og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir skráningu þeirra í landsbundinn gagnagrunn.

10. Aðildarríki skulu nota upplýsingar úr greiningu á tilkynningum atvika til að ákvarða hvaða aðgerðir til úrbóta eigi að grípa til, ef einhverjar eru, innan ramma flugöryggisáætlunar sinnar.

11. Til að upplýsa almenning um öryggisstig í almenningsflugi skal hvert aðildarríki gefa út öryggisskýrslu a.m.k. einu sinni á ári. Öryggisskýrslan skal innihalda:

a) upplýsingar í samanteknu og nafnlausu formi um tegund atvika og aðrar öryggistengdar upplýsingar sem eru tilkynntar með því að nota landsbundin kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar og valfrjálsar tilkynningar,

b) upplýsingar um leitni,

c) upplýsingar um þær aðgerðir sem hlutaðeigandi ríki hefur gripið til.

12. Aðildarríki geta einnig birt nafnlausar tilkynningar um atvik og niðurstöður úr áhættugreiningu.

14. gr.

Greining atvika og eftirfylgni með þeim á vettvangi Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu reglulega hafa samstarf um að skiptast á og greina upplýsingar sem geymdar eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu.

Með fyrirvara um kröfurnar um trúnaðarkvöð, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, má bjóða áheyrnarfulltrúum þátttöku á grundvelli hvers tilviks fyrir sig, eftir því sem við á.

2. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu vinna saman fyrir tilstuðlan hóps greinenda á sviði flugöryggismála.

Hópur greinenda á sviði flugöryggismála skal stuðla að úrbótum á sviði flugöryggismála innan Sambandsins, einkum með því að framkvæma öryggisgreiningu til að styðja við flugöryggisáætlun Evrópu og aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu.

3. Flugöryggisstofnunin skal styðja við starfsemi hóps greinenda á sviði flugöryggismála, t.d. með því að veita honum aðstoð við að undirbúa og skipuleggja fundi hópsins.

4. Flugöryggisstofnunin skal færa upplýsingar um niðurstöður greininga á upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr., í árlegu öryggisskýrsluna sem um getur í 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

15. gr.

Upplýsingaleynd og viðeigandi notkun upplýsinga

1. Í samræmi við lög sín skulu aðildarríkin og fyrirtæki eða stofnanir gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi leynd varðandi upplýsingar um atvik, sem berast þeim skv. 4., 5. og 10. gr., og skal Flugöryggisstofnunin gera slíkt hið sama.

Hvert aðildarríki, fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki eða Flugöryggisstofnunin skulu einungis vinna úr persónuupplýsingum, eftir því sem þurfa þykir, að því er þessa reglugerð varðar, án þess að það hafi áhrif á landsbundnar réttargerðir til framkvæmdar tilskipun 95/46/EB.

2. Upplýsingar, sem fengist hafa úr tilkynningum um atvik, skulu aðeins notaðar í þeim tilgangi sem þeim var safnað fyrir, sbr. þó ákvæðin um verndun öryggisupplýsinganna í 12., 14. og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010.

Aðildarríkin, Flugöryggisstofnunin og fyrirtæki eða stofnanir skulu hvorki veita aðgang að upplýsingum um atvik né nota þær:

a) í því skyni að ákvarða hver beri sök eða ábyrgð eða

b) í einhverjum öðrum tilgangi en þeim að viðhalda flugöryggi eða gera úrbætur á því.

3. Þegar framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sinna skyldum sínum, skv. 14. gr., að því er varðar upplýsingarnar sem geymdar eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu skulu þau:

a) tryggja upplýsingaleynd og

b) takmarka notkun upplýsinganna við það sem er algjörlega nauðsynlegt til að sinna öryggistengdum skyldum sínum án þess að ákveða hver beri sök eða ábyrgð og skulu upplýsingarnar, í þessu tilliti, einkum notaðar í tengslum við áhættustjórnun og greiningu á leitni öryggis sem gætu leitt til öryggistilmæla eða -aðgerða og þar með ráðið bót á raunverulegum eða hugsanlegum annmörkum í öryggismálum.

4. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld þeirra, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., og lögbær yfirvöld þeirra, sem fara með réttarvörslu, starfi saman á grundvelli fyrirframákveðins stjórnunarfyrirkomulags. Þetta fyrirframákveðna stjórnunarfyrirkomulag skal stuðla að því að tryggja rétt jafnvægi á milli þarfarinnar á tilhlýðilegri réttarvörslu og nauðsynjar þess að öryggisupplýsingar séu ávallt tiltækar.

16. gr.

Vernd heimildarmanna

1. Að því er þessa grein varðar tekur hugtakið „persónuupplýsingar“ einkum til nafna eða heimilisfanga einstaklinga.

2. Hvert fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki skal tryggja að allar persónuupplýsingar séu aðeins aðgengilegar starfsfólki fyrirtækisins eða stofnunarinnar, að undanskildu því starfsfólki sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. 6. gr., þegar bráðnauðsynlegt er að rannsaka atvik í því skyni að auka flugöryggi.

Dreifa skal órekjanlegum upplýsingum innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar, eins og við á.

3. Hvert aðildarríki skal tryggja að persónuupplýsingar séu aldrei skráðar í landsbundna gagnagrunninn sem um getur í 6. mgr. 6. gr. Gera skal slíkar órekjanlegar upplýsingar aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum, t.d. til að gera þeim kleift að sinna skyldum sínum í tengslum við úrbætur á sviði flugöryggis.

4. Hvert aðildarríki skal tryggja að persónuupplýsingar séu aldrei skráðar í gagnagrunn Flugöryggisstofnunarinnar sem um getur í 8. mgr. 6. gr. Gera skal slíkar órekjanlegar upplýsingar aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum, t.d. til að gera þeim kleift að sinna skyldum sínum í tengslum við úrbætur á sviði flugöryggis.

5. Ekki skal hindra aðildarríkin og Flugöryggisstofnunina í því að grípa til aðgerða sem eru nauðsynlegar til að viðhalda flugöryggi eða gera úrbætur á því.

6. Án þess að það hafi áhrif á gildandi landsbundinn refsirétt skulu aðildarríkin láta vera að höfða dómsmál, að því er varðar brot á lögum af óyfirlögðu ráði eða fyrir slysni, en þessi mál koma aðeins til kasta aðildarríkjanna ef þau hafa verið tilkynnt skv. 4. og 5. gr.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki í tilvikunum sem um getur í 10. mgr. Aðildarríkin geta viðhaldið eða samþykkt ráðstafanir til að efla vernd tilkynnenda eða einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik. Aðildarríki geta m.a. beitt þessari reglu án undantekninganna sem um getur í 10. mgr.

7. Ef agamál eða stjórnsýslumál eru höfðuð samkvæmt landslögum skal ekki nota upplýsingar úr tilkynningum um atvik gegn:

a) tilkynnendum eða

b) einstaklingum sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki í tilvikunum sem um getur í 10. mgr.

Aðildarríkin geta viðhaldið eða samþykkt ráðstafanir til að efla vernd tilkynnenda eða einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik. Aðildarríki geta einkum rýmkað þessa vernd þannig að hún nái til einkamála eða refsimála.

8. Aðildarríki geta samþykkt eða haldið í gildi lagaákvæðum, sem tryggja öflugri vernd fyrir tilkynnendur eða einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, en þau ákvæði sem ákvörðuð eru í þessari reglugerð.

9. Vinnuveitendur eða fyrirtæki eða stofnanir, sem njóta þjónustunnar, skulu ekki láta launafólk og samningsbundið starfsfólk, sem tilkynna atvik eða sem tilgreind eru í tilkynningum um atvik, sem safnað hefur verið í samræmi við 4. og 5. gr., sæta neinum viðlögum á grundvelli upplýsinganna sem tilkynnandinn veitir.

10. Verndin, skv. 6., 7. og 9. mgr. þessarar greinar, gildir ekki um neinar eftirfarandi aðstæður:

a) ef um er að ræða vísvitandi misgerð,

b) ef um er að ræða greinilega, grófa og alvarlega vanrækslu í tengslum við augljósa áhættu og algera vanrækslu varðandi þá faglegu ábyrgð að grípa ekki til aðgerða sem augljóslega er þörf á við aðstæður sem veldur einstaklingum eða eignum fyrirsjáanlegum skaða eða stofnar flugöryggi í alvarlega hættu.

11. Hvert fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki skal, eftir að hafa ráðfært sig við fulltrúa starfsmanna, samþykkja innri reglur, sem lýsa hvernig fyrirtækið eða stofnunin muni tryggja meginreglurnar um sanngirnismenningu innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar, einkum meginregluna, sem um getur í 9. mgr., og hvernig þeim verður hrint í framkvæmd innan þeirra.

Áður en þessum innri reglum verður hrint í framkvæmd getur sá aðili sem tilnefndur er skv. 12. mgr. óskað eftir því að fara yfir innri reglur fyrirtækjanna eða stofnananna sem hafa staðfestu í aðildarríki hans.

12. Hvert aðildarríki skal tilnefna aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd 6., 9. og 11. mgr.

Launafólk og samningsbundið starfsfólk getur tilkynnt þessum aðila um meint brot á reglunum sem settar eru með þessari grein. Ekki skal refsa launafólki og samningsbundnum starfsmönnum fyrir að tilkynna meint brot. Launafólk og samningsbundið starfsfólk má upplýsa framkvæmdastjórnina um slík meint brot.

Tilnefndur aðili skal, eftir því sem við á, veita viðeigandi yfirvöldum í aðildarríki sínu ráðgjöf um úrræði eða viðurlög við beitingu 21. gr.

13. Hinn 15. maí 2019 og á fimm ára fresti þar á eftir skal hvert aðildarríki senda framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar greinar, einkum um starfsemi aðilans sem tilnefndur er skv. 12. gr. Skýrslan skal ekki innihalda neinar persónuupplýsingar.

17. gr.

Uppfærsla viðaukanna

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 18. gr., til að:

a) uppfæra skrána yfir lögboðna gagnareiti í tilkynningum um atvik, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, ef reynslan, sem fæst af beitingu þessarar reglugerðar, sýnir að þörf sé á breytingum í því skyni að bæta flugöryggi,

b) uppfæra eyðublaðið í III. viðauka varðandi beiðni um upplýsingar úr miðlæga, evrópska gagnasafninu til að taka tillit til fenginnar reynslu og nýrrar þróunar,

c) samræma viðaukana við ECCAIRS-hugbúnaðinn og ADREP-flokkunarfræðina sem og við réttargerðirnar, sem Sambandið hefur samþykkt, og við alþjóðasamninga.

Í því skyni að uppfæra skrána yfir lögboðna gagnareiti skal Flugöryggisstofnunin og hópur greinenda á sviði flugöryggismála, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., láta framkvæmdastjórninni í té viðeigandi álitsgerð eða álitsgerðir.

18. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 6. mgr. 7. gr. og 17. gr., á fimm ára tímabili frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 6. mgr. 7. gr. og 17. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í ákvörðuninni. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 6. mgr. 7. gr. og 17. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

19. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

20. gr.

Aðgangur að gögnum og vernd persónuupplýsinga

1. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 1049/2001, að undanskildum 10. og 11. gr., þar sem settar eru strangari reglur um aðgang að gögnum og upplýsingum í miðlæga, evrópska gagnasafninu.

2. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um landsbundnar réttargerðir til framkvæmdar tilskipun 95/46/EB og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.

21. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði og allar síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

22. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 996/2010

Í reglugerð (ESB) nr. 996/2010 falli 19. gr. brott.

Sú grein heldur þó gildi sínu þangað til þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við 3. mgr. 24. gr.

23. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2003/42/EB, reglugerð (EB) nr. 1321/2007 og reglugerð (EB) nr. 1330/2007 eru felldar úr gildi. Þær halda þó gildi sínu þangað til þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við 3. mgr. 24. gr.

24. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 16. nóvember 2020, birta og senda Evrópuþinginu og ráðinu matsskýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar. Í þeirri skýrslu skal einkum koma fram að hvaða leyti reglugerðin stuðlar að því að fækka flugslysum og tilheyrandi banaslysum. Á grundvelli þessarar skýrslu skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögur að breytingum á þessari reglugerð.

3. Þessi reglugerð skal gilda frá 15. nóvember 2015 og ekki áður en framkvæmdarráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 4. gr., öðlast gildi. Ákvæði 2. mgr. 7. gr. skulu koma til framkvæmda um leið og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, þar sem tilgreint er og þróað sameiginlega evrópska áhættuflokkunarkerfið, sem um getur í 6. og 7. mgr. 7. gr., öðlast gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR KRÖFUR SEM GILDA UM KERFI FYRIR SKYLDUBUNDNAR TILKYNNINGAR UM ATVIK OG VALFRJÁLSAR TILKYNNINGAR UM ATVIK

Athugasemd: Gagnareitina verður að fylla út með umbeðnum upplýsingum. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum eða Flugöryggisstofnunin getur ekki veitt þessar upplýsingar sökum þess að fyrirtækið eða stofnunin eða tilkynnandinn hefur ekki látið þær í té er heimilt að skrifa „ekki vitað“ í gagnareitinn. Í því skyni að tryggja að viðeigandi upplýsingar séu sendar inn er þó rétt að forðast að nota gildið „ekki vitað“, eftir því sem unnt er, og fullgera ætti tilkynninguna síðar ef hægt er.

1. SAMEIGINLEGIR SKYLDUBUNDNIR GAGNAREITIR

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Fyrirsögn

— Fyrirsögn

2) Upplýsingar um skráningu

— Ábyrg eining

— Skrásetningarnúmer

— Staða atviks

3) Hvenær

— Dagsetning miðað við alheimstíma

4) Hvar

— Ríki/svæði þar sem atvikið átti sér stað

— Staðsetning þar sem atvikið átti sér stað

5) Flokkun

— Tegund atviks

— Flokkur atviks

6) Greinargerð

— Tungumál greinargerðar

— Greinargerð

7) Atburðir

— Tegund atburðar

8) Áhættuflokkun

2. SÉRTÆKIR SKYLDUBUNDNIR GAGNAREITIR

2.1. **Gagnareitir um loftför**

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Auðkenni loftfars

— Skráningarríki

— Tegund/gerð/röð

— Raðnúmer loftfars

— Einkennisstafir loftfars

— Kallmerki

2) Starfræksla loftfars

— Flugrekandi

— Tegund starfrækslu

3) Lýsing á loftfari

— Gerð loftfars

— Tegund knúningsafls

— Þyngdarflokkur

4) Saga flugs

— Síðasti brottfararstaður

— Áætlaður ákvörðunarstaður

— Stig flugs

5) Veðurskilyrði

— Veðurskilyrði sem skipta máli

2.2. **Gagnareitir um flugleiðsöguþjónustu**

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) í tengslum við rekstrarstjórnun flugumferðar

— vegna rekstrarstjórnunar flugumferðar

— áhrif á þjónustu (áhrif á rekstrarstjórnun flugumferðar)

2) Heiti flugumferðarþjónustudeildar

2.2.1. *Gagnareitir um brot á reglum um lágmarksaðskilnað/aðskilnaðarmissi og brot á reglum um loftrými*

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Loftrými

— Tegund loftrýmis

— Flokkur loftrýmis

— Heiti flugupplýsingasvæðis (FIR)/efra flugupplýsingasvæðis (UIR)

2.3. **Gagnareitir um flugvelli**

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Staðarauðkenni (auðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugvöll)

2) Staðsetning á flugvelli

2.4. **Gagnareitir um skemmdir á loftfari eða áverka á fólki**

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Alvarleiki

— mesti skaði

— alvarleikastig áverka

2) Áverkar á fólki

— Fjöldi slasaðra á jörðu niðri (áverkar sem draga til dauða, alvarlegir áverkar, lítils háttar áverkar)

— Fjöldi slasaðra um borð í loftfari (áverkar sem draga til dauða, alvarlegir áverkar, lítils háttar áverkar).

II. VIÐAUKI

HAGSMUNAAÐILAR

a) Skrá yfir hagsmunaaðila, sem mega taka við upplýsingum á grundvelli ákvörðunar, sem tekin er í hverju tilviki fyrir sig, í samræmi við 4. mgr. 11. gr. eða á grundvelli almennrar ákvörðunar skv. 6. mgr. 11. gr.:

1. Framleiðendur: hönnuðir og framleiðendur loftfara, hreyfla, skrúfa og hluta og búnaðar loftfara og samtök þeirra, hönnuðir og framleiðendur kerfa og kerfishluta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, hönnuðir og framleiðendur kerfa og kerfishluta fyrir flugleiðsöguþjónustu, hönnuðir og framleiðendur kerfa og búnaðar sem notuð eru á flugsvæði flugvalla.
2. Viðhald: fyrirtæki eða stofnanir sem sjá um viðhald eða grannskoðun á loftförum, hreyflum, skrúfum og á hlutum og búnaði loftfara, sem sjá um uppsetningu, breytingu, viðhald, viðgerðir, grannskoðun, flugeftirlit eða eftirlit með flugleiðsöguvirkjum, sem sjá um viðhald eða grannskoðun á kerfum, kerfishlutum og búnaði sem er á flugsvæði flugvallar.
3. Umráðendur/flugrekendur: flugrekendur og umráðendur loftfara og samtök flugrekenda eða umráðenda loftfara, rekstraraðilar flugvalla og samtök rekstraraðila flugvalla.
4. Veitendur flugleiðsöguþjónustu og veitendur sérstakrar þjónustu innan rekstrarstjórnunar flugumferðar
5. Veitendur flugvallarþjónustu: fyrirtæki eða stofnanir sem annast afgreiðslu loftfars á jörðu niðri, þ.m.t. eldsneytistaka, undirbúningur hleðsluskrár, hleðsla, afísun og dráttur loftfars á flugvelli, auk björgunar- og slökkvistarfs eða annarrar neyðarþjónustu
6. Fyrirtæki eða stofnanir sem annast flugþjálfun
7. Fyrirtæki eða stofnanir í þriðju löndum: opinber flugmálayfirvöld og aðilar frá þriðju löndum sem annast rannsókn slysa
8. Alþjóðlegar flugmálastofnanir
9. Rannsóknir: rannsóknarstofur, -stöðvar eða -aðilar, hvort heldur í eigu hins opinbera eða í einkaeign, eða háskólar sem fást við rannsóknir eða athuganir á flugöryggi

b) Skrá yfir hagsmunaaðila, sem mega taka við upplýsingum á grundvelli ákvörðunar, sem tekin er í hverju tilviki fyrir sig, í samræmi við 4. og 5. mgr. 11. gr.:

1. Flugmenn (sem einstaklingar)
2. Flugumferðarstjórar (sem einstaklingar) og annað starfsfólk rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu sem sinnir öryggistengdum verkefnum
3. Flugvirkjar/tæknimenn/tæknifólk flugumferðarþjónustu/stjórnendur á sviði flugmála (eða flugvalla) (sem einstaklingar)
4. Fulltrúar fagmenntaðra starfsmanna sem sinna öryggistengdum verkefnum

III. VIÐAUKI

BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR ÚR MIÐLÆGA, EVRÓPSKA GAGNASAFNINU

1. Nafn:

   Starf/staða:

   Fyrirtæki:

   Heimilisfang:

   Sími:

   Tölvupóstfang:

   Dagsetning:

   Tegund starfsemi:

   Flokkur hagsmunaaðila (sjá II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi, greiningu á og eftirfylgni með þeim ([14]):

2. Upplýsingar sem beðið er um (upplýsingarnar skulu vera eins nákvæmar og unnt er og í beiðninni skal tilgreind sú dagsetning eða tímabil sem um er að ræða):

3. Ástæða fyrir beiðninni:

4. Útskýra skal í hvaða tilgangi upplýsingarnar muni verða notaðar:

5. Dagsetning þegar upplýsingarnar þurfa að hafa borist:

6. Útfyllt eyðublað skal sent í tölvupósti til: (tengiliður)

7. Aðgangur að upplýsingum

   Tengilið er ekki skylt að láta í té umbeðnar upplýsingar. Honum er aðeins heimilt að gera það ef hann er fullviss um að beiðnin samrýmist reglugerð (ESB) nr. 376/2014. Beiðandinn skuldbindur sig og fyrirtæki eða stofnun sína til að takmarka notkun upplýsinganna við þann tilgang sem hann hefur lýst í 4. lið. Einnig skal minnt á að upplýsingarnar, sem afhentar eru á grundvelli þessarar beiðni, eru aðeins látnar í té vegna flugöryggis, eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og ekki í öðrum tilgangi, þ.m.t. að skipta sök eða ábyrgð eða í viðskiptalegum tilgangi.

   Beiðanda er ekki heimilt að afhenda neinum upplýsingarnar sem honum berast án skriflegs samþykkis tengiliðar.

   Séu framangreindar kröfur ekki uppfylltar getur það leitt til synjunar aðgangs að frekari upplýsingum úr miðlæga, evrópska gagnasafninu og til hvers konar viðurlaga, eftir því sem við á.

8. Dagsetning, staður og undirskrift:

([14]) Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1018 **2015/EES/74/70**

frá 29. júní 2015

um skrá þar sem flokkuð eru atvik í almenningsflugi sem falla undir tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 ([1]), einkum 5. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 376/2014 á að koma á fót tilkynningakerfi í fyrirtækjum, aðildarríkjum og á vettvangi Sambandsins fyrir atvik í því skyni að tilkynna, safna, geyma, vernda, miðla, dreifa, greina og fylgja eftir viðeigandi upplýsingum um öryggi í almenningsflugi. Að auki er þar kveðið á um reglur sem takmarka notkun upplýsinganna, sem er safnað, við það að bæta flugöryggi og vernda með viðeigandi hætti tilkynnanda og aðra aðila, sem nefndir eru í tilkynningum um atvik, í því skyni að tryggja að öryggisupplýsingar séu ávallt tiltækar. Reglugerð (ESB) nr. 376/2014 gildir um öll loftför sem í henni eru skilgreind og sem falla undir þá reglugerð, þ.m.t. mönnuð loftför og fjarstýrð loftfarskerfi.

2) Samkvæmt fyrstu undirgrein 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014 skal framkvæmdastjórnin samþykkja skrá þar sem atvik eru flokkuð og sem vísa skal í þegar atvik eru tilkynnt, í samræmi við kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar, sem sett eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir flokkana í 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar. Í annarri skrá ætti, í samræmi við aðra undirgrein 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014, að flokka atvik, sem eiga við um loftför önnur en flókin, vélknúin loftför. Þessa skrá ætti, eftir því sem við á, að aðlaga að séreinkennum fluggeirans.

3) Tilkynningarskyldum atvikum, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 376/2014, var skipt í flokka til að gera þeim einstaklingum sem tilnefndir eru í þeirri reglugerð kleift að auðkenna þau tilkynningarskyldu atvik sem hverjum þeirra ber að tilkynna um. Í samræmi við það markmið ætti að skipta skránni yfir atvik upp miðað við flokkana sem tilkynnendur eiga að vísa til, samkvæmt stöðu þeirra, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 376/2014.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 163, 30.6.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ítarleg flokkun atvika, sem vísa á til þegar tilkynnt er um atvik með því að nota kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar, skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014, er sett fram í I.–V. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. nóvember 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

ATVIK SEM TENGJAST STARFRÆKSLU LOFTFARSINS

Athugasemd: Þessi viðauki er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningu þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

1. FLUGREKSTUR

1.1. **Undirbúningur flugs**

1) Notkun rangra gagna eða færsla rangra upplýsinga í búnað, sem notaður er til leiðsögu eða fyrir útreikning á afkastagetu, sem hefur stofnað í hættu eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

2) Flutningur eða tilraun til flutnings á hættulegum farmi sem brýtur í bága við gildandi löggjöf, þ.m.t. rangar merkingar, pökkun og meðhöndlun hættulegs farms.

1.2. **Undirbúningur loftfars**

1) Röng tegund eldsneytis eða mengað eldsneyti.

2) Afísing/ísingarvörn ekki til staðar, röng eða ófullnægjandi.

1.3. **Flugtak og lending**

1) Farið út fyrir akbraut eða flugbraut.

2) Raunverulegur eða hugsanlegur átroðningur inn á akbraut eða flugbraut.

3) Átroðningur inn á lokaaðflugs- og flugtakssvæði.

4) Hætt við flugtak.

5) Ekki reynist unnt að ná tilætluðum eða fyrirhuguðum afköstum í flugtaki, þegar hætt er við lendingu eða í lendingu.

6) Raunverulegt flugtak, aðflug eða lending eða tilraun til flugtaks, aðflugs eða lendingar, með rangan flugham.

7) Högg á stél, skrúfublað/vængenda eða hreyfilhús við flugtak eða lendingu.

8) Aðflugi haldið áfram með hliðsjón af viðmiðunum flugrekanda um stöðugt aðflug.

9) Blindaðflugi haldið áfram niður fyrir birt lágmörk án þess að nauðsynleg kennileiti sjáist.

10) Lending í varúðarskyni eða nauðlending.

11) Stutt og löng lending.

12) Harkaleg lending.

1.4. *Öll stig flugs*

1) Loftfarið verður stjórnlaust.

2) Ójafnvægi í flugstillingum loftfars þar sem loftfarið fer yfir venjulegt kinkhorf, beygjuhalla eða lofthraða, sem hentar ekki aðstæðum.

3) Frávik frá flughæð (e. *level bust*).

4) Virkjun hvers konar flugrammavarnar, þ.m.t. ofrisvara, stýrisstangarhristara, stýrisýtu og sjálfvirkrar varnar.

5) Óviljandi frávik frá áætluðum eða úthlutuðum ferli sem annaðhvort nemur lægsta gildi af tvöfaldri tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu eða 10 sjómílum.

6) Farið yfir þau mörk sem tilgreind eru í flughandbókinni.

7) Starfræksla með rangri stillingu hæðarmælis.

8) Atvik þar sem útblástur þotuhreyfils, niðurstreymi frá þyrli eða skrúfuröst hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

9) Mistúlkun á sjálfstýringarham eða einhverjum upplýsingum úr stjórnklefa, sem flugliðum eru veittar og hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

1.5. *Önnur atvik*

1) Óviljandi losun farms eða annars ytri búnaðar.

2) Næmi á aðstæður tapast (þ.m.t. næmi á umhverfi, ham og kerfi, ruglingur vegna rúms og tíma).

3) Öll atvik þar sem mannleg frammistaða hefur stuðlað beint að eða gæti hafa stuðlað að slysi eða alvarlegu flugatviki.

2. TÆKNILEG ATVIK

2.1. **Burðarvirki og kerfi**

1) Hlutar burðarvirkis loftfars tapast í flugi.

2) Bilun kerfis.

3) Aukageta kerfis tapast.

4) Leki vökva sem hafði í för með sér eldhættu eða mögulega hættulega mengun í burðarvirki loftfars, kerfum eða búnaði loftfarsins eða sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

5) Bilun eða galli í eldsneytiskerfinu, sem hefur haft áhrif á eldsneytisskömmtun og/eða dreifingu eldsneytis.

6) Truflun eða galli í viðvörunarkerfi þegar það leiðir til þess að áhöfninni berst villandi viðvaranir.

7) Óeðlileg virkni stjórntækja, t.d. ósamhverf eða föst stjórntæki (t.d. búnaður sem stýrir lyftikrafti (flöpum/raufungum), viðnámi (lyftispillum) eða horfi loftfars (hallastýrum, hæðarstýrum, hliðarstýrum)).

2.2. **Knúningsafl (þ.m.t. hreyflar, loftskrúfur og þyrilkerfi) og aukaaflstöðvar (APU)**

1) Bilun eða umtalsverðar gangtruflanir í einhverjum hluta eða stýringu loftskrúfu, þyrils eða fullbúins hreyfils.

2) Tjón eða bilun á aðal-/stélþyrli eða aflskiptingu og/eða sambærilegum kerfum.

3) Hreyfilslokknun, stöðvun hreyfils eða aukaaflstöðvar, ef hennar er krafist, meðan á flugi stendur (t.d. í tengslum við fjarflug tveggja hreyfla flugvéla (ETOPS), listi yfir lágmarksbúnað (MEL)).

4) Farið yfir starfrækslumörk hreyfils, þ.m.t. yfirhraði eða þegar ekki er hægt að stjórna hraða háhraðasnúningsíhlutar (t.d. aukaaflstöðvar, loftræsitækis, lofthringrásartækis, lofthverfihreyfils, loftskrúfu eða þyrils).

5) Bilun eða gangtruflanir í einhverjum hluta hreyfils, fullbúins hreyfils, aukaaflstöðvar eða aflskiptingar, sem leiðir til eins eða fleiri eftirfarandi atvika:

a) knývendikerfi starfar ekki eins og til er ætlast,

b) ekki er hægt að hafa stjórn á hreyfilkrafti, kný eða snún./mín. (snúningar á mínútu),

c) íhlutir og brak losna.

3. SAMSKIPTI VIÐ FLUGLEIÐSÖGUÞJÓNUSTU OG REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR

1) Ótrygg flugheimild.

2) Langvarandi fjarskiptarof við flugumferðarþjónustu eða deildir rekstrarstjórnunar flugumferðar.

3) Misvísandi fyrirmæli frá mismunandi flugumferðarþjónustudeildum sem mögulega leiða til aðskilnaðarmissis.

4) Mistúlkun á þráðlausum fjarskiptum sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

5) Vikið frá fyrirmælum flugumferðarstjórnar af ásetningi, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

4. NEYÐARÁSTAND OG AÐRAR HÆTTULEGAR AÐSTÆÐUR

1) Atburður sem veldur því að lýst er yfir neyðarástandi (með útsendingu neyðarkalls („Mayday“) eða áríðandi öryggiskalls („PAN“)).

2) Bruni, bráðnun, reykur, eitraðar lofttegundir, neistahlaup, ofhitun, eldur eða sprenging.

3) Mengað loft í stjórnklefa eða farþegarými, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

4) Flugliðar eða öryggis- og þjónustuliðar beita ekki réttum verklagsreglum við óvenjulegar aðstæður eða þegar neyðarástand skapast.

5) Notkun neyðarbúnaðar eða verklagsreglna við óvenjulegar aðstæður sem hafa áhrif á afköst í flugi eða við lendingu.

6) Bilun í neyðar- eða björgunarkerfi eða -búnaði sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

7) Óviðráðanlegur þrýstingur í farþegarými.

8) Hættulega lítið eldsneytismagn eða eldsneytismagn á ákvörðunarstað er minna en nauðsynlegt neyðareldsneyti.

9) Hvers konar aðstæður þar sem áhöfnin notar súrefniskerfi.

10) Óstarfhæfni einhvers flugliða eða öryggis- og þjónustuliða sem hefur í för með sér að krafan um skráðan lágmarksfjölda í áhöfn er ekki uppfyllt.

11) Þreyta áhafnar hefur áhrif eða gæti hugsanlega haft áhrif á getu hennar til að sinna skyldum sínum með öruggum hætti.

5. YTRA UMHVERFI OG VEÐUR

1) Árekstur eða hætta á árekstri á jörðu niðri eða í lofti, við annað loftfar, jörð eða hindrun ([3]).

2) Ráðleggingar frá árekstrarvarakerfi (ACAS RA).

3) Réttmæt virkjun „viðvörunarkerfis“ til að koma í veg fyrir árekstur við jörð, t.d. jarðvarakerfi (GPWS) eða landslagsgreiningarkerfi (TAWS).

4) Árekstur við villtar lífverur, þ.m.t. árekstur við fugl.

5) Skemmdir af völdum aðskotahluta/braks.

6) Ófyrirséð, lélegt ástand yfirborðs flugbrautar.

7) Flugröst.

8) Loftfarið truflað með skotvopnum, flugeldum, flugdrekum, lýsingu frá leysigeisla, öflugum ljósum, leysigeisla, fjarstýrðum loftfarskerfum, líkani af loftfari eða sambærilegu.

9) Elding sem veldur tjóni á loftfarinu eða því að loftfarskerfi tapast eða bilar.

10) Haglél sem veldur tjóni á loftfarinu eða því að loftfarskerfi tapast eða bilar.

11) Flugatvik í mikilli ókyrrð eða þegar þeir sem eru um borð í loftfarinu verða fyrir áverkum eða þegar talið er nauðsynlegt að skoða loftfar eftir slíkt flug (e. *turbulence check*).

12) Umtalsverð vindhvörf eða þrumuveður, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

([3]) Ökutæki telst vera hindrun.

13) Ísing sem veldur því að erfitt reynist að stjórna loftfarinu, það verður fyrir tjóni eða loftfarskerfi tapast eða bilar.

14) Gosaska.

6. VERND

1) Sprengjuhótun eða flugrán.

2) Erfiðleikar við að hafa stjórn á ölvuðum, ofsafengnum eða óviðráðanlegum farþegum.

3) Laumufarþegi finnst.

II. VIÐAUKI

ATVIK SEM TENGJAST TÆKNILEGUM SKILYRÐUM, VIÐHALDI OG VIÐGERÐUM Á LOFTFÖRUM

1. FRAMLEIÐSLA

Framleiðsluvörur, hlutar eða búnaður frá framleiðslufyrirtækinu sem víkur þannig frá viðeigandi hönnunargögnum að hann getur haft í för með sér hugsanlegt ótryggt ástand, eins og handhafi tegundarvottorðsins eða hönnunarsamþykkis skilgreinir.

2. HÖNNUN

Bilun, ólag, galli eða önnur atvik sem tengjast framleiðsluvöru, hluta eða búnaði, sem hefur leitt til eða getur leitt til ótryggs ástands.

Athugasemd: Þessi skrá gildir um atvik sem hafa áhrif á framleiðsluvöru, hluta eða búnað, sem fellur undir tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, ETSO-heimild, samþykki fyrir hönnun meiriháttar viðgerðar eða önnur viðeigandi samþykki sem talið er að hafi verið gefin út samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 748/2012 ([4]).

3. VIÐHALD OG STJÓRNUN ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFIS

1) Alvarlegt tjón á burðarvirki (t.d. sprungur, varanleg aflögun, laglosun, uppleysing, bruni, mjög mikið slit eða tæring) kemur í ljós við viðhald loftfarsins eða íhlutarins.

2) Alvarlegur leki eða mengun vegna vökva (t.d. glussa, eldsneytis, olíu, gass eða annarra vökva).

3) Bilun eða gangtruflanir í einhverjum hluta hreyfils eða fullbúins hreyfils og/eða aflskiptingu sem hefur í för með sér eitt eða fleiri eftirfarandi atvik:

   a) íhlutir og brak losna,

   b) bilun í hreyfilfestingum.

4) Tjón, bilun eða galli í loftskrúfum, sem kann að leiða til þess að loftskrúfan eða einhver stór hluti af loftskrúfunni skiljist frá í flugi og/eða að ólag verði í stýringu loftskrúfunnar.

5) Tjón, bilun eða galli á gírkassa aðalþyrilsins og festingum hans sem kann að leiða til þess að þyrileiningin skiljist frá í flugi og/eða að ólag verði í þyrilstýringunni.

6) Alvarleg bilun í kerfum eða búnaði sem er mikilvægur varðandi öryggi, þ.m.t. í neyðarkerfi eða búnaði sem notaður er til prófunar við viðhald, eða ekki tekst að virkja þessi kerfi eftir viðhald.

7) Röng samsetning eða uppsetning íhluta loftfarsins sem kemur í ljós við skoðun eða prófun sem ekki er gert ráð fyrir í þessum sérstaka tilgangi.

8) Rangt mat á alvarlegum galla eða alvarlegar vanefndir á því að lista yfir lágmarksbúnað og verklagsreglum fyrir tæknilega leiðarflugbók sé fylgt.

9) Alvarlegt tjón á raflagnasamtengikerfi (EWIS).

10) Galli í mikilvægum hluta, sem hefur takmarkaðan endingartíma, sem verður til þess að honum er skipt út áður en endingartíminn er liðinn.

11) Notkun framleiðsluvara, íhluta eða efnis af óþekktum eða grunsamlegum uppruna eða ónothæfir mikilvægir íhlutir.

12) Misvísandi, röng eða ófullnægjandi viðeigandi viðhaldsgögn eða verklagsreglur vegna viðhalds sem gætu haft í för með sér alvarleg viðhaldsmistök, þ.m.t. í tengslum við tungumál.

13) Ófullnægjandi eftirlit með eða röng beiting viðhaldstakmarkana eða reglubundins viðhalds loftfara.

14) Afhending loftfars að loknu viðhaldi þegar allar kröfur hafa ekki verið uppfylltar sem stofnar flugöryggi í hættu.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

15) Alvarlegar skemmdir á loftfari meðan á viðhaldi stendur vegna rangs viðhalds eða notkunar á óhentugum eða ónothæfum þjónustubúnaði á jörðu niðri sem krefst frekari viðhaldsaðgerða.

16) Atvik, sem tengjast bruna, bráðnun, reyk, neistahlaupi, ofhitun eða eldi, koma í ljós.

17) Öll atvik þar sem mannleg geta, þ.m.t. þreyta starfsfólks, hefur stuðlað beint að eða gæti hafa stuðlað að slysi eða alvarlegu flugatviki.

18) Umtalsverð bilun, vandamál tengd áreiðanleika eða endurtekin vandamál tengd upptökugæðum sem hefur áhrif á flugritakerfi (t.d. ferðritakerfi, skráningarkerfi fyrir gagnatengingar eða hljóðritakerfi) eða skortur á upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að tryggja starfhæfi flugritakerfis.

_____

III. VIÐAUKI

ATVIK SEM TENGJAST FLUGLEIÐSÖGUÞJÓNUSTU OG -VIRKJUM

Athugasemd: Þessi viðauki er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningar þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

1. ATVIK SEM TENGJAST LOFTFÖRUM

1) Árekstur eða hætta á árekstri á jörðu niðri eða í lofti, á milli tveggja loftfara, jörð eða hindrun ([5]), þ.m.t. það að fljúga næstum því í jörð undir fullri stjórn (næstum CFIT).

2) Lágmarksaðskilnaði er ekki haldið ([6]).

3) Ófullnægjandi aðskilnaður ([7]).

4) Ráðleggingar frá árekstrarvarakerfi (ACAS RA).

5) Árekstur við villtar lífverur, þ.m.t. árekstur við fugl.

6) Farið út fyrir akbraut eða flugbraut.

7) Raunverulegur eða hugsanlegur átroðningur inn á akbraut eða flugbraut.

8) Átroðningur inn á lokaaðflugs- og flugtakssvæði.

9) Frávik loftfars frá flugheimild flugumferðarstjórnar.

10) Frávik loftfars frá gildandi reglum rekstrarstjórnunar flugumferðar:

a) frávik loftfars frá gildandi, birtum verklagsreglum rekstrarstjórnunar flugumferðar,

b) loftrýmisátroðningur, þ.m.t. þegar flogið er inn í loftrými án heimildar,

c) frávik frá gildandi reglum um búnað um borð í loftfari og starfrækslu hans í tengslum við rekstrarstjórnun flugumferðar.

11) Atvik sem tengjast misskilningi í tengslum við kallmerki.

2. SKERÐING EÐA ALGJÖRT TAP Á ÞJÓNUSTU EÐA STARFSEMI

1) Ekki reynist unnt að veita þjónustu eða sinna starfsemi á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar:

a) ekki reynist unnt að veita flugumferðarþjónustu eða sinna starfsemi á sviði flugumferðarþjónustu,

b) ekki reynist unnt að veita þjónustu eða sinna starfsemi á sviði stjórnunar loftrýma,

c) ekki reynist unnt að veita þjónustu eða sinna starfsemi á sviði flæðis- og afkastagetustýringar flugumferðar.

2) Upplýsingar frá stuðningsþjónustu (8)eru ekki til staðar eða þær eru að mjög miklu leyti rangar, spilltar, ófullnægjandi eða misvísandi, þ.m.t. í tengslum við slæm skilyrði á yfirborði flugbrautar.

3) Brestur í fjarskiptaþjónustu.

4) Brestur í kögunarþjónustu.

([5]) Ökutæki telst vera hindrun.

([6]) Þetta vísar til aðstæðna þar sem tilgreindum lágmarksaðskilnaði var ekki haldið á milli loftfara eða á milli loftfars og loftrýmis, sem tilgreindur lágmarksaðskilnaður á við um.

([7]) Þegar ekki er mælt fyrir um lágmarksaðskilnað, þá aðstæður þar sem talið var að loftför færu of nálægt hvert öðru þannig að flugmenn gætu ekki tryggt öruggan aðskilnað.

([8]) Til dæmis: flugumferðarþjónusta, sjálfvirkt flugvallarútvarp, veðurþjónusta, flugleiðsögugagnabanki, landabréf, kort, upplýsingaþjónusta flugmála, handbækur.

5) Brestur í gagnavinnslu- og dreifibúnaði eða -þjónustu.

6) Brestur í leiðsöguþjónustu.

7) Brestur í vernd kerfa rekstrarstjórnunar flugumferðar, sem hefur eða kann að hafa bein neikvæð áhrif á örugga veitingu þjónustu.

8) Umtalsvert yfirálag innan svæðis eða í vinnustöðu flugumferðarþjónustu sem leiðir til hugsanlegrar hnignunar á veitingu þjónustu.

9) Röng móttaka eða túlkun á mikilvægum fjarskiptum, þ.m.t. skortur á skilningi tungumálsins, sem er notað, þegar þetta hefur eða kann að hafa bein neikvæð áhrif á örugga veitingu þjónustu.

10) Langvarandi fjarskiptarof við loftfar eða aðra flugumferðarþjónustudeild.

3. **ÖNNUR ATVIK**

1) Lýst er yfir neyðarástandi með útsendingu neyðarkalls („Mayday“ eða „PAN“).

2) Marktæk ytri truflun á flugleiðsöguþjónustu (t.d. útvarpsstöðvar sem senda á FM-tíðnibandi og trufla þannig blindlendingarkerfi (ILS), fjölstefnuvita (VOR) og fjarskipti).

3) Truflun loftfars, flugumferðarþjónustudeildar eða þráðlausrar fjarskiptasendingar, þ.m.t. með skotvopnum, flugeldum, flugdrekum, lýsingu frá leysigeisla, öflugum ljósum frá leysigeisla, fjarstýrðum loftfarskerfum, líkani af loftfari eða sambærilegum aðferðum.

4) Losun eldsneytis.

5) Sprengjuhótun eða flugrán.

6) Þreyta hefur áhrif eða hefur hugsanlega áhrif á getu til að sinna skyldum vegna flugleiðsögu eða flugumferðar með öruggum hætti.

7) Öll atvik þar sem mannleg geta hefur stuðlað beint að eða gæti hafa stuðlað að slysi eða alvarlegu flugatviki.

_____

IV. VIÐAUKI

ATVIK SEM TENGJAST FLUGVÖLLUM OG ÞJÓNUSTU Á JÖRÐU NIÐRI

1. **ÖRYGGISSTJÓRNUN FLUGVALLAR**

Athugasemd: Þessi hluti er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningu þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

1.1. **Atvik sem tengjast loftförum og hindrunum**

1) Árekstur eða hætta á árekstri, á jörðu niðri eða í lofti, við annað loftfar, jörð eða hindrun ([9]).

2) Árekstur við villtar lífverur, þ.m.t. árekstur við fugl.

3) Farið út fyrir akbraut eða flugbraut.

4) Raunverulegur eða hugsanlegur átroðningur inn á akbraut eða flugbraut.

5) Átroðningur inn á eða út af lokaaðflugs- og flugtakssvæði.

6) Heimildum, leiðbeiningum eða takmörkunum er ekki fylgt við starfrækslu/akstur loftfars/ökutækis á athafnasvæði flugvallar (t.d. röng flugbraut, akbraut eða sá hluti flugvallar sem er háður aðgangstakmörkunum).

7) Aðskotahlutur á athafnasvæði flugvallar, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

8) Hindranir á flugvellinum eða í nágrenni flugvallarins, sem eru ekki birtar í flugmálahandbókinni eða í tilkynningum til flugmanna (NOTAM) og/eða sem eru ekki merktar eða lýstar upp á tilhlýðilegan hátt.

9) Truflun af völdum ökutækis, búnaðar eða einstaklings við ýtingu (e. *push-back*), ýtingu með vélarafli (e. *power-back*) eða akstur.

10) Farþegar eða einstaklingar á hlaði án eftirlits.

11) Áhrif vegna útblásturs þotuhreyfils, niðurstreymis frá þyrli eða skrúfurastar.

12) Neyðarástandi lýst yfir með útsendingu neyðarkalls („Mayday“ eða „PAN“).

1.2. **Skerðing eða algjört tap á þjónustu eða starfsemi**

1) Rof eða brestur í fjarskiptum á milli:

a) flugvallar, ökutækis eða annars starfsfólks á jörðu niðri og flugumferðarþjónustudeildar eða hlaðstjórnunarþjónustudeildar,

b) hlaðstjórnunarþjónustudeildar og loftfars, ökutækis eða flugumferðarþjónustudeildar.

2) Veruleg bilun, ólag eða galli í flugvallarbúnaði eða -kerfi, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu eða farþegum þess í hættu.

3) Verulegir annmarkar á lýsingu, merkingum eða skiltum á flugvelli.

4) Bilun í neyðarviðvörunarkerfi flugvallar.

5) Þjónusta vegna björgunar- og slökkvistarfa ekki tiltæk í samræmi við gildandi kröfur.

([9]) Ökutæki telst vera hindrun.

1.3. **Önnur atvik**

1) Eldur, reykur, sprengingar í flugvallarvirkjum, í nágrenni flugvallarins og í flugvallarbúnaði sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

2) Atvik sem tengjast öryggi flugvallar (t.d. ólögleg koma, skemmdarverk, sprengjuhótun).

3) Ekki tilkynnt um umtalsverðar breytingar á rekstrarskilyrðum flugvallar, sem hafa eða gætu hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

4) Afísing/ísingarvörn ekki til staðar, röng eða ófullnægjandi.

5) Umtalsverður leki við áfyllingu eldsneytis.

6) Áfylling mengaðrar eða rangrar eldsneytistegundar eða annarra mikilvægra vökva (þ.m.t. súrefnis, köfnunarefnis, olíu og drykkjarhæfs vatns).

7) Vanræksla við að bregðast við lélegu ástandi yfirborðs flugbrautar.

8) Öll atvik þar sem mannleg geta hefur stuðlað beint að eða gæti hafa stuðlað að slysi eða alvarlegu flugatviki.

2. AFGREIÐSLA LOFTFARS Á JÖRÐU NIÐRI

Athugasemd: Þessi hluti er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningu þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

2.1. **Atvik sem tengjast loftförum og flugvöllum**

1) Árekstur eða hætta á árekstri, á jörðu niðri eða í lofti, við annað loftfar, jörð eða hindrun ([10]).

2) Átroðningur á flugbraut eða akbraut.

3) Farið út fyrir flugbraut eða akbraut.

4) Umtalsverð mengun á burðarvirki loftfars, kerfum og búnaði sem stafar af flutningi farangurs, pósts eða farms.

5) Truflun af völdum ökutækis, búnaðar eða einstaklings við ýtingu (e. *push-back*), ýtingu með vélarafli (e. *power-back*) eða akstur.

6) Aðskotahlutur á athafnasvæði flugvallar, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

7) Farþegar eða einstaklingar á hlaði án eftirlits.

8) Eldur, reykur, sprengingar í flugvallarvirkjum, í nágrenni flugvallarins og í flugvallarbúnaði sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

9) Atvik sem tengjast öryggi flugvallar (t.d. ólögleg koma, skemmdarverk, sprengjuhótun).

2.2. **Skerðing eða algjört tap á þjónustu eða starfsemi**

1) Rof eða brestur í fjarskiptum við loftfar, ökutæki, flugumferðarþjónustudeild eða hlaðstjórnunarþjónustudeild.

2) Veruleg bilun, ólag eða galli í flugvallarbúnaði eða -kerfi, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu eða farþegum þess í hættu.

3) Verulegir annmarkar á lýsingu, merkingum eða skiltum á flugvelli.

([10]) Ökutæki telst vera hindrun.

2.3. **Sérstök atvik sem tengjast flugafgreiðslu**

1) Röng meðhöndlun eða niðurskipan farþega og hleðsla farangurs, pósts eða farms sem líklegt er að hafi umtalsverð áhrif á þyngd og/eða jafnvægi loftfars (þ.m.t. skekkjur í útreikningum í hleðsluskrá).

2) Búnaður til borðgöngu fjarlægður, sem leiðir til þess að farþegum loftfars er stofnað í hættu.

3) Rangur frágangur og festing farangurs, pósts og farms, sem líklegt er að geti á einhvern hátt stofnað loftfarinu, búnaði þess eða þeim sem eru um borð í hættu eða torveldað neyðarrýmingu.

4) Flutningar, tilraun til flutnings eða meðhöndlun hættulegs farms, sem hefur eða gæti hafa stofnað öryggi við starfrækslu í hættu eða leitt til ótryggra skilyrða (t.d. flugatvika sem tengjast hættulegum varningi, eins og það er skilgreint í tæknilegum fyrirmælum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (11)).

5) Ekki farið að ákvæðum um verklag um tengsl milli farangurs og farþega.

6) Ekki farið að skyldubundnum verklagsreglum um flugafgreiðslu og þjónustu við loftför, sérstaklega varðandi afísingu, eldsneytistöku eða hleðslu, þ.m.t. röng staðsetning eða búnaður fjarlægður á rangan hátt.

7) Umtalsverður leki við áfyllingu eldsneytis.

8) Ekki er fyllt á rétt magn eldsneytis en líklegt er að það hafi umtalsverð áhrif á þol, afkastagetu og jafnvægi loftfars og styrkleika burðarvirkis.

9) Áfylling mengaðrar eða rangrar eldsneytistegundar eða annarra mikilvægra vökva (þ.m.t. súrefnis, köfnunarefnis, olíu og drykkjarhæfs vatns).

10) Bilun, ólag eða galli í búnaði á jörðu niðri, sem er notaður til flugafgreiðslu, sem hefur í för með sér skemmdir eða hefur mögulega í för með sér skemmdir á loftfarinu (t.d. dráttarstöng eða aflstöð á jörðu niðri).

11) Afísing/ísingarvörn ekki til staðar, röng eða ófullnægjandi.

12) Tjón á loftfari af völdum búnaðar eða ökutækis sem notað er í tengslum við afgreiðslu loftfars á jörðu niðri, þ.m.t. tjón sem ekki hefur verið tilkynnt um áður.

13) Öll atvik þar sem mannleg geta hefur stuðlað beint að eða gæti hafa stuðlað að slysi eða alvarlegu flugatviki.

_____

(11) Tæknileg fyrirmæli um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis (skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9284).

V. VIÐAUKI

ATVIK SEM TENGJAST LOFTFÖRUM, ÖÐRUM EN FLÓKNUM, VÉLKNÚNUM LOFTFÖRUM, Þ.M.T. SVIFFLUGUM OG FARARTÆKJUM SEM ERU LÉTTARI EN ANDRÚMSLOFTIÐ

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „loftför önnur en flókin, vélknúin loftför“: öll loftför önnur en þau sem skilgreind eru í j-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008,

b) „sviffluga“: eins og skilgreint er í 117. mgr. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ([12]),

c) „farartæki, léttara en andrúmsloftið“: eins og skilgreint er í lið ML10 í hlutanum „Skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í þessari skrá“ í viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ([13]).

1. LOFTFÖR, ÖNNUR EN FLÓKIN, VÉLKNÚIN LOFTFÖR, AÐ UNDANSKILDUM SVIFFLUGUM OG FARARTÆKJUM SEM ERU LÉTTARI EN ANDRÚMSLOFTIÐ

Athugasemd: Þessi hluti er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningu þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna um atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

1.1. **Flugrekstur**

1) Loftfarið verður óviljandi stjórnlaust.

2) Lending utan fyrirhugaðs lendingarsvæðis.

3) Ekki reynist unnt eða það mistekst að ná tilskildum afköstum loftfars, sem gert er ráð fyrir við venjuleg skilyrði við flugtak, klifur eða lendingu.

4) Brautarátroðningur.

5) Farið er út fyrir flugbraut.

6) Öll flug sem farið hafa fram með loftfari sem var ekki lofthæft eða sem undirbúningur flugs var ekki lokið fyrir, sem hafa eða gætu hafa stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

7) Loftfar sem er ekki vottað til að fljúga samkvæmt blindflugsreglum flýgur óviljandi við blindflugsskilyrði eða flugmaður hefur ekki réttindi til að fljúga blindflug, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

8) Óviljandi losun farms ([14]).

1.2. **Tæknileg atvik**

1) Óeðlilega mikill titringur (t.d. sláttur í hallastýri eða hæðarstýri eða í loftskrúfu).

2) Öll stýrakerfi sem virka ekki rétt eða eru aftengd.

3) Bilun í eða umtalsverðar skemmdir á burðarvirki loftfars.

4) Hlutar af burðarvirki eða búnaði loftfars tapast í flugi.

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1).

([14]) Þessi liður gildir aðeins um rekstur í ábataskyni í skilningi i-liðar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

5) Bilun í hreyfli, þyrli, loftskrúfu, eldsneytiskerfi eða öðrum mikilvægum kerfum.

6) Leki vökva sem hefur í för með sér eldhættu eða mögulega, hættulega mengun í burðarvirki, kerfum eða búnaði loftfarsins eða fyrir þá sem eru um borð í loftfarinu.

1.3. **Samskipti við flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar**

1) Samskipti við flugleiðsöguþjónustu (t.d.: röng þjónusta er veitt, misvísandi fjarskipti eða frávik frá heimild), sem hafa eða gætu hafa stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

2) Loftrýmisátroðningur.

1.4. **Neyðarástand og aðrar hættulegar aðstæður**

1) Atvik sem hefur í för með sér að lýst er yfir neyðarástandi með neyðarkalli.

2) Eldur, sprenging, reykur, eitraðar gastegundir eða eitraðar lofttegundir í loftfarinu.

3) Flugmaður verður óstarfhæfur þannig að hann getur ekki innt af hendi skyldur sínar.

1.5. **Ytra umhverfi og veður**

1) Árekstur á jörðu niðri eða í lofti, við annað loftfar, jörð eða hindrun ([15]).

2) Hætta á árekstri á jörðu niðri eða í lofti, við annað loftfar, jörð eða hindrun ([15]), sem krefst neyðarflugbragðs til að forðast árekstur.

3) Árekstur við villtar lífverur, þ.m.t. fugla, sem veldur tjóni á loftfarinu eða því að mikilvæg þjónusta tapast eða raskast.

4) Loftfarið truflað með skotvopnum, flugeldum, flugdrekum, lýsingu frá leysigeisla, öflugum ljósum, leysigeisla, fjarstýrðum loftfarskerfum, líkani af loftfari eða sambærilegum aðferðum.

5) Elding sem veldur tjóni á loftfarinu eða því að virkni loftfars tapast.

6) Flugatvik í mikilli ókyrrð, sem leiðir til þess að þeir sem eru um borð í loftfarinu verða fyrir áverkum eða þegar talið er nauðsynlegt að skoða loftfar eftir slíkt flug.

7) Ísing, þ.m.t. ísing á blöndungi, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

2. SVIFFLUGUR

Athugasemd: Þessi hluti er skipulagður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningar um þessi atvik. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna um atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

2.1. **Flugrekstur**

1) Loftfarið verður óviljandi stjórnlaust.

2) Atvik þar sem flugmaður sviffflugu gat ekki losað vindukapalinn eða flugdráttartaugina og varð að gera það með því að beita verklagsreglum í neyðartilvikum.

3) Losun vindukapals eða flugdráttartaugar, ef losun hefur eða gæti hafa stofnað sviffflugu, farþegum hennar eða öðrum einstaklingum í hættu.

4) Hreyfilbilun í flugtaki, ef um er að ræða vélsviffflugu.

5) Öll flug sem farið hafa fram með sviffflugu sem var ekki lofthæf eða sem undirbúningi flugs var ekki lokið fyrir, sem hafa eða gætu hafa stofnað sviffflugu, farþegum hennar eða öðrum einstaklingum í hættu.

([15]) Ökutæki telst vera hindrun.

2.2. **Tæknileg atvik**

1) Óeðlilega mikill titringur (t.d. sláttur í hallastýri eða hæðarstýri eða í loftskrúfu).

2) Öll stýrakerfi sem virka ekki rétt eða eru aftengd.

3) Bilun í eða umtalsverðar skemmdir á burðarvirki sviffflugu.

4) Hlutar af burðarvirki eða búnaði sviffflugu tapast í flugi.

2.3. **Samskipti við flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar**

1) Samskipti við flugleiðsöguþjónustu (t.d. röng þjónusta er veitt, misvísandi fjarskipti eða frávik frá heimild), sem hafa eða gætu hafa stofnað sviffflugu, farþegum hennar eða öðrum einstaklingum í hættu.

2) Loftrýmisátroðningur.

2.4. **Neyðarástand og aðrar hættulegar aðstæður**

1) Atvik sem hefur í för með sér að lýst er yfir neyðarástandi með neyðarkalli.

2) Aðstæður þar sem ekkert öruggt lendingarsvæði er tiltækt.

3) Eldur, sprenging, reykur, eitraðar gastegundir eða eitraðar lofttegundir í sviffflugunni.

4) Flugmaður verður óstarfhæfur þannig að hann getur ekki innt af hendi skyldur sínar.

2.5. **Ytra umhverfi og veður**

1) Árekstur á jörðu niðri eða í lofti, við loftfar, jörð eða hindrun ([16]).

2) Hætta á árekstri á jörðu niðri eða í lofti, við loftfar, jörð eða hindrun ([16]), sem krefst neyðarflugbragðs til að forðast árekstur.

3) Sviffflugan trufluð með skotvopnum, flugeldum, flugdrekum, lýsingu frá leysigeisla, öflugum ljósum, leysigeisla, fjarstýrðum loftfarskerfum, líkani af loftfari eða sambærilegum aðferðum.

4) Elding sem veldur tjóni á sviffflugunni.

3. FARARTÆKI, LÉTTARI EN ANDRÚMSLOFTIÐ (LOFTBELGIR OG LOFTSKIP)

Athugasemd: Þessi hluti er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningu þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna um atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

3.1. **Flugrekstur**

1) Öll flug sem farið hafa fram með farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið, sem var ekki lofthæft eða sem undirbúningi flugs var ekki lokið fyrir, sem hafa eða gætu hafa stofnað farartækinu, sem er léttara en andrúmsloftið, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

2) Óviljandi slökkt varanlega á gaumljósi.

3.2. **Tæknileg atvik**

1) Bilun í einhverjum eftirfarandi hlutum eða stjórntækjum: röri sem stungið er ofan í eldsneytishylkið, stýristrissu á belgnum, stýrilínu, festireipi, leka frá ventli í brennara, leka frá ventli í eldsneytishylki, karabínum, skemmd á eldsneytisleiðslu, burðargassventli, belgnum eða loftpokanum, blásaranum, þrýstiöryggislokanum (gasloftbelgnum), vindu (tjóðruðum gasloftbelgjum).

2) Umtalsverður leki eða tap á burðargasi (t.d. grop, burðargassventill ekki á sínum stað).

([16]) Ökutæki telst vera hindrun.

3.3. **Samskipti við flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar**

1) Samskipti við flugleiðsöguþjónustu (t.d. röng þjónusta er veitt, misvísandi fjarskipti eða frávik frá heimild), sem hafa eða gætu hafa stofnað farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

2) Loftrýmisátroðningur.

3.4. **Neyðarástand og aðrar hættulegar aðstæður**

1) Atvik sem hefur í för með sér að lýst er yfir neyðarástandi með neyðarkalli.

2) Eldur, sprenging, reykur eða eitraðar lofttegundir í farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið (meira en er eðlilegt við venjulega notkun brennarans).

3) Farþegar farartækis, sem er léttara en andrúmsloftið, kastast úr körfu eða kláfi.

4) Flugmaður verður óstarfhæfur þannig að hann getur ekki innt af hendi skyldur sínar.

5) Starfsfólk á jörðu niðri lyftist upp eða dregst af slysni, sem hefur í för með sér dauðsfall eða áverka einstaklings.

3.5. **Ytra umhverfi og veður**

1) Árekstur eða hætta á árekstri á jörðu niðri eða í lofti, við loftfar, jörð eða hindrun (17), sem hefur eða gæti hafa stofnað farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

2) Farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið, truflað með skotvopnum, flugeldum, flugdrekum, lýsingu frá leysigeisla, öflugu ljósi, leysigeisla, fjarstýrðum loftfarskerfum, líkani af loftfari eða sambærilegum aðferðum.

3) Óvænt óhagstæð veðurskilyrði, sem hafa eða gætu hafa stofnað farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

(17) Ökutæki telst vera hindrun.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1039 2015/EES/74/71

frá 30. júní 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar flugprófanir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB([1]), einkum 5. mgr. 5. gr. og 6. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Breyta ætti reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012([2]) í því skyni að hafa eftirlit með, sem hluta af flugskilyrðum, hæfni og reynslu flugmanna og yfirflugprófunarfræðinga, með hliðsjón af því hversu flóknar framkvæmdar flugprófanir eru og hversu flókið loftfarið er, í því skyni að auka öryggi og samræmingu krafna um hæfni og reynslu áhafnar sem tekur þátt í flugprófunum í Sambandinu.

2) Til að stuðla að öruggri framkvæmd flugprófana ætti einnig að innleiða kröfur, sem gilda um framleiðslu- og hönnunarfyrirtæki sem framkvæma flugprófanir, og kröfu um að til staðar sé handbók um flugprófanir þar sem skilgreind eru stefnumál fyrirtækisins og nauðsynlegar verklagsreglur í tengslum við flugprófanir. Handbókin ætti að innihalda stefnumál og verklagsreglur í tengslum við samsetningu og hæfni áhafnar, hverjir eigi að vera um borð auk flugverjanna, upplýsingar um áhættu- og öryggisstjórnun sem og mælitæki og búnað sem nauðsynlegt er að hafa um borð.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003([3]) hefur verið endurútgefin til glöggvunar. Þar sem vísað er til reglugerðar (EB) nr. 2042/2003 í EASA-eyðublaði nr. 15a, sem mælt er fyrir um í II. viðbæti við I. viðauka (21. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 748/2012, er nauðsynlegt að uppfæra þá tilvísun.

4) Nauðsynlegt er að gefa flugiðnaðinum og aðildarríkjunum nægan tíma til að laga sig að þessum kröfum. Þar af leiðandi ætti að kveða á um viðeigandi umbreytingarákvæði. Þó ætti að fresta gildistökudegi tiltekinna breytinga sökum sérstaks eðlis þeirra.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 277/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting

Ákvæðum 21. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þau aðildarríki sem gáfu út þjóðarskírteini 21. júlí 2015 fyrir áhöfn, sem tekur þátt í flugprófunum, þó ekki flugmenn, geta haldið því áfram í samræmi við landslög sín fram til 31. desember 2017. Handhafar þessara skírteina geta haldið áfram að neyta réttinda sinna fram til þess dags.

2. Eftir 31. desember 2017 geta umsækjendur um eða handhafar flugleyfis haldið áfram að nota þjónustu flugmanna, sem framkvæma reynsluflug í flokki þrjú eða fjögur, eins og um getur í XII. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, og þjónustu flugprófunarfræðinga sem hafa sinnt flugprófunum í samræmi við gildandi reglur landslaga fyrir þessa dagsetningu. Notkun þessarar þjónustu takmarkast við starfssvið áhafnarinnar, sem tekur þátt í flugprófunum, eins og það er ákvarðað fyrir 31. desember 2017.

Starfssvið áhafnarinnar, sem tekur þátt í flugprófunum, skal ákvarðað af umsækjanda um eða handhafa flugleyfis, sem notar eða ætlar sér að nota þjónustu áhafnarinnar, á grundvelli reynslu og þjálfunar áhafnarinnar á sviði flugprófana, sem og á viðeigandi skjölum umsækjanda um eða handhafa flugleyfis. Starfssvið áhafnarinnar, sem tekur þátt í flugprófunum, skal gert aðgengilegt lögbæru yfirvaldi.

Hvers konar viðbót eða aðrar breytingar, sem gerðar eru á starfssviði áhafnarinnar, sem tekur þátt í flugprófunum, sem umsækjandi um eða handhafi flugleyfis, sem notar eða ætlar sér að nota þjónustu áhafnarinnar, hefur ákvarðað fyrir áhöfnina, skulu vera í samræmi við kröfur XII. viðbætis I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

3. Fram til 31. desember 2015 geta lögbær yfirvöld haldið áfram að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorðið EASA-eyðublað nr. 15a, eins og mælt er fyrir um í II. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, sem var í gildi fyrir 21. júlí 2015. Skírteini, sem gefin eru út fyrir 1. janúar 2016, halda gildi sínu þar til þeim hefur verið breytt, þau hafa verið felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð.

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. júlí 2015.

Þó gildir eftirfarandi:

a) ákvæði 2. og 3. liðar í viðaukanum gilda frá 1. janúar 2016 og b-liður þessarar greinar gildir að því marki sem vísað er til í XII. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,

b) ákvæði 6. liðar í viðaukanum, að því er varðar D-lið XII. viðbætis, gilda frá 1. janúar 2018 án þess að hafa áhrif á kröfurnar sem þegar hafa verið innleiddar með I. viðauki (FCL-hluta) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011([4]).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

1) bæta skal eftirfarandi færslu við efnisyfirlitið:

„XII. viðbætir — Flokkar reynsluflugs og tilheyrandi starfsréttindi áhafnar sem tekur þátt í flugprófunum 85“.

2) Eftirfarandi 13. liður bætist við a-lið 21.A.143:

„13. Ef framkvæma á reynsluflug, handbók um flugprófanir þar sem skilgreind eru stefnumál og verklagsreglur fyrirtækisins í tengslum við flugprófanir. Handbókin um flugprófanir skal innihalda:

i. lýsingu á ferlum fyrirtækisins varðandi flugprófanir, þ.m.t. aðild fyrirtækisins, sem annast flugprófanir, að útgáfuferli flugleyfa,

ii. lýsingu á starfsmannastefnu við ráðningu áhafnar, þ.m.t. samsetning, hæfni, reynsla og fartímamörk í samræmi við XII. viðbæti við þennan I. viðauka (21. hluta), eftir atvikum,

iii. ferli varðandi flutning annarra einstaklinga en flugliða og reynsluflugsþjálfun, þegar það á við,

iv. stefnu um áhættu- og öryggisstjórnun og tilheyrandi aðferðir,

v. aðferðir til að auðkenna mælitækin og búnaðinn um borð,

vi. skrá yfir skjöl sem útbúa þarf í tengslum við flugprófanir.“

3) Í stað a-liðar í 21.A.243 komi eftirfarandi:

„a) Hönnunarfyrirtækið skal láta Flugöryggisstofnuninni í té handbók þar sem viðeigandi verklagsreglum og framleiðsluvörum eða breytingum á framleiðsluvörunum, sem á að hanna, er lýst beint eða með millivísunum. Ef framkvæma á flugprófanir skal leggja fram handbók um flugprófanir þar sem skilgreind eru stefnumál og verklagsreglur fyrirtækisins að því er flugprófanir varðar. Handbókin um flugprófanir skal innihalda:

i. lýsingu á ferlum fyrirtækisins varðandi flugprófanir, þ.m.t. aðild fyrirtækisins, sem annast flugprófanir, að útgáfuferli flugleyfa,

ii. lýsingu á starfsmannastefnu við ráðningu áhafnar, þ.m.t. samsetning, hæfni, reynsla og fartímamörk í samræmi við XII. viðbæti við þennan I. viðauka (21. hluta), eftir atvikum,

iii. ferli varðandi flutning annarra einstaklinga en flugliða og reynsluflugsþjálfun, þegar það á við,

iv. stefnu um áhættu- og öryggisstjórnun og tilheyrandi aðferðir,

v. aðferðir til að auðkenna mælitækin og búnaðinn um borð,

vi. skrá yfir skjöl sem útbúa þarf í tengslum við flugprófanir.“

4) Í stað 2. liðar b-liðar 21.A.708 komi eftirfarandi:

„2. hvers konar skilyrði eða takmarkanir, sem settar eru á flugliðana sem eiga að fljúga loftfarinu, til viðbótar við þær sem skilgreindar eru í XII. viðbæti við þennan I. viðauka (21. hluta),“.

5) Í stað II. viðbætis komi eftirfarandi:

„II. viðbætir

Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15a

[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs: ……

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars: .....

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: .....

Raðnúmer loftfars: . .....

telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: . ..... Síðasti gildisdagur: . .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): . .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: . .....

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: . ..... Síðasti gildisdagur: . .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): . .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: . .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: . .....

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: . ..... Síðasti gildisdagur: . .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): . .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: . .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: . .....

EASA-eyðublað nr. 15a, 4. útgáfa

(*) Falli brott fyrir ríki utan ESB.

(**) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum.“

6) Eftirfarandi XII. viðbætir bætist við:

„XII. viðbætir

Flokkar reynsluflugs og tilheyrandi starfsréttindi áhafnar sem tekur þátt í flugprófunum

A. **Almennt**

Í þessum viðbæti eru ákvarðaðar kröfur um starfsréttindi flugliða, sem taka þátt í að reynslufljúga loftförum, sem eru vottuð eða sem á að votta í samræmi við vottunarforskrift CS-23 fyrir loftför með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 2 000 kg eða meiri, vottunarforskriftir CS-25, CS-27, CS-29 eða sambærilegar lofthæfireglur.

B. **Skilgreiningar**

1. „flugprófunarfræðingur“ (e. *flight test engineer*): allir sérfræðingar, sem taka þátt í aðgerðum í tengslum við flugprófanir, hvort heldur sem er á jörðu niðri eða á flugi,

2. „yfirflugprófunarfræðingur“ (e. *lead flight test engineer*): flugprófunarfræðingur sem er úthlutað skyldustörf um borð í loftfari í þeim tilgangi að framkvæma flugprófanir eða aðstoða flugmanninn við starfrækslu loftfarsins og kerfa þess meðan á flugprófunum stendur,

3. „reynsluflug“:

3.1. flug sem farið er í tengslum við þróunarstig nýrrar hönnunar (loftfar, knúningskerfi, hlutir og búnaður),

3.2. flug til að sýna fram á samræmi við vottunargrunn eða samræmi við tegundarhönnun,

3.3. flug þar sem ætlunin er að prófa nýjar hönnunarhugmyndir, sem krefjast óvenjulegra flugbragða eða flugsniða, þar sem hugsanlega gæti þurft að fljúga utan fyrirframsamþykkts flugramma loftfarsins,

3.4. flug sem farið er í tengslum við reynsluflugsþjálfun.

C. **Flokkar reynsluflugs**

1. *Almenn atriði*

Lýsingarnar hér á eftir varða flug sem hönnunar- og framleiðslufyrirtæki framkvæma í samræmi við I. viðauka (21. hluta).

2. *Gildissvið*

Ef fleiri en eitt loftfar er notað við flugprófun skal meta flug hvers loftfars í samræmi við þennan viðbæti til að ákvarða hvort um sé að ræða reynsluflug og, þegar það á við, undir hvaða flokk flugið fellur.

Þær tegundir flugs sem um getur í 3. lið B-liðar í 6. lið eru einu tegundirnar sem falla undir gildissvið þessa viðbætis.

3. *Flokkar reynsluflugs*

Reynsluflugi er skipt í fjóra flokka:

3.1. Flokkur eitt (1)

a) Fyrsta eða fyrstu flug með nýrri tegund loftfars eða loftfars þar sem flug- eða stjórnunareiginleikum hefur hugsanlega verið breytt verulega.

b) Flug þar sem vænta má að fram komi flugeiginleikar sem eru talsvert frábrugðnir þeim sem þegar eru þekktir.

c) Flug, sem farin eru, til að kanna ný eða óvenjuleg hönnunareinkenni eða -tækni.

d) Flug, sem farin eru, til að ákvarða eða víkka flugrammann.

e) Flug til að ákvarða fyrirskipaða afkastagetu, flugeiginleika og stjórnunareiginleika þegar loftfarið nálgast mörk flugrammans.

f) Reynsluflugsþjálfun fyrir reynsluflug í flokki 1.

3.2. Flokkur tvö (2)

a) Flug, sem flokkast ekki sem flug í flokki 1, með loftfarstegund sem enn á eftir að votta.

b) Flug, sem flokkast ekki sem flug í flokki 1, með fyrirframvottaðri loftfarstegund, að lokinni framkvæmd breytingar, sem hefur ekki enn verið samþykkt, og sem:

i. krefjast mats á almennum eiginleikum loftfarsins eða

ii. krefjast mats á almennu verklagi áhafnarinnar þegar nýtt eða breytt kerfi er starfrækt eða þegar þörf er á slíku kerfi eða

iii. þurfa vísvitandi að fara utan marka fyrirframsamþykkts starfræksluramma en innan marka flugrammans sem á að rannsaka.

c) Reynsluflugsþjálfun fyrir reynsluflug í flokki 2.

3.3. Flokkur þrjú (3)

Flug, sem farin eru í tengslum við útgáfu samræmisyfirlýsingar fyrir nýsmíðað loftfar, sem krefjast þess ekki að flogið sé utan markanna sem tilgreind eru í tegundarvottorðinu eða flughandbókinni.

3.4. Flokkur fjögur (4)

Flug, sem flokkast ekki sem flug í flokki 1 eða 2, með fyrirframvottaðri loftfarstegund, að lokinni framkvæmd hönnunarbreytingar sem hefur ekki enn verið samþykkt.

D. **Hæfni og reynsla flugmanna og yfirflugprófunarfræðinga**

1. *Almenn atriði*

Flugmenn og yfirflugprófunarfræðingar skulu hafa þá hæfni og reynslu sem tilgreind er í eftirfarandi töflu.

	Flokkar reynsluflugs			
Loftför	1	2	3	4
Flugvélar í mjötluflokki eða loftför, eins og þau eru skilgreind í CS-23, með hönnunarhraða fyrir bratta lækkun (Md) yfir 0,6 eða hámarksflughæð yfir 7 260 metrum (25 000 fetum) sem og loftför eins og þau eru skilgreind í CS-25, CS-27, CS-29 eða sambærilegum lofthæfireglum.	Hæfnistig 1	Hæfnistig 2	Hæfnistig 3	Hæfnistig 4
Önnur loftför, sem skilgreind eru í CS-23, með skráðan hámarksflugtaksmassa 2 000 kg eða meiri.	Hæfnistig 2	Hæfnistig 2	Hæfnistig 3	Hæfnistig 4

1.1. Hæfnistig 1

1.1.1 Flugmenn skulu uppfylla kröfur I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011([5]).

1.1.2 Yfirflugprófunarfræðingur skal:

a) hafa lokið með fullnægjandi hætti þjálfunarnámskeiði fyrir hæfnistig 1 og

b) hafa að baki a.m.k. 100 fartíma flugreynslu, þ.m.t. reynsluflugsþjálfun.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

1.2. Hæfnistig 2

1.2.1 Flugmenn skulu uppfylla kröfur I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

1.2.2 Yfirflugprófunarfræðingurinn skal:

a) hafa lokið með fullnægjandi hætti þjálfunarnámskeiði fyrir hæfnistig 1 eða 2 og

b) hafa að baki a.m.k. 50 fartíma flugreynslu, þ.m.t. reynsluflugsþjálfun.

Þjálfunarnámskeið fyrir hæfnistig 1 eða 2 fyrir yfirflugprófunarfræðinga skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi námsgreinar:

i. afkastagetu,

ii. stöðugleika og stjórn/stjórneiginleika,

iii. kerfi,

iv. stjórnun prófana og

v. áhættu-/öryggisstjórnun.

1.3. Hæfnistig 3

1.3.1 Flugmaður eða flugmenn skulu a.m.k. hafa undir höndum bæði gilt skírteini fyrir þann flokk loftfara sem á að prófa og sem gefið er út í samræmi við FCL-hlutann og atvinnuflugmannsskírteini. Auk þessa skal flugstjórinn:

a) hafa undir höndum reynsluflugsáritun eða

b) hafa a.m.k. 1 000 fartíma flugreynslu sem flugstjóri loftfara, sem eru álíka flókin og með sambærilega eiginleika, og

c) hafa tekið þátt í, að því er varðar hvern flokk eða tegund loftfars, öllum flugum sem eru hluti af áætluninni sem leiðir til útgáfu sérstaks lofthæfivottorðs fyrir a.m.k. fimm loftför.

1.3.2 Yfirflugprófunarfræðingur skal:

a) uppfylla kröfur fyrir hæfnistig 1 eða 2 eða

b) hafa öðlast umtalsverða flugreynslu, sem skiptir máli að því er verkefnið varðar, og

c) hafa tekið þátt í öllum flugum sem eru hluti af áætluninni sem leiðir til útgáfu sérstaks lofthæfivottorðs fyrir a.m.k. fimm loftför.

1.4. Hæfnistig 4

1.4.1 Flugmaður eða flugmenn skulu a.m.k. hafa undir höndum bæði gilt skírteini fyrir þann flokk loftfara sem á að prófa og sem gefið er út í samræmi við FCL-hlutann og atvinnuflugmannsskírteini. Flugstjórinn skal vera handhafi reynsluflugsáritunar eða hafa a.m.k. 1 000 fartíma að baki sem flugstjóri loftfara sem eru álíka flókin og með sambærilega eiginleika.

1.4.2 Hæfni og reynsla yfirflugprófunarfræðinga er skilgreind í handbókinni um flugprófanir.

2. *Yfirflugprófunarfræðingar*

Yfirflugprófunarfræðingar skulu fá leyfi frá því fyrirtæki sem ræður þá til starfa þar sem fram kemur umfang verkefna þeirra innan fyrirtækisins. Í leyfinu skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn,

b) fæðingardagur og -ár,

c) reynsla og þjálfun,

d) staða innan fyrirtækis,

e) gildissvið leyfisins,

f) dagsetning fyrstu útgáfu leyfisins,

g) dagsetning sem leyfið fellur úr gildi, ef við á, og

h) kenninúmer leyfisins.

Yfirflugprófunarfræðingum skal aðeins úthlutað tiltekið flug ef þeir eru líkamlega og andlega hæfir til að inna af hendi skyldu- og ábyrgðarstörf með öruggum hætti.

Fyrirtækið skal gera allar viðeigandi skrár, sem varða leyfi, aðgengilegar leyfishöfum.

E. **Hæfni og reynsla annarra flugprófunarfræðinga**

Aðrir flugprófunarfræðingar um borð í loftfarinu skulu búa yfir reynslu og þjálfun, sem eru í samræmi við þau störf sem þeim er falið að sinna sem flugverjar og í samræmi við handbókina um flugprófanir, þegar það á við.

Fyrirtækið skal veita hlutaðeigandi flugprófunarfræðingi aðgang að öllum viðeigandi skrám sem varða flugstörf hans.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1315/2013 **2015/EES/74/72**

frá 11. desember 2013

um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 172. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB ([3]) var til glöggvunar endurútgefin með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 661/2010/ESB ([4]).

2) Með áætlanagerð, uppbyggingu og rekstri samevrópska flutninganetsins er stuðlað að nokkrum helstu markmiðum Sambandsins, sem m.a. eru sett fram í stefnumörkun fyrir Evrópu 2020 og hvítbók framkvæmdastjórnarinnar sem ber titilinn „Vegvísir að samevrópsku flutningasvæði – í átt að samkeppnishæfu og auðlindanýtnu flutningakerfi“ (e. *Roadmap to a Single European Transport Area – Towards a competitive and resource efficient transport system*) („hvítbókin“), t.d. snurðulaus starfsemi innri markaðarins og styrking efnahagslegrar, félagslegrar og svæðisbundinnar samheldni. Tiltekin markmið þess fela einnig í sér snurðulausan, öruggan og varanlegan hreyfanleika fyrir fólk og vörur, að tryggja aðgengi og tengjanleika fyrir öll svæði Sambandsins og stuðla að frekari hagvexti og samkeppnishæfni í hnattrænu samhengi. Þessi tilteknu markmið ættu að nást með því að koma á fót samtengingu og rekstrarsamhæfi á milli landsbundinna flutninganeta með tilliti til auðlindanýtni og sjálfbærni. Til dæmis er hægt að auka rekstrarsamhæfi járnbrauta með nýsköpunarlausnum sem miða að því að bæta samhæfi á milli kerfa, t.d. búnaðar um borð og brautarspora með mörgum sporvíddum.

3) Vaxandi umferð hefur haft í för með sér að umferðarteppur myndast sífellt oftar í flutningum á milli landa. Til þess að tryggja hreyfanleika vöru og farþega á milli landa ætti að hámarka afkastagetu samevrópska flutninganetsins ásamt notkun þessarar afkastagetu og, ef nauðsyn krefur, víkka út flutninganetið með því að koma í veg fyrir myndun flöskuhálsa í grunnvirkjum og koma á tengingum, sem vantar á milli grunnvirkja innan aðildarríkja og á milli þeirra, og, eftir því sem við á, nágrannalanda, að teknu tilliti til samningaviðræðna sem eru í gangi við umsóknarlönd og möguleg umsóknarlönd.

4) Eins og fram kemur í hvítbókinni er mögulegt að bæta umtalsvert árangur og skilvirkni í flutningum með því að tryggja betri samþættingu milli flutningsgreina innan netsins, með tilliti til grunnvirkis, upplýsingaflæðis og verklags.

5) Í hvítbókinni er hvatt til útbreiðslu upplýsinga- og fjarskiptatækni í tengslum við flutninga til að tryggja bætta og samþætta umferðarstjórnun og til að einfalda stjórnsýslumeðferð fyrir tilstuðlan bættrar vöruferilsstjórnunar, rakningar ferils farms og bestunar tímaáætlana

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 280/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn og bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins og bókun 37 við EES-samninginn með skrá sem kveðið er á um í 101. gr., birður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 143, 22.5.2012, bls. 130.

([2]) Stjtíð. ESB C 225, 22.7.2012, bls. 150.

([3]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur Bandalagsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins (Stjtíð. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1).

([4]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 661/2010/ESB frá 7. júlí 2010 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins (Stjtíð. ESB L 204, 5.8.2010, bls. 1).

og umferðarflæðis. Þar sem slíkar ráðstafanir stuðla að skilvirkri stjórnun og notkun samgöngugrunnvirkja, ættu þær að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

6) Í stefnunni um samevrópska flutninganetið þarf að taka tillit til þróunar stefnu í flutningamálum og eignarhalds á grunnvirkjum. Aðildarríki eru enn að mestu leyti ábyrg fyrir því að koma á fót og viðhalda samgöngugrunnvirkjum. Þó hafa aðrir aðilar, þ.m.t. samstarfsaðilar úr einkageiranum, einnig komið að framkvæmd fjölþætts samevrópsks flutninganets og fjárfestingum í tengslum við það, þ.m.t. svæðis- og staðaryfirvöld, stjórnendur grunnvirkja, sérleyfishafar eða yfirvöld hafna og flugvalla.

7) Samevrópska flutninganetið samanstendur að miklu leyti af þeim grunnvirkjum sem fyrir eru. Til þess að ná að fullu markmiðum nýju stefnunnar um samevrópskt flutninganet ætti að setja samræmdar kröfur um grunnvirki í reglugerð sem grunnvirki samevrópska flutninganetsins eiga að uppfylla.

8) Byggja ætti upp samevrópska flutninganetið með því að smíða ný samgöngugrunnvirki, endurreisa og endurnýja fyrirliggjandi grunnvirki og með því að gera ráðstafanir sem stuðla að auðlindanýtinni notkun þeirra. Í ákveðnum tilvikum, þar sem reglulegu viðhaldi hefur verið ábótavant, er nauðsynlegt að endurreisa grunnvirki járnbrauta. Endurreisn er ferli, sem hefur í för með sér að upprunalegum byggingaþáttum fyrirliggjandi grunnvirkja járnbrauta er viðhaldið, ásamt því að úrbætur eru gerðar á gæðum þeirra til langs tíma miðað við núverandi ástand, í samræmi við beitingu krafnanna og ákvæðanna í þessari reglugerð.

9) Við framkvæmd verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, ætti að taka tilhlýðilegt tillit til sérstakra aðstæðna einstakra verkefna sem um er að ræða. Þegar unnt er ætti að nýta samlegðaráhrif við önnur stefnumál, t.d. við ferðaþjónustu, með því að taka með í reikninginn mannvirki eins og brýr eða jarðgöng, grunnvirki reiðhjóla í tengslum við reiðahjólastíga fyrir hjólreiðar um langan veg, eins og t.d. EuroVelo-hjólaleiðirnar.

10) Best væri að þróa samevrópska flutninganetið með því að nota tveggja laga skipulag, heildarnet og grunnnet, sem byggist á sameiginlegum og gagnsæjum aðferðum, þar sem þessi tvö lög eru efsta stigið í grunnvirkjaskipulagi innan Sambandsins.

11) Heildarnetið ætti að vera flutninganet fyrir alla Evrópu, sem tryggir aðgengi að öllum svæðum Sambandsins og tengjanleika milli þeirra, þ.m.t. afskekktra svæða, einangraðra svæða og ystu svæða, samanber einnig málefni innan samþættu stefnunnar í málefnum hafsins (e. *Integrated Maritime Policy*), sem ákvörðuð var með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1255/2011 ([5]), og styrkir félagslega og efnahagslega samheldni á milli þeirra. Í viðmiðunarreglunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð („viðmiðunarreglurnar“), ætti að setja fram kröfur um grunnvirki heildarnetsins til þess að stuðla að þróun hágæðanets innan alls Sambandsins eigi síðar en 2050.

12) Í hvítbókinni er einnig viðurkennt að enn sé umtalsverður munur á samgöngugrunnvirkjum í austan- og vestanverðum hluta Sambandsins. Nauðsynlegt er að gera eitthvað til að jafna þennan mun svo unnt sé að samþætta að fullu evrópskt net fyrir samgöngugrunnvirki.

13) Það ætti að vera forgangsverkefni innan ramma heildarnetsins að skilgreina grunnnetið og gera ætti viðeigandi ráðstafanir um uppbygginga þess eigi síðar en 2030. Grunnnetið ætti að vera meginstoðin í uppbyggingu sjálfbærs, fjölþætts flutninganets og það ætti að örva uppbyggingu alls heildarnetsins. Það ætti að gera þeim sem stýra aðgerðum Sambandsins kleift að einblína á þá hluta samevrópska flutninganetsins sem hafa hæstan evrópskan virðisauka, einkum kafla sem liggja yfir landamæri, tengingar sem vantar, fjölþætta tengipunkta og helstu flöskuhálsa, sem þjóna því markmiði í hvítbókinni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutninga um 60%, miðað við lokunarmörk ársins 1990, eigi síðar en 2050.

14) Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum ætti að vera mögulegt að fá undanþágur frá kröfunum um grunnvirki sem gilda um grunnnetið. Þetta ætti að taka til tilvika þegar ekki er unnt að rökstyðja fjárfestingar, t.d. á strjálbýlum svæðum.

15) Viðurkenna ætti sérstaka stöðu járnbrautakerfa, sem eru einangruð eða einangruð að hluta til, með því að veita undanþágur frá tilteknum kröfum um grunnvirki.

16) Þegar endurskoðun á framkvæmd grunnnetsins fer fram, sem ætti að eiga sér stað eigi síðar en 2023, ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til landsbundinna framkvæmdaáætlana og stækkunar í framtíðinni.

17) Samevrópska flutninganetið nær einungis til hluta af fyrirliggjandi flutninganeti. Innan ramma endurskoðunar á framkvæmd grunnnetsins, sem ætti að fara fram eigi síðar en 2023, ætti framkvæmdastjórnin að leggja mat á, í samstarfi við hlutaðeigandi aðildarríki, hvort samþætta eigi netið öðrum hlutum, eins og t.d. skipgengum vatnaleiðum í III. flokki. Með skírskotun til þessarar endurskoðunar ætti framkvæmdastjórnin einnig að meta framvindu verkefnisins og hún ætti að geta, ef nauðsyn krefur, endurskoðað fresti, með tilliti til hvers konar þróunar sem kann að hafa áhrif á líkurnar á því að unnt sé að standa við þessa fresti.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1255/2011 frá 30. nóvember 2011 um að koma á fót áætlun til að styðja við frekari þróun samþættrar stefnu í málefnum hafsins (Stjtíð. ESB L 321, 5.12.2011, bls. 1).

18) Þegar endurskoðunin á framkvæmd grunnnetsins er framkvæmd, eigi síðar en 2023, ætti framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin, að meta hvort fella eigi aðra hluti undir netið, einkum forgangsverkefni samkvæmt ákvörðun nr. 661/2010/ESB.

19) Til þess að koma á fót grunnnetinu á samræmdan og tímanlegan hátt og gera þannig mögulegt að hámarka ávinning af netinu, ættu hlutaðeigandi aðildarríki að tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að ljúka verkefnum, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, eigi síðar en 2030. Að því er varðar heildarnetið ættu aðildarríkin að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að miða að því að ljúka við það og fara að viðeigandi ákvæðum viðmiðunarreglnanna eigi síðar en 2050.

20) Nauðsynlegt er að skilgreina verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem munu stuðla að því að koma á fót samevrópska flutninganetinu og ná markmiðunum ásamt því að samrýmast forgangsverkefnunum sem ákvörðuð eru í viðmiðunarreglunum. Framkvæmd þeirra ætti að miðast við hversu langt þau eru komin, hvort þau uppfylli lagareglur Sambandsins og í hverju ríki fyrir sig sem og aðgang að fjármagni, án þess að fela í sér fjárhagsskuldbindingar fyrir aðildarríki eða Sambandið.

21) Verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, ættu að sýna evrópskan virðisauka. Verkefni, sem ná yfir landamæri, sýna yfirleitt mikinn evrópskan virðisauka en geta haft minni bein efnahagsleg áhrif samanborið við verkefni sem eru eingöngu landsbundin. Slík verkefni sem ná yfir landamæri ættu að falla undir inngrip Sambandsins sem hafa forgang, til þess að tryggja að verkefnunum verði hrint í framkvæmd.

22) Verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem óskað er eftir að Sambandið fjármagni, ættu að gangast undir félagslega og hagræna greiningu ásamt kostnaðar- og ábatagreiningu á grundvelli viðurkenndra aðferða, með tilliti til viðeigandi félagslegs, hagræns, loftslagstengds og umhverfislegs ávinnings og kostnaðar. Kostnaðar- og ábatagreining, sem tengist loftslagstengdum málefnum og umhverfismálum ætti að byggjast á mati á umhverfisáhrifum sem framkvæmt er samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB ([6]).

23) Til að stuðla að því að ná markmiðum hvítbókarinnar um flutninga, að því er varðar að draga úr loftslagsáhrifum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda um 60%, miðað við losunarmörk ársins 1990, eigi síðar en 2050, ætti að meta áhrif gróðurhúsalofttegunda í tengslum við verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem lúta að nýjum, samgöngugrunnvirkjum, þeim sem hafa verið stækkuð eða endurnýjuð.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtíð. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1).

24) Aðrir aðilar en aðildarríkin stýra sumum hlutum netsins. Þó bera aðildarríkin ábyrgð á því að tryggja að löggjöf, sem snýr að netinu, sé beitt með réttum hætti innan yfirráðasvæðis þeirra. Þar sem uppbygging og framkvæmd samevrópska flutninganetsins krefst sameiginlegrar beitingar þessarar reglugerðar ættu allir hlutar netsins að falla undir réttindi og skuldbindingar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, ásamt þeim sem mælt er fyrir um í öðrum viðkomandi lögum Sambandsins og landslögum.

25) Nauðsynlegt er að hafa samstarf við nágrannalönd og þriðju lönd til að tryggja tengingu og rekstrarsamhæfi á milli viðeigandi grunnvirkjaneta. Því ætti Sambandið, eftir því sem við á, að stuðla að verkefnum, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, í samvinnu við þessi lönd.

26) Til að ná að samþætta flutningsmáta innan alls netsins er nauðsynlegt að skipuleggja samevrópska flutninganetið á fullnægjandi hátt. Þetta felur einnig í sér framkvæmd sértækra krafna innan alls netsins að því er varðar grunnvirki, fjarvirknibúnað, búnað og þjónustu. Því er nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi og sameiginlega beitingu slíkra krafna innan Evrópu fyrir hvern flutningsmáta og samtengingu þeirra í öllu samevrópska flutninganetinu sem og víðar, til að öðlast ávinninginn, sem hlýst af áhrifum netsins, og gera skilvirka flutningastarfsemi til langs tíma mögulega.

27) Til þess að ákvarða fyrirliggjandi og fyrirhuguð samgöngugrunnvirki fyrir heildar- og grunnnetið, ætti að leggja fram kort og gera á þeim breytingar þegar fram líða stundir til að taka tillit til þróunar umferðarflæðis. Tæknigrunn þessarar korta er að finna í gagnvirku land- og tækniupplýsingakerfi fyrir samevrópska flutninganetið (TENtec-kerfið), sem felur í sér ítarlegri upplýsingar um samevrópska samgöngugrunnvirkið.

28) Í viðmiðunarreglunum ætti að setja fram forgangsatriði til að gera uppbyggingu samevrópska flutninganetsins mögulega innan tilgreindra tímamarka.

29) Fjarvirknibúnaður er nauðsynlegur til að skapa grundvöll fyrir því að hámarka umferðar- og flutningastarfsemi og umferðaröryggi ásamt því að gera úrbætur á tengdri þjónustu. Upplýsingar fyrir farþega, þ.m.t. upplýsingar um farmiða- og farskráningarkerfi, ætti að veita í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 454/2011 ([7]).

30) Í viðmiðunarreglunum ætti að kveða á um uppbyggingu heildarnetsins, að því er varðar hnútpunkta í þéttbýli, í samræmi við markmið Sambandsins um sjálfbæran hreyfanleika í þéttbýli, þar sem þessir hnútpunktar eru upphafspunktur eða lokaákvörðunarstaður („síðasta mílan“ (e. *last mile*)) farþega og vara sem eru flutt um samevrópska flutninganetið og sem eru skiptipunktar innan eða á milli mismunandi flutningsmáta.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 454/2011 frá 5. maí 2011 um tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „fjarvirknibúnaður fyrir farþegaflutninga“ í samevrópska járnbrautakerfinu (Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2011, bls. 11).

31) Vegna þess hve umfangsmikið samevrópska flutninganetið er ætti það að skapa grunn fyrir umfangsmikla notkun nýrrar tækni og nýsköpunar, sem getur t.d. stuðlað að því að auka heildarnýtni í evrópska flutningageiranum og dregið úr kolefnisspori geirans. Þetta mun stuðla að því að markmiðum stefnumörkunar fyrir Evrópu 2020 og markmiðum hvítbókarinnar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 60% eigi síðar en 2050 (miðað við losunarmörk ársins 1990) verði náð og samtímis stuðla að því að markmiðum um aukið eldsneytisöryggi innan Sambandsins verði náð. Til að ná þessum markmiðum ætti að auka aðgengi að öðru hreinu eldsneyti innan alls samevrópska flutninganetsins. Aðgengi að öðru hreinu eldsneyti ætti að byggjast á eftirspurn eftir þessu eldsneyti og ekki ætti að gera kröfu um aðgengi að öllum tegundum hreins eldsneytis á hverri eldsneytisstöð.

32) Í samevrópska flutninganetinu þarf að tryggja skilvirkar, fjölþættar aðferðir til að auðvelda val á betri og sjálfbærari flutningsmáta fyrir farþega og vörur og til að mögulegt sé að sameina mikið magn sem er flutt um langan veg. Þetta mun leiða til þess að fjölþættir flutningar verða efnahagslega eftirsóknarverðir fyrir farþega, notendur og farmmiðlara.

33) Til að ná fram miklum gæðum og skilvirkni meðal samgöngugrunnvirkja innan mismunandi flutningsmáta ætti við uppbyggingu samevrópska flutninganetsins að taka tillit til öryggis við farþega- og vöruflutninga, framlags til loftslagsbreytinga og áhrifa loftslagsbreytinga og hugsanlegra hamfara af völdum náttúrunnar eða af mannavöldum á grunnvirki og aðgengis fyrir alla flutningsþega.

34) Á skipulagsstigi grunnvirkja ættu aðildarríkin og aðrir skipuleggjendur verkefna að taka tilhlýðilegt tillit til áhættumats og aðlögunarráðstafana sem bæta viðnám gegn loftslagsbreytingum og umhverfisslysum.

35) Aðildarríkin og aðrir skipuleggjendur verkefna ættu að framkvæma umhverfismat á áætlunum og verkefnum, eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 92/43/EBE ([8]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([9]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB ([10]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB ([11]) og tilskipun 2011/92/ESB, til þess að koma í veg fyrir eða, þar sem því verður ekki við komið, að milda eða bæta fyrir neikvæð áhrif á umhverfið, t.d. flokkun landslags, gegndræpi jarðvegs og loft- og vatnsmengun, ásamt hávaða, og til að vernda líffræðilega fjölbreytni á árangursríkan hátt.

36) Taka ætti tillit til verndar umhverfisins og líffræðilegrar fjölbreytni sem og krafna um stefnu í flutningum á skipgengum vatnaleiðum.

37) Aðildarríkin og aðrir forgöngumenn verkefna ættu að tryggja að framkvæmt sé skilvirkt mat á verkefnum, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, og forðast óþarfar tafir.

38) Samgöngugrunnvirki ættu að stuðla að snurðulausum hreyfanleika og aðgengi fyrir alla notendur, einkum aldraða, hreyfihamlaða einstaklinga og fatlaða farþega.

39) Aðildarríkin ættu að framkvæma fyrirframmat á aðgengi að grunnvirki og þjónustu sem því tengist.

40) Grunnnetið ætti að vera undirnet heildarnetsins sem þekur það. Það ætti að fela í sér mikilvægustu hnútpunktana, að því er varðar skipulag og tengingar samevrópska flutninganetsins, í samræmi við þarfir umferðar. Það ætti að vera fjölþætt, þ.e. það ætti að fela í sér alla flutningsmáta og tengingar þeirra sem og viðeigandi umferðar- og upplýsingastjórnunarkerfi.

41) Grunnnetið hefur verið skilgreint á grundvelli hlutlægrar skipulagsaðferðar. Samkvæmt þessari aðferð hafa verið skilgreindir mikilvægustu hnútpunktar í þéttbýli, hnútpunktar hafna og flugvalla sem og landamærastöðva. Þar sem það er mögulegt eru þessir hnútpunktar tengdir fjölþættum tengingum fram til ársins 2030 en þó einungis meðan þeir eru fjárhagslega hagkvæmir, umhverfislega sjálfbærir og gerlegir. Aðferðin hefur tryggt samtengingu allra aðildarríkjanna og samþættingu helstu eysvæða við grunnnetið.

42) Til þess að innleiða grunnnetið innan tilskilinna tímamarka gæti verið hægt að nota aðferð, sem byggist á leiðareinum, til að samræma mismunandi verkefni milli landa ásamt því að samstilla þróun leiðareina og hámarka þannig ávinninginn af netinu. Ekki ber að skilja það svo að þetta tæki sé grunnur að forgangsröðun tiltekinna verkefna grunnnetsins. Leiðareinar grunnnetsins ættu að stuðla að uppbyggingu grunnvirkis grunnnetsins þannig að leitað sé lausna á myndun flöskuhálsa, efla tengingar yfir landamæri og bæta skilvirkni og sjálfbærni. Þær ættu að stuðla að samheldni fyrir tilstuðlan bættrar svæðasamvinnu.

43) Leiðareinar grunnnetsins ættu einnig að taka til stefnumarkmiða í flutningum í víðari skilningi og auðvelda rekstrarsamhæfi, samþættingu á milli flutningsmáta og

([8]) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið (Stjtíð. EB L 197, 21.7.1999, bls. 30).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla (Stjtíð. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7).

fjölþætta starfsemi. Þetta ætti einnig að gera kleift að þróa sérstakar leiðareinar, þar sem hámarksnýting tekur tillit til losunar og þannig eru umhverfisáhrif lágmörkuð og samkeppnishæfni bætt, og sem einnig eru ákjósanlegar vegna áreiðanleika þeirra, takmarkaðrar umferðarteppu og lágs rekstrar- og stjórnsýslukostnaðar. Aðferð, sem byggist á leiðareinum, ætti að vera gagnsæ og skýr og stjórnun slíkra leiðareina ætti hvorki að hafa í för með sér viðbótarstjórnsýslubyrðar né -kostnað.

44) Í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki ættu evrópsku samræmingaraðilarnir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, að greiða fyrir ráðstöfunum til að hanna rétta eftirlits- og stjórnunarkerfið og til að skilgreina fjármögnunarleiðir, bæði hjá einkaaðilum og hinu opinbera, vegna flókinna verkefna sem ná yfir landamæri, fyrir hverja leiðarein grunnnetsins. Evrópskir samræmingaraðilar ættu að greiða fyrir samræmdri framkvæmd leiðareina grunnnetsins.

45) Evrópsku samræmingaraðilarnir gegna mikilvægu hlutverki í þróun helstu leiðareina og samstarfs í tengslum við þær.

46) Leiðareinar grunnnetsins ættu að vera í samræmi við leiðareinar vöruflutninga með járnbrautum, sem komið var á fót í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 913/2010 ([12]) og evrópska framkvæmdaáætlun um evrópskt stjórnunarkerfi fyrir járnbrautarumferð (ERTMS) sem kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/561/EB ([13]).

47) Til þess að hámarka samræmi á milli viðmiðunarreglna og áætlanagerðar viðeigandi fjármögnunarleiða, sem eru aðgengilegar á vettvangi Sambandsins, ætti samevrópska flutninganetið að uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar og einkum að byggjast á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 ([14]). Í samræmi við það ætti það á sama hátt að miða að því að samræma og sameina fjármögnun frá viðkomandi innri og ytri fjármögnunarleiðum, eins og t.d. frá uppbyggingar- og samheldnisjóðum, nágrannafjá rfestingafyrirkomulaginu (NIF) og fjármögnunarleið við foraðildarstuðning (IPA-fjármögnunarleiðin) ([15]) ásamt fjármögnun frá Fjárfestingarbanka Evrópu, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu og öðrum fjármálastofnununum.

48) Til að uppfæra kortin í I. viðauka til að taka tillit til hugsanlegra breytinga vegna raunverulegrar notkunar tiltekinna þátta samgöngugrunnvirkis, sem eru greindir í hlutfalli við fyrirframákveðin magn- og fjöldatakmörk, ætti að framselja valdið til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE), skv. 172. gr., til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar breytingar á I. og II. viðauka. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

49) Við áætlanagerð og skipulagningu verkefna ætti að taka viðeigandi tillit til hagsmuna svæðis- og staðaryfirvalda, sem og borgaralegs samfélags á staðnum, sem verða fyrir áhrifum af völdum verkefnis sem þjónar sameiginlegum hagsmunum.

50) Evrópski og landsbundni ramminn fyrir skipulagningu og framkvæmd samgöngugrunnvirkis, ásamt veitingu flutningsþjónustu, gefur hagsmunaaðilum tækifæri til að stuðla að því að ná markmiðum þessarar reglugerðar. Nýja stjórntækið við framkvæmd samevrópska flutninganetsins, þ.e. leiðareinar grunnnetsins, er öflugt úrræði til að nýta viðeigandi möguleika hagsmunaaðila, efla samstarf á milli þeirra og styrkja fyllingu aðgerða aðildarríkjanna.

51) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([16]).

52) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, einkum samræmdri uppbyggingu samevrópska flutninganetsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna nauðsynjar þess að samræma þessi markmið, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

53) Því ber að fella ákvörðun nr. 661/2010/ESB úr gildi.

54) Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* svo unnt

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 913/2010 frá 22. september 2010 um evrópskt járnbrautarkerfi fyrir samkeppnishæfa farmflutninga (Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 22).

([13]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/561/EB frá 22. júlí 2009 um breytingu á ákvörðun 2006/679/EB að því er varðar framkvæmd tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi sem varðar stjórn- og merkjakerfi samevrópska almenna járnbrautakerfisins(Stjtíð. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 60).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (Stjtíð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129).

([15]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1085/2006 frá 17. júlí 2006 um að koma á fót fjármögnunarleið við foraðildarstuðning (IPA-fjármögnunarleiðin) (Stjtíð. ESB L 210, 31.7.2006, bls. 82).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

sé að samþykkja tímanlega framseldu gerðirnar og framkvæmdargerðirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENNAR MEGINREGLUR

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð eru settar viðmiðunarreglur um uppbyggingu samevrópsks flutninganets, sem samanstendur af tveggja laga skipulagi, heildarneti og grunnneti, þar sem hið síðarnefnda er komið á fót á grunni heildarnetsins.

2. Í þessari reglugerð eru ákvörðuð verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, og tilgreindar kröfurnar sem uppfylla á við stjórnun grunnvirkis samevrópska flutninganetsins.

3. Í þessari reglugerð eru sett fram forgangsatriði við uppbyggingu samevrópska flutninganetsins.

4. Í þessari reglugerð er kveðið á um ráðstafanir um framkvæmd samevrópska flutninganetsins. Framkvæmd verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, ætti að miðast við hversu langt þau eru komin, hvort þau uppfylli lagareglur Sambandsins og í hverju ríki fyrir sig sem og aðgang að fjármagni, án þess að það feli í sér fjárhagsskuldbindingar fyrir aðildarríki eða Sambandið.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um samevrópska flutninganetið eins og sýnt er á kortunum í I. viðauka. Samevrópska flutninganetið samanstendur af samgöngugrunnvirki og fjarvirknibúnaði ásamt ráðstöfunum, sem stuðla að skilvirkri stjórnun og notkun slíkra grunnvirkja, og gerir kleift að stofna og reka sjálfbæra og skilvirka flutningaþjónustu.

2. Grunnvirki samevrópska flutninganetsins samanstendur af grunnvirki fyrir flutninga með járnbrautum, á skipgengum vatnaleiðum, á vegum, sjó og í lofti og fjölþættum flutningum, eins og kveðið er á um í viðeigandi þáttum II. kafla.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „verkefni sem þjónar sameiginlegum hagsmunum“: verkefni sem er framkvæmt samkvæmt kröfum og ákvæðum þessarar reglugerðar,

b) „nágrannaland“: land sem fellur undir gildissvið evrópsku nágrannastefnunnar, þ.m.t. markvisst samstarf, stækkunarstefnu og Evrópska efnahagssvæðið eða Fríverslunarsamtök Evrópu,

c) „þriðja land“: sérhvert nágrannaland eða eitthvert annað land sem Sambandið getur átt í samstarfi við til að ná markmiðum þessarar reglugerðar,

d) „evrópskur virðisauki“: virði verkefnis sem, til viðbótar við hugsanlegt virði fyrir viðkomandi aðildarríki eitt og sér, leiðir til umtalsverðra úrbóta, annaðhvort á flutningstengingum eða flutningaflæði milli aðildarríkjanna sem hægt er að sýna fram á með tilvísun í úrbætur á skilvirkni, sjálfbærni, samkeppnishæfni eða samheldni, í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í 4. gr.,

e) „stjórnandi grunnvirkja“: sérhver aðili eða fyrirtæki sem ber einkum ábyrgð á að koma á fót eða viðhalda samgöngugrunnvirki; þetta getur einnig falið í sér stjórnun grunnvirkjaeftirlits og öryggiskerfa,

f) „fjarvirknibúnaður“: kerfi þar sem notað er upplýsinga-, samskipta-, leiðsögu- eða staðsetningar- eða staðfærslutækni til að stjórna grunnvirki, hreyfanleika og umferð í samevrópska flutninganetinu með skilvirkum hætti, til að veita borgurum og rekstraraðilum virðisaukandi þjónustu, þ.m.t. kerfi fyrir örugga, áreiðanlega, umhverfisvæna og afkastamikla notkun netsins; hann getur einnig tekið til búnaðar um borð, að því tilskildu að hann sé óskiptanlegt kerfi með samsvarandi hlutum grunnvirkis; hann getur tekið til kerfanna, tækninnar og þjónustunnar sem um getur í g- til l-lið,

g) „skynvætt flutningakerfi (ITS)“: kerfi eins og tilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB ([17]),

h) „kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar“: kerfi eins og tilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 ([18]) og evrópsku mynsturáætluninni um rekstrarstjórnun flugumferðar, eins og tilgreint er í reglugerð ráðsins (EB) nr. 219/2007 ([19]),

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skynvæddra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta (Stjtíð. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1).

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26).

([19]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 219/2007 frá 27. febrúar 2007 um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að þróa nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (SESAR) (Stjtíð. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 1).

i) „eftirlits- og upplýsingakerfi fyrir umferð á sjó (VTMIS)“: kerfi sem er notað til að vakta og stjórna umferð og flutningum á sjó, þar sem notaðar eru upplýsingar frá sjálfvirku auðkenniskerfi skipa (AIS), kerfi til auðkennis- og fjarvöktunar skipa (LRIT) og ratsjárkerfum með ströndum fram og þráðlausum fjarskiptum, eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB ([20]), og felur í sér samþættingu landsbundinna tilkynningakerfa um skipakomur fyrir tilstuðlan rafræns tilkynningakerfis í Sambandinu um skipakomur (SafeSeaNet-kerfið),

j) „upplýsingaþjónusta um ár (RIS)“: upplýsinga- og fjarskiptatækni á skipgengum vatnaleiðum eins og tilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB ([21]),

k) „rafrænt upplýsingatæknikerfi til þjónustu á sviði sjóflutninga,“: þjónusta þar sem notuð er þróuð og rekstrarsamhæfð tækni á sviði sjóflutninga til að einfalda stjórnsýslumeðferð og til að auka afköst við flutning farms á sjó og á hafnarsvæðum, þ.m.t. sameiginlegur þjónustugluggi, eins og t.d. samhæfði glugginn fyrir siglingar, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB ([22]), hafnarkerfi Bandalagsins og viðeigandi upplýsingakerfi tolls,

l) „evrópskt stjórnunarkerfi fyrir járnbrautarumferð (ERTMS)“: kerfi sem er skilgreint í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB ([23]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB ([24]),

m) „kafli sem liggur yfir landamæri“: sá kafli sem tryggir samfellu verkefnis, sem þjónar sameiginlegum hagsmunum, á milli þeirra hnútpunkta í þéttbýli sem liggja næst hver öðrum beggja vegna landamæra tveggja aðildarríkja eða á milli aðildarríkis og nágrannalands,

n) „fjölþættir flutningar“: farþega- eða vöruflutningar, eða hvort tveggja, þar sem notaðir eru tveir eða fleiri flutningsmátar,

o) „rekstrarsamhæfi“: eiginleikar, þ.m.t. öll skilyrði varðandi reglur, tækni og rekstur grunnvirkis að því er varðar flutningsmáta, til að gera mögulegt öruggt og óslitið umferðarflæði sem uppfyllir kröfur um tilskilin afköst fyrir viðkomandi grunnvirki eða flutningsmáta,

p) „hnútpunktur í þéttbýli“: þéttbýlissvæði þar sem samgöngugrunnvirki samevrópska flutninganetsins, eins og t.d. hafnir, þ.m.t. farþegamiðstöðvar, flugvellir, járnbrautastöðvar, flutningavettvangur og vöruflutningastöðvar í þéttbýli eða á þéttbýlissvæðum, eru tengd öðrum hlutum þessa grunnvirkis og grunnvirki fyrir svæðisbundna og staðbundna umferð,

q) „flöskuháls“: áþreifanlegur, tæknilegur eða virkur tálmi, sem veldur truflunum á umferð og hefur áhrif á samfellu umferðarflæðis um langan veg eða yfir landamæri og sem hægt er að bæta úr með því að smíða nýtt grunnvirki eða endurnýja umtalsvert fyrirliggjandi grunnvirki, sem gæti haft í för með sér umtalsverðar úrbætur og mun leysa vandamál í tengslum við hömlur sem flöskuhálsar valda,

r) „flutningavettvangur“: svæði sem tengist beint samgöngugrunnvirki samevrópska flutninganetsins, þ.m.t. a.m.k. einni vöruflutningastöð, og sem gerir flutningastarfsemi mögulega,

s) „vöruflutningastöð“: mannvirki þar sem umferming getur farið fram á milli a.m.k. tveggja flutningsmáta eða á milli tveggja mismunandi járnbrautakerfa og þar sem bráðabirgðageymsla vara er staðsett, t.d. hafnir, hafnir við vatnaleiðir, flugvellir og járnbrautastöðvar,

t) „félagsleg og hagræn kostnaðar- og ábatagreining“: magnbundið fyrirframmat á gildi verkefnisins, þar sem byggt er á viðurkenndri aðferðafræði og tekið mið af hvers konar viðeigandi félagslegum, hagrænum, loftslagstengdum og umhverfislegum ávinningi og kostnaði; kostnaðar- og ábatagreining, sem tengist loftslags- og umhverfismálum, skal byggjast á mati á umhverfisáhrifum sem framkvæmt er samkvæmt tilskipun 2011/92/ESB,

u) „einangrað net“: járnbrautakerfi aðildarríkis eða hluta þess þar sem er önnur sporvídd en nafnvídd samkvæmt Evrópustaðli (1 435 mm) og þar sem ekki er hægt að rökstyðja tilteknar stórar fjárfestingar í grunnvirkjum, að því er varðar hagræna kostnaðar- og ábatagreiningu, með því að vísa til sérstakrar sérhæfni netsins sem er afleiðing af landfræðilegri einangrun eða jaðarstaðsetningu,

v) „svæði í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS-svæði)“: svæði eins og skilgreint er í flokkun hagskýrslusvæða,

([20]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10).

([21]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB frá 7. september 2005 um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengnum vatnaleiðum í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 152).

([22]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum og um niðurfellingu á tilskipun 2002/6/EB (Stjtíð. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1).

([23]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB frá 28. mars 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (Stjtíð. ESB L 284, 16.10.2006, bls. 1).

([24]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB frá 7. nóvember 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins og um breytingu á viðauka A við ákvörðun 2006/679/EB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (Stjtíð. ESB L 342, 7.12.2006, bls. 1).

w) „óhefðbundið, hreint eldsneyti“: eldsneyti, eins og t.d. rafmagn, vetni, lífeldsneyti (fljótandi), tilbúið eldsneyti, metan (jarðgas (þjappað jarðgas (CNG) og fljótandi jarðgas (LNG)) og lífmetan) og fljótandi jarðolíugas (LPG), sem kemur a.m.k. að hluta til í stað jarðefnaeldsneytis sem orkugjafi í flutningum, stuðlar að minnkun kolefnislosunar og bætir árangur í umhverfismálum í flutningageiranum.

4. gr.

Markmið samevrópska flutninganetsins

Samevrópska flutninganetið skal styrkja félagslega og efnahagslega samheldni og samheldni milli svæða í Sambandinu og stuðla að því að mynda samevrópskt flutningasvæði, sem er skilvirkt og sjálfbært, eykur ávinning fyrir notendur þess og stuðlar að vexti fyrir alla; það skal sýna fram á evrópskan virðisauka með því að stuðla að markmiðunum sem mælt er fyrir um í eftirfarandi fjórum flokkum:

a) samheldni sem felur í sér:

   i. aðgengi og tengjanleika allra svæða í Sambandinu, þ.m.t. afskekktra svæða, ystu svæða, einangraðra svæða, jaðarsvæða og fjallasvæða sem og strjálbýlla svæða,

   ii. jöfnun gæða grunnvirkja í hinum ýmsu aðildarríkjum,

   iii. samtengingu milli samgöngugrunnvirkja fyrir umferð um langar vegalengdir annars vegar og svæðisbundna og staðbundna umferð hins vegar, bæði að því er varðar umferð með farþega og vörur,

   iv. samgöngugrunnvirki sem endurspeglar sérstakar aðstæður á mismunandi svæðum í Sambandinu og skapar jafna dreifingu á öllum evrópskum svæðum,

b) skilvirkni sem felur í sér:

   i. að koma í veg fyrir myndun flöskuhálsa og koma á tengingum sem vantar, bæði innan samgöngugrunnvirkja og til að tengja á milli þeirra, innan yfirráðasvæða aðildarríkja og á milli þeirra,

   ii. samtengingu og rekstrarsamhæfi landsbundinna flutninganeta,

   iii. hámarkssamþættingu og -samtengingu allra flutningsmáta,

   iv. að efla flutninga, sem eru efnahagslega skilvirkir og af miklum gæðum, til að auka hagvöxt og samkeppnishæfni,

   v. skilvirka notkun á nýjum og fyrirliggjandi grunnvirkjum,

   vi. kostnaðarhagkvæma beitingu nýsköpunartækni og rekstrarhugmynda,

c) sjálfbærni sem felur í sér:

   i. uppbyggingu allra flutningsmáta þannig að tryggt sé að flutningar séu sjálfbærir og efnahagslega skilvirkir til langs tíma,

   ii. að stuðla að markmiðum um litla losun gróðurhúsalofttegunda, hreina flutninga með lítilli kolefnislosun, eldsneytisöryggi, minnkun ytri kostnaðar og umhverfisvernd,

   iii. að hvetja til flutninga með lítilli kolefnislosun með það að markmiði að minnka losun koltvísýrings umtalsvert eigi síðar en 2050, í samræmi við viðeigandi markmið Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings,

d) aukningu ávinnings fyrir notendur sem felur í sér:

   i. að uppfylla þarfir notenda fyrir hreyfanleika og flutninga í Sambandinu og í tengslum við þriðju lönd,

   ii. að setja öruggar og strangar gæðakröfur um farþega- og vöruflutninga,

   iii. að styðja við hreyfanleika ef um er að ræða náttúruhamfarir eða hamfarir af mannavöldum og tryggja aðgengi að neyðar- og björgunarþjónustu,

   iv. að setja kröfur um grunnvirki, sérstaklega á sviði rekstrarsamhæfis og öryggis, sem munu tryggja gæði, skilvirkni og sjálfbærni flutningaþjónustu,

   v. að tryggja aðgengi fyrir aldraða, hreyfihamlaða og fatlaða farþega.

5. gr.

Auðlindanýtið net

1. Samevrópska flutninganetið skal skipulagt, uppbyggt og starfrækt á auðlindanýtinn hátt sem felur í sér:

a) uppbyggingu, úrbætur og viðhald á fyrirliggjandi samgöngugrunnvirkjum,

b) hámarkssamþættingu og -samtengingu grunnvirkja,

c) notkun nýrrar tækni og fjarvirknibúnaðar þar sem slík notkun er studd efnahagslegum rökum,

d) að tillit sé tekið til hugsanlegra samlegðaráhrifa við önnur net, einkum samevrópsk orku- og fjarskiptanet,

e) mat á stefnumarkandi umhverfisáhrifum, með því að koma á fót viðeigandi áætlunum og verkefnum, og á afleiðingum þess að milda áhrif af völdum loftslagsbreytinga,

f) ráðstafanir til að skipuleggja og auka flutningsgetu grunnvirkja, ef nauðsyn krefur,

g) að taka fullnægjandi tillit til þess hve samgöngugrunnvirki eru viðkvæm fyrir loftslagsbreytingum, sem og náttúruhamförum og hamförum af mannavöldum, með það fyrir augum að finna lausn á þessum viðfangsefnum.

2. Við skipulagningu og uppbyggingu samevrópska flutninganetsins skulu aðildarríkin taka til greina sérstakar aðstæður á mismunandi svæðum í Sambandinu, t.d. einkum að því er varðar sjónarmið í ferðaþjónustu og staðfræðilega þætti viðkomandi svæða. Þeim er heimilt að breyta nákvæmri legu hluta akstursleiðar innan markanna, sem tilgreint er í c-lið 4. mgr. 49. gr., á sama tíma og tryggt er að farið sé að kröfunum sem þar eru settar fram.

6. gr.

Tveggja laga skipulag samevrópska flutninganetsins

1. Samevrópska flutninganetið skal byggt upp smám saman, einkum með það að markmiði að koma á tveggja laga skipulagi þess, þar sem beitt er samfelldri og gagnsærri aðferðafræðilegri aðferð sem felur í sér heildarnet og grunnnet.

2. Heildarnetið felur í sér fyrirliggjandi og fyrirhuguð samgöngugrunnvirki samevrópska flutninganetsins ásamt ráðstöfunum þar sem lögð er áhersla á skilvirka, félagslega og umhverfislega sjálfbæra nýtingu slíkra grunnvirkja. Það skal skilgreint og byggt upp í samræmi við II. kafla.

3. Grunnnetið skal fela í sér þá hluta heildarnetsins sem eru skipulagslega mikilvægastir til að ná markmiðunum um uppbyggingu samevrópska flutninganetsins. Það skal skilgreint og byggt upp í samræmi við III. kafla.

7. gr.

Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum

1. Verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, skulu stuðla að uppbyggingu samevrópska flutninganetsins með því að smíða ný samgöngugrunnvirki, endurreisa og endurnýja fyrirliggjandi samgöngugrunnvirki og með því að gera ráðstafanir sem stuðla að auðlindanýtinni notkun þeirra.

2. Verkefni, sem þjónar sameiginlegum hagsmunum, skal:

a) stuðla að markmiðunum sem falla undir a.m.k. tvo flokka af fjórum sem settir eru fram í 4. gr.,

b) uppfylla ákvæði II. kafla og ef það varðar grunnnetið, skal það auk þess uppfylla ákvæði III. kafla,

c) vera fjárhagslega hagkvæmt á grundvelli félagslegrar og hagrænnar kostnaðar- og ábatagreiningar,

d) sýna fram á evrópskan virðisauka.

3. Verkefni, sem þjónar sameiginlegum hagsmunum, getur tekið til alls ferils verkefnisins, þ.m.t. hagkvæmniathugana og leyfismálsmeðferðar, framkvæmdar og mats.

4. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að verkefnin séu framkvæmd í samræmi við viðkomandi lög Evrópusambandsins og landslög, einkum lagagerninga Sambandsins um umhverfismál, loftslagsvernd, öryggi, samkeppni, ríkisaðstoð, opinber innkaup, lýðheilsu og aðgengi.

5. Verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, teljast uppfylla skilyrði um fjárhagsaðstoð Sambandsins samkvæmt þeim fjármögnunarleiðum sem eru tiltækar fyrir samevrópska flutninganetið.

8. gr.

Samstarf við þriðju lönd

1. Sambandið getur stutt verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, þ.m.t. fjárhagslega, til þess að tengja samevrópska flutninganetið við grunnvirkjanet nágrannalanda svo fremi að slík verkefni:

a) tengi grunnnetið við landamærastöðvar og að verkefnin varði grunnvirki sem er nauðsynlegt til að tryggja snurðulaust umferðarflæði, landamæraeftirlit, landamæragæslu og aðrar eftirlitsaðferðir við landamæri,

b) tryggi tengingu á milli grunnnets og flutninganets þriðju landa, með það í huga að auka hagvöxt og samkeppnishæfni,

c) hafi í för með sér að lokið sé við samgöngugrunnvirki í þriðju löndum sem hefur það hlutverk að tengja á milli hluta grunnnetsins í Sambandinu,

d) innleiði umferðarstjórnunarkerfi í þessum löndum,

e) hvetji til flutninga á sjó og efla hraðbrautir hafsins, að undanskildum fjárstuðningi til hafna í þriðju löndum,

f) greiði fyrir flutningum á skipgengum vatnaleiðum til og frá þriðju löndum.

Slík verkefni skulu auka afköst eða nothæfi samevrópska flutninganetsins í einu eða fleiri aðildarríkjum.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. getur Sambandið starfað með þriðju löndum til að hvetja til annarra verkefna án þess að veita fjárstuðning, svo fremi að slík verkefni séu til þess fallin:

a) að efla rekstrarsamhæfi á milli samevrópska flutninganetsins og neta þriðju landa,

b) að hvetja til þess að stefnan um samevrópska flutninganetið sé útvíkkuð til þriðju landa,

c) að greiða fyrir flutningum í lofti til þriðju landa til að hvetja til skilvirks og sjálfbærs hagvaxtar og samkeppnishæfni, þ.m.t. útvíkkunar samevrópska loftrýmisins og bætts samstarfs á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar,

d) að greiða fyrir flutningum á sjó og efla hraðbrautir hafsins til og frá þriðju löndum.

3. Verkefni samkvæmt a- og d-lið 2. mgr. skulu uppfylla viðeigandi ákvæði II. kafla.

4. Í III. viðauka eru leiðbeinandi kort yfir samevrópska flutninganetið sem er víkkað út til tiltekinna nágrannalanda.

5. Sambandið getur notað fyrirliggjandi samstarfs- og fjármögnunarleiðir eða sett á stofn og notað nýjar leiðir í samstarfi við nágrannalönd, t.d. nágrannafjárfestingafyrirko mulagið (NIF) eða fjármögnunarleið við foraðildarstuðning (IPA-fjármögnunarleiðin), við framkvæmd verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum.

6. Ákvæði þessarar greinar falla undir viðeigandi málsmeðferð um alþjóðasamninga eins og hún er sett fram í 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

II. KAFLI

HEILDARNETIÐ

9. gr.

Almenn ákvæði

1. Heildarnetið skal:

a) vera í samræmi við kortin og skrárnar í I. viðauka og 2. hluta II. viðauka,

b) enn fremur tilgreint með lýsingu á hlutum grunnvirkis,

c) uppfylla kröfur um samgöngugrunnvirki sem eru settar fram í þessum kafla,

d) skapa grundvöll fyrir tilgreiningu verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum,

e) taka tillit til áþreifanlegra takmarkana og staðfræðilegra sérkenna samgöngugrunnvirkja í aðildarríkjunum sem eru tilgreind í tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi,

2. Aðildarríki skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að miða að því að ljúka við heildarnetið og fara að viðeigandi ákvæðum þessa kafla eigi síðar en 31. desember 2050.

10. gr.

Almenn forgangsröðun

1. Við uppbyggingu heildarnetsins skulu ráðstafanir njóta almenns forgangs, sem eru nauðsynlegar:

a) til að tryggja aukið aðgengi og tengjanleika fyrir öll svæði í Sambandinu á sama tíma og tekið er tillit til sérstakra einkenna eysvæða, einangraðra neta og strjálbýlla svæða, afskekktra og ystu svæða,

b) til að tryggja hámarkssamþættingu flutningsmáta og rekstrarsamhæfi innan flutningsmáta,

c) til að koma á tengingum sem vantar og koma í veg fyrir myndun flöskuhálsa, einkum á köflum sem liggja yfir landamæri,

d) til að stuðla að skilvirkri og sjálfbærri nýtingu grunnvirkja og, ef nauðsyn krefur, auka afköst,

e) til að bæta eða viðhalda gæðum grunnvirkja, með tilliti til öryggis, áreiðanleika, skilvirkni, loftslags og, eftir því sem við á, viðnáms gegn hamförum, vistvænleika, félagslegra aðstæðna, aðgengis fyrir alla notendur, þ.m.t. aldraða, hreyfihamlaða og fatlaða farþega, gæða þjónustu og samfellu umferðarflæðis,

f) til að framkvæma og stuðla að útbreiðslu fjarvirknibúnaðar og nýsköpunar í tækniþróun.

2. Til fyllingar ráðstöfunum, sem settar eru fram í 1. mgr., skal taka sérstakt tillit til ráðstafana sem eru nauðsynlegar að því er varðar:

a) að tryggja eldsneytisöryggi með aukinni orkunýtni og stuðla að notkun óhefðbundinna orkugjafa og knúningskerfa, sérstaklega þeirra sem hafa litla eða enga kolefnislosun,

b) að milda neikvæð áhrif sökum flutninga með járnbrautum og á vegum sem þéttbýlissvæði verða fyrir,

c) að fjarlægja stjórnsýslulegar og tæknilegar hindranir, einkum að því er varðar rekstrarsamhæfi samevrópska flutninganetsins og samkeppni.

1. ÞÁTTUR

Samgöngugrunnvirki járnbrauta

11. gr.

Hlutar grunnvirkis

1. Samgöngugrunnvirki járnbrauta skulu einkum fela í sér:

a) háhraðajárnbrautir og almennar járnbrautir, þ.m.t.:

i. hliðarspor,

ii. jarðgöng,

iii. brýr,

b) völuflutningastöðvar og flutningavettvangur fyrir umfermingu vara við flutninga með járnbrautum og á milli flutninga með járnbrautum og annarra flutningsmáta,

c) stöðvar meðfram járnbrautum, sem eru tilgreindar í I. viðauka, fyrir skipti á farþegum sem ferðast með járnbrautum og á milli flutninga með járnbrautum og annarra flutningsmáta,

d) tengingar stöðva, vöruflutningastöðva og flutningavettvangs við aðra flutningsmáta innan samevrópska flutninganetsins,

e) tilheyrandi búnað,

f) fjarvirknibúnað.

2. Járnbrautarlínur skulu vera af einni af eftirfarandi gerðum:

a) járnbrautarlínur fyrir háhraðaflutninga, sem eru:

i. sérstaklega lagðar fyrir háhraðalestir og eru gerðar fyrir hraða sem jafngildir 250 km/klst. eða meiri hraða,

ii. sérstaklega lagðar fyrir almennar lestir og gerðar fyrir hraða sem er u.þ.b. 200 km/klst.,

iii. sérstaklega lagðar fyrir háhraðalestir og hafa sérstök einkenni sökum staðhátta, landslags eða nálægðar við þéttbýli þannig að hraðinn verður að ráðast af hverju einstöku tilviki; þess flokkur felur einnig í sér samtengilínur á milli háhraðanets og almenns nets, línur sem liggja um stöðvar, línur við inngang að miðstöðvum, járnbrautavagnageymslum o.s.frv., þar sem háhraðajárnbrautavagnar keyra um á almennum hraða,

b) járnbrautarlínur fyrir almenna flutningastarfsemi.

3. Tæknibúnaður, sem tengist járnbrautalínum, getur verið rafveitukerfi, búnaður til að hleypa farþegum inn og út og lestun eða losun farms á stöðvum, flutningavettvangi og vöruflutningastöðvum. Hann getur tekið til hvers konar aðstöðu, t.d. sjálfvirkrar aðstöðu fyrir skiptingu sporvíddar, sem er nauðsynleg til að tryggja örugga og skilvirka starfsrækslu farartækja, þ.m.t. dregið úr áhrifum þeirra á umhverfið og bætt rekstrarsamhæfi.

12. gr.

Kröfur um samgöngugrunnvirki

1. Vöruflutningastöðvar skulu tengdar vegagrunnvirki eða, þar sem það er mögulegt, grunnvirki skipgengra vatnaleiða í heildarnetinu.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að grunnvirki járnbrauta:

a) sé útbúið evrópsku stjórnunarkerfi fyrir járnbrautarumferð, nema um sé að ræða einangrað net,

b) uppfylli ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB ([25]) og framkvæmdarráðstafanir hennar til að tryggja rekstrarsamhæfi heildarnetsins,

c) uppfylli kröfur um tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi, sem samþykktar eru skv. 6. gr. tilskipunar 2008/57/EB, nema um sé að ræða tilvik sem varða viðeigandi tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi eða samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 9. gr. tilskipunar 2008/57/EB,

d) sé að fullu rafvætt, að því er varðar brautarspor og, eftir því sem þurfa þykir, að því er varðar hliðarspor vegna reksturs rafmagnslesta, nema um sé að ræða einangrað net,

e) uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB ([26]), að því er varðar aðgang að vöruflutningastöðvum.

3. Að beiðni aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin veita undanþágur í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, að því er varðar kröfur sem ganga lengra en kröfur tilskipunar 2008/57/EB varðandi evrópskt stjórnunarkerfi fyrir járnbrautarumferð og rafvæðingu.

13. gr.

Forgangsatriði við uppbyggingu grunnvirkja járnbrauta

Eftirfarandi atriði skulu vera í forgangi við eflingu verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, í tengslum við grunnvirki járnbrauta, til viðbótar við almennu forgangsatriðin sem eru sett fram í 10. gr.:

a) að breiða út evrópskt stjórnunarkerfi fyrir járnbrautarumferð,

b) að skipta yfir í 1 435 mm nafnvídd spors,

c) að milda áhrif af hávaða og titringi af völdum járnbrautaflutninga, einkum með því að gera ráðstafanir sem varða járnbrautarvagna og grunnvirki, þ.m.t. hávaðavarnir,

d) að uppfylla kröfur um grunnvirki og auka rekstrarsamhæfi,

e) að bæta öryggi á mótum brautarteina og akvegar,

([25]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB frá 17. júní 2008 um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu (Stjtíð ESB L 191, 18.7.2008, bls. 1).

([26]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB frá 21. nóvember 2012 um að koma á fót samevrópsku járnbrautarsvæði (Stjtíð. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 32).

f) að tengja saman samgöngugrunnvirki járnbrauta og grunnvirki hafna við skipgengar vatnaleiðir, eftir því sem við á.

2. ÞÁTTUR

Samgöngugrunnvirki skipgengra vatnaleiða

14. gr.

Hlutar grunnvirkis

1. Grunnvirki skipgengra vatnaleiða skulu einkum fela í sér:

a) ár,

b) skurði,

c) stöðuvötn,

d) tengd grunnvirki eins og skipastiga, lyftur, brýr, lón og tengdar ráðstafanir vegna flóðavarna sem geta haft jákvæð áhrif á siglingar á skipgengum vatnaleiðum,

e) hafnir við vatnaleiðir, þ.m.t. nauðsynleg grunnvirki fyrir flutningastarfsemi á hafnarsvæði,

f) tilheyrandi búnað,

g) fjarvirknibúnað, þ.m.t. upplýsingaþjónustu um ár,

h) tengingar hafna við vatnaleiðir við aðra flutningsmáta innan samevrópska flutninganetsins.

2. Til að hafnir við vatnaleiðir teljist hluti af heildarnetinu skal árlegt heildarmagn farms, sem er umskipað í höfnum, vera meira en 500 000 tonn. Árlegt heildarmagn farms, sem er umskipað, skal byggjast á nýjustu tiltæku tölum yfir meðaltal síðustu þriggja ára, sem Hagstofa Evrópusambandsins birtir.

3. Búnaður, sem tengist höfnum við vatnaleiðir, getur tekið til búnaðar fyrir fermingu og affermingu farms í höfnum við vatnaleiðir. Tilheyrandi búnaður getur einkum tekið til knúnings- og stýrikerfa, sem draga úr mengun, eins og t.d. vatns- og loftmengun, orku- og kolefnisnotkun. Hann getur einnig tekið til aðstöðu til að taka á móti úrgangi, aðstöðu fyrir rafmagn frá landi, söfnunarstöðva fyrir notaða olíu, búnaðar fyrir ísbrot, vatnafræðiþjónustu og dýpkunar hafnar sem og aðkomuleiða að höfn til að tryggja að unnt sé að stunda siglingar allt árið.

15. gr.

Kröfur um samgöngugrunnvirki

1. Aðildarríki skulu tryggja að hafnir við vatnaleiðir séu tengdar við grunnvirki vega og járnbrauta.

2. Hafnir við vatnaleiðir skulu bjóða upp á a.m.k. eina vöruflutningastöð, sem er opin öllum rekstraraðilum án mismununar, og þar skal beita gagnsærri gjaldtöku.

3. Aðildarríkin skulu tryggja:

a) að ár, skurðir og stöðuvötn uppfylli lágmarkskröfur um vatnaleiðir í IV. flokki, eins og mælt er fyrir um í nýrri flokkun fyrir skipgengar vatnaleiðir, sem Samband samgönguráðherra í Evrópu (ECMT) hefur ákvarðað, og að fríhæð undir brúm sé samfelld, sbr. þó 35. og 36. gr. þessarar reglugerðar;

framkvæmdastjórnin skal, að ósk aðildarríkis, veita undanþágur frá lágmarkskröfum um djúpristu (minna en 2,5 m) og lágmarkshæð undir brúm (minna en 5,25 m) í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum,

b) að ám, skurðum og stöðuvötnum sé viðhaldið til að viðhafa góða aðstöðu til siglinga, jafnframt því að gildandi umhverfislöggjöf er virt,

c) að ár, skurðir og stöðuvötn séu búin upplýsingaþjónustu um ár.

16. gr.

Forgangsatriði við uppbyggingu grunnvirkja skipgengra vatnaleiða

Eftirfarandi atriði skulu vera í forgangi við eflingu verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, í tengslum við grunnvirki skipgengra vatnaleiða, til viðbótar við almennu forgangsatriðin sem eru sett fram í 10. gr.:

a) að því er varðar fyrirliggjandi skipgengar vatnaleiðir: framkvæmdarráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla kröfur um skipgengar vatnaleiðir í IV. flokki,

b) eftir því sem við á, að uppfylla strangari kröfur, að því er varðar nútímavæðingu fyrirliggjandi vatnaleiða, og að útbúa nýjar vatnaleiðir, í samræmi við tæknilega þætti grunnvirkja Sambands samgönguráðherra í Evrópu, til að uppfylla kröfur markaðarins,

c) að hrinda fjarvirknibúnaði í framkvæmd, þ.m.t. upplýsingaþjónustu um ár,

d) að tengja grunnvirki hafna við vatnaleiðir við vöruflutninga með járnbrautum og samgöngugrunnvirki vega,

e) að veita sérstaka athygli ám sem renna náttúrulega og eru nálægt náttúrulegu ástandi sínu og geta því verið viðfangsefni sértækra ráðstafana,

f) að hvetja til sjálfbærrar flutningastarfsemi á skipgengum vatnaleiðum,

g) að nútímavæða og víkka út afkastagetu grunnvirkisins sem er nauðsynlegt fyrir flutningastarfsemi á hafnarsvæði.

3. ÞÁTTUR

Samgöngugrunnvirki vega

17. gr.

Hlutar grunnvirkis

1. Samgöngugrunnvirki vega skulu einkum fela í sér:

a) hágæðavegi (e. *high-quality roads*), þ.m.t.:

i. brýr,

ii. jarðgöng,

iii. vega- og gatnamót í plani (e. *junctions*)

iv. þveranir (e. *crossings*)

v. mislæg vega- og gatnamót (e. *interchanges*),

vi. vegöxl,

b) bílastæði og áningarstaði,

c) tilheyrandi búnað,

d) fjarvirknibúnað, þ.m.t. skynvædd flutningakerfi,

e) vöruflutningastöðvar og flutningavettvang,

f) tengingar vöruflutningastöðva og flutningavettvangs við aðra flutningsmáta innan samevrópska flutninganetsins,

g) langferðabifreiðastöðvar.

2. Hágæðavegirnir, sem um getur í a-lið 1. mgr., eru vegir sem gegna mikilvægu hlutverki í vöru- og farþegaflutningum um langar vegalengdir, samþætta helstu borgarkjarna og efnahagslega þungamiðju, eru tenging við aðra flutningsmáta og tengja fjallasvæði, afskekkt svæði, landlukt svæði og jaðarsvæði á 2. stigi NUTS við miðlæg landsvæði Sambandsins. Þessum vegum skal viðhalda með fullnægjandi hætti þannig að mögulegt sé að gera ráð fyrir öruggri umferð.

3. Hágæðavegir skulu sérstaklega hannaðir og gerðir fyrir umferð vélknúinna ökutækja og annaðhvort vera stofnvegir með mislægum vegamótum (e. *motorways*), stofnvegir með vegamótum í plani (e. *express roads*) eða almennir stofnvegir (e. *conventional strategic roads*).

a) Stofnvegur með mislægum vegamótum er vegur sem er sérstaklega hannaður og gerður fyrir umferð vélknúinna ökutækja, sem þjónar ekki eignum sem liggja að honum og sem:

i. hefur aðgreindar akbrautir fyrir báðar akstursáttir umferðar, nema á sérstökum stöðum og í bráðabirgðatilvikum, þar sem skilið er á milli akstursátta með umferðareyju, vegriði eða þvíumlíku (e. *dividing strip*), eða, í sérstökum undantekningartilvikum, með öðrum aðferðum,

ii. skerst ekki yfir annan veg, járnbrauta- eða sporvagnsteina, hjólreiðastíga eða göngustíga og

iii. er sérstaklega merktur með skilti sem stofnvegur með mislægum vegamótum.

b) Stofnvegur með vegamótum í plani er vegur sem er sérstaklega hannaður fyrir umferð vélknúinna ökutækja og er fyrst og fremst aðgengilegur frá mislægum vega- og gatnamótum eða vega- og gatnamótum í plani þar sem umferð er stýrt og:

i. þar sem bannað er að stöðva eða leggja ökutæki á akbrautinni og

ii. sem skerst ekki yfir járnbrauta- eða sporvagnsteina.

c) Almennur stofnvegur er vegur sem er hvorki stofnvegur með mislægum vegamótum né stofnvegur með vegamótum í plani en er samt hágæðavegur eins og um getur í 1. og 2. mgr.

4. Búnaður, sem tengist vegum, getur einkum tekið til búnaðar fyrir umferðarstjórnun, upplýsinga- og vegaleiðsögn, búnaðar vegna álagningar notendagjalda, öryggis, til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, fyrir eldsneytistöku eða hleðslu ökutækja, sem nota óhefðbundið knúningsafl, og fyrir örugg bílastæðasvæði fyrir atvinnuökutæki.

18. gr.

Kröfur um samgöngugrunnvirki

Aðildarríkin skulu tryggja:

a) að vegir uppfylli ákvæði a-, b- eða c-liðar 3. mgr. 17. gr.,

b) að öryggi samgöngugrunnvirkja vega sé tryggt, að þau séu vöktuð og, ef nauðsyn krefur, að gerðar séu úrbætur á þeim í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/96/EB ([27]),

c) að veggöng, sem eru meira en 500 m að lengd, uppfylli ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/54/EB ([28]),

([27]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/96/EB frá 19. nóvember 2008 um öryggisstjórnun vegagrunnvirkja (Stjtíð. ESB L 319, 29.11.2008, bls. 59).

([28]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/54/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarksöryggiskröfur fyrir jarðgöng í samevrópska vegakerfinu (Stjtíð. ESB L 167, 30.4.2004, bls. 39).

d) að rekstrarsamhæfi innheimtukerfis vegatolla sé tryggt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/52/EB ([29]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/750/EB ([30]), eftir atvikum,

e) að öll skynvædd flutningakerfi, sem opinbert stjórnvald innleiðir á samgöngugrunnvirkjum vega, séu í samræmi við tilskipun 2010/40/ESB og séu innleidd í samræmi við framseldar gerðir samkvæmt þeirri tilskipun.

19. gr.

Forgangsatriði við uppbyggingu vegagrunnvirkja

Eftirfarandi atriði skulu vera í forgangi við eflingu verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, í tengslum við vegagrunnvirki, til viðbótar við almennu forgangsatriðin sem eru sett fram í 10. gr.:

a) að gera úrbætur á og efla umferðaröryggi,

b) að nota skynvædd flutningakerfi, einkum fjölþættar upplýsingar og umferðarstjórnunarkerfi, og samþætta fjarskipta- og greiðslukerfi,

c) að innleiða nýja tækni og nýsköpun til að hvetja til flutninga með lítilli kolefnislosun,

d) að útvega viðeigandi bílastæði fyrir atvinnubílstjóra með viðeigandi öryggisstigi,

e) að vinna gegn myndun umferðarteppu á vegum úti.

4. ÞÁTTUR

Samgöngugrunnvirki siglinga og hraðbrautir hafsins

20. gr.

Hlutar grunnvirkis

1. Samgöngugrunnvirki siglinga skulu einkum fela í sér:

a) sjósvæði,

b) sjóskipaskurði,

c) hafnir við sjó, þ.m.t. nauðsynleg grunnvirki fyrir flutningastarfsemi á hafnarsvæði,

d) tengingar hafnanna við aðra flutningsmáta innan samevrópska flutninganetsins,

e) flóðgarða, skipastiga og skipakvíar,

f) leiðsögutæki,

g) aðkomuleiðir að höfnum og merktar siglingaleiðir,

h) brimbrjóta,

i) hraðbrautir hafsins,

j) tilheyrandi búnað,

k) fjarvirknibúnað, þ.m.t. rafrænt upplýsingatæknikerfi til þjónustu á sviði sjóflutninga og eftirlits- og upplýsingakerfi fyrir umferð á sjó.

2. Hafnir við sjó skulu vera aðkomu- og brottfararstaðir fyrir grunnvirki heildarnetsins á landi. Þær skulu uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi viðmiðunum:

a) að heildarfarþegafjöldi, sem fluttur er á ári, fari yfir 0,1% af heildarfarþegafjölda sem fluttur er á ári í öllum höfnum við sjó í Sambandinu; viðmiðunarfjöldinn fyrir þennan heildarfjölda eru nýjustu tölur, sem eru tiltækar yfir meðaltal síðustu þriggja ára, sem byggist á tölfræðilegum upplýsingum sem Hagstofa Evrópusambandsins birtir,

b) að árlegt magn farms – annaðhvort afgreiðsla lausavörufarms eða farms sem er ekki lausavörufarmur – fari yfir 0,1% af samsvarandi heildarmagni árlegs farms sem er afgreiddur í öllum höfnum við sjó í Sambandinu; viðmiðunarmagnið fyrir þetta heildarmagn eru nýjustu tölur, sem eru tiltækar yfir meðaltal síðustu þriggja ára, sem byggist á tölfræðilegum upplýsingum sem Hagstofa Evrópusambandsins birtir,

c) að höfn við sjó sé staðsett á eysvæði og sé eini aðgangsstaðurinn að NUTS 3-svæði í heildarnetinu,

d) að höfn við sjó sé staðsett á ysta svæði eða jaðarsvæði, í meira en 200 km radíus frá næstu höfn í heildarnetinu.

3. Búnaður, sem tengist samgöngugrunnvirkjum siglinga, getur einkum tekið til búnaðar fyrir umferðar- og farmstjórnun, búnaðar til að draga úr neikvæðum áhrifum, þ.m.t. neikvæðum umhverfisáhrifum, búnaðar til að nota óhefðbundið eldsneyti sem og búnaðar til að tryggja að unnt sé að stunda siglingar allt árið, þ.m.t. ísbrjótar, vatnafræðilegar athuganir, og búnaðar til dýpkunar, viðhalds og varnar höfnum og aðkomuleiðum að höfn.

21. gr.

Hraðbrautir hafsins

1. Þegar hraðbrautir hafsins standa fyrir þann hluta samevrópska flutninganetsins sem snertir siglingar skulu þær stuðla að því að myndað sé evrópskt sjóflutningasvæði án hindrana. Þær skulu fela í sér stuttar sjóleiðir, hafnir, tilheyrandi grunnvirki siglinga og búnað sem og aðstöðu, ásamt einföldum formsatriðum á sviði stjórnsýslu, sem greiða fyrir flutningum á stuttum sjóleiðum eða þjónustu um sjó og ár, sem er starfrækt a.m.k. á milli tveggja hafna, þ.m.t. tengingar við upplandið. Hraðbrautir hafsins skulu fela í sér:

([29]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/52/EB frá 29. apríl 2004 um rekstrarsamhæfi rafræns vegatollskerfis í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 124).

([30]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/750/EB frá 6. október 2009 um skilgreiningu á evrópsku, rafrænu vegatollþjónustunni og tæknilegum þáttum hennar (Stjtíð. ESB L 268, 13.10.2009, bls. 11).

a) tengingar varðandi sjóflutninga á milli hafna við sjó í heildarnetinu eða á milli hafnar í heildarnetinu og hafnar í þriðja landi þar sem slíkar tengingar hafa skipulagslega þýðingu fyrir Sambandið,

b) hafnaraðstöðu, vöruflutningastöðvar, flutningavettvang og flutningaþorp, sem eru staðsett utan hafnarsvæðis en tengjast hafnarstarfseminni, upplýsinga- og fjarskiptatækni, eins og rafrænt vöruferilsstjórnunarkerfi, og öryggi og reglur um stjórnsýslu og tollafgreiðslu í a.m.k. einu aðildarríki,

c) grunnvirki fyrir beinan aðgang að landi og sjó.

2. Verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, fyrir hraðbrautir hafsins í samevrópska flutninganetinu skulu lögð fram af a.m.k. tveimur aðildarríkjum. Þau skulu fela í sér:

a) tengingu við siglingar og tengingu þeirra við upplandið innan grunnnetsins á milli tveggja eða fleiri hafna í grunnnetinu eða

b) tengingu við siglingar og tengingu þeirra við upplandið á milli hafnar í grunnnetinu og hafna í heildarnetinu, með sérstakri áherslu á tenginguna við upplandið að því er varðar hafnir í grunn- og heildarnetinu.

3. Verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum fyrir hraðbrautir hafsins í samevrópska flutninganetinu geta einnig falið í sér starfsemi, sem hefur í för með sér enn meiri ávinning, og tengist ekki tilteknum höfnum, t.d. þjónustu og aðgerðir til að styðja við hreyfanleika fólks og vara, starfsemi til að bæta vistvænleika, t.d. að veita rafmagni frá landi, sem myndi aðstoða skip við að draga úr losun, aðgerðir sem veita aðgang að aðstöðu fyrir ísbrot, starfsemi sem tryggir að unnt sé að stunda siglingar allt árið, dýpkunarstarfsemi, aðstöðu fyrir eldsneytisáfyllingu óhefðbundins eldsneytis ásamt hámörkun ferla, verklagsreglur og mannlega þætti, upplýsinga- og fjarskiptatækni og upplýsingakerfi, þ.m.t. umferðarstjórnunar- og rafræn tilkynningakerfi.

4. Innan tveggja ára frá því að evrópskur samræmingaraðili fyrir hraðbrautir hafsins er tilnefndur, í samræmi við 45. gr., skal hann leggja fram ítarlega framkvæmdaáætlun fyrir hraðbrautir hafsins á grundvelli fenginnar reynslu og þróunar, sem varðar flutninga á sjó í Sambandinu, ásamt spá um umferð á hraðbrautum hafsins.

22. gr.

Kröfur um samgöngugrunnvirki

1. Aðildarríkin skulu tryggja:

a) að hafnir við sjó séu tengdar járnbrautalínum eða vegum og, ef kostur er, skipgengum vatnaleiðum í heildarnetinu, nema þegar áþreifanlegar takmarkanir koma í veg fyrir slíkar tengingar,

b) að í öllum höfnum við sjó, þar sem veitt er þjónusta fyrir farmflutninga, sé a.m.k. ein miðstöð sem er opin öllum notendum án mismununar og þar sem beitt er gagnsærri gjaldtöku,

c) að sjóskipaskurðir, merktar siglingaleiðir við hafnir og árósa tengi tvö höf eða veiti aðgang frá hafi til hafnar við sjó og uppfylli að lágmarki skilyrðin fyrir skipgenga vatnaleið í VI. flokki.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að í höfnum sé sá búnaður sem er nauðsynlegur til að stuðla að vistvænleika skipa í höfnum, einkum aðstaða til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB ([31]) og í samræmi við aðra viðeigandi löggjöf Sambandsins.

3. Aðildarríkin skulu nota eftirlits- og upplýsingakerfi fyrir umferð á sjó og rafrænt tilkynningakerfi í Sambandinu um skipakomur, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/59/EB, og innleiða rafrænt upplýsingatæknikerfi til þjónustu á sviði sjóflutninga, þ.m.t. sameiginlegan þjónustuglugga fyrir siglingar sem kveðið er á um í tilskipun 2010/65/ESB.

23. gr.

Forgangsatriði við uppbyggingu grunnvirkja siglinga

Eftirfarandi atriði skulu vera í forgangi við eflingu verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, í tengslum við grunnvirki siglinga, til viðbótar við forgangsatriðin sem eru sett fram í 10. gr.:

a) að styðja við hraðbrautir hafsins, þ.m.t. flutninga á stuttum sjóleiðum, greiða fyrir þróun tenginga við upplandið, sérstaklega að gera ráðstafanir til að bæta vistvænleika flutninga á sjó í samræmi við gildandi kröfur samkvæmt löggjöf Sambandsins eða viðeigandi alþjóðasamningum,

b) að tengja saman hafnir við sjó og skipgengar vatnaleiðir,

c) að nota eftirlits- og upplýsingakerfi fyrir umferð á sjó og rafrænt upplýsingatæknikerfi til þjónustu á sviði sjóflutninga,

d) að innleiða nýja tækni og nýsköpun til að auka veg óhefðbundins eldsneytis og orkunýtni sjóflutninga, þ.m.t. fljótandi jarðgass,

e) að nútímavæða og víkka út afkastagetu grunnvirkisins sem er nauðsynlegt fyrir flutningastarfsemi á hafnarsvæðinu.

([31]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum (Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81).

5. ÞÁTTUR

Grunnvirki flutninga í lofti

24. gr.

Hlutar grunnvirkis

1. Grunnvirki flutninga í lofti skulu einkum fela í sér:

a) loftrými, flugleiðir og loftbrautir,

b) flugvellir,

c) tengingar flugvalla við aðra flutningsmáta innan samevrópska flutninganetsins,

d) tilheyrandi búnað,

e) flugleiðsögukerfi, þ.m.t. nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar („rannsóknir og þróun á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar í samevrópska loftrýminu“ (SESAR)).

2. Flugvellir skulu uppfylla eitt af eftirfarandi viðmiðunum:

a) að því er varðar farþegaflugvelli, skal heildarfjöldi farþega á ári vera a.m.k. 0,1% af heildarfjölda farþega á ári á öllum flugvöllum í Sambandinu, nema viðkomandi flugvöllur sé staðsettur í meira en 100 km radíus frá næsta flugvelli í heildarnetinu eða meira en 200 km radíus ef á svæðinu er háhraðajárnbrautarlína,

b) að því er varðar farmflugvelli, skal heildarmagn farms á ári vera a.m.k. 0,2% af heildarmagni farms á öllum flugvöllum í Sambandinu.

Heildarfjöldi farþega og heildarmagn farms byggist á nýjustu tiltæku tölum yfir meðaltal síðustu þriggja ára sem Hagstofa Evrópusambandsins birtir.

25. gr.

Kröfur um samgöngugrunnvirki

1. Aðildarríki skulu tryggja að allir flugvellir á yfirráðasvæði þeirra bjóði upp á a.m.k. eina flugstöð, sem er opin öllum flugrekendum, án mismununar, þar sem beitt er gagnsærri, viðeigandi og sanngjarnri gjaldtöku.

2. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginlegar grunnkröfur um að vernda almenningsflug gegn ólöglegu athæfi, sem Sambandið samþykkti í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 ([32]), gildi um grunnvirki flutninga í lofti í heildarnetinu.

3. Aðildarríki skulu tryggja að grunnvirki rekstrarstjórnunar flugumferðar séu þannig að þau geri framkvæmd samevrópska loftrýmisins mögulega, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ([33]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 ([34]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 ([35]) ásamt reglugerð (EB) nr. 552/2004 og starfsemi flutningaflugs, til þess að auka afkastagetu og sjálfbærni evrópska flugkerfisins og bæta framkvæmdarreglur og forskriftir Sambandsins.

26. gr.

Forgangsatriði við uppbyggingu grunnvirkja flutninga í lofti

Eftirfarandi atriði skulu vera í forgangi við eflingu verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, í tengslum við grunnvirki flutninga í lofti, til viðbótar við forgangsatriðin sem eru sett fram í 10. gr.:

a) að auka afkastageta flugvalla,

b) að styðja við framkvæmd samevrópska loftrýmisins og kerfis rekstrarstjórnunar flugumferðar, einkum kerfin sem nota SESAR-kerfi,

c) að bæta fjölþættar samtengingar á milli flugvalla og grunnvirkja annarra flutningsmáta,

d) að bæta sjálfbærni og milda umhverfisáhrif flugs.

6. ÞÁTTUR

Grunnvirki fjölþættra flutninga

27. gr.

Hlutar grunnvirkis

Vöruflutningastöðvar eða flutningavettvangur skal uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi viðmiðunum:

a) að árleg umferming farms, sem er ekki lausavörufarmur, fari yfir 800 000 tonn eða, að því er varðar lausavörufarm, 0,1% af samsvarandi árlegu heildarmagni farms sem er afgreiddur í öllum höfnum við sjó í Sambandinu,

b) ef engin vöruflutningastöð eða flutningavettvangur uppfyllir skilyrði a-liðar, sem fellur undir svæði á 2. stigs NUTS, að umrædd stöð eða vettvangur, sem hlutaðeigandi

([32]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).

([33]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

([34]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10).

([35]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20).

aðildarríki tilnefnir, sé helsta vöruflutningastöðin eða flutningavettvangurinn sem tengir saman a.m.k. tvo vegi og járnbraut á þessu svæði á 2. stigi NUTS, eða, ef um er að ræða aðildarríki þar sem ekki er járnbrautakerfi, sem tengir aðeins saman vegi.

28. gr.

Kröfur um samgöngugrunnvirki

1. Aðildarríki skulu tryggja á sanngjarnan hátt og án mismununar:

a) að flutningsmátar tengist á einhverjum af eftirfarandi stöðum: vöruflutningastöðvum, farþegastöðvum, höfnum við vatnaleiðir, flugvöllum og höfnum við sjó, til þess að gera mögulega fjölþætta flutninga farþega og farms,

b) að vöruflutningastöðvar og flutningavettvangur, hafnir við vatnaleiðir og sjó og flugvellir, þar sem farmur er afgreiddur, séu búin kerfum til að miðla upplýsingaflæði innan þessara grunnvirkja og á milli flutningsmáta í allri flutningakeðjunni, sbr. þó gildandi lög Sambandsins og landslög; þessi kerfi eru einkum til þess að gera kleift að miðla rauntímaupplýsingum um tiltæk afköst grunnvirkja, umferðarflæði og staðsetja, rekja feril og tryggja öryggi á öllum fjölþættum ferðum,

c) að greitt sé fyrir samfelldri farþegaumferð í öllu heildarnetinu með viðeigandi búnaði og aðgengi að fjarvirknibúnaði á járnbrautastöðvum, langferðabifreiðastöðvum, flugvöllum og, ef við á, í höfnum við sjó og á skipgengum vatnaleiðum, sbr. þó gildandi lög Sambandsins eða landslög.

2. Vöruflutningastöðvar skulu búnar krönum, færiböndum og öðrum tækjum til að færa vörur á milli mismunandi flutningsmáta og til að staðsetja og geyma þær.

29. gr.

Forgangsatriði við uppbyggingu fjölþættra samgöngugrunnvirkja

Eftirfarandi atriði skulu vera í forgangi við eflingu verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, í tengslum við fjölþætt samgöngugrunnvirki, til viðbótar við almennu forgangsatriðin sem eru sett fram í 10. gr.:

a) að sjá fyrir skilvirkri samtengingu og samþættingu grunnvirkja í heildarnetinu, þ.m.t. fyrir tilstuðlan aðgangsgrunnvirkis, ef nauðsyn krefur, og vöruflutningastöðva og flutningavettvangs,

b) að fjarlægja helstu tæknilegar og stjórnsýslulegar hindranir fjölþættra flutninga,

c) að þróa snurðulaust upplýsingastreymi á milli flutningsmáta og sjá til þess að þjónusta fjölþættra og einsleitra flutningsmáta sé veitt í öllu samevrópska flutningakerfinu.

7. ÞÁTTUR

Sameiginleg ákvæði

30. gr.

Hnútpunktar í þéttbýli

Við uppbyggingu heildarnetsins í hnútpunktum í þéttbýli skulu aðildarríki, þegar kostur er, miða að því að tryggja:

a) að því er varðar farþegaflutninga, samtengingu á milli grunnvirkis járnbrauta, vega, flutninga í lofti og, eins og við á, grunnvirkis skipgengra vatnaleiða og siglinga í heildarnetinu,

b) að því er varðar vöruflutninga, samtengingu á milli grunnvirkis járnbrauta, vega og, eins og við á, grunnvirkis skipgengra vatnaleiða, flutninga í lofti og siglinga í heildarnetinu,

c) fullnægjandi tengingu á milli mismunandi járnbrautastöðva, hafna eða flugvalla í heildarnetinu innan hnútpunkts í þéttbýli,

d) snurðulausa tengingu á milli grunnvirkja í heildarnetinu og grunnvirkja fyrir svæðisbundna og staðbundna umferð og afhendingu farms í þéttbýli, þ.m.t. samsöfnunar- og dreifingarmiðstöðvar á sviði flutninga,

e) mildun váhrifa á þéttbýlissvæðum sökum neikvæðra áhrifa gegnumferðar flutninga með járnbrautum og á vegum, sem getur falið í sér að sneiða hjá þéttbýlissvæðum,

f) eflingu skilvirkra aðferða við afhendingu farms í þéttbýli með sem minnstum hávaða og sem minnstri kolefnislosun.

31. gr.

Fjarvirknibúnaður

1. Fjarvirknibúnaður skal vera þannig að hann auðveldi umferðarstjórnun og upplýsingaskipti innan og á milli flutningsmáta í fjölþættum flutningarekstri og virðisaukandi þjónustu, sem tengist flutningum, bæti öryggi og vistvænleika og einfaldi stjórnsýslumeðferð. Fjarvirknibúnaður skal greiða fyrir snurðulausri tengingu á milli grunnvirkja í heildarnetinu og grunnvirkja svæðisbundinna og staðbundinna flutninga.

2. Fjarvirknibúnaður skal notaður, þar sem kostur er, innan alls Sambandsins til að skapa rekstrarsamhæfðan grunn fyrir afkastagetu í öllum aðildarríkjunum.

3. Fjarvirknibúnaðurinn, sem um getur í þessari grein, skal, að því er varðar viðkomandi flutningsmáta, einkum taka til:

– að því er varðar járnbrautir: evrópsks stjórnunarkerfis fyrir járnbrautarumferðar,

– að því er varðar skipgengar vatnaleiðir: upplýsingaþjónustu um ár,

– að því er varðar flutninga á vegum: skynvætts flutningakerfis,

– að því er varðar sjóflutninga: eftirlits- og upplýsingakerfis fyrir umferð á sjó og rafræns upplýsingatæknikerfis til þjónustu á sviði sjóflutninga, þ.m.t. sameiginlegs þjónustuglugga, eins og staka gluggans fyrir siglingar, hafnarkerfis Bandalagsins og viðeigandi upplýsingakerfis tolls,

– að því er varðar flutninga í lofti: kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, einkum þau kerfi sem varða SESAR-kerfið.

32. gr.

Sjálfbær vöruflutningaþjónusta

Aðildarríki skulu gefa verkefnum, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sérstakan gaum, sem taka bæði til hagkvæmrar þjónustu í tengslum við vöruflutninga, þar sem notað er grunnvirki í heildarnetinu, og stuðla að því að draga úr losun koltvísýrings og öðrum neikvæðum umhverfisáhrifum og sem miða að því:

a) að bæta sjálfbæra nýtingu samgöngugrunnvirkja, þ.m.t. skilvirka stjórnun þeirra,

b) að stuðla að útbreiðslu nýjunga í flutningaþjónustu, þ.m.t. fyrir tilstuðlan hraðbrauta hafsins, fjarvirknibúnaðar og uppbyggingar viðbótargrunnvirkja, sem eru nauðsynleg til að ná helstu markmiðum þeirrar þjónustu sem tengjast umhverfis- og öryggismálum ásamt því að koma á fót viðeigandi eftirlits- og stjórnunarkerfum,

c) að greiða fyrir fjölþættri flutningastarfsemi, þ.m.t. nauðsynlegu upplýsingaflæði, og að bæta samstarf á milli veitenda flutningaþjónustu,

d) að efla auðlinda- og kolefnisnýtni, einkum að því er varðar dráttarafl ökutækja, flutninga á landi og sjó, kerfa- og rekstrarskipulag,

e) að greina og veita upplýsingar um einkenni flota og afköst, stjórnsýslukröfur og mannauð,

f) að bæta tengingar við viðkvæmustu og einangruðustu hluta Sambandsins, einkum ystu svæði, eysvæði, afskekkt svæði og fjallasvæði.

33. gr.

Tækninýjungar og nýsköpun

Til þess að heildarnetið haldi í við þróun og útbreiðslu tækninýjunga skal markmiðið einkum vera:

a) að styðja við og stuðla að því að minnka kolefnislosun á sviði flutninga með því að skipta yfir í nýja og sjálfbæra flutningatækni,

b) að gera kleift að minnka kolefnislosun á sviði allra flutningsmáta með því að hvetja til orkunýtni, innleiða önnur knúningskerfi, þ.m.t. rafveitukerfi, og sjá til þess að samsvarandi grunnvirki séu fyrir hendi; slík grunnvirki geta tekið til rafveituneta og annarrar nauðsynlegrar aðstöðu til að afhenda orku og enn fremur geta þau tekið tillit til tengingar milli ökutækja og grunnvirkja og falið í sér fjarvirknibúnað,

c) að auka öryggi og sjálfbærni við för fólks og flutning á vörum,

d) að bæta rekstur, stjórnun, aðgengi, rekstrarsamhæfi, fjölþættingu og skilvirkni netsins, þ.m.t. fyrir tilstuðlan fjölþættrar miðasölu og samræmingar ferðaáætlana,

e) að stuðla að skilvirkum aðferðum til að veita aðgengilegar og ítarlegar upplýsingar til handa öllum borgurum að því er varðar samtengingar, rekstrarsamhæfi og fjölþættingu,

f) að stuðla að gerð ráðstafana til að draga úr ytri kostnaði, eins og t.d. umferðarteppum, heilsutjóni og hvers konar mengun, þ.m.t. hávaðamengun og losun,

g) að innleiða öryggistækni og samsvarandi skilgreiningarstaðla í tengslum við netin,

h) að bæta viðnám gegn loftslagsbreytingum,

i) að vinna áfram að þróun og útbreiðslu fjarvirknibúnaðar innan flutningsmáta og milli þeirra.

34. gr.

Örugg og áreiðanleg grunnvirki

Aðildarríki skulu sjá til þess með tilhlýðilegum hætti að tryggt sé að samgöngugrunnvirki séu örugg og áreiðanleg fyrir farþega- og vöruflutninga.

35. gr.

Viðnám grunnvirkja gegn loftslagsbreytingum og umhverfisslysum

Á skipulagsstigi grunnvirkja skulu aðildarríkin taka tilhlýðilegt tillit til þess að bæta viðnám gegn loftslagsbreytingum og umhverfisslysum.

36. gr.

Umhverfisvernd

Umhverfismat á áætlunum og verkefnum skal fara fram í samræmi við lög Sambandsins um umhverfið, þ.m.t. tilskipanir 92/43/EBE, 2000/60/EB, 2001/42/EB, 2009/147/EB og 2011/92/ESB.

37. gr.

Aðgengi fyrir alla notendur

Samgöngugrunnvirki skulu stuðla að snurðulausum hreyfanleika og aðgengi fyrir alla notendur, einkum aldraða, hreyfihamlaða einstaklinga og fatlaða farþega.

Við hönnun og smíði samgöngugrunnvirkja skulu uppfylltar viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins.

III. KAFLI

GRUNNNETIÐ

38. gr.

Tilgreining grunnnetsins

1. Grunnnetið, eins og það er sýnt á kortunum í I. viðauka, skal fela í sér þá hluta heildarnetsins sem eru skipulagslega mikilvægastir til að ná markmiðum stefnumála um samevrópska flutninganetið og endurspegla þróun umferðarþarfar og þarfar fyrir fjölþætta flutninga. Það skal einkum stuðla að því að fundin sé lausn á auknum hreyfanleika og tryggja strangar öryggiskröfur ásamt því að stuðla að uppbyggingu flutningakerfis þar sem kolefnislosun er lítil.

2. Grunnnetið skal tengt saman í hnútpunktum og gera kleift að tengja saman netkerfi samgöngugrunnvirkja aðildarríkjanna og nágrannalandanna.

3. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að byggja upp grunnnetið þannig að það uppfylli ákvæðin í þessum kafla eigi síðar en 31. desember 2030, sbr. þó 4. mgr. 1. gr. og 2. og 3. mgr. 41. gr.

Í samræmi við 54. gr. skal framkvæmdastjórnin meta framkvæmd grunnnetsins eigi síðar en 31. desember 2023.

39. gr.

Kröfur um grunnvirki

1. Taka skal tillit til nýsköpunartækni, fjarvirknibúnaðar og reglu- og stjórnsýsluráðstafana við stjórnun á notkun grunnvirkja til að tryggja auðlindanýtni samgöngugrunnvirkja, að því er varðar farþega- og vöruflutninga og sjá til þess að fullnægjandi afkastageta sé fyrir hendi.

2. Grunnvirki grunnnetsins skal uppfylla allar kröfurnar sem settar eru fram í II. kafla. Að auki skulu grunnvirki grunnnetsins uppfylla eftirfarandi kröfur, sbr. þó 3. mgr.:

a) að því er varðar samgöngugrunnvirki járnbrauta:

   i. fulla rafvæðingu brautarspora og, eftir því sem nauðsyn krefur, að því er varðar rekstur hliðarspora rafmagnslesta,

   ii. vöruflutningalínur í grunnnetinu, eins og vísað er til í I. viðauka: a.m.k. 22,5 tonna álag á ás, 100 km/klst. sporhraði og möguleikinn á að nota lestir sem eru 740 m að lengd,

   iii. fulla innleiðingu evrópsks stjórnunarkerfis fyrir járnbrautarumferð,

   iv. nafnvídd spors á nýjum járnbrautalínum: 1 435 mm nema þegar um er að ræða nýja línu, sem er framlenging á neti, sem hefur aðra sporvídd og er ekki tengd aðaljárnbrautalínunum í Sambandinu;

   einangruð net eru undanþegin i.–iii. kröfu,

b) að því er varðar samgöngugrunnvirki skipgengra vatnaleiða og siglinga:

   – aðgang að óhefðbundnu, hreinu eldsneyti,

c) að því er varðar samgöngugrunnvirki vega:

   – kröfurnar samkvæmt a- eða b-lið 3. mgr. 17. gr.,

   – uppbygging áningarstaða á stofnvegum með mislægum vegamótum með u.þ.b. 100 km millibili í samræmi við þarfir samfélagsins, markaðarins og umhverfisins, m.a. til að útvega viðeigandi, örugg og áreiðanleg bílastæði fyrir þá sem nota vegina í atvinnuskyni,

   – aðgang að óhefðbundnu hreinu eldsneyti,

d) að því er varðar samgöngugrunnvirki flutninga í lofti:

   – möguleikann á að hafa aðgang að óhefðbundnu, hreinu eldsneyti.

3. Með fyrirvara um tilskipun 2008/57/EB, getur framkvæmdastjórnin, að ósk aðildarríkis, veitt undanþágu, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, að því er varðar samgöngugrunnvirki járnbrauta, varðandi lengd lesta, evrópska stjórnunarkerfið fyrir járnbrautarumferð, álag á ás, rafvæðingu og hraða á spori.

Framkvæmdastjórnin getur, að ósk aðildarríkis, veitt undanþágu frá ákvæðum a- eða b-liðar 3. mgr. 17. gr. í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, að því er varðar samgöngugrunnvirki vega, svo framarlega sem viðeigandi öryggisstig sé tryggt.

Tilhlýðilega rökstuddu tilvikin, sem um getur í þessari málsgrein, skulu fela í sér tilvik þar sem ekki er hægt að rökstyðja fjárfestingu í grunnvirki út frá félagslegum og hagrænum kostnaðar- og ábatasjónarmiðum.

40. gr.

Uppbygging grunnnetsins

Samgöngugrunnvirki í grunnnetinu skulu byggð upp í samræmi við samsvarandi ákvæði í II. kafla.

41. gr.

Hnútpunktar í grunnnetinu

1. Hnútpunktarnir í grunnnetinu eru tilgreindir í II. viðauka og taka til:

a) hnútpunkta í þéttbýli, þ.m.t. í höfnum og á flugvöllum í þéttbýli,

b) hafna við sjó og skipgengar vatnaleiðir,

c) landamærastöðva við nágrannalönd,

d) járnbrautastöðva,

e) farþega- og vöruflutningaflugvalla.

2. Hafnir við sjó í grunnnetinu, sem vísað er til í 2. hluta II. viðauka, skulu tengdar samgöngugrunnvirkjum járnbrauta og vega og, þar sem mögulegt er, samgöngugrunnvirkjum skipgengra vatnaleiða í samevrópska flutninganetinu, eigi síðar en 31. desember 2030, nema þar sem áþreifanlegar takmarkanir koma í veg fyrir slíkar tengingu.

3. Aðalflugvellirnir, sem vísað er til í 2. hluta II. viðauka, skulu tengdir samgöngugrunnvirkjum járnbrauta og vega í samevrópska flutninganetinu, eigi síðar en 31. desember 2050, nema þar sem áþreifanlegar takmarkanir koma í veg fyrir slíkar tengingu. Með tilliti til hugsanlegrar umferðarþarfar skulu slíkir flugvellir samþættir háhraðajárnbrautakerfinu þar sem það er mögulegt.

IV. KAFLI

FRAMKVÆMD GRUNNNETSINS FYRIR TILSTUÐLAN LEIÐAREINA GRUNNNETSINS

42. gr.

Stjórntæki leiðareina grunnnetsins

1. Leiðareinar grunnnetsins eru stjórntæki til að greiða fyrir samræmdri framkvæmd grunnnetsins. Leiðareinar grunnnetsins skulu beinast að eftirfarandi þáttum til að flutningar verði auðlindanýtnir og fjölþættir og stuðli þar með að samheldni með bættri svæðasamvinnu:

a) samþættingu mismunandi flutningsmáta,

b) rekstrarsamhæfi og

c) samræmdri uppbyggingu grunnvirkja, einkum á köflum sem liggja yfir landamæri og við flöskuhálsa.

2. Leiðareinar grunnnetsins skulu gera aðildarríkjum kleift að ná samræmdri og samstilltri nálgun, að því er varðar fjárfestingar í grunnvirkjum, til að stjórna afköstum á sem skilvirkastan hátt. Leiðareinar grunnnetstins skulu styðja við heildarnýtingu rekstrarsamhæfðra umferðarstjórnunarkerfa og, eftir því sem við á, notkun nýsköpunar og tækninýjunga.

43. gr.

Skilgreining á leiðareinum grunnnetsins

1. Leiðareinar grunnnetsins taka til mikilvægasta umferðarflæðisins um langa vegalengd í grunnnetinu og er einkum ætlað að bæta tengingar yfir landamæri í Sambandinu.

2. Leiðareinar grunnnetsins skulu vera fjölþættar og opnar til að taka til allra flutningsmáta sem fjallað er um í þessari reglugerð. Þær ná a.m.k. yfir tvenn landamæri og, ef unnt er, taka til a.m.k. þriggja flutningsmáta, þ.m.t. eftir því sem við á, hraðbrauta hafsins.

44. gr.

Skrá yfir leiðareinar grunnnetsins

1. Skráin yfir leiðareinar grunnnetsins er sett fram í I. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1316/2013. Aðildarríkin skulu vera þátttakendur í þessum leiðareinum grunnnetsins eins og kveðið er á um í þessum kafla.

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að leiðbeinandi kort yfir leiðareinar grunnnetsins séu tiltæk á sniði sem er auðveldlega aðgengilegt almenningi.

45. gr.

Samræming leiðareina grunnnetsins

1. Til þess að greiða fyrir samræmdri framkvæmd leiðareina grunnnetsins, evrópsks stjórnunarkerfis fyrir járnbrautarumferð og hraðbrauta hafsins skal framkvæmdastjórnin, í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki og að höfðu samráði við Evrópuþingið og ráðið, tilnefna einn eða fleiri evrópska samræmingaraðila.

2. Evrópski samræmingaraðilinn skal einkum valinn á grundvelli þekkingar sinnar á viðfangsefnum er varða flutninga og fjármögnun og/eða mat á félagslegum, hagrænum og umhverfistengdum þáttum í viðamiklum verkefnum sem og reynslu sinnar af evrópskum stofnunum.

3. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, þar sem evrópski samræmingaraðilinn er tilgreindur, skal tilgreina hvernig verkefnin, sem um getur í 5. mgr., skulu framkvæmd.

4. Evrópski samræmingaraðilinn skal koma fram í nafni og fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar sem skal sinna nauðsynlegu skrifstofuhaldi. Valdsvið evrópska samræmingaraðilans skal tengjast stakri leiðarein grunnnetsins eða framkvæmd evrópsks stjórnunarkerfis fyrir járnbrautarumferð eða hraðbrauta hafsins, eftir því sem við á.

5. Evrópski samræmingaraðilinn skal:

a) styðja við samræmda framkvæmd viðkomandi leiðareinar grunnnetsins og einkum tímanlega framkvæmd vinnuáætlunar um þessa leiðarein,

b) semja vinnuáætlun um leiðarein í samstarfi við aðildarríkin og vakta framkvæmd hennar,

c) hafa samráð við samstarfsvettvanginn um leiðareinar (e. *Corridor Forum*) um áætlunina og framkvæmd hennar,

d) gefa aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og, eftir því sem við á, öllum öðrum aðilum, sem eru beinir þátttakendur í þróun leiðareina grunnnetsins, skýrslu um hvers konar vandamál, sem hafa komið upp, sérstaklega þegar þróun leiðareina er torveld, með það í huga að aðstoða við að finna viðeigandi lausnir,

e) semja skýrslu árlega fyrir Evrópuþingið, ráðið, framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki um framvindu framkvæmdar á leiðareinum grunnnetsins,

f) athuga þörfina fyrir flutningaþjónustu, möguleika á fjárfestingum og fjármögnun, hvaða skref þurfi að taka og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að greiða fyrir aðgengi að slíkum fjárfestingum eða fjármögnun, og setja fram viðeigandi tilmæli,

6. evrópska samræmingaraðilanum er heimilt, ásamt hlutaðeigandi aðildarríki, að hafa samráð við svæðis- og staðaryfirvöld, flutningsaðila, flutningsþega og fulltrúa borgaralegs samfélags í tengslum við vinnuáætlunina og framkvæmd hennar.

7. Hlutaðeigandi aðildarríki skal starfa með evrópska samræmingaraðilanum og útvega honum nauðsynlegar upplýsingar til að hann geti útfært verkefnin, sem lýst er í þessari grein, þ.m.t. upplýsingar um þróun leiðareina í viðeigandi landsbundnum áætlunum um grunnvirki.

8. Með fyrirvara um viðeigandi lög Sambandsins og landslög getur framkvæmdastjórnin óskað eftir áliti evrópska samræmingaraðilans þegar umsóknir um fjármögnun Sambandsins á leiðareinum grunnnetsins, sem evrópska samræmingaraðilanum er falin umsjón með, eru skoðaðar til að tryggja samræmi og framþróun hverrar leiðareinar.

9. Ef evrópski samræmingaraðilinn er ófær um að fara með umboð sitt svo fullnægjandi sé og í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari grein, getur framkvæmdastjórnin, hvenær sem er, í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki, fellt umboð hans úr gildi. Tilnefna má staðgengil í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 1. mgr.

46. gr.

Stjórnun leiðareina grunnnetsins

1. Að því er varðar hverja leiðarein grunnnetsins, skal viðkomandi evrópskur samræmingaraðili njóta aðstoðar skrifstofuhalds og samstarfsvettvangs (samstarfsvettvangs um leiðareinar) við að útfæra verkefni sín varðandi vinnuáætlunina og framkvæmd hennar. Í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki skal koma á fót samstarfsvettvangi um leiðareinar undir formennsku evrópska samræmingaraðilans. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu samþykkja aðild að samstarfsvettvangi um leiðareinar að því er varðar þeirra hlut í leiðareinum grunnnetsins.

2. Með samþykkt hlutaðeigandi aðildarríkja getur samræmingaraðilinn stofnað vinnuhópa um leiðareinar og veitt þeim formennsku, þar sem áhersla er lögð á:

a) samþættingu mismunandi flutningsmáta,

b) rekstrarsamhæfi,

c) samræmda uppbyggingu grunnvirkja á köflum sem liggja yfir landamæri.

47. gr.

Vinnuáætlun

1. Hver evrópskur samræmingaraðili skal, eigi síðar en 22. desember 2014, leggja vinnuáætlun fyrir hlutaðeigandi aðildarríki með greiningu á þróun leiðareina. Eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hafa samþykkt vinnuáætlunina skal hún lögð fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina til upplýsinga.

Vinnuáætlunin skal einkum fela í sér lýsingu á einkennum, köflum sem liggja yfir landamæri og markmiðum leiðareina grunnnetsins þar sem notast er við markmiðin og forgangsatriðin sem sett eru fram í 4. og 10. gr. Vinnuáætlunin skal innihalda greiningu á:

a) innleiðingu rekstrarsamhæfðra umferðarstjórnunarkerfa,

b) áætlun um að fjarlægja áþreifanlegar, tæknilegar, rekstrarlegar og stjórnsýslulegar hindranir á milli og innan flutningsmáta og um að auka skilvirkni fjölþættra flutninga og þjónustu,

c) eftir því sem við á, ráðstöfunum til að bæta stjórnsýslulega og tæknilega getu til að hugsa upp, áætla, hanna, útvega, framkvæma og vakta verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum,

d) hugsanlegum áhrifum loftslagsbreytinga á grunnvirki og, eftir því sem við á, fyrirhuguðum ráðstöfunum til að auka viðnám gegn loftslagsbreytingum,

e) ráðstöfunum, sem gera á, til að milda losun gróðurhúsalofttegunda, hávaða og, eins og við á, önnur neikvæð umhverfisáhrif;

vinnuáætlunin skal innihalda ítarlegar upplýsingar um samráð við almenning, sem styður þróun vinnuáætlunarinnar og framkvæmd hennar;

vinnuáætlunin skal einnig innihalda greiningu á tilskildum fjárfestingum, þ.m.t.

– skrá yfir verkefni til að byggja við, endurnýja eða endurreisa samgöngugrunnvirkin, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar hvern flutningsmáta í leiðarein grunnnetsins,

– mismunandi uppsprettu fjármögnunar, sem fyrirhuguð er í samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki, á alþjóðlegum, landsbundnum, svæðisbundnum og staðbundnum vettvangi og á vettvangi Sambandsins, þ.m.t., þegar það er mögulegt, með eyrnamerktu víxlfjármögnunarkerfi sem og einkafjármagni, ásamt fjárhæðinni þar sem þegar hefur verið gerð skuldbinding og, eftir atvikum, tilvísun í fyrirhugað framlag Sambandsins samkvæmt fjárhagsáætlunum Sambandsins.

2. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. og 54. gr. og að fengnu samþykki hlutaðeigandi aðildarríkja getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir fyrir þá vídd vinnuáætlana um leiðareinar grunnnetsins sem nær yfir landamæri og þverlæga vídd.

Þegar þær hafa verið samþykktar skal framkvæmdastjórnin aðlaga þessar framkvæmdargerðir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi aðildarríkja, þannig að tillit sé tekið til framvindu, seinkana eða uppfærðra landsbundinna áætlana.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 52. gr.

3. Evrópski samræmingaraðilinn skal styðja aðildarríkin við framkvæmd vinnuáætlunarinnar, einkum að því er varðar:

a) áætlanagerð um fjárfestingar, tengdan kostnað og tímaáætlun framkvæmdar, sem teljast nauðsynleg við framkvæmd leiðareina grunnnetsins,

b) skilgreiningu ráðstafana, sem miða að því að stuðla að innleiðingu nýrrar tækni við stjórnun umferðar og afkastagetu, og, eftir því sem við á, að draga úr ytri kostnaði, einkum að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og hávaða.

48. gr.

Samstarf um leiðareinar fyrir vöruflutninga með járnbrautum

1. Tryggja skal viðunandi samræmingu á milli leiðareina grunnnetsins og leiðareina fyrir vöruflutninga með járnbrautum, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 913/2010, til að koma í veg fyrir tvíverknað, sérstaklega við gerð vinnuáætlunar eða við stofnun vinnuhópa.

2. Ákvæði þessa kafla skulu ekki hafa áhrif á eftirlits- og stjórnunarkerfin sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 913/2010.

V. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

49. gr.

Uppfærsla og skýrslugjöf

1. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina með reglubundnum hætti og á ítarlegan og gagnsæjan hátt um framvindu framkvæmdaverkefnanna og fjárfestingarnar sem lagt hefur verið í þeirra vegna. Þetta felur í sér að senda ársgögn með því að nota TENtec-kerfið, eftir því sem unnt er. Það skal taka til allra viðeigandi gagna er varða verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem eru fjármögnuð af Sambandinu.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að TENtec-kerfið sé auðveldlega aðgengilegt almenningi og að það innihaldi sértækar og uppfærðar upplýsingar um eyðublöð og fjárhæðir sameiginlegrar fjármögnunar Sambandsins ásamt framvindu hvers verkefnis.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að á vegum TENtec-kerfisins séu ekki birtar opinberlega neinar upplýsingar sem eru háðar viðskiptaleynd eða gætu skaðað eða haft óréttmæt áhrif á ferli opinberra innkaupa í aðildarríki.

Framkvæmdastjórnin skal sjá um að veita upplýsingar um fjárhagsaðstoð, sem veitt er samkvæmt lögum Sambandsins, þ.m.t. Samheldnisjóður, Byggðaþróunarsjóður Evrópu og Horizon 2020, og lán og fjármögnunarleiðir Fjárfestingarbanka Evrópu.

2. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni í té útdrátt úr eigin skipulags- og framkvæmdaáætlunum sem þau eru með í smíðum með það fyrir augum að byggja upp samevrópska flutninganetið. Þegar þær hafa verið samþykktar skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni eigin skipulags- og framkvæmdaáætlanir til upplýsingar.

3. Á tveggja ára fresti, frá og með 21. desember 2013, skal framkvæmdastjórnin birta framvinduskýrslu um framkvæmir sínar, sem hún skal senda til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, til upplýsingar. Í skýrslunni skal fjallað um mismunandi tegundir fjárhagsaðstoðar, sem tilgreindar eru í 1. mgr., fyrir mismunandi flutningsmáta og aðra þætti grunn- og heildarnetsins í hverju aðildarríki.

Í skýrslunni skal einnig greina uppbyggingu samevrópska flutninganetsins. Þar skal auk þess gefið yfirlit yfir samræmingu framkvæmdastjórnarinnar á öllum tegundum fjárhagsaðstoðar, með það fyrir augum að styðja við samræmda beitingu viðmiðunarreglnanna í samræmi við markmið þeirra og forgangsmál.

	Älmhult				Heildarnet
	Arvidsjaur	Heildarnet			
	Gällivare	Heildarnet			
	Gävle		Heildarnet		

AR	HNÚTPUNKTUR	FLUGVÖLLUR	HÖFN VIÐ SJÓ	HÖFN VIÐ VATNALEIÐ	JÁRNBRAUTASTÖÐ
	Göteborg	Grunnnet (Landvetter)	Grunnnet	Grunnnet	Grunnnet
	Grisslehamn		Heildarnet		
	Hagfors	Heildarnet			
	Halmstad		Heildarnet		
	Helsingborg		Heildarnet		
	Hemavan	Heildarnet			
	Jönköping	Heildarnet			Heildarnet
	Kalmar	Heildarnet			
	Kapellskär		Heildarnet		
	Karlshamn		Heildarnet		
	Karlskrona		Heildarnet		
	Kiruna	Heildarnet			
	Köping		Heildarnet	Heildarnet	
	Luleå	Heildarnet	Grunnnet		
	Lycksele	Heildarnet			
	Malmö	Grunnnet (Sturup)	Grunnnet		Grunnnet
	Mora	Heildarnet			
	Norrköping		Heildarnet		
	Nyköping	Heildarnet (Stockholm Skavsta)			
	Oskarshamn		Heildarnet		
	Örebro	Heildarnet			Grunnnet (Hallsberg)
	Östersund	Heildarnet			
	Oxelösund		Heildarnet		
	Pajala	Heildarnet			

AR	HNÚTPUNKTUR	FLUGVÖLLUR	HÖFN VIÐ SJÓ	HÖFN VIÐ VATNALEIÐ	JÁRNBRAUTASTÖÐ
	Ronneby	Heildarnet			
	Skellefteå	Heildarnet			
	Stenungsund		Heildarnet		
	Stockholm	Grunnnet (Arlanda)* Heildarnet (Bromma)	Grunnnet (Stockholm) Heildarnet (Nynäshamn)	Grunnnet	Grunnnet
	Strömstad		Heildarnet		
	Sundsvall	Heildarnet	Heildarnet		
	Sveg	Heildarnet			
	Trelleborg		Grunnnet		Grunnnet
	Umeå	Heildarnet	Heildarnet		
	Rosersberg				Heildarnet
	Varberg		Heildarnet		
	Västerås		Heildarnet	Heildarnet	
	Vilhelmina	Heildarnet			
	Visby	Heildarnet	Heildarnet		
	Ystad		Heildarnet		
UK	Aberdeen	Heildarnet	Heildarnet		
	Barra	Heildarnet			
	Belfast	Heildarnet (City) Heildarnet (International)	Grunnnet		
	Benbecula	Heildarnet			
	Birmingham	Grunnnet*			Grunnnet
	Bournemouth	Heildarnet			
	Bristol	Grunnnet	Grunnnet		
	Loch Ryan Ports		Heildarnet		
	Campbeltown	Heildarnet			

AR	HNÚTPUNKTUR	FLUGVÖLLUR	HÖFN VIÐ SJÓ	HÖFN VIÐ VATNALEIÐ	JÁRNBRAUTASTÖÐ
	Cardiff-Newport	Heildarnet	Grunnnet (Cardiff) Grunnnet (Newport)		
	Corby				Heildarnet (Eurohub)
	Cromarty Firth		Heildarnet		
	Daventry				Heildarnet (Intl. Rail Freight Terminal)
	Dover/Folkestone		Grunnnet		
	Durham	Heildarnet			
	Edinburgh	Grunnnet*	Grunnnet (Forth, Grangemouth, Rosyth and Leith)		
	Exeter	Heildarnet			
	Felixstowe-Harwich		Grunnnet (Felixstowe) Grunnnet (Harwich)		
	Fishguard		Heildarnet		
	Glasgow	Grunnnet*	Grunnnet (Clydeport, King George V dock, Hunterston and Greenock)		Grunnnet (Mossend/ Coatbridge)
	Glensanda		Heildarnet		
	Goole		Heildarnet		
	Grimsby/Immingham		Grunnnet (Grimsby and Immingham)		
	Heysham		Heildarnet		
	Holyhead		Heildarnet		
	Hull		Heildarnet		
	Inverness	Heildarnet			
	Ipswich		Heildarnet		
	Islay	Heildarnet			
	Kirkwall	Heildarnet			

AR	HNÚTPUNKTUR	FLUGVÖLLUR	HÖFN VIÐ SJÓ	HÖFN VIÐ VATNALEIÐ	JÁRNBRAUTASTÖÐ
	Larne		Heildarnet		
	Leeds	Grunnnet (Leeds/ Bradford)			Grunnnet (Leeds/ Wakefield RRT)
	Liverpool	Heildarnet	Grunnnet		Grunnnet
	London	Grunnnet (City) Grunnnet (Gatwick)* Grunnnet (Heathrow)* Grunnnet (Luton)* Grunnnet (Stansted)*	Grunnnet (London, London Gateway, Tilbury)		
	Londonderry	Heildarnet	Heildarnet		
	Manchester	Grunnnet*	Heildarnet (Manchester and Port Salford)		
	Medway		Heildarnet (Thamesport, Sheerness)		
	Milford Haven		Grunnnet		
	Newcastle	Heildarnet			
	Newquay	Heildarnet			
	Norwich	Heildarnet			
	Nottingham	Grunnnet (East Midlands)			
	Orkney		Heildarnet		
	Plymouth		Heildarnet		
	Poole		Heildarnet		
	Port Salford		Heildarnet		
	Port Talbot		Heildarnet		
	Prestwick	Heildarnet			
	Ramsgate	Heildarnet (Kent International)	Heildarnet		
	River Hull and Humber		Heildarnet		
	Scilly Isles	Heildarnet			

AR	HNÚTPUNKTUR	FLUGVÖLLUR	HÖFN VIÐ SJÓ	HÖFN VIÐ VATNALEIÐ	JÁRNBRAUTASTÖÐ
	Scrabster		Heildarnet		
	Selby				Heildarnet
	Sheffield	Heildarnet (Doncaster - Sheffield)			Grunnnet (Doncaster RRT)
	Shetland Islands	Heildarnet	Heildarnet (Sullom Voe)		
	Southampton, Portsmouth	Heildarnet (Southampton)	Grunnnet (Southampton) Heildarnet (Portsmouth)		
	Stornoway	Heildarnet	Heildarnet		
	Sumburgh	Heildarnet			
	Teesport		Grunnnet		
	Tiree	Heildarnet			
	Tyne		Heildarnet		
	Ullapool		Heildarnet		
	Warrenpoint		Heildarnet		
	Wick	Heildarnet			

3. Landamærastöðvar við nágrannalönd í grunnnetinu:

Aðildarríki ESB	Nágrannaland	Landamærastöð (vegur)	Landamærastöð (járnbraut)
FINLAND	RUSSIA	Vaalimaa	Vainikkala
ESTONIA	RUSSIA	Luhamaa	Koidula
LATVIA	RUSSIA	Terehova	Zilupe
	BELARUS	Pāternieki	Indra
LITHUANIA	RÚSSLAND	Kybartai	Kybartai
	BELARUS	Medininkai	Kena
POLAND	RUSSIA	Grzechotki	Braniewo
	BELARUS	Kukuryki	Terespol
	UKRAINE	Korczowa	Przemyśl
SLOVAKIA	UKRAINE	Vyšné Nemecké	Čierna nad Tisou
HUNGARY	UKRAINE	Beregsurány	Záhony
	SERBIA	Röszke	Kelebia
CROATIA	SERBIA	Lipovac	Tovarnik
	BOSNIA AND HERZEGOVINA	Svilaj	Slavonski Šamac
	MONTENEGRO	Karasovići	/
ROMANIA	UKRAINE	Siret	Vicşani
	MOLDOVA	Ungheni	Cristeşti Jijia
	SERBIA	Stamora Moravița	Stamora Moravița
BULGARIA	SERBIA	Kalotina	Kalotina
	FYROM	Gueshevo	Gueshevo
	TURKEY	Svilengrad	Svilengrad
GREECE	ALBANIA	Kakavia	Krystallopigi
	FYROM	Evzoni	Idomeni
	TURKEY	Kipi	Pythion

III. VIÐAUKI

LEIÐBEINANDI KORT YFIR SAMEVRÓPSKA FLUTNINGANETIÐ SEM ER VÍKKAÐ ÚT SVO ÞAÐ NÁI TIL TILTEKINNA ÞRIÐJU LANDA

Yfirlitskort yfir nágrannalöndin



11.1. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildar- og grunnnet: Skipgengar vatnaleiðir og hafnir

Kongeriket Norge / Kongeriket Noreg - Lýðveldið Ísland

11



11.2. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnetið: járnbrautir, hafnir og járnbrautastöðvar
Grunnnetið: járnbrautir (fyrir vöruflutninga), hafnir og járnbrautastöðvar

Kongeriket Norge / Kongeriket Noreg - Lýðveldið Ísland

11






11.3. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Járnbrautir og flugvellir
Grunnnet: Járnbrautir (fyrir farþegaflutninga) og flugvellir

Kongeriket Norge / Kongeriket Noreg - Lýðveldið Ísland

11



11.4. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildar- og grunnnet:
Vegir, hafnir, járnbrautastöðvar og flugvellir

Kongeriket Norge / Kongeriket Noreg - Lýðveldið Ísland


11




12.1. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildar- og grunnnet: Skipgengar vatnaleiðir og hafnir

Schweiz / Suisse / Svizzera / Svizra - Liechtenstein

12







12.2. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Járnbrautir, hafnir og járnbrautastöðvar
Grunnnet: Járnbrautir (fyrir vöruflutninga), hafnir og járnbrautastöðvar

Schweiz / Suisse / Svizzera / Svizra - Liechtenstein

12






12.3. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Járnbrautir og flugvellir
Grunnnet: Járnbrautir (fyrir farþegaflutninga) og flugvellir

Schweiz / Suisse / Svizzera / Svizra - Liechtenstein

12






12.4. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildar- og grunnnet:
Vegir, hafnir, járnbrautastöðvar og flugvellir

Schweiz / Suisse / Svizzera / Svizra - Liechtenstein

12





13.1. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Skipgengar vatnaleiðir og hafnir

Svæðið á vesturhluta Balkanskaga


13



13.2. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Járnbrautir, hafnir og járnbrautastöðvar

Svæðið á vesturhluta Balkanskaga

13





13.3. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Járnbrautir og flugvellir

Svæðið á vesturhluta Balkanskaga

13





13.4. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Vegir, hafnir, járnbrautastöðvar og flugvellir

Svæðið á vesturhluta Balkanskaga

13






14.1. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Skipgengar vatnaleiðir og hafnir

Türkiye

14





14.2. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Járnbrautir, hafnir og járnbrautastöðvar

Türkiye

14





14.3. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Járnbrautir og flugvellir

Türkiye

14





14.4. Leiðbeinandi útvíkkun til nágrannalanda
Heildarnet: Vegir, hafnir, járnbrautastöðvar og flugvellir

Türkiye

14





Yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar

1. „Framkvæmdastjórnin minnir á að ákvörðunin um að leggja verkefni fyrir sjóðinn fyrir samtengda Evrópu til að óska eftir fjárveitingu, er á forræði aðildarríkjanna. Þessi heimild hefur ekki að neinu leyti áhrif á leiðbeinandi hlutföll fyrir tiltekin stefnumarkmið í flutningamálum sem talin eru upp í IV. hluta viðaukans.“

2. „Framkvæmdastjórnin harmar eindregið að 18. gr. hafi verið felld inn í rannsóknarmálsmeðferðina, sem um getur í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011, þegar Sambandið veitti fjárhagsaðstoð til verkefnanna eða hluta verkefnanna, sem valin voru í kjölfar auglýsingar eftir tillögum á grundvelli vinnuáætlananna til margra ára, sem um getur í 17. gr. reglugerðarinnar um sjóðinn fyrir samtengda Evrópu. Framkvæmdastjórnin minnir á að hún lagði ekki til þessa málsmeðferð fyrir nein tiltekin svið lagagerða í tengslum við fjárhagsáætlanir til margra ára (MFF). Þetta var ætlað til að einfalda fjárhagsáætlanirnar til margra ára til hagsbóta fyrir viðtakendur fjármögnunar ESB. Samþykkt ákvörðunar um styrk án grannskoðunar nefndar myndi hraða málsmeðferðinni og stytta tímann þar til stjórnendur verkefna fá styrkinn í hendurnar ásamt því að koma í veg fyrir óþarfa skriffinnsku og kostnað. Enn fremur minnir framkvæmdastjórnin á að ákvarðanataka um styrkveitingu er hluti af heimild hennar á stofnanastigi í tengslum við framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar og því ætti samþykkt hennar ekki að vera á valdsviði nefnda. Framkvæmdastjórnin telur þar að auki að innfelling 18. gr. geti ekki skapað fordæmi fyrir aðrar fjármögnunarleiðir sökum sérstaks eðlis verkefna á sviði grunnvirkja, að því er varðar áhrif þeirra á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.“

3. „Framkvæmdastjórnin harmar að í 5. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. hafi verið felldar inn vísanir til kostnaðar við framkvæmdaskrifstofuna, þar sem framkvæmdastjórninni var falið að hrinda í framkvæmd tilteknum hlutum sjóðsins fyrir samtengda Evrópu, í tengslum við aðgerðir til stuðnings áætluninni. Framkvæmdastjórnin minnir á að hún hafi sjálf heimild til að ákveða, að undangenginni fyrirfram kostnaðar- og ábatagreiningu, til að koma á fót framkvæmdaskrifstofu, með það fyrir augum að fela henni tiltekin verkefni í tengslum við stjórnun áætlunarinnar, í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 58/2003. Útfærsla kostnaðar- og ábatagreiningarinnar í þeim tilgangi að fela framkvæmdaskrifstofunni verkefni við framkvæmd sjóðsins fyrir samtengda Evrópu ætti ekki að grafa undan orðalagi reglugerðarinnar um sjóðinn fyrir samtengda Evrópu. Framkvæmdastjórnin telur einnig að þessi þröskuldur skapi ekki fordæmi fyrir aðrar fjármögnunarleiðir sökum sérstaks eðlis verkefna á sviði grunnvirkja sem skrifstofan stýrir.“

TILSKIPUN RÁÐSINS 2014/112/ESB **2015/EES/74/73**

frá 19. desember 2014

um framkvæmd Evrópusamnings um ákveðna þætti sem varða skipulag vinnutíma í flutningum á skipgengum vatnaleiðum, sem Samband evrópskra útgerða flutningapramma (EBU), Samtök skipstjóra flutningapramma í Evrópu (ESO) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) gerðu sín í milli (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 155. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðilar vinnumarkaðarins geta, í samræmi við 2. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, farið sameiginlega fram á það að samningum, sem þeir gera á vettvangi Sambandsins um málefni, sem falla undir ákvæði 153. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sé hrundið í framkvæmd með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

2) Með bréfi þann 10. desember 2007 tilkynntu Samband evrópskra útgerða flutningapramma (EBU), Samtök skipstjóra flutningapramma í Evrópu (ESO) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) framkvæmdastjórninni að þau óskuðu þess að hefja samningaviðræður í samræmi við 1. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins með það í huga að gera samning á vettvangi Sambandsins.

3) Hinn 15. febrúar 2012 gerðu Samband evrópskra útgerða flutningapramma, Samtök skipstjóra flutningapramma í Evrópu og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu Evrópusamning um ákveðna þætti sem varða skipulag vinnutíma í flutningum á skipgengum vatnaleiðum (hér á eftir nefndur „samningurinn“).

4) Í samningnum var sett fram sameiginleg beiðni um að honum yrði hrundið í framkvæmd með ákvörðun ráðsins, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 2. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5) Tilskipun er viðeigandi gerningur til framkvæmdar samningnum.

6) Framkvæmdastjórnin hefur upplýst Evrópuþingið um tillögu sína.

7) Framkvæmdastjórnin samdi drög að tilskipun í samræmi við orðsendingu sína frá 20. maí 1998 um aðlögun og eflingu skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Bandalagsins, að teknu tilliti til umboðs undirritunaraðila og lögmætis hverrar greinar samningsins.

8) Til þess að stuðla að samfellu í lagaramma að því er varðar skipulag vinnutíma ætti framkvæmd þessarar tilskipunar að taka mið af gildandi löggjöf Sambandsins og, með tilliti til innihalds samningsins, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB ([1]). Í þeirri tilskipun er mælt fyrir um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi við skipulag vinnutíma, þ.m.t. fyrir starfsmenn í flutningum á skipgengum vatnaleiðum.

9) Aðildarríkin ættu að geta falið aðilum vinnumarkaðarins framkvæmd þessarar tilskipunar, að sameiginlegri beiðni þeirra, að því tilskildu að þau geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að ná markmiðum þessarar tilskipunar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 367, 23.12.2014, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 281/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma (Stjtíð. ESB L 299, 18.11.2003, bls. 9).

10) Að því er varðar 14. gr. tilskipunar 2003/88/EB er í þessari tilskipun og samningnum sem fylgir með henni mælt fyrir um sértækari kröfur um skipulag vinnutíma farstarfsmanna í flutningum á skipgengum vatnaleiðum en í þeirri tilskipun.

11) Tilskipun þessi ætti að gilda með fyrirvara um Sambandslöggjöf sem er sértækari eða sem veitir farstarfsmönnum í flutningum á skipgengum vatnaleiðum meiri vernd.

12) Ekki ætti að nota þessa tilskipun til að réttlæta skerðingu á almennri vinnuvernd starfsmanna á þeim sviðum sem samningurinn nær til.

13) Í þessari tilskipun og samningnum sem fylgir henni er mælt fyrir um lágmarkskröfur. Aðildarríkin og aðilar vinnumarkaðarins ættu að geta viðhaldið eða tekið upp hagstæðari ákvæði.

14) Í þessari tilskipun eru virt þau grundvallarréttindi og þær meginreglur sem viðurkenndar eru í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 31. gr.

15) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að vernda heilbrigði og öryggi starfsmanna sem starfa í geira sem nær að miklu leyti yfir landamæri, en þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

16) Framkvæmd samningsins stuðlar að því að markmiðum 151. gr. sáttmálans um starfshætti Sambandsins verði náð.

17) Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd Evrópudómstólsins ([2]) getur það, að starfsemi, sem um getur í tilskipun, sé ekki enn fyrir hendi í aðildarríki, ekki leyst það aðildarríki undan þeirri skyldu að samþykkja lög eða reglugerðir til að tryggja að öll ákvæði tilskipunarinnar séu lögleidd á tilhlýðilegan hátt. Bæði meginreglan um réttarvissu og þörfin á að tryggja fulla framkvæmd tilskipana að lögum og ekki aðeins í reynd krefjast þess að öll aðildarríkin taki upp reglur tilskipunarinnar sem um ræðir í skýran, nákvæman og gagnsæjan ramma skyldubundinna lagaákvæða. Slík skylda hvílir á aðildarríkjunum til að gera kleift að sjá fyrir breytingar á aðstæðum sem þar ríkja á ákveðnum tíma og til að tryggja að allir lögaðilar í Bandalaginu, einnig í aðildarríkjum þar sem tiltekin starfsemi sem um getur í tilskipun er ekki fyrir hendi, geti vitað undir öllum kringumstæðum glöggt og nákvæmlega hver réttindi þeirra og skyldur eru. Samkvæmt dómaframkvæmd er lögleiðing tilskipunar ekki skyldubundin þegar hún þjónar engum tilgangi af landfræðilegum ástæðum. Í slíkum tilvikum ættu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

18) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([3]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Með þessari tilskipun kemur til framkvæmda Evrópusamningur um ákveðna þætti sem varða skipulag vinnutíma í flutningum á skipgengum vatnaleiðum, sem Samband evrópskra útgerða flutningapramma (EBU), Samtök skipstjóra flutningapramma í Evrópu (ESO) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) gerðu sín í milli 15. febrúar 2012, eins og hann er settur fram í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin mega viðhalda eða taka upp hagstæðari ákvæði en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

([2]) Sjá m.a. dóm Evrópudómstólsins frá 14. janúar 2010 í máli C-343/08, framkvæmdastjórnin gegn Lýðveldinu Tékklandi ([2010] ECR I-275).
([3]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

2. Framkvæmd þessarar tilskipunar skal ekki undir neinum kringumstæðum fela í sér nægilegar ástæður til að réttlæta skerðingu á almennri vinnuvernd starfsmanna á þeim sviðum sem þessi tilskipun tekur til. Þetta skal þó ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna og aðila vinnumarkaðarins til að setja, með tilliti til breyttra aðstæðna, laga-, eftirlits- eða samningsákvæði sem eru frábrugðin þeim sem gilda við samþykkt þessarar tilskipunar, að því tilskildu að þeim lágmarkskröfum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sé fullnægt.

3. Beiting og túlkun þessarar tilskipunar hefur ekki áhrif á ákvæði, venjur eða hefðir Sambandsins eða einstakra aðildarríkja, sem fela í sér hagstæðari skilyrði fyrir hlutaðeigandi starfsmenn.

3. gr.

Aðildarríkin skulu ákvarða viðurlög sem beita má ef brotið er gegn ákvæðum landslaga sem sett eru samkvæmt þessari tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2016. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GOZI

forseti.

VIÐAUKI

Evrópusamningur um ákveðna þætti sem varða skipulag vinnutíma í flutningum á skipgengum vatnaleiðum

1) Í tilskipun 2003/88/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma er mælt fyrir um almennar lágmarkskröfur sem, að undanskildum þáttunum sem um getur í 1. mgr. 20. gr. (daglegur hvíldartími, hlé, vikulegur hvíldartími, lengd næturvinnutíma), varða einnig skipulag vinnutíma í flutningum á skipgengum vatnaleiðum. Þar sem þessi ákvæði taka ekki nægilegt tillit til sértæks aðbúnaðar og starfsskilyrða í greinum flutninga á skipgengum vatnaleiðum eru sértækari ákvæði nauðsynleg skv. 14. gr. tilskipunar 2003/88/EB.

2) Þessi sértækari ákvæði ættu að tryggja strangar kröfur um heilsuvernd og öryggi starfsmanna í greinum flutninga á skipgengum vatnaleiðum.

3) Flutningar á skipgengum vatnaleiðum eru alþjóðlegur flutningsmáti sem einkennist fyrst og fremst af starfsemi yfir landamæri á flutninganeti skipgengra vatnaleiða í Evrópu. Vinna ætti þess vegna að því innan greina flutninga á skipgengum vatnaleiðum í Evrópu að skapa vinnumarkaðnum í þessum geira einsleit rammaskilyrði og koma í veg fyrir óheiðarlega samkeppni sem byggist á mismunandi löggjöf um fyrirkomulag vinnutíma.

4) Í ljósi mikilvægis flutningageirans fyrir samkeppnishæfni í atvinnulífinu hefur Evrópusambandið sett sér það takmark að hvetja til notkunar flutningsmáta sem nota minni orku, eru umhverfisvænni eða öruggari ([4]). Flutningar á skipgengum vatnaleiðum eru umhverfisvænn flutningsmáti með tiltæka getu, sem getur verið sjálfbært framlag til þess að létta vöruflutningum af vegum og járnbrautum í Evrópu.

5) Skipulag vinnunnar er breytilegt innan geirans. Fjöldi starfsmanna og vinnutími þeirra um borð er breytilegur eftir því hvernig vinnan er skipulögð, fyrirtækinu sem á í hlut, landsvæðinu þar sem starfsemin fer fram, lengd ferða og stærð farsins. Sum skip eru í stöðugum siglingum, þ.e. allan sólarhringinn, og áhöfnin vinnur á vöktum. Á hinn bóginn er algengt að meðalstór fyrirtæki starfræki skip sín í 14 klukkustundir á dag, fimm eða sex daga vikunnar. Í greinum flutninga á skipgengum vatnaleiðum er vinnutími áhafnarmeðlima ekki sá sami og starfrækslutími farsins.

6) Eitt af sérkennum flutninga á skipgengum vatnaleiðum er að starfsmenn geta haft jafnt vinnustað sinn sem og húsnæði eða vistarveru um borð í skipinu. Þess vegna er algengt að starfsmenn verji hvíldartíma sínum um borð. Margir starfsmenn í greinum flutninga á skipgengum vatnaleiðum, einkum þeir sem eru fjarri heimili sínu, vinna nokkra daga samfellt um borð til að spara ferðatíma og geta síðan varið nokkrum dögum heima eða annars staðar að eigin vali. Með vinnumynstrinu 1:1 hefur starfsmaður t.d. jafnmarga hvíldardaga og vinnudaga. Af þessum sökum getur fjöldi samfelldra vinnudaga um borð og fjöldi hvíldardaga verið hærri í samanburði við störf í landi.

7) Meðalvinnutími í greinum flutninga á skipgengum vatnaleiðum felur venjulega í sér umtalsverðan tíma þar sem menn eru á bakvakt (t.d. vegna ófyrirsjáanlegs biðtíma við skipastiga eða við fermingu og affermingu farsins), sem getur einnig átt sér stað um nætur. Því getur hámark vinnutíma á dag og á viku, sem mælt er fyrir um, verið hærra en kveðið er á um í tilskipun 2003/88/EB.

8) Jafnframt verður að viðurkenna að ýmsir þættir hafa áhrif á vinnuálag í flutningum á skipgengum vatnaleiðum, s.s. hávaði, titringur og skipulag vinnutímans. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ([5]), er kveðið á um árlegt heilbrigðiseftirlit til verndar starfsmönnum, með tilliti til hinna sértæku starfsskilyrða í þessum geira.

9) Taka ætti tillit til aukinna krafna til áhafnarmeðlima sem fylgja næturvinnu með því að takmarka hámarksfjölda leyfilegra næturvinnustunda og skipuleggja vinnuna á viðeigandi hátt.

([4]) Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um eflingu flutninga á skipgengum vatnaleiðum „Naiades“, COM(2006) 6, lokagerð, 17.1.2006.

([5]) Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

10) Við flutninga á skipgengum vatnaleiðum starfa ekki aðeins launþegar heldur einnig sjálfstætt starfandi einstaklingar ([6]). Staða sjálfstætt starfandi einstaklinga er ákvörðuð í samræmi við viðeigandi landslög.

11) Starfsskilyrði og aðbúnaður á farþegaskipum eru frábrugðin því sem tíðkast í annars konar flutningum á skipgengum vatnaleiðum og því eru sérstök ákvæði réttlætanleg. Annars konar félagslegt umhverfi, ólíkir verkþættir og árstíðabundið eðli þessarar undirgreinar flutninga á skipgengum vatnaleiðum í Evrópu endurspeglast í ólíku vinnuskipulagi.

Samkvæmt sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 154. gr. og 2. mgr. 155. gr., fara undirritaðir sameiginlega fram á að samningi þessum, sem gerður er á vettvangi ESB, verði hrundið í framkvæmd með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Undirritunaraðilar hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Gildissvið

1) Samningur þessi gildir um farstarfsmenn sem eru ráðnir til starfa við siglingu skips (áhöfn) eða gegna annarri stöðu (starfsmenn um borð) um borð í fari sem er starfrækt innan yfirráðasvæðis aðildarríkis á sviði flutninga á skipgengum vatnaleiðum í atvinnuskyni.

2) Rekstraraðilar í flutningum á skipgengum vatnaleiðum teljast ekki til starfsmanna í skilningi samnings þessa, jafnvel þótt þeir hafi stöðu starfsmanns í eigin fyrirtæki.

3) Samningur þessi skal vera með fyrirvara um landsbundin eða alþjóðleg ákvæði um siglingaöryggi, sem gilda um farstarfsmenn og þá sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

4) Ef mismunur er að því er varðar hvíldartíma farstarfsmanna milli þessa samnings og landsbundinna eða alþjóðlegra ákvæða um siglingaöryggi ganga þau ákvæði framar sem gera strangari kröfur um heilsuvernd og öryggi starfsmanna.

5) Farstarfsmenn, sem eru ráðnir til starfa um borð í fari, sem er starfrækt á yfirráðasvæði aðildarríkis en ekki á sviði flutninga á skipgengum vatnaleiðum í atvinnuskyni, samkvæmt starfsskilyrðum sem falla undir almenna kjarasamninga og samninga um kaup og kjör, sem samtök vinnuveitenda og launafólks gera sín í milli, geta fallið undir þennan samning að höfðu samráði við þessi samtök vinnuveitenda og launafólks og með samþykki þeirra, ef ákvæði þessa samnings eru hagstæðari starfsmönnum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „far“: skip eða flotbúnaður,

b) „farþegaskip“: skip til dagsferða eða með káetum, sem er smíðað og útbúið fyrir fleiri en 12 farþega,

c) „vinnutími“: tími þegar starfsmaður á að vinna samkvæmt áætlun eða þarf að vera reiðubúinn til að vinna (bakvakt) um borð í og í þágu farsins, samkvæmt fyrirmælum vinnuveitanda eða fulltrúa hans,

d) „hvíldartími“: sá tími sem ekki telst til vinnutíma; þetta hugtak nær yfir hvíldartíma um borð í fari á siglingu, kyrrstæðu fari og í landi. Hann tekur ekki til þess þegar stutt hlé er gert á vinnu (allt að 15 mínútur),

e) „hvíldardagur“: óslitinn sólarhringslangur hvíldartími sem starfsmaðurinn ver á stað að eigin vali,

f) „rekstraraðili í flutningum á skipgengum vatnaleiðum“: hver sá sem starfrækir skip í atvinnuskyni á sviði flutninga á skipgengum vatnaleiðum á eigin vegum,

g) „vinnutímaáætlun“: skipulagðir vinnudagar og hvíldardagar, sem vinnuveitandinn tilkynnir starfsmanni fyrirfram,

([6]) Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar COM(2010) 373, lokagerð, 13.7.2010: Frjáls för launafólks áréttuð: réttindi og mikilvæg þróun, þáttur 1.1.

h) „næturvinnutími“; tíminn milli kl. 23:00 og 06:00,

i) „næturvinnustarfsmaður“:

aa) annars vegar starfsmaður sem að jafnaði vinnur að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma að næturlagi,

bb) hins vegar starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu að næturlagi og er sá hluti skilgreindur að vali viðkomandi aðildarríkis:

aaa) í landslöggjöf, að undangengnu samráði við aðila vinnumarkaðarins,

eða

bbb) í kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi eða á hverjum stað,

j) „vaktavinnustarfsmaður“: starfsmaður sem vinnur vaktavinnu,

k) „starfsmaður um borð“ er skilgreindur í samræmi við skilgreiningu nr. 103 í lið 1.01 í II. viðauka við tilskipun 2006/87/EB ([7]),

l) „farstarfsmaður“: starfsmaður í áhöfn hjá fyrirtæki sem rekur flutningaþjónustu fyrir farþega eða vörur á skipgengum vatnaleiðum og skal tilvísun í „starfsmenn“ í þessum samningi túlkuð í samræmi við það,

m) „siglingatímabil“: tími sem er ekki lengri en níu mánuðir samfellt á 12 mánaða tímabili, þar sem starfsemin er bundin við tiltekinn árstíma vegna ytri aðstæðna, t.d. veðurskilyrða eða eftirspurnar í ferðamennsku.

3. gr.

Vinnutími og viðmiðunartímabil

1) Venjulegur vinnutími byggist að meginreglu á átta klukkustunda vinnudegi, sbr. þó 4. gr.

2) Heimilt er að framlengja vinnutíma í samræmi við 4. gr., að því tilskildu að meðalfjöldi vinnustunda á viku fari ekki yfir 48 klukkustundir á 12 mánaða tímabili (viðmiðunartímabilinu).

3) Hámarksvinnutími á viðmiðunartímabilinu er 2304 klukkustundir (grundvöllur útreikninga: 52 vikur að frádregnu fjögurra vikna lágmarksleyfi x 48 klukkustundir). Árlegt, launað orlof og sjúkraleyfi skulu ekki talin með eða eru hlutlaus að því er varðar meðaltalsútreikninga. Rétt til hvíldartíma vegna lögbundinna almennra frídaga skal einnig draga frá.

4) Ef ráðningarsamband er skemmra en viðmiðunartímabilið skal reikna leyfilegan hámarksvinnutíma í réttu hlutfalli við það.

4. gr.

Daglegur og vikulegur vinnutími

1) Vinnutími skal ekki vera lengri en:

a) 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og

b) 84 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.

2) Ef vinnudagar eru fleiri en hvíldardagar samkvæmt vinnutímaáætlun skal meðalfjöldi vinnustunda á viku ekki fara yfir 72 klukkustundir á fjögurra mánaða tímabili.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB frá 12. desember 2006 um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 82/714/EBE (Stjtíð. ESB L 389, 30.12.2006, bls. 1–260).

5. gr.

Vinnudagar og hvíldardagar

1) Ekki má vinna lengur en 31 dag samfellt.

2) Ef vinnudagar eru ekki fleiri en hvíldardagar samkvæmt vinnutímaáætlun skal sami fjöldi samfelldra hvíldardaga fylgja strax á eftir samfelldum vinnudögum. Heimila skal undantekningar frá fjölda samfelldra hvíldardaga sem eru veittir strax með því skilyrði að:

   a) ekki sé farið yfir 31 dags hámarksfjölda samfelldra vinnudaga og

   b) veittur sé lágmarksfjöldi samfelldra hvíldardaga eins og um getur í lið a-, b- eða c-lið 3. mgr., strax á eftir samfelldu vinnudögunum sem unnir voru og

   c) tímabil vinnudaga sem var framlengt eða skipt á sé jafnað út á viðmiðunartímabilinu.

3) Ef vinnudagar eru fleiri en hvíldardagar samkvæmt vinnutímaáætlun skal lágmarksfjöldi samfelldra hvíldardaga sem koma strax á eftir samfelldu vinnudögunum vera:

   a) fyrir fyrsta til tíunda samfellda vinnudag: 0,2 hvíldardagar fyrir hvern samfelldan vinnudag (t.d. tíu vinnudagar samfellt = tveir hvíldardagar),

   b) fyrir ellefta til tuttugasta samfellda vinnudag: 0,3 hvíldardagar fyrir hvern samfelldan vinnudag (t.d. 20 vinnudagar samfellt = fimm hvíldardagar),

   c) fyrir tuttugasta og fyrsta til þrítugasta og fyrsta samfellda vinnudag: 0,4 hvíldardagar fyrir hvern samfelldan vinnudag (t.d. 31 vinnudagar samfellt = 9,4 hvíldardagar).

Í þessum útreikningi skal bæta hlutum úr hvíldardögum við lágmarksfjölda samfelldra hvíldardaga og aðeins veita þá sem heila hvíldardaga.

6. gr.

Árstíðabundið starf á farþegaskipum

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr. þessa samnings er heimilt að beita eftirfarandi ákvæðum um alla starfsmenn sem eru ráðnir á farþegaskip á siglingatímabilinu:

1) Vinnutími skal ekki vera lengri en:

   a) 12 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og

   b) 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.

2) Starfsmenn skulu ávinna sér 0,2 hvíldardaga fyrir hvern vinnudag. Veita skal a.m.k. tvo hvíldardaga í reynd á hverju 31 dags tímabili. Aðrir hvíldardagar skulu veittir samkvæmt samkomulagi.

3) Að teknu tilliti til málsgreinarinnar hér að framan og 4. mgr. 3. gr. skulu hvíldardagar veittir og 48 klukkustunda meðalvinnutími á viku, í samræmi við 3. gr., virtur, á grundvelli kjarasamninga eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins eða, að öðrum kosti, samkvæmt landslöggjöf.

7. gr.

Hvíldartími

Starfsmenn skulu hafa reglubundinn hvíldartíma sem er nægilega langur og samfelldur og sem mældur er í tímaeiningum, til að tryggja að þeir valdi ekki sjálfum sér, samstarfsmönnum eða öðrum tjóni vegna þreytu eða óreglulegs vinnumynsturs og að þeir verði ekki fyrir heilsutjóni, hvorki til skemmri né lengri tíma litið.

Hvíldartími skal ekki vera styttri en:

a) 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili, þar af a.m.k. sex klukkustundir óslitið, og

b) 84 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.

8. gr.

Hlé

Allir starfsmenn eiga rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir og skal nánar kveðið á um það, svo sem hve langt hvíldarhléið skuli vera og við hvaða forsendur skuli miðað, í kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins eða, að öðrum kosti, í landslöggjöf.

9. gr.

Hámark vinnustunda á næturvinnutíma

Miðað við sjö klukkustunda næturvinnutíma skal vikulegur hámarksnæturvinnutími vera 42 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.

10. gr.

Árlegt orlof

Allir starfsmenn skulu eiga rétt á að minnsta kosti fjögurra vikna árlegu orlofi á launum, eða hlutfalli þar af fyrir starfstímabil sem er skemmra en eitt ár, í samræmi við skilyrði um rétt til og veitingu slíks orlofs sem mælt er fyrir um í landslögum og/eða samkvæmt venju í landinu.

Greiðsla má ekki koma í stað árlegs lágmarksorlofs á launum, nema þegar um starfslok er að ræða.

11. gr.

Verndun ólögráða barna

1) Starfsmenn sem eru undir 18 ára aldri skulu falla undir ákvæði tilskipunar 94/33/EB 1994 um vinnuvernd barna og ungmenna ([8]).

2) Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin, með laga- eða stjórnsýsluákvæðum, heimilað vinnu ungmenna eldri en 16 ára, sem eru ekki lengur í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum, á tímabilinu þar sem næturvinna er bönnuð skv. tilskipun 94/33/EB ef það er nauðsynlegt til að ná markmiðum viðurkennds þjálfunarnámskeiðs og að því tilskildu að þau fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma og að markmið 1. gr. tilskipunar 94/33/EB séu ekki dregin í efa.

12. gr.

Sannprófanir

1) Halda skal skrár yfir daglegan vinnutíma og hvíldartíma hvers starfsmanns svo unnt sé að sannprófa að farið sé að ákvæðum 3., 4., 5., 6., 7., 9., 10., 11., og 13. gr.

2) Þessar skrár skulu varðveittar um borð a.m.k. til loka viðmiðunartímabilsins.

3) Skrárnar skulu yfirfarnar og staðfestar með vissu millibili (eigi síðar en í lok næsta mánaðar) í sameiningu af vinnuveitanda eða fulltrúa hans og af starfsmanninum.

([8]) Stjtíð. EB L 216, 20.8.1994, bls. 12.

4) Í skránum skulu eftirfarandi lágmarksupplýsingar koma fram:

a) nafn skipsins,

b) nafn starfsmannsins,

c) nafn lögmæts bátsformanns,

d) dagsetning,

e) vinnudagur eða hvíldardagur,

f) upphaf og lok daglegs vinnutíma eða hvíldartíma.

5) Starfsmönnum skal afhent eintak af staðfestri skrá sem þá varðar. Þeir skulu varðveita þær í eitt ár.

13. gr.

Neyðarástand

1) Bátsformaður á skipi eða fulltrúi hans getur krafist þess að starfsmaður vinni þann tíma sem nauðsynlegur er vegna öryggis skipsins á þeirri stundu, einstaklinga um borð eða farms eða til að veita aðstoð öðrum skipum eða einstaklingum í nauð.

2) Í samræmi við 1. mgr. getur bátsformaður eða fulltrúi hans krafist þess að starfsmaður vinni þann tíma sem nauðsynlegur er þar til ástandið er orðið eðlilegt aftur.

3) Bátsformaður eða fulltrúi hans skal tryggja, eins fljótt og auðið er eftir að ástandið er orðið eðlilegt aftur, að allir starfsmenn, sem hafa sinnt störfum í fyrirfram ákveðnum hvíldartíma sínum, fái næga hvíld.

14. gr.

Heilbrigðisskoðun

1) Allir starfsmenn skulu eiga rétt á árlegri heilbrigðisskoðun sér að kostnaðarlausu. Við þessa skoðun skal huga sérstaklega að því að greina einkenni eða ástand sem gæti stafað af vinnu um borð með lágmarkshvíldartíma og/eða lágmarkshvíldardaga í samræmi við 5. og 6. gr.

2) Næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða, sem ljóst er að eiga rætur að rekja til þess að þeir vinna næturvinnu, skulu færðir til, þegar kostur er, í dagvinnustörf sem henta þeim.

3) Læknirinn er bundinn þagnarskyldu varðandi ókeypis heilbrigðisskoðunina.

4) Þessi ókeypis heilbrigðisskoðun má fara fram innan ramma landsbundins heilbrigðiskerfis.

15. gr.

Öryggi og heilsuvernd

1. Þeir sem vinna næturvinnu og vaktavinnu skulu njóta öryggis og heilsuverndar sem hæfir eðli starfsins.

2. Viðeigandi verndar- og forvarnarþjónusta og aðbúnaður er varðar öryggi og heilsufar þeirra sem vinna næturvinnu og vaktavinnu skal samsvara því sem gildir um aðra starfsmenn og skal alltaf vera til reiðu.

16. gr.

Vinnumynstur

Vinnuveitandi, sem hyggst skipuleggja vinnu eftir ákveðnu mynstri, skal taka tillit til þeirrar almennu meginreglu að laga vinnuna að starfsmanninum, einkum með það í huga að draga úr áhrifum af einhæfum störfum og störfum sem eru unnin með fyrirfram ákveðnum hraða, eftir því um hvaða störf er að ræða, sem og til öryggis- og heilbrigðiskrafna, sérstaklega að því er varðar hlé á vinnutíma.

17. gr.

Lokaákvæði

1) Hagstæðari ákvæði

   Samningur þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að:

   a) viðhalda eða setja lög eða stjórnsýsluákvæði eða

   b) greiða fyrir eða heimila beitingu kjarasamninga eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins

   sem eru hagstæðari að því er varðar heilsuvernd og öryggi starfsmanna en ákvæðin sem sett eru fram í samningi þessum.

2) Ákvæði gegn afturför

   Framkvæmd þessa samnings skal ekki undir neinum kringumstæðum fela í sér nægilegar ástæður til að réttlæta skerðingu á almennri vinnuvernd starfsmanna sem þessi samningur tekur til.

3) Eftirfylgni við samninginn

   Báðir aðilar vinnumarkaðarins skulu fylgjast með framkvæmd og beitingu samnings þessa í tengslum við viðræðunefnd starfsgreina á sviði flutninga á skipgengum vatnaleiðum, einkum að því er varðar málefni sem snerta heilbrigði starfsmanna.

4) Endurskoðun

   Samningsaðilar skulu endurskoða ákvæðin hér að framan tveimur árum eftir lok þess frests sem veittur er til framkvæmdar og mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins um gildistöku samnings þessa.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2012.

Samband evrópskra útgerða flutningapramma (EBU)

Samtök skipstjóra flutningapramma í Evrópu (ESO)

Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF)

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1042 **2015/EES/74/74**

frá 30. júní 2015

um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja að því er varðar aðlögun á tæknilegu sniði í kjölfar endurskoðunar á vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 295/2008 er komið á fót sameiginlegum ramma um söfnun, afhendingu og mat á evrópskum hagskýrslum um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Sambandinu.

2) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008([2]) er komið á fót vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) til að uppfylla kröfur er varða hagskýrslur í Sambandinu.

3) Í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009 ([3]) er tilgreint tæknisnið og merkimiðar fyrir ákveðnar vörur sem á að afhenda um gögnin, sem byggjast á vöruflokkun eftir atvinnugreinum.

4) Nauðsynlegt er, í kjölfar gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1209/2014 ([4]), að samþykkja II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 að því er varðar merkimiða fyrir ákveðnar vörur sem á að afhenda um gögnin, sem byggjast á vöruflokkun eftir atvinnugreinum til að viðhalda samanburðarhæfi og samkvæmni með vöruflokkunarstöðlum sem notaðir eru á alþjóðavísu.

5) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 61. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 287/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 frá 23. apríl 2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 (Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 65).

([3]) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar skilgreiningar á könnunaratriðum, tæknilegt snið gagnasendinga, kröfur um tvöfalda skýrslugjöf fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1 og atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og undanþágur sem ber að veita vegna hagskýrslna um skipulag fyrirtækja (Stjtíð. ESB. L 86, 31.3.2009, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1209/2014 frá 29. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 451/2008 frá 23. apríl 2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 (Stjtíð. ESB L 336, 22.11.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 250/2009 er breytt sem hér segir:

1. Í lið 4.2, „Hagskýrslusvæði“, kemur „EL“ í staðinn fyrir kóðann „GR“ fyrir Grikkland
2. Í lið 4.9, „Einingar gagnagilda“, er nýrri einingu, „fermetrar“, bætt við kóðann „M2“ í töflunni.
3. Í lið 4.10, „Sundurliðun eftir vöru og þjónustu“, eru eftirfarandi breytingar gerðar á töflunni:
   a) fyrir vöruna með kóðann 63 12 kemur merkimiðinn „Vefgáttaþjónusta“ í stað „Vefgáttainnihald“.
   b) fyrir vöruna með kóðann 73 11 13 kemur merkimiðinn „Þjónusta, tengd þróun auglýsingahugmynda“ í stað „Auglýsingahönnun og hugmyndaþróun“
   c) færslan fyrir vöruna með kóðann 70 22 4, „Vörumerki og sérleyfi“, fellur brott.
   d) fyrir vöruna með kóðann 71 11 24 kemur merkimiðinn „Ráðgjafarþjónusta arkitekta sem varðar byggingarverkefni“ í stað „Ráðgjafarþjónusta arkitekta“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1163 2015/EES/74/75

frá 15. júlí 2015

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 að því er varðar skrána yfir grunnliðina sem notaðir eru í tengslum við jafnvirðisgengi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 frá 11. desember 2007 um sameiginlegar reglur um veitingu grunnupplýsinga um jafnvirðisgengi og útreikning og miðlun á því ([1]), einkum b-lið 3. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í e-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1445/2005 er „grunnliðurinn“ skilgreindur sem lægsta flokkunarþrep liða í sundurliðun vergrar landsframleiðslu sem jafnvirðisgengi er reiknað fyrir.

2) Í viðauka II við reglugerð (EB) nr. 1445/2007 kemur fram skrá yfir grunnliðina.

3) Flokkun á lokaneyslukostnaði heimila er notaður í reglugerð (EB) nr. 1445/2007 og að því er varðar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 ([2]). Innleiðing á ítarlegri flokkun ætti að bæta samræmi gagna og greiða fyrir gagnasöfnun í aðildarríkjum. Ítarleg flokkun ætti að vera gerð með frekari sundurliðun á flokkun einkaneyslu eftir tilgangi (COICOP), eins og hún er skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 ([3]).

4) Nauðsynlegt er, í kjölfar gildistöku reglugerðar (ESB) nr. 549/2013, að breyta skránni yfir grunnliði innan lokaneyslukostnaðar opinberra yfirvalda og innan vergrar fjármunamyndunar.

5) Nauðsynlegt er, í kjölfar gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1209/2014 ([4]), að breyta skránni yfir grunnliðina innan vergrar fjármunamyndunar.

6) Í kjölfar innleiðingar breyttrar aðferðafræði við útreikning jafnvirðisgengis á sviðum heilbrigðismála, menntunar og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar ætti að breyta grunnliðunum á þessum sviðum.

7) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1445/2007 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa reglugerð komi í stað II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1445/2007.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 188, 16.7.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 288/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 336, 20.12.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjtíð. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu („ESA 2010“) (Stjtíð. ESB. L 174, 26.6.2013, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1209/2014 frá 29. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 (Stjtíð. ESB. L 336, 22.11.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Grunnliðir samkvæmt skilgreiningu í e-lið 3. gr.

Númer grunnliðar	Lýsing	Flokkun einkaneyslu eftir tilgangi (COICOP) [1]	Flokkun útgjalda stofnana, sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og þjóna heimilum, eftir tilgangi (COPNI) [2]	Flokkun útgjalda hins opinbera (COFOG) [2]	Vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) 2008 [3]
	ÚTGJÖLD HEIMILA VEGNA EINKANEYSLU				
	Matvæli og óáfengir drykkir				
	Matvæli				
	Brauð og kornvörur				
1	Hrísgrjón	01.1.1.1			
2	Mjöl og aðrar kornvörur	01.1.1.2			
3	Brauð	01.1.1.3			
4	Aðrar brauðvörur	01.1.1.4			
5	Flatbaka og baka	01.1.1.5			
6	Pastavörur og kúskús	01.1.1.6			
7	Morgunkorn	01.1.1.7			
8	Aðrar kornvörur	01.1.1.8			
	Kjöt				
9	Nauta- og kálfakjöt	01.1.2.1			
10	Svínakjöt	01.1.2.2			
11	Lamba- og geitakjöt	01.1.2.3			
12	Alifuglar	01.1.2.4			
13	Annað kjöt	01.1.2.5			
14	Ætur innmatur	01.1.2.6			
15	Þurrkað, saltað eða reykt kjöt	01.1.2.7			
16	Önnur unnin kjötvara	01.1.2.8			
	Fiskur og aðrar sjávarafurðir				
17	Ferskur og kældur fiskur	01.1.3.1			
18	Frystur fiskur	01.1.3.2			
19	Ferskar og kældar sjávarafurðir	01.1.3.3			

Númer grunnliðar	Lýsing	Flokkun einkaneyslu eftir tilgangi (COICOP) ([1])	Flokkun útgjalda stofnana, sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og þjóna heimilum, eftir tilgangi (COPNI) ([2])	Flokkun útgjalda hins opinbera (COFOG) ([2])	Vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) 2008 ([3])
20	Frosinn fiskur og aðrar sjávarafurðir	01.1.3.4			
21	Þurrkaður, reyktur eða saltaður fiskur og aðrar sjávarafurðir	01.1.3.5			
22	Annar rotvarinn eða unninn fiskur og aðrir unnir réttir úr sjávarafurðum	01.1.3.6			
	Mjólk, ostur og egg				
23	Fersk nýmjólk	01.1.4.1			
24	Fersk léttmjólk	01.1.4.2			
25	Rotvarin mjólk	01.1.4.3			
26	Jógúrt	01.1.4.4			
27	Ostur og ystingur	01.1.4.5			
28	Aðrar mjólkurvörur	01.1.4.6			
29	Egg	01.1.4.7			
	Olía og feiti				
30	Smjör	01.1.5.1			
31	Smjörlíki og önnur feiti úr jurtaríkinu	01.1.5.2			
32	Ólífuolía	01.1.5.3			
33	Aðrar matarolíur	01.1.5.4			
34	Önnur dýrafeiti til manneldis	01.1.5.5			
	Ávextir				
35	Nýir eða kældir ávextir	01.1.6.1			
36	Frosnir ávextir	01.1.6.2			
37	Þurrkuð aldin og hnetur	01.1.6.3			
38	Rotvarðir ávextir og ávaxtaafurðir	01.1.6.4			
	Grænmeti				
39	Nýtt og kælt grænmeti annað en kartöflur og annað rótarhnýði	01.1.7.1			
40	Frosið grænmeti annað en kartöflur og annað rótarhnýði	01.1.7.2			
41	Þurrkað grænmeti, annað rotvarið eða unnið grænmeti	01.1.7.3			

Númer grunnliðar	Lýsing	Flokkun einkaneyslu eftir tilgangi (COICOP) ([1])	Flokkun útgjalda stofnana, sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og þjóna heimilum, eftir tilgangi (COPNI) ([2])	Flokkun útgjalda hins opinbera (COFOG) ([2])	Völuflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) 2008 ([3])
42	Kartöflur	01.1.7.4			
43	Kartöfluflögur	01.1.7.5			
44	Annað rótarhnýði og hnýðisvörur	01.1.7.6			
	Sykur, sulta, hunang, súkkulaði og sælgæti				
45	Sykur	01.1.8.1			
46	Sulta, marmelaði og hunang	01.1.8.2			
47	Súkkulaði	01.1.8.3			
48	Sælgæti	01.1.8.4			
49	Ís til neyslu og rjómaís	01.1.8.5			
50	Gervisykur	01.1.8.6			
	Matvæli ót.a.				
51	Sósur, bragðefni	01.1.9.1			
52	Salt, krydd og tilbúnar kryddjurtir	01.1.9.2			
53	Barnamatur	01.1.9.3			
54	Fullunnar máltíðir	01.1.9.4			
55	Önnur matvæli, ót.a.	01.1.9.9			
	Óáfengir drykkir				
	Kaffi, te og kakó				
56	Kaffi	01.2.1.1			
57	Te	01.2.1.2			
58	Kakó og súkkulaðiduft	01.2.1.3			
	Ölkelduvatn, gosdrykkir, ávaxta- og grænmetissafar				
59	Ölkelduvatn og uppsprettuvatn	01.2.2.1			
60	Gosdrykkir	01.2.2.2			
61	Ávaxta- og grænmetissafar	01.2.2.3			
	Áfengir drykkir, tóbak og fíkniefni				
	Áfengir drykkir				

Númer grunnliðar	Lýsing	Flokkun einkaneyslu eftir tilgangi (COICOP) ([1])	Flokkun útgjalda stofnana, sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og þjóna heimilum, eftir tilgangi (COPNI) ([2])	Flokkun útgjalda hins opinbera (COFOG) ([2])	Vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) 2008 ([3])
	Brennd vín				
11. Gasveitugas	Tekur til allra gastegunda sem framleiddar eru hjá almenningsveitum eða verum í einkaeign sem hafa framleiðslu, flutning og dreifingu gass að aðalmarkmiði sínu. Þar er meðtalið gas sem framleitt er með kolun (þ.m.t. gas sem er framleitt í koksofnum og blandað við gasveitugas), með algerri gösun, með eða án auðgunar með olíuvörum (fljótandi jarðolíugasi, eldsneytisolíuleif o.s.frv.) og með umbreytingum og einfaldri blöndun á gasi og/eða lofti, talið fram í „frá öðrum uppsprettum“. Gasveitugas, sem blandað hefur verið saman við jarðgas, sem verður dreift og notað fyrir milligöngu jarðgasdreifikerfisins, er talið fram undir umbreytingargeiranum. Telja ætti framleiðslu á öðru kolagasi (t.d. koksofnagasi, háofnagasi og gasi úr súrefnisstálbræðsluofnum) fram í dálkunum er varða slíkt gas en ekki undir framleiðslu á gasveitugasi. Kolagas, sem flutt er í gasveituver, ætti þá að telja fram (í dálki út af fyrir sig) í umbreytingargeiranum í röðinni fyrir gasveituver. Færa ætti heildarmagn gasveitugass, sem orðið hefur til við flutning á öðru kolagasi, í línu fyrir framleiðslu á gasveitugasi.
12. Koksofnagas	Gasið er aukaafurð framleiðslu á koksofnakoksi fyrir járn- og stálframleiðslu.
13. Háofnagas	Framleitt með bruna á koksi í háofnum í járn- og stáliðnaðinum. Þaðan er það endurheimt og notað til eldsneytis, að hluta til innan versins og að hluta til í öðru ferli innan stáliðnaðarins eða í orkuverum sem hafa útbúnað til að brenna því. Eldsneytismagnið skal tilgreint á grunni vergs varmagildis.
14. Annað endurheimtanlegt gas	Aukaafurð stálframleiðslu í súrefnisbræðsluofni, endurheimt þegar það leitar út úr bræðsluofninum. Gastegundirnar eru einnig þekktar sem bræðsluofnagas, LD-gas eða BOS-gas. Magn endurheimts eldsneytis skal tilgreint á grunni vergs varmagildis. Það nær einnig yfir ótilgreindar framleiddar gastegundir sem ekki eru nefndar að ofan, t.d. eldfimt gas af föstum kolefnisauðugum uppruna sem var endurheimt úr framleiðslu og efnavinnslu sem ekki er skilgreind annars staðar.
15. Mór	Brennanlegt mjúkt, gropið eða þjappað plöntuset með háu vatnsinnihaldi (allt að 90% í upprunalegu formi), auðskorið, í litum frá ljósbrúnum yfir í dökkbrúnan. Mór, sem ekki er notaður sem orkugjafi, er ekki talinn með. Skilgreining þessi er með fyrirvara um skilgreininguna á endurnýjanlegum orkugjöfum í tilskipun 2009/28/EB og leiðbeiningar milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar frá 2006 um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir.

Orkuvara	Skilgreining
16. Móvörur	Vörur eins og mókögglar sem unnir eru beint eða óbeint frá móþökum og muldum mó.
17. Olíuleirsteinn og olíusandur	Olíuleirsteinn og olíusandur eru setberg sem inniheldur lífrænt efni í formi kerógens. Kerógen er vaxkennt og vetniskolefnaríkt efni sem er talið vera forveri jarðolíu. Heimilt er að brenna olíuleirstein beint eða vinna hann með hitun til að olían seyti úr honum. Olía úr leirsteini og aðrar vörur sem fengnar eru fram með umbreytingu á vökva eru taldar fram í árlega olíuspurningalistanum um önnur vetniskolefni.

1.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir um útskýringar á hugtökum sem þessi viðauki útskýrir ekki sérstaklega.

1.2.1. *Birgða- og umbreytingargeirar*

1.	Framleiðsla
1.1.	Þar af: neðanjarðar Gildir aðeins um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand.
1.2.	Þar af: ofanjarðar Gildir aðeins um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol og surtarbrand.
2.	Frá öðrum upptökum Um er að ræða tvo þætti: — endurheimt grugglausn, kolamél og aðrar kolavörur svo rýrar að gæðum að ekki er hægt að flokka þær til kolategundar. Tekur til kola sem endurheimt eru úr úrgangshaugum og öðrum úrgangsgeymum, — eldsneytisbirgðir, þar sem framleiðslan kemur fram í öðrum eldsneytisorkujöfnuði en þar sem notkunin mun koma fram í kolaorkujöfnuðinum.
2.1.	Þar af: úr olíuvörum Á ekki við harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand. Til dæmis jarðolíukoks sem bætt er í kokskol fyrir koksofna
2.2.	Þar af: úr jarðgasi Á ekki við harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand. Til dæmis jarðgas sem bætt er í gasveitugas til endanlegrar notkunar.
2.3.	Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum Á ekki við harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand. Til dæmis iðnaðarúrgangur sem bindiefni í framleiðslu á eldsneytiskögglum

3.	Innflutningur
4.	Útflutningur
5.	Alþjóðlegir skipageymar
6.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
7.	Verg notkun
8.	Tölfræðilegur mismunur
9.	Samtala umbreytingargeira Eldsneytismagn sem notað er til fyrsta eða annars stigs umbreytinga á orku (t.d. á kolum yfir í raforku, á koksofnagasi yfir í raforku) eða til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d.: kokskol yfir í koks).
9.1.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver
9.2.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
9.3.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver
9.4.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver
9.5.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
9.6.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
9.7.	Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur
9.8.	Þar af: Koksofnar
9.9.	Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur
9.10.	Þar af: Gasveitur
9.11.	Þar af: Háofnar Magn kokskola og/eða linkola og koksofnakoks sem er umbreytt í háofnum. Magn notað til eldsneytis við hitun og starfrækslu háofna (t.d. háofnagas) ætti ekki að telja með í umbreytingargeiranum heldur telja fram sem notkun í orkugeiranum.
9.12.	Þar af: Þétting kola í vökva Olía úr leirsteini og aðrar vörur sem fengnar eru fram með breytingu í vökva skal telja fram skv. 4. kafla í þessum viðauka.
9.13.	Þar af: fyrir blandað jarðgas Magn kolagass sem blandað er saman við jarðgas.
9.14.	Þar af: Ekki skilgreint annars staðar — umbreyting

1.2.2. *Orkugeiri*

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (e. *CHP*) og varmaorkuver
1.2.	Þar af: Kolanámur
1.3.	Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur
1.4.	Þar af: Koksofnar
1.5.	Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur
1.6.	Þar af: Gasveitur
1.7.	Þar af: Háofnar
1.8.	Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu
1.9.	Þar af: Þétting kola í vökva
1.10.	Þar af: Ekki skilgreind annars staðar — orka
2.	Tap við dreifingu Tap sem verður við flutning og dreifingu, sem og við brennslu á verksmiðjugasi.
3.	Samtala endanlegrar notkunar
4.	Samtala notkunar til annars en orkugjafar
4.1.	Þar af: Iðnaðar-, umbreytingar- og orkugeiri Notkun til annars en orkugjafar í öllum undirgeirum iðnaðar-, umbreytingar- og orkugeira, t.d. kol notuð til að búa til metanól eða ammoníak.
4.1.1.	Frá 4.1, þar af: í jarðolíuefna- eða jarðgasefnageiranum Notkun til annars en orkugjafar, t.d. kol notuð sem hráefni til framleiðslu á áburði og hráefni í önnur efni sem unnin eru úr jarðolíu eða jarðgasi.
4.2.	Þar af: Flutningageiri Notkun til annars en orkugjafar í öllum undirgeirum flutningageirans.
4.3.	Þar af: Aðrir geirar Notkun til annars en orkugjafar í verslun og opinberri þjónustu, íbúðarhúsnæði, landbúnaði og öðru sem ekki er skilgreint annars staðar.

1.2.3. *Skilgreining á endanlegri notkun orku*

1.	Endanleg orkunotkun
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: Járn og stál

2.2.	Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi
2.3.	Þar af: Járnlausir málmar
2.4.	Þar af: Málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: Flutningatæki
2.6.	Þar af: Vélbúnaður
2.7.	Þar af: Námuvinnsla og grjótnám
2.8.	Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
2.9.	Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: Viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: Textílefni og leður
2.13.	Þar af: Ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri
3.1.	Þar af: Járnbrautir
3.2.	Þar af: Innanlandssigling
3.3.	Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar — flutningar
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: Verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: Íbúðarhúsnæði
4.2.1.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Rýmishitun
4.2.2.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Rýmiskæling
4.2.3.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Vatnshitun
4.2.4.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Eldun
4.2.5.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Önnur endanleg notkun
4.3.	Þar af: Landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: Fiskveiðar
4.5.	Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar — annað

1.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi.

Gildir um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, eldsneytisköggla, koksofnakoks, koltjöru, brúnkolaköggla, mó, móvörur og olíuleirstein og olíusand.

1.3. **Varmagildi**

Gildir um harðkol, kokskol, önnur linkol, gljábrúnkol, surtarbrand, eldsneytisköggla, koksofnakoks, gaskoks, koltjöru, brúnkolaköggla, mó, móvörur, olíuleirstein og olíusand.

Telja verður fram bæði vergt og hreint varmagildi fyrir helstu samtölur hér á eftir:

1.	Framleiðsla
2.	Innflutningur
3.	Útflutningur
4.	Notað í koksofna
5.	Notað í háofna
6.	Notað í raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver hjá framleiðendum í aðalstarfsemi
7.	Notað í iðnaði
8.	Til annarra nota

1.4. **Mælieiningar**

1. Orkumagn	10^3 tonn Undantekning: í gasi (gasveitugasi, koksofnagasi, háofnagasi, öðru endurheimtanlegu gasi) er orkuinnihaldið mælt beint og einingin terajúl (TJ) (byggist á vergu varmagildi) er því notuð.
2. Varmagildi	MJ/tonn

1.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

2. JARÐGAS

2.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um jarðgas en til þess telst gas, aðallega metan, sem finnst í nýtanlegum jarðlögum, hvort sem er fljótandi eða loftkennt.

Innan þess telst bæði „ótengt“ gas frá svæðum þar sem aðeins er vinnsla á vetniskolefni í loftkenndu formi og „tengt“ gas úr framleiðslu sem tengist vinnslu á jarðolíu, sem og metan sem er endurheimt úr kolanámum (kolanámugas) eða kolalögum (kolalagagas).

Innan þess telst hvorki gas sem búið er til með loftfirrðri rotnun lífmassa (t.d. gasi frá heimilishaldi eða gasi frá skólpi) né gasveitugas.

2.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

2.2.1. *Birgða- og umbreytingargeirar*

Í eftirfarandi samtölum skal telja fram magn, gefið upp í bæði magn- og orkueiningum, og jafnframt taka með vergt varmagildi og hreint varmagildi:

---

1. Innlend framleiðsla

Öll markaðshæf þurrframleiðsla innan landamæra, þ.m.t. úr vinnslu á hafi úti. Framleiðsla er mæld eftir hreinsun og útdrætti á jarðgasvökva og brennisteini.

Undanskilið er gas sem tapast við vinnslu og magn þess sem er niðurdælt, loftað gas eða afgas.

Innifalið er magn notað innan jarðgasiðnaðarins, við jarðgasvinnslu, í leiðslukerfum og vinnslustöðvum.

1.1. Þar af: Tengt gas

Jarðgas úr vinnslu sem tengist hráolíu.

1.2. Þar af: Ótengt gas

Jarðgas frá svæðum þar sem aðeins er vinnsla á vetniskolefnum í loftkenndu formi.

1.3. Þar af: Kolanámugas

Metan unnið úr kolanámum eða úr kolalögum, leitt í rörum að yfirborðinu og notað í kolanámum eða flutt með leiðslum til neytenda.

---

2. Frá öðrum upptökum

Eldsneyti sem er blandað í jarðgas og notað sem blanda.

2.1. Þar af: úr olíuvörum

Fljótandi jarðolíugas til að endurnýja gæðin, t.d. varmagildi

---

2.2. Þar af: úr kolum

verksmiðjugas til að blanda við jarðgas

2.3. Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum

lífgas til að blanda við jarðgas

---

3. Innflutningur

---

4. Útflutningur

---

5. Alþjóðlegir skipageymar

---

6. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

---

7. Verg notkun

---

8. Tölfræðilegur mismunur

Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.

9.	Endurheimtanlegt gas: upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils Tiltækt gasmagn til afhendingar hvernig sem á stendur með inntak eða úttak. Þetta tekur til endurheimtanlegs jarðgass sem geymt er í sérstökum geymslum (uppurnu gas- og/eða olíuvinnslusvæði, í veiti, saltholu, blönduðum hellum eða öðrum) og geymslum fyrir fljótandi jarðgas. Púðagas skal undanskilið. Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
10.	Loftað gas Gas sem losað er út í andrúmsloftið á vinnslustaðnum eða í gasvinnslustöðinni. Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
11.	Logagas Gas sem brennur í afgasloga á vinnslustaðnum eða í gasvinnslustöðinni. Krafan um að telja fram varmagildi á ekki við hér.
12.	Samtala umbreytingargeira Eldsneyti sem er notað til fyrsta eða annars stigs umbreytinga á orku (t.d. á jarðgasi yfir í raforku) eða til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. á jarðgasi yfir í metanól).
12.1.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver
12.2.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver
12.3.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
12.4.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
12.5.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver
12.6.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
12.7.	Þar af: Gasveitur
12.8.	Þar af: Koksofnar
12.9.	Þar af: Háofnar
12.10.	Þar af: Gasi breytt í vökva Jarðgas sem er notað sem hráefni fyrir umbreytingu í vökva, t.d. magn eldsneytis sem fer inn í framleiðsluferli metanóls til umbreytingar í metanól.
12.11.	Þar af: Ekki tilgreint — umbreyting
2.2.2.	*Orkugeiri*
1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: Kolanámur
1.2.	Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla

1.3.	Þar af: Aðföng til olíuhreinsunarstöðva
1.4.	Þar af: Koksofnar
1.5.	Þar af: Háofnar
1.6.	Þar af: Gasveitur
1.7.	Þar af: Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver
1.8.	Þar af: Þétting (fljótandi jarðgas) og gösun
1.9.	Þar af: Gasi breytt í vökva
1.10.	Þar af: Ekki skilgreind annars staðar — orka
2.	Tap við dreifingu og flutning

2.2.3. *Skilgreining á endanlegri notkun orku*

Í öllum eftirfarandi samtölum þarf að telja fram sitt í hvoru lagi notkun á jarðgasi til orkugjafar og (þar sem það á við) notkun sem er ekki til orkugjafar:

1.	Samtala endanlegrar notkunar Endanleg orkunotkun og notkun sem er ekki til orkugjafar skal talin fram sitt í hvoru lagi undir þessum lið.
2.	Flutningageiri
2.1.	Þar af: Flutningar á vegum Tekur til bæði þjappaðs jarðgass og lífgass
2.1.1.	Þar af: Þáttur lífgass í flutningum á vegum
2.2.	Þar af: Flutningar um leiðslur
2.3.	Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar — flutningar
3.	Iðnaðargeiri
3.1.	Þar af: Járn og stál
3.2.	Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi
3.3.	Þar af: Járnlausir málmar
3.4.	Þar af: Málmlaus steinefni
3.5.	Þar af: Flutningatæki
3.6.	Þar af: Vélbúnaður
3.7.	Þar af: Námuvinnsla og grjótnám

3.8.	Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
3.9.	Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun
3.10.	Þar af: Viður og viðarvörur
3.11.	Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
3.12.	Þar af: Textílefni og leður
3.13.	Þar af: Ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: Verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: Íbúðarhúsnæði
4.2.1.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Rýmishitun
4.2.2.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Rýmiskæling
4.2.3.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Vatnshitun
4.2.4.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Eldun
4.2.5.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Önnur endanleg notkun
4.3.	Þar af: Landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: Fiskveiðar
4.5.	Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar — annað

2.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Telja skal fram bæði heildarmagn jarðgass og þann hluta af því sem er fljótandi jarðgas eftir upprunalöndum hvað varðar innflutning og eftir viðtökulöndum fyrir útflutning.

2.2.5. *Geymslurými fyrir gas*

1.	Heiti Heiti staðarins þar sem geymsluaðstaðan er.
2.	Gerð Geymslugerð, s.s. uppurið gasvinnslusvæði, salthol o.s.frv.
3.	Virkt rými Heildargeymslurými gass, að frádregnu púðagasi. Púðagasið er heildarmagn gass sem þarf að hafa sem varanlegar birgðir til að halda megi nægilegum geymsluþrýstingi á neðanjarðargeymum og tryggja afhendingarþrýsting á öllu útgjafarstiginu.

4. Hámarksútgjöf	Hámarkshlutfall gass sem hægt er að taka út úr viðkomandi geymslu; þetta samsvarar hámarksútskilnaðargetu.

2.3. **Mælieiningar**

1. Orkumagn	Magn jarðgass er talið fram samkvæmt orkuinnihaldi þess, þ.e. í terajúlum, byggt á vergu varmagildi, nema annað sé gefið til kynna. Einingin $10^6 m^3$ er notuð þar sem krafist er efnislegs magns, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15°C, 101,325 kPa).
2. Varmagildi	kJ/m^3, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15°C, 101,325 kPa).
3. Virkt geymslurými	10^6 m^3, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15°C, 101,325 kPa).
4. Hámarksútgjöf	10^6 m^3 á dag, sé gert ráð fyrir viðmiðunarskilyrðum fyrir gas (15°C, 101,325 kPa).

2.4. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

3. RAFORKA OG VARMI

3.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Kafli þessi fjallar um varma og raforku.

3.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

Viðauki A gildir hvað varðar útskýringar á hugtökum sem þessi kafli útskýrir ekki sérstaklega. Skilgreiningarnar og einingarnar, sem nefndar eru í 1., 2., 4. og 5. kafla, gilda um orkuvörur sem heyra undir eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas, jarðgas, olíu- og jarðolíuafurðir og endurnýjanlega orku og orku úr úrgangi.

3.2.1. *Birgða- og umbreytingargeirar*

Eftirfarandi sértækar skilgreiningar gilda um samtölur fyrir raforku og varma í þessum kafla:

— Verg raforkuframleiðsla: samanlögð raforkuframleiðsla frá öllum umræddum rafalasamstæðum (þ.m.t. dælimiðlunum), mældum við útgangspól aðalrafalanna.

— Verg varmaframleiðsla: allur varmi sem framleiddur er í verinu, þ.m.t. varmi sem fer til þess stoðbúnaðar versins sem notar heitan vökva (rýmishitun, hitun fljótandi eldsneytis o.s.frv.) og tap í varmaskiptum vers og veitukerfis, sem og varmi frá efnavinnslu sem notaður er sem frumorka.

— Hrein raforkuframleiðsla: verg raforkuframleiðsla að frátalinni þeirri raforku sem notuð er af stoðbúnaði rafala og tapinu í spennubreytum aðalrafala.

— Hrein varmaframleiðsla: varminn sem veittur er inn í dreifingarkerfið, eins og ákvarðað er með mælingum á út- og innstreymi.

Í samtölunum, sem nefndar eru í næstu töflu, verður að telja fram sérstaklega hvað er fyrir orkuver framleiðanda í aðalstarfsemi og hvað er fyrir orkuver framleiðanda til eigin nota. Innan þessara tveggja gerða af orkuverum skal telja fram sérstaklega bæði verga og hreina raforku- og varmaframleiðslu fyrir raforkuver eingöngu, fyrir samþætt varma- og raforkuvinnsluver og fyrir orkuver sem framleiða eingöngu varma, eftir því sem við á, að því er varðar eftirfarandi samtölur:

1.	Heildarframleiðsla
1.1.	Þar af: Kjarnorka
1.2.	Þar af: Vatnsorka
1.2.1.	Þar af: sá hluti vatnsorku sem framleiddur er með dælimiðlun
1.3.	Þar af: Jarðvarmi
1.4.	Þar af: Sólarorka
1.5.	Þar af: Sjávarfalla-, öldu-, haforka
1.6.	Þar af: Vindorka
1.7.	Þar af: Brennanlegt eldsneyti Eldsneyti sem hægt er að kveikja í eða brenna, þ.e. það hvarfast við súrefni til að framleiða umtalsverða hækkun hitastigs og er brennt beint til að framleiða raforku og/eða varma.
1.8.	Þar af: Varmadælur Varmaframleiðsla með varmadælum aðeins ef varminn er seldur til þriðja aðila (þ.e. í tilvikum þar sem framleiðslan á sér stað í umbreytingargeiranum).
1.9.	Þar af: Rafmagnskatlar Varmamagn frá rafmagnskötlum þar sem framleiðslan er seld til þriðju aðila.
1.10.	Þar af: Varmi frá efnavinnslu Varmi sem hlýst af framleiðslu án inntekinnar orku, s.s. frá efnahvörfum. Undanskilið er varmatap frá orkuknúnum ferlum, sem hefðu átt að vera taldir fram undir framleiddum varma úr viðkomandi eldsneyti.
1.11.	Þar af: Önnur upptök (tilgreinið)

Telja verður samtölurnar, sem nefndar eru í næstu töflu, fram sem heildartölur fyrir raforku og varma hvort fyrir sig, eftir því sem við á. Í fyrstu þremur samtölunum í næstu töflu ætti að reikna magn út frá því verðgildi sem talið er fram skv. fyrri töflu og samrýmt því.

1.	Verg heildarframleiðsla
2.	Eigin notkun í verinu
3.	Hrein heildarframleiðsla
4.	Innflutningur Sjá einnig skýringu undir 5. lið „Útflutningur“.

5.	Útflutningur Litið skal svo á að raforka sé annaðhvort innflutt eða útflutt þegar hún hefur farið yfir pólitísk landamæri landsins, hvort sem tollafgreiðsla hefur átt sér stað eða ekki. Magnið ætti að tilgreina, ef raforka er flutt yfir land, bæði undir innflutningi og útflutningi.
6.	Notað í varmadælur
7.	Notað í rafknúna gufukatla
8.	Notað fyrir dælimiðlun
9.	Notað í raforkuframleiðslu
10.	Afhent orka Raforka: samanlögð hrein raforkuframleiðsla frá öllum orkuverum í landinu, að frátöldu því magni sem varmadælur og rafknúnir gufukatlar nota á sama tíma, dælt er inn viðbótarmagni eða magni frá við útflutning til eða innflutning frá útlöndum. Varmi: samanlögð nettóvarmaframleiðsla til sölu frá öllum orkuverum í landinu, að frátöldum þeim varma sem notaður er til raforkuframleiðslu og aukningu eða samdrætti hans með útflutningi frá eða innflutningi til útlanda.
11.	Sendinga- og dreifingartap Allt tap á raforku og varma vegna flutninga og dreifingar. Að því er varðar raforku er tap í spennubreytum sem ekki teljast óaðskiljanlegur hluti orkuvera talið með.
12.	Heildarnotkun (útreiknuð)
13.	Tölfræðilegur mismunur
14.	Heildarnotkun (mæld)

Sérstaklega skal telja fram framleidda raforku, seldan varma og notað eldsneyti, þ.m.t. viðkomandi heildarorku úr brennanlegu orkugjöfunum sem skráðir eru í næstu töflu, fyrir orkuver framleiðenda í aðalstarfsemi og orkuver þeirra sem framleiða til eigin nota. Innan þessara tveggja gerða af orkuverum skal, eftir því sem við á, raforku- og varmaframleiðsla talin fram fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) raforku, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og orkuver sem framleiða (eingöngu) varma:

1.	Eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas:
1.1.	Harðkol
1.2.	Kokskol
1.3.	Önnur linkol
1.4.	Gljábrúnkol
1.5.	Surtarbrandur
1.6.	Mór

1.7.	Eldsneytiskögglar
1.8.	Koksofnakoks
1.9.	Gaskoks
1.10.	Koltjara
1.11.	Brúnkolakögglar (köggluð brúnkol)
1.12.	Gasveitugas
1.13.	Koksofnagas
1.14.	Háofnagas
1.15.	Annað endurheimtanlegt gas
1.16.	Móvörur
1.17.	Olíuleirsteinn og olíusandur
2.	Olía og jarðolíuafurðir
2.1.	Jarðolía
2.2.	Jarðgasvökvi
2.3.	Olíuhreinsunargas
2.4.	Fljótandi jarðolíugas (LPG)
2.5.	Nafta
2.6.	Steinolíukennt þotueldsneyti
2.7.	Önnur steinolía
2.8.	Gas/dísilolía (eimuð brennsluolía)
2.9.	Svartolía
2.10.	Jarðbik (þ.m.t. bikolía)
2.11.	Jarðolíukoks
2.12.	Aðrar olíuvörur
3.	Jarðgas
4.	Endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi
4.1.	Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)
4.2.	Sorp (endurnýjanlegt)

4.3.	Sorp (óendurnýjanlegt)
4.4.	Fast lífeldsneyti
4.5.	Lífgas
4.6.	Lífdísilolíur
4.7.	Annað fljótandi lífeldsneyti

3.2.2. *Raforku- og varmanotkun innan orkugeirans*

1.	Samtala orkugeira Undanskilin eru eigin not orkuvers, dælimiðlun, varmadælur og rafmagnskatlar.
1.1.	Þar af: Kolanámur
1.2.	Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla
1.3.	Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur
1.4.	Þar af: Koksofnar
1.5.	Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur
1.6.	Þar af: Gasveitur
1.7.	Þar af: Háofnar
1.8.	Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu
1.9.	Þar af: Kjarnorkuiðnaður
1.10.	Þar af: Þétting kola í vökva
1.11.	Þar af: Þéttingar- (fljótandi jarðgas) og endurgösunarstöð
1.12.	Þar af: Gösunarver (lífgas)
1.13.	Þar af: Gasi breytt í vökva
1.14.	Þar af: Framleiðslustöð viðarkola
1.15.	Þar af: Ekki skilgreind annars staðar — orka

3.2.3. *Skilgreining á endanlegri notkun orku*

1.	Iðnaðargeiri
1.1.	Þar af: Járn og stál
1.2.	Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi
1.3.	Þar af: Járnlausir málmar

1.4.	Þar af: Málmlaus steinefni
1.5.	Þar af: Flutningatæki
1.6.	Þar af: Vélbúnaður
1.7.	Þar af: Námuvinnsla og grjótnám
1.8.	Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
1.9.	Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun
1.10.	Þar af: Viður og viðarvörur
1.11.	Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
1.12.	Þar af: Textílefni og leður
1.13.	Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar — iðnaður
2.	Flutningageiri
2.1.	Þar af: Járnbrautir
2.2.	Þar af: Flutningar um leiðslur
2.3.	Þar af: Vegir
2.4.	Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar — flutningar
3.	Íbúðarhúsnæðisgeiri
3.1.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Rýmishitun
3.2.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Rýmiskæling
3.3.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Vatnshitun
3.4.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Eldun
3.5.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Lýsingar- og rafmagnstæki Þetta gildir aðeins um rafmagn.
3.6.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Önnur endanleg notkun
4.	Verslun og opinber þjónusta
5.	Landbúnaður/skógrækt
6.	Fiskveiðar
7.	Ekki skilgreindar annars staðar — annað

3.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Magn innflutnings og útflutnings á raforku og varma eftir löndum.

3.2.5. *Hrein framleiðsla á raforku og varma frá framleiðendum til eigin nota*

Hrein framleiðsla á raforku og varma frá framleiðendum raforku og varma til eigin nota skal talin fram sérstaklega fyrir samþætt varma- og raforkuvinnsluver, fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) raforku og fyrir orkuver sem framleiða (eingöngu) varma, í eftirtöldum orkuverum og starfsemi:

1.	Samtala orkugeira
1.1.	Þar af: Kolanámur
1.2.	Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla
1.3.	Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur
1.4.	Þar af: Koksofnar
1.5.	Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur
1.6.	Þar af: Gasveitur
1.7.	Þar af: Háofnar
1.8.	Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu
1.9.	Þar af: Þétting kola í vökva
1.10.	Þar af: Þéttingar- (fljótandi jarðgas) og endurgösunarstöð
1.11.	Þar af: Gösunarver (lífgas)
1.12.	Þar af: Gasi breytt í vökva
1.13.	Þar af: Framleiðslustöð viðarkola
1.14.	Þar af: Ekki skilgreind annars staðar — orka
2.	Flutningageiri
2.1.	Þar af: Járnbrautir
2.2.	Þar af: Flutningar um leiðslur
2.3.	Þar af: Vegir
2.4.	Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar — flutningar
3.	Allir aðrir geirar: eins og skrá yfir samtölur undir lið „3.2.3. Skilgreining á lokanotkun orku“.

3.3. **Skipulagsupplýsingar um raforku- og varmaframleiðslu**

3.3.1. *Hrein hámarksraforkuafköst og álagstoppar*

Telja ber afköst fram fyrir 31. desember á viðkomandi skýrsluári.

Raforkuafköst frá bæði orkuverum sem framleiða (eingöngu) raforku og orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu eru meðtalin.

Hrein hámarksraforkuafköst eru samanlögð hrein hámarksafköst allra stöðva, gerð upp í hverri stöð fyrir sig á tilteknu vinnslutímabili. Gert er ráð fyrir, miðað við núverandi markmið, að vinnslutímabilið sé samfellt: í raun 15 klst. eða meira á dag. Nettóhámarksafköst eru hámarksafl, sem gert er ráð fyrir að sé eingöngu virkt afl sem allar stöðvar geta látið í té samfellt, við úttak dreifikerfisins, þegar þær eru í fullum gangi. Álagstoppur er skilgreindur sem hæsta gildi afls sem dreifikerfi eða samsetning dreifikerfa innan landsins tekur til sín eða lætur í té.

Tilkynna verður hrein hámarksraforkuafköst fyrir bæði framleiðanda í aðalstarfsemi og þann sem framleiðir til eigin nota.

1.	Samtals
2.	Kjarnorka
3.	Vatnsorka
3.1.	Þar af: blönduð orkuver
3.2.	Þar af: hrein dælimiðlun
4.	Jarðvarmi
5.	Sólarraforka
6.	Sólarvarmaorka
7.	Sjávarfalla-, öldu-, haforka
8.	Vindorka
9.	Brennanlegt eldsneyti
9.1.	Þar af: Gufa
9.2.	Þar af: Bruni
9.3.	Þar af: Gashverfill
9.4.	Þar af: Samsett ferli
9.5.	Þar af: Annað Verður útskýrt ef talið fram.

Eftirfarandi upplýsingar um álagstopp verður að tilkynna fyrir dreifikerfið:

10.	Álagstoppur
11.	Tiltæk afköst í álagstoppi
12.	Dagsetning og tími þegar álagstoppar koma fyrir

3.3.2. *Hrein hámarksraforkuafköst brennanlegs eldsneytis*

Hrein hámarksraforkuafköst brennanlegs eldsneytis verður að telja fram bæði fyrir framleiðendur í aðalstarfsemi og framleiðendur til eigin nota og sérstaklega fyrir hvora tegund af verum sem nota eina tegund af eldsneyti og verum sem nota margar tegundir af eldsneyti, sem koma fram í næstu töflu. Hjá öllum verum sem nota fleiri en eina tegund eldsneytis skal merkja við hvaða tegund eldsneytis er notuð sem aðaleldsneyti og hverjar eru aukaeldsneyti.

1.	Kynt með einni tegund eldsneytis:
1.1.	Kynt með kolum eða kolaafurðum Tekur til koksofnagass, háofnagass og gass úr súrefnisstálbræðsluofnum.
1.2.	Kynt með fljótandi eldsneyti Tekur til hreinsunarstöðvagass.
1.3.	Kynt með jarðgasi Tekur til gasveitugass
1.4.	Kynt með mó
1.5.	Kynt með brennanlegum endurnýjanlegum orkugjöfum og úrgangi
2.	Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu og fljótandi eldsneyti
3.	Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu eldsneyti og jarðgasi
4.	Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, fljótandi eldsneyti og jarðgasi
5.	Kynt með mörgum tegundum eldsneytis, föstu og fljótandi eldsneyti og jarðgasi

Aðeins einingar sem geta brennt fleiri en einni tegund eldsneytis í samfellu teljast vera kerfi sem kynt eru með mörgum tegundum eldsneytis. Stöðvum með aðskildum einingum, sem nota mismunandi eldsneyti, ætti að skipta upp og hver eining að fara í viðeigandi flokk fyrir stöð sem kyndir með einni tegund eldsneytis.

3.4. **Gögn um kjarnorku**

Tilkynna verður eftirfarandi gögn um almenn not af kjarnorku:

1.	Auðgunargeta Árleg aðgreiningargeta starfandi kjarnorkuvera í auðgunarstarfsemi (aðgreining á samsætum úrans).
2.	Framleiðslugeta á fersku eldsneyti Árleg framleiðslugeta orkuvera sem framleiða eldsneyti. Verksmiðjur sem framleiða blandað oxíðeldsneyti eru undanskildar.
3.	Framleiðslugeta verksmiðja sem framleiða blandað oxíðeldsneyti. Árleg framleiðslugeta verksmiðja sem framleiða blandað oxíðeldsneyti. Blandað oxíðeldsneyti (e. *MOX*) inniheldur blöndu af plútoni og úrani (blandað oxíð).
4.	Framleiðsla á fersku eldsneyti Framleiðsla á fullunnu og fersku eldsneyti í kjarnorkuverum sem framleiða eldsneyti. Eldsneytisstangir og aðrar hlutar af vöru eru undanskildar. Orkuver sem framleiða blandað oxíðeldsneyti eru einnig undanskilin.
5.	Framleiðslugeta á blönduðu oxíðeldsneyti Framleiðsla á fullunnu og fersku eldsneyti í verksmiðjum sem framleiða blandað oxíðeldsneyti. Eldsneytisstangir eða aðrir hlutar af vöru eru undanskilin.
6.	Framleiðsla á varma frá kjarnorkuverum. Heildarmagn varma sem aflað er frá kjarnakljúfum til framleiðslu á rafmagni eða til annarrar gagnlegrar notkunar varma.

7.	Árleg meðalbrennsla á geisluðu eldsneyti sem er varanlega losað Reiknað meðaltal brennslu á eldsneyti sem hefur verið varanlega losað frá kjarnakljúfunum á viðkomandi viðmiðunarári. Undanskilið er eldsneyti sem er losað tímabundið og verður líklega ekki umhlaðið aftur síðar.
8.	Framleiðsla á úrani og plútoni í endurvinnsluverum Úran og plúton sem framleitt er í endurvinnsluverum á viðmiðunarárinu.
9.	Afkastageta (á úrani og plútoni) í endurvinnsluverum Árleg endurvinnslugeta úrans og plútons.

3.5. **Mælieiningar**

1.	Orkumagn	Rafmagn: Gígavattstund (GWh) Varmi: Terajúl Eldsneyti í föstu formi og verksmiðjugas: mælieiningarnar í 1. kafla þessa viðauka gilda. Jarðgas: mælieiningarnar í 2. kafla þessa viðauka gilda. Olía og jarðolíuafurðir: mælieiningarnar í 4. kafla þessa viðauka gilda. Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur: mælieiningarnar í 5. kafla þessa viðauka gilda. Úran og plúton: tonn af þungmálmi (tHM).
2.	Afkastageta	Afköst raforkuframleiðslu: Rafmegavött (MWe) Afköst varmaframleiðslu: Varmamegavött (MWt) Auðgunargeta (sundurgreining á samsætum úrans): í tonnum af sundurgreindum vinnueiningum (tSWU). Framleiðslugeta af kjarnorkueldsneyti: tonn af þungmálmi (tHM).

3.6. **Frávik og undanþágur**

Frakkland er undanþegið skýrslugjöf um samtölur að því er varðar varma. Undanþágan fellur úr gildi um leið og Frakkar eru tilbúnir til að senda þessa skýrslu og, hvað sem öðru líður, ekki seinna en fjórum árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

4. OLÍA OG JARÐOLÍUAFURÐIR

4.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara		Skilgreining
1.	Jarðolía	Óhreinsuð olía er jarðolía af náttúrulegum uppruna úr blöndu vetniskolefna og aðskotaefna sem henni fylgja, s.s. brennisteini. Hún er fljótandi við staðalhitastig og -þrýsting og eðliseiginleikar hennar (eðlismassi, seigja, o.s.frv.) eru mjög breytilegir. Til þessa flokks teljast þéttar frá olíusvæðum og leigusvæðum sem unnir eru úr tengdu og ótengdu gasi sem blandast við hina óhreinsuðu olíu í vinnslu.

Orkuvara		Skilgreining
2.	Jarðgasvökvi	Jarðgasvökvi er vetniskolefni sem er, eða hefur verið gert, fljótandi og er unnið upp úr jarðgasi í aðgreiningar- eða gasvinnslustöðvum. Etan, própan, bútan (venjulegt og ísóbútan), (ísó)pentan og pentön plús (stundum kölluð náttúrulegt bensín eða stöðvarþétta) teljast til jarðgasvökva.
3.	Hráefni til olíuhreinsunar	Hráefni til olíuhreinsunar er unnin olía ætluð til frekari vinnslu (þ.e. beineimuð brennsluolía eða undirþrýstieimuð gasolía), annarrar en blöndunar. Með frekari vinnslu er því umbreytt í einn eða fleiri efnisþætti og/eða fullunnar vörur. Þessi skilgreining nær einnig yfir vörur sem jarðolíu- og jarðgasiðnaðurinn skilar til hreinsunariðnaðarins (t.d. hitasundrað bensín, C4-þætti, gasolíu- og brennsluolíuþætti).
4.	Íblöndunarefni/ súrefnissambönd	Íblöndunarefni eru efnasambönd, önnur en vetniskolefni, sem bætt er í eða blandað saman við vöru til að breyta eldsneytiseiginleikum (oktan, setan, kuldaeiginleikar o.s.frv.): — súrefnissambönd, s.s. alkóhól (metanól, etanól), eter (s.s. MTBE (metýl-tertíerbútýleter), ETBE (etýltertíerbútýleter), TAME (tertíeramýl-metýleter)), — esterar (t.d. repjuolía eða dímetýlester, o.s.frv.), — efnasambönd (s.s. tetrametýlblý, tetraetýlblý og þvotta- og hreinsiefni). *Athugasemd*: Magn íblöndunarefna/súrefnissambanda (alkóhóls, eters, estera og annarra efnasambanda) sem talið er fram í þessum flokki ætti að vera í samhengi við magnið sem ætlað er til blöndunar í eldsneyti eða til notkunar sem eldsneyti.
4.1.	Þar af: Lífeldsneyti	Lífbensín og lífdísilolía. Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda. Magn fljótandi lífeldsneytis sem tilgreint er í þessum flokki á við um lífeldsneytið en ekki heildarmagn vökvans sem lífeldsneytinu er blandað í. Öll viðskipti með lífeldsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), eru undanskilin og ætti að telja þau fram í 5. kafla. Tilgreina ætti lífeldsneytið, sem selt er sem hluti af flutningaeldsneyti, í viðkomandi vöru þar sem lífeldsneytisskammturinn er gefinn upp.
5.	Önnur vetniskolefni	Tilbúin óhreinsuð olía úr tjörusandi, leirsteinsolía o.s.frv., vökvar úr umbreytingu kola í vökva (sjá 1. kafla), afurðir úr vökva úr þéttingu jarðgass í bensín (sjá 2. kafla), vetni og fleytt olía (t.d. bikolía). Framleiðsla olíu úr leirsteini er undanskilin, um hana gildir 1. kafli. Framleiðslu olíu úr leirsteini (annars stigs afurð) skal telja fram í „frá öðrum uppsprettum“ í flokknum „önnur vetniskolefni“.
6.	Olíuhreinsunargas (ekki fljótandi)	Olíuhreinsunargas er blanda af gastegundum sem ekki þéttast og er aðallega úr vetni, metani, etani og ólefínum sem verða til við eimingu jarðolíu eða meðhöndlun olíuvara (t.d. sundrunar) í hreinsunarstöðvum. Þetta tekur einnig til gass sem skilað er frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.
7.	Etan	Náttúrulega loftkennt ógreinótt vetniskolefni (C_2H_6) dregið út úr jarðgasi og gasstreymi hreinsunarstöðva.

Orkuvara	Skilgreining
8. Fljótandi jarðolíugas (LPG)	Fljótandi jarðolíugas er létt paraffínskt vetniskolefni sem leiða má út í hreinsunarferlum, við stöðgun óhreinsaðrar olíu og í jarðgasvinnslustöðvum. Innihaldsefni þess eru einkum própan (C_3H_8) og bútan (C_4H_{10}) eða samsetning þeirra tveggja. Það getur einnig innihaldið própýlen, bútýlen, ísóprópýlen og ísóbútýlen. Fljótandi jarðolíugas er yfirleitt gert fljótandi með þrýstingi fyrir flutning og geymslu.
9. Nafta	Nafta er hráefni sem ætlað er annaðhvort í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn (t.d. í etýlenframleiðslu eða framleiðslu arómatískra efna) eða í bensínframleiðslu með umbreytingu eða hverfingu í hreinsunarstöðvum. Nafta er úr efni á eimingarsviðinu milli 30 °C og 210 °C eða hluta af því sviði.
10. Hreyfilbensín	Hreyfilbensín er sett saman úr blöndu af léttum vetniskolefnum sem eimast á milli 35°C og 215°C. Það er notað til eldsneytis fyrir neistakveikjuhreyfla á landi. Hreyfilbensín getur innihaldið íblöndunarefni, súrefnissambönd og efni sem auka oktantöluna, þ.m.t. blýsambönd s.s. tetraetýlblý og tetrametýlblý. Tekur til þátta sem blandað er í hreyfilbensín (að undanskildum íblöndunarefnum/súrefnissamböndum), t.d. alkulata, ísómerata, afurða umbreyta, sundraðs bensíns sem ætlað er til notkunar sem fullunnið hreyfilbensín.
10.1. Þar af: Lífbensín	Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda.
11. Flugvélabensín	Hreyfilbensín, sérstaklega búið til fyrir strokkhreyfla í flugvélum, með oktantölu sem hæfir vélinni og frostmark við –60°C og eimingarsvið sem yfirleitt er innan markanna 30°C og 180°C.
12. Þotueldsneyti (af naftagerð eða JP-4-gerð)	Þetta tekur til allrar olíu úr léttum vetniskolefnum til notkunar í flughverflum, eimist milli 100°C og 250°C. Það er fengið fram með því að blanda steinolíu og bensíni eða nafta á þann hátt að arómatískt efni fari ekki yfir 25% af rúmmálinu og gufuþrýstingurinn sé á milli 13,7 kPa og 20,6 kPa.
13. Steinolíukennt þotueldsneyti	Eimi notað fyrir flughverfla. Það hefur sömu eimingareiginleika á milli 150°C og 300°C (yfirleitt ekki yfir 250°C) og sama blossamark og steinolía. Þar að auki hefur það sérstakar forskriftir (s.s. frostmark) sem Alþjóðasamband flugfélaga (IATA) hefur staðfest. Tekur einnig til þátta sem blandað er í steinolíu.
13.1. Lífræn steinolía fyrir þotur	Fljótandi lífeldsneyti sem unnið er í lífmassa og blandað við eða kemur í staðinn fyrir steinolíu fyrir þotur.
14. Önnur steinolía	Hreinsað jarðolíueimi notað í öðrum geirum en flugfrakt. Það eimast á milli 150°C og 300°C.
15. Gasolía/dísilolía (brennsluolíueimi)	Gasolía/dísilolía er aðallega millieimi sem eimast á milli 180°C og 380°C. Tekur til blöndunarþátta. Nokkrir gæðaflokkar eru fáanlegir, eftir því um hvaða notkun er að ræða:
15.1. Þar af: Vegadísilolía	Dísilolía fyrir ökutæki með þjöppukveikju fyrir dísilolíu (bílar, vörubifreiðar o.s.frv.), yfirleitt með lágt brennisteinsinnihald.

Orkuvara	Skilgreining
15.1.1. Frá 15.1., þar af: Lífdísilolíur	Skilgreiningar úr 5. kafla, endurnýjanleg orka og orka úr úrgangi, gilda.
15.2. Þar af: Gasolía til húshitunar og önnur gasolía.	Létt hitunarolía til notkunar í atvinnu- og viðskiptalegum tilgangi, skipadísilolía og dísilolía notuð til járnbrautarflutninga, önnur gasolía, þ.m.t. þung gasolía sem eimast á milli 380°C og 540°C og er notuð í hráefni fyrir jarðolíu- og jarðgasiðnaðinn.
16. Brennsluolía	Allar leifar (svart-) brennsluolíu (þ.m.t. þær sem fengnar eru fram með blöndun). Eðlisseigja er hærri en 10 sentistók (cSt) við 80°C. Blossamarkið er alltaf hærra en 50°C og eðlismassi er alltaf hærri en 0,90 kg/l.
16.1. Þar af: Lítið brennisteinsinnihald	Svartolía með lægra brennisteinsinnihaldi en 1%.
16.2. Þar af: Hátt brennisteinsinnihald	Svartolía með 1% brennisteinsinnihald eða hærra.
17. Terpentína og hreinsað bensín	Hreinsuð meðalþung eimi með eimingu á nafta-/steinolíusviðinu. Þeim er skipt niður í: — Hreinsað bensín (SBP): Léttolíur sem eimast á milli 30°C og 200°C. Til eru 7 eða 8 gæðaflokkar af hreinsuðu bensíni og fara gæðin eftir því hvar eimingarferlið er stöðvað. Gæðaflokkarnir eru skilgreindir samkvæmt mismuni hitastigs við mörk 5% og 90% af magninu sem hefur eimast (og er ekki hærra en 60°C). — Terpentína Hreinsað bensín með blossamark yfir 30°C. Eimingarsvið terpentínu er 135°C–200°C.
18. Smurolía	Vetniskolefni framleidd úr eimi aukaafurðar, þau eru aðallega notuð til að minnka núning milli snertiflata á legum. Tekur til allra tilbúinna gæðaflokka smurolía, frá ásaolíu til strokkolíu og þeirra sem notaðar eru í feiti, vélaolíu og allra gæðaflokka af grunnefnum smurolíu.
19. Jarðbik	Fast, hálffast eða seigfljótandi vetniskolefni með sviflausnargerð, brúnt allt að svart að lit, verður til sem leifar við eimingu jarðolíu, með undirþrýstieimingu á olíuleifum frá eimingu við venjulegan loftþrýsting. Jarðbik er oft kallað asfalt og aðallega notað í vegagerð og sem þakefni. Þar með talið fljótandi og þynnt jarðbik.
20. Paraffínvax	Þetta vax er mettað og alifatískt vetniskolefni. Þetta vax er leif sem dregið er út þegar vax er fjarlægt úr smurolíum. Bygging þess er kristölluð sem er meira eða minna fíngerð, samkvæmt gæðunum. Aðaleinkenni þess eru eins og hér segir: það er litlaust, lyktarlaust og hálfgagnsætt, með bræðslumark yfir 45°C.
21. Jarðolíukoks	Svört, föst aukaafurð, aðallega fengin fram með sundrun og kolun á hráefni unnu úr jarðolíu, botnfalli frá eimingu sem gerð er við undirþrýsting, tjöru og biki í ferlum eins og tafinni koksun og vökvakoksun. Það er aðallega kolefni (90–95%) og hefur lágt öskuinnihald. Það er notað sem hráefni í koksofna í stáliðnaðinum, til hitunar og framleiðslu á rafskautum og íðefnum. Tveir mikilvægustu gæðaflokkarnir eru „hrákoks“ og „glætt koks“.

Orkuvara	Skilgreining
	Tekur til „hvatakoks“ sem fellur til og sest á hvata í hreinsunarferlunum, þetta koks er ekki hægt að endurheimta og er venjulega brennt sem hreinsunarstöðvaeldsneyti.
22. Aðrar vörur	Allar vörur sem ekki er sérstaklega minnst á hér að ofan, t.d. tjara og brennisteinn. Nær yfir arómatísk efni (t.d. bensen (BTX), tólúen og xýlen) og ólefínur (t.d. própýlen) sem framleiddar eru í hreinsunarstöðvum.

4.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

4.2.1. *Framboð óhreinsaðrar olíu, jarðgasvökva, hráefnis hreinsunarstöðva, íblöndunarefnis og annars vetniskolefnis*

Eftirfarandi tafla gildir um óhreinsaða olíu, jarðgas, vökva, hráefni hreinsunarstöðva, íblöndunarefni/súrefnissambönd (og lífræna þætti þeirra) og önnur vetniskolefni:

1.	Innlend framleiðsla Á ekki við um hráefni hreinsunarstöðva eða lífeldsneyti.
2.	Frá öðrum upptökum: Íblöndunarefni, lífeldsneyti og önnur vetniskolefni, um framleiðslu þeirra hefur þegar verið fjallað í öðru eldsneytisyfirliti. Á ekki við um óhreinsaða olíu, jarðgasvökva og hráefni hreinsunarstöðva.
2.1.	Þar af: úr kolum Þar með taldir vökvar sem framleiddir eru í verum sem umbreyta kolum í vökva og vökvaafurðir frá koksofnum.
2.2.	Þar af: úr jarðgasi Við framleiðslu á tilbúnu bensíni þarf e.t.v. að nota jarðgas sem hráefni. Gas til metanólframleiðslu er talið fram skv. 2. kafla en metanólið, sem út úr henni kemur, er talið fram hér.
2.3.	Þar af: úr endurnýjanlegum orkugjöfum Þar með talið lífeldsneyti sem er ætlað til blöndunar við flutningaeldsneyti. Framleiðsla er talin fram í 5. kafla en magn til blöndunar er talið fram hér.
3.	Bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasgeira Fullunnar eða hálfunnar vörur sem endanlegir notendur skila til hreinsunarstöðva til vinnslu, blöndunar eða sölu. Þær eru venjulega aukaafurðir jarðolíu- eða jarðgasframleiðslu. Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.
4.	Millifærðar vörur Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda. Á aðeins við um hráefni hreinsunarstöðva.
5.	Innflutningur og útflutningur Tekur til magns jarðolíu og vara sem fluttar eru inn eða út samkvæmt vinnslusamningum (þ.e. hreinsun í reikning). Óhreinsaða olíu og jarðgasvökva ætti að telja fram eins og efnin komi frá fyrsta upprunalandi en hráefni til hreinsunarstöðva og fullunnar vörur ber að tilgreina eins og frá síðasta sendingarlandi.

Tekur til allra gasvökva (t.d. fljótandi jarðolíugass) sem eru dregnir út við endurgösun innflutts fljótandi jarðgass og jarðolíuafurða sem jarðolíu- og jarðgasiðnaðurinn flytur beint inn eða út.

Athugasemd: Öll viðskipti með lífeldsneyti, sem hefur ekki verið blandað saman við flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi), ætti að tilgreina í spurningalista endurnýjanlegra orkugjafa.

Endurútflutning olíu, sem flutt er inn til vinnslu innan tollfrjálsra svæða, ber að telja með undir útflutningi vöru frá vinnslulandinu til lokaviðtökustaðarins.

---

6. Bein notkun

Óhreinsuð olía, jarðgasvökvi, íblöndunarefni og súrefnissambönd (og sá hluti sem er lífeldsneyti) og önnur vetniskolefni notuð beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöðvum.

Tekur til óhreinsaðrar olíu sem brennd er til raforkuframleiðslu.

---

7. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

---

8. Útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva

Heildarmagn vöru, sem reiknað er út að hafi farið til vinnslu í hreinsunarstöð. Það er skilgreint sem:

innlend framleiðsla + frá öðrum uppsprettum + bakstreymi frá iðnaði + millifærðar vörur + innflutningur – útflutningur – bein notkun + breytingar á birgðum

---

9. Tölfræðilegur mismunur

Skilgreindur sem útreiknað inntekið magn til hreinsunarstöðva að frádregnu því mælda.

---

10. Mælt inntekið magn til hreinsunarstöðva

Magn sem mælt er sem aðföng til hreinsunarstöðva

---

11. Tap í hreinsunarstöðvum

Mismunurinn á innteknu magni til hreinsunarstöðva (mældu) og vergri framleiðslu þeirra. Vegna uppgufunar getur orðið tap á meðan á eimingarferlum stendur. Uppgefið tap er fært sem plústala. Rúmmál getur aukist en ekki massi.

---

12. Heildarupphafsbirgðir og heildarbirgðir í lok tímabils á innlendu yfirráðasvæði

Allar birgðir á innlendu yfirráðasvæði, þ.m.t. birgðir í vörslu hins opinbera, hjá stórnotendum eða birgðavörsluaðilum, birgðir um borð í hafskipum á leið til hafnar, birgðir á tollfrjálsum svæðum og birgðir sem geymdar eru fyrir aðra, með eða án tvíhliða samnings við ríkisvaldið. Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils vísa til fyrsta eða síðasta dags reikningsskilatímabilsins, eftir því sem við á.

---

13. Hreint varmagildi

Framleiðsla, innflutningur og útflutningur og heildarmeðaltal.

4.2.2. *Framboð á olíuvörum*

Eftirfarandi tafla á við um fullunnar vörur (hreinsunarstöðvagas, etan, fljótandi jarðolíugas, nafta, hreyfilbensín og einnig þátt þess í lífbensíni, flugvélabensín, þotueldsneyti, steinolíukennt þotueldsneyti og einnig lífrænan hluta þess, aðra steinolíu, gas-/dísilolíu, brennsluolíu með lágt eða hátt brennisteinsinnihald, terpentínu og hreinsað bensín, smurolíu, jarðbik, paraffínvax, jarðolíukoks og aðrar vörur). Óhreinsaða olíu og jarðgasvökva, sem fer beint til brennslu, ætti að telja með við afhendingu fullunninna vara og millifærslur innan vörutegunda.

1. Aðstreymi vöru á forstigi framleiðslunnar

Tekur til innlendrar og innfluttrar jarðolíu (þ.m.t. þétta) og innlends jarðgasvökva sem notaður er beint án vinnslu í jarðolíuhreinsunarstöð og bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum sem er notað beint, þrátt fyrir að það sé ekki aðaleldsneyti.

---

2. Verg framleiðsla hreinsunarstöðva

Framleiðsla fullunninna vara í hreinsunarstöð eða blöndunarverksmiðju.

Tap í hreinsunarstöðvum er undanskilið en hreinsunarstöðvaeldsneyti er talið með.

---

3. Endurunnar vörur

Fullunnar vörur sem fara aftur í gegnum markaðskerfið, eftir að hafa verið afhentar einu sinni til endanlegra notenda (t.d. notuð smurolía sem er endurunnin). Aðgreina skal þetta magn frá bakstreymi í jarðolíu- og jarðgasiðnaðinum.

---

4. Hreinsunarstöðvaeldsneyti

Jarðolíuafurðir sem notaðar eru við rekstur hreinsunarstöðva.

Undanskildar eru vörur sem olíufyrirtæki nota utan hreinsunarferlisins, t.d. olíugeymar eða olíuflutningaskip.

Tekur til eldsneytis sem notað er í hreinsunarstöðvunum til framleiðslu á raforku og varma til sölu.

4.1. Þar af: notað til raforkuframleiðslu

Magn notað til að framleiða raforku í verum í tengslum við hreinsunarstöðvar.

4.2. Þar af: notað til samþættrar varma- og raforkuvinnslu

Magn notað í orkuverum fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu í tengslum við hreinsunarstöðvar.

4.3. Þar af: notað til varmaframleiðslu

Magn notað til að framleiða varma í tengslum við hreinsunarstöðvar.

---

5. Innflutningur og útflutningur

---

6. Alþjóðlegir skipageymar

---

7. Millifærslur innan vörutegunda

Magn sem er endurflokkað, annaðhvort vegna þess að vörulýsingin hefur breyst eða hins að tegundunum hefur verið blandað saman við aðra vöru.

Neikvæð færsla fyrir eina vöru er bætt upp með jákvæðri færslu (eða nokkrum færslum) fyrir aðra eða nokkrar aðrar vörur og öfugt, heildarnettóáhrif ættu að vera á núlli.

---

8. Millifærðar vörur

Innfluttar jarðolíuafurðir, endurflokkaðar sem hráefni til frekari vinnslu í hreinsunarstöð, án afhendingar til endanlegra notenda.

---

9. Breytingar á birgðum

Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.

---

10. Útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar

Þær eru skilgreindar sem:

Aðstreymi fyrsta stigs afurða + verg framleiðsla hreinsunarstöðva + endurunnar vörur – hreinsunarstöðvaeldsneyti + innflutningur – útflutningur – alþjóðlegir skipageymar + millifærslur innan vörutegunda – millifærðar vörur + breytingar á birgðum

---

11.	Tölfræðilegur mismunur
	Skilgreindur sem útreiknaðar vergar innanlandsafhendingar að frádregnum þeim mældu.
12.	Mældar vergar innanlandsafhendingar
	Mældar afhendingar fullunninna jarðolíuafurða frá frumorkugjöfum (t.d. hreinsunarstöðvum, blöndunarverum o.s.frv.) til innanlandsmarkaðarins. Tala þessi getur verið frábrugðin útreiknuðu tölunni, t.d. vegna mismunar á yfirgripi og/eða mismunar á skilgreiningum í mismunandi skýrslukerfum.
12.1.	Þar af: Vergar afhendingar til jarðolíu- og jarðgasgeirans
	Eldsneyti afhent til jarðolíu- og jarðgasgeirans.
12.2.	Þar af: Orkunotkun í jarðolíu- og jarðgasgeiranum
	Magn olíu sem notuð er til eldsneytis í jarðolíu- og jarðgasvinnslu, t.d. gufusundrun.
12.3.	Þar af: Notkun sem er ekki til orkugjafar í jarðolíu- og jarðgasgeiranum
	Magn olíu sem notuð er í jarðolíu- og jarðgasgeiranum til að framleiða etýlen, própýlen, bútýlen, tilbúið gas, arómatísk efni, bútadíen og önnur hráefni á vetniskolefnisgrunni í vinnsluferlum s.s. við gufusundrun, í orkuverum sem framleiða arómatísk efni og við gufuaflsumbreytingar. Olía sem notuð er til eldsneytis er undanskilin.
13.	Bakstreymi frá jarðolíu- og jarðgasgeira til hreinsunarstöðva
14.	Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils
	Allar birgðir á innlendu yfirráðasvæði, þ.m.t. birgðir í vörslu hins opinbera, hjá stórnotendum eða birgðavörsluaðilum, birgðir um borð í hafskipum á leið til hafnar, birgðir á tollfrjálsum svæðum og birgðir sem geymdar eru fyrir aðra, bæði með eða án tvíhliða samnings við ríkisvaldið. Upphafsbirgðir og birgðir í lok tímabils vísa til fyrsta eða síðasta dags reikningsskilatímabilsins, eftir því sem við á.
15.	Breytingar á birgðum hjá almenningsveitum
	Breytingar á birgðum í vörslu almenningsveita og eru ekki taldar með í birgðastöðu og breytingar á birgðum sem tilgreindar eru annars staðar. Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu. Tekur til jarðolíu og jarðgasvökva sem fer til beinnar brennslu, ef við á.
16.	Hreint varmagildi vergra innanlandsafhendinga

4.2.3. *Vergar innanlandsafhendingar eftir geirum*

Í eftirfarandi töflum eiga eftirfarandi samtölur við um hráolíu, jarðgasvökva, hreinsunarstöðvagas, etan, fljótandi jarðolíugas, nafta, hreyfilbensín og lífrænan hluta þess, flugvélabensín, þotueldsneyti, hreint steinolíukennt þotueldsneyti og lífrænan hluta þess, aðra steinolíu, gas- eða dísilolíu (og hluta þess af vegadísil, hitunarolíu og annarri gasolíu, lífdísilolíu og ólífrænni gas- eða dísilolíu) hreina brennsluolíu (þ.m.t. hlutar þess með lágu eða háu brennisteinsinnihaldi), terpentínu og hreinsað bensín, smurolíu, jarðbik, paraffínvax, jarðolíukoks og aðrar olíuvörur.

Tilkynna þarf magn og heildarsamtölu bæði fyrir orkunotkun og notkun til annars en orkugjafar.

1.	Samtala umbreytingargeira
	Heildarmagn eldsneytis sem er notað til fyrsta og annars stigs umbreytinga á orku.
1.1.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver

1.2.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver
1.3.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
1.4.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
1.5.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver
1.6.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
1.7.	Þar af: Gasver/gösunarver
1.8.	Þar af: Blandað jarðgas
1.9.	Þar af: Koksofnar
1.10.	Þar af: Háofnar
1.11.	Þar af: Jarðolíu- og jarðgasiðnaður
1.12.	Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur
1.13.	Þar af: Ekki skilgreint annars staðar — umbreyting
2.	Samtala orkugeira Heildarmagn notað sem orka í orkugeiranum
2.1.	Þar af: Kolanámur
2.2.	Þar af: Olíu- og jarðgasvinnsla
2.3.	Þar af: Koksofnar
2.4.	Þar af: Háofnar
2.5.	Þar af: Gasveitur
2.6.	Þar af: Orkuver Raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu (e. *CHP*) og varmaorkuver.
2.7.	Þar af: Ekki skilgreind annars staðar — orka
3.	Tap við dreifingu Tap sem verður utan hreinsunarstöðva vegna flutnings og dreifingar. Tekur til taps í leiðslum.
4.	Endanleg orkunotkun
5.	Iðnaðargeiri
5.1.	Þar af: Járn og stál
5.2.	Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi
5.3.	Þar af: Járnlausir málmar

5.4.	Þar af: Málmlaus steinefni
5.5.	Þar af: Flutningatæki
5.6.	Þar af: Vélbúnaður
5.7.	Þar af: Námuvinnsla og grjótnám
5.8.	Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
5.9.	Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun
5.10.	Þar af: Viður og viðarvörur
5.11.	Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
5.12.	Þar af: Textílefni og leður
5.13.	Þar af: Ekki skilgreint annars staðar — iðnaður
6.	Flutningageiri
6.1.	Þar af: Millilandaflug
6.2.	Þar af: Innanlandsflug
6.3.	Þar af: Vegir
6.4.	Þar af: Járnbrautir
6.5.	Þar af: Innanlandssiglingar
6.6.	Þar af: Flutningar um leiðslur
6.7.	Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar — flutningar
7.	Aðrir geirar
7.1.	Þar af: Verslun og opinber þjónusta
7.2.	Þar af: Íbúðarhúsnæði
7.2.1.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Rýmishitun
7.2.2.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Rýmiskæling
7.2.3.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Vatnshitun
7.2.4.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Eldun
7.2.5.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Önnur endanleg notkun
7.3.	Þar af: Landbúnaður/skógrækt

7.4.	Þar af: Fiskveiðar
7.5.	Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar — annað
8.	Samtala notkunar til annars en orkugjafar Magn notað sem hráefni í mismunandi geirum og er hvorki notað sem eldsneyti né því umbreytt í annað eldsneyti. Þetta magn er inni í samtölunum sem skráðar eru hér á undan.
8.1.	Þar af: Umbreytingargeiri
8.2.	Þar af: Orkugeiri
8.3.	Þar af: Flutningageiri
8.4.	Þar af: Iðnaðargeiri
8.4.1.	Iðnaðargeiri, þar af: Kemískt (þ.m.t. unnið úr jarðolíu eða jarðgasi)
8.5.	Þar af: Aðrir geirar

4.2.4. *Innflutningur og útflutningur*

Innflutningur eftir upprunalandi og útflutningur eftir viðtökulandi. Sjá einnig athugasemdir undir tölulið 4.2.1., samtala 5.

4.3. **Mælieiningar**

1. Orkumagn	10^3 tonn
2. Varmagildi	MJ/tonn

4.4. ***Frávik og undanþágur***

Kýpur er undanþegið því að gefa skýrslu um samtölurnar sem skilgreindar eru í lið 4.2.3 undir 7. tölulið (aðrir geirar) og 8. tölulið (samtala orkunotkunar sem er ekki til orkugjafar), aðeins heildargildin eiga við.

5. ENDURNÝJANLEG ORKA OG ORKA ÚR ÚRGANGI

5.1. **Viðeigandi orkuvörur**

Gagnaöflun þessi á við um allar eftirtaldar orkuvörur, nema annað sé tekið fram:

Orkuvara	Skilgreining
1. Vatnsorka	Stöðu- og hreyfiorka vatns sem er breytt í raforku með vatnsaflsvirkjunum. Dælimiðlun verður að telja með. Tilgreina skal framleiðslu í orkuverum af stærðinni < 1 MW, 1 til < 10 MW, ≥ 10 MW og í dælimiðlun.
2. Jarðvarmi	Orka sem kemur sem varmi neðan úr jarðskorpunni, yfirleitt sem heitt vatn eða gufa. Þessi orkuframleiðsla er mismunurinn á varmagildi vökvans sem leiddur er úr borholunni og varmagildi þess vökva sem að lokum er til ráðstöfunar. Orkan er á heppilegum stöðum: — til raforkuframleiðslu með notkun á hreinni gufu eða saltlegi með háu varmagildi eftir leiftureimingu, — beint sem varmi til fjarhitunar, landbúnaðar o.s.frv.

Orkuvara	Skilgreining
3. Sólarorka	Sólargeislun nýtt til hitunar á vatni og raforkuframleiðslu. Þessi framleidda orka er tiltækur hiti í varmaberanum, þ.e. aðfallandi sólarorka að frádregnu ljósfræðilegu tapi og tapi í sólargleypum. Hlutlaus sólarorka til beinnar hitunar, kælingar og lýsingar á húsnæði eða í öðrum byggingum er ekki meðtalin.
3.1. Þar af: Sólarraforka	Sólarljós sem umbreytt er í raforku með notkun á sólarrafhlöðum, sem eru yfirleitt gerðar úr hálfleiðaraefni sem framleiðir raforku þegar það kemst í snertingu við ljós.
3.2. Þar af: Sólarvarmaorka	Varmi frá sólargeislun, getur falist í: a) sólarvarmarafstöðvum, eða b) búnaði til framleiðslu á heitu vatni til heimilisnota eða fyrir árstíðabundna upphitun á sundlaugum (t.d. sólargleypiplötur, aðallega af gerð fallkúta).
4. Sjávarfalla-, öldu-, haforka	Aflræn orka fengin úr sjávarföllum, ölduhreyfingum eða hafstraumum og nýtt til raforkuframleiðslu.
5. Vindorka	Hreyfiorka vinds sem er hagnýtt til raforkuframleiðslu með vindhverflum.
6. Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)	Teljið fram iðnaðarúrgang af óendurnýjanlegum uppruna (fastan eða í vökvaformi) sem brenndur er beint til framleiðslu á raforku og/eða varma. Telja ætti fram hreint varmagildi þess eldsneytismagns sem notað er. Telja ætti endurnýjanlegan iðnaðarúrgang fram undir flokkunum fastur lífmassi, lífgas og/eða fljótandi lífeldsneyti.
7. Heimilis- og rekstrarúrgangur:	Úrgangur frá heimilum, sjúkrahúsum og þriðja geiranum sem brenndur er í sérstökum stöðvum, á grunni hreins varmagildis.
7.1. Þar af: Endurnýjanlegur	Sá hluti heimilis- og rekstrarúrgangs sem er af líffræðilegum uppruna.
7.2. Þar af: Óendurnýjanlegur	Sá hluti heimilis- og rekstrarúrgangs sem ekki er af líffræðilegum uppruna.
8. Fast lífeldsneyti:	Tekur til lífræns efnis af líffræðilegum uppruna sem er ekki jarðefnaeldsneyti en hægt er að nota sem eldsneyti til varmaframleiðslu eða raforkuframleiðslu. Nær yfir:
8.1. Þar af: Viðarkol	Fastar leifar frá þurreimingu og hitasundrun á viði og öðrum plöntuefnum.
9. Lífgas:	Gas sem er aðallega metan og koltvísýringur og framleitt með loftfirrtu niðurbroti á lífmassa.

Orkuvara	Skilgreining
10. Fljótandi lífeldsneyti	Magn fljótandi lífeldsneytis sem talið er fram í þessum flokki ætti að eiga við um lífeldsneytið sjálft en ekki heildarmagn vökvans sem blandað er við. Varðandi innflutning og útflutning á fljótandi lífeldsneyti þarf aðeins að tilgreina viðskipti með fljótandi lífeldsneyti sem hefur ekki verið blandað með flutningaeldsneyti (þ.e. í hreinu formi sínu), tilkynna ætti viðskipti með fljótandi lífeldsneyti, sem blandað er með flutningaeldsneyti, í olíugögnunum í 4. kafla. Um er að ræða eftirfarandi fljótandi lífeldsneyti:
10.1. Þar af: Lífbensín	Flokkur þessi tekur til lífetanóls (etanóls sem framleitt er úr lífmassa og/eða lífbrjótanlegum hluta úrgangs), lífmetanóls (metanóls sem framleitt er úr lífmassa og/eða lífbrjótanlegum hluta úrgangs), líf-ETBE (etýltertíerbútýleter sem framleitt er á grunni lífetanóls; hundraðshlutinn, miðaður við rúmmál af líf-ETBE sem er talið til lífeldsneytis, er 47%) og líf-MTBE (metýltertíerbútýleter sem framleitt er á grunni lífmetanóls: hundraðshlutinn, miðaður við rúmmál af líf-MTBE sem er talið til lífeldsneytis, er 36%).
10.1.1. Lífbensín, þar af: Lífetanól	Etanól sem framleitt er úr lífmassa og/eða öðrum lífbrjótanlegum þáttum úr úrgangi
10.2. Þar af: Lífdísilolíur	Þessi flokkur tekur til lífdísilolíu (metýlester með dísileiginleika sem framleitt er úr jurta- eða dýraolíu), lífdímetýleter (dímetýleter sem framleiddur er úr lífmassa), efni framleidd með Fischer-Tropsch-aðferð (úr lífmassa), kaldpressaðrar lífolíu (olíu sem framleidd er úr olíufrækjum, aðeins með vélrænum aðferðum) og alls annars fljótandi lífeldsneytis sem er bætt við, blandað í flutningsdísilolíu eða notað beint sem flutningsdísilolía.
10.3. Lífræn steinolía fyrir þotur	Fljótandi lífeldsneyti sem unnið er í lífmassa og blandað við eða kemur í staðinn fyrir steinolíu fyrir þotur.
10.4. Annað fljótandi lífeldsneyti	Fljótandi lífeldsneyti, notað beint sem eldsneyti, ekki talið með lífbensíni eða lífdísilolíum.

5.2. **Skrá yfir samtölur**

Telja skal fram eftirfarandi skrá yfir samtölur fyrir allar orkuvörur sem skráðar eru í undanfarandi málsgrein, nema annað sé tekið fram.

5.2.1. *Verg raforku- og varmaframleiðsla*

Raforku og varma, sem framleidd eru úr orkuvörunum sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskildum viðarkolum, lífbensíni og lífrænni steinolíu fyrir þotur) verður, eftir því sem við á, að telja fram sérstaklega:

— fyrir orkuver framleiðenda í aðalstarfsemi og orkuver þeirra sem framleiða til eigin nota,

— fyrir orkuver sem framleiða eingöngu raforku, orkuver sem framleiða eingöngu varma og orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu.

Krafa þessi undanskilur viðarkol. Fyrir fljótandi lífeldsneyti er lífbensín undanskilið og einnig lífræn steinolía fyrir þotur. Fyrir vatnsorkuna verður að skipta skýrslum niður á orkuver með að 1 MW rafmagnsaflgetu, milli 1 og 10 MW og yfir 10 MW.

5.2.2. *Birgða- og umbreytingargeirar*

Telja verður fram magn orkuvara sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku) og eru notaðar í birgða- og umbreytingargeirunum, fyrir eftirfarandi samtölur:

1.	Framleiðsla
2.	Innflutningur
3.	Útflutningur
4.	Breytingar á birgðum Birgðaaukning er sýnd með mínustölu og birgðaskerðing með plústölu.
5.	Verg notkun
6.	Tölfræðilegur mismunur
7.	Samtala umbreytingargeira Magn endurnýjanlegra orkugjafa og úrgangs sem notað er til umbreytingar á frumorku yfir í annars stigs orku (t.d. á hauggasi yfir í raforku) og til umbreytingar á afleiddum orkuvörum (t.d. lífgasi sem notað er í jarðgas).
7.1.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – raforkuver
7.2.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
7.3.	Þar af: Framleiðendur í aðalstarfsemi – varmaorkuver
7.4.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – raforkuver
7.5.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu
7.6.	Þar af: Framleiðendur til eigin nota – varmaorkuver
7.7.	Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur sem notaður er til að framleiða eldsneytiskögglа. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgang, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.
7.8.	Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem notaður er til að framleiða brúnkolaköggla. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgang, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.
7.9.	Þar af: Gasveitugas Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem notaður er til að framleiða gasveitugas. Endurnýjanlega orkugjafa og úrgang, sem notaður er til upphitunar og starfrækslu búnaðar, verður að tilgreina fyrir notkun í orkugeiranum.
7.10.	Þar af: háofnar Magn endurnýjanlegrar orku (t.d. viðarkol) sem er umbreytt í háofnum. Endurnýjanlega orku, sem er notuð til hitunar og starfrækslu búnaðar, ætti ekki að telja fram hér heldur undir notkun í orkugeiranum.
7.11.	Þar af: Blöndunarver jarðgass Magn lífgass sem blandað er við jarðgas sem hefur verið bætt í dreifikerfi jarðgass.
7.12.	Þar af: til blöndunar í hreyfilbensín/dísilolíu/steinolíu Fljótandi lífeldsneyti, sem er ekki afhent til endanlegrar notkunar en notað með öðrum jarðolíuafurðum, er tilgreint í olíuspurningalistanum.

7.13.	Þar af: Framleiðslustöðvar viðarkola Viðarmagn notað til viðarkolaframleiðslu.
7.14.	Þar af: Ekki skilgreind annars staðar — umbreyting

5.2.3. *Orkugeiri*

Telja verður fram magn orkuvara, sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku) og eru notaðar í orkugeiranum eða fara til endanlegrar notkunar, fyrir eftirfarandi samtölur:

1.	Samtala orkugeira Endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur, sem orkuiðnaðurinn notar til að styðja við umbreytingaraðgerðir. Til dæmis endurnýjanlegir orkugjafar og úrgangur sem notaður er til hitunar, lýsingar eða rekstrar á dælum/þjöppum. Tilgreina ætti magn endurnýjanlegra orkugjafa og úrgang, sem umbreytt er í annað orkuform, í umbreytingargeiranum.
1.1.	Þar af: Gösunarver
1.2.	Þar af: raforkuver, orkuver fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu og varmaorkuver í eigu hins opinbera
1.3.	Þar af: Kolanámur
1.4.	Þar af: Eldsneytiskögglaverksmiðjur
1.5.	Þar af: Koksofnar
1.6.	Þar af: Hreinsunarstöðvar jarðolíu
1.7.	Þar af: Brúnkolaköggla- og mókögglaverksmiðjur
1.8.	Þar af: Gasveitugas
1.9.	Þar af: Háofnar
1.10.	Þar af: Framleiðslustöðvar viðarkola
1.11.	Þar af: Ekki skilgreind annars staðar
2.	Tap við dreifingu Allt tap sem verður vegna flutnings og dreifingar.

5.2.4. *Endanleg notkun orku*

Telja verður fram magn orkuvara, sem nefndar eru í lið 5.1 (að undanskilinni vatnsorku, sólarraforku, sjávarfalla- og ölduorku, haf- og vindorku), fyrir eftirfarandi samtölur:

1.	Endanleg orkunotkun
2.	Iðnaðargeiri
2.1.	Þar af: Járn og stál

2.2.	Þar af: Kemískt og unnið úr jarðolíu eða jarðgasi
2.3.	Þar af: Járnlausir málmar
2.4.	Þar af: Málmlaus steinefni
2.5.	Þar af: Flutningatæki
2.6.	Þar af: Vélbúnaður
2.7.	Þar af: Námuvinnsla og grjótnám
2.8.	Þar af: Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
2.9.	Þar af: Pappírskvoða, pappír og prentun
2.10.	Þar af: Viður og viðarvörur
2.11.	Þar af: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
2.12.	Þar af: Textílefni og leður
2.13.	Þar af: Ekki skilgreindur annars staðar — iðnaður
3.	Flutningageiri
3.1.	Þar af: Járnbrautir
3.2.	Þar af: Vegir
3.3.	Þar af: Innanlandssiglingar
3.4.	Þar af: Ekki skilgreindir annars staðar — flutningar
4.	Aðrir geirar
4.1.	Þar af: Verslun og opinber þjónusta
4.2.	Þar af: Íbúðarhúsnæði
4.2.1.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Rýmishitun
4.2.2.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Rýmiskæling
4.2.3.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Vatnshitun
4.2.4.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Eldun
4.2.5.	Íbúðarhúsnæði, þar af: Önnur endanleg notkun

4.3.	Þar af: Landbúnaður/skógrækt
4.4.	Þar af: Fiskveiðar
4.5.	Þar af: Ekki skilgreindar annars staðar — annað

5.2.5. *Tæknilegir eiginleikar orkuvera*

Telja verður fram eftirfarandi afköst raforkuframleiðslu, eftir því sem við á, í lok skýrsluársins:

1.	Vatnsorka Telja verður fram afköst orkuvera af stærðunum < 1 MW, 1 til < 10 MW, og ≥ 10 MW fyrir blönduð orkuverk og fyrir hreina dælimiðlun, og einnig samantekin afköst allra stærða. Upplýsingar um stærð veranna eru gefnar upp án tillits til dælimiðlunar.
2.	Jarðvarmi
3.	Sólarraforka
4.	Sólarvarmaorka
5.	Sjávarfalla-, öldu-, haforka
6.	Vindorka
7.	Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur)
8.	Heimilis- og rekstrarúrgangur
9.	Fast lífeldsneyti
10.	Lífgas
11.	Lífdísilolíur
12.	Annað fljótandi lífeldsneyti

Uppsett heildaryfirborð sólargleypa skal talið fram.

Framleiðslugeta á eftirtöldu lífeldsneyti skal talin fram:

1.	Lífbensín
2.	Lífdísilolíur
3.	Lífræn steinolía fyrir þotur
4.	Annað fljótandi lífeldsneyti

5.2.6. *Innflutningur og útflutningur*

Tilkynna skal innflutning eftir upprunalandi og útflutning eftir viðtökulandi fyrir eftirfarandi vörur:

1.	Lífbensín
1.1.	Þar af: Lífetanól
2.	Lífræn steinolía fyrir þotur

3.	Lífdísilolíur
4.	Annað fljótandi lífeldsneyti
5.	Viðarkögglar

5.2.7. *Framleiðsla úr föstu lífeldsneyti og lífgasi*

Tilkynna skal framleiðslu á eftirfarandi vörum:

1.	Fast lífeldsneyti (að undanskildum viðarkolum)
1.1.	Þar af: eldiviður, viðarleifar og aukaafurðir
1.1.1.	Frá eldiviði, viðarleifum og aukaafurðum, þar af: viðarkögglar
1.2.	Þar af: svartlútur
1.3.	Þar af: kraminn sykurreyr
1.4.	Þar af: dýraúrgangur
1.5.	Þar af: önnur plöntuefni og plöntuleifar
2.	Lífgas frá loftfirrðri gerjun
2.1.	Þar af: hauggas
2.2.	Þar af: skólpeðjugas
2.3.	Þar af: annað lífgas frá loftfirrðri gerjun
3.	Lífgas frá varmaferlum

5.3. **Varmagildi**

Telja verður fram meðaltal hreins varmagildis fyrir eftirfarandi vörur:

1.	Lífbensín
2.	Lífetanól
3.	Lífdísilolía
4.	Lífræn steinolía fyrir þotur
5.	Annað fljótandi lífeldsneyti
6.	Viðarkol

5.4. **Mælieiningar**

1.	Raforkuframleiðsla	Megavattstund
2.	Varmaframleiðsla	Terajúl

3. Endurnýjanlegar orkuvörur	Lífbensín, lífdísilolía og annað fljótandi lífeldsneyti: í tonnum Viðarkol: 1000 tonn Allt annað: Terajúl (á grunni nettóvarmagildis).
4. Yfirborð sólargleypa	1000m^2
5. Afköst orkuvera	Lífeldsneyti: tonn á ári Allt annað: Rafmegavött (MWe)
6. Varmagildi	Hreint varmagildi (kJ/kg)

5.5. **Frávik og undanþágur**

Á ekki við.

6. GILDANDI ÁKVÆÐI

Eftirfarandi ákvæði gilda um gagnaöflun, eins og þá sem lýst er í öllum köflunum hér á undan:

1. Skýrslutímabil:

   Almanaksár (frá 1. janúar til 31. desember).

2. Tíðni

   Árlega.

3. Skilafrestur gagna:

   30. nóvember á því ári sem kemur á eftir skýrslutímabilinu.

4. Afhendingarsnið og aðferð:

   Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreinir.

   Senda skal gögn eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs móttökustaðar fyrir gögn hjá Hagstofu Evrópusambandsins.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2013/34/ESB 2015/EES/74/78

frá 26. júní 2013

um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RAÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þessari tilskipun er tekið tillit til áætlunar framkvæmdastjórnarinnar um betri reglusetningu, einkum orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar undir fyrirsögninni „Skynsamleg reglusetning í Evrópusambandinu“ sem miðast við að semja og skila reglugerðum af bestu gæðum og jafnframt að virða nálægðarregluna og meðalhófsregluna og tryggja að stjórnsýsluálag sé í réttu hlutfalli við ávinninginn sem af því hlýst. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar undir fyrirsögninni „Hugsið smátt í fyrstu – lög um lítil fyrirtæki í Evrópu“, samþykkt í júní 2008 og endurskoðuð í febrúar 2011, er viðurkennt hve mikilvægu hlutverki lítil og meðalstór fyrirtæki gegna fyrir hagkerfi Evrópusambandsins og er markmiðið að bæta heildarstefnu varðandi frumkvöðlastarfsemi og að festa meginregluna „hugsið smátt í fyrstu“ í sessi við stefnumótun, allt frá reglugerð til opinberrar þjónustu. Á fundi sínum 24. og 25. mars 2011 fagnaði leiðtogaráðið þeirri fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar að kynna „Lög um innri markað“ ásamt ráðstöfunum til að auka vöxt og skapa störf sem færa borgurum og fyrirtækjum áþreifanlegan árangur.

   Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar undir fyrirsögninni „Lög um innri markað“, sem var samþykkt í apríl 2011, er gerð tillaga um að einfalda fjórðu tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, sem er byggð á g-lið 3 mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([3]) og sjöundu tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983, sem er byggð á g-lið 3 mgr. 54. gr. sáttmálans, um samstæðureikninga ([4]) (reikningsskilatilskipanirnar) að því er varðar upplýsingaskyldu um fjárhag og til að draga úr stjórnsýslubyrði, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. „Stefnumörkun fyrir Evrópu 2020“ um hugvitssaman og sjálfbæran hagvöxt miðar að því að draga úr stjórnsýsluálagi og bæta viðskiptaumhverfið, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, og stuðla að alþjóðavæðingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Á fundi sínum 24. og 25. mars 2011 hvatti leiðtogaráðið einnig til þess að dregið yrði úr heildarreglubyrði, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, bæði í Evrópusambandinu og á landsvísu, og lagði til ráðstafanir til að auka framleiðni, s.s. að losna við skriffinnsku og bæta reglurammann fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

2) Hinn 18. desember 2008 samþykkti Evrópuþingið ályktun án lagasetningar um kröfur um reikningsskil að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki, einkum örfyrirtæki ([5]), og greindi frá því að reikningsskilatilskipanir væru oft mjög íþyngjandi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, einkum fyrir örfyrirtæki, og fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún héldi áfram þeirri viðleitni sinni að endurskoða þessar tilskipanir.

3) Áríðandi er að samræma lög allra aðildarríkjanna um framsetningu og efni árlegra reikningsskila og skýrslna framkvæmdastjórnar, matsgrunna sem þar eru notaðir, og birtingu þessara atriða, með tilliti til tiltekinna gerða fyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, til að vernda hagsmuni hluthafa, félagsmanna og þriðju aðila. Nauðsynlegt er að samræming fari fram samtímis á þessum sviðum fyrir

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 181, 21.6.2012, bls. 84.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 12. júní 2013 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 20. júní 2013.

([3]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

([4]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 45 E, 23.2.2010, bls. 58.

fyrirtæki af þeirri gerð sem um er að ræða, annars vegar vegna þess að sum fyrirtæki eru starfrækt í fleiri en einu aðildarríki og hins vegar vegna þess að slík fyrirtæki veita þriðju aðilum ekkert öryggi annað en það sem verðmæti hreinnar eignar þeirra veitir.

4) Með árlegum reikningsskilum er ólíkum markmiðum fylgt eftir, og þau hafa ekki einungis upplýsingagildi fyrir fjárfesta á fjármagnsmörkuðum heldur eru þar einnig rakin fyrri viðskipti auk þess að þau efla stjórnarhætti fyrirtækja. Með löggjöf Sambandsins um reikningsskil þarf að tryggja jafnvægi milli hagsmuna viðtakenda reikningsskila og hagsmuna fyrirtækja með tilliti til þess að skýrslugjafarskyldan sé ekki óþarflega íþyngjandi.

5) Gildissvið þessarar tilskipunar ætti að taka til tiltekinna fyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, s.s. almennings- og einkahlutafélaga. Auk þess eru allmörg sameignarfélög og samlagsfélög þar sem allir félagsaðilar, sem bera ótakmarkaða ábyrgð, eru annaðhvort almennings- eða einkahlutafélög, og því ætti að fella slík sameignarfélög undir samræmingarráðstafanir þessarar tilskipunar. Þessi tilskipun ætti einnig tryggja að sameignarfélög falli undir gildissvið hennar þegar félagsaðilar sameignarfélags, sem eru ekki almennings- eða einkahlutafélög, bera í reynd takmarkaða ábyrgð á skyldum sameignarfélagsins vegna þess að sú ábyrgð er takmörkuð af öðrum fyrirtækjum sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar. Útilokun fyrirtækja, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, frá gildissviði þessarar tilskipunar samrýmast markmiði hennar, í samræmi við g-lið 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

6) Gildissvið þessarar tilskipunar ætti að byggjast á meginreglum og tryggja að fyrirtæki geti ekki haldið sér utan þess með því að búa til fyrirtækjasamstæðu með mörgum lögum af fyrirtækjum sem komið er á fót innan eða utan Sambandsins.

7) Ákvæði þessarar tilskipunar ættu að gilda einungis að svo miklu leyti sem þau eru ekki í ósamræmi við, eða stangast á við, ákvæði um reikningsskil tiltekinna gerða fyrirtækja eða ákvæði varðandi dreifingu eigin fjár fyrirtækisins sem mælt er fyrir um í öðrum gildandi lagagerðum sem ein stofnun Evrópusambandsins eða fleiri hafa samþykkt.

8) Enn fremur er nauðsynlegt að setja lög á vettvangi Sambandsins um lágmarkskröfur sem gera skal til fyrirtækja sem eru í samkeppni sín á milli og ákveða í hve miklum mæli upplýsingar um fjármál þeirra ættu að vera gerðar aðgengilegar almenningi.

9) Árleg reikningsskil ætti að gera með tilhlýðilegri varfærni og gefa glögga mynd af eignum og skuldum fyrirtækis, fjárhagsstöðu og hagnaði eða tapi. Mögulegt er, í undantekningartilvikum, að reikningsskil gefi ekki glögga mynd þegar ákvæðum þessarar tilskipunar er beitt. Í slíkum tilvikum ætti fyrirtækið að víkja frá slíkum ákvæðum til þess að gefa glögga mynd. Aðildarríkin ættu að geta skilgreint þau undantekningartilvik og mælt fyrir um viðeigandi sérreglur sem gilda í þeim tilvikum. Líta ætti á þessi undantekningartilvik sem einungis mjög óvenjuleg viðskipti og óvenjulegar aðstæður og ætti, t.d. ekki að tengja þau við tilteknar starfsgreinar í heild sinni.

10) Þessi tilskipun ætti að tryggja að kröfurnar sem gilda um lítil fyrirtæki séu að miklu leyti samræmdar í öllu Sambandinu. Þessi tilskipun byggist á meginreglunni „hugsið smátt í fyrstu“. Í því skyni að komast hjá óhóflegri stjórnsýslubyrði ætti aðildarríkjum einungis að vera heimilt að gera kröfu um að fá upplýsingar í formi nokkurra skýringa sem koma til viðbótar skyldubundnum skýringum. Ef um er að ræða eitt skráningarkerfi geta aðildarríkin þó í vissum tilvikum farið fram á takmarkað magn viðbótarupplýsinga þar sem þess er sérstaklega krafist í innlendri skattalöggjöf og brýna nauðsyn ber til vegna skattheimtu. Aðildarríkin ættu að geta gert kröfur á meðalstór og stór fyrirtæki sem ganga lengra en lágmarkskröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

11) Þegar aðildarríki geta samkvæmt þessari tilskipun innleitt viðbótarkröfur, t.d. gagnvart litlum fyrirtækjum, merkir það að aðildarríki geta nýtt þann möguleika til fulls eða að hluta með því gera minni kröfur en heimilt er. Þegar, samkvæmt þessari tilskipun, aðildarríkin geta nýtt sér undanþágu, t.d. að því er varðar lítil fyrirtæki, þýðir það á sama hátt að aðildarríkin geta undanþegið slík fyrirtæki til fulls eða að hluta.

12) Skilgreina ætti lítil, meðalstór og stór fyrirtæki og greina á milli þeirra með því að vísa til niðurstöðutölu efnahagsreiknings, hreinnar veltu og meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu, þar sem slíkar viðmiðanir gefa alla jafnan hlutlægar vísbendingar um stærð fyrirtækis. En þegar móðurfyrirtæki tekur ekki saman samstæðureikningsskil fyrir fyrirtækjasamstæðuna ætti aðildarríkjum að vera heimilt að gera þær ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar til að krefjast þess að slíkt fyrirtæki verði flokkað sem stærra fyrirtæki með því að ákvarða stærð þess og hvernig það flokkast á samstæðugrundvelli eða á grundvelli heildarniðurstaðna. Beiti aðildarríki einni eða fleiri af mögulegum undanþágum fyrir örfyrirtæki ætti einnig að skilgreina örfyrirtækin með vísun í niðurstöðutölu efnahagsreiknings, hreina veltu og meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu. Aðildarríki ættu ekki að vera skuldbundin til að skilgreina sérstaka flokka fyrir meðalstór og stór fyrirtæki í landslöggjöf sinni ef meðalstór fyrirtæki eru háð sömu kröfum og stór fyrirtæki.

13) Örfyrirtæki hafa takmörkuð úrræði til að uppfylla ströng lögboðin fyrirmæli. Þegar engar sértækar reglur eru til fyrir örfyrirtæki gilda sömu reglur um þau og lítil fyrirtæki. Þessar reglur leggja óhóflegar stjórnsýslubyrðar á þau miðað við stærð þeirra og eru því hlutfallslega meira íþyngjandi fyrir örfyrirtæki í samanburði við önnur lítil fyrirtæki. Því ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríkin að undanþiggja örfyrirtæki tilteknum skyldum, sem gilda um lítil fyrirtæki, sem fælu í sér óþarflega mikla stjórnsýslubyrði fyrir þau. Örfyrirtæki ættu þó áfram að falla undir allar landsbundnar skuldbindingar um að halda skrár sem sýna viðskiptafærslur þeirra og fjárhagsstöðu. Enn fremur ættu fjárfestingarfélög og eignarhaldsfélög ekki að hafa hagræði af þeirri einföldun sem gildir um örfyrirtæki.

14) Aðildarríki ættu að taka tillit til sérstakra skilyrða og þarfa eigin markaða við ákvarðanatöku um hvort eða hvernig framkvæma á sérstakt fyrirkomulag varðandi örfyrirtæki innan ramma þessarar tilskipunar.

15) Birting reikningsskila getur verið íþyngjandi fyrir örfyrirtæki. Jafnframt þurfa aðildarríki að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar. Til samræmis við það ætti að heimila aðildarríkjum, sem nýta sér undanþágurnar fyrir örfyrirtæki sem kveðið er á um þessari tilskipun, að veita örfyrirtækjum undanþágu frá almennum kröfum um birtingu, að því tilskildu að upplýsingar í efnahagsreikningnum séu skráðar á viðeigandi hátt, í samræmi við landslög, hjá a.m.k. einu tilnefndu lögbæru yfirvaldi og upplýsingarnar séu sendar til fyrirtækjaskrárinnar svo hægt sé að fá eintak ef óskað er eftir því. Í slíkum tilvikum ættu skuldbindingarnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, um að birta bókhaldsgögn í samræmi við 5. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila ([6]), ekki að gilda.

16) Til að tryggja birtingu á sambærilegum og jafngildum upplýsingum, ættu meginreglur um færslu og mat að taka til áframhaldandi rekstrarhæfis, varfærni og rekstrargrunns. Óheimilt ætti að vera að jafna eignir út á móti skuldum eða tekjur á móti gjöldum og þá þætti sem mynda eignir og skuldir ætti að meta hvern fyrir sig. Í sérstökum tilvikum ætti aðildarríkjum þó að vera heimilt eða gera kröfu um að fyrirtæki jafni eignir út á móti skuldum og tekjur á móti gjöldum. Framsetning liða í reikningsskilum ætti að vera með hliðsjón af efnahagslegum veruleika eða eðli viðskiptanna eða fyrirkomulagsins sem liggur til grundvallar. Aðildarríki ættu þó að hafa heimild til að undanskilja fyrirtæki frá því að beita þeirri meginreglu.

17) Meginreglan um mikilvægi ætti að gilda um færslu, mat, framsetningu, birtingu upplýsinga og samstæðu í reikningsskilum. Samkvæmt meginreglunni um mikilvægi má í reikningsskilum t.d. taka saman í heild upplýsingar sem teljast smávægilegar. Enda þótt stakur liður geti talist smávægilegur geta lítilvægir liðir af svipuðum toga talist mikilvægir þegar þeir eru teknir saman í heild. Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að takmarka skyldubeitingu meginreglunnar um mikilvægi við framsetningu og birtingu upplýsinga. Meginreglan um mikilvægi ætti ekki að hafa áhrif á landsbundnar skuldbindingar um að halda heildstæðar skrár sem sýna viðskiptafærslur og fjárhagsstöðu.

18) Liðir færðir í árleg reikningsskil ættu að vera metnir á grundvelli meginreglunnar um innkaupsverð eða framleiðslukostnað til að tryggja áreiðanleika upplýsinganna sem koma fram í reikningsskilunum. Aðildarríkjum ætti þó að vera heimilt að leyfa eða gera kröfu um að fyrirtæki endurmeti fastafjármuni til þess að hægt sé að veita notendum reikningsskilanna upplýsingar sem skipta meira máli.

19) Nauðsynlegt er að gera kröfu um að aðildarríkin taki upp kerfi gangverðsreikningsskila fyrir tiltekna fjármálagerninga þar eð fjármálaupplýsingar innan Sambandsins verða að vera samanburðarhæfar. Enn fremur fást upplýsingar úr gangverðsreikningsskilakerfum sem geta haft meira gildi fyrir notendur reikningsskila en upplýsingar sem byggjast á innkaupsverði eða framleiðslukostnaði. Til samræmis við það ættu aðildarríki að heimila að öll fyrirtæki eða flokkar fyrirtækja, önnur en örfyrirtæki sem nýta sér undanþágurnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun, samþykki gagnverðsreikningsskilakerfi bæði að því er varðar árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil eða, ef aðildarríki kýs það, einungis að því er varðar samstæðureikningsskil. Enn fremur ætti aðildarríkjum að vera heimilt að leyfa gangverðsreikningsskil eða gera kröfu um þau vegna annarra eigna en fjármálagerninga.

20) Takmarkaður fjöldi uppsetninga á efnahagsreikningi er nauðsynlegur svo auðveldara sé fyrir notendur reikningsskila að bera saman fjárhagsstöðu fyrirtækja í Sambandinu. Aðildarríki ættu að gera kröfu um að notuð

([6]) Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11.

sé ein uppsetning á efnahagsreikningi og ættu að mega gefa kost á að valið sé úr leyfðum uppsetningum. Aðildarríki ættu þó að geta leyft eða gert kröfu um að fyrirtæki breyti uppsetningunni og setji fram efnahagsreikning þar sem greint er á milli skammtímaliða og langtímaliða. Leyfa ætti uppsetningu á rekstrarreikningi sem sýnir hvers eðlis útgjöldin eru og uppsetningu á rekstrarreikningi sem sýnir starfsemiskostnaðarflokkun. Aðildarríki ættu að gera kröfu um að notuð sé ein uppsetning fyrir rekstrarreikninginn og að þau megi gefa kost á að valið sé úr leyfðum uppsetningum. Aðildarríki ættu einnig að geta heimilað fyrirtækjum að leggja fram árangursyfirlit í stað rekstrarreiknings, gert í samræmi við eina af leyfðu uppsetningunum. Hægt er að hafa uppsetningar, sem gerð er krafa um, tiltækar með einfölduðu sniði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Aðildarríki ættu þó að geta takmarkað uppsetningu efnahags- og rekstrarreiknings, ef þörf krefur, fyrir rafræna innlagningu reikningsskila.

21) Með tilliti til samanburðarhæfis ætti að sjá fyrir sameiginlegum ramma fyrir færslur, mat og framsetningu, m.a. á virðisbreytingum, viðskiptavild, reiknuðum skuldbindingum, vörubirgðum og skiptanlegum fjármunum og tekjum og útgjöldum sem eru óvenjumikil eða -tíð.

22) Færsla og mat á sumum liðum í reikningsskilum byggjast á áætlunum, mati og fyrirmyndum frekar en nákvæmum lýsingum. Vegna þeirrar óvissu, sem fólgin er í viðskiptastarfsemi, er ómögulegt að meta tiltekna liði í reikningsskilum nákvæmlega og því einungis hægt að áætla þá. Við áætlunina verður að nota eigið mat sem byggist á nýjustu tiltækum og áreiðanlegum upplýsingum. Nauðsynlegt er að nota áætlanir við gerð reikningsskila. Þetta á einkum við um reiknaðar skuldbindingar sem eru í eðli sínu óvissari en flestir aðrir liðir í efnahagsreikningi. Áætlanir ættu að byggjast á varfærnu mati framkvæmdastjórnar fyrirtækisins, og þær ættu að vera reiknaðar á hlutlægan hátt, ásamt reynslu af sambærilegum viðskiptum og í sumum tilvikum skýrslum óháðra sérfræðinga. Einnig ætti að taka til athugunar viðbótarupplýsingar sem koma fram vegna atburða eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

23) Upplýsingarnar, sem settar eru fram í efnahags- og rekstrarreikningi, ættu að koma til viðbótar upplýsingum sem koma fram í skýringum með reikningsskilum. Notendur reikningsskila hafa að jafnaði takmarkaða þörf fyrir viðbótarupplýsingar frá litlum fyrirtækjum og það getur verið kostnaðarsamt fyrir lítil fyrirtæki að taka saman þær viðbótarupplýsingar. Takmörkuð upplýsingaskylda lítilla fyrirtækja er því réttlætanleg. Ef örfyrirtæki eða lítið fyrirtæki telur ávinning af því að veita viðbótarupplýsingar um þær gerðir sem meðalstór og stór fyrirtæki eru krafin um, eða aðrar upplýsingar sem ekki er kveðið á um í þessari tilskipun, ætti ekki að koma í veg fyrir að það geri það.

24) Upplýsingagjöf að því er varðar reikningsskilaaðferðir er einn lykilþátturinn í skýringum með reikningsskilum. Upplýsingagjöf sem þessi ætti m.a. að fela í sér matsgrunna sem notaðir eru fyrir ýmsa liði, yfirlýsingu um samræmi í þeim reikningsskilaaðferðum að því er varðar hugtakið áframhaldandi rekstrarhæfi auk mikilvægra breytinga, ef einhverjar eru, á samþykktum reikningsskilaaðferðum.

25) Notendur reikningsskila frá meðalstórum og stórum fyrirtækjum þurfa að jafnaði ítarlegri upplýsingar. Því ættu frekari upplýsingar að vera veittar á tilteknum sviðum. Undanþágu frá tiltekinni upplýsingaskyldu má réttlæta ef slíkar upplýsingar gætu skaðað tiltekna einstaklinga eða fyrirtækið.

26) Skýrsla framkvæmdastjórnar og samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar eru mikilvægir liðir í reikningsskilum. Gefa ætti glöggt yfirlit yfir þróun í rekstri og stöðu fyrirtækis í samræmi við umfang rekstrarins og það hve flókinn hann er. Upplýsingarnar ættu ekki að vera takmarkaðar við fjárhagslega þætti í rekstri fyrirtækisins og greina ætti umhverfisþætti og félagslega þætti sem eru nauðsynlegir til að skilja þróun, árangur og stöðu fyrirtækisins. Þegar samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar og skýrsla framkvæmdastjórnar móðurfyrirtækis eru lagðar fram í einni skýrslu getur verið viðeigandi að leggja meiri áherslu á þau mál sem eru mikilvæg fyrirtækjunum í samstæðunni í heild. Þó er rétt með tilliti til þeirrar byrðar sem kann að verða lögð á lítil og meðalstór fyrirtæki að kveða á um að aðildarríki geti valið að aflétta þeirri skyldu að þau veiti upplýsingar, sem ekki eru fjárhagslegar, í skýrslu framkvæmdastjórnar slíkra fyrirtækja.

27) Aðildarríki ættu að eiga þess kost að undanþiggja lítil fyrirtæki frá þeirri skyldu að semja skýrslu framkvæmdastjórnar að því tilskildu að slík fyrirtæki láti fylgja, í skýringum með reikningsskilum, gögn varðandi kaup á eigin hlutum, sem um getur í 2. mgr. 24. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB frá 25. október 2012 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([7]).

([7]) Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 74.

28) Með tilliti til þess að skráð fyrirtæki geta gegnt mikilvægu hlutverki í þeim hagkerfum þar sem þau starfa ættu ákvæði þessarar tilskipunar, að því er varðar yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja, að gilda um fyrirtæki sem hafa framseljanleg verðbréf sem viðskipti eru leyfð með á skipulegum markaði.

29) Mörg fyrirtæki eiga önnur fyrirtæki og markmiðið með samræmingu löggjafar um samstæðureikningsskil er að vernda hagsmuni sem tengjast hlutafélögum. Semja ætti samstæðureikningsskil til þess að unnt sé að veita félagsaðilum og þriðju aðilum fjárhagslegar upplýsingar um slík fyrirtæki. Samræma ætti því landslög um samstæðureikningsskil til þess að ná fram markmiðum um að upplýsingarnar, sem fyrirtæki ættu að birta innan Sambandsins, séu sambærilegar og jafngildar. Með tilliti til þess að verð vantar í viðskiptum milli ótengdra aðila ætti þó að leyfa aðildarríkjum að heimila yfirfærslu á eignarhlutum innan samstæðu, svokölluð viðskipti undir sameiginlegri stjórn, sem færð eru með samlegðaraðferðinni í reikningsskilum, þar sem bókfært virði hlutdeildarfyrirtækis í samstæðunni er eingöngu jafnað út á móti samsvarandi hundraðshluta í hlutafé.

30) Í tilskipun 83/349/EBE er ákvæði um að gera samstæðureikningsskil fyrir samstæður í tilvikum þegar annaðhvort móðurfyrirtækið eða eitt dótturfyrirtæki eða fleiri var stofnað sem ein af þeim gerðum fyrirtækja sem tilgreindar eru í I. eða II. viðauka við þessa tilskipun. Aðildarríki höfðu möguleika á því að undanþiggja móðurfyrirtæki frá þeirri kröfu að semja samstæðureikningsskil í tilvikum þegar móðurfyrirtæki var ekki af þeirri gerð sem tilgreind er í I. eða II. viðauka. Samkvæmt þessari tilskipun þurfa einungis móðurfyrirtæki af þeim gerðum sem tilgreindar eru í I. viðauka eða, í vissum tilvikum, II. viðauka að semja samstæðureikningsskil en útilokar ekki að aðildarríki færi út gildissvið þessarar tilskipunar svo að hún nái einnig yfir aðrar aðstæður. Því er engin efnisleg breyting þar sem það er undir aðildarríkjunum komið að ákveða hvort krefja skuli fyrirtæki, sem ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, um að gera samstæðureikningsskil.

31) Í samstæðureikningsskilum ætti að setja starfsemi móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja þess fram eins og um sé að ræða eina efnahagseiningu (samstæðu). Fyrirtæki undir yfirráðum móðurfyrirtækis ættu að teljast dótturfyrirtæki. Yfirráð ættu að grundvallast á meirihluta atkvæðisréttar en yfirráð geta einnig falist í samkomulagi milli hluthafa eða félagsaðila. Við tilteknar aðstæður getur móðurfyrirtæki farið með yfirráð í raun þótt það eigi minnihluta eða engan eignarhlut í dótturfyrirtækinu. Aðildarríki ættu að eiga rétt á að gera kröfu um að samstæðureikningsskil taki til fyrirtækja sem lúta ekki yfirráðum en er stjórnað á sameiginlegum grundvelli eða hafa sömu stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn.

32) Dótturfyrirtæki sem er sjálft móðurfyrirtæki ætti að taka saman samstæðureikningsskil. Samt sem áður ættu aðildarríki að eiga rétt á að undanþiggja slík móðurfyrirtæki frá þeirri skyldu að gera þess konar reikningsskil við tilteknar aðstæður, að því tilskildu að félagsaðildar og þriðju aðilar njóti nægilegrar verndar.

33) Litlar samstæður ættu að vera undanþegnar þeirri skyldu að gera samstæðureikningsskil þar sem notendur reikningsskila lítilla fyrirtækja hafa ekki þörf fyrir ítarlegar upplýsingar og það getur verið kostnaðarsamt að gera samstæðureikningsskil til viðbótar við árleg reikningsskil móðurfyrirtækisins og dótturfyrirtækja. Aðildarríki ættu að geta undanþegið meðalstórar fyrirtækjasamstæður frá þeirri skyldu að gera samstæðureikningsskil á sama grundvelli kostnaðar eða ávinnings nema eitthvert eignatengda fyrirtækið varði hagsmuni almennings.

34) Til að fá heildarmynd af samstæðunni verður að færa inn allar eignir og skuldir, tekjur og gjöld samstæðufyrirtækja, og tilgreina sérstaklega hluti sem ekki eru ráðandi í samstæuefnahagsreikningi undir hlutafé og annað eigið fé og tilgreina sérstaklega hluti sem ekki eru ráðandi í rekstri samstæðunnar í samstæðurekstrarreikningi. Þó ætti að gera nauðsynlegar leiðréttingar til að eyða áhrifum innbyrðis fjárhagslegra tengsla fyrirtækjanna í samstæðunni.

35) Færslu- og matsreglur sem gilda um gerð árlegra reikningsskila ættu einnig að gilda um gerð samstæðureikningsskila. Aðildarríki ættu þó einnig að geta heimilað að almennum ákvæðum og meginreglum, sem tilgreindar eru í þessari tilskipun, sé beitt á annan hátt í árlegum reikningsskilum en í samstæðureikningsskilum.

36) Hlutdeildarfyrirtæki ættu að vera tekin með í samstæðureikningsskilum með hlutdeildaraðferðinni. Ákvæði um mat hlutdeildarfyrirtækja ættu að haldast efnislega óbreytt frá tilskipun 83/349/EBE og enn má beita aðferðunum sem leyfðar eru samkvæmt þeirri tilskipun. Aðildarríki ættu einnig að geta heimilað eða krafist hlutfallslegra samstæðureikningsskila fyrir fyrirtæki undir sameiginlegri stjórn.

37) Í samstæðureikningsskilum ættu einnig að koma fram allar upplýsingar í skýringum með reikningsskilunum fyrir öll fyrirtækin í samstæðunni í heild. Heiti, skráðar skrifstofur og hlutdeild samstæðunnar í eigin fé fyrirtækjanna ættu einnig að koma fram að því er varðar dótturfyrirtæki, hlutdeildarfyrirtæki, fyrirtæki undir sameiginlegri stjórn og hagsmunatengd félög.

38) Árleg samstæðureikningsskil allra fyrirtækja, sem þessi tilskipun tekur til, ættu einnig að vera birt í samræmi við tilskipun 2009/101/EB. Þó er rétt að kveða á um að heimilt sé að veita tilteknar undanþágur á þessu sviði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

39) Aðildarríkin eru eindregið hvött til að þróa rafræn birtingarkerfi sem gera fyrirtækjum kleift að skrá bókhaldsgögn, þ.m.t. lögboðin reikningsskil, aðeins einu sinni og í því formi sem gerir mörgum notendum kleift að hafa aðgang að gögnunum og nota þau auðveldlega. Framkvæmdastjórnin er hvött til að kanna úrræði fyrir samræmda rafræna framsetningu að því er varðar skýrslugjöf um reikningsskil. Slík kerfi ættu þó ekki að vera íþyngjandi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

40) Gera ætti þá lágmarkskröfu að fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn fyrirtækis séu samábyrgir gagnvart fyrirtækinu með tilliti til þess að semja og birta árleg reikningsskil og skýrslur framkvæmdastjórnar. Hið sama ætti einnig að gilda um fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn fyrirtækja sem semja samstæðureikningsskil. Þessir aðilar starfa innan þess valdsviðs sem þeim er falið samkvæmt landslögum. Þetta ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin gangi lengra og kveði á um beina ábyrgð gagnvart hluthöfum eða jafnvel öðrum hagsmunaaðilum.

41) Ábyrgðin á því að semja og birta árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil, auk skýrslna framkvæmdastjórnar og samstæðuskýrslna framkvæmdastjórnar, byggist á landslögum. Viðeigandi reglur um ábyrgð ættu að gilda um fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækis eins og mælt er fyrir um í hverju aðildarríki samkvæmt lögum þess. Aðildarríkjunum ætti að vera heimilt að ákvarða umfang ábyrgðarinnar.

42) Í því skyni að stuðla að trúverðugu reikningsskilaferli innan Evrópusambandsins ættu þeir aðilar innan fyrirtækis, sem bera ábyrgð á því að gera reikningsskil fyrirtækisins að tryggja að fjárhagsupplýsingar, sem eru í árlegum reikningsskilum fyrirtækisins og samstæðureikningsskilum samstæðunnar, gefi glögga mynd.

43) Árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil ættu að vera endurskoðuð. Krafan um að í áritun endurskoðanda eigi að koma fram hvort árleg reikningsskil eða samstæðureikningsskil gefa glögga mynd í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur ætti ekki að fela í sér takmarkanir á umfangi áritunarinnar heldur skýra í hvaða samhengi það er gefið. Þessi endurskoðunarskylda ætti ekki að ná yfir árleg reikningsskil lítilla fyrirtækja, þar eð endurskoðun getur verið töluvert stjórnsýsluálag fyrir þann flokk fyrirtækja, en í mörgum litlum fyrirtækjum eru sömu einstaklingarnir bæði hluthafar og stjórnendur og hafa af þeim sökum takmarkaða þörf fyrir vottun þriðja aðila á reikningsskilum. Þessi tilskipun ætti þó ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki leggi endurskoðunarkvöð á lítil fyrirtæki með tilliti til tiltekinna skilyrða og þarfa lítilla fyrirtækja og notenda reikningsskila þeirra. Enn fremur á betur við að skilgreina efni endurskoðunarskýrslunnar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila([8]). Því ber að breyta þeirri tilskipun til samræmis við þetta.

44) Til þess að auka gagnsæi greiðslna til stjórnvalda ættu stór fyrirtæki og fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings með starfsemi í námuiðnaði eða við skógarhögg í frumskógum ([9]) að birta helstu greiðslur til hins opinbera í löndunum þar sem þau starfa í sérstakri skýrslu á ársgrundvelli. Slík fyrirtæki eru með starfsemi í löndum sem eru rík af náttúruauðlindum, einkum steinefnum, olíu, jarðgasi og frumskógum. Skýrslan ætti að taka til þeirra tegunda greiðslna sem eru sambærilegar við þær sem fyrirtæki, sem tekur þátt í gagnsæisverkefninu um námuiðnað (EITI), birtir. Verkefnið er einnig viðbót við aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um löggæslu, góða stjórnunarhætti og viðskipti á skógræktarsvæðum (FLEGT) og ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 frá 20. október 2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað ([10]), þar sem krafist er að kaupmenn timburvara sýni áreiðanleika til þess að koma í veg fyrir að ólöglegur viður komi á markað í Sambandinu.

([8]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

([9]) Skilgreint í tilskipun 2009/28/EB sem „frumskógur, þar sem engin greinileg ummerki eru um umsvif mannsins og vistfræðileg ferli hafa ekki orðið fyrir marktækri röskun.“

([10]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 23.

45) Skýrslan ætti að auðvelda stjórnvöldum í löndum þar sem miklar auðlindir eru að framkvæma meginreglur og viðmiðanir fyrir gagnsæisverkefnið um námuiðnað og standa borgurum sínum skil á greiðslum sem slíkar ríkisstjórnir fá frá fyrirtækjum með starfsemi í námuiðnaði eða við skógarhögg í frumskógum og starfa innan lögsögu þeirra. Í skýrslunni ættu að vera upplýsingar sem tengjast landi og verkefni. Skilgreina ætti verkefni sem rekstraraðgerðir sem falla undir einn samning, leyfi, leigusamning, sérleyfi eða sambærilegt lagalega bindandi samkomulag og mynda grunn að greiðsluskuldbindingum við stjórnvöld. Engu að síður ætti það að teljast verkefni ef margir slíkir samningar eru efnislega samtengdir. „Efnislega samtengt“ lagalega bindandi samkomulag ætti að skiljast sem rekstrarlega og landfræðilega samtengdir samningar, leyfi, leigusamningar eða sérleyfi eða skylt samkomulag með efnislega sambærilegum skilmálum sem gerðir hafa verið við stjórnvöld og hefur í för með sér greiðsluskuldbindingar. Slíkt samkomulag getur fallið undir gildissvið eins samnings, sameiginlegs verkefnis, samnings um framleiðslusamvinnu eða annars lagalega bindandi heildarsamkomulags.

46) Í skýrslunni þarf ekki að taka tillit til greiðslu ef hún er undir 100 000 evrum á fjárhagsári hvort sem um er að ræða eingreiðslu eða röð tengdra greiðslna. Þetta þýðir að ef um er að ræða fyrirkomulag sem kveður á um tímabundnar greiðslur eða afborganir (t.d. leigugjöld) verður fyrirtækið að íhuga heildarfjárhæð tengdra tímabundinna greiðslna eða afborgana af tengdum greiðslum þegar ákvarðað verður hvort viðmiðunarmörkin hafa verið virt fyrir þá röð greiðslna og, til samræmis við það, hvort þörf er á upplýsingum.

47) Ekki ætti að gera kröfu um að fyrirtæki með starfsemi í námuiðnaði eða skógarhöggi í frumskógum aðgreini greiðslur og úthluti þeim á grundvelli verkefna þar sem greiðslur eru inntar af hendi vegna skuldbindinga sem lagðar eru á fyrirtæki sem einingu en ekki á grundvelli verkefnis. Ef fyrirtæki er t.d. með fleiri en eitt verkefni í gistilandi og stjórnvöld þess lands leggja tekjuskatt félaga á fyrirtækið með tilliti til heildartekna fyrirtækisins í landinu, en ekki með tilliti til tiltekinna verkefna eða aðgerða í landinu, hefur fyrirtækið heimild til að veita upplýsingar um tekjuskattsgreiðslu eða -greiðslur vegna þess án þess að tilgreina sérstakt verkefni í tengslum við greiðsluna.

48) Fyrirtæki með starfsemi í námuiðnaði eða skógarhöggi í frumskógum þarf að jafnaði ekki að gefa stjórnvöldum upplýsingar um greiddan arð ef þau eru almennur eða venjulegur hluthafi í því fyrirtæki svo fremi að arðurinn sé greiddur til þeirra með sömu skilmálum og annarra hluthafa. Fyrirtækið mun þó þurfa að gefa upplýsingar um arð greiddan í stað framleiðsluréttinda eða rétthafagreiðslna.

49) Til að geta brugðist við ef upplýsingaskylda er sniðgengin ætti í þessari tilskipun að tilgreina að veita eigi upplýsingar um greiðslur með hliðsjón af viðkomandi starfsemi eða greiðslu. Af þeim sökum ætti fyrirtækið ekki komast undan því að veita upplýsingar, t.d. með því að endurskilgreina starfsemi sem að öðrum kosti félli undir þessa tilskipun. Þar að auki ætti ekki að skipta eða sameina greiðslur eða starfsemi með óeðlilegum hætti til þess að komast undan slíkri upplýsingaskyldu.

50) Til þess að ákvarða við hvaða aðstæður sé rétt að veita fyrirtækjum undanþágu frá skýrslugjafarskyldu, eins og kveðið er á um í 10. kafla., ætti að veita framkvæmdastjórninni heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 29. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að ákvarða viðmiðanir sem virða skal þegar metið er hvort skýrslugjafarskylda þriðja lands jafngildir kröfunum í þessum kafla. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

51) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd 1. mgr. 46. gr. ætti framkvæmdastjórninni að vera falið framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu ([11]).

52) Fyrirkomulag skýrslugjafar ætti að vera háð endurskoðun og skýrslu frá framkvæmdastjórninni innan þriggja ára frá því að frestur aðildarríkjanna til að lögleiða þessa tilskipun rennur út. Í þeirri endurskoðun ætti skilvirkni fyrirkomulagsins að vera tekin til athugunar og tekið tillit til alþjóðlegrar þróunar, þ.m.t. samkeppnismála og orkuöryggis. Í endurskoðuninni ætti einnig að taka til athugunar að færa út skýrslugjafarskyldu svo hún taki til fleiri atvinnugreina og hvort gera á úttekt á skýrslunni. Auk þess ætti í endurskoðuninni að taka tillit til reynslu þeirra sem undirbúa og nota greiðsluupplýsingar og íhuga hvort rétt er að bæta við viðbótarupplýsingum um greiðslur, t.d. virkt skatthlutfall og viðtakandaupplýsingar, s.s. upplýsingar um bankareikning.

([11]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

53) Í samræmi við niðurstöður fundar átta helstu iðnríkja heims í Deauville í maí 2011 og til þess að stuðla að jöfnum alþjóðlegum samkeppniskilyrðum ætti framkvæmdastjórnin að halda áfram að hvetja alla alþjóðlega samstarfsaðila til að taka upp sambærilegar kröfur að því er varðar skýrslugjöf um greiðslur til stjórnvalda. Áframhaldandi vinna við viðeigandi alþjóðlega reikningsskilastaðla er einkum mikilvæg í þessu samhengi.

54) Svo að tekið sé tillit til framtíðarbreytinga á lögum aðildarríkjanna og á löggjöf Sambandsins varðandi tegund félaga ætti framkvæmdastjórninni að vera veitt heimild til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, í því skyni að uppfæra fyrirtækjaskrárnar í I. og II. viðauka. Notkun framseldra gerða er einnig nauðsynleg til þess að aðlaga viðmiðanir um stærð fyrirtækja þar sem verðbólga mun með tímanum rýra raunvirði þeirra. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

55) Þar eð aðildarríkin geta ekki, svo vel sé, náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að auðvelda fjárfestingar yfir landamæri og auka samanburðarhæfi og tiltrú almennings innan Evrópusambandsins á reikningsskilum og fjárhagsskýrslum með bættri og samræmdri sérstakri upplýsingagjöf, og auðveldara er að ná þeim á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa þessarar tilskipunar, getur Sambandið samþykkt ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmála Evrópusambandsins. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

56) Þessi tilskipun komi í stað tilskipana 78/660/EBE og 83/349/EBE. Því ber að fella þessar tilskipanir úr gildi.

57) Í þessari tilskipun er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

58) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending samsvörunartaflna sé rökstudd.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG FLOKKAR FYRIRTÆKJA OG SAMSTÆÐNA

1. gr.

Gildissvið

1. Ráðstafanir til samræmingar, sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari, skulu taka til laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum um þær gerðir fyrirtækja sem eru tilgreindar:

a) í I. viðauka,

b) í II. viðauka þar sem allir beinir eða óbeinir félagsaðilar að fyrirtækinu, sem að öðrum kosti hafa ótakmarkaða ábyrgð, hafa í raun takmarkaða ábyrgð vegna þess að þessir aðilar eru fyrirtæki:

i. sem eru af þeim tegundum sem tilgreindar eru í I. viðauka eða

ii. sem heyra ekki undir lög aðildarríkis en hafa lagalegt form, sambærilegt einhverju þeirra sem tilgreind eru í I. viðauka.

2. Aðildarríki skulu, innan hæfilegs tíma, tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á tegundum fyrirtækja í landslögum sínum sem kunna að hafa áhrif á nákvæmni I. eða II. viðauka. Í slíkum tilvikum skal framkvæmdastjórnin hafa heimild til að breyta fyrirtækjaskránum, sem eru í I. og II. viðauka, með framseldum gerðum í samræmi við 49. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings“: fyrirtæki innan gildissviðs 1. gr.:

a) sem lúta lögum aðildarríkis og framseljanleg verðbréf þeirra eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði aðildarríkis í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([12]),

([12]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

b) lánastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([13]) aðrar en þær sem um getur í 2. gr. þeirrar tilskipunar,

c) vátryggingafélög, í skilningi 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga vátryggingafélaga ([14]), eða

d) sem aðildarríkin tilnefna sem fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings, t.d. fyrirtæki sem eru mjög mikilvæg almenningi vegna þess hvers eðlis reksturinn er, vegna stærðar eða vegna fjölda starfsmanna,

2) „hlutdeild“: réttur til eigin fjár annarra fyrirtækja, hvort sem skírteini hefur verið gefið út fyrir honum eða ekki, sem ætlað er að efla starfsemi fyrirtækisins sem réttinn á með því að mynda varanleg tengsl við þau. Eignarhald á hluta af eigin fé annars fyrirtækis telst hlutdeild ef það fer yfir viðmiðunarhlutfall sem aðildarríkin ákveða og er minna en eða jafnt og 20%,

3) „tengdur aðili“: hefur sömu merkingu og í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum sem samþykktir voru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([15]),

4) „fastafjármunir“: þær eignir sem eru ætlaðar til varanlegrar notkunar í starfsemi fyrirtækis,

5) „hrein velta“: fjárhæðir sem fást af sölu á vöru og þjónustu að frádregnum söluafslætti, virðisaukaskatti og öðrum sköttum sem tengjast veltunni beint,

6) „kaupverð“: verð sem skal greiða og útgjöld sem falla til að frádregnum hugsanlegum lækkunum sem verða á kostnaðarverði kaupanna,

7) „framleiðslukostnaður“: innkaupsverð hráefnis, óvaranlegra neysluvara og annar kostnaður sem rekja má til viðkomandi vöru. Aðildarríki skulu leyfa eða gera kröfu um að sanngjarnt hlutfall fasts kostnaðar eða breytilegs óbeins kostnaðar, sem rekja má til viðkomandi vöru, sé felldur inn í verðið, að því marki sem slíkur kostnaður tengist framleiðslutímabilinu. Dreifingarkostnaður skal ekki innifalinn,

8) „virðisbreyting“: leiðréttingar sem gerðar eru með tilliti til breytinga á verðgildi einstakra eigna og staðfestast við dagsetningu efnahagsreiknings hvort sem breytingin er endanleg eða ekki,

9) „móðurfyrirtæki“: fyrirtæki með yfirráð yfir einu eða fleiri dótturfyrirtækjum,

10) „dótturfyrirtæki“: fyrirtæki undir stjórn móðurfyrirtækis, þ.m.t. dótturfyrirtæki endanlegs móðurfyrirtækis,

11) „samstæða“: móðurfyrirtæki og öll dótturfyrirtæki þess,

12) „eignatengd fyrirtæki“: tvö eða fleiri fyrirtæki innan samstæðu,

13) „hlutdeildarfyrirtæki“: fyrirtæki sem annað fyrirtæki á hlutdeild í og það fyrirtæki hefur veruleg áhrif á rekstur og fjármálastefnu hins fyrirtækisins. Fyrirtæki er álitið hafa veruleg áhrif í öðru fyrirtæki ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti hluthafa eða félagsaðila í því fyrirtæki,

14) „fjárfestingarfyrirtæki“:

a) fyrirtæki sem hafa það eitt að markmiði að festa fé sitt í ýmiss konar verðbréfum, fasteignum og öðrum eignum, einungis í því skyni að dreifa áhættu við fjárfestingar og afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings af umsýslu eigna þeirra,

b) fyrirtæki tengd fjárfestingarfyrirtækjum með fastafjármuni, ef hið eina markmið þeirra er að eignast hluti sem greiddir eru að fullu og gefin hafa verið út af fjárfestingarfyrirtækjunum með fyrirvara um h-lið 1. mgr. 22. gr. í tilskipun 2012/30/ESB,

15) „eignarhaldsfyrirtæki á fjármálasviði“: fyrirtæki sem hafa það eitt að markmiði að eignast hluti í öðrum fyrirtækjum og fara með umsýslu þeirra og skila arði af þeim, án þess að taka sjálf beinan eða óbeinan þátt í að reka fyrirtækin, þó með fyrirvara um rétt þeirra sem hluthafa,

([13]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.
([14]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.
([15]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

16) „mikilvægt“: staða upplýsinga þar sem ætla má að úrfelling þeirra eða rangfærslur geti haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur taka á grundvelli reikningsskila fyrirtækisins. Mikilvægi einstakra liða skal metið í tengslum við aðra sambærilega liði.

3. gr.

Flokkar fyrirtækja og samstæðna

1. Við beitingu eins eða fleiri af valkostunum í 36. gr. skulu aðildarríki skilgreina örfyrirtæki sem fyrirtæki sem við dagsetningu efnahagsreiknings fara ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum:

a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 350 000 evrur,

b) hreinni veltu: 700 000 evrur,

c) meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu: 10.

2. Lítil fyrirtæki skulu vera þau fyrirtæki sem við dagsetningu efnahagsreiknings fara ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum:

a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 4 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 8 000 000 evrur,

c) meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu: 50.

Aðildarríki mega skilgreina viðmiðunarmörk sem fara yfir viðmiðunarmörkin í a- og b-lið fyrstu undirgreinar. Viðmiðunarmörkin skulu þó ekki fara yfir 6 000 000 evrur fyrir niðurstöðutölu efnahagsreiknings og 12 000 000 evrur fyrir hreina veltu.

3. Meðalstór fyrirtæki skulu vera þau fyrirtæki sem eru ekki örfyrirtæki eða lítil fyrirtæki og sem við dagsetningu efnahagsreiknings fara ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum:

a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 20 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 40 000 000 evrur,

c) meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu: 250.

4. Stór fyrirtæki skulu vera þau fyrirtæki sem við dagsetningu efnahagsreiknings fara ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum:

a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 20 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 40 000 000 evrur,

c) meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu: 250.

5. Litlar samstæður skulu samanstanda af móðurfyrirtæki og dótturfyrirtækjum sem skulu felld inn í samstæðuna og, sem á samstæðugrundvelli, fara ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum við dagsetningu efnahagsreiknings móðurfyrirtækisins:

a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 4 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 8 000 000 evrur,

c) meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu: 50.

Aðildarríki mega skilgreina viðmiðunarmörk sem fara yfir viðmiðunarmörkin í a- og b-lið fyrstu undirgreinar. Viðmiðunarmörkin skulu þó ekki fara yfir 6 000 000 evrur fyrir niðurstöðutölu efnahagsreiknings og 12 000 000 evrur fyrir hreina veltu.

6. Meðalstórar samstæður skulu vera samstæður sem eru ekki litlar samstæður og samanstanda af móður- og dótturfyrirtækjum sem felldar skulu inn í samstæðuna og, sem á samstæðugrundvelli, fara ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum við dagsetningu efnahagsreiknings móðurfyrirtækisins:

a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 20 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 40 000 000 evrur,

c) meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu: 250.

7. Stórar samstæður skulu vera samstæður sem samanstanda af móður- og dótturfyrirtækjum sem felldar skulu inn í samstæðuna og, sem á samstæðugrundvelli, fara ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum við dagsetningu efnahagsreiknings móðurfyrirtækisins:

a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 20 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 40 000 000 evrur,

c) meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu: 250.

8. Aðildarríki skulu heimila að jöfnunin, sem um getur í 3. mgr. 24. gr., og hvers konar brottfelling, sem afleiðing 7. mgr. 24. gr., sé ekki gerð þegar mörkin í 5. til 7. mgr. þessarar greinar eru reiknuð. Í slíkum tilvikum skulu mörkin fyrir þær viðmiðanir sem gerðar eru fyrir niðurstöðutölu efnahagsreiknings og hreina veltu hækkuð um 20%.

9. Þegar um er að ræða aðildarríki, sem hafa ekki tekið upp evruna, jafngildir fjárhæðin í innlendum gjaldmiðli þeim fjárhæðum sem eru settar fram í 1. til 7. mgr., reiknað á genginu sem var auglýst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* á gildistökudegi allra tilskipana um ákvörðun þessara fjárhæða.

Í þeim tilgangi að umreikna í innlendan gjaldmiðil þeirra aðildarríkja sem hafa ekki tekið upp evruna má ekki hækka eða lækka fjárhæðirnar í evrum, sem eru tilgreindar í 1., 3., 4., 6. og 7. mgr., meira en um 5% til þess að fá námundaðar fjárhæðir í gjaldmiðli hvers ríkis.

10. Þegar fyrirtæki fer við dagsetningu efnahagsreiknings yfir eða hættir að fara yfir tvö af þeim þremur viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í 1. til 7. gr. hefur það ekki áhrif á að frávikunum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, sé beitt nema það gerist tvö fjárhagsár í röð.

11. Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sem um getur í 1. til 7. mgr. þessarar greinar, samanstendur af heildarvirði eigna í A- til E-lið undir „Eignir“ í uppsetningunni í III. viðauka eða eigna í A- til E-lið í uppsetningunni sem sett er fram í IV. viðauka.

12. Þegar viðmiðunarmörk í 1. til 7. mgr. eru reiknuð geta aðildarríki gert kröfu um að aðrar tekjur séu reiknaðar með að því er varðar fyrirtæki þar sem „hrein velta“ á ekki við. Aðildarríki geta gert kröfu um að móðurfyrirtæki reikni viðmiðunarmörk sín á samstæðugrundvelli fremur en á einingargrundvelli. Aðildarríki geta enn fremur gert kröfu um að eignatengd fyrirtæki reikni viðmiðunarmörk sín á samstæðu- eða sameiningargrundvelli þar sem slík fyrirtæki hafa verið sett á fót í þeim eina tilgangi að komast hjá því að gefa upp tilteknar upplýsingar.

13. Í því skyni að leiðrétta viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. til 7. mgr. þessarar greinar með tilliti til verðbólguáhrifa skal framkvæmdastjórnin endurskoða þau, með hliðsjón af verðbólgumælingum, eins og þær eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, minnst fimmta hvert ár og, eftir því sem við á, breyta þeim, með framseldum gerðum í samræmi við 49. gr.

2. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI OG MEGINREGLUR

4. gr.

Almenn ákvæði

1. Árleg reikningsskil skulu mynda samstæða heild og skulu fyrir öll fyrirtæki hafa að geyma a.m.k. efnahagsreikning, rekstrarreikning og skýringar með reikningsskilunum.

Aðildarríki geta gert kröfu um að fyrirtæki önnur en lítil fyrirtæki láti önnur yfirlit fylgja með í árlegum reikningsskilum auk þeirra gagna sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Árleg reikningsskil skulu vera skýrt fram sett og í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

3. Árleg reikningsskil skulu gefa glögga mynd af eignum og skuldum fyrirtækis, fjárhagsstöðu þess og hagnaði eða tapi. Ef beiting þessarar tilskipunar nægir ekki til að gefa glögga mynd af eignum og skuldum fyrirtækis, fjárhagsstöðu þess og hagnaði eða tapi skal veita slíkar viðbótarupplýsingar eftir þörfum í skýringum með reikningsskilum til að uppfylla þá kröfu.

4. Sé það í undantekningartilvikum ósamrýmanlegt þeirri skyldu, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., að ákvæði í tilskipun þessari sé fylgt skal vikið frá því ákvæði til þess að gefa glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og hagnaði eða tapi fyrirtækisins. Í skýringum með reikningsskilum skal greina frá slíku fráviki ásamt ástæðum þess og skýra áhrif sem það hefur á eignir, skuldir, fjárhagsstöðu og hagnað eða tap fyrirtækisins.

Aðildarríkin geta skilgreint þau undantekningartilvik sem um er að ræða og mælt fyrir um viðeigandi sérreglur sem gilda í þeim tilvikum.

5. Aðildarríki geta gert kröfu um að fyrirtæki, önnur en lítil fyrirtæki, birti upplýsingar í árlegum reikningsskilum sínum til viðbótar við þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun.

6. Þrátt fyrir 5. mgr. geta aðildarríki gert kröfu um að lítil fyrirtæki taki saman og birti upplýsingar í reikningsskilum, sem ganga lengra en krafist er samkvæmt þessari tilskipun, að því tilskildu að slíkum upplýsingum sé safnað saman undir eitt skráningarkerfi og birtingarkrafan komi fram í innlendum skattalögum eingöngu vegna skattheimtu. Upplýsingarnar sem krafist er í samræmi við þessa málsgrein skulu koma fram í viðeigandi hluta reikningsskilanna.

7. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni allar viðbótarupplýsingar, í samræmi við 6. mgr., sem þau gera kröfu um þegar þessi tilskipun er lögleidd og þegar þau innleiða nýjar kröfur í samræmi við 6. gr. í landslög.

8. Aðildarríki, sem nota rafrænar lausnir við skráningu og birtingu árlegra reikningsskila, skulu tryggja að, í samræmi við 7. kafla, þurfi lítil fyrirtæki ekki að birta viðbótarupplýsingar sem krafist er samkvæmt innlendri skattalöggjöf, eins og um getur í 6. gr.

5. gr.

Almennar upplýsingar

Í skjalinu með reikningsskilunum skal koma fram heiti fyrirtækisins og upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í a- og b- lið 5. gr. tilskipunar 2009/101/EB.

6. gr.

Almennar meginreglur um reikningsskil

1. Liðir, sem settir eru fram í árlegum reikningsskilum og samstæðureikningsskilum, skulu færðir og metnir í samræmi við eftirfarandi almennar meginreglur:

a) gera skal ráð fyrir að fyrirtækið haldi starfsemi sinni áfram,

b) nota skal reikningsskilaaðferðir og matsgrunna með samræmdum hætti frá einu fjárhagsári til annars,

c) við færslur og mat skal gæta tilhlýðilegrar varfærni og meðal annars:

   i. skal aðeins færa hagnað að hann sé þegar áunninn við dagsetningu efnahagsreiknings,

   ii. allar skuldir sem myndast á viðkomandi fjárhagsári eða næstliðnu fjárhagsári skulu færðar, jafnvel þótt slíkar skuldir komi eingöngu í ljós milli dagsetningar efnahagsreikningsins og dagsetningarinnar þegar efnahagsreikningurinn er saminn, og

   iii. allar neikvæðar virðisbreytingar skulu færðar hvort sem hagnaður eða tap er á fjárhagsárinu,

d) fjárhæðir, sem færðar eru í efnahagsreikning og rekstrarreikning, skulu reiknaðar á rekstrargrunni,

e) efnahagsreikningur við upphaf hvers fjárhagsárs skal samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra fjárhagsárs,

f) þá þætti, sem mynda hvern eigna- og skuldalið, skal meta hvern fyrir sig,

g) óheimilt er að jafna út eignir á móti skuldum eða tekjur á móti gjöldum,

h) skýra skal liði á rekstrarreikningi og efnahagsreikningi og setja þá fram með hliðsjón af efni færslnanna eða fyrirkomulagsins sem um er að ræða,

i) liðir, sem eru færðir í reikningsskil, skulu metnir í samræmi við meginregluna um kaupverð eða framleiðsluverð og

j) ekki þarf að uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í þessari tilskipun, að því er varðar færslu, mat, framsetningu, birtingu og samsteypu þegar áhrifin af því að uppfylla þær eru lítilvægar.

2. Þrátt fyrir g-lið 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt, við sérstakar aðstæður, að leyfa fyrirtækjum eða gera kröfu um að þau jafni eignir út á móti skuldum og tekjur á móti gjöldum, að því tilskildu að jafnaðar fjárhæðir séu tilgreindar sem heildarfjárhæðir í skýringum með reikningsskilunum.

3. Aðildarríki mega undanþiggja fyrirtæki frá kröfunum í h-lið 1. mgr.

4. Aðildarríki geta takmarkað gildissvið j-liðar 1. mgr. við framsetningu og birtingu.

5. Auk þeirra fjárhæða sem færðar eru í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa eða gera kröfu um að teknar séu til greina allar fyrirsjáanlegar skuldir og allt tap sem kann að myndast á viðkomandi fjárhagsári eða næstliðnu fjárhagsári, jafnvel þótt skuldirnar eða tapið komi eingöngu í ljós milli dagsetningar efnahagsreikningsins og þeirrar dagsetningar þegar efnahagsreikningurinn er saminn.

7. gr.

Annar matsgrunnur fastafjármuna á endurmetnu verði

1. Þrátt fyrir i. lið 1. mgr. 6. gr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa eða gera kröfu um að öll fyrirtæki eða einhverjir flokkar fyrirtækja meti fastafjármuni á endurmetnu verði. Þegar landslög kveða á um endurmatsgrunn skulu þau einnig kveða á um innihald hans og mörk og reglur um notkun hans.

2. Þegar 1. mgr. er beitt skal færa fjárhæðarmun á matsgrundvelli á innkaupsverði eða framleiðsluverði og mat á endurmatsgrundvelli á efnahagsreikning í endurmatssjóð undir „Hlutafé og annað eigið fé“.

Heimilt er að færa úr endurmatssjóði, í heild eða að hluta, til hækkunar á hlutafé félagsins, hvenær sem er.

Endurmatssjóð skal leysa upp svo fremi að fjárhæðir, sem þegar hafa verið færðar í reikninginn, séu ekki lengur nauðsynlegar við gerð reikningsskila samkvæmt endurmatsreglum. Aðildarríkjum er heimilt að setja reglur um notkun á endurmatssjóði að því tilskildu að yfirfærslur frá endurmatssjóði á rekstrarreikning séu aðeins heimilaðar á fjárhæðum sem áður hafa verið færðar til gjalda á rekstrarreikningi eða endurspegla verðmætisaukningu sem hefur komið fram í raun. Óheimilt er að úthluta fé úr endurmatssjóði, beint eða óbeint, nema um sé að ræða verðmætisaukningu sem komið hefur fram í raun.

Upplausn á endurmatssjóði, önnur en sú sem kveðið er á um í annarri og þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, er óheimil.

3. Virðisbreytingu skal reikna ár hvert á grundvelli endurmats á fjárhæð. Þrátt fyrir 9. og 13. gr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa eða gera kröfu um að einungis fjárhæð virðisbreytinganna, sem leiðir af matsgrunni fyrir innkaupsverð eða framleiðslukostnað, sé færð undir viðkomandi liði í uppsetningunum, sem settar eru fram í V. og VI. viðauka, og að mismunurinn sem leiðir af mati á grundvelli endurmats, samkvæmt þessari grein, sé sérstaklega tilgreindur í þeim.

8. gr.

Annar matsgrunnur gangvirðis

1. Þrátt fyrir i. lið 1. mgr. 6. gr. og með fyrirvara um skilyrði sem sett eru fram í þessari grein:

a) skulu aðildarríki leyfa eða gera kröfu um að öll fyrirtæki, eða flokkar fyrirtækja, meti fjármálagerninga, þ.m.t. afleidda fjármálagerninga, á gangvirði og

b) er aðildarríkjum heimilt að leyfa eða gera kröfu um að öll fyrirtæki, eða flokkar fyrirtækja, meti tilteknar tegundir eigna, aðrar en fjármálagerninga, í fjárhæðum sem ákvarðast með tilliti til gangvirðis.

Takmarka má slíkt leyfi eða kröfu við samstæðureikningsskil.

2. Að því er þessa tilskipun varðar skulu samningar sem byggjast á hrávöru, sem veita öðrum hvorum samningsaðilanum rétt til að greiða með peningum eða einhverjum öðrum fjármálaskjölum, teljast vera afleidd fjármálaskjöl nema þegar:

a) gengið hefur verið til slíkra samninga með það fyrir augum að samningurinn uppfylli þær kröfur sem fyrirtækið gerir um kaup, sölu eða notkun á þeim tíma sem hann var gerður og síðar,

b) tilgreint hefur verið að samningarnir byggist á hrávöru frá upphafi og

c) reiknað er með því að uppgjör fari fram við afhendingu hrávörunnar.

3. Ákvæði a-liðar 1. mgr. gilda einungis um eftirfarandi skuldbindingar:

a) skuldbindingar sem eru hluti af viðskiptasafni eða

b) eru afleiddir fjármálagerningar.

4. Mat í samræmi við a-lið 1. mgr. gildir ekki um eftirfarandi:

a) fjármálagerninga sem eru ekki afleiddir og er haldið út binditímann,

b) lán og viðskiptakröfur fyrirtækisins, sem ekki er fyrirhugað að versla með, og

c) vexti í dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og fyrirtækjum um sameiginleg verkefni, skírteini fyrir hlut í eign, gefin út af fyrirtækinu, samninga um skilyrt endurgjald í fyrirtækjasamsteypum og aðra fjármálagerninga sem eru svo sérstaks eðlis að gera skal, samkvæmt því sem almennt er viðurkennt, grein fyrir þeim á annan hátt en öðrum fjármálagerningum.

5. Þrátt fyrir i. lið 1. mgr. 6. gr. geta aðildarríkin, að því er varðar allar eignir og skuldir sem uppfylla kröfur um áhættuvarinn efnahagslið samkvæmt kerfi fyrir áhættuvarnarreikningsskil á gangvirði, eða tiltekna hluta slíkra eigna eða skulda, heimilað að þessar eignir eða skuldir séu metnar til þeirrar sérstöku fjárhæðar sem krafist er samkvæmt því kerfi.

6. Þrátt fyrir 3. og 4. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa eða gera kröfu um að fjármálagerningar séu færðir, metnir og birtir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem eru samþykkir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

7. Gangvirði í skilningi þessarar greinar skal ákvarðast með vísun í eitthvert af eftirfarandi verðgildum:

a) markaðsvirði, ef um er að ræða fjármálagerning sem auðveldlega er hægt að finna traustan markað fyrir. Þegar ekki er hægt að finna markaðsvirði fjármálagernings auðveldlega en hins vegar er hægt að finna markaðsvirði hluta hans eða svipaðs gernings er hægt að ákvarða það út frá markaðsvirði einstakra hluta gerningsins eða markaðsvirði svipaðs gernings eða

b) virði sem er reiknað með almennt viðurkenndum virðislíkönum og -aðferðum, ef um er að ræða fjármálagerning sem ekki er auðveldlega hægt að finna traustan markað fyrir, að því tilskildu að slík virðislíkön og -aðferðir tryggi raunhæfa nálgun markaðsvirðis.

Fjármálagerningar, sem ekki er hægt að meta með áreiðanlegum hætti með þeim aðferðum, sem lýst er í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skulu metnir í samræmi við meginregluna um innkaupsverð eða framleiðslukostnað að svo miklu leyti sem mat á þeim grundvelli er mögulegt.

8. Þrátt fyrir c-lið 1. mgr. 6. gr. skal virðisbreyting, þegar fjármálagerningur er metinn á gangvirði, koma fram í rekstrarreikningi nema í eftirfarandi tilvikum þegar slík breyting á að reiknast beint í gangvirðisvarasjóð:

a) skjalið, sem um er að ræða, er áhættuvarnargerningur sem fellur undir áhættuvarnarreikningsskil þar sem leyfilegt er að sumar eða allar virðisbreytingarnar komi ekki fram í rekstrarreikningi eða

b) virðisbreytingarnar tengjast gengismun sem verður á peningalið sem er hluti af hreinni fjárfestingu fyrirtækisins í sjálfstæðri, erlendri einingu.

Aðildarríkin geta leyft eða gert kröfu um að breyting á virði fjáreignar, sem er til sölu og er ekki afleiddur fjármálagerningur, verði bókfærð beint sem eigið fé í gangvirðisvarasjóði. Gangvirðisvarasjóður skal leiðréttur þegar fjárhæðir, sem þar koma fram, eru ekki lengur nauðsynlegar vegna framkvæmdar a- og b-liðar fyrstu undirgreinar.

9. Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. 6. gr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa eða gera kröfu um, að því er varðar öll fyrirtæki eða flokka fyrirtækja, að þegar eignir, aðrar en fjármálagerningar, eru metnar á gagnvirði sé virðisbreyting tilgreind í rekstrarreikningi.

3. KAFLI

EFNAHAGSREIKNINGUR OG REKSTRARREIKNINGUR

9. gr.

Almenn ákvæði um efnahagsreikning og rekstrarreikning

1. Ekki skal breyta uppsetningu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings frá einu fjárhagsári til annars. Frávik frá þeirri meginreglu skulu þó leyfð í undantekningartilvikum til þess að gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og hagnaði eða tapi fyrirtækisins. Greina skal frá slíku fráviki og ástæðum þess í skýringum með reikningsskilunum.

2. Í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi skal tilgreina þá liði, sem settir eru fram í III. til VI. viðauka, hvern í sínu lagi og í þeirri röð sem tilgreind er. Aðildarríki skulu heimila frekari undirskiptingu þessara liða með fyrirvara um að uppsetningum, sem mælt er fyrir um, sé fylgt. Aðildarríki skulu heimila að millisamtölum og nýjum liðum sé bætt við, að því tilskildu að efni þessara nýju liða falli ekki undir einhverja liðina í uppsetningunum sem mælt er fyrir um. Aðildarríki mega gera kröfu um slíkar undirskiptingar, millisamtölur eða nýja liði.

3. Uppsetningu, reikningaskipan og heiti liða á efnahagsreikningi og rekstrarreikningi sem fara á eftir arabískum tölustaf skal breytt ef eðli fyrirtækisins krefst þess. Aðildarríki mega gera kröfu um slíkar breytingar fyrir fyrirtæki sem tilheyra tiltekinni atvinnugrein.

Aðildarríkjum er heimilt að leyfa eða gera kröfu um að liðir á efnahagsreikningi og rekstrarreikningi, sem fara á eftir arabískum tölustaf, séu teknir saman ef um lítilvægar fjárhæðir er að ræða í þeim tilgangi að gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og hagnaði eða tapi fyrirtækisins, ef slík sameining varpar skýrara ljósi á reikningana, að því tilskildu að liðirnir sem eru sameinaðir með þessum hætti fái sérstaka umfjöllun í skýringum með reikningsskilunum.

4. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. þessarar greinar mega aðildarríki takmarka möguleika fyrirtækisins til að víkja frá uppsetningum sem settar eru fram í III. til VI. viðauka að því marki sem nauðsyn krefur til þess að skrá reikningsskilin með rafrænum hætti.

5. Að því er varðar hvern lið á efnahagsreikningi og rekstrarreikningi skal gefa upp tölur fyrir fjárhagsárið, sem efnahagsreikningurinn og rekstrarreikningurinn eiga við um, og töluna sem varðar samsvarandi lið frá fyrra fjárhagsári. Þegar þessar tölur eru ekki sambærilegar mega aðildarríki gera kröfu um að tölur frá næstliðnu fjárhagsári verði leiðréttar. Þegar um er að ræða ósamræmi eða leiðréttingu skulu tölurnar færðar, ásamt útskýringum, í skýringarnar með reikningsskilunum.

6. Aðildarríki geta heimilað eða gert kröfu um breytingar á uppsetningu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings með það fyrir augum að þar komi fram hvernig hagnaði er ráðstafað og tap meðhöndlað.

7. Að því er varðar meðhöndlun eignarhlutdeildar í árlegum reikningsskilum:

a) er aðildarríkjum heimilt að leyfa eða gera kröfu um að gerð sé grein fyrir eignarhlutdeild með hlutdeildaraðferðinni, sem kveðið er á um í 27. gr., að teknu tilliti til nauðsynlegra leiðréttinga sem verða vegna sérstakra einkenna árlegra reikningsskila í samanburði við samstæðureikningsskil,

b) geta aðildarríki leyft eða gert kröfu um að sá hluti af hagnaði eða tapi sem tengist hlutdeildinni sé færður í rekstrarreikning en einungis að því marki sem hann samsvarar mótteknum arði eða arði, sem hægt er að krefjast greiðslu á, og

c) skal, þegar hagnaður sem tengist hlutdeild og færður er í rekstrarreikning er hærri en arður, sem þegar hefur verið veitt viðtaka eða krefja má um greiðslu á, mismunurinn lagður í varasjóð, sem óheimilt er að greiða til hluthafa.

10. gr.

Framsetning efnahagsreikningsins

Aðildarríki skulu mæla fyrir um að efnahagsreikningur skuli annaðhvort settur fram á þann hátt sem segir í III. og IV. viðauka eða að nota megi báðar uppsetningarnar. Ef aðildarríki mælir fyrir um báðar uppsetningar skal það leyfa fyrirtækjum að velja hvora uppsetninguna það notar.

11. gr.

Önnur framsetning efnahagsreiknings

Aðildarríkjum er heimilt að leyfa eða gera kröfu um að fyrirtæki eða tilteknir flokkar fyrirtækja setji liði fram á grundvelli þess að greina á milli skammtíma- og langtímaefnahagsliða, í annarri uppsetningu en þeirri sem sett er fram í III. og IV. viðauka, að því tilskildu að upplýsingarnar sem þar koma fram séu að minnsta kosti jafngildar þeim sem fást með öðrum hætti í samræmi við III. og IV. viðauka.

12. gr.

Sérákvæði um tiltekna liði í efnahagsreikningi

1. Þegar eign eða skuld varðar fleiri en einn lið í uppsetningu ber að gera grein fyrir tengslum þeirra, annaðhvort undir þeim lið þar sem hún er tilgreind eða í skýringum með reikningsskilunum.

2. Eigin hluti og hluti í eignatengdum fyrirtækjum má aðeins tilgreina undir þeim liðum þar sem gert er ráð fyrir því.

3. Hvort tilteknar eignir eru taldar til fastafjármuna eða veltufjármuna ræðst af tilganginum með notkun þeirra.

4. Réttur til fasteigna og önnur sambærileg réttindi eins og landslög kveða á um skulu tilgreind í liðnum „Fasteignir“ (lóðir og húseignir).

5. Innkaupsverð, framleiðslukostnaður eða endurmetin fjárhæð fastafjármuna með takmarkaðan nýtingartíma, þar sem 1. mgr. gr. gildir, skal niðurfært með virðisbreytingum sem miða að því að afskrifa verðgildi þeirra á kerfisbundinn hátt meðan á nýtingartíma þeirra stendur.

6. Virðisbreytingar fastafjármuna skulu vera með fyrirvara um eftirfarandi:

a) aðildarríkjum er heimilt að leyfa eða gera kröfu um virðisbreytingar á áhættufjármunum með því að meta þá til annars lægra verðgildis sem þeir kunna í raun að hafa við dagsetningu efnahagsreiknings,

b) virðisbreytingar skulu gerðar á fastafjármunum, hvort sem nýtingartími þeirra er takmarkaður eða ekki, með því að meta þá til annars lægra verðgildis, sem þeir kunna í raun að hafa við dagsetningu efnahagsreiknings, ef búist er við því að lækkun á verðgildi þeirra verði varanleg,

c) virðisbreytingar, sem um getur í a- og b-lið, skal færa á rekstrarreikning og tilgreina sérstaklega í skýringum með reikningsskilum ef þær eru ekki sýndar sérstaklega á rekstrarreikningi,

d) mati á lægra verðgildinu, sem kveðið er á um í a- og b-lið, skal ekki haldið áfram ef ástæður virðisbreytinganna, sem voru gerðar, eiga ekki lengur við; þessi ákvæði skulu ekki gilda um virðisbreytingar sem gerðar eru með tilliti til viðskiptavildar.

7. Virðisbreytingar skulu gerðar á veltufjármunum þannig að tilgreint sé lægra markaðsverð, eða annað lægra verðgildi ef sérstaklega stendur á, sem þeir kunna í raun að hafa við dagsetningu efnahagsreiknings.

Mati á lægra verðgildi, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, má ekki halda til streitu ef ástæður virðisbreytinga eiga ekki lengur við.

8. Aðildarríki geta leyft eða gert kröfu um að vextir á lánsfé til að kosta framleiðslu fastafjármuna eða veltufjármuna megi telja til framleiðslukostnaðar, að því marki sem vextirnir tengjast framleiðslutímanum. Gera skal grein fyrir beitingu þessa ákvæðis í skýringum með reikningsskilum.

9. Aðildarríki geta heimilað að innkaupsverð eða framleiðslukostnaður allra vörubirgða af sama tagi, og öll verðmæti sömu gerðar, þ.m.t. verðbréf, sé reiknað á grundvelli vegins meðalverðs, með aðferðinni „fyrst inn, fyrst út“ (FIFO), aðferðinni „síðast inn, fyrst út“ (LIFO) eða aðferð sem endurspeglar almennt viðurkennda bestu starfsvenju.

10. Þegar fjárhæð sem er greidd vegna skuldar er hærri en sú sem er móttekin mega aðildarríki leyfa eða gera kröfu um að mismunurinn sé eignfærður. Skal hann sýndur sérstaklega á efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilum. Mismuninn skal afskrifa um hæfilega fjárhæð á hverju ári og til fulls eigi síðar en á endurgreiðsludegi skuldarinnar.

11. Óefnislegar eignir skal afskrifa á nýtingartíma viðkomandi óefnislegrar eignar.

Í undantekningartilvikum, þegar ekki er hægt að meta með áreiðanlegum hætti nýtingartíma viðskiptavildar og þróunarkostnað, skulu slíkar eignir afskrifaðar innan hámarkstímabils sem aðildarríkið setur. Þetta hámarkstímabil skal ekki vera styttra en fimm ár og ekki lengra en tíu ár. Útskýring vegna tímabilsins sem viðskiptavild er afskrifuð fyrir skal koma fram í skýringum með reikningsskilum.

Þar sem landslög heimila að þróunarkostnaður sé færður undir „Eignir“ og þróunarkostnaður hefur ekki verið afskrifaður til fulls skulu aðildarríki gera kröfu um að hagnaði verði ekki úthlutað nema fjárhæð annars eigin fjár, sem er tiltæk til ráðstöfunar, og yfirfærður hagnaður séu a.m.k. jafnhá kostnaðinum sem ekki er afskrifaður.

Þar sem landslög heimila að stofnkostnaður sé talinn til eigna er skylt að afskrifa hann innan fimm ára. Í því tilviki skulu aðildarríki gera kröfu um að þriðja undirgrein gildi að breyttu breytanda um stofnkostnað.

Aðildarríki mega í undantekningartilvikum heimila að vikið sé frá þriðju og fjórðu undirgrein. Greina skal frá slíku fráviki og ástæðum þess í skýringum með reikningsskilum.

12. Varúðarniðurfærslur skulu ná yfir skuldbindingar, sem eru skýrt skilgreindar, og sem við dagsetningu efnahagsreiknings er annaðhvort sennilegt eða öruggt að séu áfallnar þótt óvíst sé um fjárhæð þeirra eða gjalddaga.

Aðildarríki mega einnig heimila stofnun varúðarniðurfærslna til að standa straum af útgjöldum, sem skilgreint er með skýrum hætti hvers eðlis eru, og sem við dagsetningu efnahagsreiknings er annaðhvort sennilegt eða öruggt að séu áfallin þótt óvíst sé um fjárhæð þeirra eða gjalddaga.

Við dagsetningu efnahagsreiknings skulu varúðarniðurfærslur sýna besta mat þeirra útgjalda sem líklegt að stofnað verði til eða, ef um er að ræða skuld, fjárhæðarinnar sem þarf til að greiða þá skuld. Varúðarniðurfærslur má ekki nota til að breyta verðgildi eigna.

13. gr.

Framsetning rekstrarreiknings

1. Aðildarríkin mæla svo fyrir að rekstrarreikningur skuli annaðhvort settur fram á þann hátt sem segir í V. og VI. viðauka eða að báðar uppsetningar megi nota. Ef aðildarríki mælir fyrir um báðar uppsetningar getur það leyft fyrirtækjum að velja hvora uppsetninguna það tekur upp.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa eða gera kröfu um að öll fyrirtæki eða flokkar fyrirtækja leggi fram greinargerð um árangur í stað rekstrarreiknings í samræmi við V. og VI. viðauka, að því tilskildu að þær upplýsingar, sem fram koma, séu að minnsta kosti jafngildar þeim sem annars er krafist í V. og VI. viðauka.

14. gr.

Einfaldanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

1. Aðildarríki geta heimilað litlum fyrirtækjum að setja saman stytta efnahagsreikninga, sem sýna eingöngu þá liði sem fara á eftir bókstöfum og rómverskum tölum í III. og IV. viðauka, en birta sérstaklega:

a) upplýsingarnar, sem krafist er í svigum í II. tölulið í D-lið undir „Eignir“ og í C-lið undir „Eigið fé, annað eigið fé og skuldir“ í III. viðauka, en samanlagt fyrir hvern viðkomandi lið eða

b) upplýsingarnar sem krafist er í svigum í II. tölulið D-liðar í IV. viðauka.

2. Aðildarríki mega leyfa litlum og meðalstórum fyrirtækjum að taka saman styttan rekstrarreikning innan eftirfarandi marka:

a) í V. viðauka má sameina 1.–5. tölul. í einn lið sem nefnist „Vergur hagnaður eða vergt tap“,

b) í VI. viðauka má sameina 1., 2., 3. og 6. tölul. í einn lið sem nefnist „Vergur hagnaður eða vergt tap“,

4. KAFLI

SKÝRINGAR VIÐ REIKNINGSSKILIN

15. gr.

Almenn ákvæði um skýringar við reikningsskil

Þegar skýringar við efnahagsreikning og rekstrarreikning eru settar fram í samræmi við þennan kafla skulu skýringarnar settar fram í þeirri röð sem liðirnir eru settir fram á efnahagsreikningi og á rekstrarreikningi.

16. gr.

Efni skýringa við reikningsskil að því er varðar öll fyrirtæki

1. Í skýringum við reikningsskil skulu öll fyrirtæki, auk upplýsinganna sem krafist er samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar, veita upplýsingar að því er varðar eftirfarandi:

a) samþykktar reikningsskilaaðferðir,

b) þegar fastafjármunir eru metnir til endurmetinna fjárhæða, töflu sem sýnir:

   i. hreyfingar í endurmatssjóði á fjárhagsárinu með skýringum á skattameðferð liðanna í honum og

   ii. bókfært verð á efnahagsreikningnum sem hefði verið fært ef fastafjármunir hefðu ekki verið endurmetnir,

c) þegar fjármálagerningar og/eða fjáreignir aðrar en fjármálagerningar eru metnar á gangvirði:

   i. mikilvægar forsendur sem liggja að baki matslíkönum og -aðferðum þegar gangvirði er ákvarðað í samræmi við b-lið 7. mgr. 8. gr.,

   ii. fyrir hvern flokk fjármálagerninga eða fjáreigna annan en fjármálagerninga, gangvirði, breytingar á virði sem hafa verið reiknaðar beint inn í rekstrarreikninginn og einnig breytingar á gangvirðisvarasjóði,

   iii. fyrir hvern flokk afleiddra fjármálagerninga, upplýsingar um umfang og eðli gerninganna, þ.m.t. mikilvægir skilmálar og skilyrði, sem gætu haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og áreiðanleika framtíðarsjóðstreymis, og

   iv. tafla sem sýnir hreyfingar í gangvirðisvarasjóði á fjárhagsárinu,

d) heildarfjárhæð allra fjárhagsskuldbindinga, ábyrgða eða ófyrirsjáanlegra skuldbindinga, sem koma ekki fram á efnahagsreikningi, ásamt upplýsingum um eðli og form verðmæta sem hafa verið sett til tryggingar; lífeyrisskuldbindingar og skuldbindingar gagnvart eignatengdum fyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum skal tilgreina sérstaklega,

e) fyrirframgreiðslur og lán til þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn og upplýsingar um vexti, helstu skilmála og endurgreiðslur, afskriftir eða niðurfellingar, ásamt skuldbindingum, sem gengist er við fyrir þeirra hönd með hvers konar ábyrgðum ásamt upplýsingum um heildarfjárhæð fyrir hvern flokk,

f) fjárhæð og eðli einstakra tekju- eða gjaldaliða sem eru óvenjulegir vegna stærðar eða tíðni,

g) fjárhæðir þeirra skulda fyrirtækisins, sem falla í gjalddaga eftir meira en fimm ár, og allra skulda sem fyrirtækið hefur sett tryggingu fyrir í verðmætum, með upplýsingum um eðli og form tryggingar og

h) meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu.

2. Aðildarríki geta gert kröfu um að breyttu breytanda að lítil fyrirtæki leggi fram upplýsingar eins og kveðið er á um í a-, m-, p-, q- og r-lið 1. mgr. 17. gr.

Við beitingu fyrstu undirgreinar skulu upplýsingarnar, sem kveðið er á um í p-lið 1. mgr. 17. gr., takmarkaðar við eðli og viðskiptatilgang samkomulagsins sem um getur í þeim lið.

Við beitingu fyrstu undirgreinar skulu upplýsingarnar, sem kveðið er á um í r-lið 1. mgr. 17. gr., takmarkaðar við viðskipti sem gerð hafa verið við aðilana sem tilgreindir eru í fjórðu undirgrein í þeim lið.

3. Aðildarríki skulu ekki krefjast upplýsinga fyrir lítil fyrirtæki um fram þær sem er krafist eða leyft samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Viðbótarupplýsingar fyrir meðalstór og stór fyrirtæki og fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings

1. Í skýringum við reikningsskil skulu meðalstór og stór fyrirtæki og fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings, auk upplýsinganna sem krafist er skv. 16. gr. og öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar, láta í té upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a) að því er varðar hina ýmsu liði fastafjármuna:

   i. innkaupsverð eða framleiðslukostnað eða, þegar farið hefur verið eftir öðrum matsgrunni, gangvirði eða endurmetinni fjárhæð við upphaf og lok fjárhagsársins,

   ii. viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur á fjárhagsárinu,

   iii. uppsafnaðar virðisbreytingar við upphaf og lok fjárhagsársins,

   iv. virðisbreytingar færðar á fjárhagsárinu,

   v. hreyfingar á uppsöfnuðum virðisbreytingum með tilliti til viðbóta, ráðstafana og tilfærslna á fjárhagsárinu og

   vi. þegar vextir eru eignfærðir í samræmi við 8. mgr. 12. gr., fjárhæðin sem er eignfærð á fjárhagsárinu,

b) fjárhæð virðisbreytinga og ástæður þeirra þegar þær hafa verið gerðar á fastafjármunum eða veltufjármunum eingöngu vegna skattlagningar,

c) þegar fjármálagerningar eru metnir á kaupverði eða framleiðslukostnaði:

   i. fyrir hvern flokk afleiddra fjármálagerninga:

      — gangvirði gerninganna ef hægt er að ákvarða það með einhverri af aðferðunum, sem lýst er í a-lið 7. mgr. 8. gr., og

      — upplýsingar um umfang og eðli gerninganna,

   ii. fyrir áhættufjármuni sem eru bókfærðir á fjárhæð sem er umfram gangvirði þeirra:

      — bókfært virði og gangvirði annaðhvort stakra eigna eða viðeigandi flokka þessara stöku eigna og

      — ástæður þess að bókfært virði hefur ekki verið lækkað, þ.m.t. hvers eðlis sá rökstuðningur er sem býr að baki þeirri forsendu að endurheimta bókfærða virðið,

d) þá fjárhæð, sem á fjárhagsárinu er veitt í þóknun til þeirra sem sitja í stjórn fyrirtækisins, framkvæmdastjóra eða annarra eftirlitsaðila vegna starfa þeirra, og allar skuldbindingar vegna eftirlauna til sömu aðila þar sem gerð er grein fyrir heildarfjárhæð fyrir hvern hóp aðila.

   Aðildarríki geta fellt niður kröfuna um að veita slíkar upplýsingar ef þær gefa vitneskju um fjárhagsstöðu tiltekins stjórnarmanns slíks hóps,

e) meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu, sundurliðaður eftir starfssviðum, og skal einnig tilgreina kostnað vegna starfsfólks á fjárhagsárinu, ef hann er ekki tilgreindur sérstaklega í rekstrarreikningi, sundurliðaðan eftir launakostnaði, almannatryggingakostnaði og lífeyriskostnaði,

f) þegar varúðarniðurfærsla varðandi frestaðan skatt er færð í efnahagsreikning, eftirstöðvar frestaðs skatts í lok fjárhagsársins og hreyfingar á þeim eftirstöðvum á fjárhagsárinu,

g) heiti og skráða skrifstofu hvers fyrirtækis sem fyrirtækið á hlutdeild í, annaðhvort sjálft eða fyrir milligöngu einstaklings sem kemur fram í eigin nafni en þó fyrir hönd þess, og skal tilgreina hlutfall þess hlutafjár sem fyrirtækið á, fjárhæð hlutafjár, annars eigin fjár og hagnað eða tap viðkomandi fyrirtækis á síðasta fjárhagsári sem reikningsskil hafa verið samþykkt fyrir; upplýsingum um hlutafé og annað eigið fé og hagnað eða tap má sleppa ef viðkomandi fyrirtæki birtir ekki efnahagsreikning sinn og lýtur ekki stjórn fyrirtækisins.

   Aðildarríki geta leyft að upplýsingarnar, sem krafist er að veittar séu í fyrstu undirgrein þessa liðar, séu í formi yfirlits sem er skráð í samræmi við 1. og 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB; skráning slíks yfirlits skal koma fram í skýringum með reikningsskilunum. Aðildarríki geta einnig leyft að upplýsingum sé sleppt þegar þær eru þess eðlis að þær gætu valdið fyrirtækjum sem þær snerta alvarlegu tjóni. Aðildarríki geta sett skilyrði um að leyfi yfirvalda á sviði stjórnsýslu eða dómgæslu þurfi fyrir því að sleppa þessum upplýsingum. Þess skal geta í skýringum með reikningsskilum ef þessum upplýsingum er sleppt.

h) fjölda og nafnvirði hlutabréfa, skráðra á fjárhagsárinu innan marka leyfilegs hlutafjár samkvæmt samþykktum fyrirtækisins, eða bókfært verð þar sem nafnverð er ekki fyrir hendi, þó með fyrirvara um ákvæði e-liðar 2. gr. tilskipunar 2009/101/EB og c- og d-liðar 2 gr. tilskipunar 2012/30/ESB, að því er fjárhæð þeirra snertir,

i) sé um að ræða fleiri flokka hlutabréfa en einn skal gefa upp fjölda í hverjum flokki og nafnverð þeirra, eða bókfært verð ef nafnverð er ekki fyrir hendi,

j) hlutdeildarskírteini, séu þau fyrir hendi, svo og breytanleg skuldabréf, kaupréttur, vilnanir eða sambærileg verðbréf eða réttindi, og skal geta fjölda þeirra og réttinda sem þau veita,

k) heiti, aðalstöðvar eða skráða skrifstofu og lagalegt form hvers og eins þeirra fyrirtækja sem fyrirtækið er félagsaðili að með ótakmarkaða ábyrgð,

l) heiti og skráða skrifstofu fyrirtækis sem semur samstæðureikningsskil fyrir stærstu fyrirtækjasamsteypuna sem fyrirtækið tengist sem dótturfyrirtæki,

m) heiti og skráða skrifstofu fyrirtækis sem semur samstæðureikningsskil fyrir minnstu fyrirtækjasamsteypuna sem fyrirtækið tengist sem dótturfyrirtæki og sem er einnig í fyrirtækjasamsteypunni sem um getur í l-lið,

n) hvar eintök af samstæðureikningsskilum, sem um getur í l- og m-lið, eru fáanleg svo fremi að þau séu tiltæk,

o) tillögu um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun taps, eða eftir atvikum, ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun tapsins,

p) eðli og viðskiptatilgang samkomulags fyrirtækisins sem er ekki í efnahagsreikningnum og fjárhagsleg áhrif þess samkomulags á fyrirtækið, að því tilskildu að áhættan eða ávinningurinn af slíku samkomulagi skipti máli og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er að birta upplýsingar um slíka áhættu eða ávinning til að meta fjárhagsstöðu félagsins,

q) eðli og fjárhagsleg áhrif mikilvægra atburða sem urðu eftir dagsetningu efnahagsreiknings, sem endurspeglast ekki í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi, og

r) viðskipti, sem fyrirtækið hefur átt við tengda aðila, þ.m.t. fjárhæð slíkra viðskipta, eðli tengslanna milli tengdu aðilanna og aðrar upplýsingar um viðskiptin sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að skilja fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Upplýsingum um einstök viðskipti má safna saman eftir því hvers eðlis þau eru nema þar sem sérstakar upplýsingar eru nauðsynlegar til að unnt sé að skilja áhrif viðskipta tengdra aðila á fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Aðildarríki geta leyft eða gert kröfu um að einungis verði veittar upplýsingar um viðskipti við tengda aðila sem ekki hafa farið fram við eðlilegar markaðsaðstæður.

Aðildarríki geta leyft að ekki séu veittar upplýsingar um viðskipti, sem einn aðili eða fleiri í samstæðu eiga sín í milli, að því tilskildu að dótturfyrirtæki, sem eru aðilar að viðskiptunum, séu að fullu í eigu slíks aðila.

Aðildarríki geta leyft að meðalstór fyrirtæki takmarki upplýsingar um viðskipti við tengda aðila við viðskipti sem gengið er til með:

i. þeim sem eiga hlutdeild í fyrirtækinu,

ii. fyrirtækjum, sem fyrirtækið sjálft á eignarhlut í, og

iii. fulltrúum í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins.

2. Ekki skal krafist að aðildarríki beiti g-lið í 1. mgr. gagnvart fyrirtæki sem er móðurfyrirtæki og fellur undir landslög þeirra, í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar fyrirtækið sem móðurfyrirtækið á eignarhlut í, að því er varðar g-lið 1. mgr., er með í samstæðureikningsskilum sem það móðurfyrirtæki tekur saman eða í reikningsskilum stærri fyrirtækjasamstæðu eins og um getur í 4. mgr. 23. gr.,

b) þegar móðurfyrirtækið hefur fært þann eignarhlut í árleg reikningsskil þess, í samræmi við 7. mgr. 9. gr., eða í samstæðureikningsskil sem móðurfyrirtækið semur í samræmi við 1. til 8. mgr. 27. gr.

18. gr.

Viðbótarupplýsingar fyrir stór fyrirtæki og fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings

1. Í skýringum við reikningsskil skulu stór fyrirtæki og fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings, auk upplýsinganna, sem krafist er skv. 16. og 17. gr. og öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar, láta í té upplýsingar að því er varðar eftirfarandi atriði:

a) hreina veltu, sundurliðaða eftir flokkun á starfsemi og markaðssvæðum, að svo miklu leyti sem verulegur munur er á þessum flokkum og markaðssvæðum með tilliti til skipulagningar á sölu og þjónustu og

b) heildarþóknun hvers endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis á fjárhagsárinu fyrir lögboðna endurskoðun árlegra reikningsskila og heildarþóknun hvers endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis fyrir aðra gæðatryggingu, fyrir skattaráðgjöf og fyrir aðra þjónustu en endurskoðun.

2. Aðildarríki mega leyfa að upplýsingunum, sem um getur í a-lið 1. mgr., verði sleppt ef birting upplýsinganna getur skaðað fyrirtækið verulega. Aðildarríki mega setja skilyrði um að leyfi yfirvalda á sviði stjórnsýslu eða dómgæslu þurfi fyrir því að sleppa þessum upplýsingum. Þess skal geta í skýringum með reikningsskilum ef þessum upplýsingum er sleppt.

3. Aðildarríki geta kveðið á um að b-liður 1. mgr. skuli ekki gilda um árleg reikningsskil fyrirtækis ef það fyrirtæki er tekið með í samstæðureikningsskil, sem krafist er að gerð séu skv. 22. gr., að því tilskildu að slíkar upplýsingar komi fram í skýringum með samstæðureikningsskilunum.

5. KAFLI

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

19. gr.

Efni skýrslu framkvæmdastjórnar

1. Í skýrslu framkvæmdastjórnar skal vera glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins og stöðu þess ásamt lýsingu á megináhættu og óvissuþáttum sem það stendur frammi fyrir.

Yfirlitið skal vera heildstæð og ítarleg greining á þróun og árangri í rekstri fyrirtækisins og stöðu þess í samræmi við umfang rekstrarins og hve margbrotinn hann er.

Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að skilja þróun, árangur og stöðu fyrirtækisins skal greiningin fela í sér lykilvísbenda um árangur sem eru bæði fjárhagslegir og, eftir því sem við á, ekki fjárhagslegir og varða tiltekið fyrirtæki, þ.m.t. upplýsingar í tengslum við umhverfis- og starfsmannamál. Sem greiningartæki skal skýrsla framkvæmdastjórnar, eftir því sem við á, fela í sér tilvísanir til fjárhæða, sem settar eru fram í árlegum reikningsskilum, og frekari skýringar á þeim.

2. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal einnig koma fram:

a) líkleg framtíðarþróun fyrirtækisins,

b) rannsókna- og þróunarstarfsemi,

c) upplýsingar um öflun eigin hluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 24. gr. tilskipunar 2012/30/ESB,

d) tilvist útibúa fyrirtækisins og

e) að því er varðar notkun fyrirtækisins á fjármálagerningum og þar sem það skiptir verulegu máli fyrir mat á eignum þess og skuldum, fjárhagsstöðu og hagnaði eða tapi:

i. markmið og stefna fyrirtækisins að því er varðar fjármögnunaráhættu, þ.m.t. áhættuvarnarstefna þess fyrir hverja tegund mikilvægra, fyrirsjáanlegra viðskipta þar sem áhættuvarnarreikningsskil eru notuð, og

ii. verðlagsáhætta, lánsáhætta, lausafjáráhætta og sjóðstreymisáhætta fyrirtækisins.

3. Aðildarríki geta undanþegið lítil fyrirtæki frá þeirri skyldu að taka saman skýrslu framkvæmdastjórnar, að því tilskildu að þau fari fram á upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 24. gr. tilskipunar 2012/30/ESB um að kaup á eigin hlutum skuli koma fram í skýringum með reikningsskilum.

4. Aðildarríki geta undanþegið lítil og meðalstór fyrirtæki frá þeirri skyldu sem sett er fram í þriðju undirgrein 1. mgr. svo fremi að hún tengist upplýsingum sem ekki eru fjárhagslegar.

20. gr.

Yfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja

1. Fyrirtæki sem um getur í a-lið 1. liðar 2. gr. skulu hafa yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja með í skýrslu sinni frá framkvæmdastjórninni. Sú yfirlýsing skal vera sérstakur kafli í skýrslu framkvæmdastjórnar og hún skal a.m.k. hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) vísun í eftirfarandi, eftir atvikum:

i. reglur um stjórnarhætti sem fyrirtækinu ber að fylgja,

ii. reglur um stjórnarhætti sem fyrirtækið kann að hafa ákveðið af fúsum og frjálsum vilja að beita,

iii. allar viðeigandi upplýsingar um stjórnarhætti fyrirtækja sem beitt er umfram það sem krafist er samkvæmt innlendum lögum.

Þegar vísað er til reglna um stjórnarhætti fyrirtækja, sem um getur í i. eða ii. lið, skal fyrirtækið einnig tilgreina hvar viðkomandi textar eru aðgengilegir öllum. Þegar vísað er til upplýsinganna sem um getur í iii. lið skal fyrirtækið gera upplýsingar um starfshætti fyrirtækisins aðgengilegar öllum,

b) þegar fyrirtæki, í samræmi við landslög, víkur frá reglum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem um getur í i. eða ii. undirlið a-liðar, skýring fyrirtækisins að því er varðar þá hluta reglna um stjórnarhætti fyrirtækja sem það víkur frá og ástæður þess; þegar fyrirtækið hefur ákveðið að vísa ekki til ákvæða í reglum um starfshætti fyrirtækja, sem um getur í i. eða ii. undirlið a-liðar, skal það greina frá ástæðum þess,

c) lýsing á helstu þáttum innra eftirlitskerfis og áhættustjórnunarkerfum fyrirtækisins í tengslum við reikningsskilaferlið,

d) upplýsingarnar, sem er krafist í c-, d-, f-, h- og i-lið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð ([16]), ef fyrirtækið fellur undir skilyrði þeirrar tilskipunar,

e) lýsing á starfsemi hluthafafundarins og helsta valdi hans og lýsing á réttindum hluthafa og hvernig hægt er að beita þeim, nema allar þessar upplýsingar komi fram í innlendum lögum, og

f) lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og nefnda þeirra.

2. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa að upplýsingarnar sem krafist er í 1. mgr. þessarar greinar verði settar fram í:

a) sérstakri skýrslu, sem er birt ásamt skýrslu framkvæmdastjórnar á þann hátt sem sett er fram í 30. gr., eða

b) skjali sem er aðgengilegt öllum á vefsíðu fyrirtækisins og sem vísað er til í skýrslu framkvæmdastjórnar.

Í þeirri sérstöku skýrslu eða því skjali sem um getur í a- og b-lið, eftir því sem við á, getur verið millivísun í skýrslu framkvæmdastjórnar ef upplýsingarnar, sem krafist er í d-lið 1. mgr. þessarar greinar, eru gerðar aðgengilegar í skýrslu framkvæmdastjórnar.

3. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal láta í ljós álit sitt í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 34. gr. að því er varðar upplýsingar sem teknar eru saman skv. c- og d-lið 1. mgr. þessarar greinar og skal athuga hvort upplýsingarnar, sem um getur í a-, b-, e- og f-lið 1. mgr. þessarar greinar, hafi verið veittar.

4. Aðildarríkin geta undanþegið fyrirtæki, sem um getur í 1. mgr., sem hafa aðeins gefið út verðbréf, önnur en hlutabréf, sem eru skráð á skipulegum markaði, í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, frá beitingu ákvæðanna í a-, b-, e- og f-lið 1. mgr. þessarar greinar, nema þessi fyrirtæki hafi gefið út hlutabréf sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga, í skilningi 15. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

6. KAFLI

SAMSTÆÐUREIKNINGSSKIL OG -SKÝRSLUR

21. gr.

Gildissvið samstæðureikningsskila og -skýrslna

Að því er varðar þennan kafla skulu móðurfyrirtæki og öll dótturfyrirtæki þess vera fyrirtæki sem fella á undir samstæðu, þar sem um móðurfyrirtækið gilda samræmingarráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skv. 1. mgr. 1. gr.

22. gr.

Krafan um að gera samstæðureikningsskil

1. Aðildarríki skal gera kröfu um að fyrirtæki, sem starfar á grundvelli landslaga þess, semji samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar ef fyrirtækið (móðurfyrirtækið):

a) á meirihluta atkvæðisréttar hluthafa eða félagsaðila í öðru fyrirtæki (dótturfyrirtæki),

b) hefur rétt til að tilnefna eða víkja úr störfum meirihluta fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn innan annars fyrirtækis (dótturfyrirtækis) og er um leið hluthafi eða félagsaðili í því fyrirtæki eða

([16]) Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12.

c) hefur rétt til að hafa ráðandi stöðu í fyrirtæki (dótturfyrirtæki) sem það er hluthafi eða félagsaðili í, samkvæmt samningi sem það gerir við það fyrirtæki eða samkvæmt ákvæðum í stofnsamningi eða samþykktum, þegar þau lög, sem um dótturfyrirtækið gilda, heimila að það lúti slíkum samningum eða ákvæðum.

Aðildarríki er ekki skylt að kveða á um að móðurfyrirtæki skuli vera hluthafi eða félagsaðili í dótturfyrirtæki sínu. Sé ekki kveðið á um slíka samninga eða ákvæði í lögum aðildarríkja er þeim ekki skylt að beita þessum ákvæðum eða

d) er hluthafi eða félagsaðili í fyrirtæki og:

i. meirihluti fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins (dótturfyrirtækis), sem gegnt hafa störfum á fjárhagsárinu, næstliðnu fjárhagsári og þar til samstæðureikningsskil eru gerð, hafa verið tilnefndir eingöngu vegna þess atkvæðisréttar sem þeir fara með eða

ii. það ræður eitt yfir meirihluta atkvæðisréttar hluthafa eða félagsaðila í fyrirtækinu samkvæmt samkomulagi við aðra hluthafa eða félagsaðila í fyrirtækinu (dótturfyrirtæki). Aðildarríkjum er heimilt að setja nánari ákvæði um form og efni slíkra samninga.

Aðildarríki skulu að minnsta kosti mæla fyrir um það fyrirkomulag sem um getur í ii. lið. Beiting ákvæða i. liðar getur verið háð þeirri kröfu að atkvæðisrétturinn nemi a.m.k. 20% af heildinni.

Þó gildir i. liður ekki þegar þriðji aðili hefur þann rétt, sem um getur í a-, b- eða c-lið, með tilliti til þess fyrirtækis.

2. Auk þeirra tilvika sem nefnd eru í 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að gera kröfu um að fyrirtæki, sem lýtur landslögum þeirra, semji samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar ef:

a) fyrirtækið (móðurfyrirtækið) hefur rétt til að hafa eða hefur í raun yfirráð yfir eða stjórnar öðru félagi (dótturfélagi) eða

b) fyrirtækið (móðurfyrirtækið) og annað fyrirtæki (dótturfyrirtæki) eru undir sameiginlegri stjórn móðurfyrirtækisins.

3. Að því er varðar beitingu a-, b- og d- liðar 1. mgr. 1. gr. skulu auk atkvæðisréttar móðurfyrirtækis og réttar þess til tilnefningar eða brottvikningar koma til réttindi annars dótturfyrirtækis eða einstaklings sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd móðurfyrirtækis eða annars dótturfyrirtækis.

4. Að því er varðar beitingu a-, b- og d- liðar 1. mgr. skulu þau réttindi, sem um getur í 3. mgr., dragast frá þeim réttindum:

a) sem fylgja hlutum sem annar aðili á, sem er hvorki móðurfyrirtækið né dótturfyrirtæki þess móðurfyrirtækis, eða

b) sem fylgja hlutum:

i. sem fást með tryggingu að því tilskildu að réttindanna, sem um er að ræða, sé neytt í samræmi við fengnar leiðbeiningar eða

ii. sem fást í tengslum við veitingu lána sem hluti af venjulegri atvinnustarfsemi að því tilskildu að atkvæðisréttur sé nýttur í þágu þess einstaklings sem veitir tryggginguna.

5. Að því er varðar beitingu a- og d-liðar 1. mgr. skal sá atkvæðisréttur, sem fylgir hlutabréfunum eða hlutunum sem eru í eigu fyrirtækisins sjálfs, dótturfyrirtækis þess eða einstaklings sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd þessara fyrirtækja, dragast frá heildaratkvæðisrétti hluthafa eða félagsaðila í dótturfyrirtækinu.

6. Með fyrirvara um 9. mgr. 23. gr. skal fella móðurfyrirtæki og öll dótturfyrirtæki þess undir samstæðu án tillits til hvar skráðar skrifstofur dótturfyrirtækjanna eru staðsettar.

7. Með fyrirvara um þessa grein og 21. og 23. gr. er aðildarríki heimilt að gera kröfu um að fyrirtæki, sem fellur undir landslög þess, semji samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar ef:

a) fyrirtækið og eitt annað fyrirtæki eða fleiri sem viðkomandi fyrirtæki tengist ekki, eins og lýst er í 1. eða 2. mgr., eru undir sameiginlegri stjórn í samræmi við:

i. samning, sem gerður er við það fyrirtæki, eða

ii. greinargerðina eða samþykktir hinna fyrirtækjanna eða

b) fulltrúar stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsaðilar þess fyrirtækis og eins eða fleiri fyrirtækja sem það tengist ekki, eins og lýst er í 1. eða 2. mgr., séu að meirihluta til hinir sömu á fjárhagsárinu og þar til samstæðureikningsskil eru samin.

8. Þegar aðildarríkið nýtir sér möguleikann sem um getur í 7. mgr. skulu þau fyrirtæki sem lýst er í þeirri málsgrein og öll dótturfyrirtæki þeirra mynda samstæðu þegar eitt af þessum fyrirtækjum, eða fleiri, er stofnað sem ein af þeim fyrirtækjategundum sem tilgreindar eru í I. eða II. viðauka.

9. Ákvæði 6. mgr. þessarar greinar, 1., 2., 9. og 10. mgr. 23. gr. og 24. til 29. gr. gilda um samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar, sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar, með fyrirvara um eftirfarandi breytingar:

a) líta skal á tilvísanir til móðurfyrirtækja sem tilvísanir í öll þau fyrirtæki sem eru tilgreind í 7. mgr. þessarar gr. og

b) með fyrirvara um 3. mgr. 24. gr. skulu liðirnir „hlutafé“, „yfirverðsreikningur hlutafjár“, „endurmatssjóður“, „annað eigið fé“, „hagnaður eða tap frá fyrra ári“ og „hagnaður eða tap á fjárhagsárinu“, sem skal sýna í samstæðureikningsskilum, teljast heildarfjárhæð hvers fyrirtækis sem tilgreint er í 7. mgr. þessarar greinar.

23. gr.

Undanþágur frá samstæðureikningsskilum

1. Litlar samstæður skulu undanþegnar þeirri skyldu að semja samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar nema þegar eignatengt fyrirtæki er fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings.

2. Aðildarríkjum er heimilt að undanþiggja meðalstórar samstæður frá þeirri skyldu að semja samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar nema þegar eignatengt fyrirtæki er fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal aðildarríki, í eftirfarandi tilvikum, undanþiggja hvert það móðurfyrirtæki (undanþágufyrirtækið), sem fellur undir landslög þess og er einnig dótturfyrirtæki, frá þeirri skyldu að semja samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar, þ.m.t. fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings nema það fyrirtæki falli undir a-lið í 1. lið 2. gr., eigið móðurfyrirtæki sem fellur undir lög aðildarríkis og:

a) móðurfyrirtæki undanþágufyrirtækisins á alla hlutina í undanþágufyrirtækinu. Hlutir í undanþágufyrirtækinu, í eigu fulltrúa stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsaðila samkvæmt ákvæðum í lögum eða ákvæði í samningum eða samþykktum þess, skulu ekki taldir með eða

b) móðurfyrirtæki undanþágufyrirtækisins á 90% eða meira af hlutum í undanþágufyrirtækinu og aðrir hluthafar eða félagsaðilar í undanþágufyrirtækinu hafa fallist á undanþáguna.

4. Undanþágurnar, sem um getur í 3. mgr., skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) með fyrirvara um 9. gr. skulu undanþágufyrirtækið og öll dótturfyrirtæki þess felld inn í samstæðureikningsskil stærri fyrirtækjasamsteypu ef móðurfyrirtæki þess fellur undir lög aðildarríkis,

b) samstæðureikningsskilin, sem um getur í a-lið, og samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar stærri fyrirtækjasamsteypu eru samin af móðurfyrirtæki þeirrar samsteypu, í samræmi við lög aðildarríkisins sem móðurfyrirtækið fellur undir, í samræmi við þessa tilskipun eða alþjóðlega reikningsskilastaðla sem eru samþykktir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002,

c) með tilliti til undanþágufyrirtækisins eru eftirfarandi skjöl birt á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum þess aðildarríkis sem undanþágufyrirtækið fellur undir, í samræmi við 30. gr.:

   i. samstæðureikningsskilin, sem um getur í a-lið, og samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar, sem um getur í b-lið,

   ii. endurskoðunarskýrsla og

   iii. eftir því sem við á, viðbætirinn sem um getur í 6. mgr.

   Hlutaðeigandi aðildarríki getur krafist þess að skjölin sem um getur í i., ii. og iii. lið séu birt á opinberu máli þess og að þýðingin sé löggilt,

d) í skýringum með árlegum reikningsskilum undanþágufyrirtækisins komi fram eftirfarandi:

   i. heiti og skráð skrifstofa móðurfyrirtækisins sem semur samstæðureikningsskilin, sem um getur í a-lið, og

ii. undanþágan frá þeirri skyldu að semja samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar.

5. Í tilvikum sem 3. mgr. tekur ekki til getur aðildarríki, þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, undanþegið hvert það móðurfyrirtæki (undanþágufyrirtækið), sem fellur undir landslög þess og er einnig dótturfyrirtæki, frá þeirri skyldu að semja samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar, þ.m.t. fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings nema það fyrirtæki falli undir a-lið 1. liðar 2. gr., þegar móðurfyrirtækið fellur undir lög aðildarríkis, að því tilskildu að öll skilyrðin sem sett eru fram í 4. mgr. eru uppfyllt og enn fremur:

a) að hluthafar í eða félagsaðilar að undanþágufyrirtækinu, sem eiga lágmarkshlut af skráðu hlutafé þess fyrirtækis, hafa ekki krafist þess að samstæðureikningsskil séu gerð að minnsta kosti sex mánuðum fyrir lok fjárhagsársins,

b) að lágmarkshlutaféð sem um getur í a-lið fari ekki yfir eftirfarandi mörk:

i. 10% af skráðu hlutafé ef um er að ræða hlutafélög og samlagsfélög með hlutafé og

ii. 20% af skráðu hlutafé ef um er að ræða fyrirtæki af öðrum gerðum,

c) að aðildarríkið geri ekki undanþáguna með fyrirvara um:

i. það skilyrði að móðurfyrirtækið, sem gerir samstæðureikningsskilin sem um getur í a-lið 4. mgr., falli undir landslög aðildarríkisins sem veitir undanþáguna eða

ii. skilyrði sem varða gerð og endurskoðun þessara reikningsskila.

6. Aðildarríki getur gert það að skilyrði fyrir undanþágunum, sem kveðið er á um í *3.* og 5. mgr., að viðbótarupplýsingar séu veittar, í samræmi við þessa tilskipun, í samstæðureikningsskilunum sem um getur í a-lið 4. mgr., eða í viðbætinum með þeim, ef þeirra upplýsinga er krafist af öllum fyrirtækjum, er starfa á grundvelli landslaga aðildarríkisins, sem skylt er að gera samstæðureikningsskil og búa við sömu aðstæður.

7. Ákvæði 3. til 6. gr. gilda með fyrirvara um löggjöf aðildarríkis um gerð samstæðureikningsskila eða samstæðuskýrslna framkvæmdastjórnar að svo miklu leyti sem þessara gagna er krafist:

a) í upplýsingaskyni fyrir starfsmenn eða fulltrúa þeirra eða

b) af yfirvaldi á sviði stjórnsýslu eða dómsmála í eigin þágu.

8. Með fyrirvara um 1.,2., 3. og 5. mgr. þessarar greinar getur aðildarríki, sem kveður á um undanþágur skv. 3. og 5. mgr. þessarar greinar, einnig veitt undanþágu hverju því móðurfyrirtæki (undanþágufyrirtækinu), sem fellur undir landslög þess og er einnig dótturfyrirtæki, frá þeirri skyldu að semja samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar, þ.m.t. fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings nema það fyrirtæki falli undir a-lið í 1. lið 2. gr., þegar móðurfyrirtæki þess fellur ekki undir lög aðildarríkis, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) undanþágufyrirtækið og öll dótturfyrirtæki þess, með fyrirvara um 9. gr., skulu felld inn í samstæðureikningsskil stærri fyrirtækjasamsteypu,

b) samstæðureikningsskilin, sem um getur í a-lið og, eftir því sem við á, samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar eru samin:

i. í samræmi við þessa tilskipun,

ii. í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem eru samþykktir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002,

iii. á þann hátt sem jafngildir samstæðureikningsskilum og samstæðuskýrslum framkvæmdastjórnar, sem samin eru í samræmi við þessa tilskipun, eða

iv. á þann hátt sem jafngildir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem voru ákvarðaðir í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB ([17]),

c) einn eða fleiri löggiltur endurskoðandi eða eitt eða fleiri endurskoðunarfyrirtæki, með heimild til að endurskoða reikningsskil samkvæmt landslögum, sem fyrirtækið sem gerði reikningsskilin fellur undir, hafa endurskoðað samstæðureikningsskilin sem um getur í a-lið.

([17]) Stjtíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66.

Ákvæði c- og d-liðar 4. mgr. og 5., 6. og 7. mgr. gilda.

9. Fyrirtæki, þ.m.t. fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings, þarf ekki að taka með í samstæðureikningsskilum ef a.m.k. einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) í algjörum undantekningartilvikum þegar ekki er unnt að nálgast þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar fyrir gerð samstæðureikningsskila, í samræmi við þessa tilskipun, nema með miklum tilkostnaði og óeðlilegum töfum,

b) hlutanna í þessu fyrirtæki hefur eingöngu verið aflað með það í huga að endurselja þá síðar eða

c) verulegar og langvarandi takmarkanir koma að miklu leyti í veg fyrir:

   i. að móðurfyrirtæki nýti sér rétt sinn yfir eignum fyrirtækisins eða til að stjórna því eða

   ii. að sameiginleg stjórn nái til þess fyrirtækis ef það er tengt á einhvern þann hátt sem um getur í 7. mgr. 22. gr.

10. Með fyrirvara um b-lið 1. mgr. 6. gr., 21. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal móðurfyrirtæki, þ.m.t. fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings, undanþegið skyldunni sem kveðið er á um í 22. gr. ef:

a) það á einungis dótturfyrirtæki sem eru lítilvæg, hvert í sínu lagi og sameiginlega, eða

b) öll dótturfyrirtæki þess má undanskilja frá samstæðureikningsskilunum skv. 9. mgr. þessarar greinar.

24. gr.

Gerð samstæðureikningsskila

1. Ákvæði 2. og 3. kafla gilda að því er varðar samstæðureikningsskil að teknu tilliti til nauðsynlegra leiðréttinga sem verða vegna sérstakra einkenna samstæðureikningsskilanna í samanburði við árleg reikningsskil.

2. Eignir og skuldir fyrirtækja í samstæðunni skulu allar færðar inn í samstæðuefnahagsreikninginn.

3. Bókfærðu virði hluta í hlutafé fyrirtækja í samstæðunni skal jafnað út á móti því hlutfalli sem þeir standa fyrir af hlutafé og öðru eigin fé þessara fyrirtækja í samræmi við eftirfarandi:

a) ef ekki er um að ræða eignarhluta fyrirtækisins sjálfs eða annars fyrirtækis í samstæðunni í hlutafé móðurfyrirtækisins, sem fara skal með sem eigin hluta í samræmi við 3. kafla, skal jöfnunin gerð á grundvelli bókfærðs virðis eins og það er á þeim degi sem þessi fyrirtæki eru felld inn í samstæðu í fyrsta sinn. Mismunurinn sem verður af þessari jöfnun skal, sem frekast er unnt, bókfærður beint á móti þeim liðum í efnahagsreikningi samstæðunnar sem hafa virði fyrir ofan eða neðan bókfært virði,

b) aðildarríki getur heimilað eða gert kröfu um jöfnun á grundvelli verðmætis aðgreinanlegra eigna og skulda eins og þær voru þegar hlutirnir voru keyptir eða, ef þeir voru keyptir í tveimur eða fleiri áföngum, skal miðað við þann dag þegar fyrirtækið varð að dótturfyrirtæki,

c) mismunur sem eftir stendur eftir beitingu a-liðar eða leiðir af beitingu b-liðar skal tilgreindur sem viðskiptavild í samstæðuefnahagsreikningnum,

d) aðferðirnar, sem eru notaðar til að reikna virði viðskiptavildar og verulegar breytingar á virði í tengslum við næstliðið fjárhagsár, skulu útskýrðar í skýringum með reikningsskilunum,

e) þegar aðildarríki heimilar jöfnun jákvæðrar og neikvæðrar viðskiptavildar skal greining á viðskiptavildinni koma fram í skýringum með reikningsskilum,

f) færa má neikvæða viðskiptavild á samstæðurekstrarreikning þegar slík meðferð er í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 2. kafla.

4. Þegar hlutir í dótturfyrirtækjum, sem koma fram í samstæðureikningsskilunum, eru í eigu annarra aðila en þessara fyrirtækja skal fjárhæðin, sem tengja má þessum hlutum, tilgreind sérstaklega í samstæðuefnahagsreikningi sem hlutur sem ekki er ráðandi.

5. Tekjur og útgjöld fyrirtækja í samstæðunni skulu að fullu færð í samstæðurekstrarreikninginn.

6. Fjárhæð hagnaðar eða taps, sem tengist hlutunum sem um getur í 4. mgr., skal tilgreind sérstaklega í samstæðurekstrarreikningnum sem hagnaður eða tap sem rekja má til hluta sem ekki eru ráðandi.

7. Í samstæðureikningsskilum skal gera grein fyrir eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og hagnaði eða tapi fyrirtækjanna í samstæðunni eins og um eitt fyrirtæki væri að ræða. Einkum skal fella eftirfarandi brott úr samstæðureikningsskilum:

a) innbyrðis skuldir og kröfur fyrirtækjanna,

b) tekjur og gjöld, sem varða innbyrðis viðskipti fyrirtækjanna, og

c) hagnaður og tap vegna innbyrðis viðskipta fyrirtækjanna þegar þau teljast með bókfærðu virði eigna.

8. Samstæðureikningsskil skulu miðuð við sömu dagsetningu og árleg reikningsskil móðurfyrirtækis.

Aðildarríki getur þó heimilað eða gert kröfu um að samstæðureikningsskil séu samin miðað við aðra dagsetningu svo að tillit sé tekið til dagsetningar efnahagsreiknings sem flestra eða mikilvægustu fyrirtækjanna í samstæðunni, að því tilskildu:

a) að þess sé getið í skýringum við samstæðureikningsskil og ástæður þeirra tilgreindar,

b) að tekið sé tillit til eða skýrt frá verulegum breytingum sem hafa orðið varðandi eignir og skuldir, fjárhagsstöðu og hagnað eða tap fyrirtækis í samstæðu sem orðið hafa frá dagsetningu efnahagsreiknings fyrirtækisins til dagsetningar efnahagsreiknings samstæðunnar og

c) að, ef dagsetning efnahagsreiknings fyrirtækis er meira en þremur mánuðum á undan eða eftir dagsetningu efnahagsreiknings samstæðunnar, skuli fyrirtækið fellt undir samstæðuna á grundvelli bráðabirgðauppgjörs sem miðast við dagsetningu efnahagsreiknings samstæðunnar.

9. Hafi samsetning fyrirtækja í samstæðu breyst verulega á fjárhagsárinu skulu samstæðureikningsskil hafa að geyma upplýsingar sem gera kleift að bera saman samstæðureikninga milli ára. Þessa skuldbindingu má uppfylla með því að semja leiðréttan samstæðuefnahagsreikning og leiðréttan samstæðurekstrarreikning.

10. Eignir og skuldir í samstæðureikningsskilum skulu færðar á sameiginlegum grundvelli og í samræmi við 2. kafla.

11. Fyrirtæki, sem semur samstæðureikningsskil, skal nota sama matsgrunn og notaður er við árleg reikningsskil þess. Aðildarríki geta heimilað eða gert kröfu um að aðrir matsgrunnar verði notaðir í samstæðureikningsskilum í samræmi við 2. kafla. Séu frávik gerð skal þeirra getið í skýringum með samstæðureikningsskilum og ástæður þeirra tilgreindar.

12. Þegar fyrirtæki í samstæðunni hafa fært eignir og skuldir, sem koma fram í samstæðureikningsskilum, og notað til þess grunna sem eru frábrugðnir þeim sem notaðir eru fyrir samstæðuna, skulu þessar eignir og skuldir endurmetnar í samræmi við grunnana sem notaðir eru fyrir samstæðuna. Frávik frá þessari kröfu eru leyfð í undantekningartilvikum. Séu frávik gerð skal þeirra getið í skýringum með samstæðureikningsskilunum og ástæður þeirra tilgreindar.

13. Staða á frestuðum skatti skal færð við sameiningu að því tilskildu að líklegt sé að þessi fjárhæð hafi í för með sér raunveruleg útgjöld fyrir eitthvert fyrirtækjanna í samstæðunni í fyrirsjáanlegri framtíð.

14. Þegar virðisbreytingar hafa verið gerðar á eignum, sem falla undir samstæðuna, af skattalegum ástæðum eingöngu, skal bakfæra þessar virðisbreytingar áður en eignirnar eru færðar í samstæðureikningsskil.

25. gr.

Sameining fyrirtækja innan samstæðu

1. Aðildarríki getur heimilað eða gert kröfu um að bókfært virði hluta í hlutafé fyrirtækis í samstæðunni sé eingöngu jafnað út á móti samsvarandi hundraðshluta í hlutafé, að því tilskildu að fyrirtækin í samsteypunni lúti að lokum yfirráðum sama aðila, bæði fyrir og eftir sameiningu fyrirtækjanna, og þau yfirráð eru ekki til bráðabirgða.

2. Mismunurinn, sem verður til við beitingu 1. mgr., skal bætast við annað eigið fé samstæðunnar eða dragast frá því eftir því sem við á.

3. Geta skal þess í skýringum með samstæðureikningsskilum hafi aðferðinni, sem lýst er í 1. mgr., verið beitt og áhrifa sem það hefur á annað eigið fé, auk heita og skráðra skrifstofa fyrirtækjanna sem um er að ræða.

26. gr.

Hlutfallsleg samstæðureikningsskil

1. Þegar fyrirtæki í samstæðunni stjórnar öðru fyrirtæki, í samvinnu við eitt fyrirtæki eða fleiri utan samstæðunnar, getur aðildarríki gert kröfu um eða heimilað að það fyrirtæki sé með í samstæðureikningsskilunum í hlutfalli við þau réttindi sem fylgja því hlutafé sem fyrirtækið í samstæðunni á.

2. Ákvæði 9. og 10. mgr. 23. gr. og 24. gr. gilda að breyttu breytanda um hlutfallsleg samstæðureikningsskil eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

27. gr.

Hlutdeildarfyrirtæki færð samkvæmt hlutdeildaraðferð

1. Þegar fyrirtæki í samstæðu á hlutdeildarfyrirtæki skal sýna það hlutdeildarfyrirtæki í samstæðuefnahagsreikningi í sérstökum lið með viðeigandi fyrirsögn.

2. Þegar þessari grein er beitt í fyrsta skipti í tengslum við hlutdeildarfyrirtæki skal sýna það hlutdeildarfyrirtæki í samstæðuefnahagsreikningi annaðhvort:

a) á bókfærðu virði sem er reiknað í samræmi við matsreglurnar sem mælt er fyrir um 2. og 3. kafla. Mismunur þess virðis og þeirrar fjárhæðar sem samsvarar þeim hluta af hlutafé og öðru eigin fé sem felst í hlutdeildinni skal tilgreindur sérstaklega í samstæðuefnahagsreikningi eða í skýringum með samstæðureikningsskilum. Mismunurinn skal reiknaður miðað við dagsetninguna þegar aðferðinni er beitt í fyrsta sinn eða

b) út frá fjárhæð sem samsvarar þeim hluta hlutafjár og annars eigin fjár hlutdeildarfyrirtækisins sem felst í hlutdeildinni í því hlutdeildarfyrirtæki. Mismunur þeirrar fjárhæðar og bókfærðs virðis reiknaður í samræmi við matsreglurnar, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. kafla, skal tilgreindur sérstaklega í samstæðuefnahagsreikningnum eða í skýringum með samstæðureikningsskilunum. Mismunurinn skal reiknaður miðað við dagsetninguna þegar aðferðinni er beitt í fyrsta skipti.

Aðildarríki er heimilt að mæla fyrir um beitingu annars hvors möguleikans sem kveðið er á um í a- og b-lið. Í slíkum tilvikum skal tilgreina í samstæðuefnahagsreikningi eða í skýringum með samstæðureikningsskilum hvor þessara möguleika hefur verið notaður.

Að auki getur aðildarríki, að því er varðar a- og b-lið, heimilað eða gert kröfu um að útreikningur á mismuninum miðist við þann dag þegar hlutirnir voru keyptir eða, hafi það gerst í tveimur áföngum eða fleiri, við þann dag þegar fyrirtækið varð að hlutdeildarfyrirtæki.

3. Þegar eignir eða skuldir hlutdeildarfyrirtækis hafa verið metnar eftir öðrum aðferðum en þeim sem notaðar eru fyrir samstæðuna, í samræmi við 11. mgr. 24. gr., má endurmeta þær, að því er varðar útreikning á mismuninum sem um getur í a- og b-lið 2. mgr., eftir þeim aðferðum sem eru notaðar fyrir samstæðuna. Ef slíkt endurmat hefur ekki farið fram skal þess getið í skýringum með árlegum reikningsskilum. Aðildarríki er heimilt að gera kröfu um slíkt endurmat.

4. Bókfært virði, sem um getur í a-lið 2. mgr., eða fjárhæð sem samsvarar þeim hluta af hlutafé og öðru eigin fé hlutdeildarfyrirtækisins, sem um getur í b-lið 2. mgr., skal hækkað eða lækkað er nemur breytingunni sem orðið hefur á fjárhagsárinu á þeim hluta hlutafjár og annars eigin fjár hlutdeildarfyrirtækisins, sem felst í hlutdeildinni; það skal lækkað um fjárhæð arðs sem tengist þessari hlutdeild.

5. Svo fremi að ekki sé hægt að tengja jákvæðan mismun, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr., við nokkurn flokk eigna eða skulda skal hann meðhöndlaður í samræmi við reglur sem gilda um liðinn „viðskiptavild“ eins og hann er settur fram í d-lið 6. mgr. 12. gr., fyrstu undirgrein 11. mgr. 12. gr., c-lið 3. mgr. 24. gr. og III. og IV. viðauka.

6. Sýna skal þann hluta af hagnaði eða tapi hlutdeildarfyrirtækja, sem tengist hlutdeild slíkra hlutdeildarfyrirtækja, í rekstrarreikningi samstæðunnar í sérstökum lið með viðeigandi fyrirsögn.

7. Brottfellingarnar, sem um getur í 7. mgr. 24. gr., skulu gerðar að því marki sem efnisatriði þar að lútandi eru kunn eða aðgengileg.

8. Þegar hlutdeildarfyrirtæki semur samstæðureikningsskil gilda ákvæði 1. til 7. mgr. um það hlutafé og annað eigið fé sem tilgreint er í slíkum samstæðureikningsskilum.

9. Ekki þarf að beita þessari grein þegar hlutdeildin í hlutdeildarfyrirtækinu er ekki veruleg.

28. gr.

Skýringar við samstæðureikningsskilin

1. Í skýringum með samstæðureikningsskilum skulu koma fram þær upplýsingar, sem farið er fram á í 16., 17. og 18. gr., auk annarra upplýsinga sem krafist er samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar, með þeim hætti sem auðveldar mat á fjárhagsstöðu fyrirtækjanna í samstæðunni á heildina litið, með tilliti til nauðsynlegra breytinga vegna sérstakra einkenna samstæðureikningsskila í samanburði við árleg reikningsskil, þ.m.t. eftirfarandi:

a) við birtingu upplýsinga um viðskipti milli tengdra aðila skal ekki birta viðskipti milli tengdra aðila í samstæðunni sem er eytt með samstæðureikningsskilum,

b) við birtingu meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu skal vera sérstök birting meðalfjölda starfsmanna hjá fyrirtækjum, sem eru tekin hlutfallslega með í samstæðureikningsskilum, og

c) við birtingu fjárhæða þóknana, fyrirframgreiðslna og lána til fulltrúa stjórna, framkvæmdastjórna og eftirlitsaðila skal einungis birta fjárhæðir sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess veita fulltrúum stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsaðila móðurfyrirtækisins.

2. Í skýringum við samstæðureikningsskil skulu, auk upplýsinganna sem kveðið er á um í 1. mgr., koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) í tengslum við fyrirtæki sem eru í samstæðunni:

i. heiti og skráð skrifstofa þessara fyrirtækja,

ii. hlutfall hlutafjár sem fyrirtækin í samstæðunni eða einstaklingar, sem koma fram í eigin nafni en fyrir hönd þessara fyrirtækja, eiga í viðkomandi fyrirtækjum, öðrum en móðurfyrirtækinu, og

iii. upplýsingar um hvaða skilyrði sem um getur í 1., 2. og 7. mgr. 22. gr. í kjölfar beitingar 3., 4. og 5. mgr. 22. gr. hafa myndað grunninn sem farið var eftir við gerð samstæðunnar. Þó er heimilt að sleppa þessum upplýsingum þegar gerð samstæðunnar hefur grundvallast á a-lið 1. mgr. 22. gr. og þegar hlutfall hlutafjár og hlutfall atkvæðisréttar er hið sama.

Gefa skal sömu upplýsingarnar að því er varðar fyrirtæki sem eru undanskilin samstæðureikningsskilum vegna þess að þau eru lítilvæg, skv. j-lið 1. mgr. 6. gr. og 10. mgr. 23. gr., og útskýra hvers vegna fyrirtækin sem um getur í 9. mgr. 23. gr. eru undanskilin,

b) heiti og skráðar skrifstofur hlutdeildarfyrirtækja í samstæðunni, eins og lýst er í 1. mgr. 27. gr. og hlutfall hlutafjár sem fyrirtæki í samstæðunni eða aðilar, sem koma fram í eigin nafni en fyrir hönd þessara fyrirtækja, eiga,

c) heiti og skráðar skrifstofur fyrirtækja sem felld eru undir samstæðuna hlutfallslega skv. 26. gr., þá þætti sem liggja til grundvallar hinni sameiginlegu stjórn þeirra og þann hluta af hlutafé sem önnur fyrirtæki í samstæðunni, eða aðilar, sem koma fram í eigin nafni en fyrir hönd þessara fyrirtækja í samstæðunni, eiga og

d) með tilliti til hvers þessara fyrirtækja, annarra en þeirra sem um getur í a-, b- og c-lið, sem fyrirtæki í samstæðunni eiga eignarhlut í, annaðhvort sjálf eða fyrir milligöngu aðila sem koma fram í eigin nafni en þó fyrir hönd þessara fyrirtækja:

i. heiti og skráð skrifstofa þessara fyrirtækja,

ii. hlutfall hlutafjár,

iii. stofnfjárupphæð og annað eigið fé og hagnaður eða tap á síðasta fjárhagsári hlutaðeigandi fyrirtækis sem reikningsskil hafa verið samþykkt fyrir.

Einnig má sleppa upplýsingum um hlutafé og annað eigið fé og hagnað eða tap þegar hlutaðeigandi fyrirtæki birtir ekki efnahagsreikning sinn.

3. Aðildarríki geta leyft að upplýsingarnar, sem kveðið er á um í a- til d-lið 2. mgr. komi fram í yfirliti sem er skráð í samræmi við 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB. Gera skal grein fyrir skráningu slíks yfirlits í skýringum með samstæðureikningsskilum. Aðildarríki geta einnig leyft að upplýsingum sé sleppt þegar þær eru þess eðlis að birting þeirra gæti verið afar skaðleg fyrir fyrirtækin sem þær varða. Aðildarríkin mega setja skilyrði um að leyfi yfirvalda á sviði stjórnsýslu eða dómgæslu þurfi fyrir því að sleppa þessum upplýsingum. Þess skal geta í skýringum með samstæðureikningsskilum ef þessum upplýsingum er sleppt.

29. gr.

Samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar

1. Í samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar skal, auk annarra upplýsinga sem krafist er samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar, að lágmarki setja fram upplýsingarnar sem kveðið er á um í 19. og 20. gr., að teknu tilliti til nauðsynlegra breytinga vegna sérstakra einkenna samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar í samanburði við skýrslu framkvæmdastjórnar á þann hátt að auðveldara sé að meta stöðu fyrirtækja í samstæðunni á heildina litið.

2. Eftirfarandi breytingar á upplýsingum sem kveðið er á um í 19. og 20 gr. gilda:

a) þegar gefin er nákvæm skýrsla um upplýsingar um eigin hluti sem aflað er skal í samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar koma fram fjöldi og nafnverð, eða bókfært virði, ef nafnverð er ekki fyrir hendi, allra hlutabréfa eða hluta

í móðurfyrirtæki í eigu fyrirtækisins, dótturfyrirtækis þess fyrirtækis eða aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd einhvers þessara fyrirtækja. Aðildarríki getur heimilað eða gert kröfu um að greint sé frá þessum atriðum í skýringum með samstæðureikningsskilum,

b) þegar gefin er skýrsla um innra eftirlit og áhættustjórnunarkerfi skal í yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja vísa til helstu þátta innra eftirlitsins og áhættustjórnunarkerfanna fyrir fyrirtækin í samstæðunni á heildina litið.

3. Þegar krafist er samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar auk skýrslu framkvæmdastjórnar má leggja fram skýrslurnar tvær í einni skýrslu.

7. KAFLI

BIRTING

30. gr.

Almennar kröfur um birtingu

1. Aðildarríki skulu tryggja að fyrirtæki birti innan hæfilegs tíma, sem skal ekki vera lengri en tólf mánuðir frá dagsetningu efnahagsreiknings, árleg reikningsskil, samþykkt með tilhlýðilegum hætti og skýrslu framkvæmdastjórnar ásamt áliti sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki, sem um getur í 34. gr. þessarar tilskipunar, hefur lagt fram eins og mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 2. kafla tilskipunar 2009/101/EB.

Aðildarríki geta þó undanþegið fyrirtæki frá þeirri skyldu að birta skýrslu framkvæmdastjórnar ef auðvelt er að nálgast afrit af slíkri skýrslu í heild eða hluta hennar, ef þess er óskað, á verði sem er ekki hærra en sem nemur umsýslukostnaði.

2. Aðildarríki geta undanþegið fyrirtæki, sem um getur í II. viðauka, sem samræmingarráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, gilda um, skv. b-lið 1. mgr. 1. gr., frá því að birta reikningsskil sín í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB, svo fremi að þessi reikningsskil liggi frammi fyrir almenning á aðalskrifstofu fyrirtækisins, í eftirfarandi tilvikum:

a) allir félagsaðilar viðkomandi fyrirtækis, sem hafa ótakmarkaða ábyrgð, eru fyrirtæki sem um getur í I. viðauka og starfa á grundvelli laga annarra aðildarríkja en laga aðildarríkisins sem fyrirtækið starfar eftir, og að ekkert þessara fyrirtækja birtir reikningsskil viðkomandi fyrirtækis með eigin reikningsskilum,

b) allir félagsaðilar að viðkomandi fyrirtæki, sem bera ótakmarkaða ábyrgð, eru fyrirtæki sem starfa ekki á grundvelli laga aðildarríkis en hafa lagalegt form, sambærilegt þeim sem um getur í tilskipun 2009/101/EB.

Eintök af reikningsskilunum eiga að vera fáanleg sé um þau beðið. Verð á hverju eintaki má ekki vera hærra en sem nemur umsýslukostnaði.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda að því er varðar samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar.

Þegar fyrirtækið sem semur samstæðureikningsskilin er stofnað sem ein þeirra tegunda fyrirtækja sem tilgreindar eru í II. viðauka og þess er ekki krafist í landslögum viðkomandi aðildarríkis að það birti skjölin, sem um getur í 1. mgr., á þann sama hátt og mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB, skal það, að minnsta kosti, veita almenningi aðgang að þeim á aðalskrifstofu sinni og afrit skal veitt að fenginni beiðni og skal verðið á því ekki vera hærra en sem nemur umsýslukostnaði.

31. gr.

Einfaldanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

1. Aðildarríki geta undanskilið lítil fyrirtæki frá þeirri skyldu að birta rekstrarreikning sinn og skýrslu framkvæmdastjórnar.

2. Aðildarríki geta heimilað meðalstórum fyrirtækjum að birta:

a) styttan efnahagsreikning sem aðeins sýnir þá liði sem fara á eftir bókstöfum og rómverskum tölum í III. og IV. viðauka og birta skal sérstaklega, annaðhvort í efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilum:

i. 3. tölul. I. þáttar í C-lið, 1., 2., 3. og 4. tölul. II. þáttar í C-lið, 1., 2., 3. og 4. tölul. III. þáttar í C-lið, 2., 3. og 6. tölul. II. þáttar í D-lið, 1. og 2. tölul. III. þáttar í D-lið undir „Eignir“ og 1., 2., 6., 7. og 9. tölul. í C-lið undir „Hlutafé, annað eigið fé og skuldir“ í III. viðauka,

ii. 3. tölul. I. þáttar í C-lið, 1., 2., 3. og 4. tölul. II. þáttar í C-lið, 1., 2., 3. og 4. tölul. III. þáttar í C-lið, 2., 3. og 6. tölul. II. þáttar í D-lið, 1. og 2. tölul. III. þáttar í D-lið, 1., 2., 6., 7. og 9. tölul. í F-lið og 1., 2., 6.,7. og 9. tölul. I. þáttar í IV. viðauka,

iii. upplýsingar, sem krafist er í svigum í II. þætti í D-lið undir „Eignir“og í C-lið undir „Hlutafé, annað eigið fé og skuldir“ í III. viðauka, í heild fyrir alla viðkomandi liði og sérstaklega fyrir 2. og 3. tölul. II. þáttar í D-lið undir „Eignir“ og 1., 2., 6., 7. og 9. tölul. í C-lið undir „Hlutafé, annað eigið fé og skuldir“,

iv. upplýsingarnar sem krafist er í svigum í II. þætti í D-lið í IV. viðauka, í heild fyrir alla viðkomandi liði og sérstaklega fyrir 2. og 3. tölul. II. þáttar í D-lið,

b) stytt útgáfa af skýringum með reikningsskilum án upplýsinganna sem krafist er í f- og j-lið 1. mgr. 17. gr.

Þessi málsgrein hefur þó ekki áhrif á 1. mgr. 30. gr. að því leyti sem sú grein varðar rekstrarreikning, skýrslu framkvæmdastjórnar og álit endurskoðanda.

32. gr.

Aðrar kröfur um birtingu

1. Þegar árleg reikningsskil og skýrsla framkvæmdastjórnar eru birt í heild skulu þau birt á sama formi og með sama texta og lá til grundvallar áliti löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Áritun endurskoðanda skal fylgja með í heild.

2. Ef árleg reikningsskil eru ekki birt í heild skal í styttri útgáfu af þessum reikningsskilum, sem áritun endurskoðanda skal ekki fylgja:

a) geta þess að birt útgáfa sé stytt,

b) vísa til skrárinnar þar sem reikningsskilin hafa verið skráð í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB eða, ef reikningsskilin hafa ekki enn verið skráð, veita upplýsingar um það,

c) koma fram hvort áritun löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis var með eða án fyrirvara eða neikvæð eða hvort endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki gátu ekki gefið áritun,

d) koma fram hvort áritun endurskoðanda hafi að geyma tilvísun til mála sem löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið vekur sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara.

33. gr.

Ábyrgð og skylda að því er varðar að semja og birta reikningsskilin og skýrslu framkvæmdastjórnar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækis, sem starfa innan þess valdsviðs sem þeim er falið samkvæmt landslögum, beri sameiginleg ábyrgð á því að tryggja að:

a) árleg reikningsskil, skýrsla framkvæmdastjórnar og, þegar hún er lögð fram sérstaklega, yfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja og

b) samstæðureikningsskil, samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar og, þegar hún er lögð fram sérstaklega, samstæðuyfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja,

séu samin og birt í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, alþjóðlega reikningsskilastaðla sem hafa verið samþykktir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

2. Aðildarríki skulu tryggja að lög og stjórnsýslufyrirmæli þeirra um ábyrgð, a.m.k. gagnvart fyrirtækinu, gildi um alla fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn fyrirtækisins ef þeir sinna ekki skyldunum sem um getur í 1. mgr.

8. KAFLI

ENDURSKOÐUN

34. gr.

Almennar kröfur

1. Aðildarríki skulu tryggja að einn eða fleiri löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki, sem aðildarríkin hafa samþykkt að annist lögboðna endurskoðun á grundvelli tilskipunar 2006/43/EB, endurskoði reikningsskil fyrirtækja sem varða hagsmuni almennings, meðalstórra og stórra fyrirtækja.

Endurskoðandi eða endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki skulu einnig:

a) skila áliti um:

i. hvort skýrsla framkvæmdastjórnar er í samræmi við reikningsskil fyrir sama fjárhagsár og

ii. hvort skýrsla framkvæmdastjórnar hefur verið gerð í samræmi við gildandi lagaskilyrði,

b) skýra frá því hvort, í ljósi vitneskju um fyrirtækið og umhverfi þess og skilnings á því, sem fengist hefur í tengslum við endurskoðunina, hvort við endurskoðunina hafi greinst efnislegar rangfærslur í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar og skal greina frá því hvers eðlis slíkar rangfærslur eru.

2. Fyrsta undirgrein 1. mgr. gildir að breyttu breytanda að því er varðar samstæðureikningsskil. Önnur undirgrein 1. mgr. gildir að breyttu breytanda að því er varðar samstæðureikningsskil og samstæðuskýrslur framkvæmdastjórnar.

35. gr.

Breyting á tilskipun 2006/43/EB að því er varðar áritun endurskoðanda

Í stað 28. gr. tilskipunar 2006/43/EB komi eftirfarandi:

„*28. gr.*

Áritun endurskoðanda

1. Áritun endurskoðanda skal hafa að geyma:

a) inngang, þar sem fram kemur a.m.k. hvaða reikningsskil falla undir lögboðna endurskoðun ásamt þeim reikningsskilaramma sem fylgt er við samningu þeirra,

b) lýsingu á umfangi lögboðinnar endurskoðunar, þar sem fram koma a.m.k. þeir endurskoðunarstaðlar sem notaðir voru við lögboðna endurskoðun,

c) áritun endurskoðanda, sem skal vera með fyrirvara, án fyrirvara eða neikvæð, þar sem kemur skýrt fram álit endurskoðanda að því er varðar:

i. hvort árleg reikningsskil gefa glögga mynd í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur og

ii. eftir því sem við á, hvort árleg reikningsskil uppfylla lögbundnar kröfur.

Ef löggiltur endurskoðandi getur ekki gefið áritun skal skýrslan vera án álits,

d) tilvísun til mála sem löggilti endurskoðandinn vekur sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara,

e) álit og yfirlýsing, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 34. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og viðkomandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (*).

2. Löggiltur endurskoðandi skal skrifa undir og dagsetja áritun endurskoðanda. Ef endurskoðunarfyrirtæki annast lögboðna endurskoðun skal a.m.k. endurskoðandinn eða endurskoðendurnir, sem annast lögboðnu endurskoðunina af hálfu endurskoðunarfyrirtækisins, skrifa undir áritun endurskoðanda. Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin kveðið á um að ekki sé nauðsynlegt að slík undirskrift sé gerð opinber almenningi ef slíkar upplýsingar gætu haft í för með sér yfirvofandi og verulega ógnun gagnvart persónulegu öryggi einstaklingsins. Viðkomandi lögbærum yfirvöldum skal í öllum tilvikum vera kunnugt um nafn eða nöfn þeirra einstaklinga sem um er að ræða.

3. Áritun endurskoðanda á samstæðureikningsskilum skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. Þegar löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki gefur skýrslu um samræmi í skýrslu framkvæmdastjórnar og reikningsskilum, eins og krafist er í e-lið 1. mgr., skal hann eða það taka til athugunar samstæðureikningsskilin og samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar. Þegar árleg reikningsskil móðurfyrirtækisins fylgja með samstæðureikningsskilunum má sameina áritanir endurskoðanda sem krafist er í þessari grein.

(*) Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19.“

9. KAFLI

ÁKVÆÐI UM UNDANÞÁGUR OG TAKMARKANIR Á UNDANÞÁGUM

36. gr.

Undanþágur fyrir örfyrirtæki

1. Aðildarríki geta undanþegið örfyrirtæki frá einni eða öllum eftirfarandi skyldum:

a) skyldunni að leggja fram „fyrirframgreiðslur og áfallnar tekjur“ og „áfallin gjöld og fyrirframgreiddar tekjur“. noti aðildarríki þann valkost gæti það heimilað þessum fyrirtækjum, einungis að því er varðar aðrar breytingar sem um getur í vi.-lið b-liðar 2. mgr. þessarar greinar, að víkja frá d-lið 1. mgr. 6. gr., að því er varðar viðurkenningu á „fyrirframgreiðslum og áföllnum tekjum“ og „áföllnum gjöldum og fyrirframgreiddum tekjum“, að því tilskildu að þessar staðreyndir komi fram í skýringunum með ársreikningunum eða, í samræmi við b-lið þessarar málsgreinar, fyrir neðan efnahagsreikninginn,

b) skyldunni að útbúa skýringar með reikningsskilum í samræmi við 16. gr. að því tilskildu að upplýsingarnar, sem krafist er í d- og e-lið 1. mgr. 16. gr. þessarar tilskipunar og 2. mgr. 24. gr. tilskipunar 2012/30/ESB, komi fram fyrir neðan efnahagsreikninginn,

c) skyldunni að gera skýrslu framkvæmdastjórnar í samræmi við 5. kafla, að því tilskildu að upplýsingarnar, sem farið er fram á í 2. mgr. 24. gr. tilskipunar 2012/30/ESB, komi fram í skýringunum með reikningsskilunum eða, í samræmi við b-lið þessarar málsgreinar, fyrir neðan efnahagsreikninginn,

d) skyldunni að birta árleg reikningsskil í samræmi við 7. kafla í þessari tilskipun, að því tilskildu að upplýsingarnar um efnahagsreikninginn séu skráðar á viðeigandi hátt í samræmi við landslög hjá a.m.k. einu lögbæru yfirvaldi sem hlutaðeigandi aðildarríki tilnefnir. Þegar lögbæra yfirvaldið er ekki aðalskráin, fyrirtækjaskráin eða félagaskráin, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/101/EB, er þess krafist að lögbæra yfirvaldið afhendi skránni skráðu upplýsingarnar.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa örfyrirtækjum:

a) að gera einungis styttan efnahagsreikning sem sýnir a.m.k. þá liði sem fara á eftir bókstöfum í III. eða IV. viðauka, á aðskilinn hátt eftir atvikum. Í þeim tilvikum þegar a-liður 1. mgr. gildir, skulu E-liður undir „Eignir“ og D-liður undir „Skuldir“ í III. viðauka eða E- og K-liðir í IV. viðauka undanþegnir frá efnahagsreikningnum,

b) að gera einungis styttan rekstrarreikning sem sýnir á aðskilinn hátt a.m.k., eftir atvikum, eftirfarandi þætti:

i. hreina veltu,

ii. aðrar tekjur,

iii. kostnað hráefnis og óvaranlegra rekstrarvara,

iv. starfsmannakostnað,

v. virðisbreytingar,

vi. önnur gjöld,

vii. skatta,

viii. hagnað eða tap.

3. Aðildarríki skulu ekki heimila eða gera kröfu um beitingu 8. gr. gagnvart neinu örfyrirtæki sem nýtir undanþágurnar sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

4. Að því er varðar örfyrirtæki ber að líta svo á að árleg reikningsskil, sem eru gerð í samræmi við í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, gefi þá glöggu mynd sem krafist er skv. 3. mgr. 4. gr. og þar af leiðandi gildir 4. mgr. 4. gr. ekki um slík reikningsskil.

5. Ef a-liður 1. mgr. þessarar greinar gildir skal niðurstöðutala efnahagsreiknings, sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr., samanstanda af eignunum, sem um getur í A- til D-lið undir „Eignir“ í III. viðauka eða A- til D-lið í IV. viðauka.

6. Með fyrirvara um þessa grein skulu aðildarríki tryggja að enn fremur sé litið á örfyrirtæki sem lítil fyrirtæki.

7. Aðildarríki skulu ekki gera fjárfestingarfyrirtækjum eða eignarhaldsfélögum á fjármálasviði kleift að nýta sér undanþágurnar sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. mgr.

8. Aðildarríkjum, sem hafa 19. júlí 2013 samþykkt lög og stjórnsýslufyrirmæli í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/6/ESB frá 14. mars 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð að því er varðar smáeiningar ([18]) má veita undanþágu frá kröfunum, sem settar eru fram í 9. mgr. 3. gr., að því er varðar umreikning á viðmiðunarfjárhæðum, sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr.. í innlenda gjaldmiðla þegar fyrsta málslið í 1. mgr. 53. gr. er beitt.

9. Eigi síðar en 20. júlí 2018 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins skýrslu um stöðu örfyrirtækja, einkum að teknu tilliti til aðstæðna á landsvísu að því er varðar fjölda fyrirtækja sem falla undir stærðarviðmiðunina og þess hvort dregið hefur úr stjórnsýsluálagi vegna undanþágunnar frá kröfunni um birtingu.

37. gr.

Undanþága fyrir dótturfyrirtæki

Þrátt fyrir ákvæði tilskipunar 2009/101/EB og 2012/30/ESB skal þess ekki krafist að aðildarríki beiti ákvæðum þessarar tilskipunar um efni, endurskoðun og birtingu árlegra reikningsskila og skýrslu framkvæmdastjórnar gagnvart fyrirtækjum, sem starfa á grundvelli landslaga þeirra og eru dótturfyrirtæki, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1) móðurfyrirtækið lúti lögum aðildarríkis,

([18]) Stjtíð. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 3.

2) allir hluthafar eða aðilar að dótturfyrirtæki hafi, að því er varðar hvert fjárhagsár sem undanþágunni er beitt, veitt samþykki sitt fyrir undanþágu frá slíkri skyldu,

3) móðurfyrirtækið hafi lýst því yfir að það ábyrgist skuldbindingar sem dótturfyrirtækið hefur tekið á sig,

4) dótturfyrirtækið hafi birt yfirlýsingarnar sem um getur í 2. og 3. lið þessarar greinar eins og mælt er fyrir um í lögum aðildarríkisins í samræmi við 2. kafla tilskipunar 2009/101/EB,

5) dótturfyrirtækið sé fært inn í samstæðureikningsskil sem móðurfyrirtækið semur í samræmi við þessa tilskipun,

6) að undanþágunnar sé getið í skýringum með samstæðureikningsskilum, sem móðurfyrirtækið semur, og

7) samstæðureikningsskilin, sem um getur í 5. lið þessarar greinar, samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar og áritun endurskoðanda eru birt fyrir dótturfyrirtækið eins og mælt er fyrir um í lögum aðildarríkisins í samræmi við 2. kafla tilskipunar 2009/101/EB.

38. gr.

Fyrirtæki sem eru félagsaðilar að öðrum fyrirtækjum með ótakmarkaða ábyrgð

1. Aðildarríki geta gert kröfu um að fyrirtæki, sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr., sem starfa á grundvelli laga þeirra og eru félagsaðilar með ótakmarkaða ábyrgð í einhverju þeirra fyrirtækja sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr. („hlutaðeigandi fyrirtæki“) semji, láti endurskoða og birti með eigin reikningsskilum, reikningsskil hlutaðeigandi fyrirtækis í samræmi við þessa tilskipun; í því tilviki skulu kröfurnar í þessari tilskipun ekki gilda um hlutaðeigandi fyrirtæki.

2. Þess skal ekki krafist að aðildarríki láti ákvæði þessarar tilskipunar taka til hlutaðeigandi fyrirtækis þegar:

a) reikningsskil hlutaðeigandi fyrirtækis eru samin, endurskoðuð og birt í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar af fyrirtæki sem:

   i. er félagsaðili með ótakmarkaða ábyrgð í hlutaðeigandi fyrirtæki og

   ii. heyrir undir lög annars aðildarríkis,

b) hlutaðeigandi fyrirtæki er fært inn í samstæðureikningsskil sem eru samin, endurskoðuð og birt, í samræmi við þessa tilskipun, af:

   i. félagsaðila með ótakmarkaða ábyrgð eða

   ii. móðurfyrirtæki sem heyrir undir lög aðildarríkis, þegar hlutaðeigandi fyrirtæki er fært með í samstæðureikningsskilum stærri fyrirtækjasamstæðu sem eru samin, endurskoðuð og birt í samræmi við þessa tilskipun, Þessarar undanþágu skal getið í skýringum með samstæðureikningsskilum.

3. Í tilvikum sem um getur í 2. mgr. skal hlutaðeigandi fyrirtæki, ef þess er óskað, gefa upp nafn fyrirtækisins sem birtir reikningsskilin.

39. gr.

Undanþága að því er varðar rekstrarreikning móðurfyrirtækja sem gera samstæðureikningsskil

Þess skal ekki krafist að aðildarríki beiti ákvæðum þessarar tilskipunar um endurskoðun og birtingu rekstrarreiknings gagnvart fyrirtækjum sem lúta landslögum þess og eru móðurfyrirtæki, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1) að móðurfyrirtækið semji samstæðureikningsskil í samræmi við þessa tilskipun og sé fært með í þessi samstæðureikningsskil,

2) að undanþágunnar sé getið í skýringum með árlegum reikningsskilum móðurfyrirtækisins,

3) að undanþágunnar sé getið í skýringum með samstæðureikningsskilum, sem móðurfyrirtæki semur, og

4) hagnaður eða tap móðurfyrirtækis, reiknaður í samræmi við þessa tilskipun, komi fram í efnahagsreikningi þess.

40. gr.

Takmörkun undanþágna fyrir fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings

Aðildarríki skulu ekki gera þær einfaldanir og undanþágur, sem settar eru fram í þessari tilskipun, aðgengilegar fyrirtækjum sem varða hagsmuni almennings nema sérstaklega sé kveðið á um það í þessari tilskipun. Farið skal með fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings sem stórt fyrirtæki án tillits til hreinnar veltu, niðurstöðutölu efnahagsreiknings eða meðalfjölda starfsmanna á fjárhagsárinu.

10. KAFLI

SKÝRSLA UM GREIÐSLUR TIL STJÓRNVALDA

41. gr.

Skilgreiningar sem tengjast skýrslum um greiðslur til stjórnvalda

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „fyrirtæki með starfsemi á sviði námuiðnaðar“: fyrirtæki með starfsemi sem tengist rannsókn, leit, fundi, þróun og vinnslu steinefna, olíu, jarðgaslinda eða annarra efna innan atvinnugreinanna, sem tilgreindar eru í bálki B, deild 05 til 08 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (19);

2) „fyrirtæki með starfsemi á sviði skógarhöggs í frumskógum“: fyrirtæki með starfsemi, eins og um getur í bálki A, deild 02, flokki 02.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1893/2006, í frumskógum,

3) „stjórnvald“: lands-, svæðis- og staðbundið yfirvald aðildarríkis eða þriðja lands. Undir það fellur deild, stofnun eða fyrirtæki undir stjórn þess yfirvalds eins og mælt er fyrir um í 1. til 6. mgr. 22. gr. þessarar tilskipunar,

4) „verkefni“: rekstur sem fellur undir einn samning, leyfi, leigusamning, sérleyfi eða sambærilegt lagalegt samkomulag og myndar grunn að greiðsluskuldbindingum gagnvart hinu opinbera. Engu að síður ef margir slíkir samningar eru efnislega samtengdir skal litið á þá sem verkefni,

5) „greiðsla“: fjárhæð greidd hvort heldur með fé eða í fríðu fyrir starfsemi, eins og lýst er í 1. og 2. lið, af eftirfarandi tegundum:

   a) framleiðsluréttindi,

   b) skattar lagðir á tekjur, framleiðslu eða hagnað fyrirtækja, að undanskildum sköttum sem lagðir eru á neyslu, s.s. virðisaukaskattur, tekjuskattur einstaklinga eða söluskattur,

   c) rétthafagreiðslur,

   d) arðgreiðslur,

   e) kaupauki vegna undirritunar, uppgötvunar og framleiðslu,

   f) leyfisgjöld, leigugjöld, aðgangsþóknanir og önnur endurgjöld vegna leyfa og/eða sérleyfa og

   g) greiðslur fyrir endurbætur á grunnvirkjum.

42. gr.

Fyrirtæki sem ber að gefa skýrslu um greiðslur til stjórnvalda

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að stór fyrirtæki og öll fyrirtæki sem varða hagsmuni almennings með starfsemi í námuiðnaði eða við skógarhögg í frumskógum að þau geri og birti skýrslu um greiðslur til stjórnvalda á ársgrundvelli.

2. Þessi skuldbinding gildir ekki um fyrirtæki, sem lýtur lögum aðildarríkis og er dóttur- eða móðurfyrirtæki, þegar bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) móðurfyrirtækið lýtur lögum aðildarríkis og

b) greiðslur til stjórnvalda sem fyrirtækið innir af hendi eru innifaldar í samstæðuskýrslunni um greiðslur til hins opinbera, sem móðurfyrirtækið semur, í samræmi við 44. gr.

43. gr.

Efni skýrslunnar

1. Í skýrslunni þarf ekki að taka tillit til greiðslu ef hún er undir 100 000 evrum á fjárhagsári hvort sem um er að ræða eingreiðslu eða röð tengdra greiðslna.

2. Í skýrslunni skulu vera eftirfarandi upplýsingar í tengslum við starfsemi eins og lýst er í 1. og 2. lið 41. gr. að því er varðar viðkomandi fjárhagsár:

a) heildarfjárhæð greiðslna til stjórnvalda,

b) heildarfjárhæð fyrir hverja tegund greiðslu, eins og tilgreint er í a- til g-lið 5. lið 41. gr., til stjórnvalda,

c) þegar þessum greiðslum hefur verið skipt niður í tiltekin verkefni, heildarfjárhæðin fyrir hverja tegund greiðslu eins og tilgreint er í a- til g-lið 5. lið 41. gr. sem sett er í hvert slíkt verkefni og heildarfjárhæð greiðslna fyrir hvert slíkt verkefni.

(19) Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

Greiðslur, sem fyrirtækið innir af hendi að því er varðar skuldbindingar sem eru lagðar á það á einingastigi, má gefa upplýsingar um á einingastigi fremur en á verkefnastigi.

3. Þegar stjórnvald fær greiðslur í fríðu skal gefa upp virði þeirra og, eftir atvikum, magn. Frekari skýringar skulu gefnar á því hvernig virði þeirra var ákveðið.

4. Upplýsingar um greiðslurnar, sem um getur í þessari grein, skulu endurspegla efni fremur en form viðkomandi greiðslu eða starfsemi. Greiðslur og starfsemi má ekki skipta eða safna upp með óeðlilegum hætti til að komast hjá því að beita þessari tilskipun.

5. Ef um er að ræða þau aðildarríki sem hafa ekki tekið upp evru skal umreikna viðmiðunarfjárhæðina í evrum, sem tilgreind er í 1. mgr., í gjaldmiðil hvers ríkis með:

a) genginu sem birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* á þeim degi sem hver sú tilskipun tekur gildi þar sem sú viðmiðunarfjárhæð er fastsett og

b) námundun að næsta hundraði.

44. gr.

Samstæðuskýrsla um greiðslur til stjórnvalda

1. Aðildarríki skal fara fram á að stórt fyrirtæki eða fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings með starfsemi á sviði námuiðnaðar eða við skógarhögg í frumskógum og sem lýtur landslögum sínum við að semja samstæðuskýrslu um greiðslur til stjórnvalda í samræmi við 42. og 43. gr. ef því móðurfyrirtæki ber skylda til að gera samstæðureikningsskil eins og mælt er fyrir um í 1. til 6. mgr. 22. gr.

Móðurfyrirtæki telst vera með starfsemi á sviði námuiðnaðar eða við skógarhögg í frumskógum ef eitthvert dótturfyrirtæki þess er með starfsemi á sviði námuiðnaðar eða við skógarhögg í frumskógum.

Samstæðuskýrslan skal einungis fela í sér greiðslur vegna námuvinnslu og/eða starfsemi sem tengist skógarhöggi í frumskógum.

2. Sú skylda að semja samstæðuskýrslu eins og um getur í 1. mgr. gildir ekki um:

a) móðurfyrirtæki lítillar fyrirtækjasamstæðu, eins og skilgreint er í 5. mgr. 3. gr. nema þegar eitthvert eignatengt fyrirtæki er fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings,

b) móðurfyrirtæki meðalstórrar fyrirtækjasamstæðu, eins og skilgreint er í 6. mgr. 3. gr. nema þegar eitthvert eignatengt fyrirtæki er fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings og

c) móðurfyrirtæki sem lýtur lögum aðildarríkis og er einnig dótturfyrirtæki ef móðurfyrirtæki þess lýtur lögum aðildarríkis.

3. Fyrirtæki, þ.m.t. fyrirtæki sem varðar hagsmuni almennings, þarf ekki að tilgreina í samstæðuskýrslu um greiðslur til stjórnvalda ef a.m.k. einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) verulegar og langvarandi takmarkanir koma að miklu leyti í veg fyrir að móðurfyrirtækið nýti sér rétt sinn yfir eignum fyrirtækisins eða til að stjórna fyrirtækinu,

b) í algjörum undantekningartilvikum þegar ekki er unnt að nálgast þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar við gerð samstæðuskýrslu um greiðslur til stjórnvalda í samræmi við tilskipun þessa, nema með miklum tilkostnaði og óeðlilegum töfum,

c) eignarhlutanna í þessu fyrirtæki hefur eingöngu verið aflað með það í huga að endurselja þá síðar.

Undanþágurnar hér að framan gilda einungis ef þær eru einnig notaðar fyrir samstæðureikningsskilin.

45. gr.

Útgefið efni

1. Skýrslan, sem um getur í 42. gr., og samstæðuskýrslan um greiðslur til stjórnvalda, sem um getur í 44. gr., skulu birtar eins og mælt er fyrir um í lögum sérhvers aðildarríkis í samræmi við 2. kafla tilskipunar 2009/101/EB.

2. Aðildarríki skulu tryggja að stjórnarmenn stjórna, sem fara með ábyrgð í fyrirtæki, sem starfa innan þess valdsviðs sem þeim er falið í landslögum, beri ábyrgð á að tryggja að skýrslan um greiðslur til stjórnvalda sé samin og birt í samræmi við kröfurnar í þessari tilskipun samkvæmt þeirra bestu vitund og getu.

46. gr.

Jafngildisviðmiðanir

1. Fyrirtæki, sem um getur í 42. og 44. gr., sem semja og birta skýrslu í samræmi við skýrslugjafarskyldu í þriðju löndum, sem metnar eru, í samræmi við 47. gr., jafngilda kröfunum í þessum kafla, eru undanþegin kröfunum í þessum kafla, að frátalinni þeirri skyldu að birta þessa skýrslu eins og mælt er fyrir um í lögum sérhvers aðildarríkis í samræmi við 2. kafla tilskipunar 2009/101/EB.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 49. gr. með tilliti til þess að ákvarða þær viðmiðanir sem skal nota við að meta, að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar, hvort skýrslugjafarskylda þriðju landa jafngildi kröfunum í þessum kafla.

3. Viðmiðanirnar, sem framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við 2. mgr. skulu:

a) fela í sér eftirfarandi:

i. markfyrirtæki,

ii. markviðtakendur greiðslna,

iii. bókaðar greiðslur,

iv. úthlutun bókaðra greiðslna,

v. sundurliðun bókaðra greiðslna,

vi. þætti sem kalla á skýrslugjöf á samstæðugrundvelli,

vii. miðil skýrslugjafar,

viii. tíðni skýrslugjafa og

ix. ráðstafanir gegn undanskotum,

b) að öðru leyti takmarkast við viðmiðanir sem auðvelda beinan samanburð á skýrslugjafarskyldu þriðju landa og kröfunum í þessum kafla.

47. gr.

Notkun jafngildisviðmiðana

Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem skilgreind er þessi skýrslugjafarskylda þriðju landa sem, eftir að hafa beitt jafngildisviðmiðununum, sem skilgreindar eru í samræmi við 46. gr., hún telur jafngilda kröfunum í þessum kafla. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 50. gr.

48. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða og gefa skýrslu um framkvæmd og skilvirkni þessa kafla, einkum að því er varðar gildissvið, og uppfyllingu ákvæða hans, kvaðar um skýrslugjöf og fyrirkomulag skýrslugjafarinnar á verkefnisgrundvelli.

Við endurskoðunina skal taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi, einkum að því er varðar að auka gagnsæi greiðslna til stjórnvalda, og meta áhrif annarra alþjóðlegra lausna og taka til athugunar áhrif á samkeppnishæfni og öryggi í orkuafhendingu. Henni skal lokið eigi síðar en 21. júlí 2018.

Skýrslan skal lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á. Í þeirri skýrslu skal taka til athugunar rýmkun skýrslugjafarskyldunnar svo hún taki til fleiri atvinnugreina og hvort skýrslan um greiðslur til stjórnvalda skuli endurskoðuð. Í skýrslunni skal einnig taka til athugunar birtingu viðbótarupplýsinga um meðalfjölda starfsmanna, notkun undirverktaka og beitingu fjársekta í hverju landi.

Auk þess skal í skýrslunni vera greining á möguleikanum á því að taka upp skuldbindingu fyrir alla útgefendur í Sambandinu um að framkvæma áreiðanleikakönnun við jarðefnavinnslu til að tryggja að aðfangakeðja hafi enga tengingu við ágreiningsaðila og að tilmæli um að gagnsæisverkefnið í námuiðnaði (EITI) og tilmæli frá Efnahags- og framfarastofnunina um ábyrga aðfangakeðjustjórnun séu virt.

11. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

49. gr.

Framsal valds

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., 13. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 46. gr., í óákveðinn tíma sem hefst á þeirri dagsetningu sem um getur í 54. gr.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 2. mgr. 1. gr., 13. mgr. 3. gr. og í 2. mgr. 46. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 1. gr., 13. mgr. 3. gr. eða 2. mgr. 46. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

50. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

51. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum gegn lagaákvæðum hvers lands um sig sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim viðurlögum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

52. gr.

Niðurfelling tilskipana 78/660/EBE og 83/349/EBE

Tilskipanir 78/660/EBE og 83/349/EBE falli úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VII. viðauka.

53. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. júlí 2015. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríki er heimilt að kveða á um að ákvæðin sem um getur í fyrstu undirgrein skuli fyrst gilda um samstæðureikningsskil fyrir fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2016 eða á almanaksárinu 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgi slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

54. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

55. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júní 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	A. SHATTER

I. VIÐAUKI

TEGUNDIR FYRIRTÆKJA SEM UM GETUR Í A-LIÐ 1. MGR. 1. GR.

— í Belgíu:

la société anonyme/de naamloze vennootschap, la société en commandite par actions/de commanditaire vennootschap op aandelen, la société privée à responsabilité limitée/de besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid, la société coopérative à responsabilité limitée/de coöperatieve vennootschap met beperkte aansprakelijkheid;

— í Búlgaríu:

акционерно дружество, дружество с ограничена отговорност, командитно дружество с акции;

— í Lýðveldinu Tékklandi:

společnost s ručením omezeným, akciová společnost;

— í Danmörku:

aktieselskaber, kommanditaktieselskaber, anpartsselskaber;

— í Þýskalandi:

die Aktiengesellschaft, die Kommanditgesellschaft auf Aktien, die Gesellschaft mit beschränkter Haftung;

— í Eistlandi:

aktsiaselts, osaühing;

— á Írlandi:

public companies limited by shares or by guarantee, private companies limited by shares or by guarantee;

— í Grikklandi:

η ανώνυμη εταιρία, η εταιρία περιορισμένης ευθύνης, η ετερόρρυθμη κατά μετοχές εταιρία;

— á Spáni:

la sociedad anónima, la sociedad comanditaria por acciones, la sociedad de responsabilidad limitada;

— í Frakklandi

la société anonyme, la société en commandite par actions, la société à responsabilité limitée, la société par actions simplifiée;

— á Ítalíu:

la società per azioni, la società in accomandita per azioni, la società a responsabilità limitata;

— á Kýpur:

Δημόσιες εταιρείες περιορισμένης ευθύνης με μετοχές ή με εγγύηση, ιδιωτικές εταιρείες περιορισμένης ευθύνης με μετοχές ή με εγγύηση;

— í Lettlandi:

akciju sabiedrība, sabiedrība ar ierobežotu atbildību;

— í Litháen:

akcinės bendrovės, uždarosios akcinės bendrovės;

— í Lúxemborg:

la société anonyme, la société en commandite par actions, la société à responsabilité limitée;

— í Ungverjalandi:

részvénytársaság, korlátolt felelősségű társaság;

— á Möltu:

kumpanija pubblika —public limited liability company, kumpannija privata —private limited liability company,

soċjeta in akkomandita bil-kapital maqsum f'azzjonijiet —partnership en commandite with the capital divided into shares;

— í Hollandi:

de naamloze vennootschap, de besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid;

— í Austurríki:

die Aktiengesellschaft, die Gesellschaft mit beschränkter Haftung;

— í Póllandi:

spółka akcyjna, spółka z ograniczoną odpowiedzialnością, spółka komandytowo-akcyjna;

— í Portúgal:

a sociedade anónima, de responsabilidade limitada, a sociedade em comandita por ações, a sociedade por quotas de responsabilidade limitada;

— í Rúmeníu:

societate pe acțiuni, societate cu răspundere limitată, societate în comandită pe acțiuni;

— í Slóveníu:

delniška družba, družba z omejeno odgovornostjo, komanditna delniška družba;

— í Slóvakíu:

akciová spoločnosť, spoločnosť s ručením obmedzeným;

— í Finnlandi:

yksityinen osakeyhtiö/privat aktiebolag, julkinen osakeyhtiö/publikt aktiebolag;

— í Svíþjóð:

aktiebolag;

— í Breska konungsríkinu:

public companies limited by shares or by guarantee, private companies limited by shares or by guarantee.

II. VIÐAUKI

TEGUNDIR FYRIRTÆKJA SEM UM GETUR Í B-LIÐ 1. MGR. 1. GR.

— í Belgíu

la société en nom collectif/de vennootschap onder firma, la société en commandite simple/de gewone commanditaire vennootschap, la société coopérative à responsabilité illimitée/de coöperatieve vennootschap met onbeperkte aansprakelijkheid;

— í Búlgaríu:

събирателно дружество, командитно дружество;

— í Lýðveldinu Tékklandi:

veřejná obchodní společnost, komanditní společnost;

— í Danmörku:

interessentskaber, kommanditselskaber;

— í Þýskalandi:

die offene Handelsgesellschaft, die Kommanditgesellschaft;

— í Eistlandi:

täisühing, usaldusühing;

— á Írlandi:

partnerships, limited partnerships, unlimited companies;

— í Grikklandi:

η ομόρρυθμος εταιρία, η ετερόρρυθμος εταιρία;

— á Spáni:

sociedad colectiva, sociedad en comandita simple;

— í Frakklandi:

la société en nom collectif, la société en commandite simple;

— á Ítalíu:

la società in nome collettivo, la società in accomandita semplice;

— á Kýpur:

Ομόρρυθμες και ετερόρρυθμες εταιρείες (συνεταιρισμοί);

— í Lettlandi:

pilnsabiedrība, komandītsabiedrība;

— í Litháen:

tikrosios ūkinės bendrijos, komanditinės ūkinės bendrijos;

— í Lúxemborg:

la société en nom collectif, la société en commandite simple;

— í Ungverjalandi:

közkereseti társaság, betéti társaság, közös vállalat, egyesülés, egyéni cég;

— á Möltu:

soċjeta f'isem kollettiv jew soċjeta in akkomandita, bil-kapital li mhux maqsum f'azzjonijiet meta s-soċji kollha li għandhom responsabbilita' llimitata huma soċjetajiet in akkomandita bil-kapital maqsum f'azzjonijiet — partnership en nom collectif or partnership en commandite with capital that is not divided into shares, when all the partners with unlimited liability are partnership en commandite with the capital divided into shares;

— í Hollandi:

de vennootschap onder firma, de commanditaire vennootschap;

— í Austurríki:

die offene Gesellschaft, die Kommanditgesellschaft;

— í Póllandi:

spółka jawna, spółka komandytowa;

— í Portúgal:

sociedade em nome colectivo, sociedade em comandita simples;

— í Rúmeníu:

societate în nume colectiv, societate în comandită simplă;

— í Slóveníu:

družba z neomejeno odgovornostjo, komanditna družba;

— í Slóvakíu:

verejná obchodná spoločnosť, komanditná spoločnosť;

— í Finnlandi:

avoin yhtiö/öppet bolag, kommandiittiyhtiö/kommanditbolag,

— í Svíþjóð:

handelsbolag, kommanditbolag;

— í Breska konungsríkinu:

partnerships, limited partnerships, unlimited companies.

III. VIÐAUKI

LÁRÉTT UPPSETNING EFNAHAGSREIKNINGS SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 10. GR.

Eignir

A. Skráð hlutafé sem enn er ógreitt

þar af innkallað hlutafé

(nema landslög kveði á um að innkallað hlutafé komi fram undir „Hlutafé og annað eigið fé“, í því tilviki skal sá hluti hlutafjárins, sem er innkallaður en hefur enn ekki verið greiddur, koma fram sem eign annaðhvort undir 5. tölul. II. þáttar undir eignalið A eða D).

B. Stofnkostnaður

eins og hann er skilgreindur að landslögum og að svo miklu leyti sem landslög heimila að hann sé talinn til eigna. Landslög geta einnig kveðið á um að stofnkostnaður sé sýndur sem fyrsti liður í „óefnislegum eignum“.

C. Fastafjármunir

I. Óefnislegar eignir

1. Þróunarkostnaður, að svo miklu leyti sem landslög heimila að hann sé talinn til eigna.

2. Sérleyfi, einkaleyfi og önnur leyfi, réttur til vörumerkja og sambærileg réttindi og eignir, ef:

a) þetta er fengið gegn endurgjaldi og ekki þarf að tilgreina í 3. tölul. I. þáttar eignalið C eða

b) er upprunnið hjá fyrirtækinu sjálfu, og að svo miklu leyti sem landslög heimila að þetta sé talið til eigna.

3. Viðskiptavild, að því leyti sem hennar hefur verið aflað gegn endurgjaldi.

4. Fyrirframgreiðslur.

II. Efnislegar eignir

1. Lóðir og húseignir.

2. Verksmiðjur og vélakostur.

3. Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld.

4. Fyrirframgreiðslur og efnislegar eignir í byggingu.

III. Fjáreignir

1. Hlutir í tengdum fyrirtækjum.

2. Lán til eignatengdra fyrirtækja.

3. Hlutdeild í öðrum fyrirtækjum.

4. Lán til fyrirtækja sem fyrirtækið á hlutdeild í.

5. Verðbréf sem vegna eðlis síns teljast til fastafjármuna.

6. Önnur lán.

D. Veltufjármunir

I. Vörubirgðir

1. Hráefni og óvaranlegar neysluvörur.

2. Vörur í vinnslu.

3. Fullunnar vörur og vörur til endursölu.

4. Fyrirframgreiðslur.

II. Skuldunautar

(Kröfur sem falla í gjalddaga og koma til greiðslu eftir eitt ár eða meira skal tilgreina sérstaklega fyrir hvern lið.)

1. Viðskiptakröfur.

2. Innstæður hjá eignatengdum fyrirtækjum.

3. Innstæður hjá fyrirtækjum sem félagið á hlutdeild í.

4. Aðrar kröfur.

5. Innkallað skráð hlutafé sem enn er ógreitt (nema landslög kveði á um að innkallað hlutafé sé sýnt sem eign undir A-lið).

6. Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar ógreiddar tekjur (nema landslög kveði á um að slíkt sé talið til eigna undir E-lið).

III. Verðbréf

1. Hlutir í eignatengdum fyrirtækjum.

2. Eigin hlutir (ásamt upplýsingum um nafnverð þeirra, eða bókfært verð, ef nafnverð er ekki fyrir hendi) að því marki sem landslög heimila að þeir séu sýndir í efnahagsreikningi.

3. Önnur verðbréf.

IV. Innstæður í bönkum og sjóður

E. Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur

(Nema landslög kveði á um að slíkt sé talið til eigna í 6. tölul. II. þáttar undir D-lið).

Hlutafé, annað eigið fé og skuldir

A. Hlutafé og annað eigið fé

I. Skráð hlutafé

(Nema landslög kveði á um að innkallað hlutafé sé sýnt undir þessum lið, en í því tilviki skal tilgreina fjárhæð skráðs hlutafjár og innborgaðs hlutafjár sérstaklega.)

II. Yfirverðsreikningur hlutafjár

III. Endurmatssjóður

IV. Annað eigið fé

1. Lögbundinn varasjóður, ef landslög kveða á um slíkan sjóð.

2. Varasjóður fyrir eigið hlutafé ef landslög kveða á um slíkan sjóð, sbr. þó ákvæði b-liðar 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2012/30/ESB.

3. Varasjóðir sem kveðið er á um í stofnsamþykktum.

4. Aðrir varasjóðir, þ.m.t. gangvirðisvarasjóðurinn.

V. Hagnaður eða tap frá fyrra ári

VI. Hagnaður eða tap á fjárhagsárinu

B. Varúðarniðurfærslur

1. Varúðarniðurfærslur vegna lífeyrisgreiðslna og svipaðra skuldbindinga.

2. Varúðarniðurfærslur vegna skatta.

3. Aðrar varúðarniðurfærslur.

C. Lánardrottnar

(Skuldir, sem falla í gjalddaga innan eins árs og skuldir sem falla í gjalddaga og koma til greiðslu eftir meira en eitt ár, skal tilgreina hverja fyrir sig fyrir hvern af eftirfarandi liðum og fyrir liðina sameiginlega.)

1. Skuldabréfalán, þar sem breytanleg lán eru sýnd sérstaklega.
2. Skuldir við lánastofnanir.
3. Mótteknar greiðslur inn á pantanir ef þær eru ekki sýndar sérstaklega sem frádráttur frá birgðum.
4. Viðskiptaskuldir.
5. Víxilskuldir.
6. Skuldir við tengd fyrirtæki.
7. Skuldir við fyrirtæki sem fyrirtækið á hlutdeild í.
8. Aðrar skuldir, þ.m.t. ógreiddir skattar og almannatryggingagjöld.
9. Áfallin, ógreidd gjöld og fyrirframgreiddar tekjur (nema landslög mæli fyrir um að slíkir liðir séu sýndir undir D-lið).

D. Áfallin gjöld og fyrirframgreiddar tekjur.

(Nema landslög kveði á um að slíkir liðir séu sýndir í 9. tölul. í C-lið undir „Lánardrottnar“.)

IV. VIÐAUKI

LÓÐRÉTT UPPSETNING EFNAHAGSREIKNINGS SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 10. GR.

A. Skráð hlutafé sem enn er ógreitt

þar af innkallað hlutafé

(nema landslög kveði á um að innkallað hlutafé komi fram undir L-lið, en í því tilviki skal sá hluti hlutafjárins, sem er innkallaður en hefur enn ekki verið greiddur, koma fram annaðhvort undir A-lið eða 5. tölul. II. þáttar undir D-lið).

B. Stofnkostnaður

eins og hann er skilgreindur að landslögum og að svo miklu leyti sem landslög heimila að hann sé talinn til eigna. Landslög geta einnig kveðið á um að stofnkostnaður sé sýndur sem fyrsti liður í „Óefnislegum eignum“.

C. Fastafjármunir

I. Óefnislegar eignir

1. Þróunarkostnaður, að svo miklu leyti sem landslög heimila að hann sé talinn til eigna.

2. Sérleyfi, einkaleyfi og önnur leyfi, réttur til vörumerkja og sambærileg réttindi og eignir, ef:

a) þetta er fengið gegn endurgjaldi og ekki þarf að tilgreina það í 3. tölul. I. þáttar í C-lið eða

b) er upprunnið hjá fyrirtækinu sjálfu, og að svo miklu leyti sem landslög heimila að þetta sé talið til eigna.

3. Viðskiptavild, að því leyti sem hennar hefur verið aflað gegn endurgjaldi.

4. Fyrirframgreiðslur.

II. Efnislegar eignir

1. Lóðir og húseignir.

2. Verksmiðjur og vélakostur.

3. Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld.

4. Fyrirframgreiðslur og efnislegar eignir í byggingu.

III. Fjáreignir

1. Hlutir í tengdum fyrirtækjum.

2. Lán til tengdra fyrirtækja.

3. Hlutdeild í öðrum fyrirtækjum.

4. Lán til fyrirtækja sem fyrirtækið á hlutdeild í.

5. Verðbréf sem vegna eðlis síns teljast til fastafjármuna.

6. Önnur lán.

D. Veltufjármunir

I. Vörubirgðir

1. Hráefni og óvaranlegar neysluvörur.

2. Vörur í vinnslu.

3. Fullunnar vörur og vörur til endursölu.

4. Fyrirframgreiðslur.

II. Skuldunautar

(Kröfur, sem falla í gjalddaga og koma til greiðslu eftir eitt ár eða meira, skal tilgreina sérstaklega fyrir hvern lið.)

1. Viðskiptakröfur.

2. Innstæður hjá tengdum fyrirtækjum.

3. Innstæður hjá fyrirtækjum sem félagið á hlutdeild í.

4. Aðrar kröfur.

5. Innkallað skráð hlutafé sem enn er ógreitt (nema landslög kveði á um að innkallað hlutafé sé talið til eignar undir A-lið).

6. Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar ógreiddar tekjur (nema landslög kveði á um að slíkt sé talið til eigna undir E-lið).

III. Verðbréf

1. Hlutir í tengdum fyrirtækjum.

2. Eigin hlutir (ásamt upplýsingum um nafnverð þeirra, eða bókfært verð, ef nafnverð er ekki fyrir hendi) að því marki sem landslög heimila að þau séu sýnd í efnahagsreikningi.

3. Önnur verðbréf.

IV. Innstæður í bönkum og sjóður

E. Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar, ógreiddar tekjur

(Nema landslög kveði á um að slíkir liðir séu sýndir í 6. tölul. II. þáttar undir D-lið)

F. Lánardrottnar: skuldir sem falla í gjalddaga innan eins árs

1. Skuldabréfalán, þar sem breytanleg lán eru sýnd sérstaklega.

2. Skuldir við lánastofnanir.

3. Mótteknar greiðslur inn á pantanir, ef þær eru ekki sýndar sérstaklega sem frádráttur frá birgðum.

4. Viðskiptaskuldir.

5. Víxilskuldir.

6. Skuldir við tengd fyrirtæki.

7. Skuldir við fyrirtæki sem félagið á hlutdeild í.

8. Aðrar skuldir, þ.m.t. ógreiddir skattar og almannatryggingagjöld.

9. Áfallin, ógreidd gjöld og fyrirframgreiddar tekjur (nema landslög mæli fyrir um að slíkir liðir séu sýndir undir K-lið).

G. Hreinir veltufjármunir/skammtímaskuldir

(Að teknu tilliti til annars vegar fyrirframgreiddra gjalda og áfallinna, ógreiddra tekna, ef þær eru sýndar undir E-lið, og hins vegar áfallinna, ógreiddra gjalda og fyrirframgreiddra tekna, ef þær eru sýndar undir K-lið).

H. Heildareignir að frádregnum skammtímaskuldum

I. Lánardrottnar: skuldir sem falla í gjalddaga eftir meira en eitt ár

1. Skuldabréfalán, þar sem breytanleg lán eru sýnd sérstaklega.

2. Skuldir við lánastofnanir.

3. Mótteknar greiðslur inn á pantanir, ef þær eru ekki sýndar sérstaklega sem frádráttur frá birgðum.

4. Viðskiptaskuldir.

5. Víxilskuldir.

6. Skuldir við tengd fyrirtæki.

7. Skuldir við fyrirtæki sem félagið á hlutdeild í.

8. Aðrar skuldir, þ.m.t. ógreiddir skattar og almannatryggingagjöld.

9. Áfallin, ógreidd gjöld og fyrirframgreiddar tekjur (nema landslög mæli fyrir um að slíkir liðir séu sýndir undir K-lið).

J. Varúðarniðurfærslur

1. Varúðarniðurfærslur vegna lífeyrisgreiðslna og svipaðra skuldbindinga.

2. Varúðarniðurfærslur vegna skatta.

3. Aðrar varúðarniðurfærslur.

K. Áfallin, ógreidd gjöld og fyrirframgreiddar tekjur

(Nema landslög kveði á um að slíkir liðir séu sýndir í 9. tölul. F-lið eða 9. tölul. I-lið eða á báðum stöðum).

L. Hlutafé og annað eigið fé

I. Skráð hlutafé

(Nema landslög kveði á um að innkallað hlutafé sé sýnt undir þessum lið, en í því tilviki skal tilgreina fjárhæð skráðs hlutafjár og innborgaðs hlutafjár sérstaklega.)

II. Yfirverðsreikningur hlutafjár

III. Endurmatssjóður

IV. Annað eigið fé

1. Lögbundinn varasjóður, ef landslög kveða á um slíkan sjóð.

2. Varasjóður fyrir eigið hlutafé, ef landslög kveða á um slíkan sjóð, sbr. þó ákvæði b-liðar 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2012/30/ESB.

3. Varasjóðir sem kveðið er á um í stofnsamþykktum.

4. Aðrir varasjóðir, þ.m.t. gangvirðisvarasjóðurinn.

V. Hagnaður eða tap frá fyrra ári

VI. Hagnaður eða tap á fjárhagsárinu

V. VIÐAUKI

UPPSETNING Á REKSTRARREIKNINGI – EFTIR TEGUND KOSTNAÐAR SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 13. GR.

1. Hrein velta.
2. Breytingar á birgðum fullunninna vara og vörum í vinnslu.
3. Verk unnið af fyrirtæki í eigin þágu og fært þar til eignar.
4. Aðrar rekstrartekjur.
5. a) Hráefni og óvaranlegar neysluvörur.
   b) Önnur ytri gjöld.
6. Kostnaður vegna starfsfólks:
   a) launakostnaður,
   b) almannatryggingakostnaður með sérstökum upplýsingum um lífeyriskostnað.
7. a) Virðisbreytingar á stofnkostnaði, rekstrarfjármunum og óefnislegum fastafjármunum.
   b) Virðisbreytingar á veltufjármunum ef þær fara fram úr almennum virðisbreytingum innan viðkomandi fyrirtækis.
8. Önnur rekstrargjöld.
9. Tekjur af hlutdeild í öðrum fyrirtækjum, og skal tilgreina sérstaklega þær sem eiga rætur að rekja til tengdra fyrirtækja.
10. Tekjur af öðrum verðbréfum og útistandandi kröfum sem teljast til fastafjármuna, og skal tilgreina sérstaklega þær sem eiga rætur að rekja til tengdra fyrirtækja.
11. Aðrar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, og skal tilgreina sérstaklega þær sem eiga rætur að rekja til tengdra fyrirtækja.
12. Virðisbreytingar á fjáreignum og verðbréfum sem teljast til veltufjármuna.
13. Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld og skal tilgreina sérstaklega þau sem snerta tengd fyrirtæki.
14. Skattur á hagnað eða tap.
15. Hagnaður eða tap eftir skatt.
16. Annar skattur sem ekki kemur fram undir 1. til 15. lið.
17. Hagnaður eða tap á fjárhagsárinu.

VI. VIÐAUKI

UPPSETNING Á REKSTRARREIKNINGI – EFTIR STARFSEMISKOSTNAÐARFLOKKUN SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 13. GR.

1. Hrein velta.
2. Kostnaðarverð seldra vara (með virðisbreytingum).
3. Vergur hagnaður eða vergt tap.
4. Dreifingarkostnaður (með virðisbreytingum).
5. Stjórnunarkostnaður (með virðisbreytingum).
6. Aðrar rekstrartekjur.
7. Tekjur af hlutdeild í öðrum fyrirtækjum, og skal tilgreina sérstaklega þær sem eiga rætur að rekja til tengdra fyrirtækja.
8. Tekjur af öðrum verðbréfum og kröfum sem teljast til fastafjármuna, og skal tilgreina sérstaklega þær sem eiga rætur að rekja til tengdra fyrirtækja.
9. Aðrar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, og skal tilgreina sérstaklega þær sem eiga rætur að rekja til tengdra fyrirtækja.
10. Virðisbreytingar á fjáreignum og verðbréfum sem teljast til veltufjármuna.
11. Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld og skal tilgreina sérstaklega þau sem snerta tengd fyrirtæki.
12. Skattur á hagnað eða tap.
13. Hagnaður eða tap eftir skatt.
14. Annar skattur sem ekki kemur fram undir 1. til 13. lið.
15. Hagnaður eða tap á fjárhagsárinu.

VII. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 78/660/EBE	Tilskipun 83/349/EBE	Þessi tilskipun
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.	—	a-liður 1. mgr. 1. gr.
Fyrsti til tuttugasti og sjöundi undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.	—	I. viðauki
Önnur undirgrein 1. mgr. 1. gr.	—	b-liður 1. mgr. 1. gr.
a- til aa-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 1. gr.	—	II. viðauki
Þriðja undirgrein 1. mgr. 1. gr.	—	—
2. mgr. 1. gr.	—	—
1. mgr. 2. gr.	—	1. mgr. 4. gr.
2. mgr. 2. gr.	—	2. mgr. 4. gr.
3. mgr. 2. gr.	—	3. mgr. 4. gr.
4. mgr. 2. gr.	—	3. mgr. 4. gr.
5. mgr. 2. gr.	—	4. mgr. 4. gr.
6. mgr. 2. gr.	—	5. mgr. 4. gr.
3. gr.	—	1. mgr. 9. gr.
1. mgr. 4. gr.	—	2. mgr. 9. gr.
2. mgr. 4. gr.	—	3. mgr. 9. gr.
3. mgr. 4. gr.	—	3. mgr. 9. gr.
4. mgr. 4. gr.	—	5. mgr. 9. gr.
5. mgr. 4. gr.	—	—
6. mgr. 4. gr.	—	h-liður 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 6. gr.
1. mgr. 5. gr.	—	—
2. mgr. 5. gr.	—	14. liður 2. gr.
3. mgr. 5. gr.	—	15. liður 2. gr.
6. gr.	—	6. mgr. 9. gr.
7. gr.	—	g-liður 1. mgr. 6. gr.
8. gr.	—	10. gr.
A-liður 9. gr.	—	A-liður III. viðauka
B-liður 9. gr.	—	B-liður III. viðauka
C-liður 9. gr.	—	C-liður III. viðauka
D-liður 9. gr.	—	D-liður III. viðauka
E-liður 9. gr.	—	E-liður III. viðauka
F-liður 9. gr.	—	—

Tilskipun 78/660/EBE	Tilskipun 83/349/EBE	Þessi tilskipun
Skuldir A-liður 9. gr.	—	Hlutafé, annað eigið fé og skuldir A-liður III. viðauka
B-liður 9. gr.	—	B-liður III. viðauka
C-liður 9. gr.	—	C-liður III. viðauka
D-liður 9. gr.	—	D-liður III. viðauka
E-liður 9. gr.	—	—
10. gr.	—	IV. viðauki
10. gr. a	—	11. gr.
Fyrsta undirgrein 11. gr.	—	2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 14. gr.
Önnur undirgrein 11. gr.	—	—
Þriðja undirgrein 11. gr.	—	Fyrsta undirgrein 9. mgr. 3. gr.
1. mgr. 12. gr.	—	10. mgr. 3. gr.
2. mgr. 12. gr.	—	Önnur undirgrein 9. mgr. 3. gr.
3. mgr. 12. gr.	—	11. mgr. 3. gr.
1. mgr. 13. gr.	—	1. mgr. 12. gr.
2. mgr. 13. gr.	—	2. mgr. 12. gr.
14. gr.	—	d-liður 1. mgr. 16. gr.
1. mgr. 15. gr.	—	3. mgr. 12. gr.
2. mgr. 15. gr.	—	4. liður 2. gr.
a-liður 3. mgr. 15. gr.	—	a-liður 1. mgr. 17. gr.
b-liður 3. mgr. 15. gr.	—	—
c-liður 3. mgr. 15. gr.	—	i. liður a-liðar 1. mgr. 17. gr.
4. mgr. 15. gr.	—	—
16. gr.	—	4. mgr. 12. gr.
17. gr.	—	2. liður 2. gr.
18. gr.	—	—
19. gr.	—	8. liður 2. gr.
1. mgr. 20. gr.	—	Fyrsta undirgrein 12. mgr. 12. gr.
2. mgr. 20. gr.	—	Önnur undirgrein 12. mgr. 12. gr.
3. mgr. 20. gr.	—	Þriðja undirgrein 12. mgr. 12. gr.
21. gr.	—	—
Fyrsta undirgrein 22. gr.	—	1. mgr. 13. gr.
Önnur undirgrein 22. gr.	—	2. mgr. 13. gr.
1.–15. liður 23. gr.	—	1.–15. liður V. viðauka
16.–19. liður 23. gr.	—	—
20. og 21 liður 23. gr.	—	16. og 17. liður V. viðauka

Tilskipun 78/660/EBE	Tilskipun 83/349/EBE	Þessi tilskipun
24. gr.	—	—
1.–13. liður 25. gr.	—	1.–13. liður VI. viðauka
14.–17. liður 25. gr.	—	—
18. og 19 liður 25. gr.	—	14. og 15. liður VI. viðauka
26. gr.	—	—
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 27. gr.	—	3. mgr. 3. gr.
a- og c-liður fyrstu undirgreinar 27. gr.	—	a- og b-liður 2. mgr. 14. gr.
b- og d-liður fyrstu undirgreinar 27. gr.	—	—
Önnur undirgrein 27. gr.	—	Fyrsta undirgrein 9. mgr. 3. gr.
28. gr.	—	5. liður 2. gr.
29. gr.	—	—
30. gr.	—	—
1. mgr. 31. gr.	—	Inngangsorð og a- til f-liður 1. mgr. 6. gr.
1. mgr. a í 31. gr.	—	5. mgr. 6. gr.
2. mgr. 31. gr.	—	4. mgr. 4. gr.
32. gr.	—	i-liður 1. mgr. 6. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 33. gr.	—	1. mgr. 7. gr.
a- og b-liður og önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 33. gr.	—	—
c-liður 1. mgr. 33. gr.	—	1. mgr. 7. gr.
Fyrsta undirgrein a-liðar 2. mgr. 33. gr. og b-, c- og d-liður 2. mgr. 33. mgr.	—	2. mgr. 7. gr.
Önnur undirgrein a-liðar 2. mgr. 33. gr.	—	b-liður 1. mgr. 16. gr.
3. mgr. 33. gr.	—	3. mgr. 7. gr.
4. mgr. 33. gr.	—	ii. liður b-liðar 1. mgr. 16. gr.
5. mgr. 33. gr.	—	—
34. gr.	—	Fjórða undirgrein 11. mgr. 12. gr.
a-liður 1. mgr. 35. gr.	—	i-liður 1. mgr. 6. gr.
b-liður 1. mgr. 35. gr.	—	5. mgr. 12. gr.
c-liður 1. mgr. 35. gr.	—	6. mgr. 12. gr.
d-liður 1. mgr. 35. gr.	—	b-liður 1. mgr. 17. gr.
2. mgr. 35. gr.	—	6. liður 2. gr.
3. mgr. 35. gr.	—	7. liður 2. gr.

Tilskipun 78/660/EBE	Tilskipun 83/349/EBE	Þessi tilskipun
4. mgr. 35. gr.	—	8. mgr. 12. gr og vi. liður a-liðar 1. mgr. 17. gr.
36. gr.	—	—
1. mgr. 37. gr.	—	Fyrsta, þriðja og fimmta undirgrein 11. mgr. 12. gr.
2. mgr. 37. gr.	—	Fyrsta og önnur undirgrein 11. mgr. 12. gr.
38. gr.	—	—
a-liður 1. mgr. 39. gr.	—	i-liður 1. mgr. 6. gr.
b-liður 1. mgr. 39. gr.	—	Fyrsti undirliður 7. mgr. 12. gr.
c-liður 1. mgr. 39. gr.	—	—
d-liður 1. mgr. 39. gr.	—	Önnur undirgrein 12. mgr. 7. gr.
e-liður 1. mgr. 39. gr.	—	b-liður 1. mgr. 17. gr.
2. mgr. 39. gr.	—	6. liður 2. gr.
1. mgr. 40. gr.	—	9. mgr. 12. gr.
2. mgr. 40. gr.	—	—
41. gr.	—	10. mgr. 12. gr.
Fyrsta undirgrein 42. gr.	—	Þriðja undirgrein 12. mgr. 12. gr.
Önnur undirgrein 42. gr.	—	—
1. mgr. 42. gr. a	—	a-liður 1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 42. gr. a	—	2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 42. gr. a	—	3. mgr. 8. gr.
4. mgr. 42. gr. a	—	4. mgr. 8. gr.
5. mgr. 42. gr. a	—	5. mgr. 8. gr.
5. liður a í 42. gr. a	—	6. mgr. 8. gr.
42. gr. b	—	7. mgr. 8. gr.
42. gr. c	—	8. mgr. 8. gr.
42. gr. d	—	c-liður 1. mgr. 16. gr.
42 gr. e	—	b-liður 1. mgr. 8. gr.
42. gr. f	—	9. mgr. 8. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 43. gr.	—	Inngangsorð 1. mgr. 16. gr.
1. liður 1. mgr. 43. gr.	—	a-liður 1. mgr. 16. gr.
Fyrsta undirgrein 2. liðar 1. mgr. 43. gr.	—	Fyrsta undirgrein g-liðar 1. mgr. 17. gr.
Önnur undirgrein 2. liðar 1. mgr. 43. gr.	—	k-liður 1. mgr. 17. gr.
3. liður 1. mgr. 43. gr.	—	h-liður 1. mgr. 17. gr.
4. liður 1. mgr. 43. gr.	—	i-liður 1. mgr. 17. gr.

Tilskipun 78/660/EBE	Tilskipun 83/349/EBE	Þessi tilskipun
5. liður 1. mgr. 43. gr.	—	j-liður 1. mgr. 17. gr.
6. liður 1. mgr. 43. gr.	—	g-liður 1. mgr. 16. gr.
7. liður 1. mgr. 43. gr.	—	d-liður 1. mgr. 16. gr.
7. liður a í 1. mgr. 43. gr.	—	p-liður 1. mgr. 17. gr.
7. liður b í 1. mgr. 43. gr.	—	3. liður 2. gr. og r-liður 1. mgr. 17. gr.
8. liður 1. mgr. 43. gr.	—	a-liður 1. mgr. 18. gr.
9. liður 1. mgr. 43. gr.	—	e-liður 1. mgr. 17. gr.
10. liður 1. mgr. 43. gr.	—	—
11. liður 1. mgr. 43. gr.	—	f-liður 1. mgr. 17. gr.
12. liður 1. mgr. 43. gr.	—	Fyrsta undirgrein d-liðar 1. mgr. 17. gr.
13. liður 1. mgr. 43. gr.	—	e-liður 1. mgr. 16. gr.
a-liður 14. liðar 1. mgr. 43. gr.	—	i. liður c-liðar 1. mgr. 17. gr.
b-liður 14. tölul. 1. mgr. 43. gr.	—	ii. liður c-liðar 1. mgr. 17. gr.
15. liður 1. mgr. 43. gr.	—	b-liður 1. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 18. gr.
2. mgr. 43. gr.	—	—
3. mgr. 43. gr.	—	Önnur undirgrein d-liðar 1. mgr. 17. gr.
44. gr.	—	—
1. mgr. 45. gr.	—	Önnur undirgrein g-liðar 1. mgr. 17. gr. 3. mgr. 28. gr.
2. mgr. 45. gr.	—	2. mgr. 18. gr.
46. gr.	—	19. gr.
46. gr. a	—	20. gr.
1. mgr. og 1. mgr. a í 47. gr.	—	1. og 2. mgr. 30. gr.
2. mgr. 47. gr.	—	1. mgr. 31. gr.
3. mgr. 47. gr.	—	2. mgr. 31. gr.
48. gr.	—	1. mgr. 32. gr.
49. gr.	—	2. mgr. 32. gr.
50. gr.	—	o-liður 1. mgr. 17. gr.
50. gr. a	—	—
50. gr. b	—	a-liður 1. mgr. 33. gr.
50. gr. c	—	2. mgr. 33. gr.
1. mgr. 51. gr.	—	1. mgr. 34. gr.
2. mgr. 51. gr.	—	—
3. mgr. 51. gr.	—	—

Tilskipun 78/660/EBE	Tilskipun 83/349/EBE	Þessi tilskipun
51. gr. a	—	35. gr.
52. gr.	—	—
2. mgr. 53. gr.	—	13. mgr. 3. gr.
53. gr. a	—	40. gr.
55. gr.	—	—
1. mgr. 56. gr.	—	—
2. mgr. 56. gr.	—	l-, m- og n-liður 1. mgr. 17. gr.
57. gr.	—	37. gr.
57. gr. a	—	38. gr.
58. gr.	—	39. gr.
1. mgr. 59. gr.	—	a-liður 7. mgr. 9. gr.
a-liður 2.–6. mgr. 59. gr.	—	a-liður 7. mgr. 9. gr. og 27. gr.
b- og c-liður 6. mgr. 59. gr.	—	b- og c-liður 7. mgr. 9. gr.
7. og 8. mgr. 59. gr.	—	a-liður 7. mgr. 9. gr. og 27. gr.
9. mgr. 59. gr.	—	9. mgr. 27. gr.
60. gr.	—	—
60. gr. a	—	51. gr.
61. gr.	—	2. mgr. 17. gr.
61. gr. a	—	—
62. gr.	—	55. gr.
—	1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 22. gr.
—	2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 22. gr.
—	1., 2. og 3. mgr. 2. gr.	3., 4. og 5. mgr. 22. gr.
—	1. mgr. 3. gr.	6. mgr. 22. gr.
—	2. mgr. 3. gr.	10. liður 2. gr.
—	1. mgr. 4. gr.	21. gr.
—	2. mgr. 4. gr.	—
—	5. gr.	—
—	1. mgr. 6. gr.	2. mgr. 23. gr.
—	2. mgr. 6. gr.	8. mgr. 3. gr.
—	3. mgr. 6. gr.	önnur undirgrein 9. mgr. 3. gr. og 10. og 11. mgr. 3. gr.
—	4. mgr. 6. gr.	2. mgr. 23. gr.
—	1. mgr. 7. gr.	3. mgr. 23. gr.
—	2. mgr. 7. gr.	4. mgr. 23. gr.
—	3. mgr. 7. gr.	Inngangsorð 3. mgr. 23. gr.

Tilskipun 78/660/EBE	Tilskipun 83/349/EBE	Þessi tilskipun
—	8. gr.	5. mgr. 23. gr.
—	1. mgr. 9. gr.	6. mgr. 23. gr.
—	2. mgr. 9. gr.	—
—	10. gr.	7. mgr. 23. gr.
—	11. gr.	8. mgr. 23. gr.
—	1. mgr. 12. gr.	7. mgr. 22. gr.
—	2. mgr. 12. gr.	8. mgr. 22. gr.
—	3. mgr. 12. gr.	9. mgr. 22. gr.
—	1. og 2. mgr. 13. gr.	16. liður 2. gr. og j-liður 1. mgr. 6. gr.
—	13. mgr. a í 2. gr.	10. mgr. 23. gr.
—	3. mgr. 13. gr.	9. mgr. 23. gr.
—	15. gr.	—
—	16. gr.	4. gr.
—	1. mgr. 17. gr.	1. mgr. 24. gr.
—	2. mgr. 17. gr.	—
—	18. gr.	2. mgr. 24. gr.
—	19. gr.	a- til e-liður 3. mgr. 24. gr.
—	20. gr.	—
—	21. gr.	4. mgr. 24. gr.
—	22. gr.	5. mgr. 24. gr.
—	23. gr.	6. mgr. 24. gr.
—	24. gr.	—
—	1. mgr. 25. gr.	b-liður 1. mgr. 6. gr.
—	2. mgr. 25. gr.	4. mgr. 4. gr.
—	1. mgr. 26. gr.	7. mgr. 24. gr.
—	2. mgr. 26. gr.	—
—	3. mgr. 26. gr.	j-liður 1. mgr. 6. gr.
—	27. gr.	8. mgr. 24. gr.
—	28. gr.	9. mgr. 24. gr.
—	1. mgr. 29. gr.	10. mgr. 24. gr.
—	2. mgr. 29. gr.	11. mgr. 24. gr.
—	3. mgr. 29. gr.	12. mgr. 24. gr.
—	4. mgr. 29. gr.	13. mgr. 24. gr.
—	5. mgr. 29. gr.	14. mgr. 24. gr.
—	1. mgr. 30. gr.	c-liður 3. mgr. 24. gr.

Tilskipun 78/660/EBE	Tilskipun 83/349/EBE	Þessi tilskipun
—	2. mgr. 30. gr.	—
—	31. gr.	f-liður 3. mgr. 24. gr.
—	1. og 2. mgr. 32. gr.	26. gr.
—	3. mgr. 32. gr.	—
—	33. gr.	27. gr.
—	Inngangsorð 34. gr. og fyrsti málsliður 1. mgr. 34. gr.	a-liður 1. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 28. gr.
—	Annar málsliður 1. mgr. 34. gr.	—
—	2. mgr. 34. gr.	a-liður 2. mgr. 28. gr.
—	a-liður 3. mgr. 34. gr.	b-liður 2. mgr. 28. gr.
—	b-liður 3. mgr. 34. gr.	—
—	4. mgr. 34. gr.	c-liður 2. mgr. 28. gr.
—	5. mgr. 34. gr.	d-liður 2. mgr. 28. gr.
—	6. mgr. 34. gr.	g-liður 1. mgr. 16.gr. og 1. mgr. 28. gr.
—	7. mgr. 34. gr.	d-liður 1. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 28. gr.
—	7. mgr. a í 34. gr.	p-liður 1. mgr. 17. gr.
—	7. liður b 34. gr.	r-liður 1. mgr. 17. gr.
—	8. mgr. 34. gr.	a-liður 1. mgr. 18. gr.
—	a-liður 9. mgr. 34. gr.	e-liður 1. mgr. 17. gr.
—	b-liður 9. mgr. 34. gr.	b-liður 1. mgr. 28. gr.
—	10. mgr. 34. gr.	—
—	11. mgr. 34. gr.	f-liður 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 28. gr.
—	12. og 13. mgr. 34. gr.	c-liður 1. mgr. 28. gr.
—	14. mgr. 34. gr.	c-liður 1. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 28. gr.
—	c-liður 1. mgr. 17. gr.	c-liður 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 28. gr.
—	16. mgr. 34. gr.	b-liður 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 28. gr.
—	1. mgr. 35. gr.	3. mgr. 28. gr.
—	2. mgr. 35. gr.	—
—	1. mgr. 36. gr.	1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 29. gr.
—	a-liður 2. mgr. 36. gr.	—
—	b- og c-liður 2. mgr. 36. gr.	b- og c-liður 2. mgr. 19. gr.
—	d-liður 2. mgr. 36. gr.	a-liður 2. mgr. 29. gr.

Tilskipun 78/660/EBE	Tilskipun 83/349/EBE	Þessi tilskipun
—	e-liður 2. mgr. 36. gr.	e-liður 2. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 29. gr.
—	f-liður 2. mgr. 36. gr.	b-liður 2. mgr. 29. gr.
—	3. mgr. 36. gr.	3. mgr. 29. gr.
—	36. gr. a	b-liður 1. mgr. 33. gr.
—	36. gr. b	2. mgr. 33. gr.
—	1. mgr. 37. gr.	1. og 2. mgr. 34. gr.
—	2. mgr. 37. gr.	35. gr.
—	4. mgr. 37. gr.	35. gr.
—	1. mgr. 38. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 30. gr. og Fyrsta undirgrein 3. mgr. 30. gr.
—	2. mgr. 38. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 30. gr.
—	3. mgr. 38. gr.	—
—	4. mgr. 38. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 30. gr.
—	5. og 6. mgr. 38. gr.	—
—	7. mgr. 38. gr.	40. gr.
—	38. gr. a	—
—	39. gr.	—
—	40. gr.	—
—	1. mgr. 41. gr.	12. liður 2. gr.
—	1. mgr. a í 41. gr.	3. liður 2. gr.
—	2.–5. mgr. 41. gr.	—
—	42. gr.	—
—	43. gr.	—
—	44. gr.	—
—	45. gr.	—
—	46. gr.	—
—	47. gr.	—
—	48. gr.	51. gr.
—	49. gr.	—
—	50. gr.	—
—	50. gr. a	—
—	51. gr.	55. gr.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2014/102/ESB **2015/EES/74/79**

frá 7. nóvember 2014

um aðlögun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 50. gr. laganna um aðild Króatíu ætti ráðið, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ef þörf er aðlögunar vegna aðildar á gerðum stofnananna frá því fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í aðildarlögunum eða í viðaukum við þau, að samþykkja nauðsynlegar gerðir í þessu skyni ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.

2) Bæta ætti viðkomandi tegundum króatískra fyrirtækja við í I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([1]) í því skyni að kveða á um viðeigandi gildissvið samræmingarráðstafana sem kveðið er á um í þeirri tilskipun í Króatíu. Takmarka ætti gildissvið breytinga við tæknilegar aðlaganir sem nauðsynlegar eru vegna aðildar Króatíu.

3) Því ætti að breyta tilskipun 2013/34/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2013/34/ESB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. júlí 2015. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríki er heimilt að kveða á um að ráðstafanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skuli fyrst gilda um samstæðureikningsskil fyrir fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2016 eða á almanaksárinu 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 334, 21.11.2014, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 294/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

P. C. PADOAN

forseti.

VIÐAUKI

Tilskipun 2013/34/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu:

dioničko društvo, društvo s ograničenom odgovornošću,”.

2) Í II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu:

javno trgovačko društvo, komanditno društvo, gospodarsko interesno udruženje;”.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/74/80**

frá 25. febrúar 2011

um að setja lágmarkskröfur um vinnslu skjala yfir landamæri sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum

(tilkynnt með númeri C(2011) 1081)

(2011/130/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum ([1]), einkum 3. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Falli þjónusta þjónustuveitenda undir gildissvið tilskipunar 2006/123/EB þurfa þeir, fyrir milligöngu upplýsinga- og þjónustumiðstöðva og með rafrænum hætti, að geta lokið við þá málsmeðferð og gengið frá þeim formsatriðum sem eru nauðsynleg til að fá aðgang að þjónustustarfsemi og að stunda hana. Innan þeirra marka, sem sett eru í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2006/123/EB, geta enn verið tilvik þar sem þjónustuveitendur þurfa að leggja fram frumrit skjala, staðfest endurrit eða löggilta þýðingu til að ljúka slíkri málmeðferð og ganga frá formsatriðum. Í slíkum tilvikum geta þjónustuveitendur þurft að leggja fram skjöl sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum.

2) Notkun yfir landamæri á útfærðum rafrænum undirskriftum, sem byggjast á fullgildu vottorði, hefur verið auðvelduð með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum ([2]), sem m.a. skyldar aðildarríkin til að framkvæma áhættumat áður en þessara rafrænu undirskrifta er krafist af þjónustuveitendum og setur reglur um að aðildarríkin eigi að samþykkja útfærðar rafrænar undirskriftir, sem byggjast á fullgildum vottorðum og gerðar eru með eða án öruggs undirskriftarbúnaðar. Í ákvörðun 2009/767/EB er þó ekki fjallað um snið rafrænna undirskrifta í skjölum, sem lögbær yfirvöld gefa út, sem þjónustuveitendur þurfa að leggja fram þegar þeir ljúka við viðeigandi málsmeðferð og ganga frá formsatriðum.

3) Þar sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjum nota nú útfærðar rafrænar undirskriftir með mismunandi sniði til að undirrita skjöl sín með rafrænum hætti geta viðtökuaðildarríkin, sem þurfa að meðhöndla skjölin, lent í tæknilegum vandræðum þar eð snið undirskriftanna er svo fjölbreytt. Til þess að gera þjónustuveitendum kleift að ljúka við málsmeðferð og ganga frá formsatriðum með rafrænum hætti yfir landamæri er nauðsynlegt að tryggja að aðildarríki geti tæknilega stutt við a.m.k. nokkur snið útfærðra rafrænna undirskrifta þegar þau taka við skjölum sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja. Fastsetning nokkurra sniða útfærðra rafrænna undirskrifta, sem viðtökuaðildarríkið þarf að geta tæknilega stutt við, myndi efla sjálfvirkni og bæta rekstrarsamhæfi rafrænnar málsmeðferðar yfir landamæri.

4) Aðildarríki, þar sem lögbær yfirvöld þess nota önnur snið rafrænna undirskrifta en þau sem eru almennt studd, kunna að hafa innleitt fullgildingaraðferðir sem gerir kleift að staðfesta undirskriftir þeirra einnig yfir landamæri. Ef sú er raunin, og til þess að viðtökuaðildarríkin geti treyst þessum fullgildingaraðferðum, er nauðsynlegt að koma upplýsingum um þessar aðferðir á framfæri á auðveldan og aðgengilegan hátt nema þessar nauðsynlegu upplýsingar komi beint fram í rafrænu skjölunum, í rafrænu undirskriftunum eða flutningsmiðlum rafrænu skjalanna.

5) Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á niðurstöðu aðildarríkjanna um hvað teljist vera frumrit, staðfest endurrit eða löggilt þýðing. Markmið hennar er takmarkað við staðfestingu rafrænna undirskrifta ef þær eru notaðar í frumritunum, staðfestu endurritunum eða löggiltu þýðingunum, sem þjónustuveitendur gætu þurft að leggja fram fyrir milligöngu upplýsinga- og þjónustumiðstöðva.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta), sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 21.6.2012, bls. 32.

([1]) Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36.

([2]) Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36.

6) Til að gera aðildarríkjunum kleift að innleiða nauðsynlegan tæknibúnað er rétt að þessi ákvörðun gildi frá og með 1. ágúst 2011.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um þjónustutilskipunina.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðmiðunarsnið fyrir rafrænar undirskriftir

1. Aðildarríki skulu koma á nauðsynlegum tæknilegum úrræðum sem gera þeim kleift að meðhöndla skjöl, sem eru undirrituð rafrænt, sem þjónustuveitendur leggja fram til að ljúka við málsmeðferð og ganga frá formsatriðum fyrir milligöngu upplýsinga- og þjónustumiðstöðva, í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2006/123/EB, og sem eru undirrituð af lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja með útfærðri rafrænni XML-, CMS- eða PDF-undirskrift á BES- eða EPES-sniði, sem er í samræmi við þær tækniforskriftir sem settar eru fram í viðaukanum.

2. Aðildarríki, þar sem lögbær yfirvöld undirrita skjölin sem um getur í 1. mgr. og nota önnur snið rafrænna undirskrifta en þau sem um getur í þeirri málsgrein, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um núverandi möguleika á fullgildingu sem gera öðrum aðildarríkjum kleift að fullgilda þær rafrænu undirskriftir, sem þau taka á móti, á Netinu, án endurgjalds og þannig að það sé skiljanlegt þeim sem hafa annað móðurmál, nema að tilskildar upplýsingar séu þegar innifaldar í skjalinu, í rafrænu undirskiftinni eða í flutningsmiðli rafræna skjalsins. Framkvæmdastjórnin mun gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum aðildarríkjunum.

2. gr.

Gildistími

Ákvörðun þessi gildir frá 1. ágúst 2011.

3. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Michel BARNIER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Forskriftir fyrir útfærðar rafrænar XML-, CMS- eða PDF-undirskriftir sem eiga að vera tæknilega studdar af viðtökuaðildarríkinu

Í eftirfarandi hluta skjalsins skulu eftirfarandi lykilorð túlkuð eins og lýst er í RFC 2119 ([3]): „VERÐUR“ (MUST), „MÁ EKKI“ (MUST NOT), „SKYLDUBUNDIÐ“ (REQUIRED), „SKAL“ (SHALL), „SKAL EKKI“ (SHALL NOT), „ÆTTI“ (SHOULD), „ÆTTI EKKI“ (SHOULD NOT), „MÆLT MEÐ“ (RECOMMENDED), „MÁ“ (MAY) og „VALKVÆTT“ (OPTIONAL).

1. ÞÁTTUR — XAdES-BES/EPES

Undirskriftin er í samræmi við W3C-forskriftir fyrir XML-undirskriftir ([4])

Snið undirskriftarinnar VERÐUR að vera a.m.k. XAdES-BES (eða -EPES) í samræmi við XAdES-forskriftirnar í tækniforskriftum Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (ETSI TS) 101 903 ([5]) og í samræmi við allar eftirfarandi viðbótarforskriftir:

Aðferðin *„ds:CanonicalizationMethod“*, sem tilgreinir það smættunaralgrím sem beitt er á „SignedInfo“-stakið áður en framkvæmdir eru undirskriftarútreikningar, auðkennir aðeins eitt af eftirfarandi algrímum:

Canonical XML 1.0 (án athugasemda):	http://www.w3.org/TR/2001/REC-xml-c14n-20010315
Canonical XML 1.1 (án athugasemda):	http://www.w3.org/2006/12/xml-c14n11
Exclusive XML Canonicalization 1.0 (án athugasemda):	http://www.w3.org/2001/10/xml-exc-c14n#

Önnur algrím eða útgáfur af framangreindum algrímum „með athugasemdum“ ÆTTI EKKI að nota til að búa til undirskrift en ÆTTI að styðja vegna áframhaldandi rekstrarsamhæfis við sannprófun undirskriftar.

MD5 (RFC 1321) MÁ EKKI nota sem kennialgrím. Undirskriftaraðilum er vísað á gildandi landslög og að því er varðar viðmiðunarreglur um tækniforskriftir Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (ETSI TS) 102 176 ([6]) og ECRYPT2 D.SPA.x-skýrsluna ([7]) vegna frekari tilmæla um algrím og breytur sem eiga við um rafrænar undirskriftir.

Notkun á vörpunum takmarkast við þær sem skráðar eru hér á eftir:

Smættarvarpanir: sjá tengdar forskriftir hér að framan,

Base64-kóðun (http://www.w3.org/2000/09/xmldsig#base64),

Síun:

XPath http://www.w3.org/TR/1999/REC-xpath-19991116: með tilliti til samhæfis og samkvæmni við XMLDSig

XPath Filter 2.0 (http://www.w3.org/2002/06/xmldsig-filter2): sem tekur við af XPath með tilliti til afkastagetu

Hjúpuð undirritunarvörpun (e. *Enveloped Signature transform)*: (http://www.w3.org/2000/09/xmldsig#enveloped-signature).

XSLT-vörpun (stílasafn).

ds:KeyInfo-stakið VERÐUR að innihalda stafrænt X.509 v3-vottorð undirskriftaraðila (þ.e. gildi þess og ekki aðeins tilvísun í það).

Undirritaði undirskriftareiginleikinn „SigningCertificate“ VERÐUR að innihalda kennigildi (CertDigest) og IssueSerial vottorðs undirskriftaraðilans, sem geymt er á *ds:KeyInfo* og valkvætt URI á „SigningCertificate“-svæðinu MÁ EKKI nota.

Undirritaði „SigningTime“-undirritunareiginleikinn er til staðar og inniheldur alheimstíma, gefið upp sem „xsd:dateTime“ (http://www.w3.org/TR/xmlschema-2/#dateTime).

DataObjectFormat-stakið VERÐUR að vera til staðar og innihalda MimeType-undirstakið.

Ef undirritanir, sem aðildarríkin nota, byggjast á fullgildu vottorði þá eru þeir hlutir dreifilyklaskipulags (e. *PKI objects*) (vottorðakeðjur, gögn vegna afturköllunar, tímastimplar) sem eru hluti af undirskriftunum sannprófanlegir með því að nota áreiðanlegan lista þess aðildarríkis sem hefur eftirlit með eða veitir faggildingu til þess vottunaraðila sem gaf út vottorð undirritunaraðila, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB.

Í töflu 1 er samantekt yfir þær forskriftir sem XAdES-BES/EPES-undirskrift þarf að uppfylla til að hún sé tæknilega studd af viðtökuaðildarríkinu.

([3]) IETF RFC 2119: „Key words for use in RFCs to indicate Requirements Levels“.

([4]) W3C, XML Signature Syntax and Processing, (Version 1.1), http://www.w3.org/TR/xmldsig-core1/W3C, XML Signature Syntax and Processing, (Second Edition), http://www.w3.org/TR/xmldsig-core/W3C, XML Signature Best Practices, http://www.w3.org/TR/xmldsig-bestpractices/

([5]) ETSI TS 101 903 v1.4.1: XML Advanced Electronic Signatures (XAdES).

([6]) ETSI TS 102 176: Electronic Signatures and Infrastructures (ESI); Algorithms and Parameters for Secure Electronic Signatures; 1. hluti: Hash functions and asymmetric algorithms; 2. hluti: „Secure channel protocols and algorithms for signature creation devices“.

([7]) Nýjasta útgáfan er D.SPA.13 ECRYPT2 Yearly Report on Algorithms and Key sizes (2009-2010), frá 30. mars 2010 (http://www.ecrypt.eu.org/documents/D.SPA.13.pdf).

Tafla 1

XAdES – BES (EPES)		**Sameiginlegar lágmarkskröfur**
(ETSI TS 103 903 á við um eftirfarandi þversniðsstök)		
M=mandatory (skyldubundið); O=optional (valkvætt); R=recommended (mælt með); N=not used (ekki notað)		
ds: Signature ID	M	
ds: SignedInfo	M	
ds: CanonicalizationMethod	M	Öll eftirfarandi algrím VERÐA að styðja sannprófun undirskriftar, myndun ÆTTI að takmarkast við eitt af eftirfarandi: *- Exclusive XML canonicalization 1.0: http://www.w3org/TR/xml-exc-c14n/* *- Canonical XML 1.0: http://www.w3org/TR/2001/REC-XML-c14n-20010315* *- Canonical XML 1.1: http:/www.w3org/2006/12/xml-c14n11* *Aðrar aðferðir eða "#WithComments" útgáfur af framangreindum aðferðum ÆTTI EKKI að nota.*
ds: SignatureMethod	M	***Algrím**: vísar til viðeigandi landslaga og sem viðmiðunarreglur til ETSI TS 102 176 og skýrslunnar ECRYPT2 D.SPA.7 varðandi frekari tilmæli.*
ds: Reference URI	M	Ein tilvísun til sérhvers upprunalegs gagnahlutar sem á að undirrita (URI geta einnig vísað til ytri hluta), + vísun til staksins SignedProperties
ds: Transforms	O	*Sannprófunarforrit VERÐA að styðja eftirfarandi varpanir en nýting til myndunar undirskriftar ÆTTI að takmarka notkun þessara varpana við eftirfarandi:* *Smættarvarpanir: sjá framar* *- Base64 encoding* *- XPath and XPath Filter 2.0* *- Enveloped signature transform* *- XSLT transforms*
ds: DigestMethod	M	***Algrím**: vísar til viðeigandi landslaga og sem viðmiðunarreglur til ETSI TS 102 176 og skýrslunnar ECRYPT2 D.SPA.7 varðandi frekari tilmæli.*
ds: DigestValue	M	
/ds: Reference		
/ds: SignedInfo		
ds: SignatureValue	M	
ds: KeyInfo	M	Verður að hafa X509-vottorð (undirskriftareiginleikinn „SigningCertificate" VERÐUR að innihalda kennigildi vottorðs undirskriftaraðilans) Mælt er með því að vottunarskilríkjakeðja undirskriftaraðila verði látin í té sem vísbending til að greiða fyrir vottunarferlinu (láta VERÐUR X.509-vottorð í té í þessu tilviki).
ds: Object		
QualifyingProperties	M	
SingedProperties	M	M
SignedSignatureProperties	M	M
SigningTime	M	UTC (xsd: dateTime)
SigningCertificate	M	VERÐUR að innihalda kennigildi vottorðs undirskriftaraðilans sem er geymt á ds: KeyInfo og valkvæðu URI er sleppt (forrit GÆTI leitað að/fundið vottorð undirskriftaraðila á ds: KeyInfo á grundvelli tætijafngildis).
SignaturePolicyIdentifier	O	aðeins fyrir EPES-snið (og fyrir efri snið byggð á EPES-sniði)
Signature ProductionPlace	O	
SignerRole	O	
/SignedSignatureProperties		
SignedDataObjectProperties	O	
DataObjectFormat	M	Þegar þessi reitur er notaður SKULU forrit tryggja að gagnahlutir séu sýndir notanda samkvæmt því. Þegar það er notað VERÐUR að nota MimeType undirstak.
CommitmentTypeIndication	O	
AllDataObjectsTimeStamp	O	
IndividualDataObjectTime/Stamp	O	
/SignedDataObjectProperties		
/SignedProperties		
UnsignedProperties	O	
UnsignedSignatureProperties		
CounterSignature	O	
/UnsignedSignatureProperties		
/UnsignedProperties		
/QualifyingProperties		
/ds: Object		
/ds: Signature		
Signature topology – Pökkun undirskrifaðra skjala og undirskriftir		
SignatureEnveloped		Styðja VERÐUR allt
SignatureEnveloping		
SignatureDetached		

2. ÞÁTTUR — CAdES-BES/EPES

Undirskriftin er í samræmi við forskriftirnar fyrir undirskrift með málskipan dulkóðaðra skeyta (CMS-undirskrift) ([8]).

Undirskriftin notar CAdES-BES (eða -EPES) eigind undirskriftar sem tilgreind er í CAdES-forskriftunum í tæknilegum forskriftum Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (ETSI TS) 101 733 ([9]), og fylgir viðbótarforskriftunum eins og vísað er til í töflu 2 hér á eftir.

Sérhver eigind CAdES, sem eru til staðar í tætiútreikningi tímastimplunar í skjalasafninu (viðauki K í tækniforskriftum Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu 101 733 V1.8.1) VERÐUR að vera kóðuð með DER-kóðunarreglum og mega aðrar vera með BER-kóðunarreglum til að einfalda CAdES-vinnslu í einu skrefi (e. *one-pass processing*).

MD5 (RFC 1321) MÁ EKKI nota sem kennialgrím. Undirskriftaraðilum er vísað á gildandi landslög og að því er varðar viðmiðunarreglur um tækniforskriftir Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (ETSI TS) 102 176 ([10]) og ECRYPT2 D.SPA.x-skýrsluna ([11]) vegna frekari tilmæla um algrím og breytur sem eiga við um rafrænar undirskriftir.

Undirrituð eigind VERÐUR að fela í sér tilvísun í stafrænt X.509 v3-vottorð (RFC 5035) undirskriftaraðila og *SignedData.certificates* svæðið VERÐUR að innihalda gildi þess.

Undirskriftareigindin *„SigningTime“* VERÐUR að vera til staðar og VERÐUR að innihalda UTC, gefið upp eins og í http://tools.ietf.org/html/rfc5652#section-11.3.

Undirritaða eigindin *„ContentType“* VERÐUR að vera til staðar og innihalda gögn um kennimerki (e. *id-data*) (http://tools.ietf.org/htmlertification services/rfc5652#section-4) þar sem efnistag gagnanna (e. *data content type*) er ætlað að vísa til áttundarstrengja af handahófi, eins og UTF-8-texta eða ZIP-geymslueiningar (e. *ZIP container*) með *MimeType*-undirstaki.

Ef undirritanir, sem aðildarríkin nota, byggjast á fullgildu vottorði þá eru þeir hlutir dreifilyklaskipulags (skilríkjakeðjur, gögn vegna afturköllunar, tímastimplar) sem eru hluti af undirskriftunum sannprófanlegir með því að nota áreiðanlega skrá þess aðildarríkis sem hefur eftirlit með eða veitir faggildingu til þess vottunaraðila sem gaf út vottorð undirritunaraðila, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB.

([8]) IETF, RFC 5652, Cryptographic Message Syntax (CMS), http://tools.ietf.org/html/rfc5652.IETF, RFC 5035, Enhanced Security Services (ESS) Update: Adding CertID Algorithm Agility, http://tools.ietf.org/html/rfc5035.IETF, RFC 3161, Internet X.509 Public Key Infrastructure Time-Stamp Protocol (TSP), http://tools.ietf.org/html/rfc3161.

([9]) ETSI TS 101 733 v.1.8.1: CMS Advanced Electronic Signatures (CAdES).

([10]) ETSI TS 102 176: Electronic Signatures and Infrastructures (ESI); Algorithms and Parameters for Secure Electronic Signatures; 1. hluti: Hash functions and asymmetric algorithms; 2. hluti: „Secure channel protocols and algorithms for signature creation devices“.

([11]) Nýjasta útgáfan er D.SPA.13 ECRYPT2 Yearly Report on Algorithms and Key sizes (2009-2010), frá 30. mars 2010 (http://www.ecrypt.eu.org/documents/D.SPA.13.pdf).

Tafla 2

CAdES		**Sameiginlegar lágmarkskröfur**
(ETSI TS 101 733 á við um eftirfarandi þversniðsstök)		
ASN.1		
ContentInfo :: = SEQUENCE {		
contentType ContentType, -- id-signedData		
Content [0] EXPLICIT ANY DEFINED BY content Type }		
M=mandatory (skyldubundið); O=optional (valkvætt); R=recommended (mælt með); N=not used (ekki notað)		
SignedData :: = SEQUENCE {		
Version CMSVersion,		
digestAlgorithms DigestAlgorithmIdentifiers,	M	Algrím: vísar til viðeigandi landslaga og sem leiðbeiningar til ETSI TS 102 176 og skýrslunnar ENCRYPT2 D.SPA.7 varðandi frekari tilmæli.
encapContentInfo SEQUENCE {		
eContentType ContentType,	M	Id-Data
eContent [0] EXPLICIT OCTET STRING OPTIONAL -- ekki til staðar ef undirskrift er aðskilin },	M/N	Undirritaða eigindin *„ContentType“* VERÐUR að vera til staðar og innihalda gögn um kennimerki (e. *id-data*) (http://tools.ietf.org/html/rfc5652#section-4) þar sem efnistag gagnanna (e. *data content type*) er ætlað að vísa til áttundarstrengja af handahófi, eins og UTF-8-texta eða ZIP-geymslueiningar (e. *ZIP container*) með *MimeType*-undirstaki.
-- Ytri gögn (ef undirskrift er aðskilin)*		ef aðskilin undirskrift er ekki til staðar að öðru leyti. * Ytri gögn merkir gögn sem eru varin með aðskilinni undirskrift sem er ekki undir eContent CAdES-undirskriftar. Mælt er með því að fella undirskrifuð ytri gögn saman við undirskrift í ZIP-skjalinu.
vottorð [0] IMPLICIT CertificateSet OPTIONAL,	M	VERÐUR að hafa X.509-vottorð frá undirskriftaraðila. MÆLT ER MEÐ innfellingu vottorða frá allri undirskriftarkeðjunni allt að áreiðanlegu einindi (e. trust anchor).
crls [1] IMPLICIT RevocationInfoChoices OPTIONAL,	O	
signerInfos SET OF	M	Minnst eitt signerInfo
SEQUENCE { -- SignerInfo		
version CMSVersion,		
sid SignerIdentifier,	O	(Ekki varið gildi)
digestAlgorithm DigestAlgorithmIdentifier	M	Algrím: vísar til viðeigandi landslaga og sem leiðbeiningar til ETSI TS 102 176 og skýrslunnar ENCRYPT2 D.SPA.7 varðandi frekari tilmæli.
signedAttrs [0] IMPLICIT SET SIZE (1..MAX) OF		
SEQUENCE { -- Attribute	M	
attrType OBJECT IDENTIFIER,	M/O	VERÐUR: Id-contentType (with data) Id-messagerDigest Id-aa-ets-signingCertificate V2 or id-aa-signingCertificate VERÐUR: signingTime VALKVÆTT Id-aa-ets-sigPolicyId Aðrar valkvæðar eigindir eins og þær eru skilgreindar í ETSI TS 101 733.
attrValues SET OF AttributeValue }, OPTIONAL		
signatureAlgorithm SignatureAlgorithmIdentifier,		Algrím: vísar til viðeigandi landslaga og sem leiðbeiningar til ETSI TS 102 176 og skýrslunnar ENCRYPT2 D.SPA.7 varðandi frekari tilmæli.
Signature OCTET STRING, -- SignatureValue		

unsignedAttrs [1] IMPLICIT SET SIZE (1..MAX) OF
SEQUENCE {
attrType OBJECT IDENTIFIER,
attrValues SET OF
AttributeValue
} OPTIONAL
}
}
}
	O
	O	

3. ÞÁTTUR — PAdES 3. HLUTI (BES/EPES)

Undirskriftin VERÐUR að nota PAdES-BES- (eða -EPES)-undirskriftarviðauka eins og tilgreint er í 3. hluta í PAdES-forskriftunum í tækniforskriftum Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (ETSI TS) 102 778 ([12]) og í samræmi við eftifarandi viðbótarforskriftir:

MD5 (RFC 1321) MÁ EKKI nota sem kennialgrím. Undirskriftaraðilum er vísað á gildandi landslög og að því er varðar viðmiðunarreglur um tækniforskriftir Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (ETSI TS) 102 176 ([13]) og ECRYPT2 D.SPA.x-skýrsluna ([14]) vegna frekari tilmæla um algrím og breytur sem eiga við um rafrænar undirskriftir.

Undirrituð eigind VERÐUR að fela í sér tilvísun í stafrænt X.509 v3-vottorð (RFC 5035) undirskriftaraðila og

([12]) ETSI TS 102 778-3 v1.2.1: PDF Advanced Electronic Signatures (PAdES), PAdES Enhanced — PAdES-Basic Electronic Signatures and PAdES-Explicit Policy Electronic Signatures Profiles.

([13]) ETSI TS 102 176: Electronic Signatures and Infrastructures (ESI); Algorithms and Parameters for Secure Electronic Signatures; 1. hluti: Hash functions and asymmetric algorithms; 2. hluti: „Secure channel protocols and algorithms for signature creation devices“.

([14]) Nýjasta útgáfan er D.SPA.13 ECRYPT2 Yearly Report on Algorithms and Key sizes (2009-2010), frá 30. mars 2010 (http://www.ecrypt.eu.org/documents/D.SPA.13.pdf).

Undirrituð eigind VERÐUR að fela í sér tilvísun í stafrænt X.509 v3-vottorð (RFC 5035) undirskriftaraðila og *SignedData.certificates* svæðið VERÐUR að innihalda gildi þess.

Tími undirritunar er gefinn til kynna með gildinu M í orðasafni undirskriftarinnar.

Ef undirritanir, sem aðildarríkin nota, byggjast á fullgildu vottorði þá eru þeir hlutir dreifilyklaskipulags (skilríkjakeðjur, gögn vegna afturköllunar, tímastimplar) sem eru hluti af undirskriftunum sannprófanlegir með því að nota áreiðanlega skrá þess aðildarríkis sem hefur eftirlit með eða veitir faggildingu til þess vottunaraðila sem gaf út vottorð undirritunaraðila, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/74/81**

frá 12. ágúst 2013

um grundvallarkröfur varðandi fjarskiptabúnað um borð í skipum sem ætlaður er til notkunar í skipum, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS), og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu)

(tilkynnt með númeri C(2013) 5185)

(2013/638/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([1]), einkum e- lið 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Allmörg aðildarríki hafa komið á eða hyggjast koma á sameiginlegum meginreglum um öryggi og reglum um þráðlausan fjarskiptabúnað um borð í skipum sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu frá árinu 1974.

2) Samhæfing þráðlausrar fjarskiptaþjónustu ætti að stuðla að öruggari siglingum skipa sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu, einkum í neyðartilvikum og þegar veðurskilyrði eru slæm.

3) Í umburðarbréfi siglingaöryggisnefndarinnar nr. 803 um þátttöku skipa, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu, í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) og ályktun MSC.131 (75) Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eru ríki hvött til að beita viðmiðunarreglum um þátttöku skipa, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu, í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó og til að krefjast þess að tiltekinn búnaður, sem er nauðsynlegur með tilliti til GMDSS-kerfisins, sé til staðar í þráðlausum fjarskiptabúnaði allra skipa.

4) Í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins eru tilgreind tiltekin tíðnisvið sem hefur verið úthlutað til notkunar í GMDSS-kerfinu. Allur þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem er starfræktur á þessum tíðnisviðum og er ætlaður til notkunar í neyðartilvikum, ætti að samrýmast tilgreindri notkun þessara tíðnisviða og viðunandi ábyrgðartrygging ætti að vera fyrir því að hann virki rétt í neyðartilvikum.

5) Til glöggvunar er nauðsynlegt að greina frá því að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/71/EB frá 4. september 2003 um grundvallarkröfur varðandi fjarskiptabúnað um borð í skipum sem ætlaður er til notkunar í skipum, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS), og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) ([2]) gildir um GMDSS-búnað til notkunar um borð í öllum skipum sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu, sem ekki fellur undir tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum ([3]).

6) Framkvæmd krafna sem, GMDSS-búnaður sem ætlaður er í skip sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu, á að uppfylla, ætti að vera með samræmdum hætti á milli allra aðildarríkja og í samræmi við viðkomandi leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

7) Vegna fjölda breytinga sem verða gerðar á ákvörðun 2004/71/EB, ætti önnur að koma í hennar stað til glöggvunar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun þessi skal gilda um allan þráðlausan fjarskiptabúnað sem ekki fellur undir gildissvið tilskipunar 96/98/EB og sem ætlaður er til nota um borð í skipum sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu frá árinu 1974 og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu), eins og mælt er fyrir um í IV. kafla SOLAS-samþykktarinnar og starfræktur er í annað hvort:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 3.9.2015, bls. 24.

([1]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

([2]) Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 54.

([3]) Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25

a) strandarstöðvaþjónustu, eins og hún er skilgreind í grein 1.28 í alþjóðafjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins eða,

b) farstöðvaþjónustu við skip um gervitungl, eins og hún er skilgreind í grein 1.29 í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins.

2. gr.

Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB ([4]) skal þráðlaus fjarskiptabúnaður þannig gerður að tryggt sé að hann virki rétt við siglingar á sjó, uppfylli allar kröfur um starfhæfni í GMDSS-kerfinu sem, í samræmi við viðeigandi ákvæði Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, eiga við um skip sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu og geri skýr og traust boðskipti möguleg, sem eru einnig mjög áreiðanleg, að því er varðar hliðrænt eða stafrænt fjarskiptasamband.

3. gr.

Ákvörðun 2004/71/EB er hér með felld úr gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti

([4]) Stjtíð. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/74/82**

frá 11. apríl 2014

um að tilnefna skráningarstofu fyrir .eu höfuðlénið

(2014/207/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 frá 22. apríl 2002 um að taka í notkun .eu höfuðlénið ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin ætti að tilnefna skráningarstofuna sem falið er skipulag, stjórnsýsla og stjórnun á .eu höfuðléninu, eftir birtingu á auglýsingu eftir áhugasömum aðilum í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2) Með ákvörðun sinni 2003/375/EB([2]) árið 2003 tilnefndi framkvæmdastjórnin Evrópska skráningarstofu Netléna (e. *European Registry for internet Domains (EURid)*) sem skráningarstofu fyrir .eu höfuðlénið. Framkvæmdastjórnin gerði samning við Evrópska skráningarstofu Netléna þar sem tilgreint er með hvaða skilyrðum framkvæmdastjórnin hefur eftirlit með skráningarstofunni sem sér um skipulag, stjórnsýslu og stjórnun á .eu höfuðléninu. Samningurinn var undirritaður 12. október 2004 til fimm ára og var síðan endurnýjaður 2009 í fimm ár til viðbótar. Hann fellur úr gildi 12. október 2014.

3) Framkvæmdastjórnin auglýsti eftir áhugasömum aðilum (2013/C 134/06) í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* 14. maí 2013 um leið og birt var yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar um hlutverk hennar sem eftirlitsaðili skráningarstofunnar sem sér um skipulag, stjórnsýslu og stjórnun á .eu höfuðléninu (2013/C 134/05) og hvatti til umsókna frá stofnunum og fyrirtækjum sem óskuðu eftir því að verða valin sem skráningarstofa sem falið er skipulag, stjórnun og stjórnsýsla á .eu höfuðléninu.

4) Fresturinn sem tilgreindur var í auglýsingunni var til 20. júní 2013. Aðeins ein umsókn barst, frá Evrópskri skráningarstofu Netléna.

5) Mat sem byggðist á þeim hæfisviðmiðunum og valmiðunum sem kveðið var á um í auglýsingunni eftir áhugasömum aðilum fór fram 25. júlí 2013.

6) Matsaðilar skoðuðu umsóknina og settu fram stigagjöf sem samanstóð af mismunandi einkunnum (einstökum og sameiginlegum) fyrir umsóknina í samræmi við einkunnakerfið sem mælt er fyrir um í 4. lið auglýsingarinnar, og með tilliti til heildargæða með valviðmiðanirnar í huga. Matsaðilarnir komust að þeirri niðurstöðu að umsóknin frá Evrópskri skráningarstofu Netléna uppfyllti lágmarkskröfur allra valviðmiðana. Framkvæmdastjórnin hefur skoðað niðurstöðu matsaðilanna og undirritar ákvörðunina á þeim grundvelli.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([3]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 109, 12.4.2014, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 282/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 71, 26.11.2015, bls. 33.

([1]) Stjtíð. EB L 113, 30.4.2002, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/375/EB frá 21. maí 2003 um að tilnefna skráningarstofu fyrir .eu höfuðlénið (Stjtíð. EB L 128, 24.5.2003, bls. 29).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Evrópsk skráningarstofa Netléna (e. *European Registry for internet Domains (EURid)*) skal vera skráningarstofa fyrir .eu höfuðlénið og er falið skipulag, stjórnsýsla og stjórnun á .eu höfuðléninu.

2. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera samning við Evrópska skráningarstofu Netléna þar sem tilgreint er með hvaða skilyrðum framkvæmdastjórnin hefur eftirlit með skráningarstofunni sem sér um skipulag, stjórnsýslu og stjórnun á .eu höfuðléninu, í samræmi við c-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002.

Samningurinn skal í upphafi gilda í fimm ár og heimilt er að framlengja hann tvisvar, í hvort skipti um fimm ár að hámarki.

3. gr.

Ákvörðun 2003/375/EB er felld úr gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 11. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/74/83

frá 20. desember 2013

um leiðréttingu á II. viðauka við framkvæmdarákvörðun 2012/707/ESB um sameiginlegt snið fyrir framlagningu upplýsinga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni

(tilkynnt með númeri C(2013) 9220)

(2014/11/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB frá 22. september 2010 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni ([1]), einkum 4. mgr. 54. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sannprófun leiddi í ljós villur í II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/707/ESB ([2]). Flæðiritið sem fylgir þeim viðauka bendir ranglega til þess að færsluflokkarnir „eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir sem krafist er samkvæmt löggjöf“ og „lagalegar kröfur“ gildi eingöngu um „eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir, þ.m.t. líflyfjafræði“ en ekki um neina aðra undirflokka í „reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund“ . Til að skýra þetta atriði ætti að breyta hönnun flæðiritsins. Til að leggja frekari áherslu á það ætti að breyta fyrirsögn færsluflokksins „eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir sem krafist er samkvæmt löggjöf“ í „prófanir samkvæmt löggjöf“. Koma ætti á fleiri minniháttar breytingum á hönnun flæðiritsins til að auka skýrleika.

2) Breytingar sem gerðar eru á flæðiriti ættu að endurspeglast í öðrum hluta II. viðauka við framkvæmdarákvörðun 2012/707/ESB, sem inniheldur ítarlegar leiðbeiningar.

3) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun 2012/707/ESB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 56. gr. tilskipunar 2010/63/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við framkvæmdarákvörðun 2012/707/ESB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 10, 15.1.2014, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 33.


([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012R/707/ESB frá 14. nóvember 2012 um sameiginlegt snið fyrir framlagningu upplýsinga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (Stjtíð. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 33).

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

A-HLUTI

FLÆÐIRIT MEÐ FÆRSLUFLOKKUM FYRIR TÖLFRÆÐILEG GÖGN SKV. 2. MGR. 54. GR.


Dýrategund
Húsamús (Mus musculus)
Brúnrotta (Rattus norvegicus)
Naggrís (Cavia porcellus)
Gullhamstur (Mesocricetus auratus)
Kínahamstur (Cricetulus griseus)
Mongólíuflökkurotta (Meriones unguiculatus)
Önnur nagdýr (önnur dýr af ættbálkinum Rodentia)
Evrópukanína (Oryctolagus cuniculus)
Húsköttur (Felis catus)
Hundur (taminn) (Canis familiaris)
Fretta (Mustela putorius furo)
Önnur rándýr (önnur dýr af ættbálkinum Carnivora)
Hestar, asnar og kynblendingar (Equidea)
Alisvín (Sus scrofa domesticus)
Geit (Capra aegagrus hircus)
Sauðkind (Ovis aries)
Nautgripur (Bos primigenius)
Hálfapar (Prosimia)
Silkiapar og skeggapar (t.d. silkiapi (Callithrix jacchus))
Krabbaloðapi (Macaca fascicularis)
Resusapi (Macaca mulatta)
Grænmarkettir (Chlorocebus spp. yfirleitt annað hvort C. pygerythrus eða C. sabaeus)
Bavíanar (Papio spp.)
Íkornapar (t.d. íkornapar Saimiri sciureus)
Aðrar tegundir prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna (aðrar tegundir Ceboidea og Cercopithecoidea)
Mannapar (Hominoidea)
Önnur spendýr (önnur dýr af flokknum Mammalia)
Alihænsn (Gallus gallus domesticus)
Aðrir fuglar (önnur dýr af flokknum Aves)
Skriðdýr (Reptilia)
Rana spp. (Rana temporaria og Rana pipiens)
Xenopus spp. (Xenopus laevis og Xenopus tropicalis)
Önnur froskdýr (önnur dýr af flokknum Amphibia)
Sebradanni (Danio rerio)
Aðrir fiskar (aðrir fiskar úr flokknum Pisces)
Smokkar (Cephalopoda)
Endurnotkun
Endurnotkun
JÁ
Prímati sem ekki er af ættkvísl manna?
NEI
Prímati sem ekki er af ættkvísl manna – uppruni
Dýr fædd hjá skráðum ræktanda innan Evrópusambandsins
Dýr fædd annars staðar í Evrópu
Dýr fædd í Asíu
Dýr fædd í Ameríku
Dýr fædd í Afríku
Dýr fædd annars staðar
Prímati sem ekki er af ættkvísl manna – kynslóð
F0
F1
F2 eða síðari
Sjálfbært sambú
Fæðingarstaður
Dýr fædd í Evrópusambandinu hjá skráðum ræktanda
Dýr fædd í Evrópusambandinu en ekki hjá skráðum ræktanda
Dýr fædd annars staðar í Evrópu
Dýr fædd annars staðar í heiminum
Erfðafræðileg staða
Ekki erfðabreytt
Erfðabreytt án skaðvænlegs svipfars
Erfðabreytt með skaðvænlegu svipfari
Ný erfðabreytt lína búin til
Dýr notuð til að búa til nýja erfðabreytta línu/stofn
Alvarleiki
Banvænar
Vægar (allt að og að meðtöldum)
Í meðallagi
Alvarlegar
Tilgangur
Grunnrannsóknir
Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir
Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla
Verndun náttúrulegs umhverfis til hagsmuna fyrir heilbrigði eða velferð manna eða dýra
LOK
Varðveisla tegunda
LOK
Æðri menntun eða þjálfun vegna öflunar, viðhalds eða umbóta á starfsfærni
LOK
Réttarlæknisfræðilegar rannsóknir
LOK
Viðhald sambúa viðurkenndra erfðabreyttra dýra sem eru ekki notuð í aðrar tilraunir
LOK

Grunnrannsóknir
Æxlafræði
Hjarta- og æðakerfi, blóð- og vessakerfi
Taugakerfi
Öndunarfæri
Meltingarkerfi, þ.m.t. lifur
Vöðva- og beinakerfi
Ónæmiskerfi
Þvag- og æxlunarfæri
Skynfæri (húð, augu og eyru)
Innkirtlakerfi/efnaskipti
Fjölkerfa
Atferlisfræði/atferli dýra/dýralífræði
Annað
LOK

Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir
Krabbamein í mönnum
Smitandi kvillar í mönnum
Hjarta- og æðakvillar í mönnum
Tauga- og geðraskanir í mönnum
Öndunarfærakvillar í mönnum
Kvillar í meltingarkerfi, þ.m.t. lifur, í mönnum
Kvillar í vöðva- og beinakerfi í mönnum
Raskanir í ónæmiskerfi í mönnum
Þvagfæra- og æxlunartruflanir í mönnum
Kvillar í skynfærum manna (húð, augu og eyru)
Kvillar í innkirtlakerfi/efnaskiptum í mönnum
Aðrir kvillar í mönnum
Sjúkdómar og kvillar í dýrum
Velferð dýra
Greining sjúkdóma
Plöntusjúkdómar
Eiturefnafræði og visteiturefnafræði sem er ekki reglufest
LOK

Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund
Gæðaeftirlit (þ.m.t. öryggis- og styrkleikaprófun á lotum)
Önnur prófun á verkun og vikmörkum
Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir, þ.m.t. í líflyfjafræði
Venjuleg framleiðsla

Prófanir samkvæmt löggjöf
Löggjöf um mannalyf
Löggjöf um dýralyf og efnaleifar þeirra
Löggjöf um lækningatæki
Löggjöf um íðefni til iðnaðarnota
Löggjöf um plöntuverndarvörur
Löggjöf um sæfiefni
Löggjöf um matvæli, þ.m.t. efnivið sem kemst í snertingu við matvæli
Löggjöf um fóður, þ.m.t. löggjöf um öryggi fyrir markdýr, starfsmenn og umhverfi
Löggjöf um snyrtivörur
Annað

Lagalegar kröfur
Löggjöf sem uppfyllir kröfur ESB
Löggjöf sem uppfyllir eingöngu landsbundnar kröfur (innan ESB)
Löggjöf sem uppfyllir eingöngu kröfur utan ESB
LOK

Gæðaeftirlit (þ.m.t. öryggis- og styrkleikaprófun á lotum)
Öryggisprófun á lotu
Prófun á sótthitavöldum
Styrkleikaprófun á lotu
Annað gæðaeftirlit

Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir eftir tegund prófunar
Aðferðir við prófun á bráðum eiturhrifum (af stökum skammti) (þ.m.t. markprófun)
Húðerting/húðæting
Húðnæming
Augnerting/augnæting
Eiturhrif við endurtekna skammta
Krabbameinsvaldandi áhrif
Erfðaeiturhrif
Eiturhrif á æxlun
Eiturhrif á þroskun
Taugaeiturhrif
Hvarfafræði (lyfjahvarfafræði, eiturhvarfafræði, brotthvarf leifa)
Lyfhrif (þ.m.t. öryggisliflyfjafræði)
Ljóseiturhrif
Visteiturhrif
Öryggisprófanir á svæðum fyrir matvæli og fóður
Öryggi fyrir markdýr
Annað

Visteiturhrif
Bráð eiturhrif
Langvinn eiturhrif
Eiturhrif á æxlun
Starfsemi innkirtla
Uppsöfnun í lífverum
Annað

Eiturhrif við endurtekna skammta
< og 28 dagar
29-90 dagar
> 90 dagar

Aðferðir við prófun á bráðum og meðalbráðum eiturhrifum
LD50, LC50
Aðrar banvænar aðferðir
Aðferðir sem ekki eru banvænar

Notkun á dýrum í reglubundna framleiðslu eftir vörutegund
Vörur sem eru að stofni til úr blóði
Einstofna mótefni
Annað

B-HLUTI

ÍTARLEGAR LEIÐBEININGAR UM FRAMLAGNINGU TÖLFRÆÐILEGRA GAGNA UM NOTKUN Á DÝRUM Í VÍSINDASKYNI SKV. 2. MGR. 54. GR.

SKÝRSLUSNIÐ FYRIR FRAMLAGNINGU UPPLÝSINGANNA SEM UM GETUR Í 1. MGR. 54. GR. TILSKIPUNAR 2010/63/ESB

1. Gögnin skulu færð inn við hverja notkun á dýri.

2. Þegar gögn um dýr eru færð inn þá er aðeins hægt að velja einn kost *innan* flokks.

3. Dýr sem aflífuð eru vegna líffæra eða vefja og vísbendidýr falla ekki undir ákvæðin um tölfræðileg gögn nema aflífunin sé framkvæmd samkvæmt leyfi fyrir verkefni með aðferð sem er ekki skráð í IV. viðauka eða ef inngrip hefur átt sér stað hjá dýrinu, fyrir aflífun, sem var yfir viðmiðunarmörkunum fyrir lágmarkssársauka, þjáningu, hræðslu og varanlegan skaða.

4. Umframdýr, sem eru aflífuð, eru ekki talin með í tölfræðilegu gögnunum að undanskildum erfðabreyttum dýrum sem hafa skaðvænlegt svipfar sem er tilætlað og sýnilegt.

5. Lirfur skulu teljast með þegar þær eru farnar að nærast sjálfar.

6. Fóstur og fósturvísar af spendýrategundum teljast ekki með; aðeins dýr sem fæðast, þ.m.t. með keisaraskurði, og lifa af skulu teljast með.

7. Þegar farið er fram yfir flokkunina „alvarlegar“, hvort sem fyrir því var leyfi eða ekki, skal greina á venjulegan hátt frá þessum dýrum og notkun þeirra, eins og hverri annarri notkun, og samkvæmt flokknum „alvarlegar“. Í hlutanum fyrir lýsingar aðildarríkisins skal setja athugasemdir sem taka til tegundanna, fjöldans, hvort fyrri undanþága var leyfð, upplýsinganna um notkunina og ástæðunnar fyrir því af hverju farið var fram yfir flokkunina „alvarlegar“.

8. Greina skal frá gögnunum fyrir það ár sem tilrauninni lýkur. Ef um er að ræða rannsóknir sem ná yfir tvö almanaksár er heimilt að gera grein fyrir öllum dýrunum á árinu sem síðustu tilrauninni lýkur *ef lögbært yfirvald hefur veitt leyfi fyrir undanþágunni frá árlegri skýrslugjöf*. Ef tilraunir vara lengur en í tvö almanaksár skal greina frá dýrunum það ár sem þau eru aflífuð eða drepast.

9. Ef flokkurinn „annað“ er notaður er skyldubundið að veita nánari upplýsingar í hlutanum fyrir lýsingar.

A. ERFÐABREYTT DÝR

1. Að því er varðar skýrslugjöf um tölfræði skal „erfðabreytt dýr“ ná yfir erfðabreytt dýr (genskeytt, gensvipt og með annars konar erfðafræðilegar breytingar) og dýr með náttúruleg eða framkölluð stökkbrigði.

2. Greint er frá erfðabreyttum dýrum þegar:

a) þau eru notuð til að búa til nýja línu,

b) þau eru notuð til að viðhalda viðurkenndri línu með tilætluðu *og* sýnilegu skaðvænlegu svipfari eða

c) þau eru notuð í öðrum (vísindalegum) tilraunum (þ.e. ekki búin til eða til að viðhalda línu).

3. Greina skal frá öllum dýrum *sem bera í sér erfðafræðilegu breytinguna* þegar verið er að búa til nýja línu. Að auki skal einnig greina frá þeim dýrum sem notuð eru við losa aukinn fjölda eggja (e. *superovulation*), til sáðrásarúrnáms eða hreiðrunar fósturvísis (hvort sem þau eru sjálf erfðabreytt eða ekki). Ekki skal greina frá erfðafræðilega eðlilegum dýrum (afkvæmi af villigerð) sem eru afrakstur þess að ný erfðabreytt lína var búin til.

4. Í flokknum „tilgangur“ skal greina frá dýrunum sem notuð eru til að *búa til* nýja erfðabreytta línu undir „grunnrannsóknir“ eða „yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir“ í þeim tiltekna flokki sem línan er búin til fyrir.

5. **Ný lína erfðabreyttra dýra telst „viðurkennd“** þegar yfirfærsla erfðafræðilegu breytinganna er orðin stöðug, sem er að lágmarki tvær kynslóðir, og þegar mati á velferð er lokið.

6. Með matinu á velferð er ákvarðað hvort vænta má að ný lína sem hefur verið búin til, hafi *tilætlað skaðvænlegt svipfar sem gert er ráð fyrir* og ef svo er skal greina frá dýrunum frá þeim tímapunkti undir flokknum „Viðhald sambúa viðurkenndra erfðabreyttra dýra sem eru ekki notuð í aðrar tilraunir“, eða undir öðrum tilraunum sem þau eru notuð í, ef við á. Ef niðurstaðan í matinu á velferð er sú að *ekki* megi vænta þess að línan fái skaðvænlegt svipfar fellur *ræktun* hennar utan gildissviðs tilraunar og því ekki lengur þörf að greina frá því.

7. „**Viðhald sambúa viðurkenndra erfðabreyttra dýra sem eru ekki notuð í aðrar tilraunir“** nær yfir dýrin sem þarf til að *viðhalda* sambúum viðurkenndra erfðabreyttra dýra af línum *með tilætluðu skaðvænlegu svipfari* og *sem hafa sýnt* merki um sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegan skaða vegna skaðvænlegu arfgerðarinnar. Ekki þarf að greina frá fyrirhuguðum tilgangi þess að viðhalda línunni.

8. **Greina skal frá öllum erfðabreyttum dýrum sem eru notuð í aðrar tilraunir** (ekki þegar erfðabreytt lína er búin til eða henni viðhaldið) samkvæmt viðkomandi tilgangi þeirra (á sama hátt og hjá dýrum sem eru ekki erfðabreytt). Þessi dýr geta sýnt skaðvænlegt svipfar eða ekki.

9. Greina skal frá erfðabreyttum dýrum, sem sýna skaðvænlegt svipfar og eru aflífuð vegna líffæra þeirra og vefja, samkvæmt viðkomandi megintilgangi með notkuninni á líffærunum/vefjunum.

B. GAGNAFLOKKAR

Hlutarnir hér fyrir neðan fylgja röð flokkanna og tilheyrandi fyrirsögnum í flæðiritinu.

1. **DÝRATEGUND**

i. Greina skal frá öllum tegundum smokka undir fyrirsögninni „smokkar“ frá því stigi þegar dýrið er farið að nærast sjálft, þ.e. strax eftir klak fyrir kraka og tígulsmokk og um sjö dögum eftir klak fyrir blekfisk.

ii. Fiskur skal talinn frá því stigi þegar hann er farinn að nærast sjálfur. Sebrafiskur sem haldið er við kjörræktunarskilyrði (u.þ.b. + 28 °C) skal talinn 5 dögum eftir frjóvgun.

iii. Vegna smæðar sumra fisk- og smokkategunda er hægt að byggja talningu á grundvelli mats.

2. **Endurnotkun**

i. Greina skal frá hverri notkun á dýri í lok hverrar tilraunar.

ii. Í tölfræðilegum upplýsingum kemur fram **fjöldi þeirra dýra sem hafa ekki verið notuð áður (e. *naïve animals*) og þá aðeins í tengslum við tegund þeirra og fæðingarstað.** Því er ekki greint frá „fæðingarstað“ dýra sem notuð eru aftur.

iii. Allir **síðari flokkar** munu sýna **hversu oft dýr eru notuð í tilraunum.** Því er ekki hægt að nota millivísun milli þessa fjölda og heildarfjölda dýranna sem hafa ekki verið notuð áður.

iv. Ekki er hægt að leiða fjölda dýra sem eru endurnotuð af gögnunum þar sem sum dýr geta verið endurnotuð oftar en einu sinni.

v. Greina skal frá raunþjáningum dýrsins meðan á tilrauninni stendur. Í sumum tilvikum getur fyrri notkun haft áhrif á þetta. Alvarleikinn eykst þó ekki alltaf við síðari notkun og minnkar jafnvel í sumum tilvikum (aðlögun). Því ætti að forðast að leggja sjálfvirkt saman alvarleikann úr fyrri notkun. Þetta ætti að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Endurnotkun eða áframhaldandi notkun

„Tilraun“ þýðir notkun á einu dýri í stöku vísinda-/tilrauna-/menntunar-/þjálfunarskyni. Stök notkun nær frá þeim tíma þegar fyrsta aðferðin er notuð á dýrið þar til gagnasöfnun er lokið, athuganir hafa verið gerðar eða menntunarlegum tilgangi er náð. Þetta er yfirleitt stök tilraun, stök prófun eða þjálfun í aðferð.

Stök tilraun getur náð yfir mörg þrep (aðferðir) sem eru öll nauðsynleg til að ná einni niðurstöðu og þar sem þörf er á að nota sama dýrið.

Endanlegur notandi skal greina frá *allri tilrauninni*, þ.m.t. öllum undirbúningi (óháð því hvar þetta á sér stað) og taka tillit til alvarleikans í tengslum við undirbúninginn.

Undirbúningur getur til dæmis verið með skurðaðgerðum (s.s. uppsetningu holnálar, ígræðslu vegna fjarmælingar, eggjastokkanám, vönun, dingulnám o.s.frv.) og án skurðaðgerða (s.s. fóðrun með breyttri fæðu, örvun sykursýki o.s.frv.). Það sama gildir um ræktun á erfðabreyttum dýrum, þ.e. þegar dýrið er notað í þeirri tilraun sem það er ætlað fyrir, þá skal endanlegi notandinn greina frá allri tilrauninni með tilliti til alvarleikans í tengslum við svipfarið. Sjá nánar í hlutanum um erfðabreytt dýr.

Ef dýr sem búið er að undirbúa er ekki notað í vísindaskyni af sérstökum ástæðum skal starfsstöðin sem undirbjó dýrið greina frá upplýsingunum um undirbúninginn sem sjálfstæða tilraun í tölfræðilegu upplýsingum, í samræmi við fyrirhugaðan tilgang, að því tilskildu að undirbúningur dýrsins hafi farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir lágmarkssársauka, hræðslu og varanlegan skaða.

3. **Fæðingarstaður**

Dýr fædd í Evrópusambandinu hjá skráðum ræktanda
Dýr fædd í Evrópusambandinu en ekki hjá skráðum ræktanda
Dýr fædd annars staðar í Evrópu
Dýr fædd annars staðar í heiminum

i. Uppruni byggir á fæðingarstað, þ.e. „fædd í “, en ekki á staðnum þar sem dýrin eru afhent.

ii. „Dýr fædd í Evrópusambandinu hjá skráðum ræktanda“ nær yfir dýr sem eru fædd hjá ræktendum sem hafa starfsleyfi og eru skráðir skv. 20. gr. tilskipunar 2010/63/ESB.

iii. „Dýr fædd í Evrópusambandinu en ekki hjá skráðum ræktanda“ nær yfir dýr sem eru ekki fædd hjá skráðum ræktanda, s.s. villt dýr, húsdýr (nema ræktandinn hafi starfsleyfi og sé skráður) og dýr sem falla undir undanþágur sem veittar eru skv. 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2010/63/ESB.

iv. „Dýr fædd annars staðar í Evrópu“ og „dýr fædd annars staðar í heiminum“ nær yfir öll dýr, hvort sem þau eru ræktuð hjá skráðum ræktunarstöðvum eða öðrum starfsstöðvum og nær yfir dýr sem hafa verið fönguð úti í náttúrunni.

4. **Prímati sem er ekki af ættkvísl manna — uppruni**

Dýr fædd hjá skráðum ræktanda innan Evrópusambandsins
Dýr fædd annars staðar í Evrópu
Dýr fædd í Asíu
Dýr fædd í Ameríku
Dýr fædd í Afríku
Dýr fædd annars staðar

Í þessari skýrslugjöf merkir:

i. „Dýr fædd annars staðar í Evrópu“ nær yfir dýr sem eru fædd í Tyrklandi, Rússlandi og Ísrael.

ii. „Dýr fædd í Asíu“ nær yfir dýr sem eru fædd í Kína.

iii. „Dýr fædd í Ameríku“ nær yfir dýr sem eru fædd í Norður-, Mið- og Suður-Ameríku.

iv. „Dýr fædd í Afríku“ nær yfir dýr sem eru fædd á Máritíus.

v. „Dýr fædd annars staðar“ nær yfir dýr sem eru fædd í Ástralasíu.

Veita skal lögbæra yfirvaldinu upplýsingar um uppruna dýranna sem skráð eru undir „dýr fædd annars staðar“ við framlagningu gagnanna.

5. **Prímati sem er ekki af ættkvísl manna — kynslóð**

F0
F1
F2 eða síðari
Sjálfbært sambú

i. Svo fremi að sambúið sé ekki sjálfbært skal greina frá dýrum sem eru fædd í því sambúi undir „F0“, „F1“, „F2 eða síðari“ samkvæmt kynslóð þeirra í móðurlínu.

ii. Þegar allt sambúið er orðið sjálfbært skal greina frá öllum dýrum sem eru fædd í því sambúi undir „sjálfbært sambú“, óháð kynslóð þeirra í móðurlínu.

6. **Erfðafræðileg staða**

Ekki erfðabreytt
Erfðabreytt án skaðvænlegs svipfars
Erfðabreytt með skaðvænlegu svipfari

i. „Ekki erfðabreytt“ nær yfir öll dýr sem hefur ekki verið erfðabreytt, þ.m.t. erfðafræðilega eðlileg undaneldisdýr sem notuð eru til að búa til nýja erfðabreytta dýralínu/stofn.

ii. „Erfðabreytt án skaðvænlegs svipfars“ nær yfir dýr sem notuð eru til að *búa til nýja línu*, sem bera í sér erfðafræðilegu breytinguna en sýna ekki skaðvænlegt svipfar og erfðabreytt dýr sem *notuð* eru í aðrar tilraunir (ekki búin til eða til viðhalds) en sýna ekki skaðvænlegt svipfar.

iii. „Erfðabreytt með skaðvænlegu svipfari“ felur í sér:

a) dýr notuð til að *búa til nýja línu* og sýna skaðvænlegt svipfar,

b) dýr notuð til að *viðhalda viðurkenndri línu* með tilætluðu skaðvænlegu svipfari og sýna skaðvænlegt svipfar og

c) erfðabreytt dýr sem eru *notuð* í aðrar tilraunir (ekki búin til eða til viðhalds) og sýna skaðvænlegt svipfar.

7. **Ný erfðabreytt lína búin til**

Dýr notuð til að búa til nýja erfðabreytta línu/stofn

„Dýr notuð til að búa til nýja erfðabreytta línu/stofn“ nær yfir dýr sem eru *notuð til að búa til* nýja erfðabreytta línu/stofn sem aðskilur þau frá öðrum dýrum sem notuð eru í „grunnrannsóknir“ eða „yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir“.

8. **Alvarleiki**

i. **Banvænar** — Greina skal frá dýrum í „banvænar“ ef þau hafa gengist undir tilraun sem er að öllu leyti gerð með svæfingu sem dýrið nær ekki meðvitund eftir.

ii. **Vægar (allt að og að meðtöldu)** - Greina skal frá dýrum í „vægar“ ef þau hafa gengist undir tilraun sem olli þeim allt að, og að meðtöldu, vægum sársauka, þjáningu eða hræðslu í stuttan tíma, og einnig ef ekki hefur verið marktæk skerðing á vellíðan eða almennu ástandi þeirra. ATH: Þetta skal einnig ná yfir öll dýr sem notuð eru í leyfðum verkefnum en sem ekki hafa sýnt merki um sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegan skaða sem jafngildir þeim er skapast af nálarstungu sem er í samræmi við góðar starfsvenjur í dýralækningum, að undanskildum dýrum sem þarf til að *viðhalda* sambúum erfðabreyttra dýra af viðurkenndum línum með *tilætluðu skaðvænlegu svipfari* og *hafa ekki sýnt merki um* sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegan skaða vegna skaðvænlegu arfgerðarinnar.

iii. **Í meðallagi** — Greina skal frá dýrum í „í meðallagi“ ef þau hafa gengist undir tilraunir sem valda þeim sársauka, þjáningu eða hræðslu í meðallagi og í stuttan tíma, eða langvarandi vægum sársauka, þjáningu eða hræðslu, sem og tilraunir sem höfðu í för með sér skerðingu í meðallagi á vellíðan eða almennu ástandi dýranna.

iv. **Alvarlegar** — Greina skal frá dýrum í „alvarlegar“ ef þau hafa gengist undir tilraunir sem valda þeim alvarlegum sársauka, þjáningu eða hræðslu, eða sársauka, þjáningu eða hræðslu sem er í meðallagi og langvarandi, sem og tilraunir sem hafa í för með sér mikla skerðingu á vellíðan eða almennu ástandi dýranna.

v. Ef farið er fram yfir flokkunina „alvarlegar“, hvort sem fyrir því var leyfi eða ekki, skal greina frá þessum dýrum og notkun þeirra almennt í „alvarlegar“. Í hlutanum fyrir lýsingar aðildarríkisins skal setja athugasemdir er taka til tegundanna, fjöldans, hvort fyrri undanþága var heimiluð, upplýsingarnar um notkunina og ástæðuna fyrir því af hverju farið var fram yfir í flokkuninni „alvarlegar“.

9. **Tilgangur**

Grunnrannsóknir
Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir
Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla
Verndun náttúrulegs umhverfis til hagsmuna fyrir heilbrigði eða velferð manna eða dýra
Varðveisla tegunda
Æðri menntun eða þjálfun vegna öflunar, viðhalds eða umbóta á starfsfærni
Réttarlæknisfræðilegar rannsóknir
Viðhald sambúa viðurkenndra erfðabreyttra dýra sem eru ekki notuð í aðrar tilraunir

i. Grunnrannsóknir

Grunnrannsóknir ná yfir grundvallarrannsóknir, þ.m.t. rannsóknir í lífeðlisfræði. Rannsóknir sem eru hannaðar til að afla þekkingar á eðlilegri og afbrigðilegri byggingu, virkni og atferli lífvera og umhverfis, þ.m.t. grundvallarrannsóknir í eiturefnafræði. Rannsóknir og greiningar þar sem lögð er áhersla á betri skilning á viðfangsefni, fyrirbæri eða grundvallarlögum náttúrunnar í stað tiltekinnar hagnýtrar notkunar á niðurstöðunum.

Greina skal frá dýrunum sem notuð eru til að búa til nýja erfðabreytta línu (þ.m.t. með blöndun tveggja lína), *sem ætluð eru til notkunar í grunnrannsókn* (t.d. þroskunarlíffræði, ónæmisfræði), *samkvæmt þeim tilgangi* sem þau eru búin til fyrir. Að auki ætti að greina frá þeim í „ný erfðabreytt lína búin til — dýr notuð til að búa til nýja erfðabreytta línu/stofn“.

Greina skal frá öllum dýrum sem bera í sér erfðafræðilegu breytinguna þegar verið er að búa til nýja línu. Hér skal einnig greina frá dýrum sem notuð eru til að búa hana til, t.d. látin losa aukinn fjölda eggja, til sáðrásarúrnáms eða hreiðrunar fósturvísis. Ekki skal greina frá afkvæmum sem eru ekki erfðabreytt (villigerð).

Nýr stofn eða ný lína erfðabreyttra dýra telst “viðurkennd” þegar yfirfærsla erfðafræðilegu breytinganna er orðin stöðug, sem er að *lágmarki* tvær kynslóðir, og þegar mati á velferð er lokið.

ii. Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir

Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir ná yfir dýr sem notuð eru í þeim tilgangi sem lýst er í b- og c-lið 5. gr. að undanskilinni allri reglufestri notkun á dýrum.

Þetta nær einnig yfir rannsóknir í eiturefnafræðum (e. *discovery toxicology*) og rannsóknir til undirbúnings reglufestri framlagningu og vegna aðferðaþróunar. Þetta nær ekki yfir rannsóknir sem krafist er í tengslum við reglufesta framlagningu.

Greina skal frá dýrunum sem notuð eru til að *búa til* nýja erfðabreytta línu (þ.m.t. með blöndun tveggja lína), *sem ætluð eru til notkunar* í yfirfærðum og hagnýtum rannsóknum (t.d. krabbameinsrannsóknum, þróun bóluefna), *samkvæmt þeim tilgangi* sem þau búin til fyrir. Að auki ætti að greina frá þeim í „ný erfðabreytt lína búin til — dýr notuð til að búa til nýja erfðabreytta línu/stofn“.

Greina skal frá öllum dýrum sem bera í sér erfðafræðilegu breytinguna þegar verið er að búa til nýja línu. Hér skal einnig greina frá dýrum sem notuð eru til að búa hana til, t.d. látin losa aukinn fjölda eggja, til sáðrásarúrnáms eða hreiðrunar fósturvísis. Ekki skal greina frá afkvæmum sem eru ekki erfðabreytt (villigerð).

Nýr stofn eða ný lína erfðabreyttra dýra telst „viðurkennd” þegar yfirfærsla erfðafræðilegu breytinganna er orðin stöðug, sem er *að lágmarki* tvær kynslóðir, og þegar mati á velferð er lokið.

iii. Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund

Notkun á dýrum í tilraunum sem gerðar eru með það fyrir augum að uppfylla lagaskilyrði varðandi framleiðslu vara/efna, setningu þeirra á markað og viðhald þeirra þar, þ.m.t. öryggis- og áhættumat fyrir matvæli og fóður. Þetta nær yfir prófanir sem gerðar eru á vörum/efnum, sem á endanum hafa ekki verið lögð fram með reglufestum hætti, ef þessar prófanir hefðu verið hafðar með í reglufestu framlagningunni ef reglufest framlagning hefði átt sér stað (þ.e. prófanir á þessum vörum/efnum sem ná ekki til loka þróunarferlisins).

Þetta nær einnig yfir dýr sem notuð eru í framleiðsluferli vara ef það framleiðsluferli krefst stjórnsýslusamþykkis (t.d. ættu dýr sem notuð eru við framleiðslu á lyfjum, sem eru að stofni til úr sermi, að falla undir þennan flokk).

Prófunin á verkun, á meðan á þróun nýrra lyfja stendur, fellur ekki hér undir og ætti að greina frá henni undir flokknum „yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir“.

iv. Verndun náttúrulegs umhverfis til hagsmuna fyrir heilbrigði eða velferð manna eða dýra

Þetta nær yfir rannsóknir sem miða að rannsókn og skilningi á fyrirbærum, s.s. umhverfismengun og tapi líffræðilegrar fjölbreytni, auk faraldsfræðilegra rannsókna á villtum dýrum.

Þetta nær ekki yfir reglufesta notkun á dýrum í visteiturefnafræðilegum tilgangi.

v. Æðri menntun eða þjálfun vegna öflunar, viðhalds eða umbóta á starfsfærni

Þetta nær yfir þjálfun til að afla og viðhalda hagnýtri tæknilegri getu eins og krafist er skv. 2. mgr. 23. gr.

vi. Viðhald sambúa viðurkenndra erfðabreyttra dýra sem eru ekki notuð í aðrar tilraunir

Þetta felur í sér fjölda þeirra dýra sem þarf til að *viðhalda* sambúum erfðabreyttra dýra af viðurkenndum línum *með tilætluðu skaðvænlegu svipfari* og sem hafa sýnt merki um sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegan skaða vegna skaðvænlegu arfgerðarinnar. Ekki þarf að greina frá fyrirhuguðum tilgangi þess að rækta línuna.

Þetta útilokar öll dýr sem þarf til að *búa til* nýja erfðabreytta línu og dýr sem eru notuð í aðrar tilraunir (aðrar en þær sem tengjast því að búa til/rækta).

10. **Grunnrannsóknir**

Æxlafræði
Hjarta- og æðakerfi, blóð- og vessakerfi
Taugakerfi
Öndunarfæri
Meltingarkerfi, þ.m.t. lifur
Vöðva- og beinakerfi
Ónæmiskerfi
Þvag- og æxlunarfæri
Skynfæri (húð, augu og eyru)
Innkirtlakerfi/efnaskipti
Fjölkerfa
Atferlisfræði/atferli dýra/dýralíffræði
Annað

i. Æxlafræði

Hér skal greina frá öllum rannsóknum varðandi æxlafræði, óháð markkerfi.

ii. Taugakerfi

Þessi flokkur nær yfir taugavísindi, rannsóknir á mið- eða úttaugakerfi, sálfræði.

iii. Skynfæri (húð, augu og eyru)

Greina skal frá rannsóknum á nefi undir „öndunarfæri“ og þeim sem gerðar eru á tungu undir „meltingarkerfi, þ.m.t. lifur“.

iv. Fjölkerfa

Þetta ætti aðeins að ná yfir rannsóknir þar sem áhuginn beinist aðallega að fleiri en einu kerfi, t.d. rannsókn á tilteknum smitsjúkdómum, og nær ekki yfir æxlafræði.

v. Flokkurinn „atferlisfræði/atferli dýra/dýralíffræði“ nær bæði yfir rannsóknir á dýrum úti í náttúrunni og haldin dýr með það að meginmarkmiði að fræðast meira um þá tilteknu tegund.

vi. Annað

Rannsóknir sem tengjast ekki líffæri/kerfi sem talið er upp hér á undan eða eru ekki líffæris-/kerfissértækar.

vii. Athugasemdir

Greina skal frá dýrum sem eru notuð vegna framleiðslu og viðhalds á sýklum, genaferjum og æxlum, dýrum sem eru notuð vegna annars líffræðilegs efnis og dýrum sem eru notuð vegna framleiðslu á fjölstofnamótefni í yfirfærðum og hagnýtum rannsóknum, en að undanskilinni framleiðslu einstofna mótefna í kviðarholsvökva (sem fellur undir flokkinn „reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund“), í viðeigandi reitum í flokkunum „grunnrannsóknir“ eða „yfirfærðar eða hagnýtar rannsóknir“. Tilgangur rannsóknanna þarf að vera vandlega ákvarðaður því allar færslur undir þessum tveimur flokkum gætu átt við og eingöngu skal greina frá megintilganginum.

11. **Yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir**

Krabbamein í mönnum
Smitandi kvillar í mönnum
Hjarta- og æðakvillar í mönnum
Tauga- og geðraskanir í mönnum
Öndunarfærakvillar í mönnum
Kvillar í meltingarkerfi, þ.m.t. í lifur, í mönnum
Kvillar í vöðva- og beinakerfi í mönnum
Raskanir í ónæmiskerfi í mönnum
Þvagfæra- og æxlunartruflanir í mönnum
Kvillar í skynfærum manna (húð, augu og eyru)
Kvillar í innkirtlakerfi/efnaskiptum í mönnum
Aðrir kvillar í mönnum
Sjúkdómar og kvillar í dýrum
Velferð dýra
Greining sjúkdóma
Plöntusjúkdómar
Eiturefnafræði og visteiturefnafræði sem er ekki reglufest

i. Greina skal frá hagnýtum rannsóknum á *krabbameini í mönnum* og *smitandi kvillum í mönnum* óháð markkerfinu.

ii. Ekki skal greina frá reglufestri notkun á dýrum, t.d. reglufestum rannsóknum á krabbameinsvaldandi áhrifum.

iii. Greina skal frá rannsóknum á kvillum í nefi undir „öndunarfærakvillar í mönnum“ og á þeim sem tilheyra tungunni undir „kvillar í meltingarkerfi, þ.m.t. lifur, í mönnum“.

iv. Greining sjúkdóma nær yfir dýr sem notuð eru í beinni greiningu sjúkdóma, s.s. hundaæði og bótúlisma, en ekki þau sem falla undir reglufesta notkun.

v. Eiturefnafræði sem er ekki reglufest nær einnig yfir rannsóknir í eiturefnafræðum (e. *discovery toxicology)* og rannsóknir til að undirbúa reglufesta framlagningu og aðferðaþróun. Þessi flokkur nær ekki yfir rannsóknir sem krafist er í tengslum við reglufesta framlagningu (forrannsóknir, hámarksþolsskammtur (MTD)).

vi. Velferð dýra skal ná yfir rannsóknir skv. iii.-lið b-liðar 5. gr. tilskipunar 2010/63/ESB.

vii. Athugasemdir

Greina skal frá dýrum sem eru notuð vegna framleiðslu og viðhalds á sýklum, genaferjum og æxlum, dýrum sem eru notuð vegna annars líffræðilegs efnis og dýrum sem eru notuð vegna framleiðslu á fjölstofnamótefni í yfirfærðum og hagnýtum rannsóknum, en að undanskilinni framleiðslu einstofna mótefna í kviðarholsvökva (sem fellur undir flokkinn „reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund“), í viðeigandi reitum í flokkunum „grunnrannsóknir“ eða „yfirfærðar eða hagnýtar rannsóknir“. Tilgangur rannsóknanna þarf að vera vandlega ákvarðaður því allar færslur undir þessum tveimur flokkum gætu átt við og eingöngu skal greina frá megintilganginum.

12. **Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla**

i. Notkun á dýrum í tilraunum sem gerðar eru með það fyrir augum að uppfylla lagaskilyrði varðandi framleiðslu vara/efna, setningu þeirra á markað og viðhald þeirra þar, þ.m.t. öryggis- og áhættumat fyrir matvæli og fóður.

ii. Þetta nær yfir prófanir sem gerðar eru á vörum/efnum, sem hafa ekki verið lögð fram með reglufestum hætti (þ.e. prófanir á þessum vörum/efnum sem gert var ráð fyrir reglufestri framlagningu á, sem þróunaraðilinn telur á endanum óhentug fyrir markaðinn og nái því ekki til loka þróunarferlisins).

iii. Þessi flokkur nær einnig yfir dýr sem notuð eru í framleiðsluferli vöru ef það framleiðsluferli krefst stjórnsýslusamþykkis (t.d. ættu dýr sem notuð eru við framleiðslu á lyfjum, sem eru að stofni til úr sermi, að falla undir þennan flokk).

13. **Reglufest notkun og venjubundin framleiðsla eftir tegund**

Gæðaeftirlit (þ.m.t. öryggis- og styrkleikaprófun á lotum)
Önnur prófun á verkun og vikmörkum
Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir, þ.m.t. í líflyfjafræði
Venjubundin framleiðsla

i. Prófun á verkun á meðan á þróun nýrra lyfja stendur fellur ekki hér undir og ætti að greina frá henni undir flokknum „yfirfærðar og hagnýtar rannsóknir“.

ii. Gæðaeftirlit nær yfir dýr sem eru notuð til að prófa hreinleika, stöðugleika, verkun, styrk og aðra mæliþætti vegna gæðaeftirlits fyrir lokaafurðina og innihaldsefni hennar, og annað eftirlit vegna skráningar sem fram fer meðan á framleiðsluferlinu stendur, til að uppfylla aðrar landsbundnar eða alþjóðlegar kröfur eða til samræmis við þá stefnu sem gildir hjá framleiðandanum. Þetta nær yfir prófun á sótthitavöldum.

iii. Önnur prófun á verkun og vikmörkum Prófun á verkun sæfiefna og varnarefna fellur undir þennan flokk ásamt prófun á vikmörkum aukefna í fóðri.

iv. Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir (þ.m.t. öryggismat á vörum og búnaði til lækninga og tannlækninga fyrir menn og til dýralækninga) ná yfir rannsóknir sem gerðar eru á vörum eða efnum til að ákvarða möguleikann á hættulegum eða óæskilegum áhrifum af þeim á menn eða dýr vegna notkunar, tilætlaðrar eða óeðlilegrar, framleiðslu eða sem möguleg eða raunveruleg aðskotaefni í umhverfinu.

v. Venjubundin framleiðsla nær yfir framleiðslu einstofna mótefna (í kviðarholsvökva) og blóðafurðir, þ.m.t. fjölstofna mótsermi, með viðurkenndum aðferðum. Þetta nær ekki yfir ónæmisaðgerðir á dýrum vegna framleiðslu frumublendinga sem skal skrá undir grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir undir viðeigandi flokki.

14. **Prófanir samkvæmt löggjöf**

Löggjöf um mannalyf
Löggjöf um dýralyf og efnaleifar þeirra
Löggjöf um lækningatæki
Löggjöf um íðefni til iðnaðarnota
Löggjöf um plöntuverndarvörur
Löggjöf um sæfiefni
Löggjöf um matvæli, þ.m.t. efnivið sem kemst í snertingu við matvæli
Löggjöf um fóður, þ.m.t. löggjöf um öryggi fyrir markdýr, starfsmenn og umhverfi
Löggjöf um snyrtivörur
Annað

i. Skrá skal lagalegu kröfurnar í samræmi við *fyrirhugaða meginnotkun*.

ii. Vatnsgæði; ef þau t.d. varða kranavatn skal greina frá þeim undir löggjöf um matvæli.

15. **Lagalegar kröfur**

Löggjöf sem uppfyllir kröfur ESB
Löggjöf sem uppfyllir eingöngu landsbundnar kröfur (innan ESB)
Löggjöf sem uppfyllir eingöngu kröfur utan ESB

i. Í þessum flokki er hægt að skilgreina umfang samræmingar mismunandi lagalegra krafna. Ákvörðunarþátturinn er ekki *hver* óskar eftir að prófunin verði framkvæmd heldur að hvaða löggjöf er farið, og mesta umfang samræmingar hefur forgang.

ii. Þegar landslöggjöf leiðir af löggjöf ESB skal eingöngu velja „löggjöf sem uppfyllir kröfur ESB“.

iii. „Löggjöf sem uppfyllir kröfur ESB“ nær einnig yfir allar alþjóðlegar kröfur sem á sama tíma uppfylla kröfur ESB (s.s. prófanir í samræmi við viðmiðunarreglur alþjóðaráðstefnunnar um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu mannalyfja (ICH), alþjóðasamvinnunnar um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu dýralyfja (VICH) og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) ásamt gæðalýsingu efna í Evrópsku lyfjaskránni).

iv. „Löggjöf sem uppfyllir eingöngu landsbundnar kröfur (innan ESB)“ skal aðeins velja þegar prófunin er framkvæmd til að uppfylla kröfur eins eða fleiri aðildarríkja en það þarf ekki endilega að vera það aðildarríki þar sem starfið fer fram. Jafngildar kröfur er þó ekki að finna í ESB.

v. „Löggjöf sem uppfyllir eingöngu kröfur utan ESB“ skal velja ef engar jafngildar kröfur er að finna um að framkvæma prófunina til að uppfylla kröfur ESB.

16. **Gæðaeftirlit (þ.m.t. öryggis- og styrkleikaprófun á lotum)**

Öryggisprófun á lotu
Prófun á sótthitavöldum
Styrkleikaprófun á lotu
Annað gæðaeftirlit

Öryggisprófun á lotu nær ekki yfir prófun á sótthitavöldum. Greint er frá þeim undir sérstökum flokki, „prófun á sótthitavöldum“.

17. **Eiturhrifaprófanir og aðrar öryggisprófanir eftir tegund prófunar**

Aðferðir við prófun á bráðum eiturhrifum (af stökum skammti) (þ.m.t. markprófun)
Húðerting/húðæting
Húðnæming
Augnerting/augnæting
Eiturhrif við endurtekna skammta
Krabbameinsvaldandi áhrif
Erfðaeiturhrif
Eiturhrif á æxlun
Eiturhrif á þroskun
Taugaeiturhrif
Hvarfafræði (lyfjahvarfafræði, eiturhvarfafræði, brotthvarf leifa)
Lyfhrif (þ.m.t. öryggislíflyfjafræði)
Ljóseiturhrif
Visteiturhrif
Öryggisprófanir á svæðum fyrir matvæli og fóður
Öryggi fyrir markdýr
Annað

i. Rannsóknir á ónæmiseiturhrifum skulu falla undir „eiturhrif við endurtekna skammta“.

ii. Hvarfafræði (lyfjahvarfafræði, eiturefnahvarfafræði, brotthvarf leifa): ef eiturefnahvörf eru hluti af reglufestri rannsókn á eiturhrifum við endurtekna skammta skal greina frá þeim undir „eiturhrif við endurtekna skammta“.

iii. „Öryggisprófanir á svæðum fyrir matvæli og fóður“ ná yfir prófanir á drykkjarvatni (þ.m.t. öryggisprófun á markdýri).

iv. „Öryggi fyrir markdýr“ er prófun til að tryggja að hægt sé að nota vöru fyrir tiltekið dýr með öruggum hætti á þær tegundir (að undanskilinni öryggisprófun á lotu sem fellur undir gæðaeftirlit).

18. **Aðferðir við prófun á bráðum og meðalbráðum eiturhrifum**

LD50, LC50
Aðrar banvænar aðferðir
Aðferðir sem eru ekki banvænar

19. **Eiturhrif við endurtekna skammta**

< og 28 dagar
29–90 dagar
> 90 dagar

20. **Notkun á dýrum í reglubundna framleiðslu eftir vörutegund**

Vörur sem eru að stofni til úr blóði
Einstofna mótefni
Annað

21. **Visteiturhrif**

Bráð eiturhrif
Langvinn eiturhrif
Eiturhrif á æxlun
Starfsemi innkirtla
Uppsöfnun í lífverum
Annað

C. LÝSING AÐILDARRÍKIS

1. Almennar upplýsingar um allar breytingar á leitni sem eru merkjanlegar frá fyrra skýrslutímabili.

2. Upplýsingar um umtalsverða aukningu eða minnkun í notkun á dýrum á einu af tilteknu sviðunum og greining á ástæðunum fyrir því.

3. Upplýsingar um allar breytingar á leitni varðandi stig alvarleika í raun og greiningar á ástæðunum fyrir þeim.

4. Sérstök viðleitni til að stuðla að meginreglum um staðgöngu, fækkun og mildun og hugsanleg áhrif hennar á tölfræðilegar upplýsingar.

5. Nánari sundurliðun varðandi notkun á flokkunum „annað“ ef greint er frá umtalsverðum hluta notkunar á dýrum undir þessum flokki.

6. Nákvæmar upplýsingar um tilvik þar sem farið er fram yfir flokkunina „alvarlegar“, hvort sem fyrir því var leyfi eða ekki, sem taka til tegundanna, fjöldans, hvort fyrri undanþága var heimiluð, upplýsinganna um notkunina og ástæðnanna fyrir því af hverju farið var fram yfir flokkunina „alvarlegar“.“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/74/84

frá 26. júní 2014

um snið fyrir skýrslugjöf um landsáætlanir til framkvæmdar á tilskipun ráðsins 91/271/EBE

(tilkynnt með númeri C(2014) 4208)

(2014/431/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli ([1]), einkum 4. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðildarríkin þurfa að taka saman skýrslur um landsáætlanir sínar um framkvæmd tilskipunar 91/271/EBE og skulu, ef nauðsyn krefur, leggja fyrir framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 30. júní annað hvert ár, uppfærðar upplýsingar á grundvelli sniða sem framkvæmdastjórnin útbýr.

2) Sambandið hefur einsett sér að hámarka ávinning af umhverfislöggjöf Sambandsins með því að bæta framkvæmd, þ.m.t. með því að tryggja að almenningur hafi aðgang að skýrum upplýsingum sem sýna hvernig löggjöfin er framkvæmd. Setja ætti upp á landsvísu kerfi sem dreifa slíkum upplýsingum á virkan hátt og þeim til viðbótar ætti að taka saman yfirlit á vettvangi Sambandsins yfir frammistöðu einstakra aðildarríkja ([2]).

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um borgaralegt frumkvæði Evrópubúa, „Vatn og hreinlæti eru mannréttindi! Vatn er almannagæði, ekki verslunarvara“ ([3]) skuldbindur hún sig til að gera upplýsingar um skólp frá þéttbýli aðgengilegri fyrir borgarana, einkum með hagkvæmari og gagnsærri gagnastjórnun og miðlun.

4) Þær breytingar sem eru innleiddar með þessari ákvörðun byggja á tilraunaverkefni um að koma á skipulegum ramma um framkvæmd og upplýsingar sem hluta af viðleitni framkvæmdastjórnarinnar til að þróa einfaldan, skýran, stöðugan og fyrirsjáanlegan regluramma fyrir fyrirtæki, launafólk og borgara með það að markmiði að draga úr stjórnsýslubyrði og auka gagnsæi ([4]).

5) Endurskoða þarf sniðin, sem voru samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/481/EBE ([5]), með tilliti til þess að þörf er á einföldun og auknu gagnsæi, minnkun stjórnsýslubyrðar og nýrri nálgun að gagnastjórnun og skýrslugjöf. Því ætti að skipta þeirri ákvörðun úr.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar 91/271/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Snið fyrir skýrslugjöf um landsáætlanir til framkvæmdar á tilskipun 91/271/EBE, sem kveðið er á um í viðaukanum, eru samþykkt.

2. gr.

Ákvörðun 93/481/EBE er felld úr gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 197, 4.7.2014, bls. 77. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

([2]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

([3]) COM(2014) 177, lokagerð.

([4]) COM(2012) 746, lokagerð.

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/481/EBE frá 28. júlí 1993 varðandi fyrirmyndir að eyðublöðum vegna kynningar á innanlandsáætlunum eins og kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar ráðsins 91/271/EBE (Stjtíð. EB L 226, 7.9.1993, bls. 23).

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

ÁÆTLUN UM FRAMKVÆMD TILSKIPUNAR 91/271/EBE

Tafla 1

Grunnupplýsingar

Aðildarríki:	
Dagsetning skýrslugjafar:	
Viðmiðunardagsetning sem er notuð til að auðkenna tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum eða eindaga sem beðið er (tafla 2 og 3):	
Nafn tengiliðar vegna skýrslugjafar ([1]):	
Stofnun:	
Gata:	
Póstnúmer:	
Borg:	
Símanúmer:	
Tölvupóstfang:	
Aðrar athugasemdir:	

([1]) Persónuupplýsingar (nafn, símanúmer o.s.frv.) verða skráðar skv. b-lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

Aðildarríki:

Tafla 2

A — Safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi (IAS) ([1]) þéttbýlisstaða með 2000 persónueiningum eða fleiri þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum á viðmiðunardegi

Grunngögn varðandi þéttbýlisstaðinn				Ráðstöfun eða ráðstafanir vegna safnræsa og sjálfstæðra kerfa/hagnýtra kerfa skv. 3. gr.							
Auðkenni þéttbýlisstaðarins ([2])	Heiti þéttbýlisstaðarins	Staða þéttbýlisstaðarins	Tilgreind ástæða eða ástæður fyrir því að ekki er farið að tilskildum ákvæðum	Ráðstöfun eða ráðstafanir sem fyrirséðar eru til að ná að fara að ákvæðum 3. gr. (safnræsi og sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi)	Dagsetning eða áætluð dagsetning þegar lokið verður við undirbúningsráðstafanir vegna safnræsis eða sjálfstæðs kerfis/ hagnýts kerfis (skipulagning, hönnun, innkaup, samþykki eins og krafist er á vettvangi aðildarríkjanna o.s.frv.) ([3])	Upphafsdagsetning eða áætluð upphafsdagsetning vinnu við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi	Áætluð dagsetning þegar vinnu við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi lýkur	Fjárfestingarkostnaðarspá fyrir safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi (eins og í landsáætlun)	Heiti ESB-sjóðs sem fyrirhugað er að nota til að ljúka við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi (ef einhver er) ([4])	Fjárhæð (fyrirhugaðs) ESB-fjármagns sem líklegt er að óskað verði eftir til að ljúka við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi (ef einhver er)	Athugasemdir um safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi sem skipta máli
		Ekki farið að tilskildum ákvæðum			(mm/áááá)	(mm/áááá)	(mm/áááá)	Evrur		Evrur	
		Ekki farið að tilskildum ákvæðum									
		Ekki farið að tilskildum ákvæðum									

([1]) Sjálfstæð kerfi eða hagnýt kerfi (1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar).
([2]) Sama auðkenni þéttbýlisstaðar og er notað vegna skýrslugjafar skv. 4. mgr. 15. gr.
([3]) Einungis nauðsynlegt ef lagning safnræsis eða sjálfstæðs kerfis/hagnýts kerfis er ekki hafin á viðmiðunardegi.
([4]) Til dæmis Byggðaþróunarsjóður Evrópu (ERDF), Samheldnisjóður (CF), lán frá Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB), lán frá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), sjóður fyrir umhverfisvernd og orkunýtni (EPEEF), Félagsmálasjóður Evrópu (ESF), ...

B — Safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi þéttbýlisstaða með 2000 persónueiningum eða fleiri þar sem um var að ræða eindaga sem beðið var ([1]) á viðmiðunardegi

Grunngögn varðandi þéttbýlisstaðinn			Ráðstöfun eða ráðstafanir vegna safnræsa eða sjálfstæðra kerfa/hagnýtra kerfa skv. 3. gr.							
Auðkenni þéttbýlisstaðar ([2])	Heiti þéttbýlisstaðarins	Staða þéttbýlisstaðarins	Ráðstöfun eða ráðstafanir sem fyrirséðar eru til að ná að fara að ákvæðum 3. gr. (safnræsi og sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi)	Dagsetning eða áætluð dagsetning þegar lokið verður við undirbúningsráðstafanir vegna safnræsis eða sjálfstæðs kerfis/hagnýts kerfis (skipulagning, hönnun, innkaup, samþykki eins og krafist er á vettvangi aðildarríkjanna o.s.frv.) ([3])	Upphafsdagsetning eða áætluð upphafsdagsetning vinnu við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi	Áætluð dagsetning þegar vinnu við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi lýkur	Fjárfestingar-kostnaðarspá fyrir safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi (eins og í landsáætlun)	Heiti ESB-sjóðs sem fyrirhugað er að nota til að ljúka við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi (ef einhver er) ([4])	Fjárhæð (fyrirhugaðs) ESB-fjármagns sem líklegt er að óskað verði eftir til að ljúka við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi (ef einhver er)	Athugasemdir um safnræsi eða sjálfstæð kerfi/ hagnýt kerfi sem skipta máli
		Eindagar sem beðið er		(mm/áááá)	(mm/áááá)	(mm/áááá)	Evrur		Evrur	
		Eindagar sem beðið er								
		Eindagar sem beðið er								

([1]) Þar með taldir eindagar sem eru ákveðnir með aðildarsáttmálum
([2]) Sama auðkenni þéttbýlisstaðar og er notað vegna skýrslugjafar skv. 4. mgr. 15. gr.
([3]) Einungis nauðsynlegt ef lagning safnræsis eða sjálfstæðs kerfis/hagnýts kerfis er ekki hafin á viðmiðunardegi.
([4]) Til dæmis Byggðaþróunarsjóður Evrópu (ERDF), Samheldnisjóður (CF), lán frá Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB), lán frá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), sjóður fyrir umhverfisvernd og orkunýtni (EPEEF), Félagsmálasjóður Evrópu (ESF), ...

Aðildarríki:

Tafla 3

A —Skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli á þéttbýlisstöðum með 2000 persónueiningum eða fleiri þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum á viðmiðunardegi ([1])

Grunngögn varðandi skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli						Ráðstöfun eða ráðstafanir varðandi skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli skv. 4., 5. og 7. gr. ([2])											
Auðkenni skólp-hreins-istöðva fyrir þéttbýli ([3])	Heiti skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli	Auðkenni þéttbýlisstaðar eða -staða sem fá þjónustu	Heiti þéttbýlisstaðar eða -staða sem fá þjónustu	Staða skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli	Tilgreind ástæða eða ástæður fyrir því að ekki er farið að tilskildum ákvæðum	Ráðstafanir til að ná reglufylgni sem þörf er á vegna skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli	Magn sem kemur inn í skólp-hreinsi-stöðvar fyrir þéttbýli á þeim degi sem áætlað er að farið sé að tilskildum ákvæðum (eins og fyrirhugað er)	Lífræn hönn-unargeta skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (eins og fyrir-hugað er)	Tegund með-höndlunar skólphreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (eins og fyrirhugað er)	Dagsetning eða áætluð dagsetning þegar lokið verður við undirbún-ingsráð-stafanir (skipulagn-ing, hönnun o.s.frv.) ([4])	Dagsetn-ing eða áætluð upphafs-dagsetn-ing verks	Dagsetn-ing eða áætluð dagsetn-ing verk-loka	Dagsetn-ing þegar áætlað er að farið sé að til-skildum ákvæðum (sýnataka í 12 mán-uði)	Kostn-aðarspá vegna fjárfest-inga sem þörf er á vegna skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (eins og í lands-áætlun)	Heiti ESB-sjóðs sem fyrirhugað er að nota (ef einhver er) ([5])	Upphæð (fyrir-hugaðrar) ESB-fjár-mögnunar sem þörf er á	Viðeig-andi athuga-semdir um skólp-hreinsi-stöðvar fyrir þéttbýli
				Ekki farið að til-skildum ákvæðum	Til dæmis ófullnægjandi hönnun/ úrelding/nýjar kröfur/aukið magn/röng starfræksla/..		Persónu-einingar	Persónu-einingar	1, 2, 3-N, 3-P, 3-ör-verufræði, 3-annað	(mm/áááá)	(mm/ áááá)	(mm/ áááá)	(mm/ áááá)	Evrur		Evrur	
				Ekki farið að til-skildum ákvæðum													
				Ekki farið að til-skildum ákvæðum													

([1]) Samkvæmt tilskipuninni er ekki gerð krafa um upplýsingar varðandi einstakar stöðvar á þéttbýlisstöðum með fleiri en 10 000 persónueiningum, að því er varðar að köfnunarefni eða fosfór er ekki fjarlægður, vegna viðkvæmra svæða ef unnt er að sýna fram á að lágmarkshundraðshluti minnkunar á heildarmagni sem fer inn í allar skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli á viðkomandi svæði sé a.m.k. 75% fyrir heildarfosfór og a.m.k. 75% fyrir heildarköfnunarefni á viðmiðunardegi.

([2]) Ákvæði 7. gr. vísa einungis til þéttbýlisstaða með færri en 10 000 persónueiningar sem losa í strandsjó.

([3]) Sama auðkenni skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli og er notað vegna skýrslugjafar skv. 4. mgr. 15. gr.

([4]) Einungis nauðsynlegt ef bygging skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli er ekki hafin á viðmiðunardegi.

([5]) Til dæmis Byggðaþróunarsjóður Evrópu (ERDF), Samheldnisjóður (CF), lán frá Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB), lán frá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), sjóður fyrir umhverfisvernd og orkunýtni (EPEEF), Félagsmálasjóður Evrópu (ESF), ...

B —Skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli á þéttbýlisstöðum með 2000 persónueiningum eða fleiri þar sem um var **að ræða eindaga sem beðið var** (1) á **viðmiðunardegi** (2)

Grunngögn varðandi skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli						Ráðstafanir varðandi skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli skv. 4., 5. og 7. gr.										
Auðkenni skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (3)	Heiti skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli	Auðkenni þéttbýlisstaðar eða -staða sem fá þjónustu	Heiti þéttbýlis-staðar eða -staða sem fá þjónustu	Staða skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli	Ráðstafanir til að ná reglufylgni sem þörf er á vegna skólphreini-stöðva fyrir þéttbýli	Magn sem kemur inn í skólp-hreinsi-stöðvar fyrir þétt-býli á þeim degi sem áætlað er að farið sé að tilskildum ákvæðum (eins og fyrirhugað er)	Líffræn hönnunar-geta skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (eins og fyrirhugað er)	Tegund með-höndlunar skólphreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (eins og fyrir-hugað er)	Áætluð dagsetn-ing þegar undirbún-ingsráð-stöfunum (skipulagn-ing, hönnun o.s.frv.) lýkur (4)	Dagsetning eða áætluð upphafs-dagsetning verks	Dagsetning eða áætluð dagsetning verkloka	Dagsetning þegar áætlað er að farið sé að tilskildum ákvæðum (sýnataka í 12 mánuði)	Kostnaðar-spá vegna fjárfestinga sem þörf er á vegna skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (eins og í lands-áætlun)	Heiti ESB-sjóðs sem fyrirhugað er að nota vegna skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (ef einhver er) (5)	Upphæð (fyrirhug-aðrar) ESB-fjármögn-unar sem þörf er á	Viðeigandi athuga-semdir um skólp-hreinsi-stöðvar fyrir þétt-býli
				Eindagar sem beðið er		Persónu-einingar	Persónu-einingar	1, 2, 3-N, 3-P, 3-ör-verufræði, 3-annað	(mm/áááá)	(mm/áááá)	(mm/áááá)	(mm/áááá)	Evrur		Evrur	
				Eindagar sem beðið er												
				Eindagar sem beðið er												

(1) Þar með taldir eindagar sem eru ákveðnir með aðildarsáttmálum eða með skilgreiningunni á nýjum viðkvæmum svæðum (5. gr.).

(2) Samkvæmt tilskipuninni er ekki gerð krafa um upplýsingar varðandi einstakar stöðvar á þéttbýlisstöðum með fleiri en 10 000 persónueiningum, að því er varðar að köfnunarefni eða fosfór er ekki fjarlægður, vegna viðkvæmra svæða ef unnt er að sýna fram á að lágmarkshundraðshluti minnkunar á heildarmagni sem fer inn í allar skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli á viðkomandi svæði sé a.m.k. 75% fyrir heildarfosfór og a.m.k. 75% fyrir heildarköfnunarefni á viðmiðunardegi.

(3) Sama auðkenni skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli og er notað vegna skýrslugjafar skv. 4. mgr. 15. gr.

(4) Einungis nauðsynlegt ef bygging skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli er ekki hafin á viðmiðunardegi.

(5) Til dæmis Byggðaþróunarsjóður Evrópu (ERDF), Samheldnisjóður (CF), lán frá Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB), lán frá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), sjóður fyrir umhverfisvernd og orkunýtni (EPEEF), Félagsmálasjóður Evrópu (ESF), ...

Aðildarríki:

Tafla 4

Núverandi og áætluð lífræn hönnunargeta í heild og fjárfestingarkostnaður á landsvísu

Tímabil	Núverandi og áætlað ástand	Núverandi eða áætluð lífrænn hönnunargeta allra skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli í heild við lok tímabilsins	Núverandi eða áætlaður fjárfestingarkostnaður vegna safnræsa (nýrra og endurnýjaðra)	Núverandi eða áætlaður fjárfestingarkostnaður vegna hreinsistöðva (nýrra og endurnýjaðra)
	Núverandi/áætlað	Persónueiningar	í milljónum evra ([2])	í milljónum evra ([2])
Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx ([1])	Núverandi			
Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx	Áætlað			
Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx	Áætlað			
Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx	Áætlað			
Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx	Áætlað			
Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx	Áætlað			
Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx	Áætlað			
Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx	Áætlað			

([1]) Veljið síðasta þekkta tímabilið eða árið.
([2]) Tilgreinið evrur á gangverði og gefið upp viðmiðunardagsetningu (í mm/áááá) og hvort virðisaukaskattur er innifalinn eða ekki.

Aðildarríki:

Tafla 5

Önnur atriði sem taka skal til athugunar við gerð landsáætlunar

Veita skal viðeigandi upplýsingar, ef einhverjar eru, sem óbundinn texta ([1])

Umfjöllunarefni	Kemur fyrir í áætluninni
Staða landsáætlunar	Hvenær var landsáætlun komið á og hvenær var, ef nauðsyn krefur, síðasta uppfærsla? Hefur landsáætlunin verið samþykkt sem lagalega bindandi gerningur? Ef svarið er já, hver þeirra? Hversu lengi er landsáætluninni ætlað að gilda? …
Helstu drifkraftar	Hverjir eru helstu drifkraftarnir í landsáætluninni: til að ná að fara að ákvæðum, tryggja viðhald og endurnýjun o.s.frv.? Er hugsanlegt að sundurliða tengdan kostnað fyrir hvert og eitt atriði? …
Tengsl við aðra hluta löggjafar ESB	Að hvaða marki hafa aðgerðir í landsáætluninni verið teknir með í viðeigandi stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([2])? Án tillits til viðkvæmra svæða, sem eru tilnefnd samkvæmt tilskipun 91/271/EBE, nær landsáætlunin yfir aðgerðir sem hrundið er af stað vegna verndaðra svæða sem um getur í IV. viðauka við tilskipun 2000/60/EB (vatn til baða, Evrópunet verndarsvæða, skelfiskur, drykkjarvatn...)? Ef svarið er já, lýsið þessum aðgerðum. Hefur landsáætlunin verið metin samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB ([3])? Ef svarið er já, gefið nákvæmar upplýsingar. Tengist landsáætlunin því að draga jafnt og þétt úr sleppingu, losun og leka forgangsefna og að binda endi á eða stöðva í áföngum sleppingu, losun og leka hættulegra forgangsefna (4. gr. tilskipunar 2000/60/EB)? Ef svarið er já, lýsið aðgerðunum. Tengist landsáætlunin tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB ([4]) (t.d. minnkun á rusli í sjó) ? Ef svarið er já, gefið nákvæmar upplýsingar. Tengist landsáætlunin alþjóðasamningum eða -nefndum? Ef svarið er já, lýsið tengslunum. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til að hanna viðkvæm svæði til viðbótar skv. c-lið A-liðar II. viðauka við tilskipun 91/271/EBE? Ef svarið er já, lýsið þessum aðgerðum. Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að beita strangari meðhöndlun til að fara að 4. gr. (3. mgr.) eða 5. gr. (3. mgr.) og 4. lið B-liðar í I. viðauka við tilskipun 91/271/EBE? Ef svarið er já, gefið nákvæmar upplýsingar. ...
Notkun ESB-sjóða	Hverju er spáð varðandi fjárhæð ESB-sjóða til framkvæmdar á aðgerðunum í landsáætluninni? Hvernig er sundurliðunin á ESB-sjóðum sem notaðir eru? ...
Upplýsingakerfi	Er landsáætlunin birt á Netinu? Hvar? Er kerfi á Netinu sem gerir það kleift að rekja framkvæmdaferil landsáætlunarinnar með reglubundum hætti? Gefið nánari upplýsingar. …

Umfjöllunarefni	Kemur fyrir í áætluninni
Aðrar kröfur tilskipunar 91/271/EBE	Er talið nauðsynlegt að beita einhverri aðgerð til að tryggja næga afkastagetu skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli við öll eðlileg veðurfarsskilyrði (10. gr. og B-liður I. viðauka)? Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að draga úr yfirfalli úrkomuvatns (2. mgr. 3. gr. og A-hluti I. viðauka)? Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að framkvæma 7. gr.? Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að stuðla að endurnýtingu á meðhöndluðu skólpi (1. mgr. 12. gr.)? Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að framkvæma 14. gr. að því er varðar meðhöndlun seyru? Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að draga úr losun iðnaðarskólps í safnræsi til að tryggja að farið sé að kröfum í C-lið I. viðauka? ...
Annað	Gefið ítarlegar upplýsingar um allar yfirstandandi eða fyrirhugaðar rannsóknir að því er varðar nýsköpunarþróun í sorphreinsunarstefnu. Á að nota einhverja ESB-sjóði að því er þetta varðar?

([1]) Til dæmis er litið á fyrirliggjandi landsáætlun sem svar við spurningunni í töflu 5.
([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).
([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið (Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30).
([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávarumhverfismálum (haftilskipunin) (Stjtíð. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/646 **2015/EES/74/85**

frá 23. apríl 2015

skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um bakteríuræktanir sem eru ætlaðar til að draga úr lífrænum föstum efnum og sem á að setja á markað í því skyni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 3 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 1. apríl 2014 fór Írland fram á að framkvæmdastjórnin tæki ákvörðun, skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um hvort tvær vörur, sem samanstanda af bakteríuræktunum sem eru ætlaðar til að draga úr lífrænum föstum efnum og sem á að setja á markað í því skyni, séu sæfivörur að því er varðar a-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Samkvæmt veittum upplýsingum leysir fyrri varan upp lífræna eðju, dregur úr innihaldi brennisteinsvetnis og ammoníakskófnunarefnis og hreinsar vatn í tjörnum og lónum og síðari varan hraðar líffræðilegri oxun lífræns úrgangs í föstu formi og líffræðilegu, lífrænu niðurbroti, eykur loftháða niðurbrotsgetu, dregur úr lífrænni botneðju í stöðuvötnum, tjörnum og skólpkerfum og dregur úr myndun gaslyktar.

3) Sem aukaverkun draga þessar vörur úr myndun þörunga í vatnshlotum en þær eru ekki ætlaðar í þeim tilgangi og ekki hefur verið fullyrt að hægt sé að nota þær í því skyni.

4) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 teljast einungis vörur, sem er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða halda þeim með öðrum hætti í skefjum með aðferðum sem eru ekki eingöngu eðlisfræðilegar eða vélrænar, til sæfivara.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Bakteríuræktanir, sem eru ætlaðar til að draga úr lífrænum föstum efnum, skulu settar á markað í þeim tilgangi og hafa einungis þá aukaverkun að þær draga úr myndun þörunga í vatnshlotum og eru ekki ætlaðar í því skyni, eru ekki sæfivörur að því er varðar a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 23. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/655 **2015/EES/74/86**

frá 24. apríl 2015

skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um samsetningar, að stofni til úr pólýdímetýlsíloxani, sem settar eru á markað til að verjast moskítóflugum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 3 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 16. maí 2014 fór Belgía fram á að framkvæmdastjórnin tæki ákvörðun, skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um hvort samsetning, að stofni til úr pólýdímetýlsíloxani, til að verjast moskítóflugum sé sæfivara að því er varðar a-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu, sem setur vöruna á markað, myndar samsetningin, að stofni til úr pólýdímetýlsíloxani, þunnt sílíkonlag á vatnshlotum. Lítil yfirborðsspenna sílíkonlagsins kemur í veg fyrir að lirfur moskítóflugna geti andað sem og að kvendýrin geti verpt eggjum á yfirborð vatnsins og drukkna mörg þeirra þegar þau reyna það.

3) Samsetningin, að stofni til úr pólýdímetýlsíloxani, myndar því áþreifanlegan tálma sem kemur í veg fyrir að moskítóflugur geti fjölgað sér.

4) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 teljast einungis vörur, sem er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða halda þeim með öðrum hætti í skefjum með aðferðum sem eru ekki eingöngu eðlisfræðilegar eða vélrænar, til sæfivara.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Samsetning, að stofni til úr pólýdímetýlsíloxani, til að verjast moskítóflugum með því að mynda sílíkonlag með lítilli yfirborðsspennu á vatnshlot og sem er sett á markað í þeim tilgangi, er ekki sæfivara að því er varðar a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 23. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/459 **2015/EES/74/87**

frá 19. mars 2015

þar sem tilgreind eru tækniatriði viðhengisins fyrir árið 2016 um ungt fólk á vinnumarkaði sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ([1]), einkum 5. mgr. 7. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að fylgjast með framförum í átt að sameiginlegum markmiðum sem sett eru fram í áætluninni Evrópa 2020 og tengdu forystuverkefni, „Ungt fólk á faraldsfæti“([2]), er nauðsynlegt að koma upp ítarlegu gagnasafni um ungt fólk og komu þess inn á vinnumarkaðinn, en það gerir samanburð á milli aðildarríkja mögulegan.

2) Í orðsendingu sinni *Menntun endurskoðuð*: *fjárfest í færni til að ná betri félagslegum og hagrænum árangri(*[3]), hvetur framkvæmdastjórnin aðildarríkin til að kynna endurbætur á skólakerfum sínum til að ungt fólk fái rétta færni til atvinnuþátttöku.

3) Í ályktun sinni frá 27. nóvember 2009 um endurnýjaðan evrópskan samstarfsramma á sviði æskulýðsmála (2010–2018)([4]), leggur ráð Evrópusambandsins áherslu á þörfina fyrir betri þekkingu og skilning á lífskjörum, gildum og viðhorfum ungra kvenna og karla.

4) Í tilmælum ráðsins frá 22. apríl 2013 um að koma á atvinnutryggingu fyrir unga fólkið ([5]), hvetur ráð Evrópusambandsins aðildarríki til þess að hrinda kerfum atvinnutrygginga fyrir unga fólkið í framkvæmd eins fljótt og auðið er, helst frá upphafi fjárhagsrammans til margra ára fyrir tímabilið 2014–2020. Þeim er ráðlagt að nýta sjóði Evrópusambandsins vegna sameiginlegra stefnuramma en einkum Félagsmálasjóð Evrópu í því skyni.

5) Í orðsendingu sinni *Vinnum saman í þágu ungs fólks í Evrópu:* ákall um aðgerðir vegna atvinnuleysis meðal *ungs fólks* ([6]), hvetur framkvæmdastjórnin aðildarríkin til að hrinda kerfi atvinnutrygginga í framkvæmd og fjárfesta í ungu fólki. Hún kynnir þjónustu á Netinu sem gerir ungu fólki kleift að leita að atvinnutækifærum, sem vinnuveitendur í eigin landi og öðrum aðildarríkjum auglýsa, og aðstoðar lítil og meðalstór fyrirtæki við að ráða ungt fólk í Evrópu.

6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2013([7]) kemur á viðhengi fyrir árið 2016 um ungt fólk á vinnumarkaðinum.

7) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1397/2014 ([8]) þar sem tilgreind eru og gefnar lýsingar á sviðum sértækra upplýsinga (undireiningar viðhengja) sem eiga að vera í viðhenginu fyrir árið 2016 um ungt fólk á vinnumarkaðinum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3.

([2]) Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, *Ungt fólk á faraldsfæti (e. Youth on the Move)*: *framtaksverkefni til að leysa úr læðingi mátt ungs fólks til að ná upp snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla í Evrópusambandinu,* samþykkt 15. september 2010, COM(2010) 477 lokagerð.

([3]) Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, *Menntun endurskoðuð*: *fjárfest í færni til að ná betri félagslegum og hagrænum árangri*, samþykkt 20. nóvember 2012, COM(2012) 669 lokagerð.

([4]) Stjtíð. ESB C 311, 19.12.2009, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB C 120, 26.4.2013, bls. 1.

([6]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar — Vinnum saman í þágu ungs fólks í Evrópu: ákall um aðgerðir vegna atvinnuleysis meðal ungs fólks, samþykkt 19. júní 2013 — COM(2013) 447 lokaútgáfa.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2013 frá 8. apríl 2013 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2016 til 2018 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtíð. ESB L 99, 9.4.2013, bls. 11).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1397/2014 frá 22. október 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 318/2013 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2016 til 2018 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98, (Stjtíð. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 42).

8) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 545/2014 ([9]) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin ætti að tilgreina tækniatriðin, síurnar, flokkunarnúmerin og frestina fyrir sendingu gagna sem falla undir undireiningar viðhengja sem vísað er til í 7. forsendu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tækniatriðin í viðhenginu fyrir árið 2016 um ungt fólk á vinnumarkaðinum, síurnar og flokkunarnúmerin sem nota á og fresturinn vegna sendinga á gögnum til framkvæmdastjórnarinnar, eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 545/2014 frá 15. maí 2014 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu (Stjtíð. ESB. L 163, 29.5.2014, bls. 10).

VIÐAUKI

Í þessum viðauka eru sett fram tækniatriði, síur og flokkunarnúmer sem nota á í viðhenginu um ungt fólk á vinnumarkaði, sem framkvæma á árið 2016. Í honum eru einnig settar fram dagsetningar vegna sendinga gagna til framkvæmdastjórnarinnar.

Frestur vegna sendinga gagna á niðurstöðum til framkvæmdastjórnarinnar: 31. mars 2017.

Síurnar og flokkunarnúmerin sem notuð eru vegna sendinga gagna: eins og sett er fram í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008([10]), eins og henni var breytt með I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 317/2013([11]).

Dálkar fyrir valkvæða vægisstuðla sem nota á ef um hlutaúrtak eða brottfall er að ræða: í dálkum 228–231 eru heilar tölur og í dálkum 232–233 eru aukastafir.

Undireiningin „Upplýsingar um menntun“

Sía: 15 < ALDUR ≤ 34

Nafn/Dálkur	Flokkunar-númer	Lýsing	Sía
WORKEXP 211		**Starfsreynsla meðan á námi stendur** *Launuð eða ólaunuð starfsreynsla við hæsta stig menntunar (HATLEVEL)*	HATLEVEL≠000
	1	Bæði launuð og ólaunuð starfsreynsla	
	2	Aðeins launuð starfsreynsla	
	3	Aðeins ólaunuð starfsreynsla	
	4	Engin starfsreynsla við HATLEVEL	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Óþekkt	
WORKSTUD 212		**Nám á vinnustað** *Tegund starfsreynslu sem er hluti af námsskrá á hæsta stigi menntunar (HATLEVEL)*	WORKEXP = 1–3
	1	Nám á námssamningi (hagnýt skilgreining Hagstofu Evrópusambandsins)	
	2	Skyldubundin starfsþjálfun	
	3	Skyldubundin vinnutengd þjálfun, þar sem ekki er hægt að gera greinarmun á 1 og 2	
	4	Valkvæð starfsþjálfun (hluti af menntun)	
	5	Vinna utan námsskrár	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Óþekkt	

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 frá 25. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur og skilgreiningu á viðmiðunarfjórðungum (Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57).

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 317/2013 frá 8. apríl 2013 um breytingu á viðaukum við reglugerðir (EB) nr. 1983/2003, (EB) nr. 1738/2005, (EB) nr. 698/2006, (EB) nr. 377/2008 og (ESB) nr. 823/2010 að því er varðar alþjóðlegu menntunarflokkunina (ISCED) (Stjtíð. ESB L 99, 9.4.2013, bls. 1).

Nafn/Dálkur	Flokkunar-númer	Lýsing	Sía
ADDLEVEL 213–214		**Stig formlegrar viðbótarmenntunar** *Stig og áhersla í formlegri menntun sem einstaklingur hóf eftir að hæsta stigi menntunar var náð*	EDUCSTAT = 2
	00	Engin önnur formleg menntun hafin eftir að hæsta stigi menntunar var náð	
	10	1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	20	2. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	30	3. stig í alþjóðlega menntunarflokkuninni, þar sem ekki er hægt að gera greinarmun á milli áherslna	
	34	3. stig í alþjóðlega menntunarflokkuninni, almennt nám	
	35	3. stig í alþjóðlega menntunarflokkuninni, starfsnám	
	40	4. stig í alþjóðlega menntunarflokkuninni, þar sem ekki er hægt að gera greinarmun á milli áherslna	
	44	4. stig í alþjóðlega menntunarflokkuninni, almennt nám	
	45	4. stig í alþjóðlega menntunarflokkuninni, starfsnám	
	50	5. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	60	6. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	70	7. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	80	8. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	99	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Óþekkt	
DROPREAS 215		Ástæður brottfalls *Helstu ástæður þess að stigi formlegrar menntunar, sem hafin var, er ekki lokið*	EDUCSTAT = 2 og ADDLEVEL≠00
	0	Lauk síðustu formlegu menntun	
		Lauk ekki síðustu formlegu menntun vegna:	
	1	Erfiðleikastigs	
	2	Nám uppfyllir ekki þarfir eða áhugasvið	
	3	Námskostnaðar	
	4	Löngunar til að hefja störf	
	5	Fjölskylduástæðna	
	6	Ástæðum sem tengjast heilbrigði	
	7	Annað	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Óþekkt	

Nafn/Dálkur	Flokkunar-númer	Lýsing	Sía
LEAVDATE 216–221		**Dagsetning þegar formlegri menntun er hætt** Ár og mánuður þegar formlegri menntun er hætt	EDUCSTAT = 2 og ADDLEVEL≠00
		Færið inn fjóra tölustafi fyrir viðkomandi ár	
	9999	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Útfyllt	Óþekkt (ár)	
		Færið inn tvo tölustafi fyrir viðkomandi mánuð	
	99	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Útfyllt	Óþekkt (mánuður)	
NCONREAS 222		**Ástæður þess að halda ekki áfram í námi** *Meginástæða þess að halda ekki áfram í formlegu námi*	EDUCSTAT = 2 og ADDLEVEL = 00 og HATLEVEL = 000–500
	0	Hæsta stig menntunar var talið nægilega hátt	
	1	Erfiðleikastig	
	2	Nám uppfyllir ekki þarfir eða áhugasvið	
	3	Námskostnaður	
	4	Löngun til að hefja störf	
	5	Fjölskylduástæður	
	6	Ástæður sem tengjast heilbrigði	
	7	Annað	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Útfyllt	Óþekkt	

Undireiningin „Atvinnuleit“

Sía: 15 < ALDUR ≤ 34

Nafn/Dálkur	Flokkunar-númer	Lýsing	Sía
SUPPORT 223		**Fenginn stuðningur við atvinnuleit** *Gagnlegasta gerð stuðnings frá ríkisstofnun við atvinnuleit næstliðna 12 mánuði*	(WSTATOR = 1,2 og STARTIME< 12) eða WSTATOR = 3–5
	0	Enginn stuðningur þeginn	
		Gagnlegasta gerð stuðnings:	
	1	Aðstoð við að finna lausar stöður	
	2	Ráðleggingar um hvernig sækja eigi um starf	
	3	Ráðleggingar um möguleika á þjálfun og menntun	

Nafn/Dálkur	Flokkunar-númer	Lýsing	Sía
	4	Fengin staða í starfsáætlun	
	5	Fengin staða í námi eða þjálfunaráætlun	
	6	Annað	
	7	Stuðningur þeginn en ekki talinn gagnlegur	
	8	Stuðningur þeginn, en óvíst hve mikið hann hafi nýst	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Óþekkt	
FINDMETH		**Aðferðir við að finna núverandi starf**	STAPRO = 3
224		*Aðferðir sem notaðar voru til að finna núverandi starf*	
	1	Auglýsingar, allir miðlar	
	2	Ættingjar, vinir eða kunningjar	
	3	Opinber atvinnumiðlun	
	4	Einkarekin ráðningarstofa	
	5	Þeir sem veita menntun eða þjálfun	
	6	Haft var beint samband við vinnuveitanda	
	7	Vinnuveitandi hafði beint samband við einstaklinginn	
	8	Aðrar aðferðir	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Óþekkt	
OKLEVEL		**Hversu viðeigandi starfið er miðað við menntunarstig svaranda**	WSTATOR = 1,2
225		*Að hve miklu leyti núverandi aðalstarf svarenda samsvarar menntunarstigi þeirra*	
	1	Starfið samsvarar menntun þeirra	
	2	Starfið samsvarar menntun þeirra að einhverju leyti	
	3	Starfið samsvarar menntun þeirra ekki sérlega vel	
	4	Starfið samsvarar menntun þeirra alls ekki	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Óþekkt	
MOVE4JOB		**Vilji til að flytja vegna starfs**	
226		*Vilji til að breyta búsetustað vegna starfs*	
	1	Svarandi hefur flutt eða er tilbúinn að flytja innan eigin lands	
	2	Svarandi hefur flutt eða er tilbúinn að flytja til annars lands í Evrópusambandinu	
	3	Svarandi hefur flutt eða er tilbúinn að flytja til annars lands utan Evrópusambandsins	
	4	Svarandi hefur ekki flutt eða er ekki tilbúinn að flytja vegna starfs	
	Óútfyllt	Óþekkt	

Nafn/Dálkur	Flokkunar-númer	Lýsing	Sía
CMT4JOB		**Vilji til að pendla vegna starfs**	
227		*Vilji til að pendla langa vegalengd vegna starfs*	
	1	Svarandi pendlar nú þegar eða er tilbúinn til að pendla lengur en eina klukkustund (í allar áttir)	
	2	Svarandi pendlar ekki sem stendur og er ekki tilbúinn til að pendla lengur en eina klukkustund (í allar áttir)	
	Óútfyllt	Óþekkt	

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/919 **2015/EES/74/88**

frá 12. júní 2015

um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu

(tilkynnt með númeri C(2015) 3892) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ([1]), einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ([2]), einkum öðrum málslið annarrar undirgreinar 4. mgr. og 5. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum([3]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ([4]) er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.

2) Belgía hefur tilkynnt að skoðunarmiðstöðinni Flight Care í skoðunarstöðinni á landamærunum á flugvellinum í Brussel-Zaventem hafi verið lokað. Danmörk hefur tilkynnt að skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Aalborg 1 (Greenland Port) 1 hafi verið lokað. Þýskaland hefur tilkynnt að skoðunarmiðstöðinni Burchardkai í skoðunarstöðinni á landamærunum við Hamburg Hafen (höfnina í Hamborg) hafi verið lokað. Því ætti að breyta skránni yfir færslur, sem varða þessi aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

3) Þýskaland hefur tilkynnt að bætt hafi verið við nýrri skoðunarmiðstöð á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Bremen og Holland hefur tilkynnt að bætt hafi verið við nýrri skoðunarmiðstöð á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Amsterdam. Breyta ætti skránni yfir færslur, sem varða þessi aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

4) Grikkland, Ítalía, Lettland og Bretland hafa tilkynnt að breyta ætti færslunum fyrir skoðunarstöðvarnar á landamærunum við Idomeni í Grikklandi, Roma-Fiumicino á Ítalíu, flugvöllinn og höfnina í Riga í Lettlandi og við Gatwick í Bretlandi, í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

5) Spánn hefur tilkynnt að fella ætti eina skoðunarstöð við höfnina í Vigo brott úr skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki og að fella ætti tímabundið úr gildi samþykki fyrir tveimur skoðunarstöðvum við sömu höfn. Holland hefur tilkynnt að fella ætti eina skoðunarstöð við Vlissingen brott úr skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki. Bretland hefur tilkynnt að fella ætti skoðunarstöðina á landamærunum við Manston brott úr skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki. Því ætti að breyta skránni yfir færslur, sem varða þessi aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 149, 16.6.2015, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

([3]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

6) Í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er mælt fyrir um skrá yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfinu).

7) Í kjölfar orðsendinga frá Ítalíu og Hollandi ætti að gera tilteknar breytingar á skránum yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í Traces-kerfinu, að því er varðar þessi aðildarríki, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

8) Því ætti að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í þeim hluta sem varðar Belgíu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir Brussel-Zaventem:

„Brussel-Zaventem Bruxelles-Zaventem	BE BRU 4	A	Flight Care 2	NHC(2)	U, E, O
			Avia Partner	HC(2)	
			WFS	HC-T(2)	
			Swiss Port	HC(2)“	

b) Í þeim hluta sem varðar Danmörku falli færslan fyrir höfnina Aalborg 1 (Greenland Port) 1 brott.

c) Þeim hluta sem varðar Þýskaland er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Bremen komi eftirfarandi:

„Bremen	DE BRE 1	P		HC, NHC	
			Holzhafen	NHC-NT“	

ii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Hamburg Hafen komi eftirfarandi:

„Hamburg Hafen	DE HAM 1	P	Altenwerder Kirchtal	HC, NHC-T(FR), NHC-NT	
			Reiherdamm	HC, NHC-T(FR), NHC-NT“	

d) Í þeim hluta sem varðar Grikkland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir járnbrautina við Idomeni:

„Idomeni	GR EID 2	F	HC(2)“		

e) Í þeim hluta sem varðar Spán komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Vigo:

„Vigo	ES VGO 1	P	T.C. Guixar	HC, NHC-T(FR), NHC-NT	
			Frioya	HC-T(FR)(2)(3)	
			Frigalsa (*)	HC-T(FR)(2)(3) (*)	
			Pescanova	HC-T(FR)(2)(3)	
			Fandicosta (*)	HC-T(FR)(2)(3) (*)	
			Frig. Morrazo	HC-T(FR)(3)“	

f) Í þeim hluta sem varðar Ítalíu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Roma-Fiumicino:

„Roma-Fiumicino	IT FCO 4	A	Alitalia Società Aerea Italiana	HC(2)	
			FLE	HC(2), NHC(2)	
			Isola Veterinaria ADR		U, E, O“

g) Þeim hluta sem varðar Lettland er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Riga komi eftirfarandi:

„Riga (Airport)	LV RIX 4	A	HC(2), NHC(2)“		

ii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Riga (BFT) komi eftirfarandi:

„Riga (BFT)	LV RIX 1b	P		HC(2)“	

h) Þeim hluta sem varðar Holland er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Amsterdam komi eftirfarandi:

„Amsterdam	NL AMS 1	P	Cornelis Vrolijk	HC-T(FR)(2)(3)	
			Daalimpex, Velsen	HC-T	
			PCA	HC(2), NHC(2)	
			Kloosterboer Ijmuiden	HC-T(FR)	
			Blankendaal Coldstores, Velsen	HC-T(FR)(2)“	

ii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Vlissingen komi eftirfarandi:

„Vlissingen	NL VLI 1	P	Kloosterboer Finlandweg	HC(2), NHC-T(FR)(2)“	

i) Þeim hluta sem varðar Bretland er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Gatwick komi eftirfarandi:

„Gatwick	GB LGW 4	A	IC 1		O(14)
			IC 2	HC(1)(2), NHC(2)“	

ii. Færslan fyrir Manston-flugvöllinn falli brott.

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þeim hluta sem varðar Ítalíu er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT01008 RAVENNA“ komi eftirfarandi:

„IT01008	AZIENDA USL DELLA ROMAGNA“

ii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT00306 ALTO FRIULI“ komi eftirfarandi:

„IT00306	ALTO FRIULI-COLLINARE-MEDIO FRIULI“

iii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT00206 ISOTINA“ komi eftirfarandi:

„IT00206	BASSA FRIULANA-ISONTINA“

iv. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT00406 MEDIO FRIULI“ komi eftirfarandi:

„IT00406	FRIULI CENTRALE“

v. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT01209 VIAREGGIO“ komi eftirfarandi:

„IT01209	VERSILIA“

vi. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IT01705 ESTE MONSELICE MONTAGNANA“ komi eftirfarandi:

„IT01705	MONSELICE“

vii. Færslurnar fyrir eftirfarandi staðareiningar falli brott:

„IT01315	SALERNO 3“
„IT01208	CESENA“
„IT01108	FORLÌ“
„IT01308	RIMINI“
„IT00506	BASSA FRIULANA“
„IT00916	FG/3“

b) Þeim hluta sem varðar Holland er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir miðlægu eininguna „NL00000 NVWA“ komi eftirfarandi:

„NL00000	NEDERLANDSE VOEDSEL- EN WARENAUTORITEIT“

ii. Í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „*NL00001 NVWA NOORD*“ komi eftirfarandi:

„NL00001	NEDERLANDSE VOEDSEL- EN WARENAUTORITEIT“

iii. Eftirfarandi færslur fyrir svæðisbundnar einingar og staðareiningar falli brott:

„NL01201	LVE NOORD
NL00002	NVWA NOORDWEST
NL01302	LVE NOORDWEST
NL00003	NVWA OOST

NL01403	LVE OOST
NL00004	NVWA ZUID
NL01504	LVE ZUID
NL00005	NVWA ZUIDWEST
NL01605	LVE ZUIDWEST“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/861 **2015/EES/74/89**

frá 3. júní 2015

um leyfi fyrir kalíumjoðíði, vatnsfríu kalsíumjoðati og húðuðu, kornuðu, vatnsfríu kalsíumjoðati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Kalíumjoðíð og vatnsfrítt kalsíumjoðat voru leyfð án tímamarka með tilskipun 70/524/EBE eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1459/2005 ([3]). Þessar vörur voru síðan færðar inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram umsóknir um endurmat á kalíumjoðíði og vatnsfríu kalsíumjoðati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þar að auki var lögð fram umsókn á grundvelli 2. mgr. 10. gr. um endurmat á vatnsfríu kalsíumjoðati í húðuðu, kornuðu formi fyrir allar dýrategundir. Umsækjendurnir óskuðu eftir því varðandi öll þrjú joðefnasamböndin að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 19. maí 2014 ([4]) ([5]) ([6]) ([7]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi kalíumjoðíð, vatnsfrítt kalsíumjoðat og húðað, kornað, vatnsfrítt kalsíumjoðat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða neytenda eða á umhverfið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 137, 4.6.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1459/2005 frá 8. september 2005 um breytingu á skilyrðum varðandi leyfi fyrir nokkrum aukefnum úr flokki snefilefna í fóðri (Stjtíð ESB L 233, 9.9.2005, bls. 8).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3099.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3100.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3101.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(3), 3178.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að kalíumjoðíð, vatnsfrítt kalsíumjoðat og húðað, kornað, vatnsfrítt kalsíumjoðat séu áhrifaríkir gjafar joðs í viðkomandi marktegundum og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á kalíumjoðíði, vatnsfríu kalsíumjoðati og húðuðu, kornuðu, vatnsfríu kalsíumjoðati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna og efnablandna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfi fyrir kalíumjoðíði og vatnsfríu kalsíumjoðati af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin og efnablöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1459/2005

Færslurnar „kalíumjoðíð“ og „kalsíumjoðat, vatnsfrítt“, í tengslum við efni E2 Joð-I, í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1459/2005 falli brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Kalíumjoðíð og vatnsfrítt kalsíumjoðat, sem voru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda þau, sem eru framleidd og merkt fyrir 24. desember 2015 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 24. júní 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem innihalda efnin sem eru tilgreind í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 24. júní 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 24. júní 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar. Að því er varðar fóður, sem ætlað er fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis, skal tímabilið fyrir framleiðslu og merkingu, sem um getur í fyrsta málslið, enda 24. júní 2017.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Efni (I) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b201	—	Kalíum-joðíð	*Samsetning aukefnis* Kalíumjoðíð og kalsíumsterat, sem duft, með a.m.k. 69% joðinnihald *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalíumjoðíð Efnaformúla: KI CAS-númer: 7681-11-0 *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða kalíumjoðíð í fóðuraukefninu: — Títrunarmæling — Food Chemicals Codex, gæðalýsing efnis eða — Títrunarmæling — European Pharmacopoeia, gæðalýsing efnis (Evrópska lyfjaskráin 6 01/2008:0186). Til að magnákvarða heildarinnihald kalíums í fóðuraukefninu: — Frumeindagleypnimæling, AAS (EN ISO 6869:2000) eða — Rafgasgeislunargreining, ICP-AES (EN 15510:2007).	Allar tegundir	—	—	Dýr af hestaætt: 4 (samtals) Jórturdýr til mjólkurframleiðslu og varphænur: 5 (samtals) Fiskar: 20 (samtals) Aðrar tegundir eða flokkar dýra: 10 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóðurblöndu í formi forblöndu. 2. Setja má kalíumjoðíð á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Gera skal verndarráðstafanir samkvæmt landsbundnum reglugerðum um framkvæmd löggjafar Sambandsins um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum, þ.m.t. tilskipunum ráðsins 89/391/EBE ([2]), 89/656/EBE ([3]), 92/85/EBE ([4]) og 98/24/EB ([5]). Við meðhöndlun skal nota viðeigandi hlífðarhanska, öndunarvörn og augnhlífar samkvæmt tilskipun ráðsins 89/686/EBE ([6]). 4. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði.	24. júní 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Efni (I) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða heildarinnihald joðs í forblöndum, fóðurefnum og fóðurblöndum: — Rafmassagreining, ICP-MS (EN 15111:2007).					5. Ráðlagt hámark heildarinnihalds joðs í heilfóðri fyrir: — dýr af hestaætt eru 3 mg/kg, — hunda eru 4 mg/kg, — ketti eru 5 mg/kg, — jórturdýr til mjólkurframleiðslu eru 2 mg/kg og — varphænur 3 mg/kg.	
3b202	—	Kalsíum-joðat, vatnsfrítt	*Samsetning aukefnis* Vatnsfrítt kalsíumjoðat, sem duft, með a.m.k. 63,5% joðinnihald *Lýsing á eiginleikum virku efnanna* Efnaformúla: $Ca(IO_3)_2$ CAS-númer: 7789-80-2 *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða kalsíumjoðat í fóðuraukefninu: — Títrunarmæling — Food Chemicals Codex, gæðalýsing efnis eða — Títrunarmæling — European Pharmacopoeia, gæðalýsing efnis (Evrópska lyfjaskráin 6 01/2008:20504). Til að magnákvarða heildarinnihald kalsíums í fóðuraukefninu: — Frumeindagleypnimæling, AAS (EN ISO 6869:2000) eða	Allar tegundir	—	—	Dýr af hestaætt: 4 (samtals) Jórturdýr til mjólkurframleiðslu og varphænur: 5 (samtals) Fiskar: 20 (samtals) Aðrar tegundir eða flokkar dýra: 10 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóðurblöndu í formi forblöndu. 2. Setja má vatnsfrítt kalsíumjoðat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Gera skal verndarráðstafanir samkvæmt landsbundnum reglugerðum um framkvæmd löggjafar Sambandsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað, þ.m.t. tilskipunum 89/391/EBE, 89/656/EBE, 92/85/EBE og 98/24/EB. Við meðhöndlun skal nota viðeigandi hlífðarhanska, öndunarvörn og augnhlífar samkvæmt tilskipun ráðsins 89/686/EBE.	24. júní 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Efni (I) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— Rafgasgeislunargreining, ICP-AES (EN 15510:2007). Til að magnákvarða heildarinnihald joðs í forblöndum, fóðurefnum og fóðurblöndum: — Rafmassagreining, ICP-MS (EN 15111:2007).					4. Ráðlagt hámark heildarinnihalds joðs í heilfóðri fyrir: — dýr af hestaætt eru 3 mg/kg, — hunda eru 4 mg/kg, — ketti eru 5 mg/kg, — jórturdýr til mjólkurframleiðslu eru 2 mg/kg og — varphænur 3 mg/kg.	
3b203	—	Húðað, kornað, vatnsfrítt kalsíum-joðat	*Samsetning aukefnis* Húðuð, kornuð efnablanda af vatnsfríu kalsíumjoðati með 1–10% joðinnihaldi Húðunar- og dreifiefni (valkostir eru pólýoxýetýlen(20)sorbítanmónólárat (E432), glýserólpólýetýlenglýkólrísínóleat (E484), pólýetýlenglýkól 300, sorbítól (E420ii) og maltódextrín): < 5%. Fóðurefni (kalsíummagnesíumkarbónat, kalsíumkarbónat, maískólfar) sem kyrningarefni. Agnastærð < 50 μm: < 1,5% *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Efnaformúla: $Ca(IO_3)_2$ CAS-númer: 7789-80-2	Allar tegundir	—	—	Dýr af hestaætt: 4 (samtals) Jórturdýr til mjólkurfram-leiðslu og varphænur: 5 (samtals) Fiskar: 20 (samtals) Aðrar tegundir eða flokkar dýra: 10 (samtals)	1. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 2. Ráðlagt hámark heildarinnihalds joðs í heilfóðri fyrir: — dýr af hestaætt eru 3 mg/kg, — hunda eru 4 mg/kg, — ketti eru 5 mg/kg, — jórturdýr til mjólkurframleiðslu eru 2 mg/kg og — varphænur 3 mg/kg.	24. júní 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Efni (I) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferðir ([1]) Til að ákvarða kalsíumjoðat í fóðuraukefninu: — Títrunarmæling — Food Chemicals Codex, gæðalýsing efnis eða — Títrunarmæling — European Pharmacopoeia, gæðalýsing efnis (Evrópska lyfjaskráin 6 01/2008:20504). Til að magnákvarða heildarinnihald kalsíums í fóðuraukefninu: — Frumeindagleypnimæling, AAS (EN ISO 6869:2000) eða — Rafgasgeislunargreining, ICP-AES (EN 15510:2007). Til að magnákvarða heildarinnihald joðs í forblöndum, fóðurefnum og fóðurblöndum: — Rafmassagreining, ICP-MS (EN 15111:2007).						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports
([2]) Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 183, 29.6,1989, bls. 1).
([3]) Tilskipun ráðsins 89/656/EBE frá 30. nóvember 1989 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota persónuhlífar á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 393, 30.12.1989, bls. 18).
([4]) Tilskipun ráðsins 92/85/EBE frá 19. október 1992 um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir launþega sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti (Stjtíð. EB L 348, 28.11.1992, bls. 1).
([5]) Tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11).
([6]) Tilskipun ráðsins 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar (Stjtíð. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/786 2015/EES/74/90

frá 19. maí 2015

um skilgreiningu viðmiðana við að samþykkja afeitrunarmeðferðir sem notaðar eru á afurðir sem eru ætlaðar sem fóður eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri ([2]), einkum öðrum undirlið 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fóður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Í tilskipun 2002/32/EB er einnig kveðið á um að aðildarríkjum beri að sjá til þess að gripið sé til ráðstafana til að tryggja rétta framkvæmd allra ásættanlegra afeitrunarmeðferða sem eru notaðar á afurðir sem eru ætlaðar sem dýrafóður og að afeitruðu afurðirnar samræmist ákvæðum I. viðauka við þá tilskipun. Í því skyni að tryggja samræmt mat við samþykkt afeitrunarmeðferðanna innan Evrópusambandsins þykir rétt að fastsetja viðmiðanir við að samþykkja afeitrunarmeðferðir á vettvangi Sambandsins sem viðbót við viðmiðanirnar fyrir afurðir sem ætlaðar eru sem dýrafóður sem hafa gengist undir slíkar meðferðir.

3) Viðmiðanirnar við að samþykkja afeitrunarmeðferðir ættu að tryggja að afeitrað fóður stofni ekki heilbrigði dýra og manna og umhverfinu í hættu og að eiginleikar fóðursins breytist ekki á neikvæðan hátt við afeitrunarmeðferðina. Samræmi afeitrunarmeðferðar við þessar viðmiðanir skal metið á vísindalega hátt af Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

4) Afeitrun á menguðu efni, samkvæmt skilgreiningunni í p-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 ([3]), getur farið fram með eðlisrænni, efnafræðilegri eða (örveru-)lífræðilegri afeitrunarmeðferð.

5) Nauðsynlegt er að undanskilja einfaldar afeitrunarmeðferðir frá gildissviði þessarar reglugerðar þar sem mengun af völdum óæskilegs efnis er minnkuð eða upprætt eingöngu með venjulegu hreinsunarferli, þvotti, flokkun eða vélrænu brottnámi aðskotaefna eða tiltekinna hluta mengaða fóðursins þar sem slík ferli eru hluti af venjubundna framleiðsluferlinu.

6) Virkum hópi aukefna, sem koma í veg fyrir eða draga úr upptöku sveppaeiturs, stuðla að útskilnaði eða breyta verkunarhætti þess og draga þar með úr hugsanlegum, skaðlegum áhrifum sveppaeiturs á heilbrigði dýra og manna, hefur verið bætt í flokk tæknilegra aukefna í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 125, 21.5.2015, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB (Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

Þessi aukefni breyta ekki innihaldi óæskilegra efna í fóðrinu, fóðrið er ekki afeitrað með notkun þessara aukefna og notkun þessara aukefna fellur þar af leiðandi ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar. Slíkar afurðir falla ennfremur ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar þar sem þær eru ekki ætlaðar til notkunar fyrir fóður sem stenst ekki kröfur.

7) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005 ætti afeitrunarmeðferðin að fara fram á starfsstöð sem er samþykkt í þeim tilgangi. Til að tryggja rétta og árangursríka framkvæmd afeitrunarmeðferðarinnar ætti lögbært yfirvald að samþykkja að afeitrunarmeðferðin fari fram á viðkomandi starfsstöð.

8) Sú staða getur komið upp að mjög mikið magn af fóðri sé mengað af aðskotaefni sem afeitrunarmeðferð er til fyrir sem Matvælaöryggisstofnunin hefur þó ekki enn lagt mat á. Til að forðast að farga þurfi svo miklu magni af fóðri að óþörfu getur í slíkum undantekningartilvikum verið viðeigandi að fara fram á að Matvælaöryggisstofnunin leggi mat á afeitrunarmeðferðina með stuttum fyrirvara, t.d. 10 virkum dögum. Ef niðurstaða slíks mats er jákvæð getur lögbært yfirvald heimilað afeitrun á tilgreinda mengaða fóðrinu innan tilskilins tímabils. Fullt áhættumat á afeitrunarmeðferðinni með jákvæðri niðurstöðu er nauðsynlegt til að beita megi meðferðinni án tímamarka.

9) Sem stendur fer afeitrunarmeðferð á fóðri fram. Rétt þykir að veita nægilegan tíma áður en þessi reglugerð tekur gildi vegna þess að eftir gildistöku þessarar reglugerðar er eingöngu leyfilegt að nota afeitrunarmeðferðir sem hafa hlotið vísindalegt mat af hálfu Matvælaöryggisstofnunarinnar með jákvæðri niðurstöðu og verið samþykktar af lögbæra yfirvaldinu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um afeitrunarmeðferðir þar sem óæskilegt efni, sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB, er vísvitandi fjarlægt úr menguðu fóðri sem er ekki í samræmi við kröfur, hér á eftir nefnd „eðlisræn afeitrunarmeðferð“, gert að skaðlausu efnasambandi með niðurbroti eða eyðileggingu með efni, hér á eftir nefnd „efnafræðileg afeitrunarmeðferð“, eða gert að skaðlausu efnasambandi með umbreytingu, eyðileggingu eða gert óvirkt með (örveru-)líffræðilegri meðferð, hér á eftir nefnd „(örveru-)líffræðileg afeitrunarmeðferð“.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um einfalda afeitrunarmeðferð þar sem mengun af völdum óæskilegs efnis er minnkuð eða upprætt með venjulegu hreinsunarferli, þvotti, flokkun eða vélrænu brottnámi aðskotaefna eða tiltekinna hluta mengaða fóðursins.

2. gr.

Beiting afeitrunarmeðferðar

Afeitrunarmeðferð skal eingöngu nota ef:

— meðferðin er eingöngu ætluð fyrir afeitrun á fóðri í tilvikum þar sem ósamræmi við tilskipun 2002/32/EB stafar ekki af vísvitandi ósamræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005,

— Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur framkvæmt vísindalegt mat á afeitrunarmeðferðinni, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, og komist að þeirri niðurstöðu að afeitrunarmeðferðin sé í samræmi við viðmiðanirnar fyrir samþykkt sem eru tilgreindar í 3., 4. og 5. gr.

3. gr.

Viðmiðanir við að samþykkja eðlisræna afeitrunarmeðferð

1. Matvælaöryggisstofnun skal framkvæma vísindalegt mat á eðlisrænum afeitrunarmeðferðum til að meta hvort eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:

a) meðferðin er skilvirk,

b) meðferðin hefur ekki neikvæð áhrif á eiginleika og eðli fóðursins og

c) örugg förgun á fjarlægðum hluta fóðursins er tryggður.

2. Upplýsingarnar, sem stjórnanda fóðurfyrirtækis ber að láta framkvæmdastjórninni í té að því er varðar mat á meðferðum af þessu tagi, eru tilgreindar í 1. lið í viðaukanum.

4. gr.

Viðmiðanir við að samþykkja efnafræðilega afeitrunarmeðferð

1. Matvælaöryggisstofnun skal framkvæma vísindalegt mat á efnafræðilegum afeitrunarmeðferðum til að meta hvort eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:

a) meðferðin er framkvæmd með efni sem er að fullu skilgreint og viðurkennt,

b) meðferðin er skilvirk og varanleg,

c) meðferðin leiðir ekki til myndunar skaðlegra efnaleifa efnisins, sem er notað við afeitrunarmeðferðina, í afeitraða fóðrinu,

d) meðferðin leiðir ekki til myndunar á myndefni aðskotaefnisins sem stofnar heilbrigði dýra og manna og umhverfinu í hættu og

e) meðferðin hefur ekki neikvæð áhrif á eiginleika og eðli fóðursins.

2. Upplýsingarnar, sem stjórnanda fóðurfyrirtækis ber að láta framkvæmdastjórninni í té að því er varðar mat á meðferðum af þessu tagi, eru tilgreindar í 2. lið í viðaukanum.

5. gr.

Viðmiðanir við að samþykkja (örveru-)lífræðilega afeitrunarmeðferð

1. Matvælaöryggisstofnun skal framkvæma vísindalegt mat á (örveru-)lífræðilegum afeitrunarmeðferðum til að meta hvort eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:

a) meðferðin er framkvæmd með (örveru-)lífræðilegu efni sem er að fullu skilgreint og viðurkennt,

b) meðferðin er skilvirk og varanleg,

c) meðferðin leiðir ekki til myndunar skaðlegra efnaleifa (örveru-)lífræðilega efnisins, sem er notað við afeitrunarmeðferðina, í afeitraða fóðrinu,

d) meðferðin leiðir ekki til myndunar á umbrotsefni aðskotaefnisins sem stofnar heilbrigði dýra og manna og umhverfinu í hættu og

e) meðferðin hefur ekki neikvæð áhrif á eiginleika og eðli fóðursins.

2. Upplýsingarnar, sem stjórnanda fóðurfyrirtækis ber að láta framkvæmdastjórninni í té að því er varðar mat á meðferðum af þessu tagi, eru tilgreindar í 3. lið í viðaukanum.

6. gr.

Starfsstöðvar þar sem afeitrunarmeðferðin fer fram

1. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu tryggja að starfsstöðvar undir þeirra stjórn og sem falla undir reglugerð (EB) nr. 183/2005 séu samþykktar af lögbæru yfirvaldi, eins og skilgreint er í e-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005, þegar afeitrunarmeðferð, sem um getur í 1. gr., er framkvæmd í slíkum starfsstöðvum. Samþykkið skal afgreitt í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005.

2. Lögbæra yfirvaldinu, sem um getur í 1. lið, er heimilt að krefjast að stjórnandi fóðurfyrirtækisins láti í té óháða sérfræðiráðgjöf í því skyni að ákvarða ásættanleika notkunar afeitrunarmeðferðarinnar í viðkomandi starfsstöð til að tryggja rétta og árangursríka framkvæmd afeitrunarmeðferðarinnar í starfsstöðinni.

3. Í landsskránni yfir samþykktar starfsstöðvar, eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005, skal, að því er varðar starfsstöðvarnar sem hafa verið samþykktar til að framkvæma afeitrunarmeðferð, tilgreina samþykktu afeitrunarmeðferðina. Til upplýsingar skal framkvæmdastjórnin birta tengla á þessar skrár í hverju landi um sig á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

7. gr.

Neyðarástand

Ef um er að ræða brýna þörf á afeitrun á miklu magni fóðurs með afeitrunarmeðferð, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur ekki enn lagt mat á, getur framkvæmdastjórnin, að beiðni lögbærra yfirvalda, farið fram á að Matvælaöryggisstofnunin leggi innan skamms tíma fram mat á afeitrunarmeðferðinni í því skyni að gera kleift að framkvæma, á afmörkuðu stuttu tímabili, ef niðurstaðan er jákvæð, afeitrun á sérstaklega tilgreindum menguðum vörusendingum. Notkun þessarar afeitrunarmeðferðar á stærri mælikvarða í ótilgreindan tíma er eingöngu heimiluð eftir að Matvælaöryggisstofnunin hefur gert ítarlegt vísindalegt mat með jákvæðri niðurstöðu.

8. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Stjórnendum fóðurfyrirtækja sem, fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, notast við afeitrunarmeðferð sem hefur fengið jákvætt mat Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en beiting þessarar reglugerðar hefst eða sem hafa látið framkvæmdastjórninni í té þær nauðsynlegu upplýsingar, sem kveðið er á um í viðaukanum, fyrir 1. júlí 2016 en Matvælaöryggisstofnun hefur ekki lokið matinu við gildistöku þessarar reglugerðar, er heimilt að beita afeitrunarmeðferðunum áfram á meðan beðið er eftir ákvörðun lögbæra yfirvaldsins að því er varðar ásættanleika notkunar afeitrunarmeðferðarinnar í viðkomandi starfsstöð.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. maí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

1. **Upplýsingar sem skulu lagðar fram að því er varðar samþykki fyrir eðlisrænni afeitrunarmeðferð, eins og um getur í 2. mgr. 3. gr.**

   Afhenda skal framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern efnivið (fóðurefni, fóðurblöndur og aðrar afurðir sem eru ætlaðar sem fóður):

   a) gögn um skilvirkni eðlisrænu afeitrunarmeðferðarinnar við að fjarlægja mengun úr fóðurlotunni, þannig að fóðurlotan uppfylli kröfurnar í tilskipun 2002/32/EB,

   b) sönnunargögn þess efnis að eðlisræna afeitrunarmeðferðin hafi ekki neikvæð áhrif á eiginleika og eðli fóðursins og

   c) ábyrgðir að því er varðar örugga förgun á fjarlægðum hluta fóðursins.

2. **Upplýsingar sem skulu lagðar fram að því er varðar samþykki fyrir efnafræðilegri afeitrunarmeðferð, eins og um getur í 2. mgr. 4. gr.**

   Afhenda skal framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern efnivið (fóðurefni, fóðurblöndur og aðrar afurðir sem eru ætlaðar sem fóður):

   a) sönnunargögn um skilvirkni afeitrunarmeðferðarinnar, í þeim skilningi að afeitraða fóðrið uppfylli kröfurnar í tilskipun 2002/32/EB, og varanleika hennar,

   b) sönnunargögn um að afeitrunarmeðferðin leiði ekki til myndunar skaðlegra efnaleifa efnisins, sem er notað við afeitrunarmeðferðina (sem móðurefni eða sem myndefni), í afeitruðu afurðinni,

   c) ítarlegar upplýsingar um efnið, verkunarhátt efnisins að því er varðar afeitrunarmeðferðina og afdrif efnisins,

   d) sönnunargögn um að myndefni aðskotaefnisins, sem myndast eftir framkvæmd afeitrunarmeðferðarinnar, stofni ekki heilbrigði dýra og manna og umhverfinu í hættu,

   e) sönnunargögn þess efnis að afeitrunarmeðferðin hafi ekki neikvæð áhrif á eiginleika og eðli fóðursins sem á að afeitra.

3. **Upplýsingar sem skulu lagðar fram að því er varðar samþykki fyrir (örveru-)lífræðilegri afeitrunarmeðferð, eins og um getur í 2. mgr. 5. gr.**

   Afhenda skal framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern efnivið (fóðurefni, fóðurblöndur og aðrar afurðir sem eru ætlaðar sem fóður):

   a) sönnunargögn um skilvirkni afeitrunarmeðferðarinnar, í þeim skilningi að afeitraða fóðrið uppfylli kröfurnar í tilskipun 2002/32/EB, og varanleika hennar,

   b) sönnunargögn um að meðferðin leiði ekki til myndunar skaðlegra efnaleifa efnisins, sem er notað við (örveru-) lífræðilegu afeitrunarmeðferðina (sem móðurefni eða sem umbrotsefni), í afeitruðu afurðinni,

   c) sönnunargögn þess efnis að afeitrunarmeðferðin gefi ekki af sér eftirlifandi örverur með minnkað næmi fyrir afeitrunarmeðferðinni,

   d) ítarlegar upplýsingar um verkunarhátt (örveru-)lífræðilega efnisins að því er varðar afeitrunarmeðferðina og afdrif (örveru-)lífræðilega efnisins,

   e) sönnunargögn um að umbrotsefni aðskotaefnisins, sem myndast eftir framkvæmd afeitrunarmeðferðarinnar, stofni ekki heilbrigði dýra og manna og umhverfinu í hættu,

   f) sönnunargögn þess efnis að afeitrunarmeðferðin hafi ekki neikvæð áhrif á eiginleika og eðli fóðursins sem á að afeitra.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/984 **2015/EES/74/91**

frá 24. júní 2015

um að samþykkja koparpýriþíón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

„1. Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í a-lið 1. gr., og íhluta til ísetningar í þau, í samræmi við ákvæði I. viðauka.

2. Fyrirtæki og starfsfólk, sem kemur að áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í a-lið 1. mgr., og íhluta til ísetningar í þau, þ.m.t. viðhald, skulu uppfylla ákvæði I. viðauka og, ef við á, ákvæðin sem tilgreind eru í 4. og 5. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í a-lið 1. mgr. og hafa flugleyfi, á grundvelli sérstaks fyrirkomulags um áframhaldandi lofthæfi, eins og það er skilgreint í flugleyfinu sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (21. hluta) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012.“

b) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við:

„5. Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í b-lið 1. gr., og íhluta til ísetningar í þau, í samræmi við ákvæði V. viðauka a.“

4) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki skulu gefin út í samræmi við ákvæði F-kafla I. viðauka eða ákvæði II. viðauka.“

5) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi c-liður bætist við í 2. mgr.:

„c) kröfum V. viðauka a fyrr en 25. ágúst 2017, að því er varðar loftför sem skráð eru í þriðja landi og sem flugrekendur, með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, hafa tekið á leigu.

b) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við:

„2a. Þrátt fyrir 1. mgr. gilda kröfurnar um loftför, sem notuð eru í sérstakri starfrækslu í ábataskyni og í flutningaflugi, nema að því er varðar flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 965/2012, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 379/2014(*), frá og með 21. apríl 2017.

Þangað til gildir eftirfarandi:

— ákvæði f-liðar M.A.201 í I. viðauka gilda um flókin, vélknúin loftför, sem flugrekendur nota, þó ekki flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, þar sem aðildarríki krefst að þeir hafi undir höndum skírteini fyrir atvinnurekstur, og um samþykkt þjálfunarfyrirtæki sem eru starfrækt í ábataskyni,

— ákvæði h-liðar M.A.201 í I. viðauka gilda um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem flugrekendur nota, þó ekki flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, þar sem aðildarríki krefst að þeir hafi undir höndum skírteini fyrir atvinnurekstur, og um samþykkt þjálfunarfyrirtæki sem eru starfrækt í ábataskyni,

— ákvæði a-liðar M.A.306 í I. viðauka gilda um loftför sem flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 nota og um loftför sem flugrekendur, þar sem aðildarríki krefst að þeir hafi undir höndum skírteini fyrir atvinnurekstur, nota,

— ákvæði c-liðar M.A.801 í I. viðauka gilda um ELA1-loftför, sem hvorki flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, nota

— ákvæði b-liðar M.A.803 í I. viðauka gilda um einföld vélknúin loftför með allt að 2 730 kg hámarksflugtaksmassa, um svifflugur, vélsvifflugur eða loftbelti, sem hvorki flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né flugrekendur, þar sem aðildarríki krefst að þeir hafi undir höndum skírteini fyrir atvinnurekstur, nota og sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, nota ekki heldur,

— ákvæði g-liðar M.A.901 í I. viðauka gilda um ELA1-loftför sem hvorki flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né flugrekendur, þar sem aðildarríki krefst að þeir hafi undir höndum skírteini fyrir atvinnurekstur, nota og sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, nota ekki heldur.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 379/2014 frá 7. apríl 2014 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 123, 24.4.2014, bls. 1).“

6) Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

7) Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

8) Ákvæðum III. viðauka (66. hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

9) Texti IV. viðauka við þessa reglugerð er felldur inn sem V. viðauki a (T-hluti).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 25. ágúst 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Jean-Claud*e JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Efnisyfirliti er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar M.A.306 komi „M.A.306 *Tækniflugbók loftfars*“.

b) Í stað fyrirsagnar I. viðbætis komi „I. viðbætir — Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi“.

2) Í stað 4. liðar M.1 komi eftirfarandi:

„4. þegar um er að ræða samþykki fyrir viðhaldsáætlunum:

i. yfirvald sem skráningaraðildarríkið tilnefnir,

ii. ef skráningaraðildarríkið samþykkir það áður en viðhaldsáætlunin er samþykkt:

a) yfirvald sem er tilnefnt af því ríki þar sem flugrekandinn hefur aðalstarfsstöð sína eða þar sem hann hefur staðfestu eða búsetu,

b) yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, eða með þeim sem eigandinn hefur gert takmarkaðan samning við í samræmi við 3. lið i-liðar M.A.201.“

3) Í stað d-, e-, f-, g-, h-, i- og j-liðar M.A.201 komi eftirfarandi:

„d) Flugstjórinn eða, ef um er að ræða flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, flugrekandinn ber ábyrgð á því að fyrirflugsskoðun sé framkvæmd á fullnægjandi hátt. Flugmaðurinn eða annar aðili með tilskilin starfsréttindi verður að annast skoðunina en ekki er nauðsynlegt að samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða viðhaldsvottar með samþykki skv. 66. hluta annist hana.

e) Þegar um er að ræða loftför sem flugrekendur, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, nota ber flugrekandinn ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem hann starfrækir og skal hann:

1) sjá til þess að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem skilgreind eru í a-lið, séu uppfyllt,

2) hafa hlotið samþykki sem fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, samkvæmt G-kafla M.A., sem er hluti af flugrekandaskírteini hans fyrir loftfarið sem hann starfrækir, og

3) hafa hlotið samþykki í samræmi við 145. hluta eða vera með samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við c-lið M.A.708.

f) Að því er varðar flókin, vélknúin loftför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn sjá til þess:

1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem skilgreind eru í a-lið, séu uppfyllt,

2) að samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, framkvæmi verkefnin sem tengjast áframhaldandi lofthæfi; ef flugrekandinn er ekki sjálfur samþykktur sem fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal flugrekandinn gera skriflegan samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við I. viðbæti og

3) að fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í 2. lið, hafi samþykki í samræmi við 145. hluta fyrir viðhaldi á loftfarinu og íhlutum til ísetningar í þau, eða hafi gert samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við c-lið M.A.708.

g) Hvað varðar flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né f-lið, skal eigandinn sjá til þess:

1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem skilgreind eru í a-lið, séu uppfyllt,

2) að samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, framkvæmi verkefnin sem tengjast áframhaldandi lofthæfi; ef eigandinn er ekki sjálfur samþykktur sem fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal eigandinn gera skriflegan samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við I. viðbæti og

3) að fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í 2. lið, hafi samþykki í samræmi við 145. hluta fyrir viðhaldi á loftfarinu og íhlutum til ísetningar í þau, eða hafi gert samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við c-lið M.A.708.

h) Hvað varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandi sjá til þess:

1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem skilgreind eru í a-lið, séu uppfyllt,

2) að samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, framkvæmi verkefnin sem tengjast áframhaldandi lofthæfi; ef flugrekandinn er ekki sjálfur samþykktur sem fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal flugrekandinn gera skriflegan samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við I. viðbæti og

3) að fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í 2. lið, hafi samþykki í samræmi við F-kafla M-hluta eða 145. hluta fyrir viðhaldi á loftfarinu og íhlutum til ísetningar í þau, eða hafi gert samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við c-lið M.A.708.

i) Hvað varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né h-lið eða sem notuð eru við „takmarkaða starfrækslu“, ber eigandinn ábyrgð á því að tryggja að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem skilgreind eru í a-lið, séu uppfyllt. Í því skyni skal eigandinn:

1) gera samning við samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, um að annast þau verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi í formi skriflegs samnings í samræmi við I. viðbæti, sem mun þá gera fyrirtækið, sem samið var við, ábyrgt fyrir því að lokið verði við þessi verkefni eða

2) annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfis loftfarsins á eigin ábyrgð án þess að semja við samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eða

3) annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins á eigin ábyrgð og gera takmarkaðan samning við neðangreinda aðila um að útbúa viðhaldsáætlunina og vinna úr samþykki hennar í samræmi við M.A.302:

— samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eða

— að því er varðar ELA2-loftför, viðhaldsfyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.

Takmarkaði samningurinn færir ábyrgðina á því að útbúa og vinna úr samþykki viðhaldsáætlunarinnar yfir á fyrirtækið sem samið var við, að undanskildum þeim tilvikum þar sem eigandi hefur gefið út yfirlýsingu í samræmi við h-lið M.A.302.

j) Eigandinn/flugrekandinn skal tryggja að allir einstaklingar, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins, fái aðgang að allri aðstöðu, loftförum eða skjölum sem tengjast starfsemi hans, þ.m.t. allri útvistaðri starfsemi, til að ákvarða hvort farið sé að kröfum þessa hluta.“

4) Lið M.A.301 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. lagfæra, samkvæmt gögnum sem tilgreind eru í lið M.A.304 og/eða M.A.401, eftir því sem við á, hvers konar bilanir og skemmdir, sem hafa áhrif á öryggi í starfrækslu, með hliðsjón af listanum yfir lágmarksbúnað og listanum yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug, ef við á,“.

b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. gera úttekt á skilvirkni viðhaldsáætlunarinnar, sem samþykkt er samkvæmt M.A.302, að því er varðar öll flókin, vélknúin loftför eða loftför sem eru notuð af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008,“.

c) Í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

„7. marka stefnu um framkvæmd valfrjálsra breytinga og/eða skoðana á öllum flóknum, vélknúnum loftförum eða loftförum sem eru notuð af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008,“.

5) Lið M.A.302 er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), sér um áframhaldandi lofthæfi loftfarsins eða þegar til staðar er takmarkaður samningur milli eiganda og þessa fyrirtækis í samræmi við 3. lið i-liðar M.A.201, er heimilt að samþykkja viðhaldsáætlunina fyrir loftför og breytingar á henni með málsmeðferð við óbeint samþykki.

i. Í því tilviki skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, taka málsmeðferð við óbeint samþykki upp sem hluta af starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og skal hún samþykkt af því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

ii. Fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal ekki nota málsmeðferðina við óbeint samþykki þegar þetta fyrirtæki er ekki undir eftirliti skráningaraðildarríkisins nema samkomulag sé til staðar skv. ii. lið 4. liðar M.1, eftir því sem við á, þar sem ábyrgðin á samþykki viðhaldsáætlunarinnar fyrir loftför færist til lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.“

b) Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) Þegar um er að ræða flókin, vélknúin loftför skal áreiðanleikaáætlun vera innifalin í viðhaldsáætluninni fyrir loftför þegar hún byggist á reglum viðhaldsstýrihóps eða vöktun ásigkomulags.“

6) Í stað 2. liðar b-liðar M.A.305 komi eftirfarandi:

„2. tækniflugbók flugrekandans þegar þess er krafist samkvæmt M.A.306.“

7) Lið M.A.306 er breytt sem hér segir:

a) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„M.A.306 **Tækniflugbók loftfars**“.

b) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Þegar um er að ræða flutningaflug, sérstaka starfrækslu í ábataskyni og samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandi, auk þess að uppfylla kröfurnar í M.A.305, færa reglubundið í tækniflugbókina eftirfarandi upplýsingar um hvert loftfar:

1. upplýsingar sem nauðsynlegar eru um hvert flug til að tryggja áframhaldandi flugöryggi og

2. gildandi viðhaldsvottorð loftfarsins og

3. gildandi viðhaldsyfirlýsingu sem sýnir stöðuna á viðhaldi loftfarsins og hvað er næst á viðhaldsáætlun, bæði að því er varðar reglubundið og óreglubundið viðhald, en þó getur lögbært yfirvald samþykkt að viðhaldsyfirlýsingin sé geymd annars staðar og

4. allar lagfæringar bilana eða skemmda sem hefur verið slegið á frest og geta haft áhrif á starfrækslu loftfarsins og

5. allar nauðsynlegar leiðbeiningar um stuðningsfyrirkomulag fyrir viðhald.“

8) Í stað M.A.402 komi eftirfarandi:

„M.A.402 **Framkvæmd viðhalds**

Að undanskildu viðhaldi sem viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt skv. II. viðauka (145. hluta), framkvæmir skal sérhver aðili eða fyrirtæki sem framkvæmir viðhald:

a) vera hæft til að framkvæma verkefnin í samræmi við kröfurnar í þessum hluta,

b) tryggja að svæðið, þar sem viðhald fer fram, sé vel skipulagt og laust við óhreinindi og mengun,

c) nota þær aðferðir, tækni, staðla og leiðbeiningar sem tilgreind eru í M.A.401 um viðhaldsgögn,

d) nota þau verkfæri, búnað og efnivið sem tilgreind eru í M.A.401 um viðhaldsgögn; ef þörf krefur skal prófa og kvarða verkfæri og búnað til samræmis við opinberlega viðurkenndan staðal,

e) tryggja að allt viðhald fari fram innan þeirra umhverfistakmarkana sem eru tilgreindar í M.A.401 um viðhaldsgögn.

f) tryggja að viðeigandi aðstaða sé notuð ef um er að ræða slæm veðurskilyrði eða langvarandi viðhald,

g) tryggja að dregið verði úr hættu á margföldum mistökum meðan á viðhaldi stendur og hættu á því að mistök endurtaki sig í sams konar viðhaldsverkefnum,

h) tryggja að kerfisbundin leit að mistökum fari fram eftir framkvæmd brýns viðhaldsverkefnis og

i. framkvæma almennt eftirlit í lok viðhalds til að tryggja að loftfarið eða íhluturinn sé laus við öll verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem voru fjarlægð, hafi verið fest á aftur.“

9) Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar M.A.403:

„b) Einungis viðurkenndir viðhaldsvottar, skv. M.A.801 (1. lið b-liðar), M.A.801 (2. lið b-liðar), M.A.801 (c-lið), M.A.801 (d-lið) eða skv. 145. hluta, geta ákvarðað, á grundvelli viðhaldsgagnanna, samkvæmt M.A.401, hvort bilun í loftfari stofni flugöryggi í hættu og þar með ákvarðað hvaða lagfæringar skuli gera fyrir frekara flug og hvenær hvaða lagfæringum megi slá á frest. Þetta á þó ekki við þegar flugmaðurinn eða viðurkenndir viðhaldsvottar nota listann yfir lágmarksbúnað.

c) Lagfæra skal allar bilanir í loftfari, sem stofna ekki flugöryggi í hættu, eins fljótt og gerlegt er eftir að bilunarinnar í loftfarinu verður fyrst vart og innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðhaldsgögnunum eða í listanum yfir lágmarksbúnað.“

10) Í stað d-liðar M.A.502 komi eftirfarandi:

„d) Þrátt fyrir a-lið og 2. lið b-liðar M.A.801 er viðhaldsvottunum, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801, heimilt að framkvæma viðhald á íhlut, hvort sem hann er fastur eða hefur verið fjarlægður tímabundið úr ELA1-loftfari, sem notað er af öðrum flugrekendum en þeim sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og framkvæma það í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, nema þegar um er að ræða:

1. grannskoðun á íhlutum öðrum en hreyflum og skrúfum og

2. grannskoðun á hreyflum og skrúfum loftfara sem ekki teljast til CS-VLA-, CS-22- og LSA-loftfara.

Að því er varðar viðhald íhluta, sem fram fer í samræmi við d-lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur M.A.801 um viðhaldsvottorð.“

11) Í stað b-liðar M.A.504 komi eftirfarandi:

„b) Auðkenna skal ónothæfa íhluti og skulu þeir geymdir á öruggum stað undir eftirliti samþykkts fyrirtækis þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíð viðkomandi íhlutar. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, er þeim aðila eða því fyrirtæki sem lýsti íhlutinn ónothæfan engu að síður heimilt að flytja forræði íhlutarins yfir til eiganda loftfars eftir að hafa lýst hann ónothæfan, að því tilskildu að slík tilfærsla komi fram í viðhaldsskrá loftfarsins, hreyfilsins eða íhlutarins.“

12) Í stað M.A.601 komi eftirfarandi:

„M.A.601 **Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki þarf að uppfylla til að teljast hæft til að gefa út eða framlengja samþykki til að annast viðhald á loftförum, öðrum en flóknum, vélknúnum loftförum og íhlutum til ísetningar í þau sem eru ekki notuð af flugrekendum með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008.“

13) Lið M.A.606 er breytt sem hér segir:

í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) Viðhaldsfyrirtækið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda viðhaldsvotta til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftför og íhluti samkvæmt M.A.612 og M.A.613. Þeir skulu uppfylla kröfur 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.“

14) Í stað b-liðar M.A.703 komi eftirfarandi:

„b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar, hvað varðar flugrekendur sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal samþykkið vera hluti af flugrekandaskírteininu sem lögbæra yfirvaldið gefur út fyrir loftfarið sem er starfrækt.“

15) Í stað 9. liðar a-liðar M.A.704 komi eftirfarandi:

„9. skrá yfir samþykktar viðhaldsáætlanir loftfara eða, að því er varðar loftför sem eru ekki notuð af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skrá yfir „almennar viðhaldsáætlanir“ og „grunnviðhaldsáætlanir“.“

16) Lið M.A.706 er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) Að því er varðar flugrekendur sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skal ábyrgðarmaðurinn, sem um getur í a-lið, vera sá aðili sem hefur einnig umboð frá viðkomandi fyrirtæki til að tryggja að unnt sé að fjármagna allan rekstur flugrekandans og að hann fari fram í samræmi við tilskilinn staðal um útgáfu flugrekandaskírteinis.“

b) Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) Að því er varðar flugrekendur sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skal ábyrgðarmaðurinn skipa tilnefndan yfirmann. Þessi einstaklingur skal bera ábyrgð á stjórnun og eftirliti með starfsemi vegna áframhaldandi lofthæfis samkvæmt c-lið.“

c) Í stað k-liðar komi eftirfarandi:

„k) Að því er varðar flókin, vélknúin loftför og loftför sem notuð er af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal fyrirtækið staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks sem vinnur við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og/eða gæðaúttektir í samræmi við verklagsreglur og staðal sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt.“

17) Lið M.A.707 er breytt sem hér segir:

Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Til þess að hljóta samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi, og, ef við á, gefa út flugleyfi, skal samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli, sem um getur í I-kafla A-þáttar, og, ef við á, gefur út flugleyfi í samræmi við c-lið M.A.711:

1. Að því er varðar loftför, sem notuð eru af flugrekendum með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2 730 kg, að loftbelgjum undanskildum, skal þetta starfsfólk hafa:

a) a.m.k. fimm ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og

b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa í viðkomandi landi og

c) formlega þjálfun í viðhaldi loftfara og

d) stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkta fyrirtækisins.

e) Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fimm ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar a-liðar í M.A.707, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 1. liðar a-liðar í M.A.707.“

2. Að því er varðar loftför, sem notuð eru af flugrekendum með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa allt að 2 730 kg, þ.m.t. loftbelgir, skal þetta starfsfólk hafa:

a) a.m.k. þriggja ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og

b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa í viðkomandi landi og

c) viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara og

d) stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkta fyrirtækisins,

e) þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fjögurra ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar a-liðar í M.A.707, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 2. liðar a-liðar í M.A.707.“

18) Lið M.A.708 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar b-liðar komi eftirfarandi:

„2. láta lögbæra yfirvaldinu í té viðhaldsáætlun og breytingar á henni til samþykkis, nema áætlunin falli undir málsmeðferð við óbeint samþykki í samræmi við c-lið M.A.302 og hvað varðar loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, senda eigandanum eða þeim flugrekanda sem ber ábyrgð, í samræmi við M.A.201, afrit af áætluninni,“.

b) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Þegar um er að ræða flókin, vélknúin loftför eða loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, eða loftför notuð við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt er í ábataskyni, og þegar fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hefur ekki hlotið tilhlýðilegt samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.-hluta, skal fyrirtækið, í samráði við flugrekandann, gera skriflegan viðhaldssamning við fyrirtæki, sem hefur samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.-hluta, eða við annan flugrekanda, þar sem nákvæmlega eru taldir upp starfsþættir, sem tilgreindir eru í 2., 3., 5. og 6. lið M.A.301, til að tryggja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.-hluta annist í raun allt viðhald og skilgreina hvernig styrkja skuli starfsþætti gæðakerfisins sem um getur í b-lið M.A.712.“

c) Eftirfarandi d-liður bætist við:

„d) Þrátt fyrir c-lið getur samningurinn verið í formi einstakra verkbeiðna sem er beint til viðhaldsfyrirtækis sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.-hluta að því er varðar:

1. loftfar sem þarf á ófyrirséðu leiðarviðhaldi að halda,

2. viðhald íhluta, þ.m.t. viðhald hreyfla.“

19) Í stað b-liðar M.A.709 komi eftirfarandi:

„b) Viðurkennt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, getur þróað „grunnviðhaldsáætlanir“ og/eða „almennar viðhaldsáætlanir“ fyrir loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, til að gera fyrsta samþykki og/eða rýmkun gildissviðs samþykkis kleift án þess að samningarnir, sem um getur í I. viðbæti við þennan viðauka (M-hluta), séu fyrir hendi. Þessar „grunnviðhaldsáætlanir“ og/eða „almennu viðhaldsáætlanir“ koma þó ekki í veg fyrir nauðsyn þess að koma á fullnægjandi viðhaldsáætlun fyrir loftför í samræmi við M.A.302 í tæka tíð áður en réttindanna, sem um getur í M.A.711, er neytt.“

20) Í stað 1. og 2. liðar a-liðar M.A.711 komi eftirfarandi:

„1. að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara annarra en þeirra sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, eins og tilgreint er á samþykkisvottorðinu,

2. að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, ef þau eru bæði tilgreind á samþykkisvottorði hans og flugrekandaskírteini,“.

21) Í stað e- og f-liðar M.A.712 komi eftirfarandi:

„e) Þegar um er að ræða flugrekendur sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skal gæðakerfið, samkvæmt G-kafla M.A., vera samþættur hluti af gæðakerfi flugrekandans.

f) Þegar um er að ræða lítið fyrirtæki, sem annast ekki sjálft stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, geta reglubundnar úttektir innan fyrirtækisins komið í stað gæðakerfisins, að því tilskildu að lögbært yfirvald samþykki það, nema þegar fyrirtækið gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2 730 kg, að loftbelgjum undanskildum. Þegar ekkert gæðakerfi er til staðar skal fyrirtækið ekki gera samning við aðra aðila um verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.“

22) Í stað c- og d-liðar M.A.801 komi eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir 2. lið b-liðar M.A.801, gildir fyrir ELA1-loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, ekki í sérstakri starfrækslu í ábataskyni og ekki hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt er í ábataskyni, að þeir viðhaldsvottar sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801 mega votta flókin viðhaldsverkefni fyrir loftför sem tilgreind eru í VII. viðbæti.

d) Þrátt fyrir b-lið M.A.801 er eigandanum heimilt, í ófyrirsjáanlegum atvikum, þegar loftfar er kyrrsett á stað þar sem ekki er til staðar samþykkt viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið viðeigandi samþykki samkvæmt þessum viðauka eða II. viðauka (145. hluta) og ekki heldur eru fyrir hendi neinir viðeigandi viðhaldsvottar, að leyfa sérhverjum einstaklingi, sem hefur a.m.k. þriggja ára viðeigandi viðhaldsreynslu og hefur viðeigandi starfsréttindi, að sjá um viðhald í samræmi við staðlana, sem settir eru fram í D-kafla þessa viðauka, og gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið. Í því tilviki skal eigandinn:

1. fá í hendur og varðveita í skrá loftfarsins upplýsingar um alla þá vinnu sem fer fram og starfsréttindi einstaklingsins, sem gefur vottorðið út, og

2. sjá til þess að allt slíkt viðhald sé athugað aftur og vottað af hálfu einstaklings með tilskilin réttindi, sem um getur í b-lið M.A.801, eða af hálfu stofnunar, sem hefur samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða skv. II. viðauka (145. hluta), við fyrsta hentugleika en þó innan sjö daga og

3. innan sjö daga frá því að slík vottunarheimild er veitt, tilkynna fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, þegar samið hefur verið við fyrirtækið í samræmi við i-lið M.A.201 eða lögbæra yfirvaldinu ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi.“

23) Í stað b-liðar í M.A.803 komi eftirfarandi:

„b) Að því er varðar einföld, vélknúin loftför með allt að 2 730 kg hámarksflugtaksmassa, svifflugur, vélsvifflugur eða loftbelgi, sem eru hvorki notuð í flutningaflugi né í sérstakri starfrækslu í ábataskyni og ekki heldur hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt er í ábataskyni, er flugmanni, sem er jafnframt eigandi loftfars, heimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið að loknu takmörkuðu viðhaldi flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, eins og tilgreint er í VIII. viðbæti.“

24) Lið M.A.901 er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-, d- og e-liðar komi eftirfarandi:

„c) Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2 730 kg, að loftbelgjum undanskildum, undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið, sem um getur í b-lið og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, ef það hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki og svo framarlega sem skilyrði í k-lið eru uppfyllt:

1. gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við M.A.710 og

2. framlengt tvisvar gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorða, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn.

d) Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2 730 kg, að loftbelgjum undanskildum, sem:

i. eru ekki undir viðurkenndri viðhaldsstjórn eða

ii. áframhaldandi lofthæfi þeirra er undir stjórn fyrirtækis, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi en hefur ekki réttindi til að annast staðfestingu á lofthæfi,

skal lögbæra yfirvaldið gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð að loknu fullnægjandi mati, sem byggist á tilmælum frá fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), sem skal sent með umsókninni frá eigandanum eða flugrekandanum. Þessi tilmæli skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi sem fer fram í samræmi við M.A.710.

e) Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, með allt að 2 730 kg hámarksflugtaksmassa, og loftbelgi, getur fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi með samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) og er skipað af eiganda eða flugrekanda, ef það hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki og svo framarlega sem skilyrðin í k-lið eru uppfyllt:

1. gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við M.A.710 og

2. framlengt tvisvar gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorða, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn undir stjórn fyrirtækisins.“

b) Í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) Þrátt fyrir e-lið og 2. lið i-liðar M.A.901 getur lögbært yfirvald einnig gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir ELA1-loftför, sem eru hvorki notuð í flutningaflugi né í sérstakri starfrækslu í ábataskyni og ekki heldur hjá samþykktum þjálfunarfyrirtækjum, sem starfrækt eru í ábataskyni, að loknu fullnægjandi mati sem byggist á tilmælum viðhaldsvotta, sem eru formlega samþykktir af lögbæra yfirvaldinu og fara að ákvæðum III. viðauka (66. hluta), sem og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í a-lið 2. liðar a-liðar M.A.707, sem skal sent með umsókninni frá eigandanum eða flugrekandanum. Þessi tilmæli skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi, sem fer fram í samræmi við M.A.710, og skulu ekki gefin út til lengri tíma en tveggja ára samfellt í senn.“

25) Í stað a-liðar í M.B.105 komi eftirfarandi:

„a) Til að stuðla að bættu flugöryggi skulu lögbær yfirvöld taka þátt í gagnkvæmum skiptum á öllum nauðsynlegum upplýsingum í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.“

26) Í stað M.B.303 og M.B.304 komi eftirfarandi:

„M.B.303 **Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara**

a) Á grundvelli nálgunar, sem byggist á áhættumati, skal lögbæra yfirvaldið móta könnunaráætlun til að vakta lofthæfistöðu loftfaraflotans sem er á skrá hjá því.

b) Könnunaráætlunin skal fela í sér úrtakskannanir á loftförum og skal ná yfir alla lykiláhættuþætti varðandi lofthæfi.

c) Með úrtakskönnun skal staðfesta með úrtaksprófun hvaða lofthæfistöðlum er náð á grundvelli gildandi krafna og tilgreina hvers konar frávik.

d) Öll frávik, sem greinast, skulu flokkuð í samræmi við kröfur þessa hluta og þau skulu staðfest skriflega við þann aðila eða fyrirtæki sem ber ábyrgð samkvæmt M.A.201. Lögbæra yfirvaldið skal hafa innleitt ferli til að greina frávik vegna öryggissjónarmiða.

e) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik og aðgerðir til leiðréttingar.

f) Komi fram vísbendingar við könnun á loftfari um að ekki sé farið að kröfum þessa hluta eða einhvers annars hluta skal frávikið meðhöndlað eins og mælt er fyrir um í viðeigandi hluta.

g) Ef þess er krafist, til að tryggja viðeigandi framfylgdaraðgerðir, skal lögbæra yfirvaldið skiptast á upplýsingum við önnur lögbær yfirvöld um ósamræmi sem greinist í samræmi við f-lið.

M.B.304 **Afturköllun og tímabundin ógilding**

Lögbæra yfirvaldið skal:

a) fella lofthæfistaðfestingarvottorð tímabundið úr gildi á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða

b) fella lofthæfistaðfestingarvottorð tímabundið úr gildi eða afturkalla það skv. 1. lið M.B.903.“

27) Í stað a-liðar í M.B.701 komi eftirfarandi:

„a) Að því er varðar flugrekendur, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal lögbæra yfirvaldið fá eftirfarandi til samþykkis fyrir hverja tegund loftfars, sem fyrirhugað er að starfrækja, ásamt upphaflegu umsókninni um flugrekandaskírteini og, ef við á, öllum breytingum á henni sem sótt hefur verið um:

1. starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,

2. viðhaldsáætlun loftfara flugrekanda,

3. tækniflugbók loftfars,

4. ef við á, tækniforskriftir í viðhaldssamningum milli fyrirtækisins, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, og viðhaldsfyrirtækis með samþykki skv. 145. hluta.“

28) Í stað d-liðar M.B.703 komi eftirfarandi:

„d) Þegar um er að ræða flugrekendur, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skulu upplýsingar á EASA-eyðublaði nr. 14 koma fram á flugrekandaskírteininu.“

29) Í stað b-liðar í M.B.902 komi eftirfarandi:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki til að annast staðfestingu á lofthæfi.

1. Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2 730 kg, að loftbelgjum undanskildum, skal þetta starfsfólk hafa:

a) a.m.k. fimm ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og

b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða starfsréttindi sem starfsmaður í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins (þegar 6. mgr. 5. gr. vísar til landsbundinna reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa og

c) formlega þjálfun í viðhaldi loftfara og

d) stöðu með viðeigandi ábyrgð.

Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fimm ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar b-liðar í M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 1. liðar b-liðar í M.B.902.

2. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa allt að 2 730 kg, þ.m.t. loftbelgir, skal þetta starfsfólk hafa:

a) a.m.k. þriggja ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og

b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða starfsréttindi sem starfsmaður í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins (þegar 6. mgr. 5. gr. vísar til landsbundinna reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa og

c) viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara og

d) stöðu með viðeigandi ábyrgð.

Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fjögurra ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar b-liðar í M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 2. liðar b-liðar í M.B.902.“

30) Í stað I. viðbætis komi eftirfarandi:

„I. viðbætir

Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

1. Geri eigandi/flugrekandi samning, í samræmi við M.A.201, við fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla M-þáttar, um að fyrirtækið sjái um verkefni, sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal eigandinn/flugrekandinn, að beiðni lögbæra yfirvaldsins, senda lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins afrit af samningnum þegar báðir aðilar hafa undirritað hann.

2. Samningurinn skal útfærður með hliðsjón af kröfunum í M-hluta og skal skilgreina í honum kvaðir undirritunaraðilanna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins.

3. Í honum skal a.m.k. koma fram:

   — einkennisstafir loftfarsins,

   — tegund loftfars,

   — raðnúmer loftfars,

   — nafn eiganda eða skráðs leigjanda eða upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. heimilisfang,

   — upplýsingar um fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. heimilisfang,

   — tegund starfrækslu

4. Þar skal vera eftirfarandi yfirlýsing:

   „Eigandi felur fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, semja viðhaldsáætlun, sem skal hljóta samþykki lögbærs yfirvalds, eins og fram kemur í M.1, og skipuleggja viðhald á loftfarinu í samræmi við fyrrnefnda viðhaldsáætlun.

   Í þessum samningi skuldbinda báðir undirritunaraðilar sig til að uppfylla kvaðir sínar samkvæmt samningnum.

   Eigandi/flugrekandi lýsir því yfir að samkvæmt hans bestu vitund séu allar upplýsingar, sem fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hafa verið veittar varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, réttar og að svo verði áfram og að loftfarinu verði ekki breytt án fyrirframsamþykkis frá fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

   Ef annar undirritunaraðilinn uppfyllir ekki einhver ákvæði þessa samnings verður samningurinn ógildur. Í slíkum tilvikum mun eigandinn/flugrekandinn bera fulla ábyrgð á öllum verkefnum í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins og skuldbinda sig til að tilkynna lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins um það innan tveggja vikna.“

5. Geri eigandi/flugrekandi samning, í samræmi við ákvæði M.A.201, við fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skulu kvaðirnar skiptast á milli samningsaðila á eftirfarandi hátt:

5.1. Skyldur fyrirtækisins, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:

   1. að sjá til þess að gildissvið samþykkis þess nái yfir viðkomandi tegund loftfars,

   2. að uppfylla skilyrðin fyrir því að viðhalda áframhaldandi lofthæfi loftfarsins en þau eru:

      a) að semja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þ.m.t. allar áreiðanleikaáætlanir sem eru samdar, ef við á,

      b) að gefa upp þau viðhaldsverkefni (í viðhaldsáætluninni) sem flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, er heimilt að framkvæma í samræmi við c-lið M.A.803,

      c) að sjá til þess að viðhaldsáætlun loftfarsins hljóti samþykki,

d) að láta eigandanum/flugrekandanum í té afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins þegar hún hefur hlotið samþykki,

e) að sjá til þess að fram fari tengiskoðun við fyrri viðhaldsáætlun á loftfarinu til að brúa bilið yfir í kröfur samkvæmt nýju viðhaldsáætluninni,

f) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki annist allt viðhald,

g) að sjá til þess að öllum gildandi lofthæfifyrirmælum sé beitt,

h) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki lagfæri allar bilanir, sem í ljós koma við reglubundið viðhald, staðfestingu á lofthæfi eða sem eigandinn tilkynnir um, sem og að samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfifyrirmæla, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og kröfur um skoðun íhluta,

i) að láta eigandann vita í hvert skipti sem farið skal með loftfarið til samþykkts viðhaldsfyrirtækis,

j) að hafa umsjón með öllum tæknilegum gögnum,

k) að setja öll tæknileg gögn í geymslu,

3. að sjá til þess að allar breytingar á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,

4. að sjá til þess að allar viðgerðir á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,

5. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef eigandinn kemur ekki með loftfarið til samþykkta viðhaldsfyrirtækisins eins og samþykkta fyrirtækið hefur krafist,

6. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef þessi samningur er ekki virtur,

7. að tryggja að staðfesting á lofthæfi loftfarsins fari fram, þegar þörf krefur, og tryggja að lofthæfistaðfestingarvottorðið sé gefið út eða að tilmælin séu send lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins,

8. að senda afrit, innan tíu daga, af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins,

9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,

10. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp.

5.2. Skyldur eiganda/flugrekanda eru:

1. að þekkja grundvallaratriði samþykktrar viðhaldsáætlunar,

2. að þekkja grundvallaratriði þessa viðauka (M-hluta),

3. að fara með loftfarið til samþykkta viðhaldsfyrirtækisins í samráði við fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, á þeim tíma sem fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, krefst þess,

4. að breyta ekki loftfarinu án samráðs við fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,

5. að tilkynna fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, um allt aukaviðhald, sem er framkvæmt án vitneskju, og eftirlit fyrirtækisins sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,

6. að tilkynna fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, um allar bilanir sem finnast við starfrækslu loftfarsins með því að færa þær inn í viðhaldsskrána,

7. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp,

8. að tilkynna það fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, og lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef loftfarið er selt,
9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,
10. að gefa fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, reglubundið upplýsingar um flugtíma loftfarsins og öll önnur notkunargögn samkvæmt samkomulagi við fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,
11. að færa viðhaldsvottorðið inn í viðhaldsskrárnar, eins og um getur í d-lið M.A.803, þegar flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, framkvæmir viðhald án þess að farið sé yfir mörk listans yfir viðhaldsverkefni líkt og tilgreint var í samþykktu viðhaldsáætluninni eins og mælt er fyrir um í c-lið M.A.803,
12. að tilkynna fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eigi síðar en 30 dögum eftir að flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, hefur lokið við viðhaldsverkefni í samræmi við a-lið M.A.305.“

31) Í stað VI. viðbætis komi eftirfarandi:

„VI. viðbætir

Samþykki fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í G-kafla í I. viðauka (M-hluta)

[AÐILDARRÍKI] (*)

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

SAMÞYKKISVOTTORÐ

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. MG.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá, og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út tilmæli eða lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.710 í I. viðauka (M-hluta) og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út flugleyfi eins og tilgreint er í c-lið M.A.711 í I. viðauka (M-hluta) í sömu reglugerð.

SKILYRÐI

1. Þetta samþykki takmarkast við það samþykki, sem tilgreint er í þættinum um samþykki í samþykktri starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi samkvæmt G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

2. Þetta samþykki krefst þess að farið sé að því verklagi sem tilgreint er í samþykktri starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við I. viðauka (M-hluta) og, ef við á, V. viðauka a (T-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir kröfurnar, skv. I. viðauka (M-hluta), og, ef við á, skv. V. viðauka a (T-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

4. Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semur við eitt eða fleiri fyrirtæki innan ramma eigin gæðakerfis, gildir þetta samþykki áfram, að því tilskildu að fyrirtækið eða fyrirtækin haldi áfram að uppfylla viðeigandi samningsskyldur.

5. Svo fremi að skilyrði 1–4 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

   Sé eyðublað þetta einnig notað fyrir flugrekendur, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal númer flugrekandaskírteinis bætt við tilvísunarnúmerið, til viðbótar við staðlaða númerið, og skulu eftirfarandi viðbótarskilyrði koma í staðinn fyrir skilyrði 5:

6. Þetta samþykki er ekki heimild til að starfrækja þær tegundir loftfara sem um getur í 1. lið. Flugrekandaskírteinið veitir heimildina til að starfrækja loftfar.

7. Lok á gildistíma flugrekandaskírteinis eða tímabundin ógilding eða afturköllun þess ógildir sjálfkrafa þetta samþykki í tengslum við skráningar þeirra loftfara sem tilgreindar eru í flugrekandaskírteininu nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda.

8. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

Bls. 1 af 2

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

SAMÞYKKISSKRÁ

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. MG.XXXX

(tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tegund/röð/hópur loftfars	Staðfesting á lofthæfi heimiluð	Heimilt að veita flugleyfi	Fyrirtæki sem starfa samkvæmt gæðakerfi
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	

Þessi samþykkisskrá takmarkast við gildissvið samþykkisins sem tilgreint er í þættinum um samþykkta starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi .....

Tilvísun fyrir starfsemislýsingu um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirskrift: .....

Dagsetning endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 14, 4. útgáfa

_____

(*) eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.
(***) Strika skal út það sem ekki á við ef fyrirtæki er ekki samþykkt.“

32) Í stað 1. liðar b-liðar í VIII. viðbæti „Takmarkað viðhald af hálfu flugmannsins sem er jafnframt eigandi loftfarsins“ komi eftirfarandi:

„1. er brýnt viðhaldsverkefni,“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Efnisyfirliti er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður 145.A.48 bætist við:

„145.A.48 **Framkvæmd viðhalds**"

2) Í stað h- og i-liðar 145.A.30 komi eftirfarandi:

„h) Fyrirtæki, sem annast viðhald loftfara, skal, nema kveðið sé á um annað í j-lið, hafa á að skipa eftirfarandi:

1. þegar um er að ræða aðalviðhald á flóknum, vélknúnum loftförum, viðhaldsvottum með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og starfsréttindi í C-flokki skv. 66. hluta og 145.A.35. Að auki skal fyrirtækið hafa á að skipa nægu starfsfólki með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og með starfsréttindi í flokkum B1 eða B2, eins og við á, skv. 66. hluta og 145.A.35, til aðstoðar viðhaldsvottum í C-flokki.

i. Faglegir ábyrgðarmenn í flokkum B1 og B2 skulu sjá til þess að öll viðeigandi verkefni eða skoðanir hafi verið framkvæmdar í samræmi við tilskilda staðla áður en viðhaldsvottar í C-flokki gefa út viðhaldsvottorð.

ii. Fyrirtækið skal halda skrá yfir alla faglega ábyrgðarmenn í flokkum B1 og B2.

iii. Viðhaldsvottar í C-flokki skulu fullvissa sig um að fylgt hafi verið ákvæðum i. liðar og að þeirri vinnu sem viðskiptavinurinn fer fram á hafi verið lokið í viðkomandi aðalviðhaldsskoðun eða verkhluta og þeir skulu einnig meta áhrif þeirra verka sem voru ekki framkvæmd með það fyrir augum að krefjast þess að annaðhvort verði þau unnin eða að komist verði að samkomulagi við flugrekandann um að fresta þeim verkum fram að annarri, tiltekinni skoðun eða í tiltekinn tíma;

2. þegar um er að ræða aðalviðhald á loftförum öðrum en flóknum, vélknúnum loftförum hafa annaðhvort:

i. viðhaldsvotta með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og starfsréttindi í flokkum B1, B2 eða B3, eins og við á, í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og 145.A.35 eða

ii. viðhaldsvotta með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför, sem hafa starfsréttindi í C-flokki og njóta aðstoðar faglegra ábyrgðarmanna eins og tilgreint er í i. lið a-liðar í 145.A.35.

i) Viðhaldsvottar íhluta skulu fara að ákvæðum 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014."

3) Eftirfarandi liður 145.A.48 bætist við:

„145.A.48 **Framkvæmd viðhalds**

Fyrirtækið skal setja verklagsreglur til að tryggja:

a) að við lok viðhalds fari fram almennt eftirlit til að tryggja að loftfarið eða íhluturinn sé laus við öll verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem voru fjarlægð, hafi verið fest á aftur,

b) að kerfisbundin leit að mistökum fari fram eftir framkvæmd hvers kyns brýns viðhaldsverkefnis,

c) að dregið verði úr hættu á margföldum mistökum meðan á viðhaldi stendur og hættu á því að mistök endurtaki sig í sams konar viðhaldsverkefnum og

d) að stuðst sé við gögn, sem tilgreind eru í M.A.304, þegar skemmdir eru metnar og breytingar og viðgerðir framkvæmdar."

4) Í stað b-liðar í 145.A.65 komi eftirfarandi:

„b) Fyrirtækið skal setja verklagsreglur, sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á, þar sem höfð er hliðsjón af mannlega þættinum og mannlegri getu til að tryggja góðar viðhaldsvenjur og að farið sé að viðeigandi kröfum í liðum 145.A.25–145.A.95. Verklagsreglurnar í þessum lið skulu:

1. tryggja að skýr verkbeiðni eða verksamningur liggi fyrir milli fyrirtækisins og fyrirtækisins, sem óskar eftir viðhaldi, þar sem fyrirhugað viðhald er skýrt sett fram þannig að hægt sé að viðhaldsvotta loftfarið og íhlutina í samræmi við lið 145.A.50 og

2. taka til allra þátta, sem varða framkvæmd viðhaldsins, þ.m.t. að veita og hafa eftirlit með sérhæfðri þjónustu og mæla fyrir um staðlana sem fyrirhugað er að fyrirtækið starfi eftir.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka (66. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. og 4. liðar a-liðar 66.A.30 komi eftirfarandi:

„3. fyrir C-flokk að því er varðar flókin, vélknúin loftför:

i. þriggja ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1.1, B1.3 eða B2 á flóknum, vélknúnum loftförum eða sem faglegur ábyrgðarmaður skv. 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja eða

ii. fimm ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1.2 eða B1.4 á flóknum, vélknúnum loftförum eða sem faglegur ábyrgðarmaður skv. 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja,

4. fyrir C-flokk að því er varðar loftför önnur en flókin, vélknúin loftför: þriggja ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1 eða B2 á loftförum öðrum en flóknum, vélknúnum loftförum eða sem faglegur ábyrgðarmaður skv. 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja,“.

2) Í stað d-liðar 66.A.70 komi eftirfarandi:

„d) Þrátt fyrir c-lið, að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal skírteini flugvéltæknis hafa takmarkanir í samræmi við lið 66.A.50 til að tryggja að starfsréttindi viðhaldsvotta, sem gilda í aðildarríki áður en þessi reglugerð tekur gildi, og réttindi skírteinis flugvéltæknis, sem hefur verið umbreytt skv. 66. hluta, haldist óbreytt.“

3) Í stað V. viðbætis komi eftirfarandi:

„V. viðbætir

Umsóknareyðublað — EASA-eyðublað nr. 19

UMSÓKN UM FYRSTA SKÍRTEINI/BREYTINGU Á SKÍRTEINI/ ENDURNÝJUN Á SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS (AML) SKV. 66. HLUTA	EASA-EYÐUBLAÐ NR. 19

UPPLÝSINGAR UM UMSÆKJANDA:

Nafn: .....

Heimilisfang: .....

Ríkisfang: ..... Fæðingardagur, -mánuður og -ár og fæðingarstaður: .....

UPPLÝSINGAR UM SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS SKV. 66. HLUTA (ef við á):

Skírteinisnúmer: ..... Útgáfudagur: .....

UPPLÝSINGAR UM VINNUVEITANDA:

Nafn: .....

Heimilisfang: .....

Tilvísunarnúmer samþykkis viðhaldsfyrirtækis: .....

Sími: ..... Bréfasími: .....

UMSÓKN UM: (Haka skal í viðeigandi ramma)

Fyrsta skírteini flugvéltæknis ☐ Breyting á skírteini flugvéltæknis ☐ Endurnýjun á skírteini flugvéltæknis ☐

Áritun	**A**	**B1**	**B2**	**B3**	**C**
Flugvélar, hverfihreyfill	☐	☐			
Flugvélar, strokkhreyfill	☐	☐			
Þyrlur, hverfihreyfill	☐	☐			
Þyrlur, strokkhreyfill	☐	☐			
Rafeindabúnaður loftfars			☐		
Flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2 tonna hámarksflugtaksmassa eða þar undir				☐	
Flókin, vélknúin loftför					☐
Loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför					☐

Tegundaráritun/Réttindaáritun/Aflétting takmarkana (ef við á): .....

Ég sæki hér með um fyrsta skírteini/breytingu á skírteini/endurnýjun á skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta og staðfesti að upplýsingarnar á þessu eyðublaði eru réttar þegar umsóknin er lögð inn.

Ég staðfesti hér með að:

1. ég er ekki handhafi skírteinis flugvéltæknis, skv. 66. hluta, sem gefið er út í öðru aðildarríki,
2. ég hef ekki sótt um skírteini flugvéltæknis, skv. 66. hluta, í öðru aðildarríki og
3. ég hef aldrei verið handhafi skírteinis flugvéltæknis, skv. 66. hluta, sem gefið var út í öðru aðildarríki og sem annað aðildarríki afturkallaði eða ógilti tímabundið.

Ég geri mér einnig grein fyrir að gefi ég rangar upplýsingar geti ég verið sviptur skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta.

Undirskrift: ..... Nafn: ..... Dagsetning: .....

Ég óska eftir að fá eftirfarandi atriði metin (ef við á): .... Metin reynsla á grundvelli þjálfunar skv. 147. hluta .... Metið nám á grundvelli samsvarandi prófskírteina .... Viðeigandi skírteini skulu fylgja með
Meðmæli (ef við á): Hér með vottast að umsækjandi hefur uppfyllt kröfur 66. hluta um viðeigandi viðhaldskunnáttu og -reynslu og er mælt með því að lögbæra yfirvaldið veiti honum eða áriti skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta. Undirskrift: ..... Nafn: ..... Staða: ..... Dagsetning: .....

EASA-eyðublað nr. 19, 4. útg.“

4) Í stað VI. viðbætis komi eftirfarandi:

VI. viðbætir

Skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta)

I.

EVRÓPUSAMBANDIÐ (*)

[RÍKI]

[NAFN OG KENNIMERKI YFIRVALDS]

II.

66. hluti

SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS

III.

Skírteinisnúmer [KÓÐI AÐILDARRÍKIS].66.[XXXX]

EASA-eyðublað nr. 26, 4. útg.

IVa. Fullt nafn handhafa:

IVb. Fæðingardagur- og ár og fæðingarstaður:

V. Heimilisfang handhafa:

VI. Þjóðerni handhafa

VII. Undirskrift handhafa:

III. Skírteinisnúmer:

VIII. SKILYRÐI:

Handhafi skal undirrita skírteinið og skal því fylgja persónuskilríki með ljósmynd af handhafa skírteinisins.

Ef einungis er áritun fyrir flokk á síðu/síðum, sem bera yfirskriftina FLOKKAR skv. 66. hluta, er handhafa ekki heimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfar.

Þegar veitt hefur verið tegundaráritun fyrir loftfar í þetta skírteini uppfyllir það markmið I. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Mælt er fyrir um réttindi handhafa þessa skírteinis í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 þá einkum í III. viðauka (66. hluta).

Þetta skírteini gildir til þess dags sem tilgreindur er á síðunni fyrir takmarkanir nema það sé ógilt tímabundið eða afturkallað.

Handhafa skírteinisins er ekki heimilt að neyta réttinda þess nema hann hafi á undanförnum tveimur árum öðlast sex mánaða reynslu af viðhaldi, í samræmi við þau réttindi sem skírteinið veitir, eða uppfylli ákvæði um útgáfu viðeigandi réttinda.

III. Skírteinisnúmer:

IX. FLOKKAR skv. 66. hluta

GILDISTÍMI:	A	B1	B2	B3	C
Flugvélar, hverfihreyfill			Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Flugvélar, strokkhreyfill			Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Þyrlur, hverfihreyfill			Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Þyrlur, strokkhreyfill			Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Rafeindabúnaður loftfara	Á ekki við	Á ekki við		Á ekki við	Á ekki við
Flókin, vélknúin loftför	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	
Loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	
Flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2 000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við		Á ekki við

X. Undirskrift fulltrúans, sem gefur skírteinið út, og útgáfudagur: .....

XI. Innsigli eða stimpill útgáfuyfirvalds:

III. Skírteinisnúmer:

XII. RÉTTINDI Á LOFTFAR SKV. 66. HLUTA		
Réttindi á loftfar	Flokkur	Stimpill og dagsetning
III. Skírteinisnúmer:		

XIII. TAKMARKANIR skv. 66. hluta
Gildir til:
III. Skírteinisnúmer:

Viðauki við EASA-EYÐUBLAÐ NR. 26 XIV. LANDSBUNDIN RÉTTINDI sem falla utan gildissviðs 66. hluta í samræmi við [landslöggjöf] (Gildir einungis í [aðildarríki])
Opinber stimpill og dagsetning
III. Skírteinisnúmer:

HÉR Á AÐ VERA EYÐA

EASA-eyðublað nr. 26, 4. útgáfa“

IV. VIÐAUKI

Eftirfarandi V. viðauki a bætist við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014:

„V. VIÐAUKI a

T-hluti

Efnisyfirlit

T.1 Lögbært yfirvald

A-þáttur — Tæknilegar kröfur

A-kafli — ALMENN ÁKVÆÐI

T.A.101 Gildissvið

B-kafli — KRÖFUR

T.A.201 Ábyrgð

E-kafli — VIÐHALDSFYRIRTÆKI

G-kafli — VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SAMKVÆMT G-KAFLA I. VIÐAUKA (M-HLUTA).

T.A.701 Gildissvið

T.A.704 Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

T.A.706 Kröfur varðandi starfsfólk

T.A.708 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

T.A.709 Skjöl

T.A.711 Réttindi

T.A.712 Gæðakerfi

T.A.714 Skráahald

T.A.715 Áframhaldandi gildi samþykkis

T.A.716 Frávik

B-þáttur — Verklagsreglur fyrir lögbær yfirvöld

A-kafli — ALMENN ÁKVÆÐI

T.B.101 Gildissvið

T.B.102 Lögbært yfirvald

T.B.104 Skráahald

B-kafli— ÁBYRGÐARSKYLDA

T.B.201 Ábyrgð

T.B.202 Frávik

G-kafli — VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SAMKVÆMT G-KAFLA I. VIÐAUKA (M-HLUTA).

T.B.704 Samfellt eftirlit

T.B.705 Frávik

T.1 **Lögbært yfirvald**

Að því er þennan hluta varðar telst lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti með loftfarinu og fyrirtækjunum, vera það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki sem gaf flugrekandaskírteinið út til handa flugrekandanum.

A-ÞÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI

ALMENNT

T.A.101 **Gildissvið**

Í þessum kafla eru settar kröfur til að tryggja að áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem um getur í b-lið 1. gr., sé viðhaldið í samræmi við grunnkröfur IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

Í kaflanum eru einnig tilgreind þau skilyrði sem einstaklingar og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og viðhaldi slíkra loftfara, þurfa að uppfylla.

B-KAFLI

ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

T.A.201 **Ábyrgð**

1. Flugrekandinn ber ábyrgð á lofthæfi loftfarsins og hann á að tryggja að loftfarið sé ekki starfrækt nema:

a) Flugöryggisstofnunin hafi gefið út eða fullgilt tegundarvottorð fyrir loftfarið,

b) loftfarið sé í lofthæfu ástandi,

c) loftfarið hafi gilt lofthæfivottorð, gefið út í samræmi við 8. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO),

d) viðhald loftfarsins fari fram í samræmi við viðhaldsáætlun sem uppfyllir kröfur skráningarríkisins og gildandi kröfur 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

e) gert verði við hvers konar bilun eða tjón, sem hefur áhrif á örugga starfrækslu loftfarsins, samkvæmt staðli sem skráningarríkið telur viðunandi,

f) loftfarið uppfylli:

i. öll gildandi lofthæfifyrirmæli eða kröfur um áframhaldandi lofthæfi sem skráningarríkið gefur út eða samþykkir og

ii. allar skyldubundnar öryggisupplýsingar, sem Flugöryggisstofnunin gefur út, þ.m.t. lofthæfifyrirmæli,

g) loftfarið fái útgefið viðhaldsvottorð að loknu viðhaldi viðurkenndra fyrirtækja í samræmi við kröfur skráningarríkisins; á undirritaða viðhaldsvottorðinu skulu einkum vera grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram,

h) fram fari fyrirflugsskoðun á loftfarinu fyrir hvert flug,

i) allar breytingar og viðgerðir uppfylli lofthæfikröfur skráningarríkisins,

j) eftirfarandi loftfarsgögn séu tiltæk þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna, sem þar er að finna, en þó eigi skemur en 24 mánuði:

1) heildartími notkunar loftfarsins og allra íhluta með tiltekinn endingartíma (klukkustundir, notkunarskipti og almanaksdagar, eftir því sem við á),

2) gildandi staða samræmis við kröfur f-liðar 1. liðar T.A.201,

3) gildandi staða samræmis við viðhaldsáætlun,

4) gildandi staða breytinga og viðgerða ásamt viðeigandi upplýsingum og gögnum til rökstuðnings til að sýna fram á að þær uppfylli kröfur skráningarríkisins.

2. Fyrirtækið, sem flugrekandinn hefur ráðið til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal annast eftirlit með þeim verkefnum sem tilgreind eru í 1. lið T.A.201. Í þessum tilgangi skal fyrirtækið uppfylla viðbótarkröfur G-kafla T.A.

3. Fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í 2. lið, skal sjá til þess að viðhald og útgáfa viðhaldsvottorðs fyrir loftfarið sé framkvæmt af viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur E-kafla. Í þessu skyni skal fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, gera samning við slík fyrirtæki þegar það uppfyllir ekki sjálft kröfur E-kafla.

E-KAFLI

VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal sjá til þess að viðhald loftfarsins og íhluta þess fari fram hjá fyrirtækjum sem uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) fyrirtækið hafi undir höndum samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki sem skráningarríkið hefur gefið út eða samþykkt,

2) gildissvið samþykkis fyrirtækisins nær yfir viðeigandi hæfni fyrirtækisins til að meðhöndla viðeigandi loftför og/eða íhluti,

3) fyrirtækið hafi komið á fót tilkynningakerfi fyrir atvik sem tryggir að sérhvert ástand loftfars eða íhlutar, sem greinist og stofnar flugöryggi í hættu, verði tilkynnt lögbæru yfirvaldi flugrekanda, fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á tegundarhönnun, eða viðbótartegundarhönnun sem og fyrirtækinu, sem annast stjórnun áframhaldandi lofthæfi,

4) fyrirtækið hafi sett saman handbók þar sem finna má lýsingu á öllum verklagsreglum fyrirtækisins.

G-KAFLI

VIÐBÓTARKRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA, SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SAMKVÆMT G-KAFLA I. VIÐAUKA (M-HLUTA).

T.A.701 **Gildissvið**

Í þessum kafla eru settar kröfur sem fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við G-kafla M-hluta, þarf að uppfylla, til viðbótar við kröfur G-kafla í M-hluta, til að hafa eftirlit með þeim verkefnum sem tilgreind eru í T.A.201.

T.A.704 **Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

Til viðbótar við kröfur M.A.704 skal starfsemislýsingin innihalda verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, tryggir að farið sé að kröfum T-hluta.

T.A.706 **Kröfur varðandi starfsfólk**

Til viðbótar við kröfur M.A.706 skal starfsfólkið, sem um getur í c- og d-lið M.A.706, hafa nægilega þekkingu á viðeigandi reglum í þriðja landi.

T.A.708 **Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

Þrátt fyrir M.A.708, að því er varðar loftför sem stjórnað er í samræmi við kröfur T-hluta, skal fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:

a) sjá til þess að farið sé með loftfarið til viðhaldsfyrirtækis þegar þörf er á því,

b) sjá til þess að allt viðhald sé framkvæmt í samræmi við viðhaldsáætlunina,

c) sjá til þess að skyldubundnu upplýsingunum í f-lið 1. liðar T.A.201 sé beitt,

d) sjá til þess að viðhaldsfyrirtækið lagfæri allar bilanir, sem koma í ljós við reglubundið viðhald eða sem tilkynnt er um, í samræmi við viðhaldsgögnin sem skráningarríkið samþykkir,

e) samræma reglubundið viðhald, beitingu skyldubundnu upplýsinganna, sem um getur í f-lið 1. liðar T.A.201, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og skoðun íhluta til að tryggja að vinnan fari rétt fram,

f) annast stjórnun á þeim skrám yfir áframhaldandi lofthæfi sem krafist er samkvæmt j-lið 1. liðar T.A.201 og koma þeim í geymslu,

g) sjá til þess að breytingar og viðgerðir séu samþykktar í samræmi við kröfur skráningarríkisins.

T.A.709 **Skjöl**

Þrátt fyrir a- og b-lið M.A.709 skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hafa undir höndum og nota viðeigandi viðhaldsgögn sem skráningarríkið hefur samþykkt fyrir öll loftför sem stjórnað er í samræmi við kröfur T-hluta.

T.A.711 **Réttindi**

Fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, með samþykki í samræmi við G-kafla M-hluta, getur framkvæmt verkefnin, sem tilgreind eru í T.A.708, fyrir þau loftför sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu, að því tilskildu að fyrirtækið hafi komið á verklagsreglum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, til að tryggja samræmi við T-hluta.

T.A.712 **Gæðakerfi**

Til viðbótar við kröfur M.A.712 skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sjá til þess að gæðakerfið vakti að öll starfsemi, samkvæmt þessum kafla, fari fram í samræmi við samþykktar verklagsreglur.

T.A.714 **Skráahald**

Til viðbótar við kröfur a-liðar M.A.714 skal fyrirtækið geyma þau gögn sem krafist er samkvæmt j-lið 1. liðar T.A.201.

T.A.715 **Áframhaldandi gildi samþykkis**

Til viðbótar við skilyrði a-liðar M.A.715 fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, samkvæmt þessum kafla, skal samþykkið gilda, sbr. þó eftirfarandi:

a) að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur T-hluta og

b) að fyrirtækið sjái til þess að öllum aðilum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, sé veittur aðgangur að allri aðstöðu þess, loftförum eða gögnum, sem tengjast starfsemi þess, þ.m.t. allri útvistaðri starfsemi, til að ákvarða samræmi við þennan hluta.

T.A.716 **Frávik**

Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik, samkvæmt T.B.705, skal fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semja leiðréttingaráætlun og sýna fram á að gerðar hafi verið leiðréttingar, sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, innan ákveðins frests sem samið er um við yfirvaldið.

B-ÞÁTTUR

VIÐBÓTARVERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI

ALMENNT

T.B.101 **Gildissvið**

Í þessum þætti eru settar stjórnsýslukröfur sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á beitingu og framkvæmd ákvæða A-þáttar þessa T-hluta, ber að uppfylla.

T.B.102 **Lögbært yfirvald**

1. Almenn atriði

   Aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald sem er falin ábyrgð eins og um getur í T.1. Þetta lögbæra yfirvald skal koma á skjalfestum verklagsreglum og stjórnskipulagi.

2. Mannafli

   Fjöldi starfsfólks skal vera nægilegur til að hægt sé að uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í þessum þætti.

3. Starfsréttindi og þjálfun

   Allt starfsfólk, sem á hlut að starfsemi samkvæmt T-hluta, skal hafa tilskilin starfsréttindi og búa yfir viðeigandi kunnáttu, reynslu, grunnþjálfun og síþjálfun til að sinna þeim verkefnum sem því er úthlutað.

4. Verklagsreglur

   Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig uppfylla skuli skilyrðin í þessum hluta.

T.B.104 **Skráahald**

1. Kröfur a-, b- og c-liðar M.B.104 í I. viðauka gilda.

2. Til að uppfylla lágmarkskröfur um skrár, að því er varðar eftirlit með hverju loftfari, skal í skránum a.m.k. vera afrit af:

   a) lofthæfivottorði loftfarsins,

   b) öllum bréfaskiptum sem máli skipta og tengjast loftfarinu,

   c) skýrslum um skoðanir og kannanir sem framkvæmdar eru á loftfarinu,

   d) upplýsingum um undanþágur og framfylgdaraðgerð eða -aðgerðir,

3. Allar skrár, sem eru tilgreindar í T.B.104, skulu vera tiltækar fyrir annað aðildarríki, Flugöryggisstofnunina eða skráningarríkið, að beiðni þeirra.

4. Gögnin, sem tilgreind eru í 2. lið, skulu geymd í fjögur ár að loknum samningi um tómaleigu.

T.B.105 **Gagnkvæm skipti á upplýsingum**

Kröfur M.B.105 í I. viðauka gilda.

B-KAFLI

ÁBYRGÐARSKYLDA

T.B.201 **Ábyrgð**

1. Lögbært yfirvald, eins og það er skilgreint í T.1, ber ábyrgð á að framkvæma skoðanir og rannsóknir, þ.m.t. kannanir á loftfari, til að staðfesta að farið sé að kröfum samkvæmt þessum hluta.

2. Lögbært yfirvald skal framkvæma skoðanir og rannsóknir áður en samningur um tómaleigu er samþykktur í samræmi við 1. lið a-liðar ARO.OPS.110, til að sannreyna að kröfum T.A.201 sé fylgt.

3. Lögbært yfirvald skal tryggja samræmingu við skráningarríkið, að því marki sem nauðsynlegt er, til að gegna eftirlitshlutverki gagnvart loftförum í þessum V. viðauka a (T-hluta).

T.B.202 **Frávik**

1. Fyrsta stigs frávik er sérhvert mikilvægt atriði, sem samrýmist ekki kröfum samkvæmt T-hlutanum, dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í hættu.

2. Annars stigs frávik er sérhvert atriði, sem samrýmist ekki kröfum samkvæmt T-hlutanum, gæti dregið úr öryggiskröfum og kann að stofna flugöryggi í hættu.

3. Þegar frávik uppgötvast við skoðanir, rannsóknir, kannanir á loftfari eða með öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið:

   a) gera nauðsynlegar ráðstafanir, t.d. setja loftfarið í flugbann, til að koma í veg fyrir áframhaldandi vanefndir,

   b) krefjast þess að gripið verði til aðgerða til úrbóta sem eru í samræmi við eðli fráviksins.

4. Við fyrsta stigs frávik skal lögbært yfirvald krefjast þess að gripið verði til viðeigandi aðgerða til úrbóta áður en frekara flug fer fram og upplýsa skráningarríkið þar um.

G-KAFLI

VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA, SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SAMKVÆMT G-KAFLA I. VIÐAUKA (M-HLUTA)

T.B.702 **Fyrsta samþykki**

Til viðbótar við kröfurnar, samkvæmt M.B.702, skal lögbært yfirvald, þegar starfsemislýsing fyrirtækisins, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, inniheldur verklagsreglur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í b-lið 1. liðar, ákvarða að þessar verklagsreglur samrýmist kröfum samkvæmt T-hlutanum og sannreyna að fyrirtækið uppfylli kröfurnar samkvæmt honum.

T.B.704 **Samfellt eftirlit**

Til viðbótar við kröfurnar, samkvæmt M.B.704, skal gera viðeigandi úrtakskönnun á 24 mánaða fresti á loftförunum sem um getur í b-lið 1. liðar og sem fyrirtækið hefur undir stjórn sinni.

T.B.705 **Frávik**

Til viðbótar við kröfurnar, samkvæmt M.B.705, skal lögbært yfirvald, að því er varðar fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í b-lið 1. liðar, einnig grípa til aðgerða ef fram koma vísbendingar við úttektir, skoðanir á hlaði eða með öðrum hætti um að ekki sé farið að kröfunum samkvæmt T-hlutanum.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1844 **2015/EES/74/95**

frá 13. júlí 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 389/2013 að því er varðar tæknilega framkvæmd á Kýótóbókuninni eftir 2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB ([1]), einkum 5. og 6. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðstefna samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem er fundur aðila að Kýótóbókuninni, samþykkti Doha-breytinguna þar sem komið var á fót öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar sem hófst 1. janúar 2013 og lýkur 31. desember 2020 (Doha-breytingin). Sambandið samþykkti Doha-breytinguna með ákvörðun ráðsins (ESB) 2015/1339 ([2]) (fullgildingarákvörðunin).

2) Nauðsynleg, tæknileg framkvæmd Doha-breytingarinnar á Kýótóbókuninni ætti að fara fram í skrá Sambandsins og í landsbundnum Kýótóbókunarskrám. Einnig er nauðsynlegt að tryggja samkvæmni við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([3]) og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB ([4]) og samræmda framkvæmd á alþjóðlega samþykktum kröfum um bókhald, bæta gagnsæi og tryggja nákvæmni í bókhaldi Sambandsins og aðildarríkjanna varðandi einingar úthlutaðs magns (AAU), bindingareiningar (RMU), losunarskerðingareiningar (ERU), einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER), bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (tCER) og langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (lCER) en forðast um leið eftir fremsta megni stjórnsýsluálag og kostnað, þ.m.t. í tengslum við hluta af ágóðanum og þróun og viðhald upplýsingatækni.

3) Um leið og Doha-breytingin öðlast gildi verður gerð sú krafa að Sambandið og aðildarríkin gefi út í Kýótóbókunarskrám sínum einingar úthlutaðs magns, sem svara til þess fjölda sem þeim er úthlutað og er ákvarðaður í samræmi við fullgildingarákvörðunina, að viðbættum þeim fjölda sem verður til vegna beitingar 3. gr. (7a) í Kýótóbókuninni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 268, 15.10.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13.

([2]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2015/1339 frá 13. júlí 2015 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Doha-breytingarinnar á Kýótóbókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum samkvæmt henni (Stjtíð. ESB L 207, 4.8.2015, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

([4]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 um átak aðildarríkjanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020 (Stjtíð ESB L 140, 5.6.2009, bls. 136).

4) Í kjölfar hvers kyns breytinga til hækkunar á árlegri losunarúthlutun aðildarríkis skv. 10. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB eða 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013 getur aðildarríkið þurft að afla sér viðbótareininga úthlutaðs magns við lok annars skuldbindingartímabilsins ef það hefur notað þessa árlegu viðbótarúthlutun losunarheimilda til að ná yfir losun sína samkvæmt ákvörðun nr. 406/2009/EB eða millifært hana til annars aðildarríkis. Hlutaðeigandi aðildarríki getur einnig notað umframvarasjóð sinn frá fyrra tímabili, sem um getur í 13. mgr. b í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, ef losun þess er meiri en úthlutað magn þess. Öll öflun eininga úthlutaðs magns sem af þessu leiðir yrði með fyrirvara um notkun á hluta af ágóðanum af fyrstu alþjóðlegu millifærslu eininga úthlutaðs magns sem um getur í 1. mgr. 10 gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013. Eftir því sem við á má líta á slíkar aðstæður sem ósamræmi í bókhaldi við að stilla saman framkvæmd á löggjöf Sambandsins og reglum sem eru samþykktar samkvæmt Kýótóbókuninni, í skilningi 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.

5) Koma ætti á jöfnunarferli við lok annars skuldbindingartímabils Kýótóbókunarinnar til að búa í haginn fyrir uppgjör allra nettómillifærslna á árlegri úthlutun losunarheimilda í einingum úthlutaðs magns í samræmi við ákvörðun nr. 406/2009/EB.

6) Í samræmi við 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB geta staðbundnar stöðvar og umráðendur loftfara skipt út einingum vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningum fyrir losunarheimildir. Útskiptar einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar, sem gilda á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar, samsvara mögulega losun í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir á öðru skuldbindingartímabilinu. Þar eð með Doha-breytingunni er komið á takmörkunum á yfirfærslu eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingar-eininga frá fyrsta til annars skuldbindingartímabils Kýótóbókunarinnar ættu aðildarríkin að millifæra til Sambandsins samsvarandi fjölda af einingum úthlutaðs magns, sem gilda á fyrsta skuldbindingartímabilinu, til að ná yfir þessar mögulegu losanir og Sambandið ætti að millifæra til aðildarríkjanna samsvarandi einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar, sem eru gildar á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar, sem hafa borist frá staðbundnum stöðvum og umráðendum loftfara í skiptum fyrir losunarheimildir.

7) Því ætti að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 ([5]) til samræmis við það.

8) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst þar eð nauðsynlegt er að framkvæma umbreytingarmillifærslur fyrir lok viðbótarfrestsins til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt fyrsta skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.

9) Þessi reglugerð ætti að gilda frá og með gildistökudegi Doha-breytingarinnar á Kýótóbókuninni nema að því marki sem þar er kveðið er á um umbreytingarmillifærslur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 389/2013 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 73. gr. a bætist við:

„73. gr. a

Millifærsla eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga sem er skipt út í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir

1. Miðlægur stjórnandi skal upplýsa hvern landsstjórnanda um fjölda eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem gilda á fyrsta skuldbindingartímabilinu, sem er millifærður skv. 60. gr. af vörslureikningi rekstraraðila og vörslureikningi umráðanda loftfara sem viðkomandi aðildarríki stjórnar. Miðlægur stjórnandi skal bæta við þann fjölda hluta af fjölda eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem gilda á fyrsta skuldbindingartímabilinu, sem er millifærður skv. 60. gr. af vörslureikningi rekstraraðila og vörslureikningi umráðanda loftfara sem aðildarríki, sem ekki eru með Kýótóbókunarskrá á fyrsta skuldbindingartímabilinu, stjórna, í hlutfalli við fjöldatakmarkanir viðkomandi aðildarríkis að því er varðar yfirfærslu eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga frá fyrsta yfir á annað skuldbindingartímabilið.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 (Stjtíð. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1).

2. Fyrir lok viðbótarfrestsins til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar, sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, skal miðlægur stjórnandi millifæra af reikningi ESB fyrir alþjóðlegar inneignir yfir í hverja landsbundna Kýótóbókunarskrá þann fjölda eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem gilda á fyrsta skuldbindingartímabilinu, sem svarar til heildar-fjöldans sem er ákvarðaður skv. 1. mgr. þessarar greinar.

3. Miðlægur stjórnandi skal tryggja að viðskiptadagbók Evrópusambandsins komi í veg fyrir öll viðskipti með einingar, sem eru millifærðar skv. 1. mgr., önnur en:

a) ógildingu eininga í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013,

b) innlausn eininga í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013,

c) yfirfærslu eininga frá fyrsta til annars skuldbindingartímabils í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013,

d) millifærslu eininga innan einnar Kýótóbókunarskrár.

4. Þegar í stað eftir millifærsluna, sem er framkvæmd skv. 2. mgr., skal hver landsstjórnandi millifæra þann fjölda eininga úthlutaðs magns í viðeigandi vörslureikning aðila í skrá Sambandsins sem svarar til þess fjölda inneigna sem er skilað til aðildarríkisins skv. 2. mgr.“

2) Eftirfarandi 73. gr. b til 73. gr. g bætist við:

„73. grein b

Útgáfa og innlögn eininga úthlutaðs magns

1. Fyrir innlausnarviðskiptin, í samræmi við 3. mgr. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013(*), skal miðlægur stjórnandi:

a) gefa út þann fjölda eininga úthlutaðs magns sem svarar til úthlutaðs fjölda Sambandsins sem er ákvarðaður í samræmi við ákvörðun ráðsins (ESB) 2015/1339 (**) á reikningi ESB fyrir einingar úthlutaðs magns (e. *EU AAU account*) í skrá Sambandsins,

b) millifæra samstundis þann fjölda eininga úthlutaðs magns sem svarar til þess fjölda almennra losunarheimilda sem er stofnaður samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/634/ESB (***) af reikningi ESB fyrir einingar úthlutaðs magns yfir á innlánsreikning fyrir einingar úthlutaðs magns í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir í skrá Sambandsins.

2. Eigi síðar en þremur mánuðum eftir lokun ÁSB-samræmisreikningsins fyrir árið 2020, skv. 31. gr., skal hver landsstjórnandi:

a) gefa út þann fjölda eininga úthlutaðs magns sem svarar til þess fjölda sem hverju aðildarríki er úthlutað og er ákvarðaður í samræmi við fullgildingarákvörðunina í vörslureikning aðila í Kýótóbókunarskrá sinni,

b) millifæra samstundis þann fjölda eininga úthlutaðs magns sem svarar til heildarfjölda árlegra losunarúthlutunar-eininga (AEA) sem samsvarar árlegri losunarúthlutun aðildarríkis hans fyrir öll árin skv. 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar nr. 406/2009/EB, eins og ákvarðað var fyrir hvers kyns breytingar skv. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, af vörslureikningi aðila yfir á innlánsreikning fyrir einingar úthlutaðs magns og ÁSB-reikning í Kýótóbókunarskrá sinni.

3. Áður en miðlægur stjórnandi lýkur við jöfnunarferlin skv. 73. gr. f skal hann tryggja að viðskiptadagbók Evrópusam-bandsins komi í veg fyrir öll viðskipti með einingar úthlutaðs magns af innlánsreikningi fyrir einingar úthlutaðs magns í kerfinu fyrir viðskipti með losunarheimildir eða af innlánsreikningi fyrir einingar úthlutaðs magns og ÁSB-reikning, önnur en:

a) ógildingu eða millifærslu á þeim fjölda eininga úthlutaðs magns sem er minni en eða svarar til þess fjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem er millifærður á ÁSB-reikning fyrir niðurfelldar losunarheimildir skv. 2. mgr. 88. gr.,

b) innlausn á þeim fjölda eininga úthlutaðs magns, í samræmi við 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, sem svarar til þess fjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem er millifærður yfir á ÁSB-reikning fyrir niðurfelldar losunarheimildir skv. 4. mgr. 31. gr. þessarar reglugerðar, sem samsvarar því magni af losun gróðurhúsalofttegunda sem er fært inn í ÁSB-samræmisreikninginn skv. 77. gr. þessarar reglugerðar,

c) ógildingu eða millifærslu á þeim fjölda eininga úthlutaðs magns, sem er minni en eða svarar til þess fjölda árlegra losunarúthlutunareininga sem er millifærður á ÁSB-reikning fyrir niðurfelldar losunarheimildir skv. 4. mgr. 31. gr., sem er umfram það magn losunar gróðurhúsalofttegunda sem er fært inn í ÁSB-samræmisreikninginn skv. 77. gr.,

d) millifærslur sem krafist er vegna jöfnunarferla skv. 73. gr. f,

e) umbreytingu á einingum úthlutaðs magns yfir í losunarskerðingareiningar að því tilskildu að fjöldi árlegra losunarúthlutunareininga sem svarar til fjölda eininga úthlutaðs magns sem á að umbreyta að viðbættum þeim fjölda losunarskerðingareininga sem þörf er á til að uppfylla kröfur um hluta af ágóðanum, sem um getur í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, hafi verið millifærður yfir á ÁSB-reikning fyrir niðurfelldar losunarheimildir skv. 4. mgr. 31. gr. þessarar reglugerðar.

73. gr. c

Millifærsla og notkun eininga

1. Miðlægur stjórnandi skal tryggja að viðskiptadagbók Evrópusambandsins komi í veg fyrir viðskipti með einingar vottaðrar losunarskerðingar, losunarskerðingareiningar, bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar og langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar, sem hafa verið notaðar í samræmi við 81. gr., önnur en:

a) millifærslu eininga af ÁSB-samræmisreikningi í skrá Sambandsins yfir á viðeigandi Kýótóbókunarskrá aðildarríkis skv. 3. mgr. 31. gr.,

b) innlausn eininga skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013,

c) yfirfærslu eininga frá fyrsta til annars skuldbindingartímabils í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.

2. Við lok yfirfærslu eininga frá fyrsta til annars skuldbindingartímabils, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, skal miðlægur stjórnandi tryggja að viðskiptadagbók Evrópusambandsins komi í veg fyrir notkun eininga vottaðrar losunarskerðingar, losunarskerðingareininga, bráðabirgðaeininga vottaðrar losunarskerðingar eða langtímaeininga vottaðrar losunarskerðingar skv. 81. gr. þessarar reglugerðar nema þessar einingar séu gildar á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar.

73. gr. d

Ógilding eininga

1. Eftir lok yfirfærslu eininga frá fyrsta til annars skuldbindingartímabils, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, skal miðlægur stjórnandi ógilda allar einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar sem eftir eru í innskilareikningi vegna flugs.

2. Eftir lok yfirfærslu eininga frá fyrsta til annars skuldbindingartímabils, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, skal miðlægur stjórnandi fara þess á leit við landsstjórnendur að þeir ógildi þær einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar sem eru gildar á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar, sem eru geymdar í reikningum vegna viðskipta með losunarheimildir sem þeir stjórna í skrá Sambandsins, eða ógilda þær sjálfur.

73. gr. e

Innlausn eininga

Að því magni sem losun, sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB, fer umfram úthlutaðan fjölda Sambandsins sem er ákvarðaður í samræmi við fullgildingarákvörðunina skal miðlægur stjórnandi innleysa einingar úthlutaðs magns úr reikningi ESB fyrir umframvarasjóð fyrra tímabils.

73. gr. f

Yfirfærsla í skrá Sambandsins

Miðlægur stjórnandi skal yfirfæra allar einingar úthlutaðs magns af aðaljöfnunarreikningi kerfis fyrir viðskipti með losunarheimildir og þær einingar úthlutaðs magns sem eru millifærðar skv. 4. mgr. 73. gr. a í þessari reglugerð yfir á reikningi ESB fyrir umframvarasjóð fyrra tímabils sem komið er á fót skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.

73. gr. g

Jöfnunarferli

1. Innan sex mánaða frá lokun ÁSB-samræmisreiknings fyrir árið 2020, í samræmi við 31. gr., skal miðlægur stjórnandi reikna út jöfnunargildi fyrir hvert aðildarríki með því að draga nettómillifærslu árlegra losunarúthlutunareininga frá nettóöflun árlegra losunarúthlutunareininga milli aðildarríkjanna á tímabilinu 2013–2020.

2. Ef jöfnunargildi aðildarríkis er neikvætt skv. 1. mgr. skal viðkomandi landsstjórnandi millifæra þann fjölda eininga úthlutaðs magns sem svarar til jöfnunargildisins af innlánsreikningi sínum fyrir einingar úthlutaðs magns og ÁSB-reikning yfir á ÁSB-aðaljöfnunarreikninginn (e. *ESD Central Clearing Account*).

3. Ef jöfnunargildi aðildarríkis er jákvætt skv. 1. mgr. og eftir að allri millifærslu skv. 2. mgr. er lokið skal miðlægur stjórnandi millifæra þann fjölda eininga úthlutaðs magns sem svarar til jöfnunargildisins yfir á vörslureikning aðila í viðkomandi aðildarríki.

4. Áður en viðkomandi landsstjórnandi framkvæmir millifærsluna, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal hann fyrst millifæra þann fjölda eininga úthlutaðs magns sem þörf er á til að uppfylla þann hluta af ágóðanum sem er notaður í fyrstu alþjóðlegu millifærslunni á einingum úthlutaðs magns í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

(**) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2015/1339 frá 13. júlí 2015 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Doha-breytingarinnar á Kýótóbókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum samkvæmt henni (Stjtíð. ESB L 207, 4.8.2015, bls. 1).

(***) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. október 2010 um aðlögun fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið sem gefa skal út samkvæmt kerfi Sambandsins fyrir 2013 og um niðurfellingu ákvörðunar 2010/384/ESB (Stjtíð. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 34.).“

3) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skulu 2. og 3. mgr. 1. gr. gilda frá birtingardegi orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* um gildistöku Doha-breytingarinnar á Kýótóbókuninni.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í V. hluta í töflu I-I í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 389/2013, Kýótóbókunarreikningar í samstæðukerfi evrópskra skráa, bætast eftirfarandi línur við:

Heiti reikningstegundar	Reiknings-hafi	Stjórnandi reiknings	Fjöldi reikninga af þessari tegund	Einingar sem ekki eru Kýótóeiningar			Kýótóeiningar				
				Losunarheimildir		Árlegar losunar-úthlutunar-einingar (AEAs)	Eining úthlutaðs magns (AAU)	Eining vottaðrar losunar-skerðingar (CER)	Losunar-skerðingareining (ERU)	Langtíma-einingar vottaðrar losunar-skerðingar (lCER)/ bráðabirgða-einingar vottaðrar losunar-skerðingar (tCER)	Bindingareining (RMU)/losunar-skerðingar-eining (ERU) úr bindingareiningu
				Almennar losunarheimildir	Losunarheimildir vegna flugs						
V. Kýótóbókunarreikningar í samstæðukerfi evrópskra skráa											
„Reikningur ESB fyrir einingar úthlutaðs magns	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	Nei	Nei	*Já*	Nei	Nei	Nei	Nei
Innlánsreikningur fyrir einingar úthlutaðs magns og ÁSB-reikning	Aðildarríki	Stjórnandi Kýótóbókunarskrár	1 á hverja skrá	Nei	Nei	Nei	*Já*	Nei	Nei	Nei	Nei
Innskilareikningur vegna flugs	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	Nei	Nei	*Já*	*Já*	*Já*	Nei	Nei
Reikningur fyrir umframvarasjóð fyrra tímabils (PPSR)	Aðili að Kýótó-bókuninni	Stjórnandi Kýótóbókunarskrár (í skrá Sambandsins: miðlægi stjórnandinn)	1 á hverja skrá	Nei	Nei	Nei	*Já*	Nei	Nei	Nei	Nei
ÁSB-aðaljöfnunar-reikningur	ESB	Miðlægur stjórnandi	1	Nei	Nei	Nei	*Já*	Nei	Nei	Nei	Nei“